

8 SÝNISBÓK
ÍSLENSKRAR
ALÞÝÐUMENNINGAR

JÓNSBÓK LÖGBÓK ÍSLENDINGA

[HVER SAMÞYKKT
VAR Á ALÞINGI
ÁRIÐ 1281 OG
ENDURNÝJUÐ UM
MIÐJA 14. ÖLD EN
FYRST PRENTUÐ
ÁRIÐ 1578]

MÁR JÓNSSON
TÓK SAMAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

8. bindi

JÓNSBÓK

*Lögbók Íslendinga
hver samþykkt var á alþingi árið 1281
og endurnýjuð um miðja 14. öld
en fyrst prentuð árið 1578*

MÁR JÓNSSON

tók saman



REYKJAVÍK 2004
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 8

JÓNSBÓK

*Lögbók Íslendinga
hver samþykkt var á alþingi árið 1281
og endurnýjuð um miðja 14. öld
en fyrst prentuð árið 1578*

MÁR JÓNSSON
tók saman

REYKJAVÍK 2004

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bærleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846-1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).

*Bókin er tileinkuð eiginkonu minni
Margréti Jónsdóttur fyrir áræði og kraft*

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2004

© Már Jónsson, Davíð Ólafsson, Sigurður Gylfi Magnússon

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: Prentsmiðjan Hjá Oss

Bókband: Bókavirkið ehf.

ISBN 9979-54-497-X

Efni

Már Jónsson, Inngangur	15
Gísli Baldur Róbertsson, Áform um endurskoðun íslenskra laga	35
Haraldur Bernharðsson, Málfar og stafsetning	55
Jónsbók	75
Bréf Magnúss konungs	77
Þingfararbálkur	81
1.	81
2. Hversu marga menn skal nefna úr þingi hverju	81
3. Alþingisskipan og sá siður er þar á að vera	83
4. Um vitni manna	84
5. Um vopnaburð á Öxarárþingi	84
6. Hversu rétta skal málaferli ranglega uppborin	85
7. Hversu sýslumenn skulu þing eiga á leiðum	86
8. Um sektir á dómrofum	86
9. Hversu langar lagastefnur eiga að vera	87
Kristinn réttur og konungserfðir	89
1.	89
2. Hversu konungur og biskup eiga að geyma sitt vald	90
3. Um lýðskyldu við konung	90
4. Hver Noregs konungur skal vera	91
5. Hversu konung skal taka ef enginn finnst í konungaerfðum ...	93
6. Um erfðir konungs frænda	94
7. Um trúlofan konungs við þegna sína	94
8. Eiðstafur hertoga og jarls	95
9. Eiðstafur lendra manna og hirðstjóra	95
10. Eiðstafur lögmanna	95
11. Eiðstafur bænda	96

JÓNSBÓK

Konungs þegnskylda	97
1.	97
2. Á hverjum tímum sýslu skal reka	98
3. Um rétt útlendra manna	98
Mannhelgi	101
1.	101
2. Um skemmdarvíg og níðingsverk	102
3. Um ránsmenn og þá er hernað gera	103
4. Hver vægð og miskunn á er gjör um óbótamál	104
5. Ef frjáls maður er seldur af landi brott	105
6. Ef maður hýsir útlægan mann	105
7. Ef maður er lostinn eða særður á þingi	105
8. Hversu bæta skal óðs manns verk	106
9. Hver vera skal mannsbani	106
10. Hversu vígi skal lýsa	107
11. Hvað banaráð eru	108
12. Um rétt þess manns er eigi er í föðurætt kominn	108
13. Um voðaverk	108
14. Um skot, hnífalög og rýtingaburð	109
15. Sekt á mannsbiti	110
16. Hversu fara skal eftir veganda	110
17. Hvað þeir eiga að skoða og varast er dæma skulu	111
18. Um vægð við manndrápara	112
19. Bardagasektir á þingum	113
20. Um sekt ef maður bindur frjálsan mann	113
21. Sektir á höggum og lemstrarsárum	114
22. Hversu réttarinn skal menn sætta	115
23. Konungs sektarfé á blaki	115
24. Ef fénaður verður manni að skaða	116
25. Um fullréttisorð	117
26. Um rógsmenn	118
27. Um kveðskap	118
28. Um legorð með annars konu	119
29. Um boðslettur hálfréttismenn	119
30. Um heila förumenn	119
31. Um rétt á frændkonum manna ef þær eru legnar	120

EFNI

Kvennagiftingar	121
1.	121
2. Um kvenna fé	122
3. Hvert félag leggja má hjóna millum	123
4. Um fjárskipti ef misdauði hjóna verður	123
5. Ef kona leggst með manni undir bónda sinn	124
6. Ef meinleiki sundrar hjónasamvist	125
Erfðatal	127
1.	127
2. Önnur erfð	128
3. Þriðja erfð	129
4. Fjórhá erfð	129
5. Fimmta erfð	130
6. Sjötta erfð	130
7. Sjöunda erfð	130
8. Áttunda erfð	130
9. Níunda erfð	131
10. Tíunda erfð	131
11. Ellefta erfð	131
12. Tólfra erfð	132
13. Þrettánda erfð	132
14. Ef kyn manns er villt	133
15. Um ættleiðing	133
16. Hversu fara skal ef maður vegur mann til arfs	134
17. Um arfaskipti bráðdauðra manna	134
18. Hversu fara skal féskipti eftir andaða menn félitla	134
19. Hversu fara skal um ómagaeyri og mála konu	134
20. Hver varðveita skal ómaga og fé þeirra	135
21. Hversu mikið fé skal standa fyrir ómaga	135
22. Hversu minnkast skal eyðslueyrir	136
23. Hversu um arf skal fara ef erfingi er eigi nær	137
24. Hversu fara skal umboð við útferðir.....	137
25. Hversu arf skal sækja íslenskra manna.....	138
26. Hversu menn eiga arfi að skipta	139
27. Hversu maður skal ryðja sig til arfs	139
28. Hverjar gjafir haldast mega	140

JÓNSBÓK

Framfærslubálkur	141
1.	141
2. Hversu hjón skulu hafa hvort fyrir öðru	142
3. Hversu menn skulu skipta félausum ómögum	143
4. Hversu gamall maður á fjárhald sitt	143
5. Um framfæri ómaga ef annar er erfingi	144
6. Hversu gera skal ráð fyrir börnum útlendra manna	144
7. Um flutning fátækra manna	144
8. Hversu arfsalskaup skal gera	145
9. Hversu löghreppar skulu vera og framfæri manna	146
10. Hversu boð skal bera réttilega	147
11. Hversu fara skal um boðburð á eyðijörðum	148
12. Hver þing einvirkjar eiga að sækja	148
13. Hver skruðklæði menn eiga að bera	149
Landabrigðabálkur	151
1.	151
2. Hversu gamall maður má eigi landsölu ráða	152
3. Hversu eignarskipti skal löndum skipta	152
4. Hver búfjár ítala vera skal í haga	153
5. Hversu skipta skal jörðum	154
6. Hversu gera skal lagakaup á jörðu	154
7. Um landsnytjar ef maður selur land sitt fyrir fardaga	155
8. Hversu lögmála skal gera á landi	155
9. Hversu leggja skal lögveð í land manns	156
10. Hversu maður skal selja málaland	156
11. Ef maður selur annars manns málaland	157
12. Hversu fara skal um það land er maður gefur með sér.....	157
Búnaðarbálkur.....	159
1.	159
2. Hversu konungsjarðir skal byggja	159
3. Ábúðarskylda leiguliða.....	160
4. Nær leiguliði skal til jarðar koma.....	161
5. Um leigujörð ef leigumaður kemur eigi til	161
6. Um leigujörð ef tveimur er byggð	162
7. Hvað leigulandi á að fylgja	162
8. Hversu menn skulu færa byggðir sína á fardögum	163
9. Hversu upptækt er göss leiguliða ef eigi er brott fært	164

10. Um búfjárlausn á ótekinni jörð.....	164
11. Hversu leiguliði má hey selja	165
12. Um heysölur í héraði	165
13. Hversu leiguliðar skulu húsum skipta	166
14. Um taðfall.....	166
15. Hversu sækja skal til skipta	167
16. Um landamerki	167
17. Hversu maður skal lögfesta jörð sína	168
18. Hvert landnám hver maður skal taka	168
19. Um landnám og áverkabót að óskiptri jörð	169
20. Af skógarskipti	170
21. Um skógarneyslu	171
22. Um varðhald á engi	172
23. Hversu lofað er löggarð að gera á annars jörðu	173
24. Ef á annars manns jörð vex skógur eða eggver	174
25. Hversu heyi skal skipta og þurrka	175
26. Um lögfestu og fimmtarstefnu	175
27. Hverra vottar ganga skulu á fimmtarstefnu	176
28. Hversu lagaumboð skulu haldast	176
29. Um ábyrgð á voðaeldi	177
30. Um brennuvarga	177
31. Um garðaskipti og skaðabót	178
32. Um löghlið á löggarði	179
33. Hversu skal innsetja fénað til uslagjalda	180
34. Um útleysingu á fénaði manna	181
35. Hversu geyma skal graðan hest	182
36. Hver sekt er á óleyfðu hestaati	182
37. Um ábyrgð á leiguhrossi	183
38. Um ábyrgð sendimanna á hrossi	183
39. Um ábyrgð ef fénaður er særður eða drepinn	184
40. Um vitnisburð hirðingja	185
41. Hversu maður skal fara með jörð er hann fær eigi byggt.....	185
42. Um setraferð	186
43. Um setragjörð	186
44. Hversu þjóðgata skal vera	186
45. Brúargerð og ferjuhald	187
46. Um afréttu og fjallgöngur.....	188
47. Nær merkja skal fé	189

JÓNSBÓK

48. Ef menn eiga sammerkt hver af skal bregða	190
49. Hversu fjallgöngur skulu vera á haust	191
50. Um meðferð á úrgangsfé	192
51. Um skipti á afréttum	193
52. Hvað afrétt eða almenningar eru	193
53. Um fjárgöngur úr afrétt	194
54. Um afréttarstefnur	194
55. Sekt ef ólofað er leitt berfé til graðfjár	195
56. Hversu veiðar eiga löndum að fylga.....	195
57. Um eign á fuglaveiðum	196
58. Um fálkatekju	197
59. Hvað almenningar eru og nær í þeim skal vinna	198
Rekapáttur	199
1.	199
2. Hvar maður má flutningar taka fyrir annars landi	200
3. Hver hval á að festa	201
4. Um skotmannshlut á hval ef rekur	202
5. Um skotmannshlut ef skyti er eigi nær.....	202
6. Um hvalflutningar	204
7. Hvalskipti	204
8. Hvar hval skal eigi taka	205
9. Um netjafund í látrum manns	206
10. Sekt heilagra daga veiða	206
11. Um hvalflutning úr almenningu	206
12. Hversu vogrek skal fara	207
Kaupabálkur	209
1.	209
2. Hversu maður skal skuld verjast	209
3. Fjársóknir manna í héraði.....	210
4. Fjársóknir á eindöguðu fé.....	211
5. Hvað lögauragjald er	211
6. Kvikfjárlag á vor	212
7. Hversu öreigi skal leysa sína skuld	214
8. Hversu skuld skal ná eftir dauðan mann	214
9. Hverja fjársókn utanhéraðsmaður skal hafa.....	215
10. Hversu umboð skal taka og mál sækja að lögum	215
11. Um falskaup og lagakaup	216

EFNI

12. Fyrir hverjum kaupum innsigli skulu vera	217
13. Hversu menn skulu vitni bera	217
14. Hversu kaup má halda eða rjúfa	217
15. Um lögleigu á kúgildum	218
16. Hversu leigufé skal ábyrgjast	218
17. Við hverja fúlgufé skal ábyrgjast	219
18. Hvað löggild kýr er	220
19. Ef maður kaupir óséðan grip	220
20. Um þá gripi er eigi má skipta	220
21. Um ábyrgð á lánsfé	221
22. Um veðgripi	221
23. Um skuldskeytingar löglegar	222
24. Hverjum kaupum konur eiga að ráða	222
25. Um verkmannakaup	222
26. Um stikur og mælikeröld	223
 Farmannalög	 225
1.	225
2. Hversu lekt skip skal fært í kaupfarir	225
3. Um skipdráttu	226
4. Um skipleigur	227
5. Hver uppsát skipa skulu vera	227
6. Um sekt stýrimanns ef hann villir fartekju	227
7. Um áhöfn stýrimanna	228
8. Um skipanarrof háseta	228
9. Hversu lengi bíða skal háseta og stýrimanns	229
10. Hversu kasta skal ef menn hitta í storma	229
11. Sektir þeirra er eigi vilja skipi fylgja eftir	203
12. Sektir þeirra er eigi vilja bjarga skipbrotsmönnum	230
13. Um fartekju ef háseti byggir sitt far	230
14. Hversu menn skulu sættast sem í kaupferðum berjast	231
15. Um hafnarrán	231
16. Hvað hafnarrán er	232
17. Sekt þess er bát tekur utan orlof	232
18. Um þrábeiting	233
19. Ef menn sigla eða róa á menn	233
20. Hver lægi á eða höfn í bryggjulægi	234
21. Hver það akkeri skal eiga er finnst	234

JÓNSBÓK

22. Hversu kaupmenn skulu félag leggja	234
23. Hversu félagsfé skal skipta	235
24. Um varðhald og austurmál	235
25. Um skipti á skipum	236
26. Um farargreiða skipamanna	237
27. Um ábyrgð skipa og fengjar	237
Þjófabálkur	239
1.	239
2. Hversu þjóf skal refsa	240
3. Sekt ránsmanna.....	240
4. Hversu þjófstolið fé skal aftur sækja	241
5. Hversu maður skal undan stuld færast	242
6. Hversu rannsaka skal eftir þjófstolnu fé	242
7. Hversu maður má fé sitt af þjófi taka	243
8. Um stuld ómaga	243
9. Sektir á fálkastuld og sela.....	244
10. Sekt þess er ólofað selur eða kaupir konungs jörð	244
11. Sekt á aldinstuldi	244
12. Hversu áifóður skal taka	244
13. Hversu misfangi er réttilegur	245
14. Hversu fundnu fé skal lýsa	246
15. Um fjáraþbyrgð er til hirslu er seld	246
16. Um ábyrgð á lánsfé	246
17. Hversu með lámsgripi skal fara	247
18. Um dufl og kast	248
19. Um eiðtökur fyrir óbótamál	248
20. Eiðnefna þrettán marka mála	249
21. Eiðtökur fimm marka mála	249
22. Sekt þeirra manna er ranga eiða sverja.....	249
23. Hvað réttgaldið er í sakeyri	250
Viðaukar	251
Réttarbætur, forsagnir og saktal Jónsbókar eftir AM 350 fol.	253
1. Réttarbót um óbótamál 1271-1274	253
2. Úr almennri réttarbót 1280	254
3. Réttarbót um félagsgerð hjóna 1299-1306	256
4. Úr almennri réttarbót 2. maí 1313	257
5. Ákvæði um rannsóknir úr þjófabálki bæjarmannalaga 1276 ...	257

6. Úr almennri réttarbót 2. maí 1313	258
7. Réttarbót um ættleiðingu og erfðir 28. mars 1318	258
8. Réttarbót um að menn sæki lögþing 10. júní 1313	259
9. Réttarbót um framferði sýslumanna 26. desember 1309	260
10. Réttarbót um skuldir handgenginna manna 11. október 1303 ...	260
11. Réttarbót um kristinrétt 23. júlí 1316	261
12. Réttarbót um bréfabrot 25. nóvember 1315	261
13. Réttarbót um heitingar 1303	262
14. Bréf konungs um Jörund Hólabiskup 1299-1313.....	263
15. Réttarbót um rangindi lénsmanna 13. desember 1318	264
16. Úr almennri réttarbót 2. maí 1313	265
17. Bréf konungs um Auðun Hólabiskup 10. júní 1320	266
18. Skipanir um hlýðni Íslendinga 1308-1309 og 1350-1360	266
19. Réttarbót um skuldir Íslendinga 9. júlí 1330	268
20. Réttarbót um vaðmálagerð 4. júlí 1329	269
21. Réttarbót um sektir fyrir okur 25. mars 1353	269
22. Réttarbót um skuldir Íslendinga 1330-1360.....	270
23. Réttarbót um sýslur 11. desember 1342	270
24. Skipun um forkaupsrétt konungs fyrir 1280.....	271
25. Forsagnir, eiðar og aðrar smágreinir	272
26. Saktal Jónsbókar	276
Réttarbætur og orðamunur eftir útgáfum 1578 og 1580	293
1. Réttarbót um erfðir 10. júní 1375	293
2. Úr almennri réttarbót 2. maí 1313	294
3. Réttarbót um bréfabrot 25. nóvember 1315	294
4. Réttarbót um ættleiðingu og erfðir 28. mars 1318	295
5. Réttarbót um félagsgerð hjóna 1299-1306	295
6. Úr almennri réttarbót 2. maí 1313	296
7. Úr almennri réttarbót 1280	296
8. Réttarbót um framferði sýslumanna 26. desember 1309	299
9. Réttarbót um heitingar 1303	299
10. Réttarbót um óbótamál 1271-1274	300
11. Réttarbót um sýslur 11. desember 1342	301
12. Úr almennri réttarbót 1280	302
13. Gamli sáttmáli 1302	302
14. Alþingissamþykkt um hnífaburð og óskilamenn	303
15. Alþingissamþykkt um vinnufólk 1404	303

JÓNSBÓK

16. Konungsbréf um erfðarétt prestsbarna 20. febrúar 1551	304
17. Orðamunur útgáfunnar 1578	304
18. Orðamunur útgáfunnar 1580	305
Aðrar skipanir	309
1. Réttarbót 2. júlí 1294	309
2. Réttarbót 23. júní 1305	313
3. Réttarbót 14. júní 1314 og leyfi kardínála 1247	315
4. Stóridómur 30. júní - 2. júlí 1564	319
5. Staðfesting konungs á Stóradómi 13. apríl 1565	322
Atriðisorð	325
Heimildaskrá	373

MÁR JÓNSSON

Inngangur

Lög skilgreina möguleika manna í samfélagi, reisa skorður við athæfi sem talið er óæskilegt og segja til um nothæfar aðferðir við meðferð mála. Endurnýjun laga er óhjákvæmileg en góð lög endast vel og geta staðið af sér miklar breytingar í umhverfi sínu ef þau greiða úr atriðum sem snerta grundvallaratriði í mannlegum samskiptum og athöfnum. Til dæmis verður stöðugt að endurnýja lög um hvalveiðar vegna tækninýjunga og alþjóðlegra samþykktu, en ekki þarf að raska lögum um hvalreka þegar til er setning sem þessi: „Ef hval rekur á fjöru manns, þá skal sá er á landi býr þar næst festa hval þann hver sem fjöru á og hafi slíkt fyrir starf sitt sem fyrr skilur leiguliða, þótt landsdrottinn búi sjálfur á jörðu. Hann skal festa hval þeim festum að eigi sé ósterkari en reip þau tíu að tveggja manna afli haldi hvert, og sé þá borinn annar endir um stökk eður stein“ (sjá hér á bls. 201). Setningin var fyrst í lagasafninu Grágás frá 12. og 13. öld en var notuð óbreytt í Jónsbók frá 1280-1281 og er enn í fullu gildi. Rúmur tíundi hluti Jónsbókar er reyndar talinn til núgildandi íslenskra laga, rekaþáttur nokkurn veginn allur og talsvert úr búnaðarbálki en bútar úr mannhelgi, kvennagiftingum, kaupabálki, farmannalögum og þjófabálki. Þegar síðast var hreinsað til í lögum og lagaákvæðum árið 1990 var ekki hreyft við neinu.¹ Jónsbók nýtist iðulega við málflutning og dóma eða kröfugerð, jafnt í héraði sem fyrir hæstarétti, og má nefna kröfu listamanna á hendur Kristnihátíðarnefnd vegna listaverka sem skemmdust á Þingvöllum haustið 2000 þar sem vísað er til 16. kafla þjófabálks

1 Í vefútgáfu *Lagasafns* á www.althingi.is eru 7600 orð úr Jónsbók en Jónsbókartexti útgáfunnar frá 1904 er 64 þúsund orð. Umhugsunarefni er að í *Lagasafni* er textinn tekinn úr þeirri útgáfu þótt hún geymi ekki þann texta sem var formlega í gildi áður og birtist í þessari bók. Um síðustu tiltektir í *Lagasafni*, sjá *Morgunblaðið* laugardaginn 4. nóvember 1989, bls. 36, og þriðjudaginn 6. mars 1990, bls. 28. Um rekilögin almennt, sjá Einar Arnórsson, „Rekilög Jónsbókar.“ *Úlfjótur* 2:2 (1948), bls. 1-11.

um að menn skuli „láni heilu heim að koma eður gjalda verð eiganda“ (sjá bls. 246).¹ Þá gegnir Jónsbók mikilvægu hlutverki við mat á því hverjir eiga óbyggðir landsins.²

Lögbók Íslendinga

Vorið 1280 komu Loðinn leppur, sendimaður konungs, og Jón Einarsson lögmaður til Íslands frá Noregi með nýja lögbók Magnúsar konungs Hákonarsonar, sem reyndar var nýlátinn. Lögbókin átti að taka við af annarri frá 1271, svonefndri Járnsíðu, sem aftur hafði verið ætlað að koma í staðinn fyrir Grágás og vera ný lög fyrir nýjan landshluta í stækkandi ríki Noregskonungs. Magnús hafði uppi áform um samstæða löggjöf fyrir gervallt ríki sitt og var samstiga öðrum konungum í Evrópu sem lögðu kapp á samhæfingu gildandi laga á einni bók í því skyni að efla réttarvitund meðal þegnanna og renna styrkari stoðum undir eigin völd.³ Járnsíða þótti ekki henta og eftir að Magnús hafði látið taka saman landslög fyrir Noreg árið 1274 og bæjalög árið 1276 tók hann að nýju til við endurskoðun íslenskra laga.⁴ Um leið og Loðinn og Jón kynntu lögbókina sumarið 1280 tóku þeir hollustueiða af landsmönnum til handa nýjum konungi, Eiríki Magnússyni, barnungum. Um veturinn skoðuðu innlendir

- 1 *Morgunblaðið* föstudaginn 12. desember 2003, bls. 12. Um hæstaréttardóma, sjá Pál Sigurðsson, *Um Jónsbók á síðari tímum. Ákvæði úr Jónsbók, sem vitnað er til í dómasafni Hæstaréttar 1921–1982*. Reykjavík 1985; einnig efnisskrár með *Hæstaréttardómum* fyrir árin 1971 og 1977, sem ekki voru komnar út þegar Páll vann sitt verk, sem og 1983–2000.
- 2 Þetta má sjá í úrskurðum Óbyggðanefndar síðustu árin, sjá www.obyggdaneftnd.is; til dæmis *Úrskurður Óbyggðanefndar, mál nr. 4/2000. Biskupstungnaáfréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi*. Reykjavík 2002, bls. 115–143, 149–151 og 156.
- 3 Páll Sigurðsson, „Aflvaki Jónsbókar. Fáein orð um lögbækur og konungsvald í ríkjum Vestur-Evrópu á miðöldum.“ *Afmælisrit. Guðmundur Ingvi Sigurðsson áttæður*. Seltjarnarnesi 2002, bls. 139–164. Ítarlegt yfirlit veitir Armin Wolf í „Die Gesetzgebung der neueren entstehenden Territorialstaaten in Europa.“ *Handbuch der Quellen und Literatur der neueren europäischen Privatrechtsgeschichte*. Ritstjóri Helmut Coing. München 1973, bls. 553–800; en í styttra máli í „Gesetzgebung und Kodifikationen.“ *Die Renaissance der Wissenschaften im 12. Jahrhundert*. Ritstjóri Peter Weimar. Zürich 1981, bls. 143–171. Um England, sjá Anthony Musson, *Medieval law in context. The growth of legal consciousness from Magna Carta to the Peasant's Revolt*. Manchester og New York 2001, bls. 184–216; um Spán, sjá Jerry R. Craddock, „The Legislative Works of Alfonso el Sabio.“ *Emperor of Culture. Alfonso X the Learned of Castile and His Thirteenth-Century Renaissance*. Ritstjóri Robert I. Burns. Philadelphia 1990, bls. 182–260. Um áhugaverð tengsl Spánar og Noregs vísast til Bruce E. Gelsinger, „A Thirteenth-Century Norwegian-Castilian Alliance.“ *Medievalia et Humanistica. New Series* 10 (1981), bls. 55–80.
- 4 Um löggjöf Magnúsar, sjá Magnus Rindal, „Dei norske mellomalderlovene. Alder, overlevering, utgåver.“ *Skriftlege kjelder til kunnskap om nordisk mellomalder*. Ritstjóri Magnus Rindal. Ósló 1995, bls. 7–20; Yngve Nedrebø, Berit Gjerland, Jørn Øyrehagen Sunde og Stig Årdal, *Audun Hugleiksson. Frå kongens råd til galgen*. Førde 2002, bls. 30–33 og 100–112.

ráðamenn bókina og fannst mörgum „svo sem margir hlutir væri í henni mjög frekir, um óbótamál og aðra hluti þá sem óhentir voru landinu.“ Árna Þorláks-syni, biskupi í Skálholti, þótti líka margt vera á móti guðs lögum og þeim kristinrétti sem hann hafði fengið samþykktan árið 1275. Ákveðið var á alþingi sumarið 1281 að lögtaka ekki alla bókina. Er því lýst nákvæmlega í Árna sögu biskups hvað kirkjunnar menn, veraldlegir höfðingjar og bændur höfðu við hin nýju lög að athuga. Loðinn tók athugasemdunum illa og þótti hart „að búkarlar gjörðu sig svo digra að þeir hugðu að skipa lögum í landi þeim sem konungur einsaman átti að ráða.“ Eftir hávært þref „kom um síðir að lögbók var öll lögtekin“ fyrir utan nokkur ákvæði sem var vísað til konungs og erkibiskups.¹

Snemma á 14. öld var farið að kenna lögbókina við Jón Einarsson og kalla hana *Jónsbók*. Í annál sem nær til ársins 1310 segir þannig um árið 1281: „lögtekin Jónsbók.“² Nafnið festist við bókina, þótt oft væri hún kölluð *lögbók* eða *landslagubók* eða bara *bók* í samræmi við orðalag í henni sjálfri (sjá atriðisorðaskrá á bls. 329, 348 og 350). Efni Jónsbókar er margbrotið og nægir að lesa efnisyfirlitið til að sjá það (bls. 5-12). Flæði atriða er gott, textinn formfagur og framvinda oftast til fyrirmyndar, þótt orðalag sé á köflum tor-skilið eða óljóst, en það hefur mönnum þótt að minnsta kosti frá því snemma á 17. öld og ekkert við því að gera. Í þessari útgáfu eru kaflar 260 að tölu og bálkar þrettán. Fyrst kemur *þingfararbálkur* um þingsköp, málsmeðferð og vitnaleiðslur, einkum á alþingi. Jafnframt er sagt til um hlutverk sýslumanna, en embætti þeirra samkvæmt Jónsbók var reyndar gjörólikt því sem síðar varð og þeir miklu færri.³ Þá kemur *kristindómsbálkur* með *konungseifðum*. Fátt eitt segir um valdsvið konungs og kirkju í lögum Magnúsar, hvorki íslenskum né norskum. Því ollu illvígur deilur hans við Jón rauða, erkibiskup í Þrándheimi, sem krafðist aukinna valda kirkjunnar. Magnús lét fyrir vikið ekki setja kristinrétt í sín lög og samþykkti ekki heldur kristinrétt Jóns. Kristinréttur Árna Þorlákssonar var samþykktur í óþökk konungs, sem þó lét undan kröfum Jóns erkibiskups á fundi í Túnsbergi tveimur árum síðar. Af þessum sökum eru

-
- 1 *Árna saga biskups*. Útgefandi Þorleifur Hauksson. Reykjavík 1972, bls. 76-85; *Biskupa sögur* III. Útgefandi Guðrún Ása Grímsdóttir. Íslenzk fornrit XVII. Reykjavík 1998, bls. 93. Um ákvæðin sem ollu deilum, sjá *Jónsbók* 1904, bls. i-ix; Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga* II. Reykjavík 1958, bls. 21-30; Sigurður Línal, „Lögfesting Jónsbókar 1281.“ *Tímarit lögfræðinga* 32 (1982), bls. 182-195; Páll Sigurðsson, *Svipmyndir úr réttarsögu*. Reykjavík 1992, bls. 14-20.
 - 2 *Islandske annaler indtil 1578*. Útgefandi Gustav Storm. Ósló 1888 (ljósprentuð útgáfa 1977), bls. 70; sbr. bls. 195 í annál frá miðri öldinni, og hér á bls. 276.
 - 3 Axel Kristinsson, „Embættismenn konungs fyrir 1400.“ *Saga* 36 (1998), bls. 113-152.

kristinréttarákvæði Jónsbókar ekki ítarlegri en raun ber vitni. Konungserfðir hennar eru í samræmi við þau lög sem þá giltu í Noregi.¹

Mannhelgi lýsir viðurlögum við morðum og vígum, barsmíðum og öðrum ávirðingum eins manns við annan, svo sem ef konur voru legnar. *Kvennagiftingar* segja til um eignir hjóna og *erfðatal* raðar erfingjum nákvæmlega upp en veitir jafnframt leiðsögn um ættleiðingu og það ef erfingjar voru erlendis eða á unga aldri. Þessi þrír hlutar Jónsbókar byggðu einkum á landslögum Magnúsar frá 1274 en fáein ákvæði Grágásar voru tekin með. *Framfærslubálkur* um fátæka menn og aðra sem ekki voru sjálfbjarga byggir einnig að mestu á norskum lögum. Í *landabrigðabálki* um það hvernig átti að kaupa jarðir og skipta þeim kveður meira að efni úr Grágás og líka Járnsíðu. Sama gildir um *búnaðarbálk*, öðru nafni *landsleigubálk*, þar sem eru nákvæm fyrirmæli um ábúð leigujarða og ábyrgð á fénaði og landsins gæðum. *Rekaþáttur* um viðreka og hvalreka var sóttur til Grágásar en *kaupabálkur* um skuldheimtu, verðlag og kaupskap að mestu til landslaganna norsku. *Farmannalög* um skip og siglingar voru tekin úr bæjalögum Magnúsar frá 1276 en *þjefabálkur* úr landslögum með innskotum úr Grágás.²

Pegar Magnús konungur, síðar auknefndur lagabætur, gaf út landslög sín fyrir lögmannsdæmin í Noregi skrifaði hann formála í bréfsformi og segir meðal annars: „Síðast í bókinni eru konunga réttarbætur.“ Þetta varð strax síður í Noregi og kemur fram í varðveittum handritum frá 14. öld, þar sem réttarbætur eru aftast sem viðauki við lögin.³ Sama bréf fylgdi Jónsbók örlítið breytt en þessi setning er eins (bls. 79). Fyrirmælum konungs var hins vegar ekki fylgt jafn nákvæmlega á Íslandi. Svo sem þegar er getið voru íslenskir ráðamenn ósáttir við eitt og annað í hinum nýju lögum. Með réttarbót Eiríks konungs Magnússonar 2. júlí 1294 var komið til móts við þá í 51 atriði eða með orðum konungs: „vér samþykkjum þessar yðrar beiðslur allar sem hér fylgja“ (bls. 309). Næstu réttarbót gaf Hákon bróðir Eiríks út 23. júní 1305 og

1 Um aðstæður í Noregi, sjá Knut Helle, *Norge blir en stat 1130-1319*. Ósló 1974, bls. 134-145; Sverre Bagge, „Kirkens jurisdiktion i kristenrettsaker før 1277.“ *Historisk tidskrift* (norsk) 1981, bls. 133-159; Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*. Reykjavík 1993, bls. 28-31. Magnús Lyngdal Magnússon vinnur að nýrri útgáfu á kristinrétti Árna og hefur skrifað *Kristinréttur Árna frá 1275. Athugun á efni og varðveislu í miðaldahandritum*. MA-ritgerð við Háskóla Íslands 2002.

2 Um heimildir að einstökum köflum Jónsbókar, sjá *Jónsbók* 1904, bls. lviii-lxix, og Ólaf Lárusson, *Grágás og lögbækurnar*. Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1922. Reykjavík 1923; sbr. samantekt Magnúsar Más Lárussonar í „Jónsbók.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* 7. Reykjavík 1962, d. 613-614. Sjá einnig Sigurð Línal í inngangi að *Skarðsbók Jónsbókar*, bls. 29.

3 *Norges gamle love* II, bls. 9 og 174.

tók hún á tólf atriðum (bls. 313) en réttarbót hans 14. júní 1314 á 25 atriðum til viðbótar (bls. 315). Réttarbæturnar þrjár varða 88 staði í Jónsbók og taka til ríflega 3000 orða, sem þýðir að fimm af hundraði bókarinnar breyttust. Aðrar konunglegar skipanir frá sömu árum skipta ekki máli í þessu samhengi.¹

Til eru tólf vel eða nokkuð vel varðveitt handrit Jónsbókar frá því fyrir miðja 14. öld og ellefu handritsbrot. Ekki eru réttarbætur í öllum handritunum en þegar svo er koma þær beint á eftir lögbókinni sjálfri líkt og konungur kvað á um, eða eins og skrifari handritsins AM 347 fol. orðaði það: „Hér skulu réttarbætur koma eftir því sem stendur ritað í bréfi virðuligs herra Magnúss konungs.“² Í lok réttarbótarinnar 1314 biður Hákon Magnússon menn um að setja ákvæði hennar í lögbókina: „Bjóðum vér að þér haldið þessa alla artíkulos fyrir lög og látið skrifa í bók yðra“ (bls. 318). Hvað þýðir þessi setning? Hvað átti konungur við? Hvernig skildu íslenskir lagamenn og skrifarar þau? Dæmi má taka af handritinu GKS 3270 4to, sem texti réttarbótanna er gefinn út eftir í þessari bók. Það var áreiðanlega skrifað eftir 1314 og að öllum líkindum fyrir 1350. Skrifari þess skildi skipun konungs sem staðfestingu á orðum föður hans í bréfinu sem fylgdi Jónsbók. Fyrir vikið setti hann réttarbæturnar aftan við Jónsbókartextann. Þetta er líka eðlileg túlkun á fyrirmælum Hákonar og þannig skildi Ólafur Halldórsson skrifstofustjóri þau í inngangi að útgáfu Jónsbókar árið 1904. Þar færir hann rök fyrir því að konungur hafi ekki ætlast til þess að einstakir skrifarar skeyttu ákvæðum réttarbótarinnar inn í meginmál Jónsbókar og útrýmdu úreltum ákvæðum, því það hefði krafist óhemju þekkingar á textanum sem ekki allir bjuggu yfir, auk þess sem menn hefðu ekki allir unnið verkið eins. Ólafur bætir því við að engar vísbendingar liggi fyrir um opinbera endurskoðun á allri Jónsbók en ræðir ekki í smáatriðum hvernig það bar til að ný gerð lögbókarinnar var útbúin þar sem ákvæðum réttarbótanna þriggja var komið fyrir á hentugum stað.³

- 1 Um sviptingar í samskiptum íslenskra höfðingja og konungs, sjá Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga* II, bls. 45-61; en ekki síður nýstárlega og spennandi túlkun Patriciu Pires Boulhosa í *Icelanders and the Early Rulers of Norway. The Evidence of Legal and Literary Texts*. Óbirt doktorsritgerð, University of Cambridge 2003, væntanleg hjá Brill í Leiden. Sjá einnig ferskar hugmyndir Randi Bjørshol Wærdahl í *Skattland og kongemakt 1262-1350*. Hovedoppgave við Historisk Institutt, NTNU, Prándheimi 1998. Hún er að ljúka doktorsritgerð við sama skóla undir heitinu *Skattland og kongemakt, 1195-1400. Norsk statsdannelse og konsekvensene for skattlandene*.
- 2 *Jónsbók* 1904, bls. 280. Um elsta texta Jónsbókar, sjá Ole Widding, „Jónsbóks to ikke-interpolerede håndskrifter. Et bidrag til den islandske lovbogs historie.“ *Scripta Islandica* 18 (1967), bls. 3-20; Már Jónsson, „Textatengsl nokkurra elstu handrita Jónsbókar.“ *Lindæla. Sigurður Lindal sjötugur*. Reykjavík 2001, bls. 373-389.
- 3 *Jónsbók* 1904, bls. xxx.

Ólafur Lárusson var ósammála nafna sínum og fullyrti í inngangi að ljósprentaðri útgáfu á fyrstu prentun Jónsbókar árið 1934 að konungur hefði með orðum sínum ætlast til þess að ákvæði réttarbótarinnar yrðu færð inn þar sem við átti: „Eptir þessu tóku menn að fara, og felldu þessar þrjár réttarbætur inn í texta lögbókarinnar á viðeigandi stöðum, og felldu þá jafnframt niður úr honum það, sem úr gildi var gengið með réttarbótunum eða viku því meira og minna við.“ Að hans mati voru breytingarnar „ekki alltaf sem hönduglegast gerðar og nokkuð með misjöfnu móti, og spilltu mjög frumtexta bókarinnar.“ Aðferðin, segir hann, tók að tíðkast snemma á 14. öld og kom sér vel: „það hefir verið haganlegra að nota lögbókina með réttarbótunum felldum inn í textann, en frumtextann og réttarbætturnar hvort í sínu lagi.“ Ólafur virðist sjá það fyrir sér að skrifarar hafi unnið hver með sínum hætti en útskýrir það ekki nánar.¹

Nú er það svo að ekkert handrit Jónsbókar er laust við áhrif frá ofangreindum þremur réttarbótum. Meira að segja í elsta handritinu, AM 134 4to frá því fyrir 1300, gætir 13. greinar í réttarbótinni frá 1294 í því að klausu um dilka er sleppt. Sömu setningu vantar í GKS 3270 4to og fleiri handrit frá því fyrir miðja 14. öld (sjá bls. 223 og 310). Í handritinu GKS 3268 4to eru þrjú önnur dæmi um réttarbótarinnskot, sex í GKS 3269b 4to en sjö í AM 351 fol., AM 154 4to og AM 133 4to, loks ellefu í AM 344 fol.² Þetta fyrirbæri nefndi Ólafur Halldórsson „sporadisk interpolation“ og það hefur greinilega gerst fáum árum eftir setningu Jónsbókar að skrifarar eða verkbeiðendur þeirra tóku upp á því að vilja uppfæra textann, ef svo má að orði komast, með því að laga hann til með hliðsjón af nýrri skipunum konungs. Orðalag konungs árið 1314 hefur ýtt undir þá tilhneigingu og varð fyrir vikið óbeint tilefni þeirrar endurskoðunar á öllum texta bókarinnar sem fór fram um miðja öldina.

Mér þykir líklegt að lagaleg óvissa sem skapaðist við það að Jónsbókarhandrit urðu hvert með sínum hætti hafi orðið til þess að valdamiklir menn gengust fyrir gagngerri endurskoðun á texta Jónsbókar með hliðsjón af réttarbótunum þremur, líkt og til að stemma stigu við textaflökti og óöryggi um það hvað væru gildandi lög. Endurskoðunin er þar af leiðandi ekki beinlínis til komin vegna túlkunar á orðum konungs árið 1314 heldur átti að bjarga málum vegna handrita í umferð þar sem réttarbótabútar höfðu verið fleygaðir á ólíkan hátt inn í meginmál Jónsbókar. Aðeins lögfróðir menn gátu gert það jafn vel og

1 *Jónsbók* 1934, bls. 59.

2 *Jónsbók* 1904, bls. 225 og umfjöllun á bls. ix-x og xxiv. Innskot í óinnskotnum handritum gefur að líta neðanmáls á bls. 32, 35, 68, 71, 84, 92, 106, 110, 116, 180, 181, 183, 184, 185, 207, 212, 214, 218, 220, 233, 240, 258, 265, 271 og 272.

raun ber vitni í varðveittum handritum og þeir hljóta að hafa tengst valda-
stofnunum ríkis og kirkju. Ólafur Halldórsson sýndi með óyggjandi hætti að
tvö handrit skipta mestu máli í þessu tilliti sem alfarið innskotin („inter-
poleret“). AM 343 fol. eða Svalbarðsbók taldi hann vera frá því um 1330-1340,
en Kristian Kålund hafði áður skipað því til fyrri helmings 14. aldar. Eftir því
sem Karl Óskar Ólafsson kemst næst er það skrifað um miðja 14. öld og er þá
miðað við stafsetningu og máleinkenni. Handritið er gullfallegt og upphafs-
stafir margir glæsilegir. Skriftin er skýr og blaðsíður settar upp í tvo dálka.
Víða eru á spássíum áhugaverðar athugasemdir með litlu yngri hendi sem sýna
snemmborinn áhuga á lögskýringum. Sem dæmi má nefna athugasemd við
lokaákvæði sjöunda kafla landsleigubálks: „Mér skilst dómur mega vera þó ei
sé á þingi því bókin talar sérdeilis víða og nefnir þingmannadóm“ (bl. 43v; sjá
hér á bls. 163). Engar réttarbætur eru í handritinu en aftasta blaðið er yngri
viðbót og sennilegt að áður hafi meira verið í handritinu en Jónsbók. Um miðja
16. öld var það í eigu Jóns Magnússonar á Svalbarði við Eyjafjörð.¹

AM 350 fol. eða Skarðsbók ber af flestum handritum íslenskum að fegurð
og glæsileika, enda hefur það tvívegis verið gefið út ljósprentað og er ávallt
með á sýningum. Undir lok handritsins kemur fram að setið var við skriftir árið
1363 (bl. 149r) og er svo nákvæm tímasetning fáséð í íslenskum miðalda-
handritum. Yngsta bréfið í bókinni er frá 1359 (bl. 144v). Handritið er unnið
af alúð og rausn, ríkulega skreytt og fallega skrifað í tvo dálka. Nokkur handrit
eru til með hendi sama skrifara og munu vera gerð í Helgafellssklaustri. Skarðs-
bók hefst á Jónsbók (bl. 1v-72r) og fylgja réttarbætur, forsagnir og saktal (bl.
72r-90v), en síðan hirðskrá Magnúsar Hákonarsonar frá 1277 (bl. 90v-107r).
Þá kemur kristinréttur Árna Þorlákssonar (bl. 107v-121r) og loks kirkjulegar
skipanir, með ýmsu smálegu (bl. 121r-151r). Efnisyfirlit fylgir, skrifað seint á
15. öld (bl. 152r-156r). Um miðja 16. öld er var handritið í eigu Eggerts Hann-
essonar lögmans í Bæ á Rauðasandi og hann gaf Birni Magnússyni dóttursyni
sínnum það ungum. Björn var sonur Ragnheiðar Eggertsdóttur og Magnúsar
prúða Jónssonar Magnússonar á Svalbarði, sem átti AM 343 fol.²

1 Jónsbók 1904, bls. xxxi-xxxii og xlv; *Katalog I*, bls. 279; Karl Óskar Ólafsson, *Athugun á
aðferðum við tímasetningar 13. og 14. aldar handrita eftir málsögulegum og stafset-
ningarlegum einkennum*. Óbirt greinargerð 2001, bls. 21-23.

2 *Katalog I*, bls. 284-285; *Norges gamle love V*, bls. 533-535; *Íslenzkt fornbréfasafn I*, bls.
444-446. Um handrit úr sömu skrifstofu, sjá Ólaf Halldórsson, *Helgafellsbækur fornar*.
Studia Islandica 24. Reykjavík 1966, bls. 9-16, og innganga að ljósprentuðum útgáfum:
*Skarðsbók. Jónsbók and other Laws and Precepts. MS. No. 350 fol. in The Arna-Magnæan
Collection in the University Library of Copenhagen*. *Corpus Codicum Islandicorum Medii
Aevii XVI*. Útgefandi Jakob Benediktsson. Kaupmannahöfn 1943; *Skarðsbók. Codex Scar-*

Því verður ekki svarað hér hverjir stóðu að endurnýjun Jónsbókar um miðbik 14. aldar eða hvernig varðveitt handrit tengjast því starfi. Þó má nefna að á einum stað í 343 er vísbending um að handritið sé skrifað eftir innskotnu eintaki, en í 48. kafla landsleigubálks er stiklað frá líku til líks í miðri réttarbót, það er frá „innan hálfis mánaðar“ til sömu orða rétt á eftir (sjá bls. 191).¹ Því er ósennilegt að 343 og 350 hafi verið upphaf eða uppistaða umræddrar endurskoðunar og líklegra að þau séu skrifuð fljótlega að henni lokinni til að svara þörf valdamikilla manna fyrir sem bestan og nýtilegastan texta Jónsbókar. Greinilegt er að texti handritanna tveggja á margt sameiginlegt. Bæði sleppa til að mynda orðinu „eigi“ þar sem það á greinilega að vera í ákvæði um grið (bls. 102; sbr. 82, 103, 223). Séu innskot á ákvæðum réttarbóta athuguð kemur á daginn að úrvinnsla er eins í þremur af hverjum fjórum tilvikum og verulega lík í nokkrum til viðbótar (sjá um það síðasta á bls. 98, 224). Ljóst er þó að texti 350 er fyllri og strangt tekið betri að því leyti að þar eru fjögur réttarbótar-ákvæði sem ekki eru í 343 (bls. 116, 164, 212, 238).

Ólafur Halldórsson taldi víst að „der mellem disse to Haandskrifter... er det nære Slægtskab“ og sá fyrir sér að 343 væri skrifað fyrst en skrifari 350 hafi notað það og nokkur önnur til að gera enn betri útfærslu.² Það kemur vel til greina og má nefna afbökun á texta 350 í sjötta kafla landabrigðabálks, þar sem segir: „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll eru upp að ganga úr búfjárhögum. Kveða skal þar á merki eður þar sem vatnföll deilast milli héraða.“ Hér er 343 ólíkt skýrara: „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll eru þau er vötn deilast milli héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjárhögum á fjöll upp. Kveða skal þar á um merki“ (bls. 155). Skrifari 350 kanna að hafa lítið af „fjöll eru“ á „fjöll upp“ og fipast, en reynt að bjarga merkingunni með umröðun orða. Í 343 eru fyrri tvö orðin í upphafi línu og hin síðari í lok þarnæstu línu, en „að ganga“ beint þar fyrir ofan (bl. 40r). Skrifarinn gat samt gert svona villu eftir hvaða handriti sem var og eldri handrit hafa sama texta og 343 en reyndar „búfjargangi“ og ekki „búfjárhögum.“³ Dæmið sannar því ekki neitt og sama gildir um ýmis atriði af sama toga, til dæmis þar sem setningar eru í ólíkri röð

densis AM 350 fol. Jónas Kristjánsson, Ólafur Halldórsson og Sigurður Línal rituðu formála. Reykjavík 1981. Litadýrð handritsins hafa Stephen P. Best og samstarfsmenn sundurgreint í „Identification by Raman microscopy and visible reflectance spectroscopy of pigments in an Icelandic manuscript.“ *Studies in Conservation* 40 (1995), bls. 31-40.

1 Ég þakka Gísla Baldri Róbertssyni ábendinguna; sbr. ekki ólíka hugmynd Ólafs Halldórssonar í *Jónsbók* 1904, bls. xxxii. Um fyrirbærið að stikla frá líku til líks, sjá Már Jónsson, „Textatengsl nokkurra elstu handrita Jónsbókar“, bls. 379-380.

2 *Jónsbók* 1904, bls. xxxi-xxxii.

3 *Jónsbók* 1904, bls. 125.

án þess að merking ákvæða breytist. Miðað við það svigrúm sem Jónsbókar-skrifarar virðast hafa veitt sjálfum sér til að umörða setningar og laga textann til, en líka til að hafa önnur handrit til hliðsjónar, kemur jafnt til greina að skrifari 350 hafi skrifað eftir 343 og að hann hafi ekki gert það.

Skemmtilegt dæmi um ólíkan uppruna handritanna er í kafla um óðs manns verk, þar sem 343 hefur „öllum mönnum óðum“ en 350 „öllum mönnum öðrum“ (bls. 106). Hvorugt getur talist villa og eldri handrit hafa sitt á hvað. Mikill munur er á því hvernig hagað er ákvæðum um kaldakol, þar sem 343 fer nær elstu handritum en 350 (bls. 163-164). Mjög víða er smávægilegur munur á handritunum en sjaldan þannig að miklu breyti um merkingu (bls. 82, 84, 87, 114, 115, 133, 136, 142, 147, 148, 165, 168-170, 173, 174, 177, 179-189, 194, 199, 202, 211, 213, 214, 219, 226-230, 236-238, 241, 242, 244, 246, 248, 249). Loks er í 343 óþarft viðbótarefni úr hirðskrá (bls. 96) og á fáeinum stöðum vantar þar setningar sem ljóst er að eiga heima í Jónsbók (bls. 88, 90, 94, 149, 161, 171, 182, 185, 198, 211, 218, 231) eða þá að textinn er klárlega rangur eða misvísandi (bls. 97, 136, 171, 249). Vissulega er ekki útilokað að skrifari 350, sem gerir nokkuð af vitleysum sjálfur (bls. 142, 166, 177, 178, 190, 197, 227, 239, 240, 242), hafi snyrt og lagað textann af svo miklum móð en mér þykir sennilegra að handritin séu unnin hvort í sínu lagi á sameiginlegum grunni sem reyndar verður ekki skilgreindur án viðamikillar athugunar á handritum og meiri þekkingar á vinnubrögðum Jónsbókar-skrifara en nú liggur fyrir.¹

Sambærileg endurskoðun lögbóka fór ekki fram í Noregi eða öðrum nágrannalöndum, þar sem skipunum konunga var bætt við í handritum en þær ekki færðar inn í textann þar sem við átti og honum breytt. Hérlandis varð hinn nýi Jónsbókartexti ráðandi og hefðin raunar tvískipt út frá handritunum tveimur. Miðað við upplýsingar í útgáfunni 1904 fylgir 31 heillegt eða heilt handrit frá árabílinu 1350-1600 texta 343 eftir og 17 fylgja 350. Sjö handrit eru sögð vera innskotin á sjálfstæðan hátt en 15 óinnskotin og ekkert er tilgreint um 13 (samtals 83). Vissulega þarfnast þessi niðurstaða athugunar við en tölurnar ættu að gefa þolanlega raunhæfa mynd af textahefð Jónsbókar. Áfram var skrifað eftir óinnskotnum handritum og fáeinir skrifarar freistuðu þess að endurskeyta réttarbótarákvæðum í textann upp á eigin spýtur, áreiðanlega þó með innskotin handrit að hætti 343 eða 350 við höndina. Hið síðarnefnda

1 Mór Jónsson, „Textatengsl nokkurra elstu handrita Jónsbókar“, bls. 384-385. Um úrræði við greiningu á flókinni varðveislu texta í opinni hefð handritatengsla, sjá Michael Weitzman, „The analysis of open traditions.“ *Studies in Bibliography* 38 (1985), bls. 82-120; Colin Flight, „Stemmatic theory and the analysis of complicated traditions.“ *Manuscripta* 36 (1992), bls. 37-52; sami, „A complete theoretical framework for stemmatic analysis.“ *Manuscripta* 38 (1994), bls. 95-115.

hrósaði svo sigri þegar Jónsbók var gefin út á prenti að Hólum árið 1578, fyrst veraldlegra rita á Íslandi, að frumkvæði Jóns Jónssonar lögmanns. Hún var endurprentuð með litlum breytingum tveimur árum síðar (sjá hér á bls. 39).

Ljóst er að texti útgáfunnar 1578 grundvallast á AM 350 fol. Líkindi eru mikil og nokkuð um sameiginlegar villur, en frávik reyndar allmörg þótt þau séu mun færri en þegar 343 og 350 eru borin saman. Ólafur Halldórsson taldi að útgáfan gæti ekki verið unnin beint eftir 350 og rökstuddi það með orðamun og frávikum, en tók fram að þann mun allan mætti líkast til útskýra með annars vegar árvekni og hins vegar athugaleysi útgefandans. Hann taldi líklegra að nokkur Jónsbókarhandrit frá því fyrir eða um miðja 16. öld væru milliliður 350 og útgáfunnar. Tvö hin mikilvægustu, NKS 1931 4to og NKS 340 8vo, hafa ártölin 1531 og 1532 á titilsíðu, en þriðja handritið, Thott 2100 4to, taldist vera frá því eftir miðja öldina. Texti þessara handrita er svo líkur útgáfunni 1578 að Ólafi þótti eins víst að eitthvert þeirra hefði verið notað við prentunina. Eftir mikil heilabrot tók Ólafur Lárusson undir þá skoðun þótt hann færi nálægt því að álykta að 2100 væri fremur skrifað eftir útgáfunni en öfugt.¹ Sú mun þó vera raunin, líkt og á við um svo mörg handrit frá tímabilinu 1580-1650. Hin handritin tvö eru sannanlega skrifuð hundrað árum síðar en fölsuð ártölin á titilsíðu gefa til kynna, líkt og Peter Springborg hefur sýnt í magnaðri grein.²

Að minni hyggju þarf ekki að leita milliliða. Hér verður lagt til að Jón lögmáður hafi við útgáfu sína stuðst við Skarðsbók sjálfa og fengið hana að láni hjá Eggerti Hannessyni lögmanni, tengdaföður Magnúsar prúða, bróður Jóns. Eggert fluttist til Hamborgar árið 1580. Ábúðarmeira handrit var ekki til og textinn fyllri en í nokkru öðru handriti en jafnfamt nauðalíkur því sem hefð var fyrir að nota við dóma. Svolítið er um styttingar í útgáfunni, til dæmis um erfðir konungs frænda (bls. 94) og bætur fyrir skip (bls. 233), auk þess sem sleppt var nokkrum strangkapólskum setningum um dýrlinga (bls. 77, 81, 89, 90, 93). Það er reyndar algengt í handritum frá því um og eftir miðja 16. öld. Nægir að nefna tvö handrit sem Stóridómur er gefinn út eftir í þessari bók og voru skrifuð á árunum 1564-1565, AM 161 4to og Thott 2102 4to, sem bæði hafa texta sem annars líkist 350.³ Nokkrar villur eru líka í útgáfunni, svo sem „eigandi“ fyrir „veganda“ á tveimur stöðum (bls. 101, 104) og ruglingur um

1 *Jónsbók* 1904, bls. xxii-xxiii og xlix-l; *Jónsbók* 1934, bls. 60-67.

2 Peter Springborg, „Nyt og gammelt fra Snæfjallaströnd. Bidrag til beskrivelse af den litterære aktivitet på Vestfjordene i 1. halvdel af de 17. århundrede.“ *Afmælisrit Jóns Helgasonar*. Reykjavík 1969, bls. 309-312.

3 AM 161 4to, bls. 35 og 37; Thott 2102 4to, bls. 10 og 14.

erfðir (bls. 131) eða sett „skipti“ fyrir „skipi“ (bls. 171) og „hinn fer ei til“ í stað „hinn fer til“ (bls. 247), en það eru smámunir. Lengri eða ólíka útfærslu á texta má finna hér og þar miðað við 350 (bls. 85, 102, 111, 116, 118, 124, 128, 129, 159, 245), en aldrei þannig að ekki megi útskýra frávikin sem vísvitandi tilraun til snyrtingar og betrubóta eða þá hugsanlega sem lagfæringar eftir öðru handriti. Og þá vill þannig til að víða kemur til greina að stuðst sé við 343, sem einmitt var í eigu fjölskyldu Jóns lögmanns. Texti útgáfunnar viku víða frá 350 á sama hátt eða mjög svipaðan því sem kemur fyrir í 343 (bls. 78, 97, 98, 108, 110, 113, 114, 117, 119, 123, 127-129, 142, 145, 148, 168, 174, 177, 178, 183, 187, 189, 191, 212, 243). Hér er ekki ráðrúm til að sýna þetta nákvæmar, en haft verður fyrir satt að Jón lögmaður hafi notað tvö afar fram-bærileg handrit Jónsbókar við útgáfu sína og fari því ekki með fleipur þegar hann á titilsíðu segir að bókin sé „yfirlesin eftir þeim réttustu og elstu lög-bókum sem til hafa fengist.“¹

Ókunnugt er um upplag á útgáfunum tveimur en ljóst að ekki runnu ein-tökin beinlínis út, ef marka má bóksölureikninga Guðbrands biskups Þorláks-sonar næstu árin.² Útgáfan dreifðist þó ekki einungis við sölu eintaka heldur líka við afritun. Tíu handrit að minnsta kosti eru til frá því fyrir aldamótin 1600 skrifuð beint eftir prentuðum útgáfum. Það á og við um mikinn meirihluta handrita frá 17. öld. Þetta þyrfti að kanna betur og þá jafnframt útbreiðslu hins prentaða texta við dóma. Nefna má að á alþingi árið 1582 er texti 343 hafður um hönd þegar orðið „framkvæmd“ er notað þar sem 350 og útgáfur hafa „menning“ (bls. 215) og sagt „stefna þeim báðum“ en ekki „stefna honum“ (bls. 115). Sameiginleg villa allra þriggja birtist í orðunum „ómaga eður fulltíða manni“ í stað hins rétta „ómaga eður eigi fulltíða manni“ (bls. 102). Níu árum síðar birtist í dómi orðalag sem ekki styðst við útgáfurnar, þegar fullyrt er að í lögbók standi „að ef maður hefur eng eður skóg, haga eður aðrar landsnytjar tuttugu vetur eður lengur átölulaust“ haldi menn eigninni. Hér bæta útgáfur „reka“ við á eftir „haga“ (bls. 176). Á hinn bóginn er útilokað að texti 343 komi við sögu þegar sagt er árið 1594 að í landslagabók taki fram að samþykki þess þurfi sem arfi er næstur „ef hann er fulltíða og lögráðandi“ (bls. 133). Ekki verður úr því skorið hvort miðað var við útgáfurnar eða handrit runnið frá 350.³

1 *Jónsbók* 1578, bl. Ar; sbr. *Jónsbók* 1934 á sama stað.

2 Einar Gunnar Pétursson, „Fáein atriði um biblíuna úr Minnis- og reikningabók Guðbrands biskups.“ *Árbók Landsbókasafns* 1984, bls. 31, 33-34 og 36.

3 *Alþingisbækur* II, bls. 8, 210 og 420.

Útgáfan frá 1580 var prentuð að nýju og löguð til að Hólum um 1620.¹ Jónsbók var næst gefin út með tveggja ára bili að Hólum árin 1707 og 1709. Árna Magnússyni brá í brún þegar fréttist af fyrri útgáfunni og í bréfi til Björns Þorleifssonar biskups 15. júní 1707 segist hann mundu hafa ráðið frá henni „ef svo nálægur hefði verið“, enda margt í Jónsbók undarlegt og mikill hluti hennar „undir lok liðinn.“ Engu að síður vildi hann fá tvö eintök send „fyrst hún er klár á annað borð... með því bókinn er gömul og ég sanki þvílíkum sökum.“ Ekki er varðveitt svar Björns við ávirðingum Árna en í útgáfunni tveimur árum síðar, sem Páll Vídalín kom að, segir biskup sér til málsbóta í eftirmála að Jónsbók sé áhugaverð „sem annað antiqvitet“ og ætlunin hafi alls ekki verið að menn færu eftir „sérhverju í þessari bók“ gegn „þeim lögum er nú ómótmælanlega viðgangast á þessum tímum.“² Upp úr þessu fór að flæða undan Jónsbók fyrir alvöru, einkum með lögleiðingu réttarfars- og refsíákvæða Norsku laga Kristjáns konungs fimmta frá 1687. Um það vísast til umfjöllunar Gísla Baldurs Róbertssonar hér á bls. 35-54.

Til eru 224 heil eða heilleg handrit Jónsbókar í veröldinni og 62 handritsbrot, samanlagt 286 eintök, og sést skipting á aldir í töflu 1. Þar að auki eru til

Tafla 1. Aldursdreifing Jónsbókarhandrita

Aldir	Heil og heilleg	Handritsbrot	Samtals	Íslensk handrit
13. öld	1	0	1	111
14. öld	24	20	44	332
15. öld	25	12	37	241
16. öld	54	22	76	210
17. öld	97	6	103	—
18. öld	17	1	18	—
19. öld	6	1	7	—
Samtals	224	62	286	—

- 1 Steingrímur Jónsson, „Núpufellsbók. Gömul, prentuð lögbók án útgáfustaðar og árs.“ *Ritmennt* 2 (1997), bls. 35-54. Um varðveitt eintök, sjá annars Halldór Hermannsson, *Icelandic books of the sixteenth century*. *Islandica* 9. Ithaca 1916, bls. 22-23 og 25-28; *Jónsbók* 1934, bls. 50-52 og 75-87; Jan Ragnar Hagland, „Om Jónsbók-samlinga i Det Kgl. Norske Videnskabers Selskabs Bibliotek.“ *Det Kongelige Norske Videnskabers Selskab. Skrifter* 20 (1972), bls. 1-16; Carl-Otto von Sydow og Finnbogi Guðmundsson, „Af Jónsbókareintaki í Visby.“ *Árbók Landsbókasafns* 1984, bls. 44-49, með athugasemd Einars Gunnars Péturssonar í *Árbók* 1985, bls. 81-82, og svari Finnboga á bls. 82-83.
- 2 *Arne Magnussons private brevvæxling*. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1920, bls. 597-598; *Jónsbók* 1709, bl. Mm3r.

33 danskar þýðingar í handriti, langflestar frá 17. öld, og í 26 handritum eru bútar eða útdráttur úr Jónsbók og réttarbótum á íslensku, þar með talið saktal bókarinnar (sjá hér á bls. 31). Samanlagt gerir þetta 345 handrit.¹ Þriðjungur þessara handrita er nú í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi í Reykjavík og nærri öll hinna elstu, því Árni hafði lítinn áhuga á Jónsbókarhandritum sem voru yngri en elsta prentaða útgáfan. Annars má finna Jónsbækur svo víða sem í Danmörku, Svíþjóð, Englandi, Frakklandi, Austurríki, Pýskalandi og Bandaríkjunum. Ekki er til annar eins fjöldi handrita af nokkru öðru íslensku miðaldariti. Frá 14. og 15. öld eru varðveitt 50 heil eða heilleg handrit Jónsbókar og 32 brot, að meðtöldu AM 134 4to, eða samtals 82 eintök. Það er sjöundi hluti varðveittra íslenskra handrita frá tímabilinu. Frá 16. öld eru varðveitt 54 Jónsbókarhandrit og 22 brot, sem er þriðjungur íslenskra handrita jafngamalla. Ef aðeins er litið til vel varðveittra eintaka hækkar hlutfallið enn, því af 145 íslenskum miðaldahandritum sem vitanlega eru yfir 80 blöð að stærð eru 83 Jónsbækur.² Frá 17. öld eru varðveitt 97 Jónsbókarhandrit og sex brot, en 25 frá 18. öld og 19. öld samanlagt. Ekki liggur fyrir hversu mörg íslensk handrit eru til frá því tímabili.

-
- 1 Skrá er í *Jónsbók* 1904, bls. xli-lvii, og viðbætur Ólafs Halldórssonar og Stefáns Karlssonar fylgja ljósprentaðri útgáfu árið 1970: Appendix, bls. 24–28. Miðaldahandritin eru tilgreind í *Ordbog over det norrøne prosasprog. Registre*. Kaupmannahöfn 1989, bls. 294–301. Jónsbókarhandrit frá lokum 16. aldar sem ekki er getið á þessum stöðum er í Firestone Library í Princeton-háskóla, New Jersey í Bandaríkjunum, sjá Már Jónsson, „An Icelandic medieval manuscript in the Firestone Library: Princeton MS. 62.“ *Princeton University Library Chronicle* 64:1 (Autumn 2002), bls. 163–174. Ritstjóri tímaritsins fjarlægði nokkrar setningar um að Benedikt Benedikz, bókavörður við háskólann í Birmingham, hefði komist á snodir um tilvist handritsins og skrifað erfingjum fyrsta enska eigandans án árangurs. Árið 1969 bauðst Benedikt til þess í skýrslu til Einars Ólafs Sveinssonar að athuga málið frekar gegn því að Handritastofnun greiddi ferðakostnað. Í móttöku í Reykjavík árið 1989 spurði Jónas Kristjánsson Benedikt hvort hann vissi hvar handritið væri og svo reyndist vera: „Já, það er í Princeton.“ Ég þakka Jónasi fyrir veittar upplýsingar að loknu erindi mínu um handritið á málstofu Árnastofnunar 29. október 1999. Jónas sýndi mér síðan skýrslu Benedikts eða *Greinargerð um leit að tveimur íslenskum handritum sem eru að sögn enn í einkaeign á Englandi*. Skjalasafn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi. Árið 1994 var Margrét Jónsdóttir eiginkona mín við athuganir á fornboða- og handritadeild Firestone-bókasafns og fékk ábendingu um íslenskt handrit. Fulbright-styrkur sumarið 1999 gerði mér kleift að rannsaka það. Um áhugaverða þýðingu Jónsbókar frá miðri 16. öld, sem ekki er í ofangreindum skráum heldur, sjá Svein Bergsveinsson, „Handritið Germ. quart. 2065.“ *Árbók Landsbókasafns* 1969, bls. 135–155.
 - 2 Már Jónsson, „Megindlegar handritarannsóknir.“ Ezio Ornato, *Lcfræða um handritamergð. Hugleiðingar um bóksögu miðalda*. Reykjavík 2003, bls. 12–13. Þar hefur í töflu 1 láðst að sýna fjölda handrita á hverri öld en úr því er bætt hér að ofan og skal þess þá getið að frá 12. öld eru þau sextán.

Jónsbókartextinn

Í ráði var um miðja 18. öld að gefa Jónsbók út á íslensku og dönsku „með öllum forordningum er gilda fyrir lög með sönnu í landi voru“, eins og Jón Þorkelsson skólameistari orðar það í bréfi frá Kaupmannahöfn til séra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði 24. maí 1751.¹ Ekkert varð úr þessum áformum en í danskri þýðingu Egils Þórhallasonar kom Jónsbók út árið 1763 og fylgdu réttarbætur ásamt Stóradómi.³⁴ Ekkert gekk að endurskoða íslensk lög og á þriðja áratug 19. aldar lagði Magnús Stephensen mikla vinnu í nýja Jónsbók-arútgáfu og vonaðist í leiðinni til að semja nýja lögbók fyrir landið (sjá hér á bls. 53). Árið 1858 gaf Sveinn Skúlason ritið út að nýju og gerði lítið annað en að endurprenta útgáfuna frá 1709, en rökstuddi framkvæmdina með því að „þó að lögbók þessi sé, nú orðið, í mörgum atriðum úr gildi gengin, þá er hún eina lögbókin er vér Íslendingar höfum.“³ Gustav Storm gaf Jónsbók út árið 1885 í ritröðinni *Norges gamle love* og var tilgangurinn einkum að varpa ljósi á landslög Magnúsar Hákonarsonar.⁴ Markmið útgáfunnar árið 1904 var aftur á móti tvíþætt. Ólafur Halldórsson vildi nálgast upprunalegan texta eftir því sem hægt væri en ætlaði jafnframt að sýna þann texta sem hafði gilt um aldir svo að hægt væri að nota útgáfuna við réttargæslu.⁵ Megintexti útgáfunnar gegndi fyrra hlutverkinu og er án innskota úr réttarbótum, en í óviðjafnanlegu og kerfi tvískiptra neðanmálsgreina birtist orðamunur úr elstu handritum og líka úr innskotnu meginhandritunum AM 343 fol. og AM 350 fol., sem og úr prentuðum útgáfum. Undirbúning að útgáfunni hófu Ólafur og Jón Þorkelsson, auknefndur forni, árið 1888 og unnu báðir að henni næstu árin, en eftir að Jón fluttist til Íslands sá Ólafur um verkið, oft heilsulítið og hlaðinn öðrum störfum. Vorið 1902 taldi hann verkinu lokið og formáli útgáfunnar er dagsettur 15. maí 1904. Fyrsti ritdómurinn birtist í *Þjóðófi* 30. september og var höfundur enginn annar en Jón Þorkelsson. Vart kemur á óvart að hann taldi útgáfuna vera bókmenntalegt stórvirki.⁶

En það er hún líka og sú útgáfa á Jónsbók sem hér birtist kemur ekki í stað

1 *Afísaga Jóns Þorkelssonar skólameistara í Skálholti* II. Reykjavík 1910, bls. 150. Ég þakka Gísla Baldri Róbertssyni ábendinguna.

2 *Jónsbók* 1904, bls. xxvi.

3 *Lögbók Magnúsar konungs Lagabætis handa Íslendingum eður Jónsbók hin forna*. Útgefandi Sveinn Skúlason. Akureyri 1858, bls. iii; sbr. *Jónsbók* 1904, bls. xxvi–xxvii.

4 *Norges gamle love* IV, bls. xiii og 184–353.

5 *Jónsbók* 1904, bls. xxxiii.

6 Gunnar Thoroddsen, „Om konferensråd Ólafur Halldórsson.“ *Jónsbók* 1904/1970, bls.

hennar. Mín hugmynd er að veita lesendum aðgang að þeim texta sem var tiltækur frá miðri 14. öld fram í byrjun 18. aldar. Hér birtist ekki upprunalegur texti Jónsbókar heldur sá texti sem var algengastur á tilteknu árabili og jafnframt sú kaflaskipting sem menn voru vanir og vísuðu til í dómum og bréfum.¹ Útgáfan er þar af leiðandi ekki „krítísk“ eins og Ólafur ætlaði sinni að vera, heldur söguleg. Um frágang textans að því er varðar stafsetningu og málfar vísast til umfjöllunar Haraldar Bernharðssonar hér á bls. 55-74, en nú verður gerð grein fyrir öðrum útbúnaði.

Við útgáfuna var farin leið sem svipar til þeirrar sem lagt er til hér að Jón Jónsson lögmaður hafi farið við fyrstu prentútgáfu textans. Miðað er við handritið AM 350 fol. (stytt „350“) og Jónsbókartexta þess fylgt sem kostur er. Villur eru leiðréttar og það tilgreint neðanmáls. Greinaskilum er bætt við á fáeinum stöðum og kommuþing vegur salt á milli nútímaháttar og aðferðar skrifarans. Á nokkrum stöðum er textanum breytt til samræmis við AM 343 fol. (stytt „343“) eða útgáfurnar 1578 og 1580 (stytt „útgáfur“). Þess er jafnan getið neðanmáls. Þar er jafnframt sýndur orðamunur úr útgáfunum en ekki öllum smáatriðum haldið til hags. Útgáfan frá um 1620 er unnin eftir 1580 og óþarfi að hafa hana undir. Ákveðið var að nota ekki útgáfurnar 1707 og 1709 ekki heldur vegna umfangs breytinga í þeim. Neðanmáls er líka sýnt úrval orðamunar úr 343 og miðað við að frávík skipti máli til skilnings á textanum eða hafi getað valdið ólíkri túlkun og niðurstöðu við dóma. Sleppt er ólíkri röð orða eða setninga og smáræði á borð við „geysilangt“ í 343 fyrir „geysiliga langt“ í 350 og útgáfum (bls. 77). Neðanmálsgreinarnar máttu ekki verða of fyrirferðarmiklar en urðu samt að vera nógu ítarlegar til að sýna þann texta sem var í umferð. Engin leið var að útbúa skýra og ófrávíkjanlega reglu til sundurgreiningar og oft nauðsynlegt að miða við smekk og persónulegt mat. Loks eru sýnd nokkur veigamikil atriði úr elstu gerð Jónsbókartextans, svo sem „lögréttumenn komnir“ í þessari útgáfu þar sem elstu handrit hafa „kosnir“ (bls. 78).

Reynt var að hafa neðanmálsgreinarnar skiljanlegar og stuttar í senn. Meginreglan er sú að einungis er nefnt það eintak sem hefur annan texta en 350. Þar sem til dæmis segir „vantar í útgáfu“ eða „útgáfu hafa“ þá er aðaltextinn bæði í 350 og 343 en frávikið aðeins í útgáfum. Þar sem segir „vantar í 343“ eða „343 hefur“ þá er hann bæði í 350 og útgáfum. Ef aftur á móti segir „vantar í 350“ eða „á spássíu í 350“ þá er megintextinn tekinn eftir 343 og útgáfum eða öðru hvoru og það tekið fram. Stundum eru frávikin ekki hin

1 Sbr. orð Magnúsar Mús Lárussonar um kaflaskiptinguna 1904 í „Jónsbók“, d. 614.

sömu í 343 og útgáfum og er þess þá getið. Ég vona að þetta valdi hvergi misskilningi og tek fram að engin von er að endurgera texta 343 eða útgáfna eftir neðanmálgreinunum, því þær eru ekki tæmandi, heldur verður að skoða eintökin sjálf. Þetta væri reyndar ekki einu sinni hægt eftir útgáfunni 1904 þótt neðanmálgreinar þar séu viðamiklar og metnaður útgefanda gífurlegur.

Skrifari 350 færði ekki kaflatölur í handritið og þeim var bætt við síðar til hliðar við kaflaheiti með rómverskum tölustöfum. Í útgáfunum eru líka rómverskar kaflatölur en hér eru þær arabískar. Fyrirsagnir eru sumar ólæsi-
legar í 350 og tvö eftirrit frá 15. og 16. öld, AM 139 4to og 148 4to, koma ekki að gagni vegna óburðugs ásigkomulags og fyrirsagnaleysis. Í slíkum tilvikum er stuðst við 343 og það nefnt neðanmáls. Önnur aðgerð til snyrtingar í þágu læsileika og rennslis er samræming á bálkatölum. Hún er í stakasta ólagi í 350 og mannhelgi til að mynda sögð vera fjórði hluti bókarinnar en líka kvenna-
giftingar, sem reyndar eru í kveri sem er yngri en meginhluti handritsins (bl. 9v og 19r; sjá hér á bls. 55, 121 og 127). Þá er framfærslubálki og landabrigðabálki slegið saman í 350 (bl. 27r og 31r) sem ekki er í samræmi við önnur handrit og er því breytt hér og fyrirsagnir lagaðar til (bls. 141 og 151). Út af þessum ruglingi telst þjófabálkur vera ellefti hluti Jónsbókar í handritinu (bl. 67v), og er reyndar sagður níundi hluti í útgáfunum, en er hér sá þrettándi samkvæmt innra samhengi þessarar útgáfu (bls. 239).

Réttarbótarákvæðin eru í handritum og útgáfum auðkennd með skammstöfun, yfirleitt *R.B.E.K.* fyrir réttarbótina 1294 en *R.B.H.K.* fyrir hinar. Hér er að loknum innskotstexta bætt við ártali og númeri ákvæðis innan hornklofa og lítill vandi fyrir vikið að finna þau í texta sjálfra réttarbótanna í viðaukum (bls. 309-319).

Viðaukar

Um viðbótartexta sem fylgja Jónsbók er eftirfarandi að segja. Í fyrsta lagi eru teknar réttarbætur og bréf rétt eins og textarnir koma fyrir að Jónsbók lokinni í AM 350 fol. annars vegar (bls. 253-271) og í útgáfunum 1578 og 1580 hins vegar (bls. 293-304). Réttarbætur konunga voru ekkert endilega ætlaðar Íslandi beinlínis en komu oft við sögu í dómum og varðveittust fyrst og fremst í íslenskum handritum, en urðu sumar svo frægar að þær fengu viðurnefni. Réttarbót Hákonar Magnússonar 2. maí 1313 var ýmist kölluð *réttarspillir* eða *Möðruvallaréttarbót* (bls. 265 og 294), en réttarbót Hákonar 28. mars 1318 *Herjófsréttarbót* eða *Præturéttarbót* (bls. 258 og 295).¹ Réttarbótin 1375 var

1 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, bls. 242-243.

iðulega nefnd *Helga, fellsréttarbót* (bls. 293). Að hluta eru sömu textar í 350 og útgáfunum en ég sá ekki ástæðu til að steypa þeim saman, enda það sjónarmið haft að leiðarljósi að birta texta sem voru notaðir við réttargæslu. Skotið er inn fyrrisögnum til glöggvunar sem ekki ættu að trufla flæði textans. Vísað er til fyrri útgáfna neðanmáls en ekki útskýrt hvernig þeim er hagað. Fylgt er dagsetningum í safnritinu *Regesta Norvegica* ef ágreiningur er meðal fræðimanna og má nefna 19. bréf í 350 sem *Íslenzkt fornbréfasafn* dagsetur 7. janúar 1330 en *Regesta* 9. júlí (bls. 268). Eins er ágreiningur um bréf konungs vegna Jörundar biskups á Hólum sem í fornbréfasafni er sett til ársins 1305 og Jón Jóhannesson segir vera frá því tveimur árum áður en *Regesta* telur ekki hægt að setja nákvæmar niður en í stjórntíð Hákonar Magnússonar (bls. 263).¹ Þá mun alþingissamþykkt um hnífaburð og óskilamenn vera frá 1321 eða 1382, að mati Ólafs Lárussonar, en ekki 1265 eins og haft er fyrir satt í fornbréfasafni.² *Gamli sáttmáli*, sem svo er nefndur í útgáfunum (bls. 302-303), er sú gerð textans sem er talin vera frá 1302 en ekki 1262-1263 eins og Jón Sigurðsson hélt. Raunar kemur til greina að textinn frá 1302 sé fyrirmynd þess texta sem enn er talinn vera frá 1262 og er varðveittur í tveimur handritum frá síðari hluta 16. aldar, Germ. quart. 2065 og AM 45 8vo, en ekki verður farið nánar út í það viðfangsefni.³

Í öðru lagi er í 350 og útgáfunum annað efni sem ástæða þótti að taka með. Ýmsu er reyndar sleppt úr handritinu, svo sem hirðskrá Magnúsar Hákonarsonar, kristinrétti Árna Þorlákssonar og kirkjuskipunum.⁴ Forsagnir varða þingsköp og meðferð mála (bls. 272-276), en saktal Jónsbókar er í beinum tengslum við megintextann og hefur ekki verið gefið út áður (bls. 276-292). Ekkert handrit með saktali er eldra en 350. Textinn er í tveimur öðrum handritum frá síðari hluta 14. aldar og virðist AM 48 8vo, bls. 61-88 (óheilt og án kaflatala), geyma sjálfstæða útfærslu, en AM 135 4to, bls. 199-208, fylgir 350 að mestu. Í tveimur handritum frá 15. öld, AM 157b 4to, bls. 64-84 (án kaflatala), og AM 175c 4to, bl. 1r-11v (óheilt), virðist vera sama útfærsla og í 135.⁵ Ófá yngri

1 Jón Jóhannesson fjallar um bréfið í *Íslendinga sögu* II, bls. 257-259.

2 *Jónsbók* 1934, bls. 73; *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 5-7, og IV, bls. 1-4; sbr. Ólafur Lárusson, *Grágás og lögbækurnar*, bls. 40-41, og *Alþingisbækur* I, bls. lxxxvii-lxxxix.

3 Sjá Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga* II, bls. 247-255; Sveinn Bergsveinsson, „Handritið Germ. quart. 2065“, bls. 144-145 og 150-152. Um þetta efni fjallar Patricia Pires Boulhosa í væntanlegri bók sem áður er nefnd.

4 Nákvæmt efnisyfirlit handritsins er í *Skarðsbók Jónsbókar*, bls. 36-38.

5 Í upptalningu í *Skarðsbók Jónsbókar*, bls. 37, er AM 175c 4to ekki getið. Um miklu styttri tegund saktals í tíu línunum, meðal annars í AM 135 4to og AM 48 8vo, sjá Bent Christian Jacobsen, „Sektir Jónsbókar.“ *Gripla* 7 (1990), bls. 179-185.

handrit saktals eru til, þar á meðal tvö sem Jón Jónsson lögmaður skrifaði eða lét skrifa, nefnilega AM 198 4to og AM 58 8vo, en á síðari öldum var ákvæðum fremur raðað eftir sektarhæð en eftir röð ákvæða í Jónsbók. Í saktalinu í 350 eru kaflanúmer Jónsbókar sem vísað er til í upphafi setninga brengluð og koma sjaldan heim og saman við bókartextann. Jafnvel er vísað í vitlausa bálka. Ekki skal sagt hverju þetta sætir en hér er þetta lagað til og samræmt svo að hægt sé fara á milli saktals og Jónsbókar. Aðeins stærstu breytinga er getið neðanmáls. Líklegt er að saktal hafi ekki verið unnið eftir 350 heldur öðru handriti sem ekki verður leitað að þessu sinni (sjá bls. 280).

Úr prentuðu útgáfunum er til viðbótar við réttarbætur tekinn orðamunur við texta Jónsbókar sem þar er sýndur í lokin og Jón lögmaður taldi að gæti skipt máli við dóma (bls. 304–308). Færslum af því tagi var fjölgað til muna í útgáfunni 1580 og þar er í stuttu ávarpi til lesandans getið handartákns á spássium við texta, sem ávallt er getið neðanmáls í þessari útgáfu. Að auki er víða á spássium 1580 sýndur orðamunur sem komið var fyrir á arkir sem lágu fyrir frá því tveimur árum áður. Framsetning orðamunar aftast í útgáfunum er ruglingsleg. Stundum eru svigar utan um frávikin og stundum ekki. Stundum gleymist að loka sviganum og stundum er punktur fyrir aftan og stundum ekki. Í 1580 kemur jafnvel fyrir að svigi sé settur utan um skýringartexta en ekki Jónsbókartexta. Hér er þetta samræmt. Í stað sviga er hafður tvípunktur en texti Jónsbókar síðan skáletraður og punktur settur aftan við. Ekki er vísað til blaðsíðutals í textanum, enda auðvelt að finna staðina eftir bálkaheitum og kaflanúmerum. Útgáfan 1620 er að mestu samhljóða 1580 hvað þetta varðar en í útgáfunum 1707 og 1709 er allvæn atriðisorðaskrá í lokin og langur listi orðamunar með vísun til blaðsíðutals, sem ekki er prentaður hér.

Í þriðja lagi eru fáeinir textar úr öðrum handritum sem tengjast Jónsbók. Réttarbæturnar frá 1294, 1305 og 1314 eru ekki í 343, 350 eða prentuðum útgáfum, enda hafði þeim verið skeytt inn í meginmál og engin þörf á þeim sérstökum. Mér þótti fyrir vikið full ástæða til að láta þær fylgja í þessari bók (bls. 309–319). Stuðst er við handritið GKS 3270 4to frá því snemma á 14. öld og er textinn á bl. 102r–107v. Vikið er frá handritinu í ávarpsorðum réttarbótar 1305 og þau tekin eftir AM 127 4to frá fyrri hluta 14. aldar, bls. 190. Beint á eftir réttarbótinni 1314 fylgja í 3270 þær klausur úr leyfi Vilhjálms kardinála frá 1247 sem átti að færa inn í bókina samkvæmt sjöttu grein réttarbótarinnar og fylgja þær. Hér eru sett númer við hvert réttarbótarákvæði og höfð greinaskil á milli, líkt og í útgáfunni 1904, en víðeigandi blaðsíðutal í meginmáli haft innan hornklofa í því skyni að auðvelt sé að finna innskotin.

Síðast en ekki síst þótti mér ástæða til að gefa út Stóradóm frá 1564 og

staðfestingu hans árið eftir (bls. 319-323). Ekki var oftast dæmt eftir neinum texta á 17. öld að Jónsbók undanskilinni, því legorðsbrot voru algeng og vandlega fylgst með þeim. Fylgt er handritinu AM 161 4to, bls. 290-294, en það er með hendi séra Gríms Skúlasonar í Hruna og skrifað árin 1564-1565, að því er virðist fyrir Pál Stígsson hirðstjóra og hvatamann dómsins. Jafnframt var litið til Thott 2102 4to, bls. 436-444, með hendi séra Gríms árið 1568, og AM 238 4to, bl. 101r-103v (eldri merking) eða bl. 131r-133v (yngri), með hendi Vigfúsar Jónssonar sýslumanns um 1570. Staðfesting konungs er gefin út í íslenskri samtímapýðingu eftir 161, bls. 294-295, með hliðsjón af 2102, bls. 444-446. Hér er sleppt fyrirsögn Stóradóms, líkt og gert er í 161, en 2102 hefur „Alþingisdómur um hórðómssakir, sífjaspell og frillulífi“ og 238 „Dómur um hórðóma, frændsemisspjöll og mægða og um frillulífi.“ Dómsmenn voru yndislega ómeðvitaðir um eigið afstæði og þóttust setja skipan sem myndi gilda „um aldur og ævi fyrir allt fólk á Íslandi, alna og óborna, karlmenn og konur“ en gættu sín ekki og vísuðu til hins aflagða kristinréttar Árna um eitt mikilvægasta atriði dómsins og sleptu skránni yfir skyldleika og mægðir sem nú lá líflát við (bls. 319). Skal úr því bætt hér og er miðað við konur eins og ávallt var gert: móðir, systir, dóttir, stjúpmóðir, sonarkona, bróðurkona, sonardóttir, stjúpdóttir, bróurdóttir, systurdóttir, dótturdóttir, móðurmóðir, föðurmóðir, móðursystir, föðursystir, móðir konu manns og systir konu manns.¹

Þakkir

Ég hélt námskeið um Jónsbók við sagnfræðiskor Háskóla Íslands á haustmiss-eri 1998 og fór í framhaldi af því að velta fyrir mér nýrri útgáfu. Haustið 1999 vélritaði Magnús Lyngdal Magnússon textann eftir útgáfunni 1904 og tók á næstu árum saman efnisyfirlit ófárar Jónsbókarhandrita, meðal annars í Stokk-hólmi. Drífa Kristín Þrastardóttir og Karl Óskar Ólafsson athuguðu ýmis atriði í handritum, sem nýttust að hluta. Í sumar hefur Gísli Baldur Róbertsson lagt nótt við dag við yfirlestur, villugrisjun, gátun og athuganir vegna texta, inn-gangs og atriðisorðaskrár, auk þess sem hann skrifar um afdrif Jónsbókar á 17. öld og síðar. Þessum ungu fræðimönnum þakka ég kærlega fyrir og jafnframt Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði sömu stofnunar og Rannís fyrir veitta styrki. Um hríð hugsaði ég mér að gefa bæði út eldri og yngri texta Jónsbókar en ákvað í fyrra að taka eitt skref í einu. Hér birtist afraksturinn. Haraldur Bernharðsson tók að sér samræmingu textans og er þakkað sérstaklega fyrir það. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson las textann yfir

1 Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 34-35 og 145-146.

undir lokin og Einar Gunnar Pétursson gaf góð ráð um atriðisorðaskrá. Guðvarði Má Gunnlaugssyni á stofnun Árna Magnússonar þakka ég fyrir að útvega mér stafrænar myndir af AM 350 fol. og föður mínum Jóni Óskarssyni fyrir lánið á ljósprentaðri útgáfu Jónsbókar 1578. Alda Lóa Leifsdóttir, Sverrir Sveinsson og Olgeir Skúli Sverrisson hafa unnið óaðfinnanlega að sínum verkþáttum, að vanda, en Sigurður Gylfi Magnússon fylgdist vökulum augum með öllu saman og sá til þess að ekki yrði dráttur á framkvæmdum. Von mín er þá að lesendur gleðjist ekki minna við að kynnast Jónsbók en konur í þjónustuíbúðum fyrir aldraða við Sléttuveg í Reykjavík sem saumuðu þrjú veggteppi eftir myndum í Jónsbókarhandritum og voru á einu máli um að vinnan hefði verið „eitt það skemmtilegasta sem þær hafi tekið sér fyrir hendur um dagana.“⁴⁷

47 *Morgunblaðið* föstudaginn 26. nóvember 1999, bls. 6B.

GÍSLI BALDUR RÓBERTSSON

Áform um endurskoðun íslenskra laga

Jónsbók var prentuð árið 1578, fyrst veraldlegra bóka á Íslandi. Í Danmörku komu Jósku lög út á prenti árið 1590 og í Noregi voru Landslög Magnúsar lagabætis, eða Norsku lög Kristjáns IV. eins og þau eru oftast kölluð, prentuð í fyrsta skipti árið 1604. Allt voru þetta miðaldalög sem höfðu verið í gildi frá því á 13. öld og má nærri geta að aldurinn hafi verið farinn að segja til sín er komið var fram á seinni hluta 16. aldar. Á titilblaði Norsku laga Kristjáns IV. segir að útgáfan sé „...offuerseet, corrigerit og forbedrit...“, það er yfirlesin, leiðrétt og betrubætt. Sömu orð koma fyrir á titilsíðu Jósku laga nema þar er tekið fram að danskan hafi verið betrubætt. Óþarfi var að það kæmi fram í Norsku lögum Kristjáns IV. sem voru dönsk þýðing á Landslögum.¹ Einu endurbæturnar sem voru gerðar á texta Jónsbókar fyrir prentun árið 1578 var að öll merki kaþólskunnar voru afmáð. Þannig voru María mey, Ólafur konungur helgi, Þorlákur biskup helgi og aðrir heilagir menn fjarlægð úr upphafssetningu þingfararbálks (sjá hér á bls. 81). Undir lok 16. aldar, á 17. öld og síðar má hins vegar greina markvissa viðleitni og skýran vilja til að bæta íslensk lög.

Ný kirkjulög

Síðaskiptin höfðu miklar breytingar í för með sér sem náðu þó ekki til veraldlegra laga og var veldi Jónsbókar því ekki ógnað af nýjum síð. Ekki var þess þó að vænta að andlegu lögin, þ.e. kristinréttur Árna biskups Þorlákssonar frá 1275, fengju að standa óáreitt. Kirkjuordinansía Kristjáns III. var samþykkt fyrir Skálholtsbiskupsdæmi árið 1541 og fyrir Hólabiskupsdæmi tíu árum síð-

1 *Valdemar den andens Jydske lov*. Útgefandi P.G. Thorsen. Kaupmannahöfn 1853, bls. 8; *Kong Christian den jjerdes Norske lovbog af 1604*. Útgefendur Fr. Hallager og Fr. Brandt. Ósló 1855 (ljósprentuð útgáfa, Ósló 1981), bls. 1.

ar. Við það féll kristinréttur Árna úr gildi en engu að síður var áfram stuðst við hann þar sem kirkjuskipaninni sleppti. Áhrif kristinréttar Árna sjást ennfremur á alþingissamþykkt frá 1552 sem biskupar stóðu fyrir og á frumvarpi að nýjum kristinrétti sem Ólafur biskup Hjaltason og Árni Gíslason, sýslumaður að Þingeyrum, tóku saman fyrir 1569.¹

Með Stóradómi 1564 fengu Íslendingar veraldleg lög um siðferðismál og 1587 voru nýjar reglur um hjónabönd leiddar í lög í formi svonefndra hjúskaparartikúla. Enn vantaði þó mikið upp á fullkomin kirkjulög landinu til handa.² Af þeim sökum sendu biskupar og prestar landsins bænaskrá til konungs um eða skömmu fyrir 1592. Þeir fullyrtu að semja þyrfti kirkjuordinansíu sem tæki mið af íslenskum aðstæðum. Ríkisráðið svaraði í umboði konungs með bréfi til Henriks Krag höfuðsmanns árið 1593 og tók vel í að athugað væri hvernig bæta mætti ordinansíuna. Ári síðar skipaði höfuðsmaðurinn að konungsboði biskupum landsins, þeim Guðbrandi Þorlákssyni og Oddi Einarssyni, að koma ordinansíunni í það horf að hún væri „...guði til æru, konglig maíestat og hans undirsátum hér í landi til gagns og nytsemdar.“ Kirkjuordinansía Kristjáns III. skyldi lögð til grundvallar en ef eitthvað í henni hentaði ekki landsháttum skyldu þeir „...öðruvíis snúa og corrigerá, það frekasta þeim mögulegt er, eftir þessa lands háttalagi...“ Verkinu áttu þeir að skila af sér fyrir alþingi 1595 og láta höfuðsmann og aðra góða menn meta frumvarpið áður en það yrði sent konungi og ríkisráði.³

Varðveist hafa tvö drög að frumvörpum nefndarmanna. Drög Guðbrands í sex bókum er að finna í tveimur handritum. Þær réttarheimildir sem lagðar eru til grundvallar eru kirkjuordinansían og kristinréttur Árna en einnig má þar finna ákvæði úr kristinna laga þætti Grágásar, kaþólskum biskupastatútum, kanónískum rétti, auk dóma, alþingis- og prestastefnusamþykkt.⁴ Að sama skapi hafa varðveist drög séra Böðvars Jónssonar í Reykholti sem vann með Oddi biskupi, reyndar aðeins átta fyrstu kaflar þess og samkvæmt fyrirsögn hafa þeir verið tíu talsins eða jafnmargir og boðorðin sem hver kaflí hefst á. Á tveimur stöðum í drögunum kemur fram að þau séu frá árinu 1595. Réttarheim-

1 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* II, bls. 497-499; *Lovsamling for Island* I, bls. 752, þar sem sjá má að enn er stuðst við kristinrétt Árna árið 1719.

2 Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi* 1270-1870. Reykjavík 1993, bls. 95-100; Ólafur Lárússon, „Próun íslenzks réttar eftir 1262.“ *Útíjótur* 8:4 (1955), bls. 9.

3 *Alþingisbækur* II, bls. 441-443, beinar tilvitnanir af bls. 443.

4 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III, bls. 673-674. Þess má geta að framan við annað handritið sem geymir umrædd frumvarpsdrög stendur, að því er virðist með hendi Guðbrands sjálfs, að séra Erlendur skuli hafa þessa bók með sér á prestastefnu, sjá AM 253 4to, bl. 1r.

ildir eru þær sömu og hjá Guðbrandi en að auki er vitnað í Frostabingslög, Hirðskrá og Ríparartíkula.¹

Ekkert gerðist í málunum á alþingi 1595 og óljóst hvað fór úrskeiðis. Vörslumaður Skarðsbókar Jónsbókar, AM 350 fol., líkast til Jón eldri Magnússon, sýslumaður í Dalasýslu, bjóst þó ekki við öðru en að biskuparnir myndu ljúka því sem fyrir þá var lagt á tilskildum tíma. Grunlaus skrifaði hann á spássíu Skarðsbókar við upphaf kristinréttar Árna: „Anno 1595 er þetta staðfest að haldast skuli af þessum kristinrétti á alþingi.“² Vinna nefndarinnar var hins vegar ekki nógu langt á veg komin til að hægt væri færa inn það sem enn var í gildi. Verkið virðist svo hafa legið niðri til 24. apríl 1598 er konungur skrifaði Jóhanni Bockholt höfuðsmanni bréf um að því skyldi haldið áfram. Í framhaldi af því gengu lögmenn til liðs við biskupa. Liðsaukinn flýtti ekki fyrir framgangi verksins. Guðbrandur biskup og Jón Jónsson lögmaður höfðu starfað saman að Jónsbókarútgáfunni 1578 en vinskapur þeirra síðan snúist upp í fullan fjandskap. Þar að auki var ágreiningur um það hvaða mynd menn vildu að verkið tæki á sig. Guðbrandur gerir grein fyrir þessu árið 1602:

Um kristinrétt er ekki annað að segja en það: þar vill enginn svo sem annar; einn vill hann sé aftekinn með öllu, annar vill hann sé haldinn með öllu. Sumir vilja kóngsins ordínanzía, sú veraldlega, sé samþykkt, og hvað hér hlýðir ekki uppá vor lög né landskap, það skuli umbreytast; sumir eru þeir, sem ekki vilja neina ordínanzíu hafa né skikka láta...³

Í bréfi til Jóns lögmanns fyrir júl 1601 segist Guðbrandur hafa skrifað höfuðsmanni þá um sumarið og beðið hann að fylgja verkinu eftir með því að hvetja Odd biskup og lögmenn til að vinna að frumvarpinu yfir veturinn. Markmiðið var að ljúka því fyrir alþingi svo hægt væri að taka það til athugunar þar

- 1 AM 266 fol., bl. 97r, 106r, 112r, 121v og 123v. Árni Magnússon eignar séra Böðvari frumvarpsdrögin á miða framan við handritið, sbr. *Katalog I*, bls. 241. Þátttöku séra Böðvars er getið í *Skálholtsprestaævum*, sjá Lbs 175 4to, bl. 207r.
- 2 *Skarðsbók. Jónsbók and other laws and precepts*. Útgefandi Jakob Benediktsson. Kaupmannahöfn 1943, bls. 9-10 og bl. 107v, en þaðan er beina tilvitnunin tekin. Sjá ennfremur *Skarðsbók Jónsbókar*, bls. 20-21. Skarðsbók var í eigu Björns Magnússonar en árið 1594 fól hann Jóni bróður sínum umsjón með henni vegna brottfarar af landinu. Líklegra er að Jón, sem fyrir víst er orðinn sýslumaður árið 1594, hafi skrifað spássúgreininna fremur en Björn sem sigldi utan til náms haustið 1594. Bókin mun hafa verið í umsjá Jóns til ársins 1598 en þá var Björn fyrir víst kominn heim og tók við Barðastrandarsýslu af Ara bróður sínum, sbr. *Íslenzkar æviskrár I*, bls. 235, og III, bls. 217.
- 3 *Lovsamling for Island I*, bls. 136-137; Guðbrandur Þorláksson, „Varnarrit Guðbrands biskups á Hólum.“ Útgefandi Arnlfjótur Ólafsson. *Scfn til sögu Íslands II*. Kaupmannahöfn 1886, bls. 331 og 352, en þaðan er beina tilvitnunin tekin.

og senda utan. Guðbrandur var undir þrýstingi frá Péttri Vinstrup Sjálandsbiskupi sem hann segir að hafi skrifað sér tvisvar og undrast hvað verkið hafi verið vanrækt í langan tíma. Undir lok bréfsins segist Guðbrandur hafa heyrt að Jón sé mótfallinn uppkasti Þórðar Guðmundssonar lögmanns en óttist samt ekki að það sé raunveruleg afstaða hans. Hann segir að Oddur biskup sé á annarri skoðun en þeir Þórður því hann vilji „...breyta gömlum viðtektum, orða atkvæðum og svo margt þar inn auka og setja sem ég veit að aldrei verður samþykkt, og ekki er til annars en að hamla og hindra...“ Að endingu segir Guðbrandur að geti þeir ekki fundið sameiginlega lendingu sé betra að láta konung skera úr um ágreiningsatriði.¹

Af bréfi Guðbrands má merkja að Oddur biskup hafi staðið í vegi þess að verkinu yrði lokið á alþingi 1602. Séra Jón Halldórsson í Hítardal getur þess að verkið hafi ekki verið til lykta leitt en um orsakir þess segir hann: „...hvað olli veit ég ekki, heyrt hefi að ei gátu komið sér saman um nokkrar greinir.“ Ekkert virðist því hafa verið sent utan til konungs og öll vinnan unnin fyrir gýg, því tuttugu árum síðar eða þann 29. nóvember 1622 var Íslandi skipað með konungsbréfi að fara eftir norskku kirkjuordinansíunni frá 1607 sem var svo var gefin út í þýðingu Odds biskups Einarssonar árið 1635.² Þetta var fyrsta misheppnaða tilraunin til endurskoða íslensk lög en fleiri fylgdu í kjölfarið.

Endurskoðun íslenskra laga

Í ritgerð um ómagaframfærslu sem dagsett er 14. mars 1629 skilgreinir Björn Jónsson, annálaritari og lögréttumaður á Skarðsá, þann vanda sem af Jónsbók stafaði á eftirfarandi hátt:

Margvíslegar þrætur og misgreiningar eru um lög vor Íslendinga (því miður). Ein þrætni rís af því að lögbókunum (þó forgamlar séu) ber eigi saman um mörg orð og margar greinir, hvað stór furða er að þær gömlu bækur ekki halda eitt og er nokkur vorkunn af því líku megi þrætni rísa. Önnur þrætni er um það þó mönnum beri saman um nafn glósnanna og orðin séu rétt þá skilja ekki allir eins sem er um helmings auka, tíundargjöf og fleiri orð önnur. Þriðja þrætni og misskilningur er um greinir bókarinnar, margstaðar, þó þeim beri saman í skrifunum þá skilja menn ýmislega langsamar greinir, sem er um arf sonarsona, um kvíslir í erfðum og svo þetta eitt um forlags-eyri ómaga...³

- 1 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*. Útgefendur Jón Þorkelsson og Páll Eggert Ólason. Reykjavík 1919-1942, bls. 550-552, bein tilvitnun tekin af bls. 551. Sjá einnig bls. 548-549.
- 2 Lbs 175 4to, bl. 207r; *Lovsamling for Island I*, bls. 206-208; Halldór Hermannsson, *Icelandic books of the seventeenth century*. Islandica 14. Ithaca 1922, bls. 61.
- 3 AM 268 8vo, bl. 2r, dagsetningin fyrir verkinu er á bl. 5r.

Athyglisvert við þessi orð Björns er að prentun lögbókarinnar virðist ekki hafa leyst þann vanda sem ætla má að hafi verið uppi fyrir 1578 þegar texti ósamræmdra handrita stangaðist á. Reyndar var ekki kveðið upp úr um slík atriði við útgáfuna heldur lesbrigðaskrá hnýtt aftan við hana. Ætla mátti að útgáfan frá 1578 hafi hlotið mesta gagnrýni fyrir hversu rýr skráin var og stækkun hennar virðist hafa verið meginástæða endurprentunar tveimur árum síðar. Menn hafa óttast að önnur lesbrigði en þau sem fylgdu skránni yrðu ekki viðurkennd og látið óánægju sína í ljós við útgefendur. Brugðist var skjótt við og nokkur blöð prentuð upp á nýtt árið 1580 og þeim skeytt inn í eldri útgáfunna. Við það jókst skráin til muna því 26 lesbrigðum og leiðréttingum var bætt við (sjá hér á bls. 304-308). Annað atriðið sem Björn nefnir reyndi hann sjálfur að bæta með skýringum yfir torskilin orð í lögbókinni sem varðveittar eru í tveimur gerðum. Í annarri gerðinni eru orðin skýrð í þeirri röð sem þau koma fyrir í lögbókinni og er sú gerð að öllum líkindum eldri eða frá 25. apríl 1626. Í hinni gerðinni eru fleiri orð skýrð og þeim raðað í stafrófsröð en hún hefur líkast til legið fyrir fyrri hluta árs 1636.¹ Þriðja og síðasta atriðið sem Björn nefnir lýtur að túlkun laganna og á raunar almennt við um öll lög en ekki bara Jónsbók.

Árið 1622 var gerð árangursrík tilraun til að breyta íslenskum lögum þó hún hafi ekki verið stór í sniðum. Þá tókst að útvega konungsbréf sem skyldaði menn að bjóða nánustu frændum jarðir til kaups áður en þær yrðu seldar vandalausum. Á alþingi 1623 var ákvæðið auglýst og mælt svo fyrir að því skyldi skipað inn í Jónsbók á ný, en þaðan hafði því verið úthýst er Jónsbók var samþykkt árið 1281. Kemur það fram er Árna saga biskups segir frá lögtöku Jónsbókar, eins og reyndar Björn á Skarðsá kom auga á og nefnir í óársettum bréfsútdrætti til Guðmundar Hákonarsonar sýslumanns á Þingeyrum.² Ef til vill varð þessi skipun konungs, sem og Hólaútgáfa Jónsbókar um 1620, til þess að Gísli Hákonarsyni lögmanni varð ljóst að lögbókin þarfnadist lagfæringar.³

1 Gísli Baldur Róbertsson, *Birtu brugðið á dimm fornyrði lögbókar. Um skýringar Björns á Skarðsá yfir torskilin orð í Jónsbók*. MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2004, bls. 62-71.

2 *Annálar* I, bls. 217; *Alþingisbækur* V, bls. 27-35 og 86; *Lovsamling for Island* I, bls. 209-211 og 233-234; AM 250a 4to, bl. 32r-v, útdrátturinn er þó úr bréfi sem skrifað er eftir 1639 því þar er Magnús Björnsson sagður lögmaður, sbr. *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 411. Ekki er ólíklegt að bréfið sé frá 1646 en þá var ákvæðið frá 1622 ítrekað. Um viðeigandi stað í Árna sögu, sjá *Biskupa sögur* III. Útgefandi Guðrún Ása Grímsdóttir. Íslenzk fornrit XVII. Reykjavík 1998, bls. 88-89.

3 Steingrímur Jónsson, „Núpufellsbók. Gömul, prentuð lögbók án útgáfustaðar og árs.“ *Ritmennt* 2 (1997), bls. 50. Um Gísli Hákonarson, sjá *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 56.

Árið 1625 fékk hann lögspekinginn Þorstein Magnússon, klausturhaldara á Þykkvabæ, til liðs við sig. Gísli bað hann um að taka saman úr hverjum kafla lögbókarinnar það sem honum þætti:t|ví|rætt eður vanskilið, eður ekki svo ljóst og sundurliðað sem vera skyldi og þörf á þætti...¹ Að verklokum sendi Þorsteinn lögmanni tillögur sínar og hlýtur Gísli að hafa farið yfir þær og gert athugasemdir sem Þorsteinn tók tillit til í lokaskýrslu sinni. Gísli lést áður en hann náði að fylgja eftir fyrirætlunum sínum. Hann hefur þó annaðhvort ætlað að láta alþingi koma sér saman um einn skilning á tvíræðum og torskildum lögbókargreinum í eitt skipti fyrir öll eða að láta endurskoða lögbókina, fá konungssamþykkt fyrir breytingunum og láta prenta nýja og nútímalegri lögbók eins og gert hafði verið í Noregi árið 1604. Í hvoru tilviki sem er þá hefur verið þörf á skýringum yfir torskilin orð í lögbókinni. Og enda þótt tillögur Þorsteins og orðskýringar Björns á Skarðsá hafi verið teknar saman á sama tíma er ekki að sjá að þeir hafi unnið að sama marki. Miklu nærtækara virðist vera að Björn hafi stefnt orðaskýringum sínum til höfuðs lagfæringartillögum Þorsteins.²

Lagfæringartillögur Þorsteins voru ekki hugsaðar sem frumvarp að nýrri lögbók heldur sem skýrsla um tvíræðar og torráðnar lagagreinar. Til er hins vegar frumvarp að þingfararbálki sem Þorsteinn lauk við fyrir 24. apríl 1633. Af því að dæma virðist sem Gísli lögmaður hafi haft endurskoðun lögbókarinnar í huga. Stofn frumvarpsins er Jónsbók en ýmsu er aukið við úr innlendum jafnt sem erlendum rétti með það fyrir augum að grisja burt úreltar greinar og koma á meira samræmi sem átti að skila sér í nútímalegri lögbók. Þorsteinn byggir talsvert á erlendum rétti, aðallega dönskum en einnig þýskum keisara-rétti. Í 4. kafla frumvarpsins viðkennir hann að byggja meira á erlendum rétti en innlendum.³ Frumvarp Þorsteins var á köflum ansi róttækt og má benda á

- 1 Lbs 8 fol., bl. 64r. Um Þorstein, sjá Guðrúnu Ásu Grímsdóttur, „Um afl lagaþekkingar og ættvísi á 17. og 18. öld.“ *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit II*. Ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson. Reykjavík 1998, bls. 137-140. Einnig fjallar Páll Sigurðsson um lagfæringartillögur Þorsteins og birtir glefsur úr þeim, sjá „Lögbókar greinar, er leiðréttingar þurfa. Um hugmyndir og tillögur Þorsteins sýslumanns Magnússonar varðandi endurskoðun Jónsbókar.“ *Lögberg. Rit Lagastefnunar Háskóla Íslands*. Ritstjórar Stefán Már Stefánsson og Viðar Már Matthíasson. Reykjavík 2003, bls. 544-576.
- 2 Gísli Baldur Róbertsson, *Birtu brugðið á dimm fornyrði lögbókar*, bls. 72-76.
- 3 AM 228a 4to, bl. 125v, dagsetningin er á bl. 132v en á líkast til einungis við um hvenær uppskriftinni var lokið. Í handritinu segir raunar: „Endað 4. páskum 1633.“ Páska bar upp á 21. apríl árið 1633, sjá Hermann Grotefend, *Taschenbuch der Zeitrechnung des deutschen Mittelalters und der Neuzeit*. Hannover 1991, bls. 204. Lagfæringartillögur Þorsteins eru framan við frumvarpið í AM 228a 4to og var þeirri uppskrift lokið sumardaginn fyrsta 1633, sjá bl. 122v. Það bendir til þess að dagsetningarnar sýni hvenær uppskrift var lokið.

12. og 13. grein 5. kafla því til merkis. Þar vill hann hafa af alþingi samþykkt-arvald sitt og banna lögmönnum og sýslumönnum að dæma dóma til að fylla eyður í lögbókinni. Þess í stað vill hann að dæmt sé eftir „...recessinum, hand-festingunni, garðsréttinum, sjóréttinum, eður öðrum þeim konglige majestats bréfum, mandatum og lagarétti, sem hans náð útganga látið hefur, um Dan-merkur og Noregs ríki...“ Dugi það ekki skulu lögmenn og sýslumenn skrifa konungi og biðja um lagasetningu áður en þeir aðhafist nokkuð.¹

Ætla mátti að Þorsteinn hafi sýnt mönnum frumvarp sitt á alþingi 1633 og það hlotið dræmar undirtektir. Það gæti jafnframt verið skýring þess að eftir-máli að lagfæringartillögum sem hann tók saman að beiðni Gísla lögmans er dagsettur 3. desember 1633.² Þorsteinn hefur sennilega sent þær út fyrir almenningssjónir þá um veturinn til að sýna fram á nauðsyn frumvarpsins. Hann hefur þó átt erfitt með að afla frumvarpi sínu fylgis og virðist ekki hafa náð að sannfæra menn um nauðsyn þess að endurskoða lögbókina.

Þann 26. janúar 1665 lauk Bárður Gíslason, lögréttumaður að Vatnsdal í Fljótshlíð, við samantekt sína um tvíræðar lagagreinar. Í formála furðar hann sig á því að þrátt fyrir tæplega 400 ára gildistíma Jónsbókar hafi menn ekki enn komið sér saman um einn skilning á öllum tvíræðum orðum og lagagreinum bókarinnar. Bárður víkur að skýrslu Þorsteins Magnússonar og segir að Gísli lögmaður hafi beðið hann um að skrifa upp allar þær greinar lögbókarinnar sem höfðu valdið ágreiningi eða gætu gert það. Hann segist muna eftir þeirri endurskoðun og að markmið hennar hafi verið að lagfæra áðurnefndar lögbók-argreinar. Bárður er fæddur um 1600 og var skipaður lögréttumaður árið 1634 en dó árið 1670.³ Ekki er ólíklegt að hann hafi rétt fyrir sér og að Gísli lögmaður hafi ekki ætlað sér annað en að láta alþingi koma sér saman um tvíræðar lögbókargreinar. Samkvæmt þessu hefur það að semja frumvarp að nýrri lög-bók verið hugmynd Þorsteins.

Kveikjan að verki Bárðar var sú tilfinning hans að til væru menn sem nýttu sér skýrslu Þorsteins til að halda fram þeirri meiningu þessara tvíræðu greina sem best hentaði. Að auki taldi Bárður að sem lögréttumaður ætti hann að gaumgæfa tvíræða staði í lögbókinni og taka afstöðu til þeirra svo hann væri samkvæmur sjálfum sér í dómum. Bárður segist ekki hafa unnið verk sitt með það í huga að það kæmi fyrir augu almennings. Hins vegar hafi Gísli Magnús-

1 AM 228a 4to, bl. 129v.

2 Lbs 8 fol., bl. 64r.

3 AM 215a 4to, bls. 3-4. Um Bárð Gíslason, sjá Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*. Reykjavík 1952-1955, bls. 37-38.

son, sýslumaður í Rangárvallasýslu, fengið pata af því og óskað að fá að sjá það. Bárður segist hafa verið ófús að láta verkið af hendi en að endingu látið undan og falið Gísli umsjón með því.¹ Í umbótatillögum sem Gísli samdi haustið 1647 og sendi konungi er hvergi minnst á nauðsyn þess að endurskoða Jónsbók. Gísli endursamdi tillögur sínar um 1669 og hefði því getað komið hugmyndum um lagaendurskoðun á framfæri þar. Hins vegar hefur aðeins upphaf þeirra varðveist og óvíst hvort þeim hafi nokkurn tíma verið lokið. Fullvíst þykir þó að þær hafi aldrei verið sendar úr landi.² Ekki er því hægt að merkja að Gísli hafi reynt að koma verki Bárðar á framfæri við ráðamenn.

Réttareining í kjölfar einveldistöku

Fríðrik III. sá ekki ástæðu til að gera miklar breytingar á löggjöf fyrir en eftir einveldistökuna. Erfðaeinveldisskráin var samþykkt í ársbyrjun 1661 og skömmu síðar skipaði konungur fjölmenna nefnd til að endurskoða lögin. Henni var falið að koma á réttareiningu og fara yfir gildandi lög til að komast að raun um hvað bryti í bága við nýtt yfirbragð erfðaríkisins. Af ýmsum ástæðum gekk verkið erfiðlega og höfðu þrjár nefndir komið að því er Fríðrik lést árið 1670. Kristján V., sonur hans, setti á legg endurskoðunarnefnd árið 1672 til að skoða frumvarpið sem þá lá fyrir. Kirkjunnar mönnum var falin umsjón annarrar bókar laganna sem fjallaði um andleg málefni. Fjórar endurskoðunarnefndir höfðu komið að verkinu áður en Kristján lagði blessun sína yfir það í ársbyrjun 1682 og fyrirskipaði prentun þess. Formáli er dagsettur 15. apríl 1683 og 23. september sama ár gengu Dönsku lög Kristjáns V. í gildi.³

Árið 1680 skipaði Kristján V. að Dönsku lög ættu einnig að gilda í Noregi. Þá um vorið fór nefnd norskra lögspekinga til fundar við þriðju endurskoðunarnefndina í Kaupmannahöfn. Sameiginleg niðurstaða þeirra var að ein lögbók fyrir bæði löndin yrði of umfangsmikil og tímafrek í samningu. Því var horfið frá hugmyndinni. Tveimur árum síðar var skipuð fjögurra manna nefnd Norðmanna sem skyldi starfa í Kaupmannahöfn. Með prentsmiðjueintak af Dönsku

1 AM 215a 4to, bls. 4-6.

2 Jakob Benediktsson, *Gísli Magnússon (Vísi-Gísli). Ævisaga, ritgerðir, bréf*. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 11. Kaupmannahöfn 1939, bls. 10, 33 og 40. Geta má þess að Gísli vildi að konungur afturkallaði áðurnefnt konungsbréf frá 1622 sem hafði verið ítrekað 1646, sbr. bls. 72-73.

3 L.M.B. Aubert, *De norske retskilder og deres anvendelse* I. Ósló 1877, bls. 52-57; Ståle Dyrvik, *Truede tvillingriker 1648-1720*. Ósló og Kaupmannahöfn 1998, bls. 298-299; Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*. Reykjavík 1971, bls. 180-181.

lögum til hliðsjónar var nefndinni falið að samræma lög beggja landanna að eins miklu leyti og unnt var. Tækist ekki að heimfæra ákveðin atriði að landsháttum skyldi fylgja norskrei hefð svo framarlega sem hún bryti ekki í bága við erfðaríkið. Nefndin skilaði af sér í árslok 1682. Frumvarpinu var illa tekið í Kaupmannahöfn enda höfðu nefndarmenn ekki haldið sig innan þess ramma sem þeim var settur. Nefndin fylgdi Dönsku lögum og tók stóra hluta orðrétt þaðan en lét sér ekki nægja að semja lagaákvæði fyrir þá afmörkuðu hluta sem máttu vera frábrugðnir þeim, heldur umskrifaði hún einstakar greinar og samdi nýjar. Það féll ekki í góðan jarðveg og var ný nefnd sett á laggirnar sem einungis var skipuð Dönnum. Tveir menn úr norsku nefndinni áttu að vera henni innan handar en gengu úr skaftinu er ljóst varð að Dönsku lög yrðu lögð til grundvallar í stað frumvarps þeirra. Ný norsk nefnd var skipuð árið 1684 og kom saman í Ósló. Þar sátu líka biskupar og áttu að hafa umsjón með annarri bók laganna. Annars var hlutverk nefndarinnar að fara yfir frumvarpið og benda á það sem ekki hentaði norskum aðstæðum og annað sem Dönnum hafði yfirsést en var í þágu Norðmanna. Athugasemdir nefndarinnar voru sendar til Kaupmannahafnar þar sem uppkastið tók á sig endanlega mynd. Formáli Norsku laga er dagsettur 15. apríl 1687 og lögin fóru í prentun vorið 1688 en gengu í gildi 29. september sama ár.¹

Eftir að búið var að ganga frá Norsku lögum og þau komin í prentun var rökrétt framhald að Kristján V. beindi spjótum sínum að Íslandi. Konungsbréf um íslenska lagaendurskoðun að fyrirmynd Norsku laga voru birt á alþingi sumarið 1688. Fyrirmæli til lögmanna og biskupa voru þau sömu og Norðmenn höfðu fengið árið 1682, það er að samræma lög landanna að eins miklu leyti og hægt var og hvika aðeins frá fyrirmyndinni ef landshættir voru frábrugðnir. Aðeins í slíkum tilvikum skyldi semja ný ákvæði með hliðsjón af íslenskri hefð, enn með þeim fyrirvara að brjóta ekki í bága við erfðaríkið. Brýnt var fyrir nefndarmönnum að vanda efnisflokkun, skipulag og málfar frumvarpsins. Einnig var mælt til þess að menn sem yrðu á öndverðum meiði um grundvallaratriði skyldu skila séráliti. Með þeim fyrirmælum hafa menn ef til vill haft í huga hvernig fór fyrir endurskoðun íslenskra kirkjulaga um aldamótin 1600. Christian Müller, nýskipaður amtmaður, átti að hafa yfirumsjón með verkinu og var falið að vera milliliður á milli Kansellís og íslenskra nefndarmanna. Af öryggisástæðum átti hann að láta afrita frumvörpin og koma þeim í skip.²

-
- 1 Absalon Taranger, *Udsigt over den norske rets historie* I. Ósló 1898, bls. 85-86 og 91-93; Dyr-
vik, *Truede tvillingriker*, bls. 299-302; Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*, bls. 184-186.
 - 2 *Lovsamling for Island* I, bls. 472-475 og 480. Um það hvernig annálaritarar orðuðu efni kon-
ungsbréfsins, sjá *Annála* II, bls. 277-278 og 527.

Þórður biskup Þorláksson lét lesa upp bréfið um lagaendurskoðunina á þriðja degi prestastefnu Skálholtsstiftis 5. júlí 1688. Bréfið var stílað á báða biskupa en Jón Vigfússon Hólabiskup var ekki á alþingi þetta árið. Vegna fjarvistar hans var afrit tekið af bréfinu, og það sent norður. Prófastar sem áttu að liðsinna Þórði voru ekki kosnir heldur tilnefndi hann þá sjálfur. Fyrir valinu urðu séra Páll Björnsson í Bardastrandarsýslu, séra Sigurður Sigurðsson í Þórnesþingi, séra Ólafur Jónsson í Þverárþingi að vestan og séra Einar Einarsson í Kjalarnesþingi. Þeim var falið að yfirskoða og taka saman það sem þeim þótti helst henta eftir konungsbréfinu og væri landinu til mestrar nytsemi. Til alþingis skyldu þeir mæta með afraksturinn að ári liðnu að bera saman bækur sínar og komast að sameiginlegri niðurstöðu um frumvarp að kirkjulögum.¹

Eftir að Þórður kom heim af alþingi er ekki að sjá að lagaverkið hafi verið honum ofarlega í huga. Margt kom til. Hann hafði ekki fengið eintak af Norsku lögum og þurfti að sinna öðrum embættisskyldum, svo sem vísitasíum, auk þess sem veikindi settu strik í reikninginn. Samkvæmt konungsbréfinu átti Þórður að nálgast eintak af lögunum hjá Sigurði lögmanni, en skrifaði landfógeta 6. október og bað hann um að ljá sér eintak af Norsku lögum því Sigurður gæti tæpast séð af sínu. Eitthvað hefur staðið á svari því tólf dögum síðar skrifar Þórður lögmanni og biður um eintak hans til afritunar. Skilum lofar hann fyrir jól en megi hann ekki án bókarinnar vera þá óskar hann eftir afriti af annarri bók laganna. Ljóst er af bréfinu að Þórður er búinn að átta sig á því að tíminn er að hlaupa frá honum og að hafa þurfi hraðar hendur til að útvega sér og nefndarmönnum eintök. Fyrsta afritið var tilbúið 14. nóvember og fylgdi bréfi til séra Sigurðar Sigurðssonar á Staðarstað. Næst fékk séra Páll Björnsson í Selárdal eintak með bréfi 20. desember. Af þessu má ljóst vera hverja Þórður taldi mikilvægustu mennina í nefndinni, auk sín og Þorsteins Gunnarssonar kirkjuprests í Skálholti. Fyrst 18. mars 1689 var séra Halldór Jónsson í Reykholti kallaður til liðs við nefndina í stað Ólafs bróður síns sem lést 24. september 1688. Enn síðar, eða 3. apríl, skrifar biskup séra Einari Einarssyni í Görðum og með bréfi hans fylgdu fyrirmæli um að nálgast Norsku lög á Bessastöðum.²

Þórður sendi konungsbréfið norður til Jóns Hólabiskups 13. júlí 1688. Í meðfylgjandi bréfi harmar hann fjarveru Jóns og hvetur hann að sinna verkinu af kappi svo þeir geti ráðgast um það fyrir næstkomandi alþingi. Jón óskaði eftir afriti af kirkjulögnum og 22. nóvember bendir Þórður honum á að kon-

1 ÞÍ. Bps. A III-2. Prestastefnubók Skálholts 1675-1697, bls. 195 og 199-201. Um málaferli Hólabiskups, sjá Pál Eggert Ólason, *Seynjánda öld. Hefuðþættir*. Reykjavík 1942, bls. 192-193.

2 ÞÍ. Bps A IV-3. Bréfabók Þórðar biskups Þorlákssonar 1684-1689, bls. 571, 587, 593, 597-598, 615, 638 og 642.

ungsbréfið vísi honum ekki á sig heldur þeim báðum til lögmanna. Hann hafi fengið bókina lánaða hjá lögmanni en skrifarar sínir hafi það ekki svo náðugt að þeir hafi tómt til að taka afrit fyrir Jón. Ljóst er af þessu að Jón hafði fullan hug á að taka þátt í verkinu þrátt fyrir að eiga undir höggi að sækja, en ef til vill hafa ólíðlegheit Þórðar orðið til þess að hann missti móðinn. Í fyrirnefndu bréfi til séra Einars er Þórði orðið ljóst að lítillar liðveislu var að vænta að norðan. Þórður og prófastar hans luku við frumvarp að annarri bók fyrirhugaðra laga þann 8. júlí 1689. Allir mættu til Þingvalla nema séra Páll í Selárdal sem komst ekki sökum elli og lasleika en sendi skriflegar athugasemdir.¹

Þann 3. júlí 1688 tóku lögmenn landsins, Sigurður Björnsson og Magnús Jónsson, við konungsbréfi um lagaendurskoðun úr hendi landfógeta. Með fylgdi eintak af Norsku lögum sem átti að duga lögmönnum, biskupum og nefndarmönnum þeirra. Lögmenn báðu konung um að sýna verkinu biðlund því ekki væri hægt að hefjast handa fyrr en í lok sumars vegna anna og fjarlægðar milli þeirra og annarra nefndarmanna. Þrátt fyrir þessi orð og önnur svipuð sem þeir láta falla í eftirmála að verkinu, í lok sjöttu og síðustu bókar frumvarpsins, virðist sem lögmenn hafi verið einir að verki. Ekki er sjáanlegt af varðveittum gögnum að lögsparir sýslumenn hafi verið þeim til aðstoðar. Séra Jón í Hítardal segir líka að lögmenn hafi ekki kvatt neina „...með sér til ráðfæringar; meintu að fjöldi meininga, ef ei samstemdu, mundi frammar seinka en flýta því.“² Ólíklegt er að lögmenn hafi hagrætt sannleikanum en líklega hafa þeir borið frumvarp sitt undir sýslumenn á alþingi hvert sumar og talið það uppfylla ákvæði konungsbréfsins. Á alþingi 1693 má sjá að þeir spurðu Einar Eyjólfsson lögsagnara og viðstadda lögréttumenn um þrjú atriði.³

Lögmenn luku við fyrstu bók laganna 15. ágúst 1689, en hún fjallar „um réttinn og réttarins persónur.“ Sjötta bók „um misgjörninga“ var tilbúin 9. júlí 1692. Bækur þrjú til fimm eru ódagsettar en þar sem fjórðu bók lýkur á miðri blaðsíðu og fimmta bók hefst í beinu framhaldi má ætla að þeim hafi verið lokið sama árið, enda sú fjórða ekki löng. Þriðju bók laganna „um veraldleg efni, bygging jarða og bústjórnarhátt“ hefur því væntanlega verið lokið sumarið 1690, en fjórða bók „um sjóréttinn“ og fimmta bók „um aðkomst, góss og skuldir“ munu hafa legið fyrir ári síðar.⁴

1 Þí. Bps. A IV-3. Bréfabók Þórðar biskups Þorlákssonar 1684-1689, bls. 534-535, 605 og 643; Þí. Stíft. III-221, bl. A1r og M8v.

2 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* I, bls. 330.

3 *Alþingisbækur* VIII, bls. 428.

4 Þí. Kansellískjöl. DK-4, 1, bls. 127; DK-2, 2, bls. 173; DK-2, 3, bls. 321 og 337; DK-2, 4: 6. mars 1693.

Eins og fyrr segir hafði Müller amtmaður yfirumsjón með lagaverkinu. Hann sendi afrit af frumvarpi hveðrar bókar utan með síðustu skipum. Hverju frumvarpi fylgdi greinargerð amtmanns en ekki er að sjá á embættisbréfi hans að til þess hafi verið ætlast. Til að gera vitrænar athugasemdir við uppkastið hefur hann þó þarfnast aðstoðar einhvers sem skildi íslensku og var landinu kunnugur. Heidemann landfógeti er líklegastur til að hafa gegnt því hlutverki. Müller mun hafa treyst mjög á hann á meðan hans naut við en Heidemann fór af landi brott árið 1693 einmitt er lagaverkinu var lokið.¹ Greinargerð amtmanns var samvisskusamlega unnin. Önnur bók um kirkjulög lá fyrir þann 8. júlí 1689. Vinnubrögð biskups og nefndarmanna hans voru til fyrirmyndar og þeir gerðu meira en af þeim var krafist. Auk þess að þýða uppkast sitt á dönsku gátu þeir réttarheimilda þar sem vikið var frá fyrirmyndinni. Af einhverjum orsökum, ef til við að beiðni amtmanns, sömdu þeir einnig greinargerð þar sem útskýrt var hverju var sleppt úr Norsku lögum og hvers vegna. Í athugasemdum sínum vitnar amtmaður í þessa greinargerð sem dagsett var 8. september í Skálholti. Í formála fyrir athugasemdunum gerir amtmaður grein fyrir vinnubrögðum sínum. Hann greinir frá því að hinir andlegu hafi tekið af sér ómakið með því að þýða uppkastið og geta þess hvar það sé ósamhljóða Norsku lögum. Hann hafi hins vegar skrifað upp ákvæði sem hann taldi þurfa frekari umhugsunar við. Þar sem vikið var frá Norsku lögum tilgreindi hann númer kafla og greinar og nefndi að ástæðan væri ólíkir landshættir. Þar sem eitthvað var fært inn sem stóð gegn landsins háttalagi eða var ónaðsynlegt að hans mati skrifaði hann alla greinina upp og setti álit sitt út á spássíu. Sömu vinnubrögðum beitti hann á hinar bækurnar.²

Frumvarp sjöttu og síðustu bókar laganna var sent utan haustið 1692. Matthías Moth, yfirmaður Kansellís, hefur væntanlega rennt augum yfir verkið um veturinn og tekið eða látið taka saman athugasemdir sem voru í tíu liðum, með tíu atriðum undir fimmta lið og tólf undir sjötta lið. Amtmaður færði lögmönnum athugasemdir Moths sumarið 1693 en vegna anna á alþingi gafst ekki tóm til að svara þeim þar. Því var brugðið á það ráð að koma saman að Bæ í Borgarfirði síðar um sumarið. Lokið var við að svara fyrirspurnum Moths þann 24. ágúst og gengur það plagg undir heitinu Bæjarkoncept.³ Ljóst er að lögmenn töldu verkinu ekki lokið sumarið 1692. Í Bæjarkoncepti kemur fram að þeir ætluðu að útfæra tíu atriði, sem Moth spurðist fyrir um, nánar í lög-

1 *Lovsamling for Island I*, bls. 472-480, embættisbréfið er á bls. 477-480; Páll Eggert Ólason, *Seyjándá öld*, bls. 205 og 208.

2 ÞÍ. Stíft. III-221, bl. N1r-O5r; ÞÍ. Kansellískjöl. DK-2, 1, bls. 129.

3 Lbs 1002 4to, bl. 17r-v; ÞÍ. Kansellískjöl. DK-2, 6: 24. ágúst 1693.

reglusamþykkt. Þeir reyndu eftir fremsta megni að svara Moth en sögðust ekki geta gert betur fyrr enn þeir vissu hvað í frumvarpi þeirra yrði samþykkt og hvað ekki. Þessu til útskýringar er bæði í Dönsku og Norsku lögum tekið fram í formála hverju hafi verið sleppt í lögbókunum. Þar á meðal var allt sem við kom lögreglu eða „politien“ og sjást merki þess víða í bókunum að eitt og annað eigi að útfærast nánar í lögreglusamþykkt. Hún var þó aldrei samin og áttu þar farsóttir, Norðurlandaófriðurinn mikli og bruninn mikli haustið 1728 hlut að máli.¹

Eftir að Bæjarkoncept hafði verið sent utan fer ekki fleiri sögum af fyrsta lagaverkinu. Ólíkt Dönsku og Norsku lögum urðu Íslensku lög aldrei að veruleika. Óljóst er hvað olli. Greinargerð amtmanns virðist ekki vera um að kenna því einungis tvær veigalittlar athugasemdir hans rötuðu inn á fyrirsurnarlista Moths.² Svara þarf því líklega að leita í Kaupmannahöfn, nánar tiltekið innan Kansallísins.

Afdrif frumvarpsins í Kaupmannahöfn

Óvíst er að frumvarp hvernar bókar hafi verið þýtt á dönsku við komuna til Kaupmannahafnar. Müller amtmáður þýddi allar greinar þess sem ekki voru samhljóða Norsku lögum og því var engin þörf á allsherjar þýðingu. Hins vegar má vel vera að frumvarpið hafi verið þýtt í heild sinni til að þægilegra væri fyrir yfirskoðunarnefndina að vinna með það. Már Jónsson telur að Árna Magnússyni hafi verið falið þetta þýðingarverkefni. Árni mun hafa minnst á þetta við Þormóð Torfason í glötuðu bréfi frá 25. október 1690 en ekki rætt það frekar þrátt fyrir fyrirsurnir Þormóðar. Helstu rök Márs eru þrír staðir í bréfum Þormóðar til Árna.³ Sá fyrsti í bréfi frá 26. nóvember 1690, hljóðar svo: „Mér þykir vel þeir hafa fengið yður að translatera þau íslensku lög, en mætti vita, hvort öll eru ferðug, og hver saman hefur skrifað; mér þykir þau snart ferðug; vildi og vita, hvort þeir hafa fylgt þeim norska methodo, ég fylgi yðar methodo.“⁴

1 Þí. Kansallískjöl. DK-2, 6: 24. ágúst 1693; Inger Døbeek, „Alt hvis Politien egentlig vedkommer... Forholdet mellem Danske Lov og den såkaldte politiordning.“ *Danske og Norske Lov i 300 år*. Ritstjóri Ditlev Tamm. Kaupmannahöfn 1983, bls. 145-146 og 176.

2 Gísli Baldur Róbertsson, *Endurskoðun íslenskra laga á 17. öld*. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2000, bls. 72-73.

3 Már Jónsson, *Árni Magnússon. Ævisaga*. Reykjavík 1998, bls. 95-96 og aftanmálgrein 5 á bls. 362. Dagsetningu hins óvarðveitta bréfs má sjá á svari Þormóðar 26. nóvember 1690, sbr. Arne Magnusson. *Brevveksling med Torfæus (Þormóður Torfason)*. Útgefandi Kristian Kálund. Kaupmannahöfn 1916, bls. 103.

4 Arne Magnusson. *Brevveksling med Torfæus*, bls. 104; hina tvo staðina er að finna á bls. 107 og 113.

Þessir vitnisburðir væru afgerandi hefði Christian Westergaard-Nielsen ekki notað þá til að sýna fram á að Árni hafi verið að þýða íslensk og norsk kirkjulög á latínu eftir lögbókarhandritinu Skálholtsbók eldri (AM 351 fol.). Því til sönnunar að Árni hafi fengist við kirkjulög á þessum tíma bendir hann jafnframt á tvo fyrirlestra sem Árni flutti um kristnitökuna í Noregi 13. desember 1692 og 14. desember 1693.¹

Ekki er ljóst hvort umræddir staðir úr bréfum Þormóðar eiga við þýðingu Árna á íslenskum og norskum kirkjulögum yfir á latínu fyrir Thomas Bartholin, konunglegan fornfræðing og yfirmann Árna, og fyrirhugaða kirkjusögu hans eða þýðingu íslenska lögbókarfrumvarpsins á dönsku fyrir Moth og Kansellíð. Úr því má þó skera með því að beina athyglinni að öðru umræðuefni í bréfum Árna og Þormóðar. Þann 10. september 1690 skrifar Árni: „Nú barst mér samstundis fyrir eyru, að þeir dönsku Bessastaðaherrar vilja formá hér niðri, að bæði biskupsdæmin (nú eftir magister Jón dauðan) leggist í eitt, og vill svo Heidemann forpagta þá nyrstu innkomstina af Suðurbiskupi...“² Árni skrifar á ný 27. desember og segist engar fréttir hafa um það hver verði næsti biskup á Hólum en ítrekar að sameina skuli stiftin og að konungur muni leggja undir sig eignir Hóladómkirkju.³ Þormóður svarar 28. janúar 1691 og segir það Íslandi til niðrunar verði Hólastaður gerður veraldlegur. Hann segir svo: „Hitt er betra, eftir sem þér hafið þeirra lög undir höndum, að þér observerit vel, hvort þeir vilja sama statum halda sem hingað til eða nokkuð umbreyta, og breytni væri sú best, að sú potestas væri ekki infinita...“⁴ Af þessu má ráða að ofangreindir bréfspóstar eiga við íslenska lögbókarfrumvarpið og hefur Árni því haft það undir höndum sem þýðandi.

Í ljósi þessa er vert að huga nánar að stöðu Árna innan Kansellís á þessum árum eða öllu heldur í hvaða áliti hann var hjá Matthíasi Moth, yfirmanni þess. Már Jónsson telur ljóst að Árni hafi verið farinn að huga að því að koma sér í mjúkinn hjá Moth áður en Bartholin var allur og megí merkja það á því hversu vel hann fylgdist með uppgangi Moths. Í bréfi til Þormóðar 22. apríl 1690 segist Árni ekki voga sér að yrða á Moth en smám saman hafa viðkynninn aukist og í bréfi 4. september 1690 má sjá að það hefur breyst þótt hann segist ekki eiga við hann „langar ræður“. Í árslok 1690 tilkynnir hann Þormóði að Moth sé vissulega þegar sinn „patron“ og að hann hafi tekið að sér að ljúka fyrsta hluta

1 *Skálholtsbók eldri. Jónsbók etc. AM 351 fol.* Útgefandi Christian Westergaard-Nielsen. Early Icelandic Manuscripts in Facsimile IX. Kaupmannahöfn 1943, bls. 53–57.

2 *Arne Magnusson. Brevveksling med Torfæus*, bls. 69.

3 *Arne Magnusson. Brevveksling med Torfæus*, bls. 112.

4 *Arne Magnusson. Brevveksling med Torfæus*, bls. 116, sjá einnig bls. 177.

kirkjusögu Bartholins en Moth lofað að liðsinna honum að því loknu.¹ Enn jókst gengi Árna og 23. janúar 1692 segir hann Þormóði að hús Moths standi sér opið og hann gangi þangað til borðs. Í bréfi Þormóðar til Hendrich Rosenkilde má þó sjá að hann hafi þegar fyrir 31. október 1691, er bréfið var skrifað, hlotið þessa upphefð. Árni hefur ekki svarað bréfum Þormóðar og því biður hann Rosenkilde, sem var staddur í Kaupmannahöfn, að hafa uppi á honum fyrir sig. Hann segir að Árni hafi fyrrum verið aðstoðarmaður Bartholins og sé nú væntanlega að finna á bókasafninu í Rundekirke eða í Borchs kollegíum en sé „angracerit“ hjá Moth og borði þar einu sinni eða tvisvar í viku.² Þessu má þó væntanlega ýta enn aftar því líklegt er að Árni hafi tilkynnt Þormóði í bréfi 4. apríl 1691, það er í glötuðum hluta þess, að Moth hafi boðið sér að ganga til borðs með sér. Þetta má merkja á svarbréfi Þormóðar 29. apríl, en þar segir hann það „...hin stærstu gleðitíðindi, að þér eruð komnir saa vidt í Her ober-secreterens grace, hér mun eldur af verða, og óska ég yður til lycku...“³ Áfram jókst vegur Árna. Fyrir 1. ágúst 1691 var hann orðinn bókavörður Moths, veturinn 1691-1692 var hann hlaðinn ótilgreindum verkefnum á vegum Moths og þar að auki var hann einskonar ritari hans.⁴

Prátt fyrir ofangreindar vegtyllur gegndi Árni engri eiginlegri stöðu innan Kansallís. Óljóst er því hvað Þormóður á við í áðurgreindu bréfi til Rosenkilde en þar segist hann furða sig á því að Árni sem hafi mál sín, meðal annars peningamál, undir höndum skuli ekki svara bréfum sínum. Síðan segist hann vera „... saa langt fra at vere læderit at jeg har tient ham i alt det jeg har kundet, og vist at føye ham udi er han kommen udi saa høyt stand, at han icke uden degredantz kan skrive mig til, da har han dog tienere og burde dog bevisse sin oprigtighed i det han har sig paataget...“⁵ Sjá má af þessu að Þormóður telur bréfatregðu Árna stafa af enn frekari frama og þá væntanlega innan Kansallís. Þótt ekki sé mikið að marka þetta hjá Þormóði, enda skrifað af talsverðri bræði og meiri pirringi en endranær, þá hefur honum ekki fundist það ólíkleg framvinda að Árni hafi hlotið stöðu miðað við þá siglingu sem hann var á til metorða.

1 Mór Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 101; *Arne Magnusson. Brevveksling med Torfæus*, bls. 36, 66 og 111.

2 Mór Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 106; AM 284 fol., bl. 5r.

3 *Arne Magnusson. Brevveksling med Torfæus*, bls. 137 og 138, þaðan sem beina tilvitnunin er tekin. Sjá má á næsta bréfi Árna að hann er nýkominn inn fyrir dyr í húsi Moths því Þormóður hafði beðið hann að sinna einhverju fyrir sig en Árni telur best að láta það bíða þangað til að hann komist „...i nermere kunningsskab i Mothis húsi...“, sem hann átti von á að gerðist smám saman, sbr. bls. 141.

4 Mór Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 102 og 107-108.

5 AM 284 fol., bl. 5r.

Már Jónsson bendir á að Árni hafi verið öllum hnútum kunnugur í stjórnardeildunum en að áhrif hans hafi verið mest í gegnum Moth.¹ Einhver áhrif gat hann þó haft óháð Moth. Í bréfi 1694 segist Árni geta ráðið einhverju um það hver hljóti sýsluvöld í Skagafirði. Sömuleiðis segir hann í bréfi til Magnúsar Jónssonar í Vigur 20. apríl 1695 að hann hafi samið fyrir hann bænaskrá og sent í Kansellíð. Síðar hafi hann frétt að senda ætti Müller amtmanni hana til umsagnar og þar sem hann vissi að það yrði bón Magnúsar ekki til framdráttar lét hann hana hverfa. Árni gat því og treysti sér til að grípa inn í ferlið til að varna því að bænaskráin gengi rétta boðleið.²

Næst er að athuga álit Árna á íslenska lögbókarfrumvarpinu. Engir samtíða vitnisburðir eru til en ráða má af síðari umfjöllun hvaða hug hann bar til þess. Árni og Páll Vídalín gefa álit sitt á því í skýrslu til konungs 15. september 1702 og segja það miður gott og að það þarfnist mikillar endurskoðunar. Frumvarpið ber aftur á góma í bréfi Árna til Björns Þorleifssonar Hólabiskups frá 31. mars 1705. Það bréf er svar við bréfi biskups 5. september 1704, þar sem hann forvitnaðist um hvort Árni gæti haft milligöngu um að útvega leyfi til að prenta hina nýju norsku lögbók á íslensku að ári liðnu.³ Árni svarar bréfinu af mikilli hörku, og þykist ekki skilja hvort Björn eigi við Norsku lög Kristjáns V. eða íslenska lögbókarfrumvarpið. Jafnframt spyr Árni hver eigi að þýða Norsku lög yfir á íslensku og hverjum þau eigi að þjóna, því varla vilji hann að þau verði lögtekin hér. Hann hljóti að sjá annmarka þess, því margar greinar þeirra standi gegn landsins háttalagi og sektir séu mjög þungbærar. Auk þess vanti í þau margt sem íslenska lögbók verði að þýða, fyrir utan annað sem betur mætti fara.⁴

Eigi biskup aftur á móti við íslenska lögbókarfrumvarpið með orðum sínum þá er það síður en svo gallalaust og Árni heldur áfram:

Ef ég get þessa rétt, þá vil ég jafnframt skemmta mér við monfrere, og láta það ásannast að hverigur okkar á börn, því enginn þeirra sem nokkra Sobolem eiga, eða curam posteritatis hafa (partiska fráteik ég eða þá sem lítið skynja) mundi eftir beiðast að það Concept yrði Íslands lög. Ég fyrir mína persónu segi af alvöru, Guð láti ei þá villu yfir mig koma, að ég auki

1 Már Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 111. Um áhrif Árna óháð Moth, sjá Gísli Baldur Róbertsson, *Endurskoðun íslenskra laga á 17. öld*, bls. 79-80.

2 *Arne Magnussons private brevvæksling*. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1920, bls. 243 og 551.

3 *Arne Magnusson. Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1916, bls. 41; *Arne Magnussons private brevvæksling*, bls. 610.

4 *Arne Magnussons private brevvæksling*, bls. 589.

Því á allar aðrar mínar illgjörðir mót honum, að ég vísvitandi leiði þá ógæfu yfir mitt föðurland, að svo male sanum og perfunctorie congestum opus, af minni tilstilli yrði skipað hér fyrir lög, mörgum ófæddum og meinlausum manneskjum til áþjánar. Hitt skal vera: komist ég lifandi til Danmerkur, þá skal ég næst Guðs hjálp sýna, hversu órímilega sumt sett er í sögðu Concepti, og í bland svo, að varla væri um að efast, að þeir sem það gjört hafa, hafi betur vitað.¹

Að lokum varar Árni biskup við því að láta prenta umrætt frumvarp. Taki hann varnaðarorð sín ekki alvarlega segist hann ekki hika við að klaga hann fyrir konungi og fari svo þá óttist hann um að „einræði orki iðranar.“² Þó Árni ausi úr skálum reiði sinnar í bréfinu er ljóst að dómurinn yfir frumvarpinu er ekki kveðinn upp í hita augnabliksins. Hann er tilbúinn að styðja hann rökum en þó ekki fyrr en hann kemst út til Kaupmannhafnar. Það bendir sterklega til þess að Árni hafi átt drög að slíkri greinargerð sem hann hafði unnið fyrir Moth en skiljanlega ekki tekið með sér til Íslands. Ofsinn í bréfi Árna er mikill og hefur hann reiðst biskupi fyrir að hreyfa málinu og talið óheillavænlegt að hann óskaði leyfis til að prenta það. Slík ósk væri jafnframt vottur þess að biskup væri á annarri meiningu en Árni og Páll og að vel væri hægt að notast við frumvarpið. Sjálfsgagt hefur hann einnig óttast að Björn væri búinn að nefna þetta við aðra en sig. Markmið hans var því að tryggja að biskup nefndi þetta ekki aftur við nokkurn mann. Tæki einhver upp á því að mæla frumvarpinu bót við konung og koma þeirri flugu í höfuð honum að það væri nothæft væri óvíst hvernig leikar myndu fara. Við konungsskiptin 1699 var Moth nefnilega látinn víkja og nýr maður tók við sem Árni var ekki inn undir hjá að sama marki.³ Reiðilesturinn yfir Birni biskupi hafði tilætluð áhrif því hann vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og segir í svarbréfi sínu: „Svo sit ég agndofa yfir Monfrere bréfi og svo aflar það mér mikillar áhyggju framar öllum öðrum ég áður fengið hefi, að varla veit hvað ég skrifa.“⁴ Björn hvarf frá áformum sínum og lét prenta Jónsbók í staðinn sem kom út 1707 og 1709. Árni sætti sig við það en benti Birni þó á marga sem betur mátti fara.⁵

Það kann að vera að Árna hafi tekist að sannfæra Moth um að frumvarpið væri ónothæft og að landið gæti vel komist af án nýrrar lögbókar. Það hefur væntanlega gerst eftir að Moth hafði fengið svör lögmanna í Bæjarkoncepti

1 Arne Magnussons private brevvexling, bls. 589.

2 Arne Magnussons private brevvexling, bls. 589-590.

3 Már Jónsson, Árni Magnússon, bls. 155.

4 Arne Magnussons private brevvexling, bls. 612.

5 Arne Magnussons private brevvexling, bls. 597-598.

haustið 1693. Í þeirri trú hélt Árni til Þýskalands vorið 1694. Ári síðar bárust honum fréttir frá góðvini í Kaupmannahöfn að til stæði að taka frumvarpið til endurskoðunar. Hann skrifar Þormóði, sem staddur var í Kaupmannahöfn, frá Leipzig 27. apríl 1695. Árni telur þetta ólíklega framvindu mála en biður Þormóð að grennslast fyrir um hvort eitthvað sé hæft í þessu.¹ Þessi vitnisburður bendir enn og aftur til þess að Árni hafi gert meira en bara þýða frumvarpið. Hann hefur komið að verkinu með beinum hætti sem ráðgjafi Moths í Íslands-málum. Í ritgerð sem Jón bróðir Árna samdi um endurbætur íslenskra laga fram til ársins 1729 segir um frumvarp fyrsta lagaverksins að það hafi verið sent utan en ekki komist „...til þeirrar fullkomnunar að það fengi álit, og var því aldrei af kongl. Majestat confirmerað og liðu svo þar eftir mörg ár, að sú laganna Reformatio lá í þögn, allt til Anno 1718.“² Því má ljóst vera að umrætt frumvarp var aldrei lagt fyrir þar til gerða nefnd, enda tæpast aftur snúið kæmist málið á það stig. Ástæða þess hlýtur að vera sú að Árni hafi náð að sannfæra Moth um að það væri illa unnið og landinu til óheilla og best að drepa málinu á dreif.

Raunasaga íslenska lagaverksins fram á 19. öld

Árið 1719 var Páli Vídalín og Oddi Sigurðssyni lögmönnum falið að fara fyrir nýrri lagaendurskoðun. Forn fjandskapur leiddi til samstarfsörðugleika en Páll hélt sínu striki og Oddur heltist úr lestinni. Páli gekk þó illa að stefna sýslmönnum saman til að funda um frumvarpið sem varð til þess að vinnan dróst á langinn og hann dó frá því óloknu. Frumvarpið fannst í tjaldi Páls að honum látnum á alþingi 1727 og tók Benedikt Þorsteinsson lögmaður það upp á arma sína. Veturinn 1729 vann hann að því ásamt Níels Kier lögmanni en pappírskortur olli því að þeir gátu ekki lokið verkinu. Dauði Kiers haustið 1730 varð svo til þess að þráðurinn var ekki tekinn upp að nýju.³ Henrik Oksen stiftamtmaður skipaði nýja nefnd árið 1732 og voru tveir sýslumenn skipaðir til að vera hvorum lögmanni innan handar. Árið 1733 dó Benedikt og eftir það bar Magnús Gíslason verkið einn á herðum sér. Frumvarp hefur hann sent út en líklega án danskrar þýðingar. Hans Becker, lögmaður frá 1737, mun fyrir hvatningu Oksens hafa þýtt frumvarpið og gert athugasemdir sem hann lauk við haustið 1740. Ekki virðist það hafa verið gert í samráði við Magnús því

1 Arne Magnusson. *Brevveksling med Torfæus*, bls. 187.

2 Lbs 1002 4to, bl. 17r. Sömu sögu segir séra Jón Halldórsson, sjá *Biskupasögur* I, bls. 330.

3 *Lovsamling for Island* I, bls. 751-754; Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770*. Reykjavík 1943, bls. 51-52; Lbs 1002, bl. 21r-22r.

hann andmælti athugasemdum Beckers árið 1741 og sendi sína eigin þýðingu utan tveimur árum síðar.¹ Öll þessi vinna var til lítils því öll frumvörp gleymdu og söfnuðu ryki. Starfsmenn Kansellís fundu gögnin árið 1753 er til stóð að prenta gildandi lög er vörðuðu Ísland en uppgötvunin varð til þess að það áform var blásið af. Árið 1760 var hafist handa á ný. Stjórnvöld áttu ekki frumkvæðið heldur Jón Ólafsson varalögmaður. Þrátt fyrir átján ára vinnu til þess að semja nýja lögbók tókst Jóni það ekki áður en hann dó 1778. Verkið var þó langt komið en varð að bíða í átta ár áður en hreyft var við því enn eina ferðina. Þá hafði hinsvegar svo margt breyst síðan að ýtt var úr vör að ákveðið var að leggja verkið til hliðar.²

Magnúsi Stephensen var fullkunnugt um að í ýmsum tilvikum var óljóst hvaða lög giltu í landinu. Norsku lög hefðu nefnilega í æ ríkari mæli verið tekin upp á kostnað Jónsbókar sem á tilteknum sviðum var þó enn í gildi. Árið 1799 var skipuð nefnd sem meðal annars átti að gera tillögur um breytingar í dómsmálum. Þær voru sendar utan árið eftir, að mestu byggðar á athugasemdum Magnúsar sem lagði ríka áherslu á að landið fengi eigin lögbók. Þetta ýtti við stjórnvöldum sem fólu Stefáni Stephensen, varalögmanni og yfirdómara, að semja frumvarp að nýrri lögbók. Eftir fimm ára vinnu fór hann utan til að sýna afraksturinn en eftir það fara ekki sögur af tilraun hans.³ Magnús tók sjálfur að sér að rannsaka hvað voru gildandi lög á Íslandi með doktorsritgerð sinni frá 1819. Í bréfi til Finns Magnússonar árið 1818 þótti honum auðsýnt að enn ætti ný íslensk lögbók langt í land og því vildi hann gefa Jónsbók út eftir bestu handritum. Kansellí neitaði honum um styrk til þess árið 1820 en hann gafst ekki upp heldur reyndi aftur 1822. Þá ítrekaði hann mikilvægi þess að til væri ein viðurkennd útgáfa til opinberrar notkunar en henni skyldi fylgja fullkomið safn réttarbóta og konungsbréfa fyrir Ísland frá 1280 til líðandi stundar. Einnig mun hafa legið að baki að Jónsbók var löngu uppseld og torfengin. Kansellí tók ekki illa í þetta og sagðist mundu skoða frumvarpið og gera það að opinberri útgáfu ef það væri vel til þess fallið.⁴

1 *Lovsamling for Island* II, bls. 137-140 og 188-190; Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770*, bls. 168-170.

2 *Lovsamling for Island* III, bls. 160 og 398-409; Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Tímabilið 1701-1770*, bls. 323-326.

3 Ingi Sigurðsson, *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*. Reykjavík 1996, bls. 57-58; *Lovsamling for Island* VI, bls. 445-446 og 756, sjá einnig neðanmáls þar.

4 Ingi Sigurðsson, *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, bls. 65; Magnús Stephensen, *Bréf til Finns Magnússonar*. Útgefandi Bogi Th. Melsted. Safn Fræðafjelagsins IV. Kaupmannahöfn 1924, bls. 2-3; *Lovsamling for Island* VIII, bls. 176 og 333-334; *Jónsbók* 1904, bls. xxvii.

Innan þriggja ára var frumvarpið tilbúið en fékkst ekki samþykkt. Konungur vildi þó að Magnús, við annan mann, nýtti þær greinar Jónsbókar sem enn þóttu nothæfar. Í stað hinna skyldi svo færa inn greinar úr dönskum og norskum lögum. Ekki hafði hann áhuga á því og afþakkaði boðið. Verkefnið var fengið Bjarna Þorsteinssyni amtmanni og árið 1827 var hann búinn að gera uppkast að tilskipun um fátækramál. Árið 1838 fór hann fram á að vera leystur undan verkinu og sagði að því yrði aðeins lokið ef nefnd lögfróðra manna sem byggju í nágrenni hver við annan yrðu fengnir til þess. Einnig samdi hann greinargerð um gildandi Jónsbókargreinar og reifaði hvaða úrbætur þyrfti að gera á þeim. Kansellí sendi embættismannanefndinni í Reykjavík árið 1839 greinargerðina sem skilaði áliti tveimur árum síðar. Enn var sett á laggirnar nefnd árið 1845 til að endurskoða sumar greinar gildandi laga sem leiddi af sér tilskipanir um jarðamat, veiði og vogrek. Árið 1858 var Jónsbók svo gefin út á ný á þeim forsendum að stór hluti hennar gildi sem lög. Að baki Jónsbókarútgáfunni 1904 lágu fræðilegar en ekki síður praktískar ástæður, því hæstiréttur Danmerkur hafði þá bent á nauðsyn þess að til væri fræðileg útgáfa af lögbókinni þar sem hlutar hennar væru enn í gildi.¹ Svo er enn. Jónsbók var aldrei numin úr gildi í heild og ný lögbók fyrir landið varð aldrei að veruleika. Frá 1718 var réttarfarsreglum Norsku laga beitt við meðferð dómsmála og eftir það haldið áfram að innleiða dönsk og norsk lög þangað til tekið var af skarið um miðja 19. öld og ákveðið að koma á réttareiningu Danmerkur og Íslands.²

1 Magnús Stephensen, *Ferðarolla*. Útgefandi Jón Guðnason. Reykjavík 1962, bls. 160-161; *Lovsamling for Island IX*, bls. 78-83 og 288-289; Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*, bls. 176-177; *Jónsbók 1858*, bls. iii; Gunnar Thoroddsen, „Om konferensråd Ólafur Halldórsson og hans udgave af Jónsbók.“ *Jónsbók 1904/1970*, bls. 11.

2 Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*, bls. 177; Ólafur Lárusson, „Próun íslenzks réttar eftir 1262.“, bls. 10-12.

HARALDUR BERNHARÐSSON

Málfar og stafsetning

1. Inngangur

Í útgáfu þessari er leitast við að varðveita málfarsleg einkenni Jónsbókar-texta Skarðsbókar, AM 350 fol., eins og kostur er. Augljóslega er fjölmargt í máli og stafsetningu handrits frá miðri fjórtándu öld sem verkar framandi á nútímalesendum og stafrétt útgáfa myndi því aðeins höfða til fámenns hóps. Því hefur verið farin sú leið hér að samræma stafsetningu að nútíðarvenju og færa um leið nokkra valda þætti í málfari textans til nútímamáls en annars hefur þeirri meginreglu verið fylgt að hrófla við sem minnstu í málfari textans. Þannig er þess freistað að finna meðalveg þar sem textinn er gerður aðgengi-legur nútímalesendum um leið og reynt er að varðveita sem flest einkenni fjórtándu aldar málfars. Við slíka málamiðlun á milli gamals máls og nýs er óneitanlega vandasamt að velja hvaða þáttum eldra máls skal halda og hvaða þáttum á að breyta til nútímamáls; þar er dálítill ósamkvæmni óumflýjanleg, enda ræður smekkur nokkru.

Réttarbætur á bls. 309-19 eru prentaðar eftir GKS 3270 4to sem er á mjög líkum aldri og Skarðsbók. Að auki eru þrír hlutar textans prentaðir eftir yngri handritum: (1) Í Jónsbókarhluta Skarðsbókar eru nokkur blöð (18ra-23vb, bls. 118-33 hér) með yngri hendi sem venjulega er talin frá fyrri hluta sextándu aldar. (2) Réttarbætur og orðamunur eru prentuð eftir Jónsbókarútgáfunum 1578 og 1580 (bls. 293-308). (3) Stóridómur og staðfesting konungs (bls. 319-23) eru prentuð eftir AM 161 4to sem ekki getur verið eldra en frá 1565. Sömu sjónarmið hafa ráðið för við prentun þessara texta og að ofan er lýst og í þeim birtast því nokkur málfarseinkenni sem eru yngri en á meginhluta bókarinnar.

Hér verður gerð grein fyrir samræmingu stafsetningar á útgáfunni (§2) og þeim atriðum sem færð eru til nútímamáls (§3). Þá verður rætt um nokkur þeirra helstu málfarseinkenna þessara fornu texta sem birtast í útgáfunni (§4). Þetta er gert í þeirri von að auðvelda megi lesendum lestur og skilning textans.

Skýringar nokkurra þeirra hugtaka sem fyrir koma í Jónsbók er að finna í atriðisordaskrá (bls. 325 og áfram) en af notadrjúgum hjálpargögnum má nefna *Íslenska orðabók* í ritstjórn Marðar Árnasonar (3. útgáfa, Reykjavík 2002) og *Ordbog over det gamle norske Sprog* I-III eftir Johan Fritzner (Kristiania 1886-96; ásamt viðbótarbindi eftir Finn Hødnebo, Ósló 1972). Hér á eftir verður tæpt stuttlega á ýmsum málsoguatriðum en gott yfirlit um íslenska mál sögu má fá í grein Stefáns Karlssonar, „Tungan“ (*Íslensk þjóðmenning* 6. Ritstjóri Frosti F. Jóhannesson. Reykjavík 1989, bls. 1-54), og þeim ritum sem hann vísar til. Notast verður við ýmis málfræðihugtök sem rúmsins vegna er ekki unnt að skýra en í þeim efnum er mikil stoð í *Handbók um málfraði* eftir Höskuld Práinsson (Reykjavík 1995).

2. Stafsetning samræmd

Stafsetning á miðaldahandritum er um margt frábrugðin því sem nútímalesendur eiga að venjast. Það er einkum þrennt sem búast má við að þeir hnjóti um: (1) Ritreglur eða ritvenjur í miðaldahandritum eru frábrugðnar því sem nú tíðkast; til dæmis er sérhljóðið *ö* þar oft táknað með „au“. Í fornri ritvenju verða líka gjarna fyrir framandi tákn; sem dæmi mætti nefna að „ð“ er oft notað fyrir sérhljóðið *ö*. (2) Ritreglum eða ritvenjum er ekki fylgt í sama mæli í miðaldahandritum og nú er gert og nokkuð ber því á ósamræmi, bæði frá einum skrifara til annars og ekki síður í stafsetningu eins og sama skrifara. Ekki er því óalgengt að sjá sérhljóðið *ö* táknað sitt á hvað „ð“, „au“ eða „o“ í sama texta. (3) Tungumálið hefur breyst og því má víða í gömlum handritum sjá einkenni í stafsetningu sem endurspegla framandi þætti í tungumálinu.¹

Í þessari útgáfu á Jónsbók hefur stafsetning þeirra handrita (og prentaðra texta) sem lögð eru til grundvallar verið samræmd að nútíðarvenju. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum af þeim breytingum sem í því felast. Langstærstur hluti textans er byggður á Skarðsbók, AM 350 fol., og því verður hér langmest rætt um Skarðsbókartextann. Ekki verður þó ráðist í stafsetningarlýsingu á Skarðsbók, enda hefur Jón Helgason lýst stafsetningunni rækilega í ritgerð frá 1926 og verður hér oft vísað til hennar (stytt JH).²

1 Um stafsetningu á miðaldahandritum sjá Stefán Karlsson, „Tungan.“ *Íslensk þjóðmenning* 6. Ritstjóri Frosti F. Jóhannesson. Reykjavík 1989, bls. 33-51. Sjá einnig Hrein Benediktsson, *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslensk handrit – Icelandic Manuscripts, series in folio 2. Reykjavík 1965.

2 Jón Helgason, „Ortografien i AM 350 fol.“ *Meddelelser fra Norsk forening for sprogvidenskap* 1 (1926), bls. 45-75. Sá er skrifaði Skarðsbók hefur skrifað fleiri bækur og þeirra á meðal er bók sú með biskupasögum sem nú er að finna undir safnmörkunum AM 219 fol.,

2.1. Skrifari Skarðsbókar gerir mjög óreglulega greinarmun í stafsetningu sinni á sérhljóðunum *a* og *á*, *e* og *é*, *i* og *í*, *o* og *ó*, *u* og *ú* og *y* og *ý*. Stöku sinnum bregður fyrir táknunum „á“, „æ“, „ǣ“, „aa“ eða „áá“ fyrir *á*, „é“ eða „ée“ fyrir *é*, „ó“ fyrir *ó* og „ú“ fyrir *ú* en oftast notar hann aðeins „a“, „e“, „i“, „o“, „u“ og „y“ (JH §§3, 7, 8, 11, 12, 15). Í útgáfunni hefur táknun þessara hljóða verið samræmd að nútíðarvenju. Athygli vekur að enda þótt skrifarinn bregði sums staðar fyrir sig sérstakri táknun á sérhljóðinu *á* gerir hann það aldrei á undan *ng* (í orðum eins og *langur*) og hefur það verið haft til marks um að skrifarinn hafi haft einhljóðsframburð á undan *ng* í máli sínu, líkan þeim sem enn þekkist á Vestfjörðum (JH §4).

2.2. Sérhljóðið *æ* er í Skarðsbók táknað með „æ“ (oft með tveimur broddum yfir), „ę“, „e“ (ekki síst í orðum sem oft eru táknud með „ę“ og því hefur lykkjan undir „e“ ef til vill gleymst í þessum dæmum) og stundum „ø“ (JH §16). Í útgáfunni hefur táknun *æ* verið samræmd og alls staðar prentað „æ“.

2.3. Sérhljóðið *ö* táknar skrifari Skarðsbókar aðallega með „ö“ og „o“ en einnig notar hann stundum „ǿ“ og fáein dæmi eru um „au“ og „q“ (JH §18). Í útgáfunni er alls staðar prentað „ö“.

2.4. Við táknun langra samhljóða notar skrifari Skarðsbókar oft svonefnda hásteflinga (smækkaða hástafi) eða lágstafi með depli yfir, auk tvíritunar lágstafa. Til að mynda táknar hann *gg* ýmist með „gg“, „G“ (stundum með depli yfir) eða „g“ með depli yfir (JH §25), *kk* táknar hann reglulega með „ck“ (JH §29), *nn* með „nn“ eða „N“ (JH §33), *rr* venjulega með „r“ (oft með depli yfir) en einnig „rr“ (JH §37), en *ss* er táknað ýmist „s“ (stundum með depli yfir) eða „ff“ (§41). Þessi táknun hefur verið samræmd að nútíðarvenju í útgáfunni. Í Skarðsbók eru löng samhljóð ekki táknud reglulega á undan samhljóði og til dæmis ritað „brendi“ og „kend“ (JH §33) en í útgáfunni eru löng samhljóð táknud á undan samhljóði eins og uppruni segir til og því prentað „brenndi“ og „kennd“.

2.5. Önglhjóðið *ð* er táknað ýmist með „ð“ eða „d“ (JH §21) en táknid „ð“ hvarf smám saman úr íslenskri stafsetningu á síðari hluta fjórtándur aldar.¹ Hér hefur táknun verið samræmd með „ð“ að nútíðarvenju.

2.6. Framgómkvæði *g* og *k* er á stöku stað táknað í Skarðsbók á undan *æ* með „gi“ og „ki“ og þá ritað til dæmis „gięta“ og „kięra“ (JH §§25, 29). Í út-

JS fragm. 5, Lbs. fragm. 6 og Þjms. nr. 176. Stefán Karlsson hefur lýst stafsetningunni á þessari bók: Stefán Karlsson, *Sagas of Icelandic Bishops. Fragments of Eight Manuscripts. Early Icelandic Manuscripts in Facsimile* 7. Kaupmannahöfn 1967, bls. 15–18.

1 Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 37.

gáfunni er fylgt reglum nútímastafsetningar þar sem framgómkvæði er ekki táknað á undan *æ* og því prentað „gæta“ og „kæra“.

2.7. Í áhersluléttri bakstöðu er gamalt *t* táknað „d“ eða „ð“ (jafnframt „t“) í orðum eins og *haustit*, í lýsingarháttum sagna eins og *æflat*, *lcfat*, *helgat* og fornöfnunum *vit* og *þat*. Upphaflegt *ð* í endingum 2. persónu fleirtölu sagna eins og *þér vitið*, *hæfið* eða þolfallsmyndum nafnorða eins og *hernað*, *húsbúnað* er stundum táknað með „t“ (jafnframt „ð“ eða „d“) (JH §45). Af þessum óreglulegu ritháttum má ráða að önghljóðun *t* í áhersluléttri bakstöðu (*t > ð* eins og þegar *haustit* varð *haustið*) hefur átt sér stað í máli skrifarans. Í útgáfunni er stafsetning endinga af þessu tagi því samræmd og prentað „ð“ fyrir eldra *t*.

2.8. Í Skarðsbók er ritað „ft“ þar sem *f* er að finna í skyldum orðum, svo sem „haft“ af *hafa* eða „skialfti“ af *skjáfa*, en annars staðar er einkum ritað „pt“, svo sem í „aptan“ (*æftan*), „topt“ (*tíft*). Tvímyndir á borð við „skifta“ og „skipta“, „eftir“ og „eptir“ sýna þó að *ft* og *pt* hafa í máli skrifarans fallið saman í *ft* (JH §36). Ekki er því ástæða til að fylgja stafsetningu handritsins og því prentað „ft“ og „pt“ í útgáfunni eftir reglum nútímastafsetningar.

2.9. Skrifari Skarðsbókar ritar oftast „z“ fyrir *s* þar sem *t*, *d* eða *ð* fór á undan, eins og til dæmis „hestz“, „landz“ og „borðz“ (JH §§49, 50, 51). Hér er prentað „s“ að nútíðarvenju: „hests“, „lands“, „borðs“. Enn fremur er oftast „z“ í endingum hástígs lýsingarorða og atviksorða, eins og til dæmis „lengzt“, „líkazt“, „kíerazst“, „þungazt“ eða „rettligaz“. Í þessum dæmum stendur „z“ ugglauzt fyrir *s* (og *st* í síðastnefnda dæminu) og því eru þessar endingar prentaðar að nútíðarhætti í útgáfunni: „lengst“, „líkastur“, „kærastra“, „þungast“, „réttligast“. Ending miðmyndar sagna er venjulega táknuð með „z“, eins og til dæmis „greiðaz“, „halldaz“, „takaz“ (JH §54). Hér stendur „z“ að öllum líkindum fyrir *st*, eins og ráða má til dæmis af „halldast“ sem kemur fyrir við hlið „halldaz“, og er því prentað „st“ í útgáfunni: „greiðast“, „haldast“, „takast“.¹

2.10. Oftast eru *j* og *v* táknuð með „i“ og „u“, eins og í „iafn“ eða „uera“, en í útgáfunni er prentað „j“ og „v“ að nútíðarhætti: „jafn“ og „vera“. Hljóðasamböndin *ja*, *já*, *jó*, *jau* og *jö* eru oft rituð „ea“, „eo“, „eau“ og „eð“ jafnframt „ia“, „io“, „iau“ og „ið“ og því kemur fyrir til dæmis bæði „fear“ og „fiar“, „þeonostu“ og „þionostu“ (JH §28) en í útgáfunni eru þessir rithættir samræmdir að nútíðarvenju og prentað „fjár“ og „þjónustu“.

2.11. Norskum stafsetningareinkennum (svokölluðum „norvagismum“) bregður víða fyrir í Skarðsbók og hafa flest þeirra verið látin víkja, enda sum

1 Sjá um þróun miðmyndarendingarinnar hjá Kjartani Ottóssyni, *The Icelandic middle voice. The morphological and phonological development*. Lundi 1992.

Þess eðlis að ósennilegt þykir að þau endurspegli mál skrifarans.¹ Þessi einkenni eru einkum (1) táknun á stöku stað með „a“ þar sem er *u*-hljóðvarps-hljóðið *ö* (eða *u* í áhersluléttum atkvæðum) í íslensku, „hafum“, „allum“, „manadum“, „hundradum“ fyrir *hçfum*, *öllum*, *mánuðum*, *hundruðum* (JH §1); (2) atviksorðið *vel* er oftast ritað „val“ (þótt „vel“ komi einnig fyrir) (JH §2); (3) neitunarforskeytið *ó-* er oftast en ekki ritað „u“ að norskri venju (JH §12); (4) oft er ritað „gh“ í stað „g“ í orðum eins og *eiga* („eigha“), *lögum* („loghum“), *lögbók* („lõghbok“) (JH §26); (5) sums staðar er ritað „fu“ í stað „f“ fyrir raddað önglhjóð í orðum eins og *prçfast* („profuaz“) (JH §24); (6) oft er ritað „l“, „n“, „r“ í framstöðu orða í stað „hl“, „hn“, „hr“ í orðum eins og *hlutur* („lutr“), *hnísur* („nisur“), *hross* („ross“) (JH §27). Meðal norskra einkenna sem ekki hefur verið hróflað við er myndin *þessor* sem kemur nokkrum sinnum fyrir í stað *sja* eða *þessi* (sjá §4.5.3 hér á eftir).²

2.12. Skrifarinn táknar sums staðar hljóð sem ólíklegt er að heyrst hafi í framburði, svo sem í myndum þar sem stofnlægt *ð* hefur samlagast *t* í endingu eins og í „dauðt“ (*dauðt af dauður*), „uerdt“ (*vert af verður*), „uirðt“ (*virt af virða*) (JH §23). Með ritháttum af þessu tagi leitast skrifarinn við að varðveita stofn orðanna í stafsetningu (*dauð-*, *verð-*, *virð-*), enda þótt slíkt sé ekki í samræmi við framburð. Sams konar sjónarmið ræður för þegar skrifarinn telur ranglega að upprunalegt *r* hafi fallið niður í framburði, eins og í efastastigsmyndunum „smærst“, „framarst“ og „siðarst“ (JH §40). Rithættir af þessu tagi hafa verið færðir að nútíðarvenju.

3. Þættir færðir til nútímamáls

Enda þótt leitast sé við í þessari útgáfu að varðveita málfar Skarðsbókar þótti rétt að færa nokkra þætti þess til nútímamáls til að gera textann aðgengilegri nútímalesendum. Sum þessara einkenna myndu eflaust verka býsna framandi og líklega truflandi á nútímalesendur, eins og til dæmis þau atriði sem lýst er í §3.6 og §3.7 hér á eftir, og mælir það með því að þau séu færð til nútímamáls. Önnur eru vissulega umdeilanlegri, eins og atriðin í §3.1-3.5, en þó mætti taka tillit til þess að það eru nær allt þættir sem breyttust þegar á síðari hluta

-
- 1 Sjá um norsk stafsetningareinkenni í íslenskum handritum hjá Stefáni Karlssyni, „Om norvagismer i islandske håndskrifter.“ *Maal og Minne* 1978, bls. 87-101.
 - 2 Myndin *þessor* er í Skarðsbók ætíð rituð með „o“ í öðru atkvæði enda þótt „u“ sé hin reglulega táknun skrifara Skarðsbókar á kringda áherslulétta sérhljóðinu (JH §13). Ekki þótti ástæða til að breyta rithættinum í útgáfunni.

fjórtándu aldar eða snemma á þeirri fimmtándu í nútímamálshorf.¹ Yngingar-áhrifin, ef svo má að orði komast, af því að færa þessa þætti til nútímamáls í texta Skarðsbókar (sem var í ritun árið 1363) nema því aðeins fáeinum áratugum og gera textann drjúgum aðgengilegri nútímalesendum. Nokkur helstu atriði sem færð hafa verið til nútímamáls:

3.1. Alls staðar er prentað innskotssérhljóðið *u* enda þótt þess sjáist engin merki í Skarðsbók (JH §14). Hér er því prentað til dæmis *maður*, *sekur* og *tekur* en ekki *maðr*, *sekr* og *tekr*. Í AM 219 fol., sem er með sömu hendi og Skarðsbók, er þó að finna dæmi um þetta innskotssérhljóð svo að þess hefur gætt í máli skrifarans.²

3.2. Prentað er *vo* í orðum eins og *hvort*, *vopn*, *svo* fremur en hið eldra *vá* (*hvárt*, *vápn*, *svá*) sem alls staðar er í handritinu (JH §4).

3.3. Í áhersluléttri bakstöðu er prentað *g* þar sem er *k* í handritinu og því eru í útgáfunni til dæmis *og* og *sig* þar sem í handritinu eru *ok* og *sik*.

3.4. Í bakstöðu orða er prentað *r* fremur en *rr*. Stafsetning handritsins sýnir aðgreiningu *r* og *rr* á eftir stuttu sérhljóði (til dæmis *byrr*, *dyrr*, *hverr*) og í áhersluléttu atkvæði (til dæmis *annarr*, *nökkurr*) en stytting *rr* hefur aftur á móti átt sér stað á eftir löngu sérhljóði og tvíhljóði (í orðum eins og *várr*, *staurr*, *Þorgeirr*) (JH §§38, 39). Hér hefur sá kostur verið valinn að prenta alls staðar *r* í þessari stöðu.

3.5. Í bakstöðu orða er prentað *s* fremur en *ss*, að mestu í samræmi við nútímamál (sjá þó §4.2.1). Táknun skrifarans á *s* og *ss* er nokkuð óregluleg; hann notar táknin „f“ og „s“ en hið síðara bæði fyrir *s* og *ss*. Torvelt er því að skera úr um hvort skrifarinn hefur í máli sínu gert skýran greinarmun á *s* og *ss* í bakstöðu orða þar sem „s“ í orðum eins og nf. et. kk. *lauss* eða sagnmyndum eins og 3. p. et. *eyss*, *frýss*, *less* getur staðið fyrir *s* eða *ss* (JH §41, 42). Hér hefur sá kostur verið valinn að prenta alls staðar *s* í þessari stöðu, nema þar sem *ss* er stofnlægt (*kross*) eða í eignarfallsendingu (*Magnúss*).

3.6. Í stafsetningu Skarðsbókar er eins og oft í stafsetningu miðaldahandrita gerður greinarmunur á tvenns konar *l*-hljóði á undan *d*: (1) annars vegar er *l* í *ld*-klösum sem komnir eru úr eldra *lð* í orðum eins og *jjöldi*, þát. *taldi*, *valdi* (úr eldra *jjöldi*, *talði*, *valði*) og þar er *l*-hljóðið reglulega táknað með einföldu „l“; (2) hins vegar er *l* í eldri *ld*-klösum (sem ekki voru *lð* heldur *ld* í elstu íslensku) í orðum eins og *halda*, þát. *seldi*, *vildi* og þar er *l*-hljóðið reglulega táknað „ll“

1 Fjöldi hljóðbreytinga birtist í málheimildum frá fjórtándu öld, fleiri en í þrettándu og fimmtándu aldar heimildum. Sjá Harald Bernharðsson, „Skrifandi bændur og íslensk málsgaga. Vangaveltur um málþróun og málheimildir.“ *Gripla* 13 (2002), bls. 175-97.

2 Stefán Karlsson, *Sagas of Icelandic Bishops*, bls. 16 [§9].

(„hallda“, „selldi“, „villdi“) (JH §30). Þessi aðgreining „ld“ og „lld“ í stafsetningu bendir mjög eindregið til tvenns konar framburðar á *l*-i í þessari stöðu en aðgreiningunni er ekki haldið í prentaðri gerð textans hér.¹

Vísbendingu um aðgreiningu tveggja *l*-hljóða á undan *t* er ef til vill einnig að finna í stafsetningu Skarðsbókar. Þar er *l* táknad „ll“ á undan *t*, til dæmis í orðum eins og *holt* (no.), *salt*, *velta* („holt“, „sallt“, „uellta“), en einnig eru dæmi um að *l* sé táknad með einföldu „l“ í þessari stöðu, svo sem í hvorugkyni lýsingarorðanna *falur* og *gulur* („falt“, „gult“) (JH §31); þar er einmitt að vænta raddaðs *l* í rödduðum nútímaframburði. Þessari aðgreiningu tvenns konar *l* á undan *t* er ekki haldið í prentaðri gerð textans hér.²

3.7. Hljóðasambandið *ts* er táknad „z“ á milli sérhljóða í til dæmis „blezad“, „blezan“ og „Gizurar“ og þar sem *t* er að finna í skyldum orðum er *ts* oft táknad „tz“, eins og í til dæmis „samuitzku“, „þriotzkaz“, „giętzlu“ (JH §49). Þessari táknun *ts* hefur ekki verið haldið í útgáfunni. Enn fremur er reglulega ritað „z“ á eftir *ll* og *nn* í orðum eins og „fellz“, „fullz“, „bannz“, „mannz“ (JH §52) sem bendir til þess að borið hafi verið fram tannmælt lokhljóð í þessum klösum (og þeir ef til vill verið *lts* og *nts*). Ritháttum af þessu tagi hefur ekki verið haldið í útgáfunni.

3.8. Forsetningin *úr* er jafnan *ór* í Skarðsbók en í útgáfunni er notuð nútímamyndin *úr*. Samtengingin *því* er ýmist rituð með eða án *v* í Skarðsbók en í útgáfunni er alls staðar prentað *því*. Samtengingin *en* er oft *enn* í Skarðsbók og *fram* stundum *framm* en í útgáfunni er prentað *en* og *fram*.

4. Nokkur málfarseinkenni útgefna textans

4.1 Fáein framburðareinkenni

4.1.1. Skrifari Skarðsbókar gerir reglulegan greinarmun á sérhljóðunum *i*, *í*, *ei* og *y*, *ý*, *ey* í stafsetningu og er einboðið að álykta að orð eins og *skyldi*, *týna* og *eyra* hafi í máli hans haft annan framburð (framburð með kringdu rótarsérhljóði) en *skildi*, *tína* og *eira*. Í nútímamáli hafa *skyldi*, *týna* og *eyra* aftur á móti fengið sama framburð (með ókringdu rótarsérhljóði) og *skildi*, *tína* og *eira*, enda þótt hinni fornu aðgreiningu sé enn haldið í stafsetningu. Stafsetning Skarðsbókar sýnir þó fáein frávík í þessu tilliti miðað við stafsetningu (og

1 Sjá nánar hjá Jakobi Benediktssyni, „Um tvenns konar framburð á *ld* í íslenzku.“ *Íslenzktunga* 2 (1960), bls. 32–50.

2 Sjá nánar hjá Baldri Jónssyni, „Um tvenns konar *lt*-framburð.“ *Íslenskt mál* 4 (1982), bls. 87–115.

sums staðar framburð) nútímamáls (JH §15):¹ Sögnin *þykja* er í máli skrifara Skarðsbókar *þikkja*, þ.e. með *i* (ókringdu sérhljóði og einnig *kk*, sbr. §4.6.1). Orðið *biskup* er langoftast stytt í Skarðsbók þannig að rótarsérhljóðið er ekki táknad en á nokkrum stöðum er orðið skrifað fullum fetum og þar er rótarsérhljóðið ritað með „y“. Því hefur sá kostur verið valinn að prenta það ætíð með „y“ (*byskup*) í útgáfunni. Í Skarðsbók koma einnig fyrir sögnin *kveykja* (177), töluorðin *tysvar* (223, 232), *þrysvar* (225, 226, 229, 232) og nafnorðin *lambgymbri* (192) og ft. *lambgymbrar* (213). Í sextándu aldar textunum (útgáfunum frá 1578 og 1580 og Stóradómi) eru fleiri einkenni af þessu tagi, svo sem *myskunn*, *frylla*, *grejfi* í stað *miskunn*, *frilla* og *greifi*.

4.1.2. Í fornu máli sjást snemma merki þess að *vé* hafi í sumum orðum breyst í *væ* og glögg merki þeirrar hljóðbreytingar má sjá í stafsetningu Skarðsbókar. Fornafnið *vér* er þar ritað með „æ“ eða „ę“ sem eru tákn skrifarans fyrir sérhljóðið *æ*; einnig eru dæmi um að það sé ritað með „e“ en mögulegt er að þar hafi láðst að draga lykkju undir „e“ eða hún máðst brott (sbr. §2.2 að framan). Loks er rótarsérhljóðið oft bundið í reglulegu *er*-bandi. Erfitt er því að skera úr um það á grundvelli stafsetningar hvort skrifarinn hefur haft bæði *vær* og *vér* í máli sínu en sú leið er farin hér að prenta alls staðar *vær*. Í sextándu aldar textunum hér er fornafnið þó oft *vér* en ekki *vær*. Myndin *vær* lifði fram á níjtándu öld og í rímum finnast mörg dæmi um rím á borð við *vær* : *mær* : *nær* : *skær*.² Enn fremur sjást áhrif þessarar hljóðbreytingar í orðinu *vél* ‘list, tæki; svik’ sem birtist til dæmis í *vælakaup* (134, 145), *vælasókn* (216), *veiðivæl* (195, 196) en þó kemur fyrir ef. ft. *véla* (256).

4.2 Nafnorð

4.2.1. Eignarfallsendingin *-is* í karlkynsorðum eins og *hirðir* og ekki síst hvorugkynsorðum eins og *skipti* birtist stundum með löngu *s-i*, *-iss*. Meðal dæma eru þessi: „þá láti arfi uppi *læknissfé* og sárþætur“ (106); „ef hann fær eigi þann mann til *hirðiss*“ (168); „til þess *umdæmiss*“ (93). Sams konar lengingu *s* bregður einnig fyrir í endingunni *-is* í atviksorðum, eins og „þá fari hann

1 Sjá nánar um afkringingu *y*, *y* og *ey*: Hreinn Benediktsson, „An Extinct Icelandic Dialect Feature: *y* vs. *i*“, *Dialectology and Sociolinguistics. Essays in Honor of Karl-Hampus Dahlstedt 19 April 1977*. Ritstjórar Claes-Christian Elert, Stig Eliasson, Sigurd Fries og Sture Ureland. Umeå 1977, bls. 28-46; Guðvarður Már Gunnlaugsson, *Um afkringingu á /y, ý, ey/ í íslensku*. Reykjavík 1994.

2 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr forn-málinu. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar*. Reykjavík 1925, bls. xv, 42 og 97; Oskar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblíu*. Bibliotheca Arnarnagana 17. Kaupmannahöfn 1956, bls. 53.

úrlendiss“ (106), „Lýsa skal fundi hverjum *samdægri*“ (234). Endingar af þessu tagi þekktust að minnsta kosti fram á sautjándu öld.¹

4.2.2. Kvenkynsnafnorð með viðskeytinu *-ing* (til dæmis *refsing*) eru endingarlaus í þf. et. (*um refsing*) í Skarðsbók eins og í elstu íslensku. Orð af þessu tagi voru oftast endingarlaus í þf. et. alla fjórtándu og fimmtándu öld en fengu svo smám saman endinguna *-u* (*um refsingu*), væntanlega úr þágufallinu (*frá refsingu*). Dæmi: „hann hafi eigi *refsing* fyrir“ (103); „þá skulu þeir *sigling* minnka“ (233); „gerum vær þá *skýring* á“ (259). Endingarlausu myndirnar taka viðskeytta greininn *-ina*: „þeir er lofa *ættleiðingina*“ (275).²

Ýmis kvenkynsorð sem í nútímamáli hafa fleirtöluendingarnar nf.-þf. *-ir* höfðu í fornu máli endingarnar nf.-þf. *-ar*. Þessar eldri fleirtöluendingar sjást í Skarðsbók á til dæmis *alin*, *för* og *görn*: „Skal konungur taka tíu *álnar*, en aðrar tíu *álnar* sá sem konungur skipar sýslu“ (97); „Hér segir hversu lekt skip skal fært í *kaupfarar*“ (225); „Svo er og um *garnar* og *seymi*“ (201).

4.2.3. Kvenkynsorð eins og *festi*, *helgi* og *veiði* (svonefndir *íjð*-stofnar) höfðu í fornu máli endinguna *-r* í nf. et. og svo er einnig í Skarðsbók; á sextándu öld tók nútímamálsendingin *-i* að koma í stað eldri endingarinnar *-r* (eða *-ur*). Dæmi: „Helgar þar *festur* hval“ (199), „Hér hefur upp hinn fjórða hlut lögbókar er heitir *mannhelgur*“ (101); „Ef *fiskveiður* eður *fuglveiður* eða eggver fylgir leigulandi“ (162).³

4.2.4. Orð eins og *dráttur*, *jjörður*, *löstur*, *sonur*, *viður*, *völlur*, *vöxtur* og *örn* (svonefndir *u*-stofnar) hafa í Skarðsbók hina fornu endingu þf. ft. *-u* (*um dráttu*, *jjörðu*), en á sextándu öld tók hún að víkja fyrir endingunni *-i* (*um drætti*, *firði*). Dæmi: „Hér segir um *skipdráttu*“ (226); „Stýrimenn eigu og að ferja þá menn heim er fara eigu yfir *jjörðu* eður ár ófærar“ (226); „skal hann þá *löstu* bæta eftir lögum“ (219).⁴

Orðið *bálkur* (físl. *bqlkr*, *balkr*) hefur gömlu myndina *belki* í þgf. et. en í nútímamáli hefur *bálki* komið í hennar stað: „Næst *kristinsdómsbelki* er um konungs þegnskyldu“ (78), „í *kaupabelki*“ (236, 290), „sem segir í *þjéfabelki*“ (249).

1 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. xxxi; Bandle, *Die Sprache*, bls. 112.

2 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 15; Bandle, *Die Sprache*, bls. 217-18.

3 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 17-18, 81-82; Bandle, *Die Sprache*, bls. 224-25; Guðrún Þórhallsdóttir, „ylgr, heiðr, brúðr. Saga *r*-endingar nefnifalls eintölu kvenkynsorða.“ *Íslensk málsgaga og textafræði*. Ritstjóri Úlfar Bragason. Reykjavík 1997, bls. 41-56.

4 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 21-23, 83-85; Bandle, *Die Sprache*, bls. 241-42.

4.2.5. Í beygingu veikra karlkynsnafnorða eins og *vilji* birtist *j-ið* í fornu máli aðeins á undan endingarsérhljóðunum *a* og *u* (sbr. §4.6.4). Orðið *vilji* hefur því nefnifallsmyndina *vili* í Skarðsbók: „hversu sem síðan gjörist *vili* þeirra“ (103); „er það boð vort og fullkominn *vili*“ (262). Aðrar fallmyndir hafa þó *j* í Skarðsbók (þf., þgf., ef. *vilja*) og á fimmtánda og sextánda öld tók *j-ið* að færast einnig inn í nefnifallsmyndina (*vili* varð *vilji*). Orðið *bryti* hafði þessa sömu beygingu í fornu máli (nf. et. *bryti*, þf., þgf., ef. *brytja*): „Par næst *brytja* eða hinum besta manni er í bæ er staddur“ (147). Það hefur síðan þróast á þá leið að *j-inu* hefur verið útrýmt alfarið úr beygingunni (nú nf. et. *bryti*, þf., þgf., ef. *bryta*).¹

4.2.6. Orðið *bóndi* hefur ekki rótarsérhljóðið *æ* heldur *ó* í þgf. og ef. ft. Fleirtalan beygist því þannig: nf. ft. *bændur*, þf. *bændur*, þgf. *bóndum*, ef. *bónða*. Meðal dæma eru þessi: „Skyld er *bóndum* að gera vegu færa“ (186); „meður vitorði skilríkra *bónða*“ (214). Nútímamálsbeygingin með *æ* í allri fleirtölunni var orðin algeng um 1400.²

4.2.7. Í Skarðsbók er notuð hin gamla mynd þgf. et. *fedur* (físl. *feðr*) af *faðir*; til dæmis: „En mæz taki landnám eftir *fedur* sínum“ (169). Í þf. et. er notuð myndin *föður* eins og í nútímamáli en þó bregður þar einnig fyrir myndinni *fedur*: „Frilluson hinn elsti einn tekur höfuðból eftir *fedur* sinn“ (254). Gamla þágufallsmyndin virðist hafa lifað eitthvað fram á sextánda öld.³

Í sextánda aldar textunum hafa *faðir* og *bróðir* stundum endinguna *-s* í ef. et.: „til vors allra kærasta herra og *föðurs*“ (293); „þá eru þau ei arfgeng, hverki til *föðursarfs* né móðurarfs“ (297); „sem eru kona *móðurbróðurs* og *föðurbróðurs*“ (320). Eignarfallsmyndir af þessu tagi þekkjast þegar í elstu íslensku en nokkuð fór að kveða að þeim á fimmtánda öld.⁴

Á síðari hluta fjórtánda aldar tók að raskast upprunaleg dreifing endinganna *-ir* og *-ur* í eintölu frændsemisorðanna *móðir*, *dóttir*, *bróðir* og *systir*, bæði á þann veg að farið var að nota *-ur* í nefnifalli og *-ir* í aukaföllunum. Í Skarðsbók kemur til dæmis fyrir „systirdóttir“ (130) og í sextánda aldar textunum dæmi á borð við „eftir Gunnar *föðurbróðir* sinn“ (293), „giftir *dóttir* sína“ (298), „um arf frú Ragnhildar *móðir* meistara Herjólfss“ (295) þar sem *-ir* hefur komið í stað eldra *-ur*. Enn fremur í sextánda aldar texta dæmi eins og „sem eru kona

1 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 24–25; Bandle, *Die Sprache*, bls. 140–41, 246–47.

2 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 31.

3 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 29; Bandle, *Die Sprache*, bls. 265.

4 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 30; Bandle, *Die Sprache*, bls. 264–65.

móðurbróðurs og föðurbróðurs, *bróðurdóttur* konu manns og *systurdóttur* konu manns“ (320) þar sem *-ur* hefur komið í stað *-ir*.¹

4.2.8. Orðið *mánuður* hefur í Skarðsbók beygingu sem er frábrugðin nútímamáli: nf. et. *mánaður*, þf. *mánað*, þgf. *mánaði*, ef. *mánaðar*; nf. ft. *mánaðir*, þf. *mánaði*, þgf. *mánuðum*, ef. *mánaða*. Nokkur dæmi: „áður hálfur *mánaður* virkra daga er liðinn“ (289); „og hefir þar verið hálfan *mánað*“ (193); „á fyrsta *mánaði*“ (220); „þá er tveir *mánaðir* eru af sumri“ (186); „þá skal hann þá jörð hafa heimila hina næstu tólf *mánaði*“ (159).

4.2.9. Beyging orðanna *áft*, *gæs*, *lóa* og *önd* er í Skarðsbók frábrugðin því sem er í nútímamáli: *áft* (físl. *qlpt* eða *elptr*) hefur fleirtöluna *eftur* (físl. *elptr*), *gæs* (físl. *gás*) hefur fleirtöluna *gæs* (físl. *gæss*); *lóa* (físl. *ló*) hefur fleirtöluna *lær* (beygðist eins og *fló*, ft. *flær*) og *önd* hefur fleirtöluna *andir*. Dæmi: „Vali alla, *eftur* og *gæs* og alla aðra fugla ómerka á hver maður á sinni jörðu“ (196); „þernur, æðar og *andir* skal engi maður veiða“ (196); „rétt er að veiða á annars jörðu hverjum er vill örnu, hrafna, smyrta, *lær* og spóa“ (197).

Orðið *nótt* hefur í Skarðsbók beyginguna nf. et. *nótt*, þf. *nátt*, þgf. *nátt*, ef. *nætur*; nf. ft. *nætur*, þf. *nætur*, þgf. *náttum*, ef. *nátta*. Dæmi: „þá er sá sekur mörk við konung fyrir eina *nátt* en tveimur fyrir tvær *nætur*“ (105); „fari brott mánadaginn ... ella *nátt* síðar“ (161); „sjau *náttum* fyrir sumar“ (156); „á fimm *nátta* fresti“ (175).

4.3 Lýsingarorð og lýsingarhættir

4.3.1. Í lýsingarorðum þar sem stofn endar á löngu sérhljóði, eins og *fár*, *hár*, *smár* (stofn *fá-*, *há-*, *smá-*), er stutt *r* í þgf. og ef. et. kvenkyns og ef. ft. allra kynja og í miðstigi (*smári*, *smárar*, *smára*; *smæri*); í nútímamáli hefur þetta *r* lengst (*smárri*, *smárrar*, *smárra*; *smærri*). Meðal dæma um þetta eru: „og er allmjótt mundangs hófið. En því *mjóra* sem það er, þá eru þeir því sælli“ (112); „nema þeir sé *hæri* menn að nafnbótum“ (169); „þá skal sá af bregða er *færi* sauði á“ (190); „álnarlöng kefli öll og þaðan af *smæri*“ (200).

4.3.2. Þágufall fleirtölu frumstigs og efstastigs lýsingarorða hefur í Skarðsbók fornu endinguna *-um* í veikri beygingu en ekki *-u* eins og í nútímamáli, eins og sjá má á dæmum á borð við þessi: „Svo sé þeim hinum *útlendum* mönnum rétt gjört“ (98); „sínun *hollustum* mönnum“ (94); „að *næstum* fardögum“ (135). Nýja endingin *-u* tók að breiðast út á sextánda öld og var orðin allsráðandi á þeirri sautjándu.²

1 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 30; Bandle, *Die Sprache*, bls. 265-67.

2 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 35, 90-91; Bandle, *Die Sprache*, bls. 312-13.

4.3.3. Miðstig lýsingarorða hefur í Skarðsbók endinguna *-a* í þf., þgf. og ef. et. karlkyns (*um fíjótara hest, frá fíjótara hesti, til fíjótara hests*) en í nútímamáli hefur endingin *-i* komið í stað hennar (*um fíjótari hest, frá fíjótari hesti, til fíjótari hests*). Meðal dæma um þetta eru: „eiga dómendur dóminn hvervetna til *betra* vegar að færa“ (112); „kallar sá til *meira* hvals en fyrr hefir haft“ (201); „En svo mikið skal hann hafa af *síðara* degi sem þá var af hinum *fyrra*“ (202). Gamla beygingin hafði sterka stöðu í málinu að minnsta kosti fram eftir sextándu öld.¹

Sams konar breyting átti sér stað í beygingu lýsingarháttar nútíðar í karlkyni en því til viðbótar hefur eintala hvorugkyns fengið endinguna *-i* þar sem í fornu máli var *-a* (*ganganda barn* varð *gangandi barn*). Meðal dæma um eldri beyginguna eru þessi: „Jafnt sekist maður hvort sem mælt er við mann *áheyranda* eður *afheyranda*“ (118); „Hver maður má fénýta sér við þann allan er hann finnur *fíjótanda* fyrir annars landi“ (200); „hafi eigandi fullar leigur á því fé sem *lífanda* væri“ (219); „En ef skip er *bætanda*, þá láti sá bæta er báti röri í brott“ (233); „Eyrnamörk skulu vera á öllu *ganganda* fé“ (191).

Í þgf. ft. allra kynja lýsingarorða í miðstigi og lýsingarháttá nútíðar var í fornu máli endingin *-um* (*fíjóturum hestum, gangöndum börnum*, sbr. veika beygingu lýsingarorða sem áður var nefnd, §4.3.2) en í nútímamáli er endingin *-i* (*fíjótari hestum, gangandi börnum*). Í Skarðsbók er að finna gömlu endingarnar: „En ef maður sker af *fleirum* nautum en þrimur“ (184); „Svo má og skipta *fleirum* veiðistöðum“ (196).

Lýsingarorð með þessum fornu endingum geta villt um fyrir nútímalesendum, eins og þegar þgf. ft. lýsingarorðsins *fár* í miðstigi fellur saman við þgf. ft. lýsingarorðsins *fær* í grunnstigi: „líst oss sem allvíða mætti með *færum* orðum fullan úrskurð gera“ (77); í nútímamáli væri þetta með *færri* orðum.

4.3.4. Stigbreyting lýsingarorða er sums staðar frábrugðin því sem algengast er í nútímamáli. Dæmi: „skal því fyrst kasta er *þungast* er og féminnst“ (229); „En sá er *dýrra* selur“ (218); „skulu allir þessir menn eftir hinum *dýrsta* manni landnám taka“ (282). Miðstigið af *gamall* er *ellri* og efstastigið *ellstur*.

4.4 Atviksorð og töluorð

4.4.1. Atviksorðin *hingað* og *þangað* (físl. *hingat, þangat*) áttu sér í fornu máli hliðarmyndirnar *higað* og *þagað* (físl. *higat, þagat*) sem virðast hafa horfið úr málinu í kringum 1500. Þessum hliðarmyndum bregður fyrir í Skarðsbók

1 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 36-37, 91-92; Bandle, *Die Sprache*, bls. 320-22.

jafnframt *hingað* og *þangað*: „kaupmenn þeir sem *higað* sigla til landsins“ (268); „þá er liðið var frá *higaðburð* vors herra Jhesu Christi þúsund þrjú hundruð vetra og þrettán vetur“ (266); „þá má fjárhaldsmaður *þagað* færa að ósekju sem mest er fé eður *þangað* sem jarðir eru“ (135).¹

Atviksorðið *aldrei* var í fornu máli *aldri* eða *aldregilaldrigi* en myndin *aldrei* hefur orðið til á fimmtánda öld: „*Aldri* skal og erfingi selja þær eignir“ (101); „þá eigu þeir þess máls *aldrigi* uppreist ef þá skilur á“ (281).²

4.4.2. Töluorðin *tvö* (hk.) og *sjö* voru *tvau* og *sjau* í fornu máli (með tvíhljóði eins og forn. *pau*) og hafa að öllum líkindum ekki orðið *tvö* og *sjö* (með einhljóði) fyrr en á sextánda öld. Dæmi: „*tvau* lögleg vitni“ (103); „*tvau* hundruð hundraða“ (149); „*sjau* náttum fyrir sumar“ (156); „þá er *sjau* vikur eru af sumri“ (161). Á sama hátt er raðtalan *sjauendi* og nafnorðið *sjauend*: „Hér segir af *sjauendu* konungs erfð“ (91); „að þeir komi þar allir að *sjauend*“ (134).³

Raðtalan *þriðji* var *þriði* í fornu máli og birtist *j-ið* þar aðeins á undan *u* og *u* (kk. nf. *þriði*, kvk. nf. *þriðja*, þf. *þriðju*); *sjötti* var *sétti* og *áttundi* var bæði *átti* og *áttundi*: „en sjálfur hinn *þriði*“ (249); „Hér byrjar *sétu* konungs erfð“ (91); „Sú er hin *átta* erfð“ (92).

4.5 Fornöfn

4.5.1. Fornafn 3. persónu í kvenkyni hefur langoftast nefnifallsmyndina *hon* í Skarðsbók (þar sem fornafrnið er á annað borð ritað fullum fetum) og er því haldið í útgáfunni; ekki munu öruggar heimildir um myndina *hún* fyrir 1500. Á sextánda aldar blöðunum í Skarðsbók hefur 3. persónu fornafrn karlkyns myndina *hönum* í þgf. et.: „nema hann hafi heimiliskviðarvitni á hendur *hönum*“ (118); „til fjár þess sem eg gefur *hönum* til gjalds og til gjafar“ (133). Myndin *hönum* var algeng frá sextánda öld og fram á þá nítjándu.⁴

4.5.2. Í Skarðsbók eru notuð eignarfornöfnin *okkarr*, *ykkarr* og *yðvarr* og er þeim haldið í útgáfunni. Á sextánda og sautjándu öld viku þau fyrir eignarfallsmyndum persónufornafnanna *við*, *þið* og *þér* (þ.e. *okkar*, *ykkar* og *yðar*). Hin fornu eignarfornöfn beygðust í föllum, tölum og kynjum og því má sjá í Skarðsbók dæmi eins og „*yður* lögbók“ (nf. et. kvk.; 77) (en ekki *yðar*

1 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 71-72.

2 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 72-73; Bandle, *Die Sprache*, bls. 134-35.

3 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. xx, 39-40, 93-94; Bandle, *Die Sprache*, bls. 86, 339-41. Skrifari Skarðsbókar notast mjög víða við rómverskar tölur en í útgáfunni hafa töluorð verið sett í þeirra stað.

4 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 43, 98; Bandle, *Die Sprache*, bls. 63, 348-49.

lögþók), „orð ykkur“ (þf. ft. hk.; 225) (en ekki *orð ykkar*); „lögþingi yðvart“ (þf. et. hk.; 259) (en ekki *lögþingi yðar*); „yðra tillögu“ (þf. et. kvk.; 261) (en ekki *yðar tillögu*).¹

4.5.3. Beyging ábendingarfornafnsins *þessi* (eða *sjá*) er í Skarðsbók nokkuð frábrugðin því sem tíðkast í nútímamáli. Hér verður stiklað á nokkrum helstu frávikum frá nútímamáli en beygingin er sýnd í *töflu 1*; þar eru skáletraðar þær myndir sem ólíkar eru nútímamáli.²

(1) Í fornu máli var *sjá* mynd nf. et. kk. (*sjá maður*) er á þrettánda öld tók að víkja fyrir *þessi* (*þessi maður*). Í Skarðsbók er mynd nf. et. kk. jafnan *þessi* en einu sinni bregður *sjá* fyrir og þá reyndar þar sem vænta hefði mátt fornafnsins *sá* en ekki *sjá* eða *þessi* svo að greinilegt er að myndin *sjá* hefur ekki verið skrifara Skarðsbókar töm: „Nú rýfur maður skipan á Grænlandi eða hér á Íslandi *sjá* er útlenskur er“ (228).

(2) Í þf. et. kk. er jafnan notuð myndin *þenna*: „*Þenna* eið þarf engi oftari að sverja“ (81). Í sextánda aldar textunum er þó notuð yngri myndin *þennan* eins og í nútímamáli og hefur *þenna* líklega verið horfin úr málinu um 1600.

(3) Mynd nf. et. kvk. er *þessi* eins og í nútímamáli (*þessi sekt*) en dæmi eru þó um myndina *þessor*: „En ef maður talar ókvæðisorð við karlmann eður konu það er *þessor* sekt liggur við“ (117). Myndin *þessor* er annars fremur norsk en íslensk, eins og áður var dregið á (§2.11).

(4) Í þgf. et. kvk. kemur gamla myndin *þessi* fyrir nokkrum sinnum; til dæmis: „En ef bóndi dvelur húskarl sinn frá *þessi* ferð“ (226). Jafnoft kemur þó fyrir yngri myndin *þessarri* (með löngu *r*-i); til dæmis: „*sá* er *þessarri* jörðu brigðir“ (152). Í sextánda aldar textunum er myndin *þessari* (með stuttu *r*-i) eins og í nútímamáli.

(5) Í ef. et. kvk. kemur einu sinni fyrir gamla myndin *þessar*: „og eru allir bændur skyldir til *þessar* ferðar“ (210). Hún tók þegar á þrettánda öld að víkja fyrir yngri myndinni *þessar(r)ar*: „kref eg alla þingmenn til *þessarrar* ferðar“ (273).

(6) Í þgf. et. hk. kemur nokkrum sinnum fyrir gamla myndin *þvísa* sem í elstu íslensku var notuð jafnframt *þessu*: „Nú af því að í *þvísa* landi þurfa margir menn við leigufé að hjálpast“ (218); „eigi veit eg annað sannara fyrir guði í *þvísa* máli“ (194). Aðalmyndin er þó *þessu* og hefur *þvísa* að öllum líkindum þótt fremur fornlegt mál þegar Skarðsbók var skrifuð, upp úr miðri fjórtánda öld.

1 Sjá Katrínu Axelsdóttur, „Hvarf eignarfornafnanna *okkarr*, *ykkarr* og *yð(v)arr*.“ *Íslenskt mál* 24 (2002), bls. 107-56.

2 Sjá Katrínu Axelsdóttur, „Saga eignarfornafnsins *sjá*.“ *Íslenskt mál* 25 (2003), bls. 41-77.

Tafla 1: beyging ábendingarfornafnsins *sjá*

	<i>karlkyn</i>	<i>kvenkyn</i>	<i>hvorugkyn</i>
<i>et. nf.</i>	<i>sjá</i> , þessi maður	þessi, þessor kona	þetta barn
<i>þf.</i>	<i>þenna</i> , þennan mann	þessa konu	þetta barn
<i>þgf.</i>	þessum manni	þessi, þessar(r)i konu	þessu, þvísa barni
<i>ef.</i>	þessa manns	þessar, þessar(r)ar konu	þessa barns
<i>ft. nf.</i>	þessir menn	þessar konur	þessi, þessor börn
<i>þf.</i>	þessa menn	þessar konur	þessi, þessor börn
<i>þgf.</i>	þessum mönnum	þessum konum	þessum börnum
<i>ef.</i>	þessa, þessar(r)a manna	þessa, þessar(r)a kvenna	þessa, þessar(r)a barna

(7) Í *nf.* og *þf.* *ft. hk.* er oftast notuð myndin *þessi* eins og í nútímamáli (*þessi vitni*) en þó bregður einnig fyrir myndinni *þessor*: „Og ef honum fullnast *þessor vitni*“ (151); „Og ef hann fær *þessor vitni*“ (152). Myndin *þessor* er hér, eins og í *nf.* *et. kvk.*, fremur norskt mál en íslenskt (*sjá* §2.11).

(8) Í *ef. ft.* bregður fyrir fornu myndinni *þessa*: „þeir sem hefna *þessa* óbótamanna“ (103). Oftar er þó yngri myndin *þessarra* (með löngu *r-i*) eða *þessara* (með stuttu *r-i*).

4.5.4. Fornafnið *nokkur* hefur í Skarðsbók myndina *nökkurr*. Rótarsérhljóðið er oft ritað með „ð“ en einnig með „o“; skrifarinn gerir ekki skýran greinarmun á *ö* og *o* (eða *ó*) og er ekki ólíklegt að „o“ í fornafninu tákni sérhljóðið *ö* (og hugsanlega hefur lykkjan yfir „o“ sums staðar máðst burt eða hreinlega gleymst; sbr. §2.3). Hér er sá kostur tekinn að prenta alls staðar rótarsérhljóðið *ö*. Stofn fornafnsins er tvíkvæður, *nökkur-*, og helst þannig í allri beygingunni en í nútímamáli víxlast tvíkvæði stofninn *nokkur-* og einkvæði stofninn *nokkr-* (á undan endingum sem hefjast á sérhljóði). Í Skarðsbókartextanum beygist fornafnið því á þessa leið: *kk. et. nf. nökkur maður*, *þf. nökkurn mann*, *þgf. nökkurum manni*, *ef. nökkurs manns*; *ft. nf. nökkurir menn*, *þf. nökkura menn*, *þgf. nökkurum mönnum*, *ef. nökkurra manna* og svo framvegis. Í sextánda aldar textunum er rótarsérhljóðið aftur á móti *o*: *nokkur-*.¹

4.5.5. Beyging fornafnsins *enginn* í Skarðsbók er æði frábrugðin því sem algengast er í nútímamáli. Í *töflu 2* eru sýnd dæmi um helstu beygingarmyndir sem fyrir koma (ekki koma allar myndir fyrir í textanum og því eru eyður í töflunni). Fáein dæmi: „hann á *öngvan* rétt á sér“ (119); „ef hann er í *öngum* þessum stað staddur“ (107); „hann skal *öngva* uppreist eiga síns máls“ (83); „svo hörmuliga að í *öngu* landi öðru finnast dæmi til“ (90).²

1 Sjá Hrein Benediktsson, „Óákv. forn. nokkur, nokkuð.“ *Íslensk tunga* 3 (1961-62), 7-38.

2 Sbr. einnig Jón Helgason, „Ortografi en i AM 350 fol.“, bls. 75; Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 50; Bandle, *Die Sprache*, bls. 372-74. Lengri mynd *nf. et. kk.* er í Skarðsbók jafnan með einu *n-i*, *engin*; í útgáfunni er hún þó prentuð með *nn*.

Tafla 2: beyging fornafnsins *engi*

	<i>karlkyn</i>	<i>kvenkyn</i>	<i>hvorugkyn</i>
<i>et.</i>			
<i>rf.</i>	engi, enginn	engi, engin	ekki
<i>lf.</i>	öngvan, öngan, engan	öngva, önga, enga	ekki
<i>þsf.</i>	öngum, engum		öngu, engu
<i>ef.</i>	enskis, engis		engis
<i>ft.</i>			
<i>rf.</i>	öngir	öngar, öngvar, engar	engi, engin
<i>lf.</i>	öngva, enga		
<i>þsf.</i>	öngum	engum	
<i>ef.</i>	öngra, engra		

4.6 Sagnorð

4.6.1. Sögnin *þykja* hafði í elstu íslensku *kk* (*þykkja*) en snemma (þegar um 1200) komu fram myndir með stuttu *k* (*þykja*). Enn fremur hefur ókringda rótarsérhljóðið *i* þegar á þrettánda öld tekið að leysa hið kringda *y* af hólmi. Á fjórtánda öld hefur sögnin því verið ýmist *þykkja*, *þykja*, *pikkja* eða *pikja* en líkast til hefur *pikkja* verið algengasta gerð sagnarinnar og þannig birtist hún í Skarðsbók: „þá sem þeim *pikkja* best til fallnir“ (83); „til þess er valdsmönnum með lögmanns ráði *pikkir* mest nauðsyn á vera“ (85). Í sextánda aldar textunum birtist sögnin sem *pikja*, „ef það *pikir* jafnræði“ (121), og einu sinni með *í*: „eður aðrar þær sakir sem oss *pikir* ei svo lítil sekt til koma“ (295).¹

Sögnin *leigja* var í fornu máli einnig *leiga* án *j* og þannig bregður henni stundum fyrir í Skarðsbók; þessi *j*-lausa mynd lifði að minnsta kosti fram á sextánda öld: „Ef maður vill annars jörð *leiga* undir bú sitt“ (159).²

4.6.2. Margar þeirra sagna sem í nútímamáli hafa veika beygingu (mynda þátíð með sérstöku viðskeyti með *-ð-*, *-d-* eða *-t-*) höfðu í fornu máli sterka beygingu (þátíð án viðskeytis). Til að mynda voru *þjarga* (*bergur*, *barg*, *burgu*, *borginn*), *hjálpa* (*helpur*, *halp*, *hulpu*, *holpinn*), *hrinda* (*hrindur*, *hratt*, *hrundu*, *hrundinn*) og *þiggja* (*þiggur*, *þá*, *þágu*, *þeginn*) allar sterkar og birtast þannig í Skarðsbók: „En ef hann *bergur* verr hval eða viði en nú var mælt“ (162); „ef sá maður stelur mat ... og *helpur* svo lífi sínu fyrir hungurs sakir“ (239); „En ef annar *hrindur* manni á vopn“ (109); „skal bóndi sá sem hann *þá* vist með

1 Haraldur Bernharðsson, „*Þykkja* og *þykja*.“ (Væntanlegt í *Griplu*.)

2 Adolf Noreen, *Altnordische Grammatik I. Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen*. Halle (Saale) 1923, bls. 346 [§516, athgr. 1]; Bandle, *Die Sprache*, bls. 422.

taka það fé“ (137). Á sextánda öld hafa *ljarga* og *hjálpa* fengið veika beygingu en veik beyging *hrinda* og *þiggja* er eitthvað yngri.¹

4.6.3. Sagnirnar *höggva* og *sökkva* hafa rótarsérhljóðið *ö* í nútíð eintölu (*hann höggur, sökkur*) en ekki *e* eins og í nútímamáli (*hann heggur, sekkur*): „ef maður *höggur* hönd eða fót af manni“ (102); „neita hinir liði þeirra og *sökkur* hvalur fyrir það“ (205). Myndirnar með *ö* hafa líkast til verið ráðandi fram á átjándu öld.²

Sögnin *hvo,fa* er í Skarðsbók *hve,fa*: „En ef maður lýstur í höfuð manni eður höggur eða hrindur á kaf eða *hve,fir* skipi undir manni á djúpi“ (114). Í þessari sögn og ýmsum öðrum orðum með *ve* (til dæmis *hver, hvelpur, kveld*) tók rótarsérhljóðið að kringjast undir lok fjórtándu aldar (í *vö* og í sumum orðum í *vo* en víða gekk breytingin síðar til baka).³

Lýsingarháttur þátíðar sagnarinnar *verða* fær í Skarðsbók oft *v* fyrir áhrif frá öðrum myndum sagnarinnar sem alltaf höfðu *v*: „sem þá er hann eigandi að *vordinn*“ (104); „þó að hinum hafi þar til mein af *vordid*“ (192).

4.6.4. Í sögnum með *j*-viðskeyti, eins og til dæmis *seja, sverja, telja*, birtist *j*-ið aðeins á undan endingarsérhljóðunum *a* og *u* (sbr. §4.2.5). Því eru til dæmis viðtengingarháttarmyndir *j*-lausar (*þótt hann seli, sveri, teli*) en þær hafa fengið *j* í nútímamáli (*þótt hann selji, sverji, telji*). Dæmi um þetta eru fjölmörg í Skarðsbók: „En þenna eið skulu jafnvel byskupar ábyrgjast við guð, þó að þeir *sveri* eigi“ (93); „En ef eigi eru vitni til, *syni* með einseið“ (105); „Eigi viljum vær að mikil skreið *flytist* héðan af landinu meðan hallæri er“ (238). Þetta sést einnig vel í beygingu sagnarinnar *krejja* í *töflu 3*.

4.6.5. Endingar sagna hafa einnig tekið nokkrum breytingum frá elstu íslensku. Í Skarðsbók eru sagnendingar því sums staðar aðrar en í nútímamáli. Hér er stiklað á nokkrum helstu breytingunum sem átt hafa sér stað og beygingar sýndar til frekari glöggvunar í *töflu 3* hér á eftir.

(1) Ending 3. persónu eintölu hefur komið í stað forrar endingar 1. persónu í þátíð framsöguháttar (*eg sagða* varð *eg sagði*), nútíð viðtengingarháttar (*þótt eg segja* varð *þótt eg segi*) og þátíð viðtengingarháttar (*þótt eg segða* varð *þótt eg segði*). Hin forna ending 1. persónu í þátíð framsöguháttar sést til að mynda í dæmum eins og þessum: „til viðurtöku fjár þess er eg *krafða* af þér“ (272); „svo marga aura sem nú *talda* eg“ (273).

1 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 113–114; Bandle, *Die Sprache*, bls. 397–403.

2 Myndir með *ö* eru einhafðar í Guðbrandsbiblíu 1584, Bandle, *Die Sprache*, bls. 80, og í málfræði Jóns Magnússonar 1738, Jón Magnússon, *Grammatica Islandica, Íslensk málfræði*. Útgefandi Jón Axel Harðarson. Reykjavík 1997, bls. 169, 199.

3 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. xiii; Bandle, *Die Sprache*, bls. 42–43, 81.

(2) Endingar framsöguháttar hafa komið í stað fornra endinga viðtengingarháttar í 1. persónu fleirtölu í nútíð viðtengingarháttar (*þótt vér segim* varð *þótt vér segjum*) og í öllum persónum fleirtölu í þátíð viðtengingarháttar (*þótt vér segðim* varð *þótt vér segðum*, *þótt þér segðið* varð *þótt þér segðuð*, *þótt þeir segði* varð *þótt þeir segðu*). Þessar breytingar, ásamt þeim sem lýst var hér næst á undan, áttu sér stað á löngum tíma, frá fjórtándu öld og fram á þá sautjándu.¹ Í Skarðsbók eru langoftast notaðar gömlu viðtengingarháttarendingar:

Í 1. persónu fleirtölu í nútíð: „Nú þó að vær *kennim* oss mjög fákunniga til slíkra stórræða“ (77); „og þess von eiga ofan á að vær *fáim* þeim vora föðurleifð í hendur“ (260); „að vær *skipim* þá hverjum eftir því sem oss sýnist“ (271).

Í 1. persónu fleirtölu í þátíð: „þó að vær *hefðim* minna í veð sett“ (79); „Vær höfum oftliga beðnir verið um félagsgerð þá sem stendur í lögbók, að vær *skyldim* gera hana ljósari“ (256); „Af því að vær getum varla þó að vær *vildim* yfir öllum málum setið“ (264).

Í 3. persónu fleirtölu í þátíð: „ef hann er arftökumaður þeirra ef þau *ætti* fé eftir“ (136); „og eigi gaf hann né galt og eigi sölum seldi svo að þeir *vissi*“ (202); „svo að eigi mundi að róið ef þeir *rédi*“ (232).

(3) Flestar svokallaðar núpálegar sagnir (svo sem *eiga*, *mega*, *unna*, *kunna*, *þuфа*, *vita* en þó kannski síst *munu* og *skulu*) hafa í nútímamáli fengið nútíðarendingar annarra sagna í 2. og 3. persónu fleirtölu í stað hinna eldri endinga *-uð* og *-u* (*þér þuфуð* hefur orðið *þér þuфиð* og *þeir þuфу* hefur orðið *þeir þuфа*). Í Skarðsbók eru gömlu endingarnar mjög víða þótt nokkuð kveði einnig að yngri endingunum sem eru hinar sömu og í nútímamáli. Meðal dæma um eldri endingarnar eru þessi: „Það *vitu* og allir menn“ (96); „vorir landsmenn *eigu* síns réttar að krefja“ (98); „Bóndi skal fá þeim lýsi sem þeir *þuфу* meðan þeir rannsaka“ (242).

(4) Í 1. persónu í nútíð framsöguháttar ber svolítið á endingu 3. persónu (*ég segi* hefur tilhneigingu til að verða *ég segir*). Þetta er breyting sem kom upp á fjórtándu öld og kveður nokkuð að fram á þá sextándu en eftir það virðist hún smám saman hafa gengið til baka. Meðal dæma eru þessi: „Guð sé mér svo hollur sem eg satt *segir*, gramur ef eg *lýgur*“ (95); „*Leggur* eg við þvílíka sekt sem lög votta“ (273).

(5) Á átjándu öld tóku þær einkvæðu myndir 2. persónu eintölu í nútíð framsöguháttar sem enduðu á *-r* eða *-s* að fá endinguna *-t* eða *-ð*. Þannig varð til dæmis *þú ber* að *þú berð* en *-t* og *-ð* í þessari endingu á rætur sínar að rekja

1 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 53-56, 64-65, 108-10.

MÁLFAR OG STAFSETNING

Tafla 3: nokkrar sagnbeygingar

framsöguháttur							
	nútið				þátið		
et.	1. (ég)	ber	kref/krefur	þarf	bar	krefða	þurfta
	2. (þú)	ber	krefur	þarft	bart	krafðir	þurftir
	3. (hann)	ber	krefur	þarf	bar	krafði	þurfti
ft.	1. (vér)	berum	krefjum	þurfum	bárum	kröfðum	þurftum
	2. (þér)	berið	krefið	þurfið	báruð	kröfðuð	þurftuð
	3. (þeir)	bera	krefja	þurfa	báru	kröfðu	þurftu

viðtengingarháttur							
	nútið				þátið		
et.	1. (ég)	bera	krefja	þurfa	bæra	krefða	þyrfta
	2. (þú)	berir	krefir	þurfir	bærir	krefðir	þyrfir
	3. (hann)	beri	krefi	þurfi	bæri	krefði	þyrfti
ft.	1. (vér)	berim	krefim	þurfim	bærim	krefðim	þyrftim
	2. (þér)	berið	krefið	þurfið	bærið	krefðið	þyrftið
	3. (þeir)	beri	krefi	þurfi	bæri	krefði	þyrfti

til 2. persónu fornafnsins *þú* (eins og í *berðu*). Í Skarðsbók er þessi nýja ending vitaskuld ekki komin til sögunnar: „vil eg að þú *sér* þá heima“ (272); „Þetta vitni *ber* þú fyrir öngra muna sakir“ (273).¹

(6) Ending 2. persónu eintölu í þátið sterkra sagna var í fornu máli -*t* (*þú fórt af fara*) eða -*tt* ef sagnstofninn endaði á sérhljóði (*þú sátst af sjá*). Á fyrri hluta sextándu aldar tók endingin -*st* að koma í stað -*t* (*þú tókt* varð *þú tókst*) og -*tt* (*þú sátst* varð *þú sást*) en gömlu endingarnar eru alls ráðandi í Skarðsbók: „það *tókt* þú eigi stelandi hendi og engum ráðum *rétt* [af *ráða*] þú þar til að því væri stolið“ (274); „og svo skýtur þú þínu máli til guðs, að þar *vartu* nær og *sátt* upp á að“ (274).²

Í *töflu 3* eru sýnd dæmi um þær sagnbeygingar sem sjást í máli Skarðsbókar og í því skyni notaðar sagnirnar *bera*, *krefja* og núþálega sögnin *þurfa* (þótt ekki komi fyrir allar myndir þessara sagna í textanum). Í töflunni sjást bæði fornar beygingarendingar sagna og eins *j*-lausar myndir þær sem ræddar voru að framan (§4.6.4). Þær sagnmyndir sem frábrugðnar eru nútímamáli eru skáletraðar.

4.6.6. Stutt endingarsérhljóð (*i*, *a* eða *u*) rann oft í fornu máli saman við undanfarandi langt rôtarsérhljóð; til dæmis varð 1. pers. ft. vh. nt. *þótt vér séim*

1 Björn K. Þórolfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 112.

2 Björn K. Þórolfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 111-12; Bandle, *Die Sprache*, bls. 382-83.

að þótt vér sé, þf. et. kk. *bláan* að *blán* og 1. pers. et. nt. *trúum* að *trúm*. Myndir af þessu tagi má víða sjá í Skarðsbók: „nema eigi sé íslenskir menn til“ (138); „að þér séð kirkjunni á Íslandi og hennar formönnum hlýðnir“ (266); „og allra góðra manna er handlag þeirra *sá* og orð mín heyra“ (275); „Heyrðum vær þessi orð þeirra og skilríki og *sám* fyrrgreint handlag þeirra“ (275).

4.6.7. Í fornu máli rann endingin *-r* í 2. og 3. persónu eintölu í nútíð stundum saman við undanfarandi *l*, *n*, *r* eða *s*. Þannig varð til að mynda *hann brennr* að *hann brenn* og *hann rennr* að *hann renn*. Fáein dæmi af þessu tagi má finna í Skarðsbók: „ef hann ríður eða hrindur, eður eys eldi á mann svo að hann *brenn* eða hár eður klæði af honum“ (115); „En *sá* er eigi *renn* eftir, sekur hálfri mörk við konung, og svo *sá* er eftir *renn* og vill eigi taka hann“ (105). Myndir eins og *brenn* og *renn* voru notaðar að minnsta kosti fram á fimmtánda öld en hafa eftir það vikið fyrir myndum með endingunni *-ur*, *brennur* og *rennur*.¹

4.6.8. Lýsingarhættir veikra sagna er beygjast eins og *berja* (svonefndra *ja*-sagna) höfðu í fornu máli viðskeytið *-(i)ð-* og var karlkynsmyndin í nf. et. fyrst *bariðr* og síðar *barðr* og kvenkynsmyndin *bqrð*. Í nútímamáli hafa sumar beygingarmyndir lýsingarháttar sagna af þessu tagi fengið viðskeytið *-in-* (eins og sterkar sagnir, sbr. kk. *tekinn*, kvk. *tekin* af *taka*) og er þá karlkynsmyndin í nf. et. *barinn* og kvenkynsmyndin *barin*. Þessar yngri lýsingarháttarmyndir sjást þegar á þrettánda öld en sækja mjög í sig veðrið á þeirri sextánda.² Í Skarðsbók eru gömlu lýsingarháttarmyndirnar enn notaðar. Meðal dæma eru þessi: „En ef hann er *barður* eður skemmdur“ (108); „Kona sjálf á rétt á sér ef hon er *börð*“ (120); „En ef engi er *sá* til sem áður er *taldur*“ (138); „Þau embætti eru nú *töld* í farmannalögum“ (236); „En ef eiður fellur þar sem *skildur* er um þetta mál“ (246); „Nú er húsgjörð *skild* á hendur manni“ (160).

Nokkuð er um einkvæðar hvorugkynsmyndir (á borð við *skilt* og *talt* af *skilja* og *telja*) þar sem í nútímamáli eru tvíkvæðar myndir (*skilið* og *talið*): „En önga heimanfylgju má arfi giftingarmanns rjúfa þá er svo er gjör sem nú var *skilt*“ (121); „nema hann gjaldi slíkt sektafé upp sem nú var *talt*“ (87); „Nú sakir þess að eigi lúkast peningar mínir hér í dag, sem eg hefir *kraft* af N.“ (273).

1 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. xxxi. Í Guðbrandsbiblíu frá 1584 er aðeins að finna *brennur* og *rennur* en aldrei *brenn* og *renn*; Bandle, *Die Sprache*, bls. 380.
2 Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 62-63, 116-17; Bandle, *Die Sprache*, bls. 408-11; Jón Hilmar Jónsson, *Das Partizip Perfekt der schwachen ja-Verben. Die Flexionsentwicklung im Isländischen*. Heidelberg 1979.

JÓNSBÓK

Bréf Magnúss konungs

Magnús með guðs miskunn Noregs konungur, son Hákonar konungs, sonarsonar¹ Sverris konungs, sendir öllum guðs vinum og sínum á Íslandi kveðju guðs og sína. Þér vitið að hinir skilríkustu menn á Íslandi hafa iðuliga getið fyrir oss, að þér hafið spurt að vær höfum hlut í átt að bæta nökkuð um flestar lögbækur í Noregs konungs ríki með hinna bestu manna ráði, og beðið oss að yður lögbók skyldi eigi þeirra umbóta hlutlaus vera. En þér skuluð vita að oss bar áður vel fyrir að sjá, en einkanliga nú best, þar sem þér treystuð svo mikið á vora forsjá að² þér dæmduð hana alla í vora skipan, þar af að taka og þar við að setja sem oss þætti bera með hinna bestu manna ráði. Og af því höfum vær nú um hríðir iðuliga skoðað hana, og líst oss sem allvíða mætti með færum orðum fullan úrskurð gera, þar sem hon talar áður geysiliga langt um, en í sumum stöðum þyrfti hon sannliga tillögu þar sem hvergi var ljósari en þeir þurfu margir sem fákunnigir eru.³ Nú þó að vær kennum oss mjög fákunniga til slíkra stórræða, þá höfum vær þó þessa bók látið rita er vær sendum yður með herra Jóni lögmanni,⁴ eftir slíkum hætti sem hon vottar, treystandi á vors herra Jhesu Christi miskunn og árnaðarorð hinnar helgustu frú og meyjar Marie og hins heilaga Ólafs konungs,⁵ og þeirra hinna skynsömustu manna tillögu er í hjá oss voru. En að þér skilið því gjör hví vær höfum svo bálkunum skipað í henni sem nú er, þá greinir þessi háttur fyrir yður sem hér fylgir.

1 sonarsonar: útgáfur hafa villuna sonarson

2 þér treystuð svo mikið á vora forsjá að: vantar í 350

3 þar sem hvergi var ljósari en þeir þurfu margir sem fákunnigir eru: útgáfur hafa þar sem hún var áður hvergi ljósari en margir þyftu þeir sem áður voru fákunnugir en 343 þar sem hvergi var hún ljósari en margir þyftu þeir er fákunnigir eru

4 herra Jóni lögmanni: 343 hefur herra N. lögmanni

5 og árnaðarorð hinnar helgustu frú og meyjar Marie og hins heilaga Ólafs konungs: vantar í útgáfur

Þingfararbálkur er nú sem að fornu að öndverðu ritaður fyrr en hefi sjálfa bókina, því að áður hæfir að skipað sé þingið og nefndir sé skoðaðar, lögréttumenn komnir,¹ eiðar fluttir, grið sett og siðsemdum lýst, að því betur verði bókinni hlýtt síðan og dómum hlítt sem þingið er betur siðað og stillt.

Fyrsti hlutur bókarinnar er kristinsdómsbálkur, að allir skili kristiliga trú vera grundvöll og upphaf allra góðra hluta og verka og heilagrar kirkju hlýðni, og hennar formenn vera² lýsing og leiðtoga til allra réttinda og miskunnsamligra siðsemda.³

Næst kristinsdómsbelki er um konungs þegnskyldu, að alþýða skili þann sama guð hafa skipað konungdóminn til veraldligs umboðs sem byskupinn til andligs.

Eftir konungs þegnskyldu er mannhelgi, því að næst þvíða hæfir höfðingjunum og öllum öðrum út í frá að halda guðs frið og góðra manna frelsi í millum kristinna manna, og þó meður lögum hófsamliga þeim að refsar eftir atvikum sem að öðru verða prófaðir.

Næst mannhelgi er erfðatal meður því fleira sem því heyrir, og hefur það meður kvennagiftingum, því að miklu varðar þeim er til arfanna kalla að þeir sé í lögligum hjúskap getnir.

Eftir erfðatal hefur landabrigði, því að þann tíma er maður erfir nökkurar jarðir, þá hæfir honum að skoða um sín óðul og annarra manna að hann haldi öngra manna óðulum með lögum sóttum og kunni sjálfs síns óðul með lögum að brigða.

Eftir landabrigði er landsleigubálkur, því að þeim hæfir með lögum sínar jarðir að byggja er eftir lögum hafa að komist.

Eftir landsleigubálk er kaupabálkur, því að svo skal eftir lagasóknum lausa aura sækja sem eftir landabrigði lönd og jarðir.

Eftir kaupabálk eru farmannalög, því að þeim hæfir með réttum kaupskilum að fara er sitt vilja með kaupferðum ávaxta.

Eftir farmannalög er þjófabálkur, því að engum hæfir það frá öðrum að taka⁴ sem eigandi hefir með lögum að komist. En sá er öðruvís gjörir á lagarefsing fyrir að hafa.

1 *komnir*: 350, 343 og útgáfur, en elstu handrit hafa *kosnir*

2 *og hennar formenn vera*: útgáfur og 343, en í 350 er villan *og hennar formanna, vera*

3 *miskunnsamligra siðsemda*: útgáfur hafa *skynsamligra röksemda* en 343 *skynsamligra skynsemda*

4 *því að engum hæfir það frá öðrum að taka*: 343 hefur *því að þeim hæfir fyrir engum að tortíma* en útgáfur *því að það hæfir fyrir öngvum að tortíma*

Síðast í bókinni eru konungs réttarbætur, að sá konungur sem til er skipaður eftir að sjá lögunum, eftir dæmum sinna forellra, á eigi síður að hugga sína síðsama þegna meður linkind og réttarbótum en að tempru óspaka með hirting og lögligum refsingum.

Erfðir þær sem til hafa fallið um jarðabrigði og vígaferli og öll önnur lagamál, undir hverjum lögum er þau urðu, þá skulu öll undir þeim lögum vera er þá gengu í landi þar er þau mál gjörðust, ef eigi er áður löglig skipan á kom-in.

Biðjum vær að þér vorkynnið oss það sem á skortir, því að meir hefir völdið fjölskylda vor og vankunnandi en viljaleysi,¹ sem ætla má, þó að vær hefðim minna í veð sett og oss tæki þetta efni sjaldnar en oss tekur. Finnst og nökkuð nytsamligt í, þökkum það allir drottni vorum Jhesu Christo. Hans nafn sé blessað utan enda.²

1 *en viljaleysi*: vantar í 350

2 *utan enda*: 343 bætir við *Amen* en útgáfur hafa um allar aldir *veraldar. Amen*

Hér hefur þingfararbálk,
hinn fyrsta hlut lögbókar Íslendinga,
og segir fyrst um eið sýslumanna
og um nefndir þingmanna

1 Friður og blessan vors herra Jhesu Christi og árnaðarorð vorrar frú sancte Marie og hins heilaga Ólafs konungs, Þorláks byskups og allra guðs heilagra manna¹ sé með öllum oss lögþingismönnum nú og jafnan. En vær skulum lögþingi vort eiga að Öxará, á þingstað réttum, á tólf mánuðum hverjum, og koma þar á Pétursmessuafnan. Þar skulu allir komnir að forfallalausum þeim sem til lögþingis eru nefndir. En valdsmenn skulu nefnt hafa til alþingis fyrir páska-ir svo marga menn úr þingi hverju sem hér vottar, eður þeirra lögligir umboðsmenn, og nefna þá er forverkismenn eigu og þeim þikkja vænastir til skila og sé færir að þingmanna dagleiðum, svo að þeir megi það með eiðum sanna. En þann eið skulu þeir sverja fyrir lögmanni fyrstan særan dag er þeir koma til þings, með þessum eiðstaf: Að til þess leggur hann hönd á helga bók og því skýtur hann til guðs að þá menn hefir hann til þings² nefnda að því sinni sem honum þóttu vel til fallnir og vænastir til skila eftir sinni samvisku, og eigi tók hann þar aðra muni til, og svo skal hann jafnan gera meðan hann hefir þetta starf. Þenna eið þarf engi oftara að sverja en um sinn.

2 *Hér segir hversu marga menn skal nefna
úr þingi hverju*

Nú skal valdsmaður nefna sex menn úr Múlaþingi, skal hver nefndarmaður þaðan fyrir norðan Öxarheiði hafa átján aura í farareyri, en tvær merkur fyrir sunnan. Úr Skaftafellssþingi skal nefna sex menn, skal hver nefndarmaður fyrir austan Lómagnúpsstrand hafa tólf aura í farareyri, en tíu aura fyrir vestan. Úr Rangárþingi skal nefna átta menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa sex aura.

1 og árnaðarorð vorrar frú sancte Marie og hins heilaga Ólafs konungs, Þorláks biskups og allra guðs heilagra manna: vantar í útgáfu

2 þings: 343 hefur alþingis

Úr Árnessþingi skal nefna¹ tólf menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa hálfa mörk. Úr Kjalarnessþingi skal nefna níu menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa hálfa mörk. Úr Þverárþingi skal nefna átta menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa hálfa mörk fyrir sunnan Hvítá, en fimm aura fyrir vestan. Úr Þórsnessþingi skal nefna sex menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa mörk í farareyri fyrir sunnan Hvammsfjörð, en tíu aura fyrir vestan. Úr Þorskafjarðarþingi skal nefna fimm menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa fyrir sunnan Glámu í farareyri tólf aura, en tvær merkur fyrir vestan. Úr Húnavatnsþingi skal nefna sex menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa í farareyri sjau aura. Úr Hegranessþingi skal nefna átta menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa mörk. Úr Vöðlaþingi skal nefna sex menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa tíu aura. Úr Þingeyjarþingi skal nefna fjóra menn, skal hver nefndarmaður þaðan hafa tólf aura. Skal hver sýslumaður í sinni sýslu þetta greiða sem nefndarmönnum er ætlað með góðum greiðskap af sínum hlut þingfararkaups. En hver sem það geldur eigi nefndarmönnum er þeim er skipað, þá er sekur sex aurum, hálft eiganda en hálft lögréttumönnum, og sækir sem vitafé. Nefndarmenn allir skulu með lögmanni á alþing ríða, þeir sem samleiða eigu við hann.² Eigi skal handgengna menn til Öxarárþings nefna nema³ fyrir konungs örindi. Nú ef valdsmaður nefnir eigi svo menn til þings sem hér vottar, eður hans lögligur umboðsmaður, þá er hann sekur tólf aurum fyrir hvern þann mann sem ónefndur er eða rangnefndur, hálft konungi en hálft lögréttumönnum. Engan skal til lausnar nefna og því aðeins skipti á gjöra að þeim gangi löglig forföll til er áður var nefndur. Valdsmenn allir og sóknarmenn þeirra eru skyldir að koma til lögþingis eður skilríkir umboðsmenn þeirra. Skulu þeir vera umfram nefndarmenn og taka öngvan farareyri. En ef þeir koma eigi forfallalaust, sekist hver þeirra þrimur mörkum, hálft konungi en hálft lögréttumönnum, og riti lögmaður til konungs slík tilfelli.⁴ Hver bóndi er skyldur sá er á tíu hundruð eður meira fé að fæða þá menn er til lögþingisreiðar eru skyldir, hálftu færi hjónum, bæði er þeir ríða til þings og frá. R.B.E.K.⁵ Ella er hann sekur tveim aurum fyrir hvern þann mann sem eigi er alinn eftir lögum forfallalaust [1294, 26]. Nú eftir því

1 *Úr Árnessþingi skal nefna*: tekið eftir 343 og útgáfum, en í 350 hafa stafirnir *gi* skemmst og rétt mótar fyrir *sk*, en *nefna* vantar

2 *við hann*: hér fylgir auðkenningin R.B.E.K. í 350, 343 og útgáfum, en setningin á eftir er ekki réttarbot og hefur skrifara legið fullmikið á; sjá fimmtu neðanmálgrein

3 *nema*: vantar í 343

4 *slík tilfelli*: 343 hefur *slík forföll sem honum þikkir á vera*

5 R.B.E.K.: hér hefst ákvæði úr réttarbot sem hvorki er auðkennt í 350 né útgáfum og er skammstöfun því bætt við, en 343 setur auðkenninguna framan við *Hver bóndi er skyldur*

sem áður var greint þá skulu þingmenn allir til þings komnir fyrir Pétursmessu og Páls. Á lögmaður þar fyrir að vera forfallalaust. En hver nefndarmaður er síðar kemur til lögþingis en særi eru flutt, sekur tólf aurum nema nauðsyn banni, meti lögmaður og lögréttumenn þær nauðsynjar.

3 *Hér segir af alþingisskipan og þeim sið er þar á að vera*

Þing skal standa svo lengi sem lögmaður vill og honum þikkir nauðsynja fyrir mála sakir¹ og lögréttumenn samþykkja. Lögmaður skal láta gjöra vébönd á þinginu í þingstað réttum, svo víð að þeir menn hafi rúm að sitja fyrir innan sem í lögréttu eru nefndir. Það skulu vera þrennar tylftir manna. Skal lögmaður og valdsmenn nefna þrjá menn úr þingi hverju, þá sem þeim þikkja best til fallnir. Þeir menn sem í lögréttu eru nefndir skulu eið sverja fyrir lögmanni áður þeir ganga í lögréttu með þessum eiðstaf: Að því skýtur hann til guðs að hann skal svo til allra manna mála leggja sem hann veit sannast fyrir guði, eftir lögum og sinni samvisku, svo með sökuðum sem sifjuðum, og svo skal hann jafnan gjöra þá er hann er í lögréttu nefndur. Fyrstan tíma skal hann þenna eið sverja er hann er til lögréttu nefndur en eigi oftár þó að hann sé nefndur. Enginn þeirra manna sem eigi eru í lögréttu nefndir skulu ganga innan vébanda utan orlof. En ef hann sest og gengur eigi út þegar við hann er mælt, þá sekist hann hálfri mörk. Allir menn eiga að ganga til lögréttu þegar lögmaður lætur hringja hinni miklu klokku og sitja þar svo lengi sem lögmaður vill þing hafa. En hver sá maður er eigi kemur til lögréttu sem nú er mælt er sekur hálfri mörk. En ef nökkur maður slæst í mat eða mungát og rækir það meir en þingið, hann skal öngva uppreist eiga síns máls á þeim degi hvað máli sem hann á að drífa á Öxarárþingi. Drykk skal engi maður til lögréttu bera, hvorki til sölu né til annars. En ef borinn verður, þá er hann uppnæmur og eigu þingmenn hann. Allir þeir menn sem í lögréttu eru nefndir skulu sitja svo sem nú er mælt, nema þeir gangi út sakir nauðsynja eyrinda sinna. En ef menn ganga úr lögréttu utan vébanda nauðsynjalaust, þá er hver þeirra sekur tveimur aurum. Þeir menn sem eru utan vébanda og gera þar hark eður háreysti svo að lögmenn og lögréttumenn megu eigi² náðuliga geyma dóma sinna, eða þeir menn kæra mál sín sem lögmenn og lögréttumenn hafa orlof til gefið, sekur er hver eyri er að því verður sannur, ef honum er til sagt áður.

1 og honum þikkir nauðsynja fyrir mála sakir: tekið eftir 343 en vantar í 350 og útgáfur, nema hvað 1580 hefur hönd á spássíu og getur orðamunar aftanmáls, sjá bls. 306

2 eigi: vantar í 343

4 *Um vitni manna* *hver tæk eru*

Eftir gögnum og vitnum skal hvert mál dæma. Svo er ef einn ber vitni með manni sem engi beri en tveir sem tíu, ef maður uggir eigi andvitni í móti. Nú eru þau vitni er eigi skulu andvitni í móti koma. Það eru heimstefnuvitni, þingstefnuvitni, kvöðuvitni, forsagnarvitni og nauðsynjavitni ef vitnað verður undir mann, og þau vitni er menn bera um deild manna á samkundum. Þeir menn sem í lögréttu eru nefndir skulu dæma lög um öll þau mál sem í lögréttu verða kærð¹ og þar eru lögliga fram borin. Þau mál skal fyrst dæma er til lögbingis eru lögd, eftir því sem lögbók segir og stærst eru. Eftir það þau sem þangað eru stefnd og öll þau mál er menn leggja hendur sínar saman fyrir vottum tveimur eður fleirum, ef þau mál og vitni koma þar fram á þinginu. Síðan þau er þar verður á sæst og smæst eru. En allt það er lögbók sker eigi skilríkliga úr,² þá skal það hafa af hverju máli sem lögréttumenn allir verða á eitt sáttir. En ef þá skilur á, þá skal lögmaður ráða og þeir sem honum samþykkja, nema konungi sýnist annað lögliga með vitrustu manna ráði.

5 *Hér segir um vopnaburð* *á Öxarárþingi*

Allir þeir menn sem í Öxarárþingför³ eru, þá skulu í griðum vera hver við annan þar til er þeir koma heim til síns heimilis. En ef einnhver gengur á þessi grið og vegur mann eða veitir lemstrarsár, þá hefir sá fyrirgjört fé og friði, landi og lausum eyri. En ef menn verða særðir á Öxarárþingi eða fá einnhvern vansa eða óhlut af manna völdum og vilja, þá eykst að helmingi réttur þeirra, en konungi þrettán merkur. Ef menn bera vopn á Öxarárþingi, þá gjaldi þeir hálfa mörk og láti vopnin, eigi konungur hálft vopnin og hálfa sektina en þingmenn hálfa,⁴ því að í öllum stöðum hæfir mönnum að gæta spektar og siðsemdar, en þó einkanliga í þeim stöðum mest er til skynsemdar og sætta⁵ eru skipaðir fyrir öndverðu af góðum mönnum og flestum verður mestur skaði að ef nökkuð skerst í. Hvervetna þar sem menn verða víttir á Öxarárþingi, það fé á hálft konungur en hálft lögréttumenn,⁶ utan þegngildi og þrettán marka mál eða meiri,

1 verða kærð: 343 hefur eru skotin

2 skilríkliga úr: vantar í 343

3 Öxarárþingför: 350 hefur Öxarárþingför og jafnframt Öxarárþingi í kaflafyrirsögn en hvort tveggja er leiðrétt hér

4 þingmenn háfa: útgáfur hafa þingmenn háf og sekt háfa

5 skynsemdar og sætta: 343 hefur skynsemdar og spektar en útgáfur siðsemdar og sætta

6 lögréttumenn: 343 hefur lögmaður og lögréttumenn

þau á konungur. En öll þingvíti þau er til falla og eigi greiðast á því þingi, þá dæmi lögþingismenn að greiðist á öðru Öxarárþingi og taki þá við sýslumaður hver í sinni sýslu og færi það fé til Öxarárþings. En þeir menn sem þetta fé greiða eigi fyrir þrjósku sakir, þá sé þeim sjálfstefnt til næsta Öxarárþings og svari þar sektum og dómrofum ef þá greiðist eigi,¹ og hafi þann helming er þingmenn eigu til þess er valdsmönnum með lögmans ráði þikkir mest nauðsyn á vera þá tólf mánaði. R.B.E.K. Þingvíti skulu leggjast til þinghúsgjörðar svo lengi sem þarf [1294, 46]. Nú ef maður rýfur dóm þann sem dæmdur er á Öxarárþingi og vopnatak er að átt innan lögréttu og utan, þá er sá sekur fjórum mörkum við konung en mörk við sakarábera. Því skal sýslumaður hver lýsa á Öxarárþingi hversu margir manndráparar eða aðrir ódádæmenn urðu í hans sýslu á næstum tólf mánuðum og segja skil á um vöxt þeirra og yfirlit sem hinum urðu að skaða, að þeir megi því heldur að líkindum kenndir verða hvar sem þeir kunnu fram að koma.

6 *Hér segir hversu rétta skal málaferli rangliga uppborin*

Ef annar tveggi frýr á sinn hlut þá er hann kemur heim í hérað og kallar rangt hafa verið uppborið fyrir lögréttumönnum, þá skal þó eigi þeim dómi brigða sektalaust. En hann má stefna hinum er mál á við hann hið næsta ár eftir til Öxarárþings og hafi þá hvor tveggi sitt mál uppi. En ef mál prófast sem fyrr, þá hafi hinn af honum kostnað sinn hálfu aukinn sem ýfði hann til rangs máls, en konungi mörk, og sæki sem aðrar fjársóknir. Prófast og svo að hann hafi rangt uppborið fyrir lögmanni og lögréttumönnum² er fyrir dæmdist málið, og dæmist þá hinum, þá hafi sá kostnað sinn hálfu aukinn og mörk konungi, og sæki sem vitafé.³ Og svo skal hvervetna þar sem lögmaður og skynsamir menn sjá að menn verða rangliga eða aflaga sóttir og til laga stefndir, hvort sem það er til lögmans eða þingstefnur eða aðrar lagastefnur, og dæmist þeim á hendur er sóttur var hvorki fé né eiðar, nema hinn er sótti sveri eineið að hann hugðist hinn eftir réttu máli sækja. R.B.E.K. Það skal standa um melrakkaveiðar sem lögréttumenn skipa og aldrei meiri sekt við en sex álnir fyrir einn [1294, 16].

1 ef þá greiðist eigi: útgáfur bæta við og hafi kóngur helming en þingmenn helming

2 lögmanni og lögréttumönnum: 343 hefur lögréttumönnum

3 sæki sem vitafé: 343 hefur sæki sem fyrir segir

7 *Hér segir hversu sýslumenn skulu þing eiga á leiðum*

Svo er mælt að sýslumenn skulu þing eiga á leiðum er þeir koma heim af Öxarárþingi og lýsa fyrir mönnum því sem talað var á Öxarárþingi, einkanliga hver lykt féll á þeirra manna mál sem úr hans sýslu eru. Sýslumaður á því þar að lýsa að lögbingi skal uppi vera að Pétursmessu hvert sumar. Því skal hann og þar lýsa að menn skulu eigi taka þá menn í byggðir til sín er hlaupa norðan eða sunnan, austan eða vestan, nema þeir viti áður skyn¹ á að þeir sé skilamenn, því að slíkir menn eru því vanir að vera nökkuru líkt einn vetur eða tvo, eður alla þrjá, og hylla sig svo við menn.² Síðan skiljast þeir eigi betur við en svo, að annaðhvort er að þeir stela fé manna eða hlaupa brott með frændkonur manna eða húsfreyjur. En hver er þessa menn tekur frammar en lög lofa,³ þá er sá sekur mörk við konung ef hinn prófast síðan að illum manni.

8 *Hér segir um sektir á dómrcfum*

Alla þá dóma sem um vígaferli skal setja eða þeirra kvenna legorð sem fyrir eigu að koma full manngjöld eða hálf, þá dóma skal alla með lögum og gríðum setja til fyrsta sals. R.B.E.K. Þar sem maður segir sig úr lögsömdum dómi forfallalaust, lögliga tilkrafður af réttaranum, sá er sekur hálfri mörk, hálf konungi en hálf þeim er mál á, utan svo mikið vandamál sé að þeir fái eigi yfirtekið, þá leggi þeir það mál heima til lögmanns ella til alþingis [1294, 29]. En sá maður sem rýfur dóm lögsamdan forfallalaust fyrir sal eða á fyrstum sölum, þá gengur sá á gríð sín og er tryggrofi,⁴ og hefir fyrirgert fé og friði. En þær eru nauðsynjar og forföll þess er greiða á, ef hann er sjúkur eður sár, eður einhverjar aðrar þær stórnauðsynjar beri til með honum að góðir menn bera vitni um að hann mátti eigi til komast í eindaga. En sal það hið fyrsta skal fram koma innan þess mánaðar er dómurinn var dæmdur og flytja heim til þess er taka á, og sé honum þar goldið⁵ við votta tvo eða fleiri, en hann taki þá við eða umboðsmaður hans, utan sá vili indælla gera er taka skal. En um öll önnur lagamál þau er menn setja sín í milli lögdóma, þá sekist sá mörk við sakarábera er þann dóm rýfur forfallalaust, og haldi þó dóm sem áður. En fjórum mörkum við konung og sæki sýslumaður hvorum tveggja til handa, og taki hinn fyrst skuld sína

1 skyn: 343 og útgáfur hafa *skil*

2 og hylla sig svo við menn: vantar í 350

3 En hver er þessa menn tekur frammar en lög lofa: 343 hefur *En hver sem öðruvíss tekur*

4 og er tryggrofi: vantar í 343

5 goldið: 343 og útgáfur hafa *boðið*

slíka sem dómur dæmdi honum, en sektarfé hvors tveggja sé síðan skipt eftir fjármagni þeirra í milli ef eigi vinnst til hvors tveggja. En ef hann vill enn eigi dóm halda, þá skal sýslumaður honum þing stefna og gjöra hann þar útlægan, nema hann gjaldi slíkt sektarfé upp sem nú var talt.

9 *Hér segir hversu langar lagastefnur eiga að vera*

Hvervetna þar sem menn gera lagastefnur sín í milli á þingi eða heima til lögmanns, þá skal gjöra hálf mánaðar stefnu ef hann er utan hrepps og innan héraðs, mánaðarstefnu utan héraðs og innan fjórðungs, tveggja mánaða stefnu utan fjórðungs og innan lands. R.B.H.K. Til Noregs skal gera tólf mánaða stefnu, svo að þar megi rétt af gera þeim málum er lögmennt og sýslumenn fá eigi hér yfirtekið [1314, 1]. Erfingi eða umboðsmaður lögligur skal svara málum hans ef hann er utan lands. Nú er erfingi eður umboðsmaður hans skyldur að gera honum boð, ella þingmenn, ef eigi er erfingi eða umboðsmaður á þingi, því að viðurmælis er hver maður verður. Á þessum tímum skal eigi til lögmanns stefna: Frá Maríumessu í föstu, og þó að hana beri allnær páskum, þá skal eigi nær eður síðar stefna en hálfum mánaði fyrir páskir og fram um fardaga. Frá Seljumannamessu og framan til krossmessu á haustið, og eigi nær jólum en stefndur megi vera fyrir lögmanni þrjár nætur fyrir stundar sakir og heim kominn að jólum forfallalaust.¹ Eigi skal um jól stefna. En allir aðrir tímar en nú eru undanskildir eru réttir til lagastefnu. Hver maður sá er rýfur lögmanns úrskurð forfallalaust er sekur fjórum mörkum við konung. En þar sem sá maður stefnir manni til lögmanns með réttri lagastefnu er lögligt mál hefir á hendi honum eða hans lögligur umboðsmaður, þá sekist sá mörk við konung er stefnt var ef hann kemur eigi forfallalaust eða hans lögligur umboðsmaður. En ef stefndur kemur en stefnandi eigi, þá sekist hann þvílíku við konung sem hinn er stefnt var, nema lögligur umboðsmaður hans komi eða sé þar fyrir í rétta lagastefnu. En sá þeirra sem þá fellst að máli, þá haldi hann allt það sem lögmaður hefir skilað þeirra í millum og gjaldi þeim kostnað sem mál dæmist, allan hálfu aukinn, þann sem hann hafði fyrir því máli síðan lögmaður sagði og skilaði² þeirra í milli. Nú skýtur nökkur sínu máli undan lögmanni og til Öxarárþings, þá rannsaki lögréttumenn innvirðuliga það mál. Ef þeim sýnist öllum sá úrskurður er lögmaður hefir gert vera eigi lögligur, þá skulu þeir þó eigi þann úrskurð rjúfa mega, en rita skulu þeir til konungs hvað þeim sýnist rétt³ í því

1 forfallalaust: 343 hefur að færu veðri

2 skilaði: útgáfur hafa skildi fyrri sinn

3 sýnist rétt: 343 hefur list sannast

máli og slíkt rannsak sem þeir hafa framast prófað þar um, því að þann úrskurð sem lögmaður gjörir á má engi maður rjúfa, nema konungur sjái að lögbók votti í móti eða sjálfur konungur sjái að annað sé réttara, og þó með hinna vitrustu manna ráði og samþykki,¹ því að hann er yfirskipaður lögin. Nú fær maður eigi réttindi sín í byggðum heima eða fyrir lögmanni, þá má sakaráberi stefna þeim manni til Öxarárþings er hann fær eigi rétt af. Og ef hann hefir til þess löglig vitni að hann hefir þeim þangað stefnt er mál á við hann, og það annað að mál hafi svo farið þeirra í milli sem þá hefir hann hermt, þá skulu þingmenn dæma það mál að lögfullu, hvort sem nær eru báðir eða sá einn sem fram ber, og lögmanni og lögréttumönnum þikkir fyrir bíta, nema full nauðsyn banni þeim að koma er stefnt var og komi þau gögn eða vitni þar fram, og svo skal vera þó að heima sé stefnt til lögmans.² R.B.H.K. Svo má gjöra lagastefnur til sýslumanns sem til lögmans og hálfu minni sekt við. R.B.H.K. Sýslumenn mega gera stundarstefnur til sín andsvaramönnum þeirra manna sem löglig mál hafa á hendi þeim, og svo vitnum þeirra, og gjöri þeim rétt sem misaldinn er, þó að stefndur komi eigi í réttan stefnudag forfallalaust. R.B.H.K. Svo viljum vær að rétt sé að menn geri stundarstefnur til lögmans þá er hann ríður um land að skipa málum manna, svo þó að stefndur megi auðveldliga til koma gögnum sínum og vitnum [1314, 2]. R.B.H.K. Eigi viljum vær að nokkur maður megi skjóta máli sínu undan lögmanni og sýslumanni að tálma með því réttindi manna ef skynsömum mönnum sýnist að þeir fái yfirtekið [1314, 5].

1 *eða sjáfur konungur sjái ... og samþykki*: 343 hefur *eða konungur sjáfur sjái annað sannara með vitrustu manna ráði og samþykki*

2 *Nú fær maður eigi réttindi sín ... þó að heima sé stefnt til lögmans*: vantar í 343

Hér hefur upp annan hlut lögbókar
er heitir kristinn réttur og segir fyrst um kristiliga trú
og þar næst hverja hlýðni menn eiga að veita
konungi sínum og byskupi

1 Það er upphaf laga vorra Íslendinga¹ sem upphaf er allra góðra hluta að vær skulum hafa og halda kristiliga trú. Vær skulum trú á einn guð föður alls-valdanda, skapara himins og jarðar. Vær skulum trú á drottin vorn Jhesum Christum, hans einkason, er getinn er af helgum anda og fæddur af Marie mey, pínður undir Pílati valdi, krossfestur, deyddur og grafinn, fór niður til helvítis og leysti þaðan alla sína vini. Þriðja dag eftir er hann var deyddur sínum manndómi, ósköddum sínum guðdómi, reis hann upp af dauða og var síðan með sínum lærisveinum fjörutíu daga, frá páskadegi til uppstigningardags, og steig þaðan til himna. Og þaðan skal hann koma á efsta degi þessa heims að dæma lifendur og dauða, hvern eftir sínum verðleikum. Vær skulum trú á helgan anda, að hann er sannur guð sem faðir og son, og þær þrjár skilningar er einn guð. Vær skulum trú því er trúir öll kristilig þjóð og heilagra manna samband og heilög kirkja hefir samþykkt með óbrigðiligri staðfestu. Vær skulum trú að syndir fyrirgefast með skírn og skriftagangi, holdi og blóði vors drottins er í messum helgast, með bænahaldi og ölmusugerðum og föstum, og með öllum góðum hlutum er menn gera, hugsa og mæla.² Vær skulum trú að hvers manns líkami er í er kominn heiminn eða koma kann til dómsdags skal þá upprísa. Og þaðan af skulu þeir sem illa gjörðu og eigi iðruðust þessa heims hafa endalaus-an ófagnað með fjandanum og hans örindrekum í helvíti. En þeir sem gott hafa gjört þessa heims skulu þá hafa eilífan fagnað með guði og hans helgum mönnum í himinríki.

¹ *Íslendinga*: vantar í 350

² *að syndir fyrirgefast ... gera, hugsa og mæla*: útgáfur hafa að *syndir fyrirgefast af náð og miskunn guðs fyrir verðskuldán Jesu Christi, en ei fyrir nein vor góð verk*

2 *Hér segir hversu konungur og byskup eiga að geyma sitt vald*

Nú með því að guðs miskunn sér til þess þörf hversdagliga ótalligs lýðs og ýmissligs fjölmennis, þá hefir hann skipað sínum tveimur undirmönnum og þjónum að vera auðsýniliga hans umboðsmenn að halda þessa heilaga trú og hans heilagt lögmál, góðum mönnum til verndar og réttinda en vondum mönnum til refsingar og hreinsanar. Eru þessir tveir annar konungur en annar byskup. Hefir konungur af guði veraldligt vald til veraldlrigra hluta en byskup andligt vald til andlrigra hluta, og á hvor þeirra að styrkja annan til rétttra mála lögliga og kennast við sig að þeir hafa vald og yfirboð af guði sjálfum en eigi af sér. Og fyrir því að þeir eru guðs umboðsmenn, hins og annars,¹ að þeirra má öngvan veg missa, þess hins þriðja að guð virðist að kalla sig þeirra nöfnum, þá er sá sannliga í miklum háska við guð er þá styrkir eigi með fullkominni ást og góðvilja og réttvísi til síns valds, þess er guð hefir þeim gefið, þar sem þeir bera svo mikla áhyggju fyrir fólkinu og ábyrgð fyrir guði,² allra helst þar sem lögin votta svo með stöddum endimörkum að hvorki mega höfðingjarnir ef þeir geyma þeirra að ánaudga eður þröngva fólkinu með ofmikilli ágrind. Og að eigi megi fávitirir menn synja höfðingjum rétttrar þegnskyldu fyrir þrjósku sakir og skammsýnnar óvisku.

3 *Hér segir um lýðskyldu við konung*

Nú af því að landsfólkið á mikla lýðskyldu að veita konunginum, þá væri það þarfligt að menn varaðist þá miklu villupöku er mestur hluti Noregs fólks hefir blindað verið svo hörmuliga að í öngu landi öðru finnast dæmi til, þar sem teknir hafa verið ýmsir menn og kallaðir konungar rangliga í móti réttum konungum og lögum hins heilaga Ólafs konungs og öllum þeim réttindum sem hver bóndi vildi una af öðrum um sínar erfðir, og þjónuðu oft velbornir menn þeim er varla máttu vera þeirra knapar, sem enn vottar í dag, hvort þeir misstu fleiri óðala sinna eða hinir sem þeir kölluðu konunga sína, og svo hið sama um manna missurnar. Nú að menn þurfi eigi griplandi hendi eða leitandi eftir að fara hver að réttu á konungur að vera að Noregi eftir lögum,³ þá sé það kunnigt öllum Norðmönnum að Magnús konungur, sonur Hákonar konungs, staðfesti svo og lét í bók setja á Frostupingi⁴ hver að réttum erfðum á að vera Noregs

1 *hins og annars*: 343 bætir við að það sjá allir

2 *þar sem þeir bera svo mikla áhyggju fyrir fólkinu og ábyrgð fyrir guði*: vantar í útgáfur

3 *hver að réttu á konungur að vera að Noregi eftir lögum*: vantar í 343

4 *og lét í bók setja á Frostupingi*: vantar í 343

konungur eftir lögum hins heilaga Ólafs konungs, og því játuðu og samþykktu Noregs menn fyrir sig og sitt afspringi við Noregs konung og hans afspringi meður réttu þingtaki að þessi skipan skal standa ævinliga sem þá var gjör og hér fylgir.

4 *Hér segir hver Noregs konungur skal vera*

Í nafni föður og sonar og heilags anda,¹ eins guðs í þrenningu, skal einn þjónn hans konungur yfir öllu Noregs veldi innan lands og svo skattlöndum.

Hér hefur hina fyrstu Noregs konungs erfð.

Nú eftir fráfall konungs vors, þá er sú hin fyrsta Noregs konungs erfð að sá skal konungur vera yfir Noregs konungs veldi sem konungs son er skilgetinn hinn ellsti einn.

Hér hefur aðra Noregs konungs erfð.

Sú er önnur erfð að sá sonarson konungs sem skilgetinn er skal konungur vera hinn ellsti einn sem faðir hans er skilgetinn.

Hér hefur þriðju Noregs konungs erfð.

Sú er hin þriðja erfð er bróðir konungs skilgetinn hinn ellsti einn skal konungur vera, sá sem samfeddur er við konung, ef enginn er hinna til sem áður eru taldir.

Hér er hin fjórða konungs erfð.

Sú er hin fjórða erfð er föðurbróðir konungs samfedri og skilgetinn hinn ellsti einn skal konungur vera sá sem faðir hans var skilgetinn.

Hér byrjar fimmtu konungs erfð.

Sú er hin fimmta erfð er bróðurson konungs skilgetinn hinn ellsti einn skal konungur vera, sá er faðir hans var skilgetinn og samfedri við konung, ef enginn er hinna til.

Hér byrjar séttu konungs erfð.

Sú er hin séttu erfð að bræðrungr konungs hinn ellsti einn skal konungur vera, sá sem faðir hans var föðurbróðir konungs samfedra og skilgetinn, ef enginn er hinna til.

Hér segir af sjaundu konungs erfð.

Sú er hin sjaunda erfð að konungs son skal konungur vera hinn ellsti einn þó að hann sé eigi skilgetinn, sá þó að hvorki sé getinn í hórdómi né frændsemi-
issspellum eður sífjaspellum,² og konungur sjálfur hefir við gengið faðerni

1 og heilags anda: vantar í 350

2 Hér er hönd á spássíu 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 306.

hans og sagt sjálfur skilríkum mönnum ávæni til fyrir samvistu sinnar sakir og móður hans, og svari sú stund er barnið var fætt þeirri tiltölu sem til hæfir og hefir móðirin ekki tvennt til sagt faðernis að¹ því barni eftir því sem lögbók vottar um slík mál. Þessu skulu þeir sem vitu eigi leyna yfir mánað nema þeir óttist ofríki, þá skulu þeir þó til þessa segja einhverjum skilríkum manni eða fleirum, svo að þeir megi þar vitni um bera.

Hér greinir áttundu konungs erfð.

Sú er hin átta erfð að dótturson konungs skilgetinn hinn ellsti einn skal konungur vera, sá sem móðir hans var skilgetin, ef enginn er hinna til.

Hér skýrir níundu konungs erfð.

Sú er hin níunda erfð að systurson konungs skilgetinn hinn ellsti einn skal konungur vera, sá sem móðir hans var samfeðra við konung og skilgetin,² ef enginn er hinna til.

Hér vottar um tíundu konungs erfð.

Sú er hin tíunda erfð að sá skal konungur vera hinn ellsti einn er næstur er eftir bræðrasyni við konung skilgetinn, og væri faðir hans skilgetinn og kominn frá samfeddum bræðrum og skilgetnum, ef enginn er hinna til.

Hér segir um elliftu konungs erfð.

Sú er hin ellifta erfð að sá skal konungur vera hinn ellsti einn skilgetinn er systkinason er við konung og kominn frá þeim systkinum er bæði voru samfeðra og skilgetin og af rétttri konungaættinni komin, ef engi er hinna til sem áður eru taldir.

Hér greinir tólfu konungs erfð.

Sú er hin tólfu erfð að sá skal konungur vera hinn ellsti einn skilgetinn er systrungur er við konung og mæður þeirra voru samfeðra og skilgetnar og af rétttri konungaættinni komnar, ef enginn er hinna til.

Hér skýrir hina þrettánda konungs erfð.

Nú ef enginn er þessara til sem áður eru taldir, þá skal sá konungur vera yfir Noregi hinn ellsti einn er erfðum er þá næstur, eftir því sem landslagabók vottar í almenniligu erfðatali, karl en eigi kona, og þó af rétttri konungaættinni kominn.

1 að: tekið eftir útgáfum en vantar í 350 og 343 hefur *eftir* og sleppir síðan *eftir því*

2 og *skilgetin*: tekið eftir 343, vantar í 350 og 1578 en er á spássíu í 1580

5 *Hér segir hversu konung skal taka ef engi finnst í konunga erfðum*

Nú ef svo þungliga kann að berast að enginn er þessarra til, þá sé sjálfstefnt hertoga ef hann er til eður jarli, byskupum öllum og ábótum, barónum öllum og hirðstjórum með hirð allri að sækja norður til Niðaróss til hins heilaga Ólafs konungs¹ til umráða við erkibyskup. Og nefni hver byskup úr sínu byskupsdæmi og sýslumenn konungs, þar sem þeir eru, tólf hina vitrustu menn með sér eftir sinni samvisku, og sé á för innan þess mánaðar er þeir spyrja fráfall konungs. Svo skal og hver byskup og sýslumaður skipa til hegningar að gæta lands með bóndum² fyrir þjófum og illþýði, svo marga af barónum og sýslumönnum í hverjum lögum sem þeir sjá að best hæfir. Skulu þeir er eftir sitja jafnheimildir til gæslu svo yfir öðrum sýslum sem sjálfra sinna, ella eru þeir sannir landráðamenn, ef eigi heldur landið friði sínum fyrir þeirra vangæslu. En í þann tíma sem þeir eru norður komnir er til þess eru nefndir, þá gangi ólærðir menn með svörðum eiði til þess umdæmiss að þeir skulu þann til konungs taka er þeim sýnist fyrir guði að best sé til fallinn. En þenna eið skulu jafnvel byskupar ábyrgjast við guð, þó að þeir sveri eigi, sem hinir er eið vinna hinir ólærðu menn,³ að þeir byskuparnir leggi sannindaumræði til þessa máls svo sem guð gefur þeim vit til réttlíkast fyrir að sjá. En ef þá skilur á, þá skulu þeir ráða sem fleiri eru saman og skilríkari, og erkibyskup og aðrir byskupar fylgja, og sanna það með eiðum sínum. Nú ef nökkur lætur sig öðruvís til konungs taka en nú var mælt, þá hafi hann fyrirgjört fé og friði, landi og lausum eyri, og sé í páfans⁴ banni og forboði allra heilagra manna, og sé eigi að kirkju græfur, og svo hver er honum fylgir til þess. Nú ef hirðstjórar eða hirðmenn fyrirnemast þessa ferð, þá eru þeir landráðamenn við konung nema full nauðsyn banni. En hver bóndi er fyrirnemst þessa ferð, þá er sá sekur átta örtugum og þrettán mörkum silfurs við konung. En konungur meti nauðsynjar með hinna bestu manna ráði. En þessa ferð fari hver á sínum kostnaði en konungur inni þeim fyrir kostnað sinn sem eigi hafa áður konungs fé.

1 *til hins heilaga Ólafs konungs*: vantar í útgáfur

2 *skipa til hegningar að gæta lands með bóndum*: 343 hefur *seija menn til síjórnar og hegnanar með bændum að gæta lands*

3 *hinir ólærðu menn*: vantar í útgáfur

4 *páfans*: vantar í útgáfur

6 *Hér segir um erfðir konungs frænda*

En ef dóttir eður sunardóttir, systur eða móðir eður þær konur aðrar sem standa í erfðatali í landslagabók, svo þeir karlmenn sem í erfðatali standa og eigi eru af konungaættinni komnir, og eru þeir eða þær nær meir að skyldu til annars arfs en konungdómsins¹ eftir því sem almenniligt erfðatal vottar, þá skal eftir því hver til ganga sem honum votta lög í almenniligu erfðatali. Og að því ljósara verði, þá megu þeir þetta fyrst erfa. Eignir þær allar sem konungur erfir eftir aðra frændur sína og þær sem hann kaupir með lausafé, þær þó að hann seli ekki konungdómsins jarðir til eður skiptir þeim í hinar. Svo skulu þau og erfa lausafé og gripi þá er eigi heyra krúnunni til, nema konungur hafi aðra skipan á gjört fyrir skilríkum mönnum með vitnum og jartegnum sér til sáluhjálpar eða sæmdar, eður sínum hollustum mönnum með góðra manna tillögu. Og er það höfuðráð² að hver búi vel fyrir sér sjálfur um sína daga, heldur heill en sjúkur, því að váskeytt er annars vinátta og eftirgjörð þó að allskytt sé um. Finnast og fleiri dæmi til þess að erfingjar hafa heldur af dregið en við aukið þeirra skipan sem féið áttu og fengu oftliga með hollri þjónustu eður lífsháska, eða miklu erfiði og mannraunum.³

7 *Hér segir um trúlcfan konungs við þegna sína*

En að konungur viti sig því heldur skyldugan við þegna sína lög að halda og um að bæta, þá skal hann þessu játa fólki sínu með fullri staðfestu eftir það er hann er til konungs tekinn: Það játi eg guði og hans helgum mönnum, og því hans fólki sem eg er óverðugur yfirskipaður, að eg skal þau kristin lög halda sem hinn heilagi Ólafur konungur hóf og aðrir hans réttir eftirkomendur hafa nú samþykkt millum konungs og þeirra sem landið byggja, með hvorra tveggju samþykki, og með góðra manna ráði umbæta eftir því viti sem guð lær mér. Er konungur eigi aðeins skyldur lög að halda⁴ við þá þegna sína sem þá eru á þingi hjá honum, heldur við alla þá sem í hans þegnskyldu eru, alna og óborna. En þann tíma sem hann verður kórónaður, þá skal hann sverja mönnum lög og réttindi með þeim eiðstaf sem konungsvígslu fylgir.

1 og eru þeir eða þær nær meir skyldu til annars arfs en konungdómsins: vantar í 343

2 hēfuðráð: 343 hefur hēfuðnaudsyn

3 Finnast og fleiri dæmi ... erfiði og mannraunum: vantar í útgefur

4 lög að halda: 343 hefur að halda þetta

8 *Hér segir eiðstað* *hertoga og jarls*¹

En hertogi eða jarl, ef þeir eru til, skulu þenna eið sverja á því þingi er konungi er konungs nafn gefið: Þess legg eg hönd á helga dóma, og því skýtt eg til guðs, að eg skal vera hollur og trúr mínum herra N. Noregs konungi, bæði leyniliga og opinberliga. Og það lén sem konungur veitir mér skal eg trúliga halda meður þeirri hlýðni og eftirlæti sem Magnús konungur, son Hákonar konungs, skipaði milli konungs og hertoga eður jarls. Veita skal eg honum alla þá hlýðni sem góðum hertoga eður jarli ber góðum konungi. Styrkja skal eg hann og hans ríki, bæði með heilum ráðum og öllum mínum styrk. Halda skal eg og eiða þá alla sem konungurinn hefir játað öllu landsfólki eftir því viti sem guð lér mér. Guð sé mér svo hollur sem eg satt segir, gramur ef eg lýgur.

9 *Hér skýrir lendra manna* *og hirðsjóra eiðstað*²

Nú skulu lendir menn og hirðstjórar þenna eið sverja: Þess legg eg hönd á helga dóma, og því skýtur eg til guðs, að eg skal vera hollur og trúr mínum herra N. Noregs konungi, bæði leyniliga og opinberliga. Styrkja skal eg hann og hans ríki, bæði með heilum ráðum og öllum styrk mínum. Halda skal eg eiða þá alla sem konungurinn hefir játað öllu landsfólkinu eftir því viti og skynsemd sem guð gefur mér. Guð sé mér hollur ef eg satt segi, gramur ef eg lýgur.

10 *Hér greinir* *lögmannna eiðstað*

Nú skulu lögmenn þenna eið sverja þann tíma er konungur vill: Til þess leggur eg hönd á helga bók og því skýtt eg til guðs, að eg skal vera hollur og trúr mínum herra N. Noregs konungi. Þau lög skal eg segja þeim mönnum sem minn herra skipar í mína lögsögn sem hinn heilagi Ólafur konungur hóf og aðrir hans réttir eftirkomendur hafa samþykkt við þá er landið byggja. En hvervetna þar sem lögbók sker eigi skilríkliga úr, þá skal eg eftir því hvers manns mál dæma sem eg vil andsvara fyrir guði á dómadegi að réttlíkast sé eftir minni samvisku, og þó með þeirra vitrustu manna ráði og samþykki sem þá eru í hjá mér, svo um ríkan sem um fátækan, ungan sem um gamlan, sakaðan sem um sífjaðan, skyldan sem um óskyldan.³ Svo sé mér guð hollur sem eg satt segir, gramur ef eg lýgur.

1 Kaflann vantar í 343.

2 343 hefur hausavíxl á köflum 9 og 10 miðað við 350 og útgáfur.

3 skyldan sem um óskyldan: vantar í 343

11 *Hér segir bónda eiðstað*

En að bændur og alþýða viti sig því skyldari til hollustu og þegnskyldu og hlýðni við konung, þá skulu þeir þenna eið sverja konungi, svo margir menn af hverju fylki sem honum líkar: Til þess legg eg hönd á þessa helga dóma, og því skýtur eg til guðs, að eg skal vera hollur og trúr mínum herra N. Noregs konungi, bæði opinberliga og leyniliga, með öllum mínum mátt og megni, svo sem góður þegn skal góðum konungi. Veita skal eg honum alla lögliga þjónustu og rétta þegnskyldu eftir lögum og þeim hlunnindum sem hinn heilagi Ólafur konungur skipaði milli konungs og bónda og þeirra manna sem landið byggja, með hvorra tveggju samþykki. Svo sé mér guð hollur sem eg satt segir, gramur ef eg lýgur. Ábyrgi eg mér þenna eið og öllum þeim sem í Noregs konungs ríki eru, öllum og óbornum, og konungs eiðs eigu að njóta. Eru eigi aðeins þeir skyldir að ábyrgjast þenna eið er sverja, heldur allir þeir sem í konungs þegnskyldu eru, alnir og óbornir. Svo eru og allir menn í landinu skyldir til trúleiks við konung sinn, þó að eigi sveri honum allir trúnaðareiða á þingi, því að Noregs konungur er jafnskyldur að fylgja þeim til réttra mála sem heima eru sem þeim er þá eru hjá honum á þingi er hann trúlofar eður sver lög og réttindi að halda og dæma þegnum sínum. Það vitu og allir menn að það barn sem fætt er á síðasta degi eður ári konungs ævi, að konungur er jafnskyldur því rétt að gjöra sem þeim er honum sór eið¹ á fyrsta þingi. Svo eru honum allir skyldugir til allrar lögligrar þegnskyldu þeir sem laga vilja njóta og þeirra vilja verðir vera. En konungur og byskupar, lærðir menn og barónar, og alþýða með þeim, skal fylgja hinum heilaga krossi og helgum dómum aftur til kirkju. Síðan skal konungur ganga til altaris og taka þar blessan og gangi síðan til herbergiss og fylgi honum allir hinir bestu menn.²

1 *honum sór eið*: útgáfur hafa hann sór eið

2 Þessi kafli er styttri í 343 og heppilegast að birta hann í heild: *En að bændur og alþýða viti sig því skyldari til hollustu og þegnskyldu og hlýðni við konunginn, þá skulu þeir þenna eið sverja, svo margir menn úr hverju fylki sem konungi líkar: Til þess legg eg hönd á helga dóma, og því skýtur eg til guðs, að eg skal vera hollur og trúr mínum herra N. Noregs konungi opinberliga og leyniliga meður öllum mínum mátt og megni, svo sem góður þegn skal góðum konungi. Veita skal eg honum alla lögliga þjónöstu og lýðskyldu meður öllum lögum og hlunnindum þeim sem hinn helgi Ólafur konungur skipaði millum konungs og bónda meður hvorra tveggja samþykkt. Svo sé mér guð hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg. Ábyrgi eg mér þenna eið og öllum þeim sem í Noregs konungs þegnskyldu eru, öllum og óbornum. Eru eigi aðeins þeir skyldir til að ábyrgjast þenna eið er sverja, heldur allir þeir er í konungs þegnskyldu eru, alnir og óbornir, og þeir sem konungs eiðs vilja njóta. Að kaflanum loknum í 343 halda áfram hirðsiðir úr hirðskrá Magnúsar konungs Hákonarsonar frá 1277, sem ekki gerist í 350 eða útgáfum, sjá inngang á bls. 23.*

Hér hefur upp hinn þriðja hluta íslenskrar lögbókar og segir fyrst um konungs þegnskyldu, hversu marga peninga sá maður skal eiga fyrir sig og ómaga sína er skattgildur er konungi

1 Í nafni vors herra Jhesu Christi, þess er vor er vernd og varðveisla, líf og heilsa, skulum vær konungi vorum eður hans lögligum umboðsmanni eigi synja slíkrar þegnskyldu sem vær höfum honum játað, að hver sá bóndi er skyldur að gjalda skatt og þingfarar kaup er hann á fyrir sjálfan sig og hvert skuldahjón sitt kú eða kúgildi, skip eður nótt, og skal hann eiga umfram eyk, uxu eður hross, og alla þá bús búhluti er það bú má eigi þarfnast.¹ En skuldahjú hans eru þeir menn allir sem hann á að skyldu fram að færa og þeir menn sem þarfast að fyrir því búi vinni.² En þetta eru alls tuttugu álnar af hverjum bónda.³ Skal konungur taka tíu álnar, en aðrar tíu álnar sá sem konungur skipar sýslu meður slíkri afgreiðslu sem lögbók vottar af þeim tíu álnum sem þingfarar kaup heitir. Svo skal og hver maður gjalda skatt, einhleypur karl eður kona, þó að hann sé búlaus, ef hann á tíu hundruð fyrir sjálfan sig skuldalaust. R.B.H.K. Og hundrað fyrir hvern ómaga sinn og eitt hundrað umfram [1314, 3]. En eigi skal meira gjaldast en einar tuttugu álnar þar sem bóndi eður húsfreyja andast frá, og halda feðgin, systkin eða mæðgin⁴ eður aðrir arfar saman þeim búnaði, hvort sem hann er meiri eða minni. En sá sem í brott fer með sinn hlut, gjaldi sem fyrr vottar. En hver sem þetta geldur eigi forfallalaust áður menn ríða til þings,⁵ sekur sex aukum við konung. Skal þetta fé greiðast í vaðmálum og í

1 þingfarar kaup er hann á fyrir sjálfan sig ... það bú má eigi þarfnast: 343 hefur ranglega þingfarar kaup er skuldahjú hans hvert á kú eða kúgildi. Skip eða nótt skal hann eiga umfram eyk, uxu eða hross og alla þá bús búhluti er það bú má eigi þarfnast

2 þeir menn sem þarfast að fyrir því búi vinni: 343 og útgáfur hafa þeir verkmenn sem þar þurfu að skyldu fyrir að vinna

3 af hverjum bónda: 350 bætir við eða búlausum manni þeim er skatt á að lúka og fer villt, eitt handrita sem máli skipta

4 feðgin, systkin eða mæðgin: 343 hefur aðeins systkin

5 þings: 343 hefur alþingis

allri skinnavöru, í ullu og húðum, og þar gjalda sem hann hefir heimili átt fyrir fardaga, þó að hann færi heimili sitt í annan stað. R.B.E.K.¹ Sá skal skatt gjalda sem búnað reisir en eigi sá er bregður búi ef hann hefir minna fé en tíu hundruð skuldalaust og ómagalaust [1294, 49].

2 *Hér segir á hverjum tímum sýslu skal reka*

Svo er tekið að sýslumaður skal eigi fjölmennari reka² sýslu sína en við hinn tíunda mann. Á þessum tímum skal eigi sýslu reka hér á landi: Frá alþingi til Maríumessu síðari. Frá Marteinsmessu og til Hallvarðsmessu, og fara mánað um Austfirðingafjórðung. Frá Hallvarðsmessu til þings framan og mánað milli síðarri Maríumessu og Marteinsmessu, og svo í öðrum fjórðungum á þessum tímum þá er sýslumaður vill, um sinn á hverjum tólf mánuðum, nema bændur sjálfir beiðist oftast eður nauðsynjar beri til að þingað sé, og reka sýslu mánað³ síðan hann kemur í Norðlendingafjórðung og mánað um Sunnlendingafjórðung, sex vikur um Vestfirðingafjórðung síðan hann kemur í sýslu sína eftir réttri tiltölu, þó að fleiri sé sýslumenn í hverjum fjórðungi en einn. Eigi skulu sóknarmenn sýslumanna fleiri en fjórir í fjórðungi hverjum, en tveir þar sem sýslumaður situr í fjórðungi. R.B.H.K. Það er fyrirboðið að þeir sé lénsmenn sem eigi eru fullveðja aftur að bæta það sem þeir taka óréttliga utan bændur samþykki annað [1314, 4].

3 *Hér segir um rétt útlendra manna*

Ef útlendir menn vanvirða menn og skemma eður frændkonur manna, og með hverju móti vorir landsmenn eigu síns réttar að krefja af útlendum mönnum, þá er vel ef þeir sættast sjálfir sín í milli, ella kæri sá sig fyrir sýslumanni sem mishaldinn er. R.B.H.K. En hann gjöri rétt af hinum útlenda manni er brotligur varð fyrir Ólafsmessu fyrri. Svo sé þeim hinum útlendum mönnum rétt gjört ef þeim er rangt gjört. En ef sýslumaður fyrirnemst⁴ rétt að gjöra þeim sem vanhaldinn er,⁵ þá svari hann sektinni⁶ [1305, 1] og dæmi lögmaður og skynsamir

1 R.B.E.K.: 343 og útgáfur hafa R.B.H.K.

2 reka: 343 hefur *ríða* og *reka*

3 nauðsynjar beri til að þingað sé, og reka sýslu mánað: 343 hefur *nauðsynjar beri til og reka sýslu mánað* en útgáfur *nauðsyn beri til að þingað sé oftar*. Og skal reka sýslu mánað

4 fyrirnemst: útgáfur hafa *afrækist*

5 þeim sem vanhaldinn er: vantar í 343

6 sektinni: 343 hefur *sökinni*

menn með honum þeirra í milli, og slíkt sem dæmist taki sá af þingfararkaupum nær sér slíkt sem sýslumaður á frjálst þar til er hann hefir sitt fullt. En sýslumaður heimti sitt af honum eða missi ella. En stýrimaður sá er þá flytur brott í forboði sekist fjórum mörkum við konung, hvort sem veldur einn eða fleiri, og takist í Noregi sú sekt konungi til handa með því móti að sýslumaður vildi hér eigi rétt af gjöra.¹ Það er fullkomliga fyrirboðið að stýrimenn eður landsmenn taki aðrir hvorir samheldi með sér með fésektum að kaupa eður selja dýrra varning sinn en svo sem kaupi eður sali semja sín í millum. En sá er að slíku verður vitnisfastur svari slíkri sekt konungdóminum sem hann setti viðurlögu á einnhvern. R.B.E.K. Stefnu skal leggja við skip fyrir heyannir og eftir til kaupa við kaupmenn og seli þar hönd hendi [1294, 40]. R.B.E.K.² Um skuldir kaupmanna sekist hálfri mörk fyrir hundrað hvert það sem eigi er goldið að Ólafsmessu hinni fyrri forfallalaust,³ hálf konungi en hálf þeim er skuld á [1294, 28].

1 Hér setja 350, 343 og útgáfur síðan *R.B.H.K.* sem ekki stenst.

2 *R.B.E.K.*: 343 hefur *R.B.H.*

3 *forfallalaust*: vantar í 350

Hér hefur upp hinn fjórða hlut lögbókar er heitir mannhelgur og segir hversu mikið þegngildi konungur á

1 Það er fyrst í mannhelgi vorri að vor landi hver í Noregs konungs ríki skal friðheilagur vera við annan utan lands og innan lands. En ef maður vegur mann, hvort sem karlmaður drepur konu eður kona karlmann, þá fari sá útlægur. En konungur taki þegngildi þrettán merkur af fé eður eignum vegandans, nema hann vegi skemmdarvíg eður gjöri niðingsverk. Ef eign er í þegngildi greidd, þá skulu arfar veganda¹ lausn á eiga ef þeir vilja leyst hafa innan tíu vetra. En erfingi skal taka fé hins útlæga til varðveislu. Og af fé veganda dæmi tólf menn skynsamir lögliga til nefndir af réttaranum slík gjöld eftir laga skilorði sem þeir sjá réttlíga fyrir guði eftir atvikum og málavextir eru til erfingjum hins dauða einum. En allar aðrar frændbætur og saktal falli niður, svo að hvorskis frændur aðrir taki né gjaldi frammar en nú var skilt. R.B.E.K. Bóndi á vígsbætur hálfar um húsfreyju sína [1294, 20]. Nú ef eigi vinnst fé veganda bæði til þegngildis og bóta, þá skal svo skerða fyrir hvorum sem tala rennur til eftir fjármagni. En ef nökkur gengur á þetta, þá hefir sá fyrirgert fé og friði, landi og lausum eyri, og verði aldri bótamaður, og svo allir þeir sem ráð leggja með honum til þess að sú skipan sé rofin eður á hana gengið. Aldri skal og erfingi selja þær eignir er hann tekur eftir hinn útlaga meðan útlaginn lifir. En gjalda skal hann allar lögligar skuldir af eignum ef eigi eru lausafé til. Nú kann sá einhver atburður til að gjörast að konungur gefur mannsbana landsvist með bænarstað höfðingja eður annarra góðra manna, eður kemst hann á konungs fund og fær grið af honum, þá skal hann sig svo í frið kaupa við konung sem hans er miskunn til og bæta það sem eftir stendur sem góðir menn sjá að hann megi orka, og meður slíkum salastefnum sem hann fær undir staðið, nema áður sé allar bætur goldnar. Síðan skal þeirra mál fara til sættar sem eftir lifa eftir góðra manna dómi. En þeir sem fé hans varðveittu meðan hann var í útlegð greiði honum slíkt sem þeir tóku í eignum eður lausafé, utan landskyldir.

1 *veganda*: útgáfur hafa villuna *eiganda*

2 *Hér segir um skemmdarvíg og níðingsverk*

Engi maður má jörðu sinni fyrirgjöra nema hann vegi skemmdarvíg eða gjöri níðingsverk. Það er níðingsverk hið mesta ef maður ræður lönd eður þegna undan konungi sínum. En ef konungur kennir manni landráð, þá skal hann nefna mann úr hirð sinni til jafnborinn þeim er máli á að svara. En ef arfborinn maður á því máli að svara, þá skal nefna bóndason úr hirð, ef hann er til, og hafi rit og innsigli konungs til, og sæki það mál að lögum. En sá er arfborinn¹ er kominn er til alls réttar. Það er níðingsverk ef maður vegur mann í griðum eða tryggðamann sinn. Hvervetna þar sem maður á á sjálfum sér áverka að heimta eður þeim ómaga eður eigi² fulltíða manni er maður á umboð á að lögum eða stendur til arfs, og allra þeirra manna er hann á sjálfur rétt á,³ eður hefir hann til þess lögligt umboð tekið, þá skal sá sjálfur grið selja og veita tryggðir með sætt og vottum. Eru allir frændur undir þeim griðum og tryggðum sem sjálfur veitti hver. Það er og níðingsvíg ef maður vegur lögmann fyrir rétta lögsögn, þann er til þess er skipaður að segja mönnum lög, því að sá höggur niður réttindi manna þar sem hann á jafnskyldur að vera ríkum sem fátækum til lagaúrskurðar, þar sem hann er yfirskipaður. Það er og níðingsverk ef maður myrðir mann. Það er og níðingsverk ef maður brennir mann inni. Það er og níðingsverk ef maður hefnir þjófa. Það er og níðingsverk ef maður höggur hönd eða fót af manni eða stingur út augu manns eða sker tungu úr höfði manni, geldir mann eða meiðir að vilja sínum sjálfs. Svo eru þeir og óbótamenn er halda mönnum fyrir þessu einshverju⁴ nema konungur láti refsar til landhreinsanar. En ef það verður í vopnaskiptum, þá fari eftir því sem konungs umboðsmaður skipar með bestu manna ráði. En ef maður drepur föður sinn eða son, bróður eða móður, dóttur eða systur, þá er hann óbótamaður nema óðs manns víg vegi. Svo og ef maður drepur konu sína eður kona bónda sinn.⁵ Það er og óbótamál ef maður vegur mann innanstokks eða á töðuvelli úti eður innan garðs þess er hverfir um akur eða eng að heimili sjálfs hans, og á veg til og frá, nema hann veri hendur sínar. Svo og þeir menn er að slíkum ókynnum⁶ verða kenndir að þeir hlaupa í brott með eiginkonur manna,⁷ þá eru þeir óbóta-

1 *arfborinn*: 350 hefur *árborinn* en ljóst er af samhengi að skrifara hefur skjöplast

2 *eigi*: vantar í 350, 343 og útgáfur, en er í elstu handritum og hæfir samhengi

3 *rétt á*: útgáfur bæta við *ad lögum*

4 *einshverju*: 343 og útgáfur bæta við *sem sá er gjörir*

5 *bónda sinn*: útgáfur bæta við *það er óbótamál*

6 *ókynnum*: 343 og útgáfur hafa *óknyttum*, sem og elstu handrit

7 Sjá athugasemd aftanmáls í útgáfum á bls. 304 og 306; hér er hönd á spássíu 1580.

menn bæði fyrir konungi og karli, dræpir og deyðandi. Menn þeir sem láta líf sitt fyrir útilegu, þýfsku eður rán, hvort sem heldur ræna á skipum eða á landi, og svo fyrir morð og fordæðuskap og spáfarar allar og útisetur að vekja tröll upp og fremja heiðni. Svo og þeir menn sem gjörast flugumenn til að drepa þá menn er þeir eiga öngar sakir við og taka fé til, nema konungur¹ láti refsa til landhreinsanar og friðar. Svo og þeir menn er konur taka² með ráni eður herfangi í móti guðs rétti og manna, hvort er þeir taka eiginkonur manna eður frændkonur eður dætur fyrir utan vilja þeirra manna er forræði eigu á þeim að lögum og svo sjálfra þeirra, hversu sem síðan gjörist vili þeirra er samvista þeirra verður. Og svo þeir sem hefna þessa óbótamanna eður heimta gjöld fyrir svo að vitni vitu það, þá hafa þeir fyrirgert fé og friði, landi og lausum eyri.³ Og eru þeir allir friðhelgir er fé sitt verja eður eiginkonur⁴ eða frændkonur fyrir þeim. En hinir allir ógildir er til sækja, hvort er þeir fá sár eður bana, bæði fyrir konungi og karli. Það er og óbótamál ef maður falsar bréf eður innsigli konungs eður stæðja konungs í Noregi. Það er og óbótamál ef maður drepur þann mann er hann hefir fyrir sér bréf og innsigli konungs til landsvistar eður til rannsaks, ef sá vissi það er hann tók af. Það er og óbótamál ef maður tekur konu nauðga ef þar eru tvau lögleg vitni til að það er satt. Nú eru eigi vitni til en hon segist nauðg verið hafa,⁵ og segir hon það samdægris, þá dæmi tólf hinir skynsömustu menn eftir því sem þeim þíkkir líkindi til bera og hvort þeirra þeim þíkkir líkara til sanninda. En þó að kona geti vart sig fyrir góðkvensku sakir, svo að hann komi eigi vilja sínum fram,⁶ þá ber með öngu móti að hann hafi eigi refsing fyrir eftir dómi ef sannprófast að hann hafi fullan vilja til þess borið og haldi þó lífinu. Ef maður stendur mann á konu sinni meður löglegum vitnum, gjaldi sá full manngjöld bóndanum slík sem hann er maður til er konu lá, ef hann væri þá saklaus drepinn, en hálf manngjöld ef maður stendur mann á móður sinni, dóttur eða systur ef þær eigu sér eigi bændur. Skulu þessi gjöld dæma tólf skynsamir menn lögliga til nefndir af réttaranum.

3 *Hér segir um ránsmenn og þá er hernað gera hver sekt og útleigð við liggur*

Nú ræna menn eður herja, þá eru allir menn skyldir til eftir þeim að fara þeir sem megu nema fjórmenningar að frændsemi eður mægðum, þeir sem sýslu-

1 konungur: 343 hefur konungs umboðsmaður

2 taka: útgáfur bæta við nauðugar

3 landi og lausum eyri: vantar í 343

4 eður eiginkonur: vantar í 343

5 verið hafa: 343 hefur tekin

6 svo að hann komi eigi vilja sínum fram: vantar í 343 og 350 en er í útgáfum og elstu handritum

maður krefur til eður sá er fyrir ráni eða hernaði verður, hvort sem þeir hlaupa í hella eður hólma eða virki, eða eru á skipi, og hvar sem þeir hafa hæli er hernað gjöra. Sekur er hver sex aurum við konung sá er eigi fer lögliga til krafður. Það er hernaður er þeir taka menn eður fé manna af þeim nauðgum, berja menn eður binda eður særa. Nú róa menn skipi skipuðu að bónda eður gengur flokkur manna að garði hans og bera hann ofríki eða brjóta hús bónda og bera út fé hans, þá er það útleðarverk. En hver sá er í landi vill vera af þeim, færi aftur fé bónda allt það er þeir tóku og gjaldi konungi tíu merkur, en þeim fullrétti er fyrir ráni eður hernaði varð, eftir tólf manna dómi, eða fari útlægur.¹

4 *Hér segir hver vægð og miskunn á er gjör um óbótamál utan um landráð*

Nú hvervetna eftir norrænum lögum þeim sem skipaði hinn heilagi Ólafur konungur og hans réttir eftirkomendur hafa síðan samþykkt, að þar sem maður vegur skemmdarvíg eða gjörir níðingsverk, þá fari hann útlægur og óheilagur, og hafi fyrirgert fé og friði, landi og lausum eyri og jafnvel óðalsjörðum, og komi aldri í land aftur nema hann beri hersögu sanna þá sem landsmenn vitu eigi áður. Þá nái hann landsvist með slíku friðkaupi og miskunn sem konungur leggur á. En fyrir sakir fátæktar landsins og hins annars að mjög vottar svo forn lögbók hér að fátækir frændur útlagans eignist allt það hálf er hann átti, þá gjörum vær þá vægð og skipan á um aldur og um ævi að öll óbótamál utan landráð og drottinsvik við konung fari eftir því sem lögbók vottar, að lögligur erfingi taki hálf við konung bæði í föstu og lausu, að þeir hjálpi því fram og betur af því fé lögligum ómögum og fátækum frændum útlagans, þótt hér til hafi þess eigi meður lögum geymt verið. Og þó með því móti að ef nökkur fellur í slík óbótaverk, sem guð láti öngvan henda, þá skal fyrst bæt看 af lúka. En ef minna hleypur af en þegngildi, þá skerði svo fyrir hvorum sem tala rennur til eftir fjármagni.² En hvergi skal konungur eða erfingjar fyrr taka fé mannsbana og öngvan annan útlægan eyri en áður sé goldnar allar lögligar skuldir, þær sem fyrri voru gjörvar en fé veganda³ félli í þá sök. Ef maður týnir sér sjálfur, þá taki erfingi hálf fé hans með því skilyrði sem vottar um önnur óbótamál. En hálf standi í umsjá konungs umboðsmanns til slíkrar miskunnar sem konungur vill á gera eftir atvikum. Engi maður má meira fé fyrirgera að einu sinni en því sem þá er hann eigandi að vordinn. En ef manni tæmist arfur meðan hann er í útleð, þá skulu frændur hans þann arf taka. En ef konungur gefur honum lands-

1 Sjá athugasemd aftanmáls í útgáfum á bls. 304 og 306; hér er hönd á spássú 1580.

2 *eftir fjármagni*: vantar í 343

3 *veganda*: útgáfur hafa villuna *eiganda*

vist, þá skulu frændur hans honum það allt aftur gjalda með fyrri skilyrði sem þeir tóku og hann átti þá er hann féll í útleigð. En eigi eru frændur skyldir aftur að gjalda það er hann átti eður erfði og gjörði undan sér með skemmdarvígum eða níðingsverkum, nema síðan hafi með erfðum undir hann borið.

5 *Hér segir ef frjáls maður er seldur af landi í brott*

Ef maður selur frjálsan mann af landi í brott, þá er hann sekur þrettán mörkum við konung og komi manningnum í land aftur, og bæti honum eftir lögligum tólf manna dómi rétti slíkum sem hann er maður til. En ef hann má honum eigi aftur koma, gjaldi þann mann fullum gjöldum slíkum sem hann er maður til. En ef hann synjar, haldi fyrir séttareíði.

6 *Hér segir hver sekt er við liggur ef maður hýsir útlægjan mann*

Ef maður heimir eður hýsir útlægan mann, etur með honum eða drekkur, bóndi eður einhver annarra manna, þá er sá sekur mörk við konung fyrir eina nátt en tveimur fyrir tvær nætur. En ef hann er þrjár nætur meður honum og er hann gjör innan þess héraðs útlægur, þá er hann sekur þrettán mörkum við konung, nema honum sé óvísavargur er hýsir. Aldri skal þess sök meiri er hýsir en hins sök var þá er hann var útlægur gjör. En sýslumaður er skyldur að lýsa útleigð hans samdægris á þingi er hann veit að hann hefir útleigðarverk unnið.

7 *Hér segir ef maður er lostinn eða særður eða högginn á þingi*

Ef maður er högginn eður lostinn eða særður¹ á þingi eður samkundu, þá skulu allir eftir renna þeim er víg vakti til skógs eður skips, fjalls eður fjöru. En sá er eigi renn eftir, sekur hálfri mörk við konung, og svo sá er eftir renn og vill eigi taka hann, og má hann, og eru til þess löglig vitni. En ef eigi eru vitni til, syni með einseiði. Fjórmenningar eður nánari að frændsemi eður mægðum eru eigi skyldir eftir að renna nema vili. En hver sem björg veitir veganda, þá er hann útlægur, nema honum sé óvísavargur, og sveri fyrir einseiði. En ef maður er særður á þingi eða samkundu² og renna allir eftir til fjalls eða fjöru, skógs eður skips, þeim er víg vakti, og verður hann farinn,³ og ef hann vill að lögum verjast, þá leggi hann niður vopn sín og er hann þá friðheilagur meðan hinn sári

1 *högginn eður lostinn eða særður*: 343 hefur aðeins högginn

2 *eða samkundu*: tekið eftir útgáfum en vantar í 343 og 350

3 *farinn*: útgáfur hafa fundinn

lifir. Binda skal þann mann og færa sýslumanni, en hann á að varðveita hann og svo umboðsmaður hans ef honum er færður. En ef sýslumaður þarf liðs við að gæta hans, þá skal hann nefna svo marga bændur til með sér sem hann þarf þá sem næstir eru.¹ En ef hann kemst í brott frá sýslumanni og verður hinn sári dauður, þá er sýslumaður sjálfur í veði til konungs úrskurðar og skipi hann eftir málavöxtum með hinna bestu manna ráði þeirra sem hann kallar til með sér. En ef sýslumaður synjar honum viðtöku, þá skulu þeir hafa vitni við og setja hann bundinn á flet umboðsmanns, þá varðar honum slíkt hið sama nema ofríki taki af honum. En hvervetna þar sem sýslumaður tekur útlegðarfé, þá skal hann fá mann til að refsa þeim manni eftir dómi þingmanna. Eru bændur hvervetna skyldir að fylgja til refsingar. Sekur er hver hálfri mörk við konung er eigi vill fylgja.

8 *Hér segir hversu bæta skal óðs manns verk*

Ef óður maður brýst úr böndum og verður mannsbani, þá skal bæta af fé hans fullum bótum ef til er. En ef fé er eigi til og verður hinn óði heill, þá fari hann úrlendiss þar til er hann hefir fullum bótum bætt fyrir sig. En ef menn sjá æði á manni, þá bindi hann að ósekju hver er vill og hafi til þings og bjóði frændum. Síðan leysi hann þar og segi af sína ábyrgð, og taki kostnað sinn óaukinn af fé hins óða ef til er. En öllum mönnum öðrum² eigu menn vörð að veita að ósekju. En óður maður er ómagi arfa síns, og þó eigi fyrri en hann veit að hann er óður, og hann má koma höftum á hann ef hann vill. En ef sakaráberi kennir arfa hins óða að hann vill eigi varðveita hann, haldi fyrir einseiði. En ef óður maður særir mann, þá láti arfi uppi læknissfé og sárþætur af fé hins óða. En ekki á konungur á því. Nú er það því aðeins óðs manns verk ef hann brýst úr böndum eður skynsamir menn meta eða vita sanna æði á honum.

9 *Hér segir hver vera skal mannsbani og hversu hann skal undan færast*

Sá skal vera mannsbani er návistarmenn bera vitni um og þeir segja á hendur og eigi eiðum fyrir koma, nema því aðeins að hann hafi svo fjarri staddur verið á því dægri er víg var vegið að hann mátti eigi samdægris³ tvívegis til vígs fara og frá, og væri hann staddur að kirkju eða á þingi, skipi eða samkundu, þá

1 þá sem næstir eru: vantar í 343

2 öðrum: 343 hefur óðum og er því orði bætt við á spássíu 1580 og strik dregið yfir öðrum í meginmáli, en elstu handrit hafa sitt á hvað

3 samdægris: vantar í 350

beri þeir tólf þegnar hann undan er þá voru í hjá honum, frjálsir menn og fulltíða. En ef hann er í öngum þessum stað staddur og þó svo fjarri sem nú var mælt, þá færast hann undan með tylftareíði. En ef návistarmenn megu eigi til þings fara að bera vitni hér um fyrir einhverrar nauðsynjar sakir, þá skulu tveir menn bóka sögu þeirra á þingi. En ef maður er særður og má hann mæla þá er menn koma að honum, þá skal sá vera bani er hann segir það verk fyrst á hendur ef hann mælir af viti og má hann kenna hann, og kemur saga hans bókuð fram á fyrsta þing nema hinn færi sig undan með lögligum tylftareíði.

10 *Hér segir hversu vígi skal lýsa og hversu sækja skal vitnisburðar*

Ef maður er af tekinn, þá skal sá vera mannsbani er vígi lýsir á hendur sér. En lýst skal vera vígi samdægris innan héraðs og nefna sig á nafn og náttstað sinn og hérað það er hann er úr, og lýsi fyrir frjálsum manni og fulltíða, og skal það á örvarþingi fram koma um náttstað hans og skal húsbóndi sverja að hann nefndi sig svo á nafn og að hann var að hans um náttina. Víglýsing skal og þar fram koma á þingi. En ef maður vill eigi bera víglýsingarvitni eður sverja náttstað, þá fari til erfingi hins vegna og geri þeim fimmtarstefnu til þings að bera þar það vitni sem framast veit hann í því máli eftir lögum og sinni samvisku, og engu leynir hann af. En ef hann vill þá eigi vitni bera, gjaldi mörk, hálfa konungi en hálfa þeim er sækir, og svo skal um öll vitni vera. Upplýkt fjár þessa skal greidd vera á fimmtarþingi eða atförlu að taka hálfa meira. Eigi skal vegandi ganga um þrjá bæi svo að eigi sé vígi lýst frá þeim er víg var vegið, nema þar sé fyrir fjórmennningar eður nánari að frændsemi eður mægðum hins vegna, eður fjandmenn veganda búi þar fyrir þeir er honum liggur lífsháski við. En ef hann lýsir eigi svo vígi, þá er hann sannur morðingi og hefir fyrirgert fé og friði. En ef bæði kemur fram á fyrsta þingi víglýsing og saga hins sára, svo borin sem nú var skilt, þá skal saga hins sára standa en eigi víglýsing og ber þá morð af veganda þó að hann sé útlægur. En ef eigi kemur fram saga hins sára á fyrsta þingi, og kemur fram sjónarvitni og víglýsingarvitni, þá skal sjónarvitni standa ef það bera tveir menn frjálsir og fulltíða þar á þinginu en eigi víglýsing. En erfingi hins dauða skal fara í það hérað er sá maður lést úr vera. Og ef hann hittir þann mann er svo heitir og honum þíkkir líkastur til vera þessa verks, og ef hann gengur eigi¹ í gegn þá skal hann honum til þings stefna. Og á því þingi skulu tólf menn frjálsir og fulltíða af honum bera það verk og eigi nefndarvitni, og fari þar fram á þinginu. En ef hann vill eigi undan færast, þá er hann sannur

1 *eigi*: vantar í útgáfur, en hönd er á spássíu 1580 og í báðum útgáfum athugasemd aftanmáls, sjá bls. 305 og 306

að máli. En ef hann hefir undan færst, þá fari erfingi hins dauða og sæki svo marga menn sem hann vill þá er hjá voru til tylftareíða með hinu fyrri skilorði. En ef maður er lostinn eður særður, svo að hann má eigi mæla, þá skeri hann örvar upp þegar hann má mæla og skal það örvarþing þá jafnfullt sem það er samdægris eru örvar upp skornar. En ef hann er dauður, þá skeri erfingi örvar upp og láti þing stefna, en sýslumaður ef erfingi er eigi nær.

11 *Hér segir hvað banaráð eru og hversu það skal bæta*

Ef maður færir frjálsan mann í sker eða úteyjar og hvar sem hann kemur honum svo að hann fái bana af,¹ eður ræður manni banaráð eður sára og allt það er hinn fær skömm eður vanvirðing af hans ráðum. En það eru ráð ef maður mælir þeim orðum eður gerir það nokkuð að hinn sé lífi sínu að firr eða nökkurri skömm að nær ef það væri gjört er hann mælir, svo að hann vildi að það kæmi fram, bæti eftir lagadómi fullum bótum þeim er það mál á að lögum og svo konungdóminum, nema hinn færir undan að lögum. Það er og ráð ef maður gildir til þess að vopn skuli falla á hann sjálf eða fljúga að honum, eður voði nökkur, eður vísar manni á forað eður þar sem ólm kvikendi eru fyrir. Svo og ef maður vísar að manni alibirni eður ólmum hundi eður fælir hross að manni eður naut eður önnur kvikendi, svo að hann vildi að hinn fengi af skömm eður skaða, bæti sem fyrr segir.

12 *Hér segir um rétt þess manns er eigi er í föðurætt kominn*

Ef sá maður verður veginn sem eigi er í föðurætt kominn að lögum þó að hann sé nökkurum manni kenndur að syni, þá eigu móðurfrændur hans bæt看 og svo arf eftir hann. En ef hann er barður eður skemmdur, þá tekur hann rétt eftir móðurfeður sínum.

13 *Hér segir um voðaverk*

Voðaverk eru með mikilli skynsemd og miskunn greinandi, meður hverjum atburð er þau kunnu til að falla, því að þar sem maður tekur manni blóð eður leggur eld á mann eða það annað meður lækningu er hvortveggi hyggur heilsubót af skulu verða, þá er það bótalaust hvort er þeir fá þar af mein eður bana. En í öllum stöðum öðrum þeim er menn skulu sér til þarfinda vinna og mönn-

1 svo að hann fái bana af: 343 og útgáfur hafa svo að hann vill hann fái bana af

um til hagligra hluta lið veita, þá eru þessi voðaverk meir virðandi en hin sem ekki dregur nauðsyn til nema gáleysi og mikið skammsýni. Nú þó að tveir menn fari í skóg saman og skýst öx annars á annan á óvilja þess er á skafti hélt og deyr hinn af því, þá skal sá er það gjörði bæta þann mann fjórðungi bóta erfingjum hins dauða og syni vilja síns með séttareíði að hann vildi það verk eigi gjört hafa, og svo skal hvervetna þessor voðaverk bæta ef þeir hafast það að er til nytsemdar heyrir, hvort er menn fá af mein eða bana að óvilja þess er gjörði, og er þetta sektalaust við konung. En öll önnur voðaverk, svo sem er að skjóta eður kasta yfir skip, hús eður hæðir, eður aðra þarfleysu¹ að gera, hvort sem menn fá mein af, sár eður bana að óvilja þess er gjörði, þá skal það bæta hálfum bótum og syni þó vilja síns með séttareíði. Og er þetta sektalaust við konung. Ekki á konungur á voðaverkum. Það má eigi voðaverk kalla ef maður höggur eður lýstur til manns þó að á annan komi en hann vildi,² með því að hann vildi einshverjum illt gera. Nú heldur maður á vopni en annar hrasar að og skeinist eður meiðist þar á, bæti eftir dómi og atvikum og þó aldri meira en fjórðungi bóta, en minna ef svo dæmist. En ef annar hrindur manni á vopn, bæti sá hálfum bótum og syni þó vilja síns með séttareíði. En hvar sem maður hefir komið vopni sínu og hefir hann eigi sjálfur á haldið, og sver hann þess að hann hugði að þar skyldi öngum manni mein að verða, þá bæti öngu þó að menn skeinist á nema sjálft falli ofan ef maður hefir upp fest. Þá bæti sá er upp festi fjórðungi bóta.³ En ef annar maður kemur við, þá bæti sá fjórðungi bóta og syni þó vilja síns með séttareíði,⁴ en hinn sé við skildur er upp festi vopn. Nú gengur maður til leiks, fangs eður skinndráttar að vilja sínum, þá ábyrgist hann sig sjálfur að öllu þó að hann fái mein af eður skaða. En sá sem lék við hann skal synja vilja síns meður séttareíði eða bæti eftir dómi.⁵

14 *Hér segir um skot, knúfalög og rýtningaburð*

Það er öllum mönnum kunnigt að rýtningar eru fyrirboðnir að bera. En sá er ber er sekur þrimur aurum við konung. En sá er knífi bregður að öðrum manni og kemur eigi fram, það skal hann bæta fullrétti þeim er hann brá að eftir sex manna dómi en konungi þrimur aurum. En ef maður leggur mann með knífi þá

1 *þarfleysu*: tekið eftir útgáfum en 350 hefur *þarflausu* og 343 *þarflausu*

2 *en hann vildi*: vantar í 350

3 *jjórðungi bóta*: útgáfur bæta við *og syni vilja síns* en 343 hefur aðeins *þá bæti jjórðungi bóta*

4 *með séttareíði*: vantar í 343

5 *eða bæti eftir dómi*: vantar í 343

er sá útlægur og bæti þeim er hann lagði eftir tólf manna dómi fullrétti¹ sem þeir sjá að hinn sé vel sæmdur af er lagður var. En konungs sóknari skal taka þann mann er lagði og færa á þing. Og umboðsmaður konungs taki kníf þann er hann lagði með og keyri þar á þinginu í gegnum hönd þess er lagði og skal hann sig svo í frið kaupa við konung meður þessarri refsing ef hinn lifnar, og ábyrgist sjálfur sár sitt hversu sem honum tekst til. En ef sá deyr af laginu er saklaus var lagður, þá er sá dræpur og deyðandi er lagði. En ef sá kemst undan er lagði, þá fari hann útlægur og komi aldri í land aftur nema konungi sýnist nökkurar nauðsynjar til þess verks gengið hafa. En fé veganda fari eftir fyrra skilorði, bæði þegn og bætur. Meður sama skilorði skal og vera ef maður skýtur að manni þó að ekki taki. Þá bæti konungi þrimur aurum sá er gjörði. En þeim fullrétti er hann skaut að eftir sex manna dómi. En ef maður særir mann með skoti, þá skal sá er skaut slíka refsing fyrir taka sem hinn er lagði með knífi og undir sama skilorði. Og svo þó að sá deyi er skotinn var, þá skal sá er skaut undir sömu refsing sem hinn er lagði, bæði þegn að greiða og svo bætur.

15 *Hér segir sekt á mannsbiti*

Það er óviðurkvæmiligt að menn bítist sem hundar eður hestar. Nú sá maður er bítur mann, þá skal sýslumaður taka þann mann er mann beit og færa á þing og láta brjóta² framan tenn³ úr höfði honum, og sé síðan sektalaus við konung fyrir þessa refsing um þetta mál, nema skynsömum mönnum virðist nökkur sú nauðsyn til hafa gengið að hann megi bótum fyrir sig koma, þá bæti hann og svo þeim sem hann beit eftir því sem tólf menn dæma og þeir vilja svara fyrir guði að hinn er vel sæmdur af er bitinn var.

16 *Hér segir hversu fara skal eftir veganda og hver hann á að refsa*

Svo er mælt og staðfastliga tekið um allt landið að ef maður vegur mann eður veitir þær ákomur eða gjörir nökkur þau verk er hann á að láta fyrir líf eður limar að lögum, þá skulu þeir er næstir verða staddir eður þeir sem fyrst megu ná taka þann mann og færa sýslumanni bundinn eður fjöttraðan. En ef þeir gjöra eigi svo og megu þeir því við koma, svo að þeir megi öngva skömm eður skaða af honum fá, þá er hver þeirra sekur hálfri mörk við konung nema fjórmenn-

1 fullrétti: vantar í 343 og útgáfur

2 láta brjóta: þannig í 343 og elstu handritum en 350 og útgáfur hafa brjóta

3 framan tenn: 343 hefur fram tenn

ingar að frændsemi eður mægðum og nánari.¹ Þeir eru eigi skyldir að taka þann mann eða færa á þing nema þeir vili. Sýslumaður er skyldur að taka þann mann og færa á þing. En bændur eru skyldir að dæma þann mann eftir lögum á þingi. En sýslumaður er skyldur að láta refsar honum eftir lögum.² Nú er þessu fyrir því svo skipað að þetta mega öngir syndalaust gjöra nema sá sem dómari er og konungur hefir til þess skipað, því að lögin refsar en eigi hann þó að hann gjöri skyldu sína eftir því sem lögin bjóða honum. En aðrir gera með heift og öfund. Og þó veitir það oft að þeir fá fyrst mannskaðann en svara síðan stórum skriftum með frekum fégjöldum. En hver sem öðruvís gjörir og prófast að hann mátti þessu við koma, þá er hann útlægur þar til er konungur gerir aðra skipan á eftir málavöxtum, hvað nauðsyn eða vorkynnd til rak þann er gjörði. Nú hefir sá eigi liðskost til sem að telur,³ þá skal hann segja sýslumanni. Og ef sýslumaður krefur liðs með sér, þá er hver sá sekur mörk við konung er eigi fer nema fjórmennningar útlagens að frændsemi eður mægðum eða skyldari.⁴ Nú eru þeir allir friðhelgir sem að sækja en hinir allir útlægir er verja, hvort er þeir fá ben eða bana, og óheilög hús þeirra ef brjóta þarf. Nú hlaupa útlaga menn í auðnahús eður þau hús er þeir menn eru fyrir er eigi vilja verja þá, þá eiga þeir er að sækja að brjóta hús að ósekju til þeirra ef þarf og bæta þeim fyrir skaða er hús átti eftir því sem sex skynsamir menn meta. Nú verður sýslumaður eður hans umboðsmaður þar viðstaddur sem maður er högginn, lostinn eður særður, og vill hann eigi eftir renna þeim er víg vakti, þá fellir hann með því þá konungs sekt sem við liggur, hver sem þá vill eigi eftir renna.

17 *Hér segir hvað þeir eiga að skoða, óttast og varast er dæma skulu*

Nú af því að lögbók vottar svo víða að þá menn sem til refsinga hafa gert skal á þing færa og dæma eftir lögum og eftir þeim dómi refsing á leggja, þá ber þeim innvirðuliga að rannsaka og með mikilli skynsemd og hófi að meta er til dómanna eru nefndir, hvort misgert er við saklausan mann eða fyrir litlar sakir og þó nökkurar, eður fyrir miklar sakir og þó eigi nógar, eða fyrir svo nógar að full nauðsyn og vorkynnd þikki til hafa rekið þess verks þann er gerði.⁵ Svo og hvort nökkur hafa lagaboð í milli komið eður engi, eða það sem harðast er að sá hafi bóta beiðst er misþyrmt var og öngar fengið. Svo og hvort nökkur var

1 og nánari: vantar í 343

2 eftir lögum: útgáfur hafa eftir dómi að lögum

3 liðskost til sem að telur: útgáfur hafa liðskost til, til að taka hann sem að telur

4 eða skyldari: vantar í 343

5 þess verks þann er gerði: vantar í 343

kært fyrir réttaranum er lagaúrskurðurinn sjálfur er skipaður yfir þeim mönnum er á saklausum mönnum vinna. En því er dómurinn til nefndur að þá skal rannsaka og meta sakir og misgjörningar og tempru svo dóminn eftir málavöxtum sem þingmenn og réttarinn sjá réttast fyrir guði, og þeir vilja svara fyrir guði á dómadegi eftir sinni samvisku. En eigi sem margur snápur svarar að þeir dæma ekki utan lög, því að sannliga skulu þeir því fyrir svara sem lögin votta þeim á hendur er vonða menn láta ódæmda eður vanrefsta undan ganga. Svo og ef vanrefst er af hendi dómarans og svo ef ofrefst er þeim sem miskunnar eru verðir af þarfnan þeirra tillögu. Finnast og nóg dæmi til þess að þeir hafa hlotið harðar hefndir af guði sem vandæmt hafa en þó hinir harðari sem ofdæmt hafa, og því eiga dómendur dóminn hvervetna til betra vegar að færa ef þeir vitu jafnvíst hvor tveggja og er allmjótt mundangs hófið. En því mjóra sem það er, þá eru þeir því sælli sem svo fá hæft þeirra fjögurra systra hófi sem í öllum réttum dómum eigu að vera að guði líki en mönnum hæfi. En það er miskunn og sannindi, réttvísi og friðsemi. Miskunn á að varast að eigi komi grimmd eða heift í dóma. Sannindi ber að geyma að eigi verði logið fram borið. Réttvísi á að varast að eigi verði með rangindum hallað réttum dómi. Friðsemi á að varðveita þar til er réttur dómur fellur á, að eigi verði með bræði ákafur áfellisdomur á lagður. Og því geymi dómarar þessa að þetta er æ því þurftuligra í öllum dómum sem gjör verður að reynt. En að menn varist því meir ranga dóma, þá má varla illt varast nema viti. Og því minnst menn jafnan á að með fjórum háttum megu verða rangir dómar. Annaðhvort með hræðslugeði þar sem maður óttast þann sem hann skal um dæma, elligar með fégirnd þar sem maður sníkir til nökkurrar fémútu, eða með vináttu þar sem maður vill lið veita félaga sínum, eður með heift þar sem maður hatar þann mann er hann skal um dæma. Og er þá illa skipað ef þessum hórbörnum er inn vísað en hinar skilgetnu systur eru á brott reknar, þær sem áður eru taldar, því að illa man sá dómur virðast fyrir góðum mönnum en allra verst fyrir guði. Er og æ því betur sem þessi kapítuli er oftast lesinn þar sem um stór mál er að dæma. Minnst menn og einkanliga að fá þeim mönnum prest er til bana eður limaláts eru dæmdir áður en þeim er refst og gefi til þess góða tómstund, því að illt verk skal hata en elska manninn af náttúruligu eðli, en sálina allra helst sem sinn jafnkristinn.

18 *Hér segir um þá vægð sem á er ger við manndrápara*

Nú ef maður verður manni að skaða eða gjörir önnur útleugarverk þau er svo virðist lögmanni og sýslumanni og öðrum skynsömum mönnum að sú nökkur nauðsyn eður vorkunn hafi til gengið þeim er gerði að hann megi fyrir það

halda lífi eður limum, og hafi hann boðum í milli komið bæði við erfingja og svo konungdóminn, þá skal þann mann að ósekju flytja til Noregs¹ til slíkrar miskunnar sem konungur vill á gera við hann. En hver sá maður er manni verður að skaða, þá skal utan fara sem fyrst má hann þó að hann hafi nokkur nauðsyn til rekið þess verks, hverja miskunn sem konungur vill á gera um landsvist hans þá er hann kemur á konungs vald. R.B.H.K. Svo er og staðfest að alla þá vandræðamenn sem komast á kirkjunáðir skal sektalaust flytja til Noregs og koma þeim þar í kirkju eftir lögmanns ráði og sýslumanns,² utan þá sem kirkja á eigi að halda eftir lögum [1314, 7].

19 *Hér segir bardagasektir á þingum*

Ef menn berjast á Öxarárþingi, fari sem fyrr vottar lögbók og svo féskipti, og svo ef menn verða vegnir eður særðir lemstrarsárum sem vottar um önnur óbótamál. En ef menn berjast á öðrum þingum eður fimmtarstefnum, fyrir lögmanni eða í brúðlaupum, um jól eður skírdag og fram um páskaviku, þá eykst réttur þeirra að helmingi er fyrir skemmdum eður sársaukum verða. Svo eykst og að helmingi sekt við konungdóminn, því að sjálfsett eru grið í þessum stöðum öllum og á þessum tímum. En ef maður særir mann eða ber eður skemmir fullréttisverkum í heimili sjálfs hans, þá eykst að helmingi réttur þeirra er fyrir skemmdum eður sársaukum verða. Svo eru þeir og hálfu meira sekir við konung er heimsókn veita eður heimafrið brjóta ef hinir lifna, en meður öllu útlægir ef þeir deyja.

20 *Hér segir um sekt ef maður bindur frjálsan mann*

Ef maður bindur frjálsan mann að ósynju, gjaldi konungi fimm merkur, en hinum fullrétti er bundinn var eftir tólf manna dómi, þeirra sem réttarinn nefnir til lögliga. Binda má maður þjóf að ósekju og alla þá menn er hann kennir að ódádaverk hafa gert. Og hefir hann vitni til að hann gat eigi öðruvíss fært þann mann til réttarans. En ef hann hefir eigi vitni til, syni með einseiði.

1 til Noregs: 343 og útgáfur hafa utan

2 og sýslumanns: vantar í 343 og útgáfur

21 *Hér segir sektir á höggum og lemstrarsárum*

Ef maður lýstur mann með heiftugri hendi þar sem eigi eru gridastaðir, með öxi, lurki eður steini, þó er högg að maður reiði það fram að manni¹ er hann veit að sjálft man hlaupa að honum ef hann lætur laust, svo og ef maður fellir á mann það sem hinn fær högg af. Nú skal hann bæta konungi mörk fyrir hið fyrsta högg. En ef hann slær annað samfleytt, bæti konungi tveimur mörkum. En ef hann slær hið þriðja samfleytt, bæti konungi þrimur mörkum. En ef hann slær hið fjórða samfleytt, bæti konungi fimm mörkum. En ef hann slær hið fimmta samfleytt, bæti konungi þrettán mörkum. En þeim sem fyrir varð bæti² eftir tólf manna dómi lögliga til nefndum af réttaranum, hvort sem er eitt högg eða fleiri. En ef maður lýstur í höfuð manni eður höggur eða hrindur á kaf eða hvefðir skipi undir manni á djúpi, eða brýtur farskost manns svo að þeim er hætt á djúpi,³ eður særir mann lemstrarsárum, hvort sem það er högg eður sár, bæti konungi tveimur mörkum fyrir hverja grein þessa. En hinum sem fyrir varð bæti eftir tólf manna dómi lögliga til nefndum af réttaranum. En það eru lemstrarsár er maður er síðan verr fær en áður eður eigi hylur hár eður klæði og jafnan má á sjá. En ef sá vill eigi bæta er misgjörði, lögliga til sóttur, fari útlægur svo langt sem þingmenn dæma. Nú vill sá eigi bætur taka er fyrir vanvirðingu varð eður sýslumaður, þá friðhelgar hann sig til dóms, hvort sem þeir taka við eða eigi. Nú ef einn maður lýstur, höggur eða særir tvo menn eður fleiri í einu atvíg, gjaldi sinn rétt hverjum þeirra og svo konungi slíka sekt sem fyrr var skild.⁴ En ef tveir menn eður fleiri særa einn mann eður ljósta, þá er hver þeirra sekur fullri sekt fyrir sig við þann sem fyrir varð. En við konung slíkum rétti sem áður var skilt. Nú ef annars sár gróa en annars eigi og fær sá af því bana, þá er sá útlægur er þau sár veitti er eigi vilja gróa og hann einn haldi upp fullum bótum og manngjöldum slíkum sem tólf menn dæma eftir lögum fyrir þann mann, og svo konungi þegngildi.⁵ En þeir menn sem mönnum veita lið til eður föruneysi, hylla⁶ eður samþykkja með þeim þann hug að taka

1 reiði það fram að manni: 343 og útgáfur hafa reiðir frá manni

2 bæti: á spássú 1580 er fullrétti

3 eða hvefðir skipi ... hætt á djúpi: 343 hefur eða hvefðir skipi undir manni, eða brýtur skip undir manni á djúpi en útgáfur eður hvefðir skipi undir manni eður brýtur farskost manns svo að honum er hætt á djúpi

4 gjaldi sinn rétt hverjum þeirra ... sem fyrr var skild: 343 hefur bæti sinn rétt hverjum þeirra, en konungi slíkum rétti sem áður var skilt, og svo þeim er fyrir varð

5 slíkum sem tólf menn dæma ... svo konungi þegngildi: 343 hefur slíkum sem tólf menn dæma, og svo þegn

6 hylla: 343 hefur halda

menn af, svari slíku fyrir konungdóminum og erfingjum hins dauða sem réttarinn konungdómsins og skynsamir menn tólf dæma með honum eftir lögum og atvikum. En landsvist þeirra sé undir konungs miskunn.

22 *Hér segir hversu réttarinn skal menn sætta og sekt hans ef hann gerir eigi rétt*

Nú vill sá eigi bæta er misgerði, þá skal sá er misgjört er við kæra fyrir konungs umboðsmanni þeim sem hann hefir sitt réttindavald í hendur fengið. Þá skal réttarinn stefna honum fyrir sig til þings¹ og nefna þar tólf skynsama menn að dæmi þeirra í milli að áður teknu prófi og seti á salastefnur. Og ef sá vill þá eigi gjalda er misgerði það sem dæmt var, þá sæki út með dómrofum og atferðum. Nú vill sá eigi bæta er misgerði, en konungs umboðsmaður afræktist rétt að gera þeirra í milli, og hefnir sá síðan er misgert var við sinna svívirðinga, og verður hefndin meiri en hinn gjörði til. En það sem í milli ber eftir skynsamra manna dómi þá er þeir sættast, þá skal það gjalda hálf sá er hefndi sín en hálf konungs umboðsmaður, bæði konungi og svo þeim er fyrir vanvirðu varð, því að hann afræktist rétt að gjöra. En ef sá hefnir sín svo að hefndin verður eigi meiri en áður var til gert, þá er hann saklaus við konung um það mál, því að hann beiddi réttar síns áður² og fékk eigi.³ En umboðsmaður konungs gjaldi einn saman slíkan sakareyri konungi sem á þeim verkum eður áskilnaði stóð,⁴ því að hann afræktist rétt að gjöra. Hvervetna þar sem sá kærir sig fyrir réttara er misgert er við, þá á réttarinn fyrri að gera þeim rétt sem mishaldinn er en taka konungi sekt til handa. Og hvervetna þar sem dómurinn vægir eftir mála-vöxtum þeim er misgert hefir og fellir rétt þess er fyrir vanvirðing varð, þá ber betur rétturum konungdómsins að fella eftir því konungs sakeyri ef þeir vilja rétt með fara, því að svo gjörir konungur sjálfur um þegngildi.

23 *Hér hefur upp og segir konungi sektarfé á blaki öllu*

Ef maður hrifur mann svo að blæðir eður klýpir svo að blátt er eða lýstur mann pústur eða hnefahögg, eður ryskjast menn eða berjast með hnefum og með hverjum hætti maður fellir mann af baki ef hann ríður eða hrindur,⁵ eður eys eldi á mann svo að hann brenn eða hár eður klæði af honum, og svo ef maður stingur öxarskafti eður spjótskafti á manni með heiftugri hendi, bæti þeim er

1 stefna honum fyrir sig til þings: 343 hefur stefna báðum til sín

2 áður: vantar í 350

3 og fékk eigi: vantar í 343

4 sem á þeim verkum eður áskilnaði stóð: 343 hefur sem við liggur

5 ef hann ríður eða hrindur: 343 hefur er hann ríður en útgáfur eður hann ríður á mann

misgert var¹ við eftir sex manna dómi. En konungi hálfa mörk fyrir hverja grein þessa. En um blak allt og svo ef maður hrindur manni eða drepur hross undir manni, eða hnykkir til sín eður frá eða á hverja lund maður fellir mann eða hnykkir hetti að hálsi manni, eður rífur klæði af manni eður byrgir mann í húsi svo að hann kemst eigi í brott nema hann brjóti húsið, eður tálmar ferð manns eða eys á mann saur eður vætu, eður sker hár eða klæði² af manni með heiftugri hendi, og allt annað það er manni verður með öfund misþyrmt með þeim hætti að sá gefur sök á er fyrir verður og hafa skynsamir menn séð á, þá skal sá er misgerði bæta eftir löglegum sex manna dómi þeim er fyrir varð en konungi tvo aura fyrir hverja grein þessa.³ En þó að engin sé vitni til þá eigi hann kost að beiða út réttar síns þegar hann vill. En ef sá synjar er fyrir sök verður, syni með lýritareíði eður bæti sem áður var skilt. En ef maður hleypur að manni með heift og verður haldinn, bæti eftir dómi þeim sem hann hljóp að en konungi tvo aura. En ef maður hleypur að manni og heldur sér sjálfur, það heitir argafas. Öngan á konungur rétt á því. Sakaráberi skal vera fyrir sök hverri en enginn sóknari skal gefa sök á annars sæmdum eða fjárhlutum nema heimiliskviðarvitni fylgi, og þó því aðeins ef verða lemstrarsár eða þaðan af stærri. En ef minni eru þegar sá gefur sök á er málaefni á, þó að hann sættist og gefi upp síðan, þá á konungur rétt sinn og megu hans sóknarar sækja þegar þeir vilja honum til handa. Engan á konungur rétt á þeim manni sem engan á sjálfur á sér. R.B.E.K. Ef maður særir mann, bindur eður ber eða skemmir fullréttisörðum eður verkum og vitu það vitni, og krefur sá lagafestu er fyrir vanvirðu varð en hinn neitar, þá sekist hann hálfri mörk, hálf konungi en hálf þeim er mál á⁴ [1294, 32].

24 *Hér segir ef fénaður verður manni að skaða* *hverju sá skal fyrir svara að lögum er átti*

Nú er graðungur í yxnatali þar til sem hann er þrevetur og ábyrgist sem fyrir annan fénað. En ef graðungur eður uxi verður manni að skaða, þá skal erfingi beiða út uxa eða graðungs.⁵ En eigandi leggi band við og fái honum í hendur eða hans umboðsmaður. En ef eigandi vill það eigi og fæðir hann síðan graðung eður uxa, bæti þeim er fyrir verður eður hans erfingjum tíu mörkum og uxann eður graðung á ofan og fellur niður konungs réttur. Ef hestur eður hross

1 þeim er misgert var: 343 hefur þeir er misgjörðu

2 eða klæði: vantar í 343

3 fyrir hverja grein þessa: vantar í 343

4 R.B.E.K. ... háft þeim er mál á: vantar í 343

5 eða graðungs: tekið eftir útgáfum en vantar í 350 og 343

bítur mann eða lýstur, eður stangar naut eða svín höggur, bæti sá er þann fénað átti hálfum sárbotum þar til er bót er slíks verð sem það kvikendi er vert er hinn fékk mein af, eftir sex manna dómi, nema þeim sýnist af þess völdum vorðið hafa er mein fékk, hafi fyrir eftir dómi. En ef hundur bítur mann, þá krefi sá hunds er bitinn var en hinn leggi band á og fái honum í hönd er bitinn var,¹ nema skynsömum mönnum virðist sá valdið hafa er bitinn var, þá bæti fyrir eftir dómi. En ef hann fæðir hund síðan og bítur hann mann oftár, bæti sem sjálfur hann hafi gert.

25 *Hér segir um fullréttisorð hver sekt við liggur*

Engi maður skal það við annan mæla að hann hafi þegið skömm á sjálfum sér, hvorki sýslumaður né annar maður, nema honum fylgi tíu menn til þings og sanni mál hans sem mælt er í lögum, að tveir skulu sverja en átta sanna mál hans. Og þeir tveir skulu hafa bók í hendi og sveri svo: Til þess leggur hann hönd á helga bók og segir það guði, að það höfum við heyrt, en eigi vitum við hvað satt er. En ef hann missir þessa votta þá er hann sekur fjórum mörkum við konung, en bæti þeim er hann mælti við fullrétti² eftir sex manna dómi lögliga til nefndum. En hinn er til var mælt skal þó hafa fyrir sér lýritareid þó að hinn hafi þessa votta alla. Ef maður mælir það við mann að hann ráði land eður þegna undan konungi sínum, það skal hvorki mæla sýslumaður né annar maður nema heimiliskviðarvitni fylgi. En sá er það mælir er sekur fjórum mörkum við konung og hinum sem sex skynsamir menn dæma. En ef maður mælir þá skömm við konu manns að hon liggi með manni öðrum en bónda sínum eður kennir það dóttur manns eður systur að þær liggi með manni, það skal engi mæla nema heimiliskviðarvitni fylgi, nema hann geri sig sekan fjórum mörkum við konung en hinum fullrétti eftir sex manna dómi.³ R.B.H.K. En ef maður kallar mann drottinsvika, fordæðu, morðingja, þjóf, hvinn, pútuson, hörkonuson eður önnur jafnskemmilig orð, þá er sá sekur fjórum mörkum við konung en hinum eftir dómi er við var mælt. R.B.H.K. En öll önnur fjölmæli þau er smæri dæmast og til minni hneyksla horfa skulu eftir dómi ganga, bæði sekt við konungdóminn og réttur þeirra sem talað er til [1314, 8]. En ef maður talar ókvæðisorð við karlmann eður konu það er þessor sekt liggur við, þá skal þó fullrétti uppi eftir sex manna dómi við þann er við var mælt þó að hinn helgi

1 *er bitinn var*: vantar í 343

2 *fullrétti*: vantar í 343 og útgáfur

3 *hinum fullrétti eftir sex manna dómi*: 343 og útgáfur hafa *hinum eftir lagadómi* en 1580 setur *fullrétti* á spássíu

sig meður heimiliskviðarvitni, nema hann eigi að lögum sókn á því máli, þá er þar ekki réttarfar á, og svo skal um öll fjölmæli og fullréttisorð.¹

26 *Hér segir um rógsmenn alla*

Svo er mælt um rógsmenn alla að sá maður sem hann rægir mann við konung eður byskup, jarl eður sýslumann svari slíku fyrir sem sá ætti er rægður var ef hann væri þess sannur, nema sá er rægði syni og hafi fyrir sér séttareid. En ef maður kennir manni það róg að hann hafi fengið óþokka konungs af hans orðum, haldi fyrir einseiði eður bæti eftir sex manna dómi sakarábera, en engi á sök á sonnum rógi.

27 *Hér segir um kveðskap*

Ef maður yrkir um mann það sem mönnum virðist til háðungar eður níðs fjórðungi lengra, þá skal sakaráberi kveðja þings og kveði á þingi en hinn færist undan með lýritareid ef hann er fær til þess, ella gjaldi konungi fjórar merkur, en hinum rétt sinn eftir sex manna dómi. Nú kveða fleiri en einn fjórðungi lengra, þá sekist hver fyrir sig fullri sekt við konungdóminn og þann sem um var kveðið. Nú kveður maður skáldskap til háðungar manni þó að um annan sé ort eður snýr hann á hönd honum nokkuru orði, bæti þeim eftir sex manna dómi en kóngi tvær merkur. Nú mál hvert er mælir maður við annan svo að honum horfi til hneyksla eður kennir manni hvinnsku eður fordæðu, og á hann eigi sjálfur sök² á því máli, þá er hann fjölmælismaður nema hann hafi heimiliskviðarvitni á hendur hönum, þá skal hann sverja fyrir lýritareid, en ef hann missir heimiliskviðarvitnis á þingi þá er hann sekur fjórum mörkum við konung en bæti hinum rétti sínum eftir sex manna dómi. Svo skal orð hvert vera sem mælt er og skal að skáldskaparmálum ráða.³ Engi maður sekist á því orði sem færa má til góðs og ills. Jafnt sekist maður hvort sem mælt er við mann áheyranda eður afheyranda ef það er vitnisfast.

1 Hér taka við sex blöð í 350 með yngri hendi, sjá hér að framan á bls. 30 og 55. Innskotinu lýkur á bls. 133.

2 sök: útgáfur hafa sókn

3 og skal að skáldskaparmálum ráða: þannig taka 350 og 343 tillit til réttarbótar 1294, 43 án þess að auðkenna hana, en í útgáfum segir R.B.E.K. Þau orð eru úr tekin bókinni að ei skal að skáldskaparmálum ráða á meðan elstu handrit hafa Ekki skal að skáldskaparmálum

28 *Hér segir um legorð með annars konu*

Ef maður gjörir svo mikið óhæfuverk að hann leggst með konu manns, þá skal hann bæta bónda hennar slíku sem tólf menn dæma löglega til nefndir. En ef hann er fær til undanfærslu syni með tylftareidi. Nú ef maður sættist við þann mann sem legið hefur konu hans, þá skal sá veita tryggðir er konu á. En ef hann tekur hana aftur í sætt¹ og liggur hinn hana annað sinn meðan þau eru saman, þá er hann tryggrofi sem hinn er vegur á tryggðir óspilltar.

29 *Um boðslettur háfréttismenn*

En þeir menn sem til þess vilja hafa sig að ganga í samkundur manna óboðnir af þess hendi sem veisluna á og situr þar slímuasetu, og þó að hann verði harðlega brutt rekinn eður misþyrmt þar nokkuð, þá skulu þeir vera hálfvéttismenn og sekur eyri við konung. Er þetta fyrir því svo gjört að margir góðir menn hafa fengið skemmdir og vandræði af þeirra óhlutvendi.

30 *Hér segir um heila förumenn*

Maður hver fulltíða er gengur húsa á meðal og þiggur ölmusu, hann á öngvan rétt á sér þó að sé nauðigur burt rekinn meðan hann gengur á vonarvöl ef hann er heill maður og verkfær, nema hann beiði sér vistar og fái eigi. En þegar hann fær sér sjálfur matar og klæða eður vopna eður frændur hans, þá er hann þegar rétt næmur. R.B.E.K. Þeim mönnum skal eigi gefast ölmusa sem ganga húsa meðal og bera vopn [1297, 42]. R.B.H.K. En ef þeir menn sem með vonarvöl ganga og þiggja ölmusu vanvirða bændur eður aðra dugandi menn, þá sem heimilisfastir eru, með orðum eður verkum svo að það verði vitnisfast, þá svari líkamlegri refsing eftir lögligum dómi, utan þeir fái fullan borgunarmann að lúka slíkt fé sem er dæmt í rétta salastefnu [1314, 17]. R.B.E.K. Ef maður særir mann, bindur eður ber eður skemmir fullréttisörðum eður verkum og vita það vitni, og krefur sá lagafestu og réttar síns er fyrir vanvirðing varð, en hinn neitar, þá sekist sá hálfri mörk, hálfkí kóngi en hálfkí þeim er mál á [1297, 32]. R.B.H.K. Nú ef þeir sem misgjörðu vilja hlaupast undan dómi, krefji sá granna sína til er fyrir vanvirðing varð ef konungs umboðsmaður er ekki nær, að taka þann mann og fjöttra og flytja hann undir löglegan dóm, utan sá fái borgunarmann sem brotligur varð að hann skal hvergi undan hlaupa [1314, 17].

1 En ef hann tekur hana aftur í sætt: 343 hefur En ef hann tekur konu sína í hjúskap aftur og útgáfur En ef maður tekur konu sína í hjúskap aftur

31 *Hér segir um rétt á frændkonum manna ef þær eru legnar*

Konur þær allar er mönnum eru skyldar og menn vilja öngva rækt á leggja, þá taki enginn meira rétt á þeim en lagarétt tólf aura. En ef frændur konunnar vilja leggja til hennar heimanfylgju slíka sem sex skynsamir menn sjá að hinn megi við taka er konu hefur legið og vill hann þá eigi festa hana, þá skal hann gjalda slíkan rétt fyrir þá konu sem tólf menn löglega til nefndir vilja dæmt hafa. En ef frændur konunnar vilja ekki til leggja, þá skal sá er konu hefur legið bæði bjóða og bæta lagarétt. En ef hann vill eigi viður taka sem þann rétt á með lögum taka og vinnur hann á þeim er konu hefur legið, þá vinnur hann á saklausum manni og svari slíku sem lög votta. En allar meyjar og konur er menn leggja rækt á og verða þær legnar, þá skulu það dæma tólf menn bæði rétt og ráðspell eftir því sem þeir sjá að hann sé vel sæmdur af er réttinn á að heimta. Nú vænist maður því að hann hafi legið með konu, og ef hún færir undan að lögum þá gjaldi hann slíkan rétt fyrir þá konu sem hann sé þess sannur, heitir snápur æ síðan¹ og því heitir þessi réttur snápsgjöld. Erfingi skal rétt taka á konu hverri ef hún er legin, karlmaður en eigi kona, þó að hún sé erfingi, svo sá sem í ómegð er sem fulltíða, og taki umboðsmaður hans honum til handa nema hún eigi sér bónda, þá tekur hann rétt á konu sinni. Kona sjálf á rétt á sér ef hún er börð og á hún sér eigi bónda. Hvervetna þar sem kona verður barnshafandi, þá skal sá er það barn á inna þeim fyrir kost er konu annaðist meðan hún var í þeim sjúkleika og svo fyrir barnfóstur. Nú ef sá maður er andaður er konu hefir legið, þá skal erfingi svara þeim rétti og kostnaði svo miklum sem hann hefir fé tekið eftir hann en eigi meira. En öngu á hann að svara þar sem hann erfir ekki.

1 *snápur æ síðan*: 343 hefur *snápur æ síðan að ósekju*

Hér hefur upp hinn fimmta hlut lögbókar og segir fyrst um kvennagiftingar og hver giftingarmaður þeirra skal vera

1 Faðir og móðir skulu ráða giftingum dætra sinna ef þau eru til. En ef þeirra missir, þá skulu föðurfrændur og móður hinir nánustu giftingum ráða. Nú eru bræður nánastir og skilur þá á, þá skal sá ráða sem hennar ráði fylgir ef það þikir jafnræði og svo skal hvervetna þar sem fleiri eru jafnkomnir til. Giftingarmaður skal skilja heimanfylgju og tilgjöf fyrir frændkonu sína, svo sem þeim kemur ásamt, þeir skulu og þá eindaga nær brullaup skal vera. R.B.E.K.¹ Eigi skal hér á landi gefast meiri tilgjöf mey eður konu en til sextíu hundraða þó að menn sé ríkir og hvergi meira en fjórðungur úr fé hans. En ef maður gefur í bestu eign sinni þá skulu erfingjar hans leysa til sín ef þeir vilja [1294, 38]. Nú ef þá skilur á um máldaga, þá láti festarmaður bera tveggja manna vitni um heimanfylgju hvað mælt var þeirra er hjá voru. En ef þá skilur á um tilgjöf, þá njóti giftingarmaður tveggja votta með fyrri skilorði. Eigi skal í klæðum meira heiman gefast en þriðjungur, en það sem meira gefur giftingarmaður þá skal vera í þarflegum peningum² að það megi verða þeim til þarfa eður afla er konu fær. En önga heimanfylgju má arfi giftingarmanns rjúfa þá er svo er gjör sem nú var skilt. En ef kona eður mæ, utan ekkja, giftist fyrir utan ráð föður og móður eður bróður síns, eður þess er giftingarmaður er fyrir ráði hennar, hafi fyrirgjört arfi eftir giftingarmann þann sem hún stóð til nema hann vili meiri miskunn á gjöra,³ utan giftingarmaður vili firra hana jafnræði, þá má hún giftast með annarra skynsamra frænda sinna ráði ef þeim líst jafnræði eður betur og megu þeir með eiði sínum sanna, og á þó að leita þessa áður við giftingarmann. En giftingarmaður er faðir eður bróðir samfæddur, þar næst móðir skilfengin ef hún er til, þá er karlmaður tvítugur eður ellri sá sem næstur er erfðum eftir þá konu er giftist. En sá sem slíks dirfist gjaldi fullrétti giftingarmanni eftir tólf manna dómi eða fari útlægur af þeim fjórðungi, nema öðrum

1 R.B.E.K.: vantar í 350 og 343 en bætt við löngu síðar á spássíu í báðum handritum

2 í þarflegum peningum: 343 hefur í þeim hlutum

3 En ef kona eður mæ ... meiri miskunn á gjöra: setningin kemur til vegna réttarbótar 1294, 18 og er án auðkenningar í 350 og útgáfum, en á spássíu 343 segir R.B.E.K.

frændum virðist jafnræði vera. Ekkja má gifta sig sjálf hverjum sem hún vill með nokkurs frænda ráði. En konur þær sem ljást til þess að lokka til slíks eður annars saurlífis börn manna eður frændkonur og verður það vitnisfast, þá bæti eftir tólf manna dómi peningum sú sem fé hefur til en hin hafi refsing eftir dómi.¹

2 *Hér segir um kvenna fé*

Ef dætur verða föður síns arfar, móður eða bróður, eður hverskis arfar þær verða,² sumar giftar en sumar ógiftar, þá skulu þær sem ógiftar eru taka svo mikið fé af óskiptum arfi sem þær höfðu er³ heiman voru giftar. En þó allar sé heiman giftar og er eigi skipt heimanfylgju til jafnaðar þeirra í millum, þá taki þær af óskiptum arfi jafnmikið sem sú er mest hafði heiman æ meðan fé vinnst til. En ef fé eður arfur vinnst eigi, leggi aftur til jafnaðar nema eigi væri meira heiman gefið en slíkt kæmi þá á hverrar hlut. Gripir þeir allir sem lénir eru til heimanfylgju og eru metnir og myndir í hendur þeim sem konu fær og á hann þá jafnheimila sem faðir eður móðir léti heiman fylgja. En ef hinn segir að hann léði eigi til þess þeirra gripa, þá sveri hann einseiði, karlmaður sem kona, og sæki til jafnmikils giftingarmann konunnar og skerði það tilgjöf hennar eftir rétttri tiltölu. Engi mæð skal hafa forræði fjár síns fyrr en hún er tuttugu vetra gömul þó að undir hana hafi borið, nema hún sé gift með frænda ráði, og á sá er hennar þá fær bæði forræði fyrir henni og peningum hennar. Hver sem giftingarmaður er réttur að konu láti allt heimilt vera í heimanfylgju hennar. En allt það er sækja þarf með lögsóknum þá skal engin koma tilgjöf á móti og gjaldist það sem skerðist tilgjöf hennar af fé þess er heimanfylgju hélt. En ef ekkja giftir sig sjálf heiman og lætur hún meta annarra manna fé í heimanfylgju sína og lét hinn til er átti, þá á sá er hennar fær það jafnheimilt sem það er ekkjan átti. En ef maður segist eigi til þess léð hafa, þá syni með einseiði. En heimanfylgja hennar því minni. R.B.H.K. Hvar sem maður fær mey eður konu að guðs lögum og lands, og eru honum léðir peningar eður í borgan gengið fyrir hann að hann á svo mikla peninga sem þá eru taldir og á nefndir, þá skal á þá leið fara sem bók vottar um það sem konu var léð. En ef hann vanrækir, þá sæki giftingarmaður eður umboðsmaður konunnar út henni til handa og taki þar af fyrir sinn starfa svo að hann sé vel haldinn af [1314, 9].

1 Sjá athugasemd aftanmáls í útgáfum á bls. 304 og 306.

2 *verða*: útgáfur hafa *kunnu að verða*

3 *er*: vantar í 350

3 *Hér segir hvert félag leggja má hjóna millum*

Fé konu sinnar skal engi maður færa af landi brutt nema hún vili. Ráða skal hann fé þeirra öllu til þarfa þeim. Hvorki þeirra skal fyrirmæla né fyrirgjöra annars fé. R.B.E.K. Engi maður skal selja eigur konu sinnar eður þær sem þau eiga bæði saman utan samþykki hennar, nema nauðsyn full gangi til og þá þó með skynsamra manna ráði [1294, 21]. Slíkan rétt á hver maður á konu sinni sem á sjálfum sér ef henni verður með öfund misþyrmt. Eigi á kona að synja bónda sínum félags. En með því megu þau leggja félag sín í milli að hvort þeirra leggi til félags allt það sem þá á eður eigandi verður með erfðum eður öðrum hlutum, en ef síðar falla ómagar til annars hvors þá skal það jafnt beggja þeirra kostnaður þó öngvir komi á annars fé. En ef misdauði þeirra verður, þá skulu ómagar þeirra hverfa þeim á hendur sem þá á fyrir laga sakir fram að færa, en það hjóna sem meira lagði til félags skal meira upp taka eður þess erfingi, síðan sé skipt í helminga þó að eyðst hafi. En ef aflast hefir þá skal karlmaður eður hans erfingi taka tvo hluti afla en kona þriðjung. Þurfa þau öngvan mann að þessu félagi að spyrja, en ef þau leggja á annan veg, þá skal það eigi haldast þó að erfingi kunni eður vili eigi það félag rjúfa.¹ R.B.E.K.² Rétt er að frændur gjöri kaupmála sín í milli og helmingsfélag eftir því sem þeim semur [1305, 3]. Nú er eigi félag hjóna í millum, þá skal sú tilgjöf konu heimil sem til hennar var gefin og vottar vitu og lýst var á giftingardegi ef hún lifir lengur. Lýsa skal giftingum kvenna og tilgjöfum sinn á hverjum³ tíu vetrum og lýsa í fjölda á þingi eða við kirkju. En ef hann missir hennar við þá taki arfar hennar heimanfylgju hennar en tilgjöf fellur niður. Nú þó að mær hafi fjárhald bróður síns, þá skal hún eigi taka af fé hans sér til heimanfylgju. En ef arfi gefur þá sök þá er hann er fulltíða að giftingarmaður hafi gefið fé hans með systur hans, þá standi sá fyrir eineiði er sú sök kemur á hendur. En ef hann verður sannur að því, reiði slíkt upp sveininum sem hann gaf hans og heiti drengur að verri.

4 *Hér segir um fjárskipti ef misdauði hjóna verður*

Nú ef annað tveggja hjóna missir annars⁴ við og þrýtur brullaupsvitni, þá skal það hjóna sem lengur lifir leggja fram fé og skipti svo í sundur sem það vill

1 kunni eður vili eigi það félag rjúfa: 343 hefur kunni eigi eða vili eigi rjúfa, því að lög rjúfa það félag en útgáfur kunni eður viji ei það félag rjúfa, því að lögin rjúfa það félag

2 R.B.E.K.: 343 hefur R.B.H.K.

3 hverjum: vantar í 350

4 annars: vantar í 350

svara fyrir guði, að rétt er eftir því sem í gifting þeirra kom og hvorki er þá vanhaldið af öðru, og sveri að fullan eið og tveir skilríkir menn meður því. Ef maður kaupir jörð með gripum eður lausafé eður búfé konu sinnar og lifir hún honum lengur, þá skal hún það eitt hafa úr jörðu af arfi hans sem hún hafði heiman og það eina meira er erfingi vill. En ef hún tekur fé í erfð síðan þau komu saman og verður það fé fyrir jörð greitt, þá skal sú jörð hennar. Nú ef öreigar tveir koma saman að landslögum réttum og aukast þeim fé, þá hafi það tvo hluti sem lengur lifir í landi og lausum eyri ef við útarfa er að skipta, en helming ef við börn þeirra er að skipta.

5 *Hér segir ef kona leggst með manni undir bónda sinn*

Ef kona leggst með manni undir bónda sinn¹ eður skilur hún viður hann saklaust móti guðs lögum, þá hefur hún fyrirgjört tilgjöf sinni. En ef bóndi býður henni samvist en hún vill eigi, þá skal bóndinn varðveita öllum fjárlutum þeirra meðan hún lifir, en síðan hún er dauð taki sá heimanfylgju hennar sem arfi er næstur og öngva tilgjöf. En ef þau sættast á málin sín og tekur hann með henni, þá fari það sem mál þeirra² væri óspellað. En ef henni verður sá glæpur oftast fyrir, þá skal hann varðveita fjárlutum hennar meðan hún lifir þó að hann vili ekki oftast við henni taka, en síðan fari eftir því sem fyrr segir. En ef hún hefur eigi fyrri við þann glæp kennd verið og heitir hún yfirbót við guð og bónda sinn og býður hún bónda sínum samvistu. En ef hann vill eigi eiga hana, þá hafi hún heimanfylgju sína en öngva tilgjöf. En ef bóndi hennar vill firra hana heimanfylgju sinni og segir að hana hafi fyrr meir sá glæpur hent og var sú sakargift eigi fyrri af hans hendi við hana svo að mönnum væri það kunnigt, þá standi hún fyrir eineiði og hafi hún heimanfylgju sína ef hann vill eigi viður henni taka, en eigi tilgjöf sína. Nú ef gjöld koma á hendur öðru hvoru hjóna, þá á það með sínu fé að bæta misverka sína sem gjört hefur. Og ef þau hafa lagt félag sín í milli, þá á það þeirra sem eigi hafa gjöldin á hendur borist hafa jafna aura af óskiptu ávaxtalaust, eður þess erfingjar, þann tíma er misdaði þeirra verður eður þau skiljast löglega. Nú kemur legorðssök á þá konu sem maður hefur sér festa eður handselda, það legorð sem fyrr gjörðist, og ef hann fær þeirrar konu þá á hann ráðspell en giftingarmaður réttinn. En ef síðan er lagst með henni, en hann handselst sér eður festir, og ef hann fær hennar þá á hann

1 *Ef kona leggst með manni undir bónda sinn*: útgáfur hafa *Ef kona leggst með manni* öðrum en bónda sínum

2 *þeirra*: útgáfur hafa *hennar*

bæði rétt og ráðspell. En ef hann fær hennar eigi þá á sá karlmaður sem fyrir skilur. Ef maður gengur í sæng til konu og vill koma legorði á hana, og þó að hann komi eigi vilja sínum fram þá bæti hann eftir tólf manna dómi.

6 *Hér segir ef meinleiki sundrar hjónasamvist*

Ef meinleiki sundrar samvist hjóna, með þess ráði sem ráða á að guðs lögum, þá hafi hvort þeirra sitt fé. En ef þau skiljast fyrir þann sifskap að karlmanns-völd hafi til komið og vissi hann það þá hann festi konu og leynir hann því, þá bæti hann fyrir svik sín eftir tólf manna dómi, hafi konan hálf en giftingarmaður hálf, en fyrir hvern annan meinleika sem þau skiljast þá fari sem fyrir segir. En ef maður fær konu með landslögum réttum og gefur í móti henni tilgjöf og fellur frá síðan, þá skulu henni lúkast síðan þing sín og heimanfylgja af sjálfs hans fé meðan það vinnst til. En ef það fé vinnst eigi til, þá skulu erfingjar ekki lúka af sínu fé, því að enginn skal sér konu kaupa með annars fé.

Hér hefur almenniligt erfðatal og segir hversu börn skilgetin taka arf eftir föður og móður

1 Sú er hin fyrsta erfð er börn skilgetin taka arf eftir föður sinn og móður skilfengna að guðs lögum og manna, og sá sonarson er hann er skilgetinn og svo faðir hans, nema faðir hans hafi áður haft allan sinn hlut af arfi og tekur þá sonarson arf fyrir en í aðra erfð gangi. En svo skal fé skipta eftir föður og móður að tvær dætur skulu taka jafnt við einn son og slíkan hlut skal taka sonarson af arfi sem dóttir ef hann er til. Nú er einn son og ein dóttir, þá tekur hon þriðjung en hann tvo hluti. En ef faðir á jarðir eftir þá skulu synir snúast til höfuðbóla en dætur til útjarða eður lausafjár, ef eigi eru jarðir til, og skal hinn ellsti einn eignast höfuðból ef hinum hlotnast aðrar jarðir jafngóðar í sinn hlut að löglegri virðingu. En sonarson í sinn hlut þær jarðir sem faðir hans stóð til, þar til er hann hefur jafnt móti dóttur, en þau óðul sem meiri eru og faðir hans stóð til þá leysi hann ef hann vill af föðurbræðrum sínum fimmta hlut minna en verð eru. En eigi skal hann fyrir leysa af föðurbræðrum sínum en föðurfaðir hans er andaður, nema föðurfaðir verði ómagi barna¹ sinna. En ef faðir missir sonar síns eður dóttur eður sonarsonar, þá tekur hann arf eftir þau ef þau eiga eigi skilgetin börn eftir sig, og þá² tekur barn arf eftir föður sinn og aðra menn að það sé getið en eigi fætt ef það kemur með lífi í ljós og verður skírt. Slíkt fé sem móðir leggur til barna sinna og andast þau barnlaus þá erfir hún það allt eftir þau. En ef móðir er önduð, þá eigi börn hennar skilgetin að taka það fé fyrir en faðir. Nú er dóttir legin í föðurgarði eður bróður, þá á hún hvorki að taka arf eftir föður né móður, utan hafi slíka miskunn sem faðir vill gjört hafa eður bróðir ef eigi er faðir til. Nú er eigi son til arfs en til sé sonarson svo til kominn sem fyrir segir og sú dóttir sem eigi er legin, þá taki sú er í föðurgarði eður bróður var legin hálfu minna en hvort hinna. En ef enginn þeirra er til sem áður eru taldir, þá taki hún svo allan arf sem mál hennar væri óspellað. Hver-

1 barna: 343 hefur sona

2 þá: útgáfur og 343 hafa þó

vetna þar sem félag er hjóna í millum, þá skal gifting dætra og heimanfylgja greiddast af beggja þeirra fé eftir því sem félag þeirra var gjört. En ef eigi er félag hjóna í millum, þá skal eftir fjármagni hvort þeirra leggja til barna sinna. Eigi á faðir eður móðir að kvonga son sinn eður gifta dóttur sína með meira fé en slíkt komi þá á hvers hluta þeirra sem eftir eru ef þá væri erfðinni skipt, utan þeir lofi sem næstir standa arfi. En ef meira er heiman gefið þá jafnist það þá er arfur tæmist æ meðan arfur vinnst.¹ En ef arfur vinnst eigi til leggi aftur til jafnaðar hver sem meira hafði en lög votta. R.B.H.K. Svo er staðfest að þar sem maður festir sér mey eður konu að guðs lögum og beggja þeirra samþykki, þá eru þau börn öll sem hann á með þeirri konu löglega til arfs komin, hvort sem þau eru getin fyrir festing eður eftir, utan þau sem í hórdómi hafa getin verið. R.B.H.K. En sú ein er lögleg festing eftir því sem forn lög votta, en engi önnur, er maður tekur í hönd mey eður konu að nærveröndum skilríkum vitnum og festir hann hana með þeim orðum sem þar tilheyra. En hverir sem annan veg binda sinn hjúskap þá skulu þeirra börn eigi lögleg til arfs vera [1314, 10].

2 *Hér hefur upp aðra erfð*

Sú er önnur erfð er tekur ættleiðingur sá er með lögum er til arfs kominn og leiddur, sonarson skilgetinn þó að faðir hans sé eigi skilgetinn og sonardóttir skilgetin ef faðir hennar er skilgetinn, og dótturson skilgetinn ef móðir hans er skilgetin, sinn þriðjung hver² þeirra bæði í landi og lausum eyri. En þó að sonardóttir sé ein en þeir margir, þá tekur hún þó fullan hlut viður þá. Nú þó að þeirra einn sé til en þau mörg, þá tekur hann og fullan hlut³ þótt að fleiri sé í ættkvíslinni annarri. En ef eitt er þessara til þá tekur það þann arf allan. R.B.H.K. Svo og er nú staðfest að ættleiðingson skilgetinn tekur næst eftir ættleiðing þann arf⁴ sem ættleiðingur var til leiddur að lögum ef hann er andaður. R.B.H.K. Svo er og skipað þó að sonarsynir sé tveir eða fleiri, þeir sem faðir þeirra var skilgetinn, þá taki þeir eigi meira arf en faðir þeirra stóð til ef þeir eigu við þá að skipta sem jafnfram þeim standa til [1314, 13]. Nú ef þessir eru öngvör til sem fyrr voru taldir, þá tekur dótturdóttir skilgetin ef móðir hennar er skilgetin.

1 *æ meðan arfur vinnst*: vantar í útgáfur

2 *þriðjung hver*: 343 og útgáfur hafa *þriðjung hvort*

3 *fullan hlut*: útgáfur hafa *fullan hlut við þau*

4 *eftir ættleiðing þann arf*: útgáfur hafa *eftir ættleiðing og þá sem honum standa jafnframmi til, þann arf*

3 *Hér hefur upp hina þriðju erfð*

Sú er hin þriðja erfð er bróðir verður bróður arfi og eru þeir samfeðra og skilgetnir, en ef bróður missir þá tekur systir samfeðra skilgetin. Nú er systir eigi til þá tekur móðir skilfengin arf eftir barn sitt, en ef hún er eigi til þá tekur frillusonardóttir skilgetin og frillusonarson¹ skilgetinn, og ef þau eru eigi til þá tekur frilludótturdóttir skilgetin. En ef hún er eigi til, þá tekur móðurfaðir og föðurmóðir skilfengin.² En ef hvorki þeirra er til, þá tekur móðirmóðir skilfengin.³

4 *Hér hefur upp fjórðu erfð*

Sú er hin fjórða erfð er tekur föðurbróðir skilgetinn samfæddur⁴ ef faðir hans er skilgetinn og bróðurson skilgetinn af samfæddum bróður kominn, og var hann skilgetinn, og bróðir sammæddur skilgetinn ef móðir hans er skilgetin, sinn þriðjung hver þeirra ef allir eru til. Þá skal æ sá fyrri taka arf er skilgetinn föður á eður skilgetna móður, hvort sem heldur leiðir hann til þess arfs faðir eða móðir, þá hinn næst jafnskyldur þó að faðir hans sé frilluson eður móðir frilludóttir. En ef föðurbróðir er einn en bróðursynir fleiri, þá skal hann einn taka jafnt við þá. Nú er bróðurson einn en föðurbræður fleiri, þá skal hann taka við þá alla jafnt. Sama mál á bróðir sammæddur og svo skal hvervetna upp héðan, að jafnmikið skal taka einn í sína ættkvísl þó allmargir sé í aðra kvísl til síns hlutar. En ef einn er til þá tekur sá þann arf allan. Nú eru þeir eigi til sem áður eru taldir, þá tekur faðirsystir skilgetin samfeðra og bróðurdóttir skilgetin af samfæddum bróður komin og systir sammædd skilgetin, með fyrra skilorði.⁵

1 *frillusonarson*: 343 og útgáfur hafa *frilludótturson*

2 *skilfengin*: útgáfur hafa *skilgetin* en í 1580 er strikað yfir *getin* og *fengin* sett á spássíu

3 *skilfengin*: útgáfur hafa *skilgetin* en í 1580 er strikað yfir *fengin* og *getin* sett strax þar á eftir

4 *samfæddur*: útgáfur hafa *samfeðra* og líka síðar í sömu setningu

5 *En ef einn er til ... með fyrra skilorði*: útgáfur hafa lengri útfærslu á þessum hluta kaflans sem rétt er að birta í heild: *En ef einn er þessara til sem nú voru taldir, þá tekur sá þann arf allan. Nú er enginn þeirra til sem áður eru nefndir, þá tekur föðursystir skilgetin samfeðra, ef faðir hennar er skilgetinn, og bróðurdóttir skilgetin af samfeðra bróður komin og var hann skilgetinn og systir sammædd skilgetin ef móðir hennar var skilgetin sinn þriðjung hver þeirra með fyrra skilorði. En hvervetna þar sem óðalsjörð er í skipti þá skal það ódal taka það sem til er borið en hinn lausfé. Undir lokin er hönd á spássíu 1580, sjá viðbætur aftanmáls í útgáfum hér á bls. 305 og 306.*

5 *Hér hefur hina fimmtu erfð*

Sú er hin fimmta erfð er tekur móðurbróðir skilgetinn samfæddur¹ og systurson skilgetinn af samfeðra systur kominn. En ef þeir eru eigi til þá tekur móður-systir skilgetin samfeðra og systurdóttir skilgetin af samfeðra systur komin.

6 *Hér hefur hina séttu erfð*

Sú er hin sétta erfð er bræðrasynir takast arf eftir skilgetnir ef feður þeirra eru skilgetnir og samfæddir,² þá þeir næst þó að feður þeirra sé frillusynir. En ef þeir eru eigi til þá taka bræðradætur skilgetnar með fyrra skilorði. Nú eru þær eigi til þá taki systkinasynir skilgetnir. En ef þeir eru eigi til þá taka systkina-dætur skilgetnar. Nú eru þær eigi til þá taka systrasynir skilgetnir. En ef þeir eru eigi til þá taka systradætur skilgetnar.³ Nú er engi þessara til þá tekur frillu-son einn eður fleiri ef til eru og eigi í hórdóm getnir eður frændsemisspellum eður sífjaspellum nær meir en lofað er að lögum. R.B.H.K. En ef engi er þess-ara til þá tekur móðir óskilfengin arf⁴ eftir barn sitt það sem hún gat í frillulífnaði, og eigi í hórdómi getið eður sífjaspellum. En ef hún er eigi til þá tekur frilludóttir svo til komin sem um frilluson [1314, 11].

7 *Hér hefur hina sjöndu erfð*

Sú er hin sjönda erfð er tekur föðurbróðir skilgetinn sammæddur⁵ og bróðurson skilgetinn af sammæddum bróður kominn. Nú eru þeir eigi til þá tekur föður-systir skilgetin sammædd og bróurdóttir skilgetin af sammæddum bróður komin.

8 *Hér hefur hina áttundu erfð*

Sú er hin áttunda erfð er tekur móðurbróðir skilgetinn sammæddur og systur-son skilgetinn af sammæddri systur kominn. Nú eru þeir eigi til, þá tekur móð-ursystir skilgetin sammædd og systirdóttir skilgetin af sammæddri systur

1 *samfæddur*: tekið eftir 343 en útgáfur hafa *samfeðra* og í 350 vantar tvo stafi í enda línu og í byrjun þeirrar næstu stendur *mæddur*

2 *samfæddir*: útgáfur hafa *samfeðra*

3 *systradætur skilgetnar*: útgáfur bæta við *af samfeðra systrum komnar*

4 *arf*: vantar í 350 og 343

5 *sammæddur*: útgáfur hafa *samfæddur* en á spássíu 1580 stendur *mæddur* og strik er dregið yfir *fæddur* í meginmáli

komin. Verður hvor annarrar arfi og svo er hvervetna þar sem tveir eður fleiri standa til eins arfs ef engi er sá til er taldur er áður.

9 *Hér hefur hina níundu¹ erfð*

Sú er hin níunda erfð er maður tekur arf eftir bræðrungs barn sitt af samfæddum komnir nema manni skyldari finnist, því að í þessari erfðinni nemur hinn nánari. Þar næst tekur jafnskyldur af systkinum kominn og taki fyrr í karllegg en kvenlegg. En ef þeir eru eigi til, þá tekur maður arf eftir systrungs barn sitt.

10 *Hér hefur hina tíundu erfð*

Sú er hin tíunda erfð er taka þeir menn sem eru eftir bræðrabörn skilgetin² og komin af samfæddum. Nú eru þeir eigi til, þá taki þeir sem eftir eru systkina-börn skilgetin. En ef þeir eru eigi til, þá taki þeir menn sem eftir eru systrasynir skilgetnir,³ þar næst systradætur skilgetnar,⁴ þriðja manni að frændsemi, og taki æ fyrr jafnskyldir karlmaður en kona.

11 *Hér hefur elleftu erfð*

Sú er hin ellefta erfð er takast bræðrasynir arf eftir skilgetnir ef feður þeirra eru sammæddir og skilgetnir, þá hinir næst þó að feður þeirra sé frillusynir. En ef þeir eru eigi til, þá taka bræðradætur skilgetnar með sama skilorði. Nú eru þær eigi til, þá taka systkinasynir skilgetnir, en þeim næst systkinadætur skilgetnar. Eru þær eigi til þá taka systrasynir skilgetnir, þar næst systradætur skilgetnar af sammæddum systrum komnar.⁵

1 *níundu*: 350 hefur villuna áttundu og síðan ranglega *Sú er hin tíunda erfð* í fyrstu setningu kaflans

2 *skilgetin*: útgáfur hafa *skilgetnir* og sömuleiðis í næstu setningu

3 *systrasynir skilgetnir*: tekið eftir útgáfum því 350 hefur *systrasynir skilgetin* og 343 *systrabörn skilgetin*

4 *þar næst systradætur skilgetnar*: tekið eftir útgáfu 1578 og er skrifað með nokkuð yngri hendi á spássfu 350 en vantar í 343; útgáfa 1580 fylgir elstu handritum og hefur *þar næst þeir sem eftir eru systradætur skilgetnar*

5 *þá taka systkinasynir skilgetnir ... af sammæddum systrum komnar*: útgáfa 1578 stekkur frá líku til líks með *þá taka systkinasynir skilgetnir, þar næst systradætur skilgetnar af sammæddum systrum komnar* en útgáfa 1580 lagar textann og hefur *þá taka systkinasynir skilgetnir, þá systkinadætur, þá systrasynir, þar næst systradætur skilgetnar af sammæddum systrum komnar*

12 *Hér hefur hina tólftu erfð*

Sú er hin tólfta erfð er maður tekur arf eftir bræðrungs barn sitt af sammæddum feðrum komnir, nema manni nánari¹ finnist því að hér nemur hinn nánari. Þar næst tekur jafnskyldur af sammæddum systkinum² kominn. Þar næst tekur maður arf eftir systrungs barn sitt. Þá taka þeir menn sem eftir eru bræðrabörn skilgetin³ af sammæddum komnir, þar næst þeir sem eftir eru systkinabörn skilgetin⁴ fyrr í karlegg en kvenlegg, þar næst þeir sem eftir eru systrabörn þrímenningar að frændsemi, taki fyrr jafnskyld karlmaður en kona.

13 *Hér hefur þrettánda erfð*

Sú er hin þrettánda erfð er tekur frilluborinn sonarson.⁵ En ef hann er eigi til þá tekur sonardóttir frilluborin. Nú er hún eigi til þá tekur dótturson frilluborinn en þar næst dótturdóttir frilluborin, þá tekur bróðir samfeðri, þá tekur bróðir sammæðri, þá systir samfædd,⁶ þar næst systir sammædd frillubornar. Nú er hún eigi til, þá tekur föðurbróðir og bróðurson, fyrri samfeðra en sammæðra, þá hinir næst. Nú eru þeir eigi til, þá tekur föðursystir frilluborin og bróðirdóttir með sama skilordí, þar næst móðirbróðir og systirson, þar næst móðursystir og systurdóttir. En ef eigi eru þær til, þá taki bræðrunga, þar næst systkinabörn, þá systrabörn, fyrri karlmaður en kona. En ef þessara missir allra þá taki þeir sem að fjórða manni eru að frændsemi nema nánari finnist skilgetnir. En ef engi er til fjórmenningur að frændsemi eður nánari skilgetnir, þá taki frillubornir. Tekur maður þá fyrst arf eftir bræðrungs barn sitt nema manni skyldari finnist, þar næst jafnskyld af systkinum, þá af systrum, skal sá fyrri taka⁷ er af samfæddum er, þá hinn næst frilluborinn. Þessu næst taka þrímenningar frillubornir, þar næst manni óskyldari, þá fjórmenningar frillubornir fyrr en undir kóng gangi.

1 *nánari*: 343 hefur skyldari

2 *systkinum*: 1578 hefur systrum en 1580 *systkinum*, þá af systrum

3 *skilgetin*: breytt í *skilgetnir* í 350 fyrir ofan línu með yngri hendi og útgáfur hafa *skilgetnir*

4 *skilgetin*: tekið eftir 343 en 350 og útgáfur hafa *skilgetnir*

5 *Sú er hin þrettánda erfð er tekur frilluborinn sonarson*: hér er tekið tillit til réttarbótar 1314, 11 um frillubornar dætur en elstu handrit hafa *Sú er hin þrettánda erfð er tekur frilludóttir. Nú er hon eigi til þá tekur frilluborinn sonarson*

6 *systir samfædd*: útgáfur hafa *systur samfeðra*

7 *taka*: útgáfur hafa *auf taka*

14 *Hér segir ef kyn manns er villt*

Ef sá maður tekur arf eftir mann sem menn hyggja réttan erfingja og prófast kyn annars tveggi þeirra annað síðar, þá skal hann greiða erfingja er það prófast fé það allt sem hann tók í eignum eður lausafé utan landskyldir eður annan ávöxt, og svo skal hvervetna þar sem aðrir taka fyrir arf en erfingi réttur og þeir þóttust eiga fyrir því að kyn hans var villt.

15 *Hér segir um ættleiðing*

Nú vill¹ maður bæta ráð sonar síns og leiða hann í ætt ef hann vill, ef sá játar sem arfi er næstur. R.B.H.K. Nú á hann sonu skilgetna til arfs síns þá má sá hver játa fyrir sig sem hann er tuttugu vetra gamall eður ellri. En ekki fyrir þá sem óalnir eru eður yngri en tvítugir. Má og sá engi maður játa arfi undan sér sem hann er yngri en tvítugur. En sá er tvítugur sem hann hefur tuttugu jólanætur hinar fyrstu [1314, 12]. Tekur ættleiðingur slíkan rétt² sem sá stóð til er játaði arfi. Nú skal sá sem mann ættleiðir og sá er játar arfi og sá sem ættleiddur er ganga allir samt fyrir kirkjudyr og halda á einni bók, þá skal sá maður sem ættleiðir svo mæla: Eg ættleiði þennan mann N. til fjár þess sem eg gefur honum til gjalds og til gjafar, til sess og til³ sætis og til alls þess réttar sem ættleiðingur á að hafa eftir lögum.⁴ Svo skal konu ættleiða sem karlmann. Nú má leiða bróðir bróður í ætt og föðurbróðir bróðurson. Svo megu og fleiri menn mann í ætt leiða sem nú var talt. Og svo má kona ættleiða sem karlmaður ef sá játar sem arfi er næstur, ef hann er fulltíða og lögráðandi.⁵ Nú skal hann það fé allt hafa sem hann er til leiddur eftir lögum meðan þeir lifa er ættleiddu hann, allt til þess er arf ber undir hann. Síðan ber arfur honum vitni um aldur og ævi. Hann er og skyldur að færa fram alla þá ómaga sem lögkomnir eru á það fé. Hann er og skyldur að lýsa ættleiðing sinni sinn á hverjum tíu⁶ vetrum til þess er hann tekur arf. En hver sem öðruvís er ættleiddur en nú er mælt, þá er sem ógjört sé og skal eigi haldast.⁷

1 vill: 343 og útgáfur hafa má

2 rétt: 343 hefur arf

3 til: með þessu orði lýkur yngra innskoti í 350 sem hófst á bls. 118

4 sem ættleiðingur á að hafa eftir lögum: 343 hefur sem lögbók skýrir að ættleiðingur á að hafa að lögum

5 ef hann er fulltíða og lögráðandi: vantar í 343

6 tíu: 343 hefur tuttugu

7 og skal eigi haldast: vantar í 343

16 *Hér segir hversu fara skal ef maður vegur mann til arfs*

Ef maður verður fyrir þeirri villu að hann vegur mann til arfs eður ræður manni banaráð fram komin, þá hefir hann fyrirvegið þeim arfi, en arfur sá fari síðan að réttum erfðum sem sá væri engi til er mann vegur til arfs.

17 *Hér segir um arfaskipti bráðdaðra manna*

Ef menn falla í orrustu og kemst engi í brott eður drukknar menn allir, eður inni brenna eður verða fyrir skriðum, fari arfur þeirra sem þeir hafi allir senn látið líf sitt, nema annað prófist síðar meður lögligum vitnum.

18 *Hér segir hversu fara skal féskipti eftir andaða menn félitla*

Það er nú því næst að engi maður má gefa arf undan öðrum, utan þær gjafir sem síðar skilur. Væla kaup skal að vettugi hafa. Engi skal öðrum arfsvik gjöra. Nú er maður dauður, þá skal arfi í öndvegi setjast og gjöra skuldarmönnum stefnu að þeir komi þar allir að sjaund og hafi hver sína skuld í brott, slíka sem vitni bera honum. En ef eigi er fé svo mikið, þá skulu allir þarfnast svo sem tala rennur til. Sá skal meira þarfnast er meira átti fé að honum. En sá er eigi kemur að sjaund, sæki sitt að lögum og með vottum,¹ og stefni erfingja til vottasögu ef fé er til. En þeir sem fyrir nauðsynja sakir koma eigi að sjaund og er fé eigi meira en hinir hafa tekið er fyrri komu, þá gjaldi þeir aftur er fyrri tóku og missi allir sem tala rennur til. En erfingi sé viðskildur ef hann bauð til að lögum.

19 *Hér segir hversu fara skal um ómagaeyri og mála konu*

Nú er ómagaeyrir í garði og máli konu, þá er vel ef þeim vinnst báðum. En ef þeim vinnst eigi báðum fé, þá skal hon þarfnast gagngjalds og gjafar. En ef eigi vinnst fé í alla staði, þá skal sá mest þarfnast er mest átti að honum, svo kona hans sem aðrir hans skuldunautar. Tölu skal hafa til þess nema maður ætti veð í einhverjum grip, þá á hann þann fyrst að hafa. Heldur skal kona þarfnast tilgjöf sína en þeir menn sem fyrr áttu fé að honum en hann fékk hennar. Því að enginn skal sér konu kaupa með annars fé. Nú skal hon hafa heimanfylgju sína en ómaga sitt fé. Nú er eigi fé svo mikið, þá missi svo hvort tveggja sem tala rennur til eftir fjármagni. Engi á skuld að gjalda eftir þann sem hann tekur ekki

1 sæki sitt að lögum og með vottum: 343 hefur sæki hann sitt með vottum ef fé er til

fé eftir, hvorki sonur né annar maður. Nú eigu hjú félag saman og deyr annað tveggja þeirra, þá skal að helmingi hvort þeirra skuldum gegna. Svo skal og ómögum þeim skipta er þau hafa meður arftaki eða með fúlgu tekið á féið. En ef þeir ómagar hafa komið á féið sem hann var arftaki eftir ef þeir ætti fé eftir, þá skulu þeir arfi fylgja æ meðan sá arfur vinnst. Síðan hverfi þeir til þess sem þá á fyrir laga sakir fram að færa.

20 *Hér segir hver varðveita skal ómaga og fé þeirra*

Ef sá maður andast er hann á börn í ómegð, þá skal sá veita vörð börnum og fé sem arfi er næstur, hvort sem heldur verður fjárhaldsmaður, karlmaður eður kona. Hann skal láta virða fé það allt sex skynsama menn og hafa vitni til við hverju hann tekur. Hann skal þar öngu af lóga áður virt er, nema hinn dauði hafi bú átt og þurfi í búið að kaupa annaðhvort hey eður mat. Það skal hvort tveggja kaupa ef þarf. Fjárvarðveislumaður er eigi skyldur að taka við ábyrgð á búnaði fyrr en að næstum fardögum eftir er hinn er andaður. Fjárhaldsmaður skal eigi færa fé ómaga úr fjórðungi, nema hann fái fullan vörslumann þann er þar eigi jarðir og lausagóss að þar sé fé goldið sem hann tók, þá er ómaga er rétt næmur, utan fé sé í fleirum fjórðungum, þá má fjárhaldsmaður þagað færa að ósekju sem mest er fé eður þagað sem jarðir eru. Nú ef síðan ber arf eður réttarfar undir hinn unga mann eða kemur hvalur á reka hans, þá skal það virða og innstæða því meiri. En ef hann sest í óvirðan ómagaeyri, þá skal hinn ungi maður hafa fé sitt svo mikið sem hann fær vitni til og allan ávöxt á fé sínu. Nú hefir hann eigi vitni til, leggi hinn fram slíkt fé sem hann vill og sveri að fullan eið að þá hefir hinn ungi maður allt slíkt er hann á og tveir skilríkir menn meður honum.

21 *Hér segir hversu mikið fé skal standa fyrir ómaga*

Nú virðist þar fé svo,¹ að það er innstæðueyrir full fimm hundruð fyrir ómaga hvern í jörðu eða því fé er hann má vöxtu eður nytsemd af hafa,² vel er ef meira er, þá skal hann það fé taka. Skal það fé hvorki vaxa né þverra. Gjaldi slíkt fé sem hann tók, nema ómaga eigi svo miklar jarðir eður lausagóss að frændum hans virðist hann harðliga haldinn af þeim forlagseyri sem fyrir skilur, þá skal

1 svo: 343 hefur svo mikið

2 eða því fé er hann má vöxtu eður nytsemd af hafa: 343 hefur eða öðru því fé sem hann má nytsemd af hafa

ætla honum klæðaverð og vel að halda hann, og þeim fyrir starf sitt er fjárhald hans hefir svo að hann sé vel haldinn af. Og á þá ómagi allan ávöxt fjár síns á öðru.¹ En frændur hans hyggi að á hverjum tólf mánuðum hversu með fé er farið og fáí öðrum ef sá dugir eigi til með fullum vörslum er áður heldur, og að sá leggi fullar vörslur í móti er við tekur. En sá á fullar vörslur er jafnmikið fé á skuldlaust sem ómaginn á, sá er fjárhald þarf.² R.B.E.K. Erfingja er rétt að halda ómagaeyri ef hann vill, þó að hann eigi minna fé en ómaginn á, ef skynsömum mönnum virðist hann óhættur skuldunautur [1294, 19]. Nú eru ómagar aðrir á fénu, þá skulu þeir neyta ávaxtanna nema þeir verði minni, þá skal minnkast innstæðan. En ef faðir eður móðir, bræður eða systur, koma á fé hins unga manns, og ef hann er arftökumaður þeirra ef þau ætti fé eftir,³ þá skal ætla honum forlagseyri þar til sem hann er sextán vetra gamall. En þau hafi sem þau þurfa sér til atvinnu það sem auk er. En eigi er fjárhaldsmaður skyldur að taka fleiri ómaga en nú eru taldir á fé hins unga manns, meðan hann á fjárhald hans.

22 *Hér segir hversu minnkast skal*

eyðslueyrir að lögum

Nú ef eigi vinnst innstæðueyrir til fimm hundraða,⁴ þá skal ómagi neyta tíu aura á tólf mánuðum hverjum þar til er hann er sextán vetra gamall, þá er hann matlaunamaður. Síðan skal það minnka innstæðu sem við leigu þarf að leggja til þeirra tíu aura er fyrir ómaga skal leggjast⁵ á hverjum tólf mánuðum. Nú þó að ómagi eigi ekki annað fé en jörð þá er tíu aurar takast af í landsskyld, þá skal þó ekki minnkast innstæða. En sú virðing skal standa um jarðarleigu sem hið fyrsta ár var virð, hvort sem leiga vex eður þverr. Fjárhaldsmaður skal eigi selja öðrum fé að halda. En ef hann selur öðrum manni fjárhald ómagans í hendur, þá á hinn ungi maður heimtu fjár síns að hvorum er hann vill, fjárhaldsmanni sínum eða hinum er af honum tók.⁶ En ef maður lætur ómagaeyri lausan nema dæmdur sé úr hendi honum lögliga, þá skal hann setja sitt fé í veð

1 *Og á þá ómagi allan ávöxt fjár síns á öðru:* útgáfur hafa *Og á þá ómagi allan ávöxt fjár síns* en 343 veitir allt aðra merkingu með *Og á þá ómagi engan ávöxt í fé sínu*

2 *En sá á fullar vörslur ... sá er fjárhald þarf:* 343 hefur *En þá er full varsla ef hann á jafn mikið fé sem ómagaeyrir er*

3 *ef þau ætti fé eftir:* vantar í 343 en útgáfur hafa *eður þeir hans, ef þau ætti fé eftir*

4 *til fimm hundraða:* vantar í 343

5 *er fyrir ómaga skal leggjast:* vantar í 343

6 *En ef hann selur öðrum manni ... eða hinum er af honum tók:* 343 hefur *En ef hann selur öðrum fé að halda, þá á ómagi fjálst að ganga á hendur hvorum sem hann vill að heimta fé sitt*

fyrir. Nú ef bóndi er dauður en kona hans lifir eftir, og er eigi fé meira en hon á að hafa, þá skal hon veita vörð börnum sínum félausum. En ef hon á önnur börn, þá hverfi þau til föðurfrænda sinna eftir lögum.

23 *Hér segir hversu um arf skal fara ef erfingi er eigi nær*

Hvervetna þar sem maður andast og er erfingi eigi nær að kalla til arfs, þá skal sá arfur standa virður í þess heimili sem arfur er að þá er maður er dáinn,¹ með fullum vörslum og ávöxtum² þar til sem réttur erfingi kemur til eður sá er meður lögum á þess arfs viðtökumaður að vera. Nú andast útlenskur maður hér af Noregs konungs ríki, þá skal þann arf taka hér til brottflutningar eftir hann hinn skyldasti frændi hans þeirra sem þá eru hér. En ef óskyldri maður tekur en þrímenningur, þá skal hann fullar vörslur í móti fá að sá arfur skal að skilum fara. Nú er engi frændi til, þá skal taka félagi hans arf, sá sem lögleg vitni hefir til þess að þeir áttu félag saman er hann dó. Nú er sá eigi til, þá skal taka stýrimaður. Eru þeir fleiri en einn, þá skipti þeir að jafnaði sín í millum. Skal allt það fé virða sem eigi taka erfingjar við, hvort sem það er arfur eður vígsbætur eða annað fé, og flytja svo í hendur eiganda og ábyrgist að öngu, en varðveiti sem sitt fé. Síðan skal erfingi ömbuna honum fyrir starf sitt svo að hann sé vel haldinn af. Nú eru þeir öngir til sem áður eru taldir, þá skal bóndi sá sem hann þá vist með taka það fé virt og ábyrgjast og hafa vöxtu af þar til sem erfingi kemur eftir eður hans löglegur umboðsmaður. Svo skal og fara um arf danskra manna og svænskra ef þeir andast hér. En af öðrum tungum en danskri skal enginn maður að frændsemi arf taka hér nema faðir, sonur eður bróðir, nema þeir hafi lögleg vitni³ til. En ef engi kemur til innan fimm⁴ vetra, þá taki konungur þann arf allan að réttu.⁵

24 *Hér segir hversu fara skal umboð að lögum og hverir fé skulu taka til útferðar íslenskra manna*

Ef vor landi vill fara af landi í brott, þá skal hann fá umboðsmann til allra mála sinna, svara og sækja, og svo að varðveita fé sínu því sem hann á hér á landi eftir. Skal það umboð haldast þrjá vetur en eigi lengur. Og þó að þeir hafi lengri máldaga á gjörva, þá sé sjálftekið umboð af og taki þá erfingi við. R.B.E.K.

1 *sem arfur er að þá er maður er dáinn*: 343 hefur *sem arfur er dáinn*

2 Hér er hönd á spássíu 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 306, sem hugsanlega vísar til réttarbótar 1305, 5.

3 *vitni*: útgáfur hafa *umboð*

4 *fimm*: útgáfur hafa *tíu* og setja athugasemd þar að lútandi aftanmáls, sjá bls. 305 og 306

5 *þann arf allan að réttu*: vantar í 343

Endurnýja má umboð að liðnum þrimur vetrum, hvort sem hann er utan lands eða innan [1294, 45]. Nú andast hann fyrri úr, þá eigu arfar hans við að taka er þeir sannfrétta andlát hans. En ef umboðsmaður tortryggir fráfall þess er af landi fór, þá hafi arfi eins vitni til þess er sverja vill að hann hyggur það satt vera. Nú ef vor landi andast utan lands,¹ þá skal sá maður taka það fé er þar er sem skyldastur er þeirra manna er útferð eigu. Nú er engi frændi til, þá skal taka mötunautur hans til úthafnar sá er út ætlar. En ef enginn er sá til, þá taki sá maður er af þeim fjórðungi er með fullum vörslum, að sá arfur skal að skilum fara. Hann skal öngva mútu til þess gefa og öngu af því fé lóga, nema því sem þarf til útferðar eftir því líkan mann, eftir siðvanda, nema hann hafi sjálfur annað ráð fyrir gjört. Hann skal láta virða fé það sex skynsama menn, þrjá íslenska og þrjá húsfasta, nema eigi sé íslenskir menn til, þá virði húsfastir menn einir. Hann skal láta þar fé virða sem mest er saman og færa eigi úr þeim garði áður fé er virt. Meður sama hætti skal hann láta virða það fé sem annars staðar er, skal allt virða til gangssilfurs slíks sem þá fellur af konungs steðja. Hann skal verja því fé sem óvart var áður til þeirra hluta sem hingað er vart, og geyma sem síns fjár og ábyrgjast að öngu, og hafi fyrir starf sitt þá er hann kemur út svo að hann sé vel haldinn af eftir sex manna virðingu. En ef engi er sá til sem áður er taldur, þá skal garðsbóndi hans taka það fé virt og ábyrgjast sem sitt fé og hafa gagn af þar til sem erfingi kemur eftir eður hans lögligur umboðsmaður, og gjaldi honum þá slíkt fé sem hann tók. Ef hvorgi kemur til, lögligur umboðsmaður né erfingi hins dauða, innan tíu vetra, þá eignast konungur þann arf allan. Nú andast maður á Saxlandi eður sunnar á Englandi eða í eyjum vestur eða í Dyflinni, þá er maður eigi skyldur að láta virða það fé fyrr en í Noregi. Nú er þar nánari maður fyrir, þá skal sá taka við fénu og flytja til erfingja. En hinn skal hafa afla þann sem á er vordinn, hvar sem hann tók féið.

25 *Hér segir hversu af skal sækja að lögum*

Arf skal sækja í þeim fjórðungi sem arfur er dáinn. En ef maður leiðir votta í öðrum fjórðungi en arfur er dáinn, þá hefir hann þeim fyrirskotið. Nú situr maður í arfi og leggur dóm fyrir, en annar kallast til kominn að lögum, þá skal sá stefna hinum heimstefnu rétta og krefja hann arfs og úrfarar er í situr. Nú vill hann eigi úr arfi fara, þá skal hann stefna honum þing fyrir rán og ísetu. Og ef þá fullnast honum vitni og gögn öll til síns máls og kemur ekki andvitni í móti, þá eiga þingmenn honum arf að dæma, en hinn skal gjalda konungi sex aura fyrir það er hann lagði dóm fyrir arf þann er hann átti ekki í. Nú vill hann eigi

1 utan lands: 343 og útgefur hafa utan lands, hvar sem það er

úr arfi fara, þá skal hinn æsta sér þingmenn liðs svo að hann sé fullliða að færa hann úr arfi sínum. Sekur er hver eyri við konung er honum synjar tilfarar. Nú koma þeir þar og ver hann þann arf oddi og eggju, þá er hann sekur tíu mörkum við konung. En hinn hver sekur sex aurum við konung er forstoð veitir með honum. Nú berjast þeir, þá er hver útlægur sá er fyrir stendur arfi dæmdum en hinir allir friðhelgir er til sækja.

26 *Hversu menn eigu arfi að skipta¹*

Hvervetna þar sem maður kallar eigi til arfs fyrir fáfræðis sakir og er þó til kominn, þá hafi hann sóttan arf sinn innan tíu vetra þeirra sem hann er innan lands og úr ómegð, ef hann hefir vit til og vitni,² nema skyld nauðsyn banni. Nú eiga menn arfi að skipta, þá er vel ef þeir koma allir til er hlut eigu í að skipta þeim arfi. Nú koma sumir, en sumir vilja eigi fara,³ þá skal gjöra þeim stefnu til að skipta, og þó að þeir komi þá eigi til þá skal skipta fyrir vottum og hluti á leggja, þá skal hann þann hlut hafa er þá hlýtur hann. Nú kallar hann misskipti eður segir að hinn hafi leynt fé, þá skal hann synja með lýritareidi.

27 *Hér segir hversu maður skal ryðja sig til arfs*

Nú leikur á tveim tungum hvort maður er arfgengur eður eigi, þá skal hann stefna þeim þing er honum stendur fyrir arfi, þá skal hann njóta votta sinna að hann stefndi honum þangað. Það skulu og svo vottar hans bera: Vær vorum þar í hjá er móðir hans var fest lögliga í þeim stað, og nefni staðinn, þá eiga þingmenn honum arf að dæma. Hvervetna þar sem maður vill sig til arfs færa, leiði votta sína og stefni þeim öðrum⁴ til er þeim arfi eru næstir. En ef hann stefnir þeim⁵ eigi til, þá er vottum hans fyrirskotið. Þar skal um arf dæma sem arfur er dáinn eða jarðir eru eður bú hins dauða. R.B.H.K. Ef annað hvort hjúna kann frá að falla þeirra sem tíu vetur eður lengur hafa saman verið, og hafa þau jafnan haldið sig fyrir lögleg hjón þó að hjúskapur þeirra hafi eigi skilríkliga verið lýstur eður árálgður, og eigi heldur byggðarfleygt verið meðan þau lifðu bæði að hon væri hans frilla eður hórkona, þá skal barn eður börn eftirverandi

1 Fyrirsögnin er tekin úr 343 en í 350 skiptist hún á milli blaðsíðna og er óskiljanleg: *Hér segir hverjar sá skal af sækja er sakir fáfræðis*

2 vit til og vitni: 343 hefur vitni til en útgáfur vit til

3 Nú koma sumir, en sumir vilja eigi fara: 343 hefur Nú ef sumir vilja eigi til fara

4 öðrum: 350 hefur áður og ekkert handrit annað sem máli skiptir

5 þeim: útgáfur hafa honum

í arf setjast og haldast fyrir skilgetin, þó að eigi lifi festarvottar [1305, 4]. Engi maður skal fé skipta eður arfi eftir annan fyrr en þess er leyfi til er áður á, nema menn sjái að með spellum fer. En ef maður hefir vit til og er hann hestfær og ölfær, og má hann ráða búi sínu og kaupum, þá skal hann sjálfur fé sínu ráða og má því engi maður skipta. En þótt nokkur skipti þá skal það eigi haldast.

28 *Hér segir hverjar gjafir haldast mega að lögum*

Nú skal þær gjafir telja er haldast mega. Þær gjafir skulu haldast sem konungur gefur oss eður vær gefum honum. Gefa má maður og vingjafir að sér lifanda, hesta eða yxn, vopn eður þvílíka gripi, svo og klæði,¹ og afsifjar hann sér þó svo að sex skynsömum mönnum virðist eigi arfsvik gjör við erfingja. Og ef svo er gefið, þá má þá gjöf engi maður rjúfa. En ef hinn heitir launum fyrir, þá má það heimta. Hver maður má gefa fjórðungsgjöf af fé því öllu sem honum hefir aflast svo að meira er en hann hefir að erfðum tekið, bæði í landi og í lausum eyri, hvort sem hann vill börnum sínum skilgetnum eður öðrum mönnum, einu ef það vill hann. En tíundargjöf af svo miklu fé sem hann hefir að erfðum tekið, bæði í landi og lausum eyri, þó að spyri ekki erfingja að, hvort sem hann er heill eður sjúkur, ef hann mælir af viti.² En af fjórðungsgjöf eða tíundargjöf skal það fyrst lúka er maður gefur guði fyrir sál sinni, hverjum manni sem hann gefur löggjöf sína fyrr.

1 svo og klæði: vantar í 343

2 af viti: 343 hefur af fullu skyni

Hér hefur upp hinn sjaunda hlut lögbókar
er heitir framfærslubálkur og hefst hann fyrst
með því að segir hverir ómaga eiga fram að færa
og hversu mikið fé er þeir skulu eiga
fyrir sjálfa sig og ómaga sína

1 Hver maður á fram að færa föður sinn og móður, hvort sem hann er skil-
getinn eður frilluborinn, og svo börn sín. Nú á hann eigi svo fé að hann
megi annast þau, þá skal hann þó til leggja allt slíkt sem hann þarf eigi til
matar sér og klæða, og sé þau færð með þessu tillagi þeim á hendur er þá er
næstur arfi og forlagseyri á til. Ef maður á sér tveggja missera björg, og þeim
er áður eru á fénu, þá skal hann framfæra systkin sín ef hann á og fyrir þau
tveggja missera björg er þá bjóðast á féið,¹ ef þau eru hans arfar eður hann
þeirra arfi. Frá þessum ómögum skal maður eigi seljast arfsali og öngum þeim
er áður eru komnir á féið eður hann er arftökumaður eftir, eða þeir hans, og sé
þeir þá ómagar. En þó að hann selist, þá skal það eigi haldast, og segja lög það
arfsal laust. En þá er tveggja missera björg, er hálftríðja hundrað er ætlað
karlmanni en hálftríðja hundrað konu, hvort sem maður er ungur eður gamall.
Þegar skal honum fullan forlagseyri ætla er hann má eigi vinna sér fulla fæðu,
þó að hann megi nökkuð til gagns vinna þeim sem hann er með. En ef ómagar
eru firnari, þá skal sá framfæra er arfi er næstur, ef hann á forlagseyri til. Nú
þarf sá maður framfærslu er óskyldri er en fyrr segir eða þríménningur og þar
í milli, þá skal ætla honum² fjögurra missera björg. En ef ómagi er óskyldari en
þríménningur, þá skal ætla honum sex missera björg. En ef ómagi er fjórmenn-
ingur, þá skal ætla honum átta missera björg, svo mikið á hverjum tólf mánuð-
um sem fyrr segir, bæði þeim er fyrir eru á fénu og svo þeim er þá kemur á
féið. Skal allt til virða utan búsgögn og verkfæri og einföld klæði bæði dag og
nátt. Nú er nökkur þessarra arfi annars hvors sín í milli, þá skal eigi meiri for-
lagseyrir fyrir þeim standa áður hann er skyldur þann fram að færa en fjögurra
missera björg, þar minni sem fyrr segir. Nú minnkar forlagseyri fyrir manni

1 er þá bjóðast á féið: 343 hefur og þeim er þá bjóðast á féið

2 skal ætla honum: 343 hefur skal hann eiga

síðan ómagi kemur á hendur honum, þá hverfi ómagar af fé hans eftir rétttri tiltölu, þeir fyrst sem óskyldastir eru. R.B.E.K. Eigi skal ómaga telja framar en á fé þess¹ hjóna sem ómaginn er skyldur, og hverfi af fénu þegar hann er sextán² vetra ef hann er heill og verkfær [1294, 17].

2 *Hér segir hversu hjón skulu hafa hvort fyrir öðru og um þrot*

Skyld er hvort hjóna annað fram að færa á fé sínu. R.B.H.K.³ Hvort hjóna sem það er að framfærslu þarf, verður ótt eður fær annan krankleika. En ef þau hafa meður minna fé saman komið en þá væri til þriggja hundraða,⁴ og aldri urðu þau svo rík að þau ætti konungi skatt að gjalda, þá sé hvort annars handbjargarómagi eður flytist með hrossi ef þau fá eigi fyrir unnist. Og þeirra börn skulu eigi á hreppa segjast, æ meðan þau fá flutt með fyrra skilorði. R.B.H.K. Þar skal þrot heita sem ómaginn er þá er sá andast frá er með handbjörg sinni átti fram að færa eða fyrr sögðum flutningi [1314, 14]. Nú sækir þrot bónda í héraði, þá skal skipta ómögum þeirra eftir því sem félag þeirra var gjört. Skal móðir færa ómaga sína á hendur frændum sínum, þeim er arfi eru næstir, ef þeir eigu fé eða forlagseyri til svo mikinn sem fyrr skilur. En ef af gengur forlagseyrir af því fé, þá skal hann taka ómaga svo marga sem hann á forlagseyri til. En þeir sem umfram eru fari þeim á hendur sem arfi eru næstir, ef þeir eigu forlagseyri til. En ef sá á eigi forlagseyri til, þá skulu ómagar fara fram í ætt til þess er á forlagseyri hittir. Með sama hætti skal og skipta þeim ómögum er feðrunum fylgja. Svo skal og fara um þá ómaga er fyrri talaði um, að þeir skulu fara fram í ætt. Nú festir maður ómaga í vist, þá skal það haldast. En ef hann vísar honum úr vist og lætur hann ganga á fátæki bæja í milli,⁵ þá skal hann gjalda konungi sex aura og varðveiti þó ómaga sem mælt er. Svo skal og hver gjalda sá maður er ganga lætur sinn ómaga á fátæki bæja í milli sem nú var skilt. En eigi er maður skyldur að fæða eður fúlgu fyrir að inna fyrr en hann veit⁶ að hann er hans ómagi. Svo skal og ómögum í ættir skipta ef annað hvort hjóna er andað.⁷

1 *fé þess*: tekið eftir 343 en 350 og útgáfur hafa *þess fé*

2 *sextán*: 343 hefur *fimmtán*

3 *R.B.H.K.*: vantar í 350 og útgáfur

4 *þá væri til þriggja hundraða*: 343 hefur *ætti þau til þriggja hundraða bæði saman* en útgáfur þau ætti til þriggja hundraða bæði saman

5 *bæja í milli*: 343 hefur *húsa meðal*

6 *að fæða eður fúlgu fyrir að inna fyrr en hann veit*: tekið eftir 343 og útgáfum en 350 hefur villuna að fæða fyrr eður fúlgu fyrir að inna en hann veit

7 *er andað*: 343 hefur *andast*

3 *Hér segir hversu menn skulu skipta félausum ómögum*

Nú skipta menn félausum ómögum sín í milli hvar sem þeir skipta og hluta síðan, þá skal það skipti haldast þeirra í milli síðan, með hvorum sem andast, þá skal það þess nyt. Svo og þó að meiri ómagar verði en þá er skipt var, þá ábyrgist sá það er hlaut. Þeir skulu örfum fylgja ef sá er ómagi er fé á.

4 *Hér segir hversu gamall maður á fjárhald sitt*

Ef maður kemur í ómagaskipti þá er hann er úr ómegð og er hann þá tuttugu vetra gamall,¹ og á að taka við fé sínu og fá fjárhald sitt hverjum er hann vill, ef hann kann eigi sjálfur fyrir að sjá, og svo öll önnur forræði fjár síns. En ef karlmaður kvongast yngri en tvítögur fyrir utan frænda sinna ráð, hafi fyrirgert landsskyldum sínum og ávexti fjár síns við erfingja eður fjárhaldsmann. Nú kemur sá ómagi á hendur manni er hann á eigi að varðveita, þá skal hann þeim heim stefna er varðveita á. Svo skulu vottar hans mæla: Hér er sá ómagi er þú átt að annast² en eigi sá er hingað færði, þá skal hann fela honum á hendi ábyrgð þess ómaga. R.B.H.K. Eigi skal þurfa að lögbjóða ómaga fleirum en einum, utan sá sýni meður skilríki í lögligan stefnudag að nökkur standi jafnfram honum, þeirra sem fullan forlagseyri eiga. Skal þá ekki dæmast framar á hann en eftir rétttri tiltölu [1314, 15]. Nú kemur ómagi á hendur manni utan lögmanns úrskurð eður þingmanna dóm, gjöri hvort er vill. Láti fara aftur á hæl ella til þings, og meti þingmenn hvert færa skal. En ef á hæl færir, þá flyti aftur að sömum náttstöðum sem þangað fór til hans. Sekur er hver eyri við konung er eigi vill við taka. Nú sá er eigi vill við taka, bæti eftir lagadómi fullar bætur, og svo þegn ef hinn deyr af bjargleysi. R.B.E.K. Ef maður rangfærir ómaga, gjaldi þeim fullan kostnað er til var færður allan slíkan sem hann hafði fyrir [1294, 27]. Nú eigu menn ómögum að skipta og vill annar skipta en annar eigi, þá skal sá er skipta vill stefna hinum til ómagaskiptis,³ og ef hann kemur þar þá er vel. En ef hann kemur eigi, þá leiði hinn votta sína að hann hefir honum þangað stefnt á þann dag. Síðan skipti sex skynsamir menn þeim ómögum og leggi hluti á, og hafi hann sinn hlut í brott en ábyrgi hinum sinn hlut er eigi kom.

1 þá er hann er úr ómegð og er hann þá tuttugu vetra gamall: 343 hefur þá er hann úr ómegð er hann er tuttugu vetra gamall

2 að annast: 343 hefur að varðveita en útgáfur fram að færa

3 þá skal sá er skipta vill stefna hinum til ómagaskiptis: 343 hefur þá skal stefna honum til ómagaskiptis

5 *Hér segir hvað sá maður skal taka er framfærir þann ómaga er annar er erfingi hans ef hann á fé eftir*

Ef maður færir fram þann ómaga er hann er skyldur til fyrir laga sakir, þó að annar sé erfingi, og beri síðan arf eður réttarfar undir þann ómaga eða með hverjum hætti honum aflast fé. Og ef sá á fé eftir sem fram er færður þá er hann andast, þá skal sá er ómagann færði fram eða þess erfingi taka ávaxtalaust slíkt sem hann lagði fyrir hann en erfingi slíkt sem auk er. Nú veitir maður manni fyrir guðs sakir þeim er hann er fyrir laga sakir eigi skyldur fram að færa, þá skal guð það ömbuna honum en koma eigi fé fyrir, hvorki við hann né við hans erfingja.

6 *Hér segir hversu gera skal ráð fyrir börnum útlendra manna hér á landi*

Ef sá maður á barn ómaga frilluborinn út hér, er hann er norrænn eða hjaltlenskur, orkneyskur eða færeyskur, og hvaðan sem hann er úr Noregs konungs ríki, og ef barn er fætt áður hann fer í brott, eða veitir hann viðgöngu að hann er faðir þess barns, þó að það sé síðar fætt, þá skal hann leggja eftir peninga svo að barnið hafi fulla hjálp sér til fósturs næstu tólf mánaði. Nú fæðist barn síðan hann er í brottu og hefir hann áður ekki ráð fyrir gjört, þá skal rita í þann kaupstað er sá maður sigldi af er það barn á og skal sýslumaður, ráðsmaður eður gjaldkeri í þeim kaupstað senda peninga í móti því barni, og svo fyrir þann kostnað er áður hefir fyrir því hafður verið af sjálfs hans fé, og svo í móti því barni er áður var fætt. R.B.H.K. Það er staðfest í lögum að allir þeir fátækir menn sem með vonarvöl ganga og þiggja ölmusu eru skyldir að leiða¹ börn sín eða annan veg að flytja eftir því sem skynsamir menn sjá að þau² fá orkað, og svo föður sinn og móður, utan son eður dóttir vinni sér áður tveggja missera björg, þá eru þau eigi skyld að ganga á fátæki meður föður eða móður [1314, 16].

7 *Hér segir um flutning fátækra manna*

Fátæka menn þá alla sem frændur þeirra hafa eigi forlagseyri fyrir þá að leggja og sjálfir eiga eigi fé fyrir sig að leggja og eigi eru færir til að flytja sig, þá er hver bóndi skyldur að flytja þá og fæða eftir því sem hreppstjórnarmenn gjöra ráð fyrir. Einvirki er skyldur að flytja sem fullur bóndi. Svo þarf fátækur mað-

1 leiða: 343 hefur leiða eða bera en á spássíu 1580 stendur bera eður

2 þau: 343 hefur þeir

ur guðs sem hinn er meira á og flyti eftir boðburð allir úr bæ, sá fyrst er fremstur situr á boðleið, og flyti til næsta bæjar. Sekur er hver eyri við konung ef hann flytur eigi svo. Nú flytur hann í auðn eður þagað¹ sem hinn fátæki deyr af hans fylgd eður skynsömum mönnum virðist af hans völdum orðið hafa, og svo ef hann vísar fátækum manni frá sér og vill eigi herbergja hann, og deyr hann af því. Sá er að slíku verður vitnisfastur, sem guð láti öngvan verða, þá skal hann bæta þann mann fullum bótum erfingjum hins dauða eftir dómi skynsamra manna eftir atvikum, og svo konungi þegn. Og akti þeir er dæma innvirðuliga dóm sinn þar um, að slíkar óvenjur megi eigi of mjög í vanda dragast.² Nú vill hinn eigi við taka er fyrir situr eður inn láta leiða, þá nefni sá vitni til er flutti og ábyrgi hinum síðan er við skyldi taka, þá er hann við laus. En ef hinum fátæka manni verður síðan annað hvort, að hann deyr af frosti eður bíta dýr eða hundar til bana, þá er það þess bónda ábyrgð er hann lét úti liggja. Eigi skal fátæka menn flytja síðan sólu er sett. Sól skal um sumarsdag ráða en dagur um vetur. En þeir sem flytja sig sjálfir hafi hús heimil á veturinn þá er hálf-rökkvið er. Sekur er hver tveimur aurum við konung er synjar, nema hinn fátæki deyi úti, þá sé undir lagadómi, nema sjálfur hafi í fyrstu vísað sínum ómaga af hendi sér, þá ábyrgist hann ef hann hefir fullan forlagseyri fyrir hann að leggja. Það er og einkanliga boðið ef fátækur maður verður sjúkur og beiðist prestsfundar, þá er bóndi skyldur að fara eftir presti og flytja eigi hinn sjúka úr húsum sínum³ fyrr en prestur kemur til hans. Sekur er bóndi þrimur aurum við konung ef hann fer eigi eftir presti, nema nauðsyn banni. En ef prestur vill eigi fara, þá ábyrgi hann⁴ honum með vitnum. Nú skal fátæka menn herbergja um nætur en reka eigi út síðan sólu er sett. En ef nökkur rýfur þessa skipan um fátæka menn, þá er sá slíku sekur sem áður vottar og gangi til skrifta og bæti við guð er hann vildi eigi hjálpa kristnum manni.

8 *Hér segir hversu arfsalskaup skal gera eftir lögum*

Engi maður skal kaupa arfvon að öðrum, því að oftast verður það nökkurum vælakaup. En þó að nökkur kaupi, þá skal eigi haldast nema sjálfur leysi sinn arf til þess að ættleiða frænda sinn, því að þann arf á hver að hafa sem guð vill að hann verði erfingi að. Seljast má maður arfsali ef hann vill ef enginn er sá

1 *auðn eður þagað*: 343 hefur *eyðihús eður þannig*

2 *að slíkar óvenjur megi eigi cf mjög í vanda dragast*: 343 og útgáfur hafa að *slíkar óhafur megi ei cf mjög í óvenju dragast*

3 *hinn sjúka úr húsum sínum*: 343 hefur *hinn sjúka mann úr herbergjum sínum*

4 *hann*: vantar í 350

ómagi er hann á fram að færa, eður fær þeim áður staðfestu meður því móti að sex skynsamir menn gjöri það kaup með honum, og þeim er við tekur, svo að þeim þikki eigi arfsvik gjör við erfingja. Og svo þó að aðrir gjöri eigi það kaup með þeim ef erfingi lofar, og sé hann fulltíða maður og kaupum sínum ráðandi.¹ En sá er arfsali vill seljast skal fyrst bjóðast hinum nánustum frændum sínum við vitni við sér að taka, þeim sem fullar vörslur hefir, nema hann vili gefast í klaustur eða til byskupsstóla, þá má hann það gjöra þó að hann bjóðist eigi frændum² ef hann staðfestir ómaga sína áður.

9 *Hér segir hversu löghreppar skulu vera og framfæri manna*

Löghreppar skulu vera svo sem að fornu hafa verið. Eigi færi bændur í hrepp en tuttugu. Skal engi þeirra eiga minna fé en tíu hundruð. Rétt er að skipta hreppum smæra til tíunda og matgjafa ef þeir vilja. Fimm menn þá er best þikkja til fallnir skal nefna til að hafa stjórn og forsjá fyrir því er hreppinum varðar, og að skipta tíundum öllum og matgjöfum þeim er fátækir menn eiga, og af heilagra daga veiðum. Þeim mönnum skal fyrst tíundir ætla er öngva eigu³ framfærslumenn og eru þó þar hreppsmenn. Síðan þeim er þeim þikkir mest þörf ef betur vinnst. En þeir eru þar hreppsmenn sem þar hafa uppfæðst eður þar sem erfingi hans er vistfastur, þrímenningur eður nánari. En ef þeir ómagar eru framfærslulausir sem öngvan eiga þrímenning eður nánara þann sem vistfastur er, þeir eiga jafnheimilan flutning sem fyrr segir í öllum hreppum þar sem þeim þikkir sér mest hjálpar von. Ef ómagi er færður á hendur manni eða settur niður í hrepp að ólögum, og hvert annað mál er maður þikkist þings við þurfa, þá skal sá þingi ráða er þings er þörf,⁴ þá skal það boð hver bera en engi fella, og á það að fara með veturhúsum eftir boðburð réttum en eigi með sætrum.⁵ En sá er fellir, sekur eyri við konung. R.B.H.K. Ef fátækir menn skjóta niður börnum sínum aflögliga, þá er rétt⁶ hreppstjóra þeim sem næstur er og bóndum með honum að taka þann mann og binda ef þarf, og færa aftur og binda barn á bak honum og láta hann sjálfan bera brott af hreppinum [1305, 6]. R.B.H.K. Þeir menn sem eigi vilja halda það sem hreppstjórar skipa

1 og sé hann fulltíða maður og kaupum sínum ráðandi: vantar í 343

2 bjóðist eigi frændum: útgáfur bæta við og svo þó að aðrir gjöri ei kaup ef erfingi lofar en gera athugasemd aftanmáls, sjá bls. 306

3 eigu: á spássíu 1580 er bætt við forlagseyri eður

4 er þings er þörf: 350 hefur ritvilluna þing en 343 hefur er þings er þurfi og útgáfur er þings þykist þurfa

5 en eigi með sætrum: vantar í 343

6 þá er rétt: 343 hefur lofum vér

lögliga, gjaldi hálfa mörk, hálft konungi en hálft hreppstjórnarmönnum, og leggist þær tólf álnar¹ til fátækra manna [1305, 9].

10 *Hér segir hversu boð skal bera réttliga*

Sá skal boð bera bæja í milli er hyggja kann fyrir orði og eiði. Bónða skal boð í hendur fá ef hann er heima. En húsfreyju hans ef hann er eigi heima. Syni hans ef hann er fulltíða maður. Dóttur hans ef hon er vaxin. Þar næst brytja eða hinum besta manni er í bæ er staddur. En ef hjú eru öll af bæ gengin, þá skal ganga í seturhús bónda ef það er opið og setja niður í öndugi svo að eigi falli.² En ef hann má eigi inn komast, þá skal boð binda yfir miðjar dyr svo að hver megi sjá er inn gengur. En sá bóndi á að ganga til þeirra manna er boð báru honum og spyrja þá hvað boð segir, og bera síðan til næsta granna á boðleið. Héraðsmenn skulu reiða náttstaði að boði. Þangað skal boð bera fyrstan dag sem rétt er og svo annan og hinn þriðja, og eigi seinna upp skera en boð megi vel náttstað ná. R.B.H.K. Sá maður sem boð fellir svari sekt fyrir alla þá sem á þeirri boðslóð kom eigi boð til forfallalaust [1305, 12]. Nú skal sá sem fyrir situr vita hvern tíma dags boð kemur til hans, með vitnum ef til eru. En ef eigi eru vitni til, þá skal sá synja meður lýritareði er þangað bar. Nú kallast maður borið hafa boð til granna síns en hinn kveður nei við er fyrir situr, þá skal sá er þangað bar sanna meður lýritareði³ að hann bar boð eigi seinna en hann átti að lögum að bera, þá skal sá gjalda boðfall er fyrir situr.⁴ R.B.E.K. Ef maður fellir boð það er stefnt er þing að heyra konungsbréf, manndrápsþing eður manntalsþing til jafnaðar á vorið, eður hreppstjórnarþing á haust, sekur tveimur aurum við konung fyrir hvert [1294, 34]. Nú er þegar boðfall er eigi sækir boð náttstað og það annað ef eigi verður borið. Það hið þriðja ef maður fær í hendur ómaga, yngra en sextán⁵ vetra. Ef maður flytur hús sín af fornum tóftum og á þær tóftir sínar er honum hagar betur innan garðs, þá skal til þeirra húsa boð bera og fátæka menn flytja. En ef firr setur niður, ábyrgist sjálfir að öllu. Engi skal boð bera á hönd öðrum síðan sólu er sett um sumar en degi um vetur, og svo um fátæka menn hið sama.

1 þær tólf álnar: útgáfur hafa einungis það

2 í öndugi svo að eigi falli: 343 hefur í öndvegi og styðja svo að eigi falli

3 þá skal sá er þangað bar sanna meður lýritareði: 343 hefur þá skal sá gjöra það satt er þangað bar

4 er fyrir situr: útgáfur bæta við eyrir kóngi

5 sextán: 343 hefur fimmtán en útgáfur eður yngra manni en fimmtán vetra og á spássíu 1580 er hönd sem vísar til athugasemdar aftanmáls, sjá bls. 306

11 *Hér segir hversu fara skal um boðburð á eyðijörðum*

Hvervetna þar sem maður slær eður sær eyðijörð sína og eru hús á þau sem menn mega í vera, þá skal hann halda upp boðburð öllum. Nú vill sá eigi boð bera eða fátæka menn flytja er eyðijörð á, þá flyti sá sem næstur býr eyðijörðinni þangað sem menn eru fyrir og hafi að heimilu lóð hálfa nema hinn komi öðru kaupi við. En ef fleiri menn búa á einni jörðu, þá skulu þeir skipta að jafnaði sín í milli eftir bónda ráði, bæði boðburð og förumanna færslu eftir því sem hver hefir af jörðu.¹ En á nýlendum öllum innan hrepps beiði sá bændur boðgreiðslu á þingi er jörð á eða umboðsmaður hans.

12 *Hér segir hver þing einvirkjar² eiga að sækja að lögum*

Nú skulu bændur allir til þings fara þegar boð kemur til húss nema einvirkjar einir. Þeir skulu fjögur þing skyldir að sækja. Það þing sem konungsbréf skal upplesa og manndrápsþing og manntalsþing til jafnaðar, og það þing er hreppstjórn heyrir til. En öll önnur þing skulu einvirkjar heima sitja ef þeir vilja. Sá er einvirki er honum fylgir yngri maður til verks en sextán vetra, hvort sem hann er son hans eða annars manns. Ekkja og ófær bóndi skulu því aðeins til þings fara ef þau vilja, en allir bændur aðrir skulu fara til þings þegar boð kemur til bæjar, ella gjaldi þingvíti eftir lögum.³ Nú ef boð kemur svo síðarla til bónda og er svo löng leið til þings að bóndi má eigi til þings koma að miðjum degi, og hefir hann til þess tvau lögleg vitni,⁴ þá má hann heima sitja að óseku. En ef fleiri menn verða fyrir einni sök en einn um þingvíti, þá má boð stefna þeim þing er áður eru á lagðir fyrir vottum. Rétt er að bóndi bjóði um öðrum manni þá er tíundaskiptisfundur skal vera, að hann man gegna slíku sem menn verða þar ásáttir ef honum er óhent að fara, og skal hann segja á hversu mörg hundruð þangað er að skipta manneldi ef menn vilja vista eður fæða fátæka menn, og svo fyrir hversu marga menn þar skal matgjöf gefa, og hversu mikil þar er tíund. Skyld er ekkja og ófær bóndi að segja umboðsmanni sínum hversu mikil tíund og matgjöf þar er þá er tíundaskiptisfundur skal vera. R.B.H.K. Svo

1 eftir því sem hver hefir af jörðu: útgáfur hafa eftir því sem hver hefur af jörðu en ei eftir jðármagni en 343 aðeins en eigi eftir jðármagni

2 einvirkjar: lagfært úr eckirkjar í 350

3 gjaldi þingvíti eftir lögum: útgáfur hafa gjaldi þingvíti eftir lögum, eyri kóngi en 343 gjaldi þingvíti, eyri konungi

4 og hefir hann til þess tvau lögleg vitni: vantar í 343 en útgáfur hafa og hefur hann til þess lögleg vitni

skulu hreppstjórnarmenn skipta manneldi að þar verði jafnmikil gisting þeirra manna er þar eru hreppsmenn, nótt á hverjum tíu hundruðum þar til að er hundrað hundraða. En síðan nótt á hverjum tuttugu hundruðum þar til sem eru tvau hundruð hundraða.¹ En þó að fé sé meira þá eykst það ekki til manneldis nema hreppstjórnarmönnum sýnist annað sannara [1305, 7]. Þá menn skal svo ala er þar eru hreppsmenn og öngvan eiga frænda þann er forlagseyri hafi til að færa hann fram svo að menn viti, ella fari² til frænda. R.B.H.K. Búlausir menn ef penga eiga, svari manneldi og öllum hreppsnaðsynjum að jafnaði sem hreppstjórnarmenn gjöra ráð fyrir [1305, 11].

13 *Hér segir hver skruðklæði menn eiga að bera*

Það er öllum mönnum kunnigt um þann mikla ósið er menn hafa hér meir í óvenju dregið í þessu landi en öngu öðru svo fátæku um skruðklæða búnað, svo sem margir hafa raun af meður stórum fjárskuldum, og missa margir menn þar fyrir marga aðra þarfliga hluti. En hinn fátæki þarfnast sinna hjálpa og fyrir það liggur margur til dauðs úti frosinn. Því gjörum vær öllum mönnum kunnigt að hver sá maður sem hann á tuttugu hundruð fjár og eigi minna, hvort sem hann er kvongaður eður eigi, má bera eina treyju með kaprúni af skruði. En sá sem á fjóra tigi hundraða má þar með bera einn skruðkyrtil. Sá sem á átta tigi hundraða má bera þar með ólpu eður kápu tvídregna fyrir utan gráskinn. En sá sem á hundrað hundraða, hann má að frjálssu bera þessi klæði öll. Lærðir menn megu bera þau klæði sem þeir vilja og þeir handgengnir menn sem sér eiga skyldarvopn. Svo og þeim mönnum sem utan hafa farið er lofað að bera þau klæði er þeir flytja sjálfir út meðan þau vinnast þó að þeir eigi minna fé en fyrr skilur. En eigi skulu þeir kaupa hér á landi sér til burðar frammar en fyrr segir.³ Nú ef nökkur ber skruðklæði sá er minna fé á eður öðruvíss tilkomin en hér vottar, þá er sá sekur tveimur aurum fyrir hvert við konung⁴ utan honum sé gefin, nema konur beri.

1 En síðan nótt á hverjum tuttugu hundruðum þar til sem eru tvau hundruð hundraða: vantar í 343

2 fari: 343 og útgáfur hafa færi

3 segir: 350 hefur R.B.E.K. strax á eftir, sem ekki á við

4 hvert við konung: útgáfur bæta við og klæðin upptæk kóns umboðsmanni sem er í samræmi við athugasemd aftanmáls í útgáfum hér á bls. 305 og 307 og réttarbot 1294, 25 á bls. 311

Hér hefur upp hinn átta hlut lögbókar
er heitir landabrigðabálkur og segir fyrst
hversu ungur maður fulltíða skal jörðum sínum brigða
þeim er fjárhaldsmaður hans seldi

1 Hvar sem ungum manni tæmist land í erfð eður að gjöf eður í vígsbætur eða réttarfar,¹ þeim er eigi á sjálfur varðveislu fjár síns, og selur fjárhaldsmaður hans í brott, þá á hann brigð til þess lands hvort sem er eitt eður fleiri. Hann skal brigt hafa² innan tíu vetra síðan hann tók við fjárvarðveislu sinni, og er hann innan lands, ella á hann þess máls aldri uppreist, nema nauðsyn banni. Nú þó að hann eigi fleiri lönd að brigða, þá skal hann brigt hafa öll innan tíu vetra síðan hann er úr ómegð. Og svo ef hann hefir utan lands verið, þá skal hann svo brigt hafa ef hann kemur út fulltíða. Ef maður vill jörð brigða, þá skal hann fara um haustið til bæjar þess er sá býr á sem jörð kallast eiga og segja honum við votta að hann vill þá jörð brigða. Þetta skal hann gert hafa fyrir jólanátt, hvar sem hann finnur hann. Hann skal stefna honum til jarðar þeirrar er hann vill brigða fimmta dag viku þann er þrjár vikur eru af sumri og flyti þar vitni sín að þetta er hans jörð, og hann seldi eigi né galt og eigi gaf hann, og engi sá er hann bauð um. Og ef honum fullnast þessor vitni, þá skulu dómendur dæma honum jörð sína en hinum aura sína af þeim er honum seldi. R.B.H.K. Ef þórsdag³ þann er þrjár vikur eru af sumri ber á helgan dag, þá komi öll gögn fram um jarðarbrigði hinn næsta virkan dag eftir [1314, 19]. Nú hefir jörð meir að sölum farið, þá eigi hver við sinn heimildarmann eður hans erfingja ef hann er dauður, og hafi þeir fé eftir hann tekið, en⁴ við fjárvarðveislumann ef hann er utan lands, þar til sem er fjárvarðveislumaður hins unga manns er, nema hann fái vitni til þess að hann seldi fyrir skulda sakir, þeirra sem áður voru á fénu, og eigi mátti hann þær með öðru gjalda eða til bjargar þeim ómögum er á fénu voru, og ekki var annað til fyrir þá að leggja, og hann seldi sem dýrst mátti

1 *í vígsbætur eða réttarfar*: er í samræmi við réttarbót 1294, 33

2 *hafa*: vantar í 350

3 *þórsdag*: 343 hefur *fimmtadag*

4 *en*: vantar í 350

hann, og fyrst seldi hann leiguból eður það er ómaginn átti í annarra manna jörðum. Og ef hann fær þessor vitni, standi jörð sem komin er. En ef honum fallast þessi vitni, þá eignist hinn ungi maður jörðina jafngóða að næstum fardögum. En ef hús eru betri en þá er jörð var seld, þá bæti hann fyrir það. En ef verri eru, þá bæti sá honum það er húsum hefir spillt. Nú kemur sá eigi til er stefnt var, þá skal sækjandi bera láta stefnuvætti sín, síðan eignarvitni sín, þá skulu dómendur dæma honum jörð en hinn snúist á sinn sala eftir slíkum aukum sem hann gaf fyrir jörð. Nú fallast honum þessor brigð fyrir einhverrar nauðsynjar sakir eður vankunnandi, og meta það sex skynsamir menn, þá brigði þeirri jörðu sem nú var mælt, þó að síðar sé.

2 *Hér segir hversu gamall maður má eigi landsölu ráða*

Eigi á maður að selja land undan erfingjum sínum þá er hann er áttatigi vetra gamall eður ellri, nema fyrir fulla þörf sína og svo ef hann liggur í banasótt, nema fulltíða erfingjar lofi. En ef hann selur, þá má¹ erfingi brigða ef hann vill. Hann skal svo brigð hefja og svo að allri sókn fara sem fyrr skilur, fyrir utan það að sá er þessari jörðu brigðir skal greiða fulla aura fyrir þá jörð af sínu fé að næstum fardögum. Nú vill hinn² eigi við aurum taka, þá sýni hann aura, hvort sem það er búfé eður annað fé, og hafi að láni þar til er hinn heimtir, og ábyrgist að öllu. Rétt er honum að byggja öðrum þetta fé og er hann þó fyrir skuld sem áður.

3 *Hér segir hversu eignarskipti skal löndum skipta*

Ef menn vilja jörðum skipta sín í millum eignarskipti og verða þeir allir á eitt sáttir, skipti sem þeir vilja og leggi hluti á, og hafi það hver sem hlýtur, og lýsi á þingi síðan hvað hver þeirra hefir hlotið. Og ef þeir játa því allir, þá má það skipti engi maður rjúfa. Nú vilja menn jörðum sínum skipta og hafa við hér-aðsmenn, þá skal sá er skipta vill stefna þeim öllum til jarðar³ er að móti eigu, svo löngu fyrir að um lið megi sýsla, að snjólausum jörðum og ósánum, og óbreiddum völlum. Sá skal ráða er stærstum vill skipta ef öngvan skaðar þar í.⁴ Meður skafti eða taugu á jörðum að skipta innan garðs en sjónhendingum utan

1 *má*: 343 hefur *skal*

2 *hinn*: útgáfur hafa *hann*

3 *jarðar*: 343 hefur *jarðarskiptis*

4 *skaðar þar í*: 343 hefur *skarðar í*

garðs. Marksteina skal þar niður setja og grafa sem þeir verða ásáttir og leggja hjá þrjá steina og eru þeir kallaðir lýritar. Svo skulu héraðsmenn jörðum skipta með þeim mönnum öllum er þar eigu hlut í að vel megi hver síns njóta, og engi þeirra þurfi kvikfé sitt heiman yfir annars land að reka. Eigi skal húsum móti jörðum skipta. Nú er þar sumt land betra en sumt, þá skal því skipta þeim mun óvídara¹ svo að jafngóð sé bæði. Vatn skal og falla til allra bæja og allur saman skal fara hvers þeirra hlutur. Og ef það er öngum þeirra til skaða, þá hafi það hver sem næst er því landi er áður á hann. Um þveran dal skal í sundur skipta ef það er dalland, nema þar falli á sú að eigi gangi kvikfé yfir og sé þeim jafnhægt til, þá er rétt að skipta að endilöngum dalnum. Húsum skal og skipta að jafnaði. Þeir eigu að þverkyrfa hús í sundur en eigi að endilöngum skipta. Nú verður hús manns þar á annars jörðu og skal það hús þar vera meðan sá vill er hús á og skal hann úr sínu landi allt til færa um að bæta. En ef hann vill úr stað færa húsið eður auka það, þá skal hann á sína jörð færa. Menn eiga að brjóta jörð ef þeir vilja til taðna sér eður akra þó að fleiri eigi saman og eiga þeir jafngóðri jörð að auka sína töðu ef þeir vilja² sem síðar auka. Þess er og kostur þar sem túnvelli er skipt að muna út garði og kveðja sex skynsama menn til að meta ef þeir verða eigi ásáttir ella nær þeir auka jöfnu. Nú vilja sumir auka en sumir eigi, þá skulu þeir gjalda hinum slíka jörð sem til þeirra kemur eftir sex manna mati ef mismunur er.

4 *Hér segir hver bújjártala* *vera skal í haga*

Þar er menn sjá eigi lögskipti á landi, þá skulu þeir skipta húsum, töðum og akurlöndum, engjum og skógum, veiðum og rekum. En kvikfé skulu þeir telja í haga svo að þeir hyggi eigi nýtra þó að færa sé, og sé þó skipað til fulls. Þar skulu menn ítölu búfjár hafa í haga er skynsömum mönnum lítast þær fleiri nætur er fé gengur í annars land. Þar skal telja þrevett naut við kú og³ tvau tvævetur naut við kú,⁴ en þrjú veturgömul við kú, eigi skal kálfa telja. Hross þrevett við kú og svo þó að ellra sé. Tvau hross tvævetur⁵ við kú, eigi skal fyl telja. Geitur fimm við kú. Gamli sauðir tíu við kú. Lömb tuttugu við kú.⁶ Eigi skal

1 þá skal því skipta þeim mun óvídara: 343 hefur þá skal það vera þeim mun óvídara en útgáfur þá skal því skipta mun óvídari

2 ef þeir vilja: skrifað fyrir neðan línu í 350, með eitthvað yngri hendi, en vantar í 343

3 þrevett naut við kú og: á spássíu í 350

4 tvau tvævetur naut við kú: vantar í 343

5 tvævetur: útgáfur bæta við og yngri

6 Lömb tuttugu við kú: á spássíu í 350 en vantar í 343

svín í land telja né hafa. Nú þó að menn vili húsum einum skipta eður töðuvöllum, engiteigum eða heyjum, rekum eður veiðum,¹ þá skal hann æ þeim heim stefna áður er til móts eigu við hann svo að um lið megi sýsla. Skulu menn jafnan til skiptis koma eður virðingar fyrir miðjan dag, ella sekist tveimur aurum við konung er eigi fer lögliga² til kvaddur, nema nauðsyn banni.

5 *Hér segir hversu skipta skal jörðum að lögum*

Nú ef einnhver maður eður fleiri³ vilja eigi til skiptis koma sá er stefnt var, þá skal þó skipta sem nú var talt. Vitni skal sá bera láta er sækir, að hann hefir honum þangað stefnt til jarðarskiptis við sig. Hluti skal þá í skaut bera, jafmarga sem þeir eiga í jörðu til. Sjá skulu skilríkir menn mark hluta þeirra áður og vita hvað hver þeirra hlýtur⁴ í húsum eður jörðu. Aðrir menn skulu hluti þeirra bera er eigi vilja sjálfir bera. Á þing skulu þeir þá fara og lýsa þar eignaskipti sínu. Þá hafa þeir að lögum skipt eignum sínum. Og ef sá maður er eigi innan lands er jörð á með þeim, þá skal stefna umboðsmanni hans til eður erfingja ef hann er eigi⁵ til og skipti svo sem hann⁶ sé sjálfur hjá. Nú vill maður⁷ eigi til skiptis koma, þá skal stefna honum til höfuðbóls með tvo votta og njóta þar votta sinna að hann stefndi honum til jarðaskiptis. Sá skal skipti ráða er stærstum vill skipta.⁸ Skipti í sundur heilum bæjum eður hálfum nema þeim þikki annað sannara. Nú skulu valinkunnir menn skipta og hluta á þingi. Síðan merki hann sjálfur sinn hlut. En valinkunnir menn kasti hlut þrjóts ómerktum í skaut⁹ og lýsi þar þegar hvað hver hlýtur. Það skipti skal haldast um aldur og ævi síðan.

6 *Hér segir hversu gera skal lagakaup á jörðu*

Ef maður vill selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér um land og skóga, engjar og reka, veiðar og afréttu, og allra gæða skulu þeir geta þeirra er því landi eiga að fylgja, þó að það eigi í önnur lönd eða aðrir menn eigi þangað¹⁰ ítök. Síðan skulu þeir í hendur takast og kaupa fyrir vottum

1 *rekum eður veiðum*: vantar í 343

2 *er eigi fer lögliga*: 343 hefur *ef hann er með lögum*

3 *einnhver maður eður fleiri*: 343 hefur aðeins *einn maður*

4 *hvað hver þeirra hlýtur*: 343 hefur *hver hvers þeirra hlutur er*

5 *eigi*: vantar í 350 en er í öllum öðrum handritum sem skipta máli

6 *hann*: útgáfur hafa *eigandi*

7 *maður*: útgáfur hafa *umboðsmaður eður erfingi*

8 *vill skipta*: útgáfur bæta við *ef öngvum skaðar*

9 *í skaut*: vantar í 343

10 *þangað*: 343 hefur *þannig*

tveimur eður fleirum. Hann skal handsala honum það land með hálfum ummerkjum þeim¹ er landinu eigu að fylgja. Hann skal heimila honum fé það allt er þar finnst í jörðu eður á, nema eigandi verði til. En ef land er eigi við votta handsalað, þá er sem ókeypt sé. En annar hvor þeirra skal rift hafa innan tólf mánaða, ella sé fast kaup þeirra, og sekur sex aurum við konung hvor þeirra fyrir það er þeir keyptu vottalaust. Skyldur er sá maður er honum seldi land að ganga á merki innan tólf mánaða og stefna þeim til öllum áður er til móts eigu við hann. Þar er eigi skylt að ganga á merki sem firðir deila eða ár þær er netnæmir fiskar ganga í. En ef þar liggja eyjar fyrir, þá skal kveða á þær. Nú ef maður á við annan mann eyjar þær er mörk eru í, þá skal þau sýna sem á meginlandi. Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll eru þau er vötn deilast milli héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjárhögum á fjöll upp. Kveða skal þar á um merki.² Nú prófast svo að hann átti minna en hann seldi, bæti fyrir eftir sex manna virðingu og haldist þó kaup þeirra.

7 *Hér segir hversu fara skulu landsnyttjar ef maður selur land sitt fyrir fardaga*

Ef maður selur land sitt fyrir fardaga eður á miðjum misserum, þá á hann allar landsnyttjar sem áður framan til fardaga, nema frá sé skilt í kaupþi þeirra, en reka til miðs dags frjádaginn³ í fardögum, allt það er þar til rekur á, og fé það allt er finnst þar í jörðu og á. En svo skal hann skóg höggva sem leigumaður. Hann skal ábyrgjast land við eldi og skriðum, vötnum og öllum spellum til fardaga. En ef aðrir menn skeðja þar jörðu eða gera þar önnur spell á landi, þá á sá sókn á því er seldi en hinn ef hann vill eigi.

8 *Hér segir hversu lögmála skal gera á landi*

Svo er mælt þar er maður selur öðrum manni land sitt og vill hann leggja á lögmála, þá skulu þeir handsalast við þann mála sem þeir verða ásáttir. Það er lögmáli á landi að hann skal eiga kost að kaupa landið fyrstur að jöfnu verði sem annar býður til þá er landið er falt. Vera má og sá máli á landi að þeir kveði sjálfir á meður sér hversu dýrt vera skal landið þá er falt verður. Þeim mála skal

1 með hálfum ummerkjum þeim: útgáfur hafa með ummerkjum þeim öllum

2 Eigi er skylt að ganga á merki ... Kveða skal þar á um merki: tekið eftir 343 og útgáfum, sem reyndar hafa vatnsföll fyrir vötn og sleppa um, en 350 hefur afbökunina *Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll eru upp að ganga úr búfjárhögum. Kveða skal þar á merki eður þar sem vatnsföll deilast milli héraða*

3 frjádaginn: 343 hefur föstudaginn

hann lýsa fyrir sex grönnum sínum og hið næsta sumar eftir á alþingi svo að lögmaður heyri. Hann skal lýsa þeim mála sinn á hverjum tíu vetrum á héraðsþingi meðan hinn¹ lifir. En ef sá er dauður er málinn er við, þá skal lýsa hið þriðja hvert ár á héraðsþingi. En ef eigi er svo lýst, þá er af málinn eða veð. En ef sá deyr er málann átti, þá skulu erfingjar hans skipta þeim mála með sér og lýsa á héraðsþingi hið þriðja hvert ár.²

9 *Hér segir hversu leggja skal lögveð í land manns*

Ef maður vill leggja lögveð í land manns, hvort sem það er fyrir landsverð eða aðra aura, þá skulu þeir handsalast það við. En það er lögveð í landi manns að hann skal taka jafnmarga aura sem sex skynsamir menn virða að hann sé vel haldinn af. En það skulu þeir gera fimmta dag viku³ þann er fjórar vikur eru af sumri, hið sama vor er hann missir fjár síns. Þá eignast hann svo mikið fé í landi sem þeir dæma honum. Svo skal maður lýsa veði sem mála. Rétt er að selja eður gefa landsmála eða veð og svo annarra gripa ef sá er innan héraðs⁴ er við tekur. Og skal hann segja með vottum þeim er land á hið fyrsta vor⁵ að hann skal bjóða honum þann mála og skal hann lýsa á þingi á hverjum þrimur vetrum. En ef hann gjörir eigi svo, þá er hann af þeim mála eða veði, hvort sem það er land eður annar gripur.

10 *Hér segir hversu maður skal seiða málaland að lögum*

Ef maður vill selja málaland sitt, þá skal hann fara til fundar við þann er málann á eður umboðsmann hans, hvort sem hann er í ómegð eða er hann úr landi farinn, sjau náttum fyrir sumar, og segja honum að landið er falt. Hann skal stefna honum heim með vottum sumarsdag hinn fyrsta og segja honum að hann man þá þar koma og bjóða honum landsmála, og hafa þá þann meður sér er kaupa vill. Nú er hann eigi heima þá er honum er heim stefnt sumarsdag hinn fyrsta að nauðsynjalausu, og hafi hann öngvan mann fengið til kjörs fyrir sig, þann er handsöl sé við eigandi, þá verður sá sekur sex aurum við konung er landið var boðið,⁶ en landið málalaust utan því aðeins að hinn kaupi ódýrra en

1 *hinn*: 343 hefur hann

2 *hið þriðja hvert ár*: vantar í 343

3 *vikur*: vantar í 343

4 *héraðs*: 343 hefur *jjórdungs* og í 1580 er athugasemd aftanmáls þar að lútandi, sjá bls. 307

5 *vor*: tekið eftir 343 en vantar í 350 og útgáfur hafa *ár* en hönd er á spássú 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307

6 *sex aurum við konung er landið var boðið*: 343 hefur *sex aurum við þann sem landið bauð*

honum var boðið¹ eður gerðu þeir til þess að vilja koma mála hans af landinu en kaupa öngu, þá er hvor þeirra sekur sex aurum við konung og fastur máli sem áður. R.B.E.K. Sektalaust er manni að kjósa undan sér málaland sitt [1294, 41].

11 *Hér segir ef maður selur annars manns málaland hversu skal brigða er á*

Ef maður selur málaland annars manns eða það er annar á veð í, þá skal sá er málann á eða veð þessi lönd brigða² innan næstu tólf mánaða, nema forföll banni, ellar á hann þess máls aldri uppreist. Nú á maður fé að manni, en sá er gjalda á³ handsalar honum land sitt og heimilar fyrir hverjum manni. Og ef fé gelst eigi að gjalddaga, þá verður hans land svo mikið sem hann átti fé að honum og þarf þeim máldaga eigi að lýsa. Nú selur hann í brott landið en hinn missir fjár síns að gjalddögum, þá gangi hann að frjálsu til lands síns.

12 *Hér segir hversu fara skal um það land er maður gefur með sér*

Ef maður gefur land með sér til fósturs eður þeim manni öðrum er hann vill framfæra, og skilur svo fyrir að ómagaeyrir skal í því landi liggja meðan hann þarf framfærslu, og verður framfærslan eigi efnd eður svo illa að skynsömum mönnum virðist eigi viðvært, þá skal sá er til ómagaframfærslu stendur brigða landið þegar hann veit það og hann má fyrir nauðsynja sakir, og brigði sem fyrr segir. En sá er sekur sex aurum við konung er ómagann skyldi fram hafa fært.

1 en honum var boðið: vantar í 343

2 þá skal sá er málann á eða veð þessi lönd brigða: 343 hefur þá skal þessi lönd brigða

3 er gjalda á: vantar í 343

Hér hefur upp hinn níunda hlut lögbókar
er heitir búnaðarbálkur og segir í fyrsta capitulo
hversu maður skal jörð byggja eður leigja og hversu
hann skal leigu afhenda og hverju hann er sekur
ef hann byggir af leigujörð sinni við landsdrottin

1 Ef maður vill annars jörð leiga undir bú sitt, þá skal hann þá jörð taka með
handsölum og tveimur skilríkum vitnum eður fleirum, þá skal hann þá jörð
hafa heimila hina næstu tólf mánaði¹ að búa á og inna hinum leigu slíka sem
þeir verða ásáttir. Nú er leiga eindöguð og kemur eigi fram í eindaga, þá
óheimilar hann sér jörð. Nú reiðir hann suma leigu en suma eigi,² þá skal sækja
út með vottum og fimmtarstefnum það er eftir stendur og svo þó að til allrar
þurfi að sækja. Leiguliði skal á jörðu búa til fardaga að öðru vori nema þeir
hafi lengri máldaga á gjörva. Af þeirri jörðu má hann ekki öðrum selja á leigu
til heimildar nema hann skili það þá er hann tók. En ef hann selur, þá er honum
jörð óheimil og svo hinum er tekur, og gjaldi landsdrottinn landnám fullt hvor
tveggja þeirra, og heimili sér svo jörð sá er af landsdrottinn tók. Af skal hinn fara
er af leiguliða tók. En allt það er hann missir síns í þá skal hinn bæta honum³
og hálfa mörk að handsalssliti. Og svo skal hver bæta sá er öðrum selur óheim-
ilt, nema hann hafi aðra jörð jafngóða að fá honum.

2 *Hér segir hversu konungsjarðir
skal byggja að lögum⁴*

Ef umboðsmaður konungs byggir jarðir hans í héraði að réttum jarðarmála, þá
skal það haldast eftir þeirri ábúð og landsskyld sem leiguliði fær vitni til, því
að svo á konungsjarðir að byggja sem um aðrar skilur að lögum þó að umboðs-
mannaskipti verði, þá skal hver sinn leigumála hafa. Ef maður tekur mútu til

1 *hina næstu tólf mánaði*: vantar í 343

2 *Nú reiðir hann suma leigu en suma eigi*: 343 hefur *Nú greiðir hann suma en suma eigi*

3 *þá skal hinn bæta honum*: útgáfur bæta við *er hann leigði jörð að*

4 Kaflinn var tekinn í bókina samkvæmt réttarbót 1294, 50, sjá bls. 313.

konungsjarðir að byggja eður annarra manna, gjaldi aftur það sem hann tók í mýtuna en konungi tvenn slík. En fyrir þær jarðir sem konungur á eigi, gjaldi hálf konungi en hálf landeiganda, og sé skildur við umboð og heiti drengur að verri. En sá er mýtuna gaf gjaldi slíkt sem hann gaf eftir því sem áður var skilt og sé skildur við ábúð jarðarinnar. En ef maður byggir dýrra konungsjarðir en vani er á, þá skal því framfar telja til leiðangurs og landvarnar sem leigan er meiri á lóðinni, sem annaðhvort aukar fyrir báðum eða minnkar fyrir báðum, eftir því sem byggist. Ef konungs umboðsmaður lætur jarðir hans undan honum ganga að vilja sínum eða fyrir vanræktar sakir, og þó að konungdómurinn fái þær aftur, gjaldi umboðsmaður jafnmikið fé sem hann lét undan honum ganga fyrir vanræktar sakir og skaða þann sem af því varð, ef hann vissi. Ef maður segir eigi lausa jörð manns fyrir náttina helgu, þá skal hann hafa þá jörð ef landsdrottinn vill halda honum í hendur þá tólf mánaði, að slíkri leigu sem áður var mælt. En eftir náttina helgu, þá bjóði landsdrottinn honum jörð sína. Og ef hann vill eigi hafa, þá hafi hann¹ sjálfur jörð sína og leigu með af þeim er af fer, slíka sem áður var skild. Ef maður gjörir kaldakol á jörðu manns, þá er það ef hann fer af henni fyrir náttina helgu svo að engi maður er eftir, þá á landsdrottinn það allt sem eftir er fémætt, nema kvikfé, og gjaldi honum á ofan tólf aura og svari fyrir boðburð og förumannaflutning ef fellur. Ef sá maður andast er á jörðu býr og kallar landsdrottinn að ólokin sé landsskyld, þá njóti arfi hins dauða votta sinna að landsskyld er lokin, og svo um alla ábúð jarðar. En ef hann hefir eigi vitni til, þá hafi landsdrottinn vitni til. En ef hvorgi hefir vitni til, þá sveri arfi og húsfrú hins dauða að eigi standi ábúð jarðar eftir eður landsskyld svo að þau viti skil á. Og ef þau sverja þetta, þá hafi landsdrottinn svo búið, og svo skal fara hið sama ef hinn er í útleð.

3 *Hér segir ábúðarskyldu leiguliða*

Skyldur er maður að halda upp húsum þeim öllum er þá voru er hann kom til jarðar. Það skal hann eigi ábyrgjast þó að hús fyrnist. Nú er húsgjörð skild á hendur manni, þá skal hann gert hafa húsið áður en hann fer af jörðu. En ef hann hefir eigi gert, gjaldi landsdrottni húsverð áður hann fer í brott eða láti gera hús sem skilt var. En ef hann gjörir þau hús sem eigi voru skild á hann, þá á hann sjálfur þau. Hann skal bjóða landsdrottni með vottum að kaupa þau hús. Heimolt á hann að færa brott húsið fyrir fardaga. En ef hús stendur eftir fardaga, þá á sá hús er jörð á, nema hinn færi viðinn² fyrir fardaga á hölkn eður

1 hann: 343 og útgáfur hafa landsdrottinn

2 viðinn: vantar í 350

hreysar, svo að hvorki sé að flytja þaðan yfir akur né eng, þá má hann færa þann við¹ brott eftir fardaga þá er hann á helst tóm til. Svo er og ef maður leggur við sinn í þau hús er áður voru þar, þá skal hann í brott taka viðinn fyrir fardaga og bæta hús sem áður var. Sá eignast viðinn sem land á ef hinn tekur eigi úr húsum áður. Landsdrottinn er skyldur að fá við til að halda upp húsum svo að þar sé óhætt mönnum og fé. En ef hann fær eigi við til, ábyrgist skaða þann allan sem þar gerist af eftir því sem skynsamir menn meta. En ef hann fær við til þá skal leiguliði ábyrgjast þó að hús falli niður² og hlaði vegg faðm saman eður lengra.

4 *Hér segir nær leiguliði skal til jarðar koma*

Leiguliði skal koma til jarðar þegar á vor er hann vill að voryrkja þar. En byggðum á hann til að fara þá er sex vikur eru af sumri. Er honum þar þá heimull hagi og föt sín og búsgögn inn að bera. Þeir skulu miðlast húsrúm við. En ef þeim vinnst eigi báðum húsrúm, þá á hinn heimil fjárhús þrjár nætur er áður bjó þar, því aðeins á sá er þar skal á landi búa smala sinn inni að hafa til laugardags að sá lofi er fyrir situr eða hann þurfi eigi allt húsrúm. En sá á síðan fyrir landi að ráða og húsum er þá hefir leigt. En þegar er sex vikur eru af sumri þá á hinn eigi er þar bjó áður að beita þar eng. Hafa á hann hross í haga til sunnudagsins og annan smala til þess er líður helgina. Rétt er honum og að vera þar um helgina³ með hjú sín og eru honum þá heimil fjárhús til innivistar ef þeim vinnast eigi báðum innihús. Því aðeins skal hann smala sinn inni hafa ef þeim vinnst báðum rúm⁴ og fari brott mánadaginn nema þá sé lögheilagt, ella nátt síðar, meður smala sinn allan og önnur föng.

5 *Hér segir hversu fara skal um leigujörð ef leigumaður kemur eigi til*

Nú leigir maður jörð að manni og kemur eigi til forfallalaust þá er sjau vikur eru af sumri,⁵ þá skal landsdrottinn fara til eður senda til og nýta sér landið svo sem hinn hefði eigi leigt og byggja öðrum ef hann vill, og heimti þó leigu alla af þeim er fyrr leigði. Nú selur maður jörð á leigu og vill eigi þann hafa láta er tók, þá gjöri sá hvort er hann vill er jörð leigði, að hann lögfesti og leggi á

1 þann við: 343 hefur það hús

2 þó að hús falli niður: 343 hefur hús að eigi falli niður

3 Rétt er honum og að vera þar um helgina: 343 hefur Rétt er að hann sé þar sunnudaginn

4 ef þeim vinnast eigi báðum innihús. Því aðeins skal hann smala sinn inni hafa ef þeim vinnst báðum rúm: 343 hoppar frá líku til líks og hefur aðeins ef þeim vinnst eigi báðum húsrúm

5 Hér er gerð athugasemd aftanmáls í 1578, sjá bls. 305.

fimmtarstefnu, og njóti votta sinna hversu hann hefir jörð tekna. Og ef honum berast vitni að fullu, þá eiga bændur að dæma honum leigujörð sína eftir því sem vitni báru honum. Hinn kost á hann annan að heimta af landsdrottinni landskyld slíka sem hann skildi af honum. Vill hann eigi gjalda, sæki sem vitafé. Sá maður er jörð leigir á grasnautn alla á jörðu þeirri og allt að vinna á henni það er hann vill og þarf til húsa umbóta eður garða að búa um andvirki sitt, þar er hvorki spilli akri né eng. R.B.E.K.¹ Svo skal leiguliði hjón hafa að hann fái unnið engjar allar, ella bæti landsdrottinni skaða þann allan sem menn meta að land spillist af því, utan þeir skili öðruvís [1294, 2].

6 *Hér segir um leigujörð ef tveimur er byggð*

Ef maður selur eina jörð tveimur mönnum að leiga, þá skal sá hafa er fyrri tók og svo skal hvervetna þar sem maður selur tveimur mönnum hið sama, að sá skal hafa er fyrri kaupir eður leigir. Halda skal hann skiladómi fyrir kaupi sínu og heyra votta hins² að hann tók fyrri. Aðra jörð skal landsdrottinn hinum fá ef hann hefir til. En ef hann hefir eigi jörð til, þá skal landsdrottinn gjalda honum fé jafnmikið sem hann skildi sér af honum í landsskyld og sé síðan sáttir. En þetta skulu þeir reynt hafa innan hálfes mánaðar síðan jörð var tveimur byggð.

7 *Hér segir hvað leigulandi á að fylgja eftir lögum*

Ef menn beita engjar leiglendings eður haga, þá á hann sök³ á því en landeigandi ef hann vill eigi sækja, og svo ef jörðu er skatt, þá skal honum það allt bæta skaðabótum og landnámi sem sex grannar þeirra meta. Ef fiskveiður eður fuglveiður eða eggver fylgir leigulandi, þá á leiguliði það allt, nema frá sé skilt í kaupi þeirra, og svo ef þar rekur fugla eður fiska, sela eður háskerðinga og hnísur. Ef við rekur á leigulandsfjöru þá á leiguliði að draga við úr flæðarmáli og marka þess marki er fjöru á og festa sem hann eigi sjálfur. Hann skal eiga þar álmarkefli og smæri. Heimilt á hann að flytja þar farma á fjöru hins. Nú rekur hval á fjöru þar, þá skal hann festa hval sem hann eigi og hafa af sex vættir, hálfvort spik og rengi, ef hvalur er tvítögur eður lengri.⁴ Þó er hann skyldur að festa hval þó að skemmri sé. En ef hann bergur verr hval eða viði en nú var mælt, þá er hann sekur sex aurum við landsdrottinn og ábyrgist skaða

1 R.B.E.K.: vantar í 343 en bætt við síðar á spássíu

2 og heyra votta hins: 343 og útgáfur hafa og njóta votta sinna

3 sök: 343 hefur sókn

4 eður lengri: 343 bætir við eins kyns

þann allan sem eigandi fær af hans vanrækt. Leiguliði á þar veiðar allar að hafa þær sem því landi fylgja utan eggversfugla, þá skal engi maður veiða. Nú verpa þar elftur fyrir fardaga, þá eignast sá það er til jarðar kemur þá, en hinn þvílíkt sem var hið fyrra vorið, egg og unga. Leiguliði á þar torf að skera¹ í landinu sem hann þarf til eldiviðar, þar nær sem áður hefir skorið verið, og fella saman torfgrafir. En við skal hann höggva ef áður hefir viði elt verið. Hvort tveggja ef áður hefir svo verið, nema þeir hafi annan veg skilt. Í skógi skal hann höggva slóðahrís og girði og lédengingarkol sér, og neyta þess alls svo hagliga sem hann ætti sjálfur þann skóg. Hann á og að bæta bús búhluti sína úr skógi eða af rekaviði. En ef hann gerir nýja, þá á landsdrottinn það. Nú á hann eldi-brancha þar eftir þá er hann fer af jörðu, þá skal landsdrottinn eður sá sem til jarðar kemur hafa þá eldibrancha og inna hinum fyrir starf sitt eftir sex manna dómi, ella flyti hinn brott eður lógi að ósekju.

8 *Hér segir hversu menn skulu færa byggðir sínar á fardögum*²

Fimmtidagur viku er sex vikur eru af sumri er hinn fyrsti fardagur, frjádagur, laugardagur og sunnudagur. Maður má færa heimili sitt árla fimmtadaginn og þess í milli, svo að hver sá maður er sér hefir tveggja missera vist tekið sé kominn til þess heimiliss³ sem hann skal hafa sunnudaginn að aftni forfallalaust, en hann er af vist sinni árla mánadaginn. Svo skulu menn koma til jarða sinna sem fyrr segir. Leiguliði er skyldur að færa alla myki á völl undan fé sínu áður hann fer af jörðu. R.B.E.K.⁴ Ella tvígildi fyrir það sem ófært er, þá er hann fer af jörðu, þann kostnað sem hinn þarf til brottfærslunnar er til jarðar fer [1294, 4].

1 á þar torf að skera: útgáfur hafa á að grafa torf og skera

2 Kaflinn hefst í 343 á ákvæði um kaldakol sem líkist því sem er í öðrum kafla landsleigubálks hér að ofan, nefnilega: *Ef maður gjörir kaldakol á jörðu manns, þá er það ef maður fer af jörð fyrir fardaga svo að engi maður er þar eftir, þá á landsdrottinn allt það sem þar er eftir, utan kvikfé, og gjaldi honum á cfan tólf aura og svari fyrir boðburð og förumannaflutning ef fellur.* Þessi klausa er sérstakur kaflí í elstu handritum, sjá Jónsbók 1904, bls. 136.

3 *er sér hefir tveggja missera vist tekið sé kominn til þess heimiliss:* 343 hefur svo að hver sá maður er sér hefir heimili tekið og tveggja missera vist en útgáfur er sér hefur jörð tekið og tveggja missera vist tekið, sé kominn til jarðar og þess heimilis

4 R.B.E.K.: vantar í útgáfur en 343 hefur skammstöfunina fyrir framan *Leiguliði* og sú setning er eins, en í beinu framhaldi er bætt við *ella tvígildi þeim sem til jarðar kemur það sem ófært er fyrir þann kostnað sem hann hefir fyrir brottfærslu*

9 *Hér segir hversu upptækt er góss leiguliða ef eigi er brott fært*

Ef maður fer af jörðu og á hann þar ker inni, þá skal hann það út hafa fært og allt búsgagn sitt hið síðasta laugardaginn í fardögum, nema hinn lofi. Rétt er manni að brjóta hús til þess að færa ker sitt út ef hann bætir húsið aftur jafnvel sem áður var, ella færi út í stöfum. Nú brýtur maður setstokka úr húsi eður bríkur þær sem greyping nemur eða naglfast er undir bjálka eður bita, þá skal hann það aftur færa. En allt það er húsbrot nemur, leggi á mörk, hálfa konungi en hálfa þeim er hús¹ á, og gjöri hús jafngott sem áður var. Nú skal hann af jörðu flytja allt það sem hann á með réttu, korn sitt og hey, og slíkt sem fyrr sagði. Þá skal hann hafa brott flutt er sex vikur eru af sumri, utan hey og korn² má standa meðan hinum er eigi mein að, og færi síðan úr hlöðum eður stakkgörðum og búi þar um á jörðu hins að hvorki spilli akri né eng. Nú vill hann eigi í brott flytja, þá er hinum er mein að, þá ábyrgist hann sjálfur hey sitt eður korn þó að hann kasti út.³ En allt annað það sem eftir er fémætt þá er sex vikur eru af sumri, utan kvikfé,⁴ þá eignast sá sem jörð á undir, utan hinn hafi fært í fjöru eða á holt⁵ utan garðs þar er hvorki spilli akri né eng,⁶ og hafi þaðan brott flutt fyrir næstu veturnatur. R.B.E.K. Um kaldakol forfallalaust, það sem fémætt er eftir utan kvikfé, þá eignast sá er jörð á⁷ [1294, 3]. Svo skal sá maður alla hluti af jörðu færa og svo með öllu fara er jörð sína selur sem fyrr segir um leiguliða þann er af jörðu fer.

10 *Hér segir um bújýrlausn á ótekinni jörðu*

Hvervetna þar sem maður situr á jörðu ótekinni, þá á landsdrottinn lóð alla. En hinn leysi allt bú sitt undan með fullu landnámi við landsdrottin. Nú vill hann

1 hús: 343 hefur land

2 og korn: vantar í 343

3 Nú vill hann eigi ... þó að hann kasti út: í 350 hafa orðin að hann verið skafin út og þar setja útgáfur að hinn en hafa að öðru leyti sama texta á meðan 343 hefur Vill hann eigi svo brott flytja úr hlöðum eða stakkgörðum, þá ábyrgist sjálfur þó að hinn kasti út

4 utan kvikfé: vantar í 343

5 holt: 343 hefur berg

6 þar er hvorki spilli akri né eng: 343 og útgáfur hafa þar er hverki sé að flytja þaðan yfir akur eður eng

7 R.B.E.K. Um kaldakol forfallalaust, það sem fémætt er eftir utan kvikfé, þá eignast sá er jörð á: vantar í 343 og tengist viðbót fremst í áttunda kafla hér að ofan, en í 350 bætir annar skrifari nokkru síðar orðum við fyrir ofan línu og á spássíu sem breyta ákvæðinu í Um kaldakol fyrir fardaga forfallalaust, það sem fémætt er eftir utan kvikfé, þá eignast sá er jörð á og sekur mörk við landsdrottin á meðan útgáfur hafa Um kaldakol fyri fardaga forfallalaust, það sem fémætt er eftir utan kvikfé þá eignast sá er jörð á

eigi af jörðu fara, þá skal jarðeigandi stefna honum þing og beiða þar bændur liðs að færa hann af jörðu sinni. Sekur er sá hver eyri við konung er eigi vill til fara. Umboðsmaður konungs er skyldur til að fara og öðlast meður því hálfa mörk konungi til handa.

11 *Hér segir hversu leiguliði má hey selja að lögum*

Leiguliði skal eigi lóga fé sínu til þess að hann seli hey af jörðu. En ef hann gjörir það, þá eigi landsdrottinn hálfð heysverðið. En eigi er maður skyldur að taka fúlgufé til. En ef hann á korn eður hey falt í staða þá er hann fer brott af jörðu, þá skal hann bjóða landsdrottni með vottum að kaupa það og gjöra honum hálfs mánaðar stefnu til verðlyktingar, slíks sem sex skynsamir menn meta. En ef hann lýkur þá eigi verðið, seli hverjum er hann vill eða hafi sjálfur og hagi sem fyrr segir. Nú ef tveir menn eiga staða saman, hvort sem það er korn eða hey, þá skal hvorgi í brott flytja fyrr en skipt er. Ef maður höggur hey manns um merki fram, þá sekist hann eigi æ meðan hann hefir jafnmikið hey þar það sem hann þarf til að leggja. Nú ef hann flytur allt í brott þá sekist hann tveimur aurum við þann er heyið átti og eineiði með að hann flutti eigi minna hey aftur, það er granni hans átti, en það var er hann flutti í brott.

12 *Hér segir um heysölur í héraði*

Ef menn þurfa í byggðum hey að kaupa, þá skal sá er þarf fara til umboðsmanns konungs með tvo votta og biðja hann þing stefna, og nefna til sex skynsama menn að rannsaka byggðarlag til heysalna,¹ svo víða sem þarf, og þar sem hey finnst til afhlaups ætli fyrst hrossum bónda traðgjöf til sumars, sauðfé og geitum til fardaga, mjólkukúm² til þings. En það sem af gengur, seli sem flestra manna gengur í milli í því héraði, fyrri þar hreppsmönnum en öðrum, þeim þó að fullar vörslur leggi í móti. En sá er eigi vill svo hey selja sem fyrr skilur, gjaldi hálfa mörk, hálfð konungi en hálfð þeim er heysölu var synjað,³ og hafi þó hey fyrir öngvan pening og sé skipt að jafnaði þeirra í milli er þurfa. En ef konungs umboðsmaður vanrækir til að fara, þá gjaldi hann hálfa mörk þeim er hey þurfti að kaupa. En ef nökkur ver oddi og eggju það hey sem uppnæmt er

1 að rannsaka byggðarlag til heysalna: 343 hefur að rannsaka byggðir allar

2 mjólkukúm: útgáfur hafa prentvilluna miðlum

3 hálfð konungi en hálfð þeim er heysölu var synjað: 343 hefur útfærsluna hafi konungs umboðsmaður tvo aura en sá tvo aura er heysölu var synjað

eftir lögum,¹ þá veri² hann ógildur, hvort sem hann fær sár eða aðrar ákomur. En ef hann deyr af þá sé undir konungs miskunn.

13 *Hér segir hversu leiguliðar skulu húsum skipta*

Ef fleiri menn en einn búa í óskiptum húsum, þá skulu þeir elda hús að manntali en eigi að jarðaráhöfn, því að hjón þurfu eldingar en eigi húsin. En hversu sem þeir skipta húsum, þá eiga þeir³ allar dyr jafnheimilar þær sem óskiptar eru. En ef nokkur maður höggur eða brýtur fleiri dyr á húsum en þá voru er hann kom til lands, gjaldi konungi hálfa mörk en aðra hálfa mörk þeim er land á og á ofan fyrir húsaspell⁴ sem sex skynsamir menn meta. Sá skal krefja húsaskiptiss er til jarðar fer og hafa við votta tvo og lýsi því undir þá að hann krefur húsaskiptiss, og gjöri hinum fimmt til skiptiss, utan skipt sé áður. En ef hann vill þá eigi skipta, þá nefni hinn til tvo granna þeirra og skipti til hlutfalla og hluti síðan, og hafi það hvor er hlýtur.⁵ En ef hann stendur fyrir því er skipt var, gjaldi þeim mörk er til jarðar fer og hafi þó hús sem áður var skipt.⁶ Vill hann eigi gjalda, sæki sem vitafé. En þegar skipt er húsum þá skal sínum hluta húsa hvor halda og ráða. En þó að eitt naut bindi síðan á hlut annars manns leyfislaut í hús inn, þá sekist sá tveimur aurum við þann er til jarðar fer.⁷

14 *Hér segir um taðfall*

Maður skal það taðfall hafa er þess manns fénaður gerði sem þar byggði er hann hefir sér bólfestu tekið. Ef maður tekur myki af annars manns bólfestu og færir á völl sinn eður akur, þá er hann sekur tveimur aurum við þann er mykina átti og teði honum þó jafngóðan akur eða völl sem hinn taddi sér áður meður þeim töðum sem hann flutti brott og jafnmikinn.⁸ Nú koma leiguliðar eigi⁹ all-

1 það hey sem uppnæmt er eftir lögum: vantar í 343

2 veri: útgáfur hafa verji

3 þeir: 350 hefur villuna þær

4 og á ofan fyrir húsaspell: 343 hefur og bæti hver

5 og hafi það hvor er hlýtur: vantar í 343

6 sem áður var skipt: 343 hefur eigi að síður

7 Hér er hönd á spássú 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307.

8 og teði honum þó ... brott og jafnmikinn: 343 hefur og teði honum þó jafnmikinn akur eða völl og jafn vel sem hann taddi með þeim töðum er hann flutti af áður og útgáfur og teði honum þó jafnmikinn akur eður völl og jafn vel sem hinn taddi sér áður meður þeim töðum sem hann flutti burt

9 eigi: svo í 343 og elstu handritum en vantar í 350 og útgáfur nema aftanmáls í 1580, sjá bls. 307

ir senn til jarðar, þá skal sá krefja skiptiss er hafa vill við tvo votta eður fleiri. En ef óbyggð er jörð eða er sá eigi kominn er jörð hefir tekið, þá mæli hann sér teig jafnmikinn og teði jafnvel, og geri síðan hvort er þeir vilja, hluti eður hafi þann hvar sem taddan hefir. En leiguliðaskipti helst æ meðan einnhver þeirra býr á jörðu er skipti, en ef einnhver þeirra fer brott en annar kemur til, þá hafi sá þá teiga og þau hús er til kemur sem hinn hafði er brott fór og njóti hver sinnar ábúðar. Svo skal jörðu skipta að allir teigar þikki jafngóðir eftir leiguburð.

15 *Hér segir hversu sækja skal til skipta*

Svo skal krefja skiptis engja sem akra eður valla. Af annars¹ jörðu skal maður hvorki slá né skera eður sér nýta. En ef maður slær völl manns eða eng eður sker akur manns, þá skal sá sem á fara til og lögfesta fyrir akur eða eng, hvort sem korn eður hey liggur á eður eigi, og leggi sá fimmtarstefnu er heldur þikk-ist þurfa. En ef þess verður akur eða eng er lögfesti fyrir, þá skal hann beiða afturfærslu² að aftur komi fyrir fimmt og leggi á landnám og eineiði með að hann flutti eigi minna aftur korn eður hey³ en hann flutti brott. En ef hann fær-ir þá eigi aftur þá krefi hinn út og stefni heim innan hálfis mánaðar. Og ef þá kemur eigi heim þá stefni hann honum þing fyrir rán og lögleysu, og láti bera vitni sín á þingi hversu farið er og beiði bændur dóms og atfarar að taka sem vitafé. Ef fleiri menn búa á einum bæ, þá skal engi þeirra fleira fé hafa⁴ en landið má vel upp halda, og skipti þeir fé og landi að jafnaði með sér. En ef annar hvor hefir fleira fé í haga gjaldi grasverð sem menn meta.

16 *Hér segir um landamerki hversu fara skal að lögum*

Nú ganga menn á landamerki og verða eigi ásáttir, þá skulu þeir lögfesta til þeirra ummerkja er þeir segja rétt vera er þar eiga lönd til móts fyrir utan.⁵ En ef þeir lögfesta eigi innan tólf mánaða síðan þeir hafa á merki gengið, þá eiga þeir þess máls aldri uppreist. Nú lögfestir maður yfir merki fram þar sem rétt var til gengið, bæti hinum skaða þann allan sem hann hafði af því og öfundar-bót með eftir sex manna dómi. Ef maður lögfestir haga sinn, þá skal sá maður

1 annars: vantar í 343

2 afturfærslu: útgáfur bæta við korns eður heys

3 korn eður hey: vantar í 343

4 fé hafa: 343 bætir við um sumar

5 fyrir utan: útgáfur bæta við eða ofan

er land á þar næst láta reka bú sitt allt í það horn lands síns sem first er lögfestu hins. En ef fleiri menn hafa lögfest, þá skal hann láta reka í miðjan haga sinn fé sitt um aftna. Hann skal hafa rekið það úr haga hins þá er sól er í austri miðju, það sem hann mátti finna, það heita hirðisrismál. Hann skal fá mann til að sitja að um daga. Og ef svo er gjört þá er hann sýkn saka þó að hagi hins beitist. Hvergi á maður að bæta fyrir hagabeit nema lögfest sé, utan hann láti reka að landi eða í land hins svo að hann vildi að hagi hins beittist, þá bæti fyrir skaða og landnám með þeim er gras á. Svo og ef hann varðar minnur við þar sem lögfest er en fyrr var skilt, og svo ef hann fær eigi þann mann til hirðiss er skynsömum mönnum virðist að vel megi gæta ef hann vill.¹

17 *Hér segir hversu maður skal lögfesta jörð sína*

Ef maður lögfestir holt eður haga eða veiðistaðir, þá skal lögfesta að kirkju eður á þingi þar sem jörð liggur.² Hann skal svo mæla: Eg lögfesti hér í dag eign mína er N. heitir, akra og töður, engjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistaðir,³ og allar landsnyttjar þær er því landi eigu að fylgja til ummerkja þeirra er aðrir menn eiga í móti mér, bæði að orðfullu og lögmáli réttu. Fyrirbýð eg héðan af hverjum manni í að vinna eða sér að nýta nema mitt sé lof eða leyfi til, að vitni þínu N. og þínu N. og allra þeirra er orð mín heyra. En sá maður sem lögfestir skal tala svo hátt að allir heyri þeir sem hjá eru ef þeir vilja. En sú lögfesta skal standa tólf mánaði hina næstu eftir ef eigandi lögfestir eður hans lögligur umboðsmaður.

18 *Hér segir hvert landnám hver maður skal taka*

Ef í er ort konungs jörðu þá skal hann taka áverkabót svo mikla sem áverki er verður eftir skynsamra manna virðingu og landnám jafnmikið áverkabót þar til er áverki er verður þriggja marka. En landnám er hálfu meira áverka ef lögfest er. En þó að áverki sé meira verður, þá skal þó landnám aldri lengra fram ganga. Ef í er ort jörð erkibyskups eða hertoga, þá skulu þeir taka áverkabót eftir virðingu, hvort sem áverki er verður meiri eður minni, og svo skulu allir menn áverkabót eftir virðingu⁴ taka. En landnám jafnmikið áverkabót þar til

1 *ef hann fær eigi þann mann ... ef hann vill:* 343 hefur *ef hann fær þann mann til hirðis að skynsömum mönnum virðist að eigi megi vel gera þó að hann vili*

2 *þar sem jörð liggur:* 350 hefur villuna eður *þar sem jörð liggur* en orðið *eður* kemur ekki fyrir í öðrum handritum sem máli skipta

3 *engjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistaðir:* 343 hefur aðeins *engjar og skóga og haga*

4 *eftir virðingu:* vantar í 343 og útgáfur

sem áverki er verður tuttugu aura, en hálfu meira ef lögfest er. Ef í er ort jörð byskups eður jarls, þá skulu þeir taka landnám eftir áverkabót þar til sem áverki er verður tveggja marka, hálfu meira ef lögfest er. Ef í er ort jörð ábóta eður abbadísar eða umboðsmanns heilagrar kirkju, þá skulu þau taka landnám eftir áverkabót þar til sem áverki er verður tólf aura, hálfu meira ef lögfest er. Ef í er ort jörð baróns, stallara eður merkismanns, þá skal hver þeirra taka landnám eftir áverkabót þar til er áverki er verður níu aura, hálfu meira ef lögfest er. Ef í er ort jörðu riddara, þá skal hann taka landnám eftir áverkabót þar til er áverki er verður sex aura, hálfu meira ef lögfest er. Ef í er ort jörð bónda eður hölds eða þeirra manna úr Noregs¹ konungs ríki eru og staðfestast hér á landi, þá skulu þeir taka landnám eftir áverkabót þar til sem áverki er verður hálfrar merkur, hálfu meira ef lögfest er, nema þeir sé hæri menn að nafnbótum. En enskis manns landnám skal lengra fram ganga en hér er ákveðið. En allan áverka jarðar skulu meta sex skynsamir menn.

19 *Hér greinir um landnám og áverkabót að óskiptri jörðu²*

Ef fleiri menn eigu jörð saman, þá skulu allir eftir hinum besta manni landnám taka þeim er í jörðu á með þeim að óskiptri jörðu, og skipti áverka og landnámi eftir jarðarmegni, slíkt hverjum sem í jörðu á. En mær taki landnám eftir feður sínum. En ekkja eftir þeim er næst átti hana. Nú ef sumir leyfa íneyslu í jörðu en sumir eigi, þá taki sá hver landnám sitt fullt er eigi leyfði slíkt sem hann er maður til. En svo mikið af áverka sem hann á í jörðu til. En ef fleiri hafa óleyft, þá taki allir eitt landnám. En áverkabót eftir jafnaði þeir sem óleyft hafa, og svo þótt þeir allir hafi óleyft ef jörðu er óskipt.³ En ef jörðu er eignarskipti skipt, þá tekur hver þeirra fullt landnám af sínum hlut eftir því sem hann er maður til. Nú fer maður í skóg annars manns utan leyfi þess er á og vinnur sér þar í, þá skal sá er skóg á leiða til sex skynsama menn að sjá stofna og meta markarspell, og svo þó að maður rífi hrís á annars manns jörðu, þá skal sá er sér vann í landnámi fyrir svara og bæta þó skógarspell sem virt er, ef eigandi hefir vitni til á hendur honum.⁴ En ella syni hann fyrir með lýritareiði.⁵ Nú höggur maður svo tré í annars manns skógi að hann hylur stofna og hefir sjálfur eður

1 *Noregs*: 343 hefur vors

2 *að óskiptri jörðu*: í 350 er aðeins *óskiptri* og er hinu aukið við út frá samhengi

3 *En ef fleiri hafa óleyft ... ef jörðu er óskipt*: 343 hefur *En ef allir hafa ólefað, þá taki þeir allir eitt landnám, en slíkt af áverka hver sem í jörðu á* og fylgir elstu handritum

4 *sem virt er, ef eigandi hefir vitni til á hendur honum*: vantar í 343

5 *lýritareiði*: 343 bætir við *ef eigandi hefir ei vitni til*

fær öðrum,¹ þá verður hann þjófur af sem hann hefði stolið öðru jafnmiklu ef tré eru svo mikils verð að þjófssök nemur.² Ef maður höggur skýlihögg á við manns, birkir eður skefur svo að spell er í, bæti skógarspell sem metið er og landnám með. Ef maður höggur upp merkibjörk og veit hann það, bæti skaða og fulla öfundarbót með eftir dómi hverjum er mark átti í þá björk. Hvervetna er maður hittir áverka í skógi sínum, þá skal hann að ósekju í brott taka.

20 *Hér segir af skógarskipti*

Ef tveir menn eða fleiri eigu skóg saman, eng eður úthaga, þá skal engi meira í vinna að óskiptri jörðu en í eign³ á eður tala rennur til, nema eldivið. En þar sem menn eigu skóg saman, eng eður úthaga, þá skal sá er skipta vill sækja þá til skiptiss er í móti honum eigu eftir því sem lögbók vottar í eignarskiptum, því að sá skal skiptum ráða er skipta vill, en engi skal svo ráða að gjöra öðrum spellvirki né fjárskada í skiptum. En hver sem meira yrkir í óskiptri jörðu en til kemur eftir rétttri tiltölu,⁴ þá svari slíku fyrir við þann er í móti á sem sá ætti er í vann í óleyfi og ekki átti áður í jörðinni, bæði⁵ áverka og landnám með. Svo skal skógi skipta að þeim skal rjóður ætla er meir hefir skóg höggvið en lög votta. En ef eigi er skógur rjóðurhögginn⁶ og er meir valdur, þá skal sá hafa því víðara skóg er minnur hefir neytt svo að jafngóður þikki vera hvors þeirra hlutur þeim er skipta. En ef hinn hefir svo mjög höggvið að eigi má með skógi jafna, bæti þá með öðru fé svo að fullt sé⁷ og þó landnám með. Ekki skal maður höggva í annars manns skógi, nema umferðarmenn farargreiðabót, og bæta hvað sem bilar að vögnum⁸ eður sleða, klyfbera eður öðrum tréreiða og keyrisvönd, og til eldsneytis, ef úti býr⁹ um nætursakir í sama stað, utan hann nái hvorki að gjöf né að kaupi og gengur nauðsyn til, þá höggvi meðan þarf og bæti skógarspell landnámslaust ef sá ámalgar er skóg á eður hans lögligur umboðsmaður. Svo skal og fara um rekavið ef menn fara á skipi og um næturvistir hið sama til eldinga.¹ En

1 og hefir sjáfur eður fær öðrum: vantar í 343

2 ef tré eru svo mikils verð að þjófssök nemur: vantar í 343

3 eign: 343 hefur eng

4 En hver sem meira yrkir í óskiptri jörðu en til kemur eftir rétttri tiltölu: 343 hefur Nú ef maður yrkir í meira en til kemur

5 bæði: útgáfur hafa bæti

6 skógur rjóðurhögginn: 343 hefur rjóðrum högginn

7 svo að fullt sé: vantar í 343

8 vögnum: 343 hefur vögum

9 býr: útgáfur hafa þarf að búa

ef meira höggur eða hefir en fyrr segir, bæti fyrir spell og skaða landsdrottni á skógi eður viði og landnám með nema hann lofi.²

21 *Hér segir um skógarneyslu*

Ef maður á skóg á annars manns jörðu, þá á hann að njóta skógar þess svo sem í hans jörðu sé sjálfs að höggva. Eigi skal hann þar eyki hafa um nætur, hann skal gjöra þar kol og hafa brott flutt fyrir veturnætur hinar næstu og hylja grafir allar svo að eigi liggi búfé í. En ef hann gjörir eigi svo, bæti landsdrottnei skaða þann allan sem af gjörist gröfum þeim er eigi voru huldar og landnám með, og svo skal hvervetna þar er maður gjörir kol á annars manns jörðu. Ef maður færir eigi kol af annars manns jörðu innan næstu tólf mánaða síðan þau voru brennd³ forfallalaust, þá eignast sá kol er jörð á og er þá lokið landnám og öslagjöld. Nú vill sá nýta lim er skóg á á annars manns jörðu þá skal hann láta bera saman lim og fauska og stofna í köstu fyrir veturnætur hinar næstu, ella á sá er jörð á undir, og svo ef eigi er brott flutt innan næstu tólf mánaða þó að saman sé borið.⁴ Ef maður höggur skóg annars manns til hlutar þá skal það haldast sem í kaup þeirra kom. Hann skal hafa grafagjörð að frjálsu svo sem þá er maður á skóg á annars manns jörðu. Nú vill annar eigi⁵ skipta kolum eður kolviði, þá skal þó skipta sem fyrr segir. Ef viður vex um þjóðbraut þvera svo að þar má eigi aka eður klytjar bera, þá höggvi sá er vill að ösekju þann við og kasti í skóg brott frá götu. Sá maður má⁶ beita fé sínu í skógi annars manns er jörð á undir meðan meir bítur gras en skóg. En sá maður er skóg á má beita búi sínu meðan meir bítur skóg en sinu. En hver sem öðruvís beitir bæti skaða sem menn meta og landnám með. Ef sá rekur eður reka lætur bú sitt í skóg manns er hvorki á skóg né jörð undir, bæti hvorum tveggja skaða sem menn meta og landnám með. Hver maður á viðarvöxt í sínu skógarmarki meðan hann

1 *Svo skal og fara um rekavið ef menn fara á skipi og um næturvistir hið sama til eldinga:* útgáfur hafa villuna skipti fyrir skipi en 343 hefur aðeins *Svo skal og vera ef menn fara á skipi*

2 *En ef meira höggur ... nema hann lofi:* 343 hefur aðeins *En ef meira höggur, bæti skógarspell landsdrottnei og landnám með utan hann lofi*

3 *brennd:* 343 hefur gjör

4 *fyrir veturnætur hinar næstu ... þó að saman sé borið:* 343 ruglar textanum og hefur og hafi í brott fært innan tólf mánaða þaðan frá og hafi þetta gjört stefna upprétta, fauska og lim saman borið fyrir veturnætur hinar næstu ella á sá sem jörð á undir og svo ef eigi er brott fært innan tólf mánaða

5 *eigi:* vantar í 350 og útgáfur

6 *má:* 343 hefur á að en útgáfur villuna á

á þar nökkurn fornan við. Ef menn höggva skóg þann allan upp er tveir menn eður fleiri eigu saman þá skulu þeir skipta með sér merkibjörkum og höggva þær síðast. Og þá er skógur sá er svo höggvinn að engi viður finnst eftir þá eignist sá skógarstöðu er jörð á undir.

22 *Hér segir um varðhald á engi*

Ef maður á eng á annars manns jörðu þá skal hinn eigi beita það engi þaðan frá er sex vikur eru af sumri. En sá er engið á skal það fyrst láta vinna, nema hann vili töðu sína fyrri vinna. En ef hann vinnur eigi svo og vill þó unnið hafa, þá bæti hálfri mörk þeim er jörð á og er þó óheilagt heyið og engið. Nú á maður engi á fleiri manna löndum þá skal hann sitt sumar hvert fyrst slá og eigi fyrri heima en þau eru öll slegin. Maður má gjöra stíflur á engi því sem hann á á annars manns jörðu og grafa í sínu landi torf til,¹ og veita svo vötn á engið. Hann skal á sínu engi upphefja veituna og skal þaðan falla vatn í hinn forna farveg. En ef annars manns land spillist af vötnum þeim,² bæti skaða sem metinn verður og landnám með, og svo ef búfé fær þar skaða af. Kost á maður að gera löggarð um þetta engi ef eigi liggja þar í beituteigar annarra manna fimm aura verðir eður meira, og skal hann grafa í sínu engimarki torf til og láta hlið á garði. En ef hann vill grjóttgarð hafa þá brjóti grjót á annars manns jörð ef hann vill og bæti landnámslaust skaða þann sem af verður. Rétt er honum að setja garð þann á jörð hins þar sem er hrjóstur eða hölkn ef eigi verða innan garðs beituteigar hins fimm aura verðir. En ef hann gjörir annan veg, bæti skaða sem menn meta og landnám með landsdrottni. Honum er rétt að byrgja aftur hliðið á garðinum³ fimmta dag viku er sex vikur eru af sumri. Hann skal hirt hafa hey sitt úr garðinum og upplokið hlið⁴ er fjórar vikur eru til vetrar, nema nauðsyn banni. Síðan er óheilagt heyið og svo engið fyrir þeim er jörð á undir og svo garðurinn ef eigi er hlið á.⁵

1 og grafa í sínu landi torf til: 343 hefur og grafa sitt engi til

2 vötnum þeim: 343 og útgáfur hafa veitunni

3 hliðið á garðinum: 343 hefur garðinn

4 hlið: vantar í 343

5 og svo garðurinn ef eigi er hlið á: 343 hefur þó að hann lúki upp hlið á garðinum

23 *Hér segir hversu lefað er löggarð að gera á annars jörðu*

Maður skal¹ gjöra löggarð um hey sitt á annars manns jörðu og grafa í sínu engimarki torf til. Og svo skal gera löggarð í fjárhögum þó að hann eigi² sjálfur jörð undir og í engimarki sjálfs síns ef eigi er lengra frá annars manns landamerki³ en tvau hundruð fadma tólfræð. Og ef garður sá fellur eða þrútnar svell upp hjá eður vötn, þá skal sá er beit á um garðinn, eður svo nær sem fyrr segir, gera orð þeim er hey á í garðinum og varða búfé sínu við heyi hins meðan. Hinn skal þegar til fara um að búa eður brott færa heyið er honum er sagt, forfallalaust, ellar er heyið óheilagt við búfé þess er þar á beit svo nær. Sömu leið skal fara þó að snjó leggi undir garðinn, nema sjálfur hann vili frá láta moka.⁴ En ef hann varðar eigi við eða gerir eigi svo orð eiganda sem nú er mælt, bæti skaða þann allan er fé hans gerir, þeim er hey á, og landnám með. Ef maður lætur engi sitt uppi liggja óslegið þrjú sumur í samt, þá er sá eigi skyldur við að verða er jörð á undir, nema hinn segi honum fyrir fardaga að hann vill þá slá engið. Nú ef maður býr svo nær engi sínu því er hann á á annars manns jörðu að hann vill heiman beita engið og slá eigi, þá á hann það frjálst meður því að hann skal hafa mann að fé sínu þann er svo gæti að eigi gangi í eng eður haga þeirra sem næstir eru.⁵ Ef fé manns þess er beit á svo nær sem fyrr segir treðst undir í garði þess manns er engi á,⁶ af því að eigi var löggarður þar sem hann átti að vera, þá skal það allt bæta fullum skaðabótum eiganda⁷ sá er þeim garði átti upp að halda. En ef hey er fært í hlöður eða hús svo nær beit hins sem fyrr segir, þá á svo um að búa að fé komist eigi að heyinu. En ef hús fellur ofan þá skal beitarmaður láta segja það eiganda⁸ og varða við fé sínu þar til er hinn kemur til að gera upp húsið er hey á.⁹ Nú vill hann eigi til fara að gjöra upp húsið eða hefir eigi byrgt vindaugu, og kemst þar fé hins inn og treðst þar undir eða fellur hús á, þá ábyrgist sá það fé og skaða þann sem þar verður af er hús

1 skal: útgáfur hafa má

2 eigi: útgáfur bæta ranglega við ei

3 Hér er hönd á spássú 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307.

4 þó að snjó leggi undir garðinn, nema sjálfur hann vili frá láta moka: 343 hefur ef snjó leggur að garðinum nema hann sjálfur vili frá láta snjóinn

5 þeirra sem næstir eru: 343 hefur hins

6 Ef fé manns þess er beit á svo nær sem fyrr segir treðst undir í garði þess manns er engi á: 343 hefur Ef fé þess manns treðst í garðinn er beitina á svo nær sem fyrr segir

7 fullum skaðabótum eiganda: vantar í 343

8 láta segja það eiganda: 343 hefur gjöra orð þeim sem hey á

9 er hey á: útgáfur bæta við eður gjöri upp sjálfur ella

á, og sæki sem vitafé.¹ Ef fen, vötn eður foruð eða díki gerða um hey manns, þá er hey það óheilagt þegar fé kemst yfir.

24 *Hér segir hversu fara skal um eigu eður sölu ef á annars manns jörðu vex skógur eða eggver*

Hver maður á engivöxt² í sínu engimarki. En ef víðara vex, þá á sá er jörð á undir. Nú vex víður í engi manns þar sem annar á jörð undir, þá er rétt að sá maður rífi upp við þann allan er engið á, ef það er rífhús, ella á sá við þann er jörð á undir. En það er rífhús er skjótara er að rífa en að höggva. En það er höggskógur er skjótara er að höggva en að rífa. Nú á maður engi á jörð manns og vex þar höggskógur, þá skal sá kaupa er jörð á undir ef hann vill eftir því sem sex skynsamir menn meta að engið var vert, og skal sá kjósa er engið átti hvort hann vill heldur hafa engi jafngott eður aðra aura. Sá er jörð á undir eignast bæði engið og skóginn, ef hinn vill eigi selja. En ef landeigandi vill eigi kaupa, þá eignast hinn bæði engi sitt og skóginn. En ef engi það spillist af eggveri er maður á á annars manns jörðu, þá skal á sömu leið fara sem um það engi er skógur vex á, og svo þó að þar komi fiskivötn upp. Svo skal engi virða sem þá var vert áður en það spilltist af skógi eður eggveri eður vatni. Menn megu veita vötnum þeim er upp spretta í sjálfs hans jörðu og í sínu landi hver. En ef það eru brunnar manna, þá skal hver fella í hinn forna farveg af sinni jörðu. En engi maður skal veita svo að þeim verði mein að er þann brunnlæk hafa haft. En ef hann gjörir öðruvíss, bæti skaða allan þann sem af gerist og landnám með þeim er brunn átti og óheilagar stíflur hans allar við broti, þó að á sjálfs hans landi sé. Nú eiga menn merkivatn saman og vill annar veita því á engi sitt eður akur. En ef hinum þykkir mein að, þá skal skipta sem fyrr segir, utan vatn sé svo lítið að þeim vinnst eigi báðum, þá skal sína viku hafa hvor. Mönnum er rétt að æja eykjum sínum á sumar í annars manns landi þar sem eigi hefir áður slegið verið. Hver maður á ávöxt á sinni jörðu. Ef þar brjóta merkivötn svarðfast land af jörðu manns, þá á sá hólmi sinn er áður átti og nýti sér³ og lögfesti eigi fyrir búfé hins. Rétt er honum að fella vatn í hinn forna farveg. Eigi skal hinn reka þangað fé sitt. En ef það er engi, þá skal hann þar svo við varða sem engi ann-

1 Nú vill hann eigi til fara ... og sæki sem vitafé: 343 hefur Nú vill hann eigi til fara að gjöra upp húsið eða hefir eigi byrgt dyr eða vindaugu og kemst búfé þar inn, þá ábyrgist hann ef fé hins treðst eða fellur húsið á og sæki sem vitafé

2 engivöxt: 343 hefur engjavöxt en útgáfur víðarvöxt

3 nýti sér: 343 hefur neyti sem hann vill en útgáfur nýti sér sem hann vill

ars manns sé á hans jörðu. Eigandi skal og svo vinna láta. Ef engi vex í hinum forna farveg, þá á það hver sem land á að.

25 *Hér segir hversu heyi skal skipta og þurrka*

Ef sjór eður vötn eða veður rekur hey manna saman, þá skal sá er hey á á annars manns jörðu kveðja þann mann til skiptiss er hey á með honum. Vill hann eigi skipta, lögfesti heyið og leggi á fimmtarstefnu. Hafi það hvor sem dómur dæmir. Þeir menn er það hey eigu saman sem á annars jörð rekur skulu að frjálsu þurrka þar heyið, en eigi í brott færa áður skipt sé. Hann má það og vinna á jörðu hins, þar er hvorki spilli akri né eng,¹ að gjöra löggarð um heyið. En ef hey rekur á engi manns, þá bæti sá þann skaða allan sem metinn verður er heyið átti.² Ef hey rekur í haga manns, þá á sá að gera löggarð um heyið er það á og þurrka þar ef hann vill.

26 *Hér segir um lögfestu og fimmtarstefnu*

Allt það er menn skilur á um áverka á akri eður eng, holti eður haga, skógi eður reka, eður svo um landamerki,³ þá skal lögfesta fyrir og leggi sá fimmtarstefnu er heldur þikkist þurfa. Hann skal svo mæla: Eg lögfesti hér í dag eign mína þessa er N. heitir, eður þar liggur bú og lóð, og allt það er þar má til gagns af hafa, þar til er dómur fellur á millum okkar að lögmáli réttu. Gef eg þér það að sök N. að þú situr á ótekinni jörðu, eigi eftir eign eður umboði,⁴ og eignar þér það er eg þikkjumst eiga. Fyrirbýð eg þér héðan af á að yrkja eða gagn af að hafa nema mitt sé lof eða leyfi til, að vitni þínu N. og þínu N. og allra þeirra er orð mín heyra.⁵ En eftir lögfestu mína legg eg fimmtarstefnu við þig á fimm náttu fresti á þessi jörðu sem nú hefir eg lögfest. Eiga hvort er eg vil úti eður inni, og skal allur dagur til stefnu þar til er eg hefir málum mínum lokið. Beiði eg þig lagabeiðslu og lýritar, að þú leggir fimmtarstefnu í móti lögfestu minni. Býður eg þér N. að gera heimildarmanni þínum stefnu til varnar í móti sakargift minni eftir lögum og nefni vitni við. Sex skynsama menn skal hvor þeirra í dóm nefna á stefnu að virða vitni þeirra og málaefni. En allt það er maður

1 þar er hvorki spilli akri né eng: 343 hefur þar sem hvorki er akur né eng

2 þá bæti sá þann skaða allan sem metinn verður er heyið átti: 343 hefur þá bæti hinn fyrir skaða sem metinn verður

3 eður svo um landamerki: vantar í 343

4 eigi eftir eign eður umboði: 343 og útgáfur hafa eftir eign eða umboði

5 og allra þeirra er orð mín heyra: vantar í 343

vinnur á akri eður eng til fimmtarstefnu og færir eigi undan lagadómi, þá sekist hann eigi. Sá skal fyrri tjá sína votta fyrir dómsmönnum er fyrri lagði lög og dóm fyrir, en verjandi síðar. Og skal sá sverja láta sína votta er dómsmönnum þikkir líkara að sannara segi og þeir vilja svara fyrir guði eftir sinni samvisku að réttara hafi. En eigi skulu þeir báða sverja láta. En ef þeim semur eigi er í dómi sitja, leggi til lögmanns. Nú hefir maður skóg, eng eður haga, reka¹ eður aðrar landsnytjar tuttugu vetur eða lengur átölulaust, þá á sá það er haft hefir nema hinn hafi löglig vitni til þess að hann á ef hann skal órántur vera.

27 *Hér segir hvern vottar ganga skulu á fimmtarstefnu*

Allar þær eignir er menn skulu fimmtarstefnu til leggja, þá skal sakaráberi lögfesta fyrir og nefna votta tvo² og leggja fimmtarstefnu eftir, og skal þeirri stefnu eigi spilla mega. En ef nokkur spillir, gjaldi sá sex aura, hálf konungi en hálf sakarábera. Vottar hans skulu svo bera og halda á einni bók. Þeir skulu svo mæla að³ þeir skjóta því til guðs að þeir voru því nær er fimmtarstefna var lögð og sveri eigi frammar. En ef þá skilur á er í dómi sitja og verða eigi samdóma, þá gjaldi sá sex aura er rangara hefir að mæla, hálf konungi en hálf sakarábera, nema hann sveri þess eineið að hann vissi eigi annað sannara fyrir guði.

28 *Hér segir hversu lagaumboð skulu haldast*

Hver maður skal hafa sér umboðsmann innan fjórðungs þess er jörð hans liggur eður reki, nema hann sé sjálfur innan þess fjórðungs, og þó má hann hafa umboðsmann ef hann vill. Sá maður sem umboð hefir sæki landnám og allan jarðaráverka sem hann eigi sjálfur, hálf landsdrottinn til handa en hálf sjálfum sér. En ef hann sækir eigi, hafi af alls ekki. Umboðsmaður má jarðir byggja öðrum en eigi sjálfum sér og leigu af taka ef landsdrottinn vill. Hann er og skyldur að svara fyrir að lögum af landsdrottins hendi ef nokkur kærir á þá jörð eður gera orð landsdrottinn. Nú dylur umboðsmaður að hann hafi umboð tekið, þá hafi landsdrottinn til tveggja manna vitni að hann hafi honum umboð fengið.⁴ En ef landsdrottinn dylur að hann hafi honum umboð sitt fengið, þá hafi sá er umboð tók tveggja manna vitni til að landsdrottinn eður hans umboðsmaður fékk honum það umboð, og hafi svo lengi sem vitni bera ef landsdrottinn er

1 *reka*: tekið eftir útgáfum en vantar í 350 og 343; er í elstu handritum

2 *tvo*: 343 hefur til

3 *þeir skulu svo mæla að*: 343 hefur aðeins og

4 *að hann hafi honum umboð fengið*: vantar í 343

innan lands. En þá er landsdrottinn vill umboð af honum taka, bjóði um þeim er hann vill að af honum taki það umboð ef hann hefir eigi með ákveðnum tíma áður.¹ Svo má og skyti gera um sínar heimtur. En sá hafi vitni til að eigandi bauð honum um að taka af þeim umboð er áður hafði og fá þeim er hann vill það umboð að jafnfullu sem eigandi sjálfur. Ef landsdrottinn er utan lands eður andaður, eður andast umboðsmaður hans hér, þá haldist ábúð jarðar til næstu fardaga en eigi lengur, þó að lengur hafi byggt verið, nema þeim semi annað er byggir og hinum er á jörðu býr, og svo skal vera ef maður andast utan lands þó að umboðsmaður lifi, síðan erfingi hefir sannspurt andlát hans.² Ef maður er utan lands, hvort sem hann fer konungs örinda eður sinna, þá skal umboðsmaður hans eður lögarmi svara réttindum af hans góssi um þau mál sem hann hefir aflaga gert áður hann fór í brott.

29 *Hér segir um ábyrgð á voðældi*

Sinn eld skal hver ábyrgjast frjáls maður og fulltíða. Þann eld á hver maður er á heldur og kveykir síðan. Nú brennir maður og eigi með heiftugri hendi, þá skal sá ábyrgjast er með eld fer³ og bæti skaða allan er þar verður af sem sex skynsamir menn meta, nema mein verði af þeim eldi er menn hafa til þarfinda sér, þá ábyrgist landsdrottinn þriðjung húsa en leiguliði tvo hluti. Engar liggja þar sektir við. Það heitir voðældur. Ef maður vísar ómaga sínum eftir eldi,⁴ þá skal sá ábyrgja öll ómagaverk er ómagann á. En ef fulltíða maður vísar ómaga annars að gjöra það sem öðrum er mein að, þá skal sá bæta skaða þann er ómaganum vísaði. En sá sé liðugur er ómagann átti og svo ómaginn.⁵ Brenna má maður sinu af jörðu sinni þar sem hann vill og bæti skaða þann allan er aðrir menn fá þar af, og landnám með, ef hann hefir eigi orlofs að beðið þá er næstir búa.

30 *Hér segir um brennuvarga*

Engi maður skal fyrir öðrum brenna með heiftugri hendi hús né heyhlaða, sætur, búð né skip. En ef hann brennir og verður að því kunnur og sannur, þá er

1 ef hann hefir eigi með ákveðnum tíma áður: vantar í 343 og útgáfur

2 Ef landsdrottinn er utanlands ... hefir sannspurt andlát hans: 343 hefur En ef landsdrottinn eður umboðsmaður andast, þá haldist ábúð til næstu fardaga þó að lengur hafi byggt verið, og svo ef maður andast utanlands, síðan erfingi hefir sannspurt andlát hans

3 er með eld fer: 343 bætir við ef menn fá mein af

4 eftir eldi: 350 bætir ranglega við að gjöra öðrum mein en ekkert óháð handrit annað

5 En sá sé liðugur er ómagann átti og svo ómaginn: 343 hefur en hann hlaupi laus undan

hann útlægur og óheilagur og heitir brennuvargur, og hefir fyrirgert hverjum peningi fjár síns í landi og lausum eyri, en tvígildi þeim aftur er hann brenndi fyrir slíkt sem sex¹ skynsamir menn meta og rétt sinn á ofan eftir lagadómi áður en undir konung falli eður frændur, meður því skipti sem segir í óbótamálum í mannhelgi. En ef með öðrum hætti verður, fari eftir skynsamra manna virðingu eður dómi eftir atvikum. Nú kveður sá maður nei við er brenna var kennd, þá skal sakaráberi fara til heimilis hans og stefna honum þing fyrir brennu og útleigð, þá skal sá er synja vill festa tylftareið þar á þinginu og hafa þann unnið innan tíu vikna særra daga, fellur til útleigðar ef fellur. Ef maður ræður brennu og verður að því sannur, þá skal hann það allt tvígilda aftur er brennt var af hans ráðum. En ef hann segir nei fyrir, syni með séttareiði, og skal sá eiður fram koma innan tíu vikna særra daga,² fellur til hálfra gjalda ef fellur. Ef maður brennir fyrir manni viðarköst, timbur eða grindur eður sleða, eður önnur andboð³ þau er mönnum þikkir betra að hafa en missa. Nú hver er það gerir, sekur mörk við konung en tvígildi þeim er hann brenndi fyrir og öfundarbót eftir dómi. Landsdrottinn á jafnan landnám ef það er brennt er hann skaðar.

31 *Hér segir um garðaskipti og skaðabót*

Nú skal görðum skipta og öllum áverka eftir jarðarhöfn. Garður skal⁴ granna sættir. Hver maður skal löggarð hafa um töðu sína og völl sinn⁵ þó að eigi hafi fyrr verið, ef svo nær er annars landi að minnur sé frá en tvau hundruð faðma tölfræð, og svo fyrir þá völlu alla sem áður hafa löggarðar um verið.⁶ R.B.E.K. Fulla skaðabót skal greiða fyrir beit töðu, akra og engja, landnámslaust fyrir þeirra manna fé er beit eigu í örskotshelgi, þó að eigi sé löggarður um, en ella fullt landnám með. R.B.E.K. Skylt er að hafa löggarð hvar sem hlaðið er korni eða töðu [1294, 5]. Það er löggarður er fimm fóta er þykkur við jörð en þriggja ofan, hann skal taka í öxl meðalmanni af þrepi þeim er hann er hálfrar fjórðu álnar hár. Og þó að þá hlaupi fé þann garð, þá bæti sá skaða landnámslaust er það fé á. Menn skulu gjörvan hafa garð að Bótólfsvöku og ábyrgist síðan hver

1 *sex*: 350 hefur villuna tólf

2 *og skal sá eiður fram koma innan tíu vikna særra daga*: vantar í 343

3 *andboð*: 343 hefur *andverki* og *útgáfur amboð*

4 *skal*: 343 hefur *er* og fylgir elstu handritum

5 *töðu sína og völl sinn*: 343 og *útgáfur* hafa *töðuvöll sinn*

6 *og svo fyrir þá völlu alla sem áður hafa löggarðar um verið*: *útgáfur* bæta við *og svo engjar* og er athugasemd þar að lútandi aftanmáls 1578, sjá bls. 305, en 343 hefur *og þó að lengra sé fram fyrir þá völlu alla og engjar er áður hefir löggarður um verið*

sinn garð. En ef kýr er garðbrjótur eður annað búfé, þá skulu fara til grannar þeirra og sjá garð. Og ef þeim list sá garður gildur, þá skal sá gjalda fyrir garðbrot¹ er garðbrjót á og skaða þann allan sem af verður. Ef búfé gengur úr kvíum eður geldfé úr afréttum og gerir mönnum skaða, gjaldi sá er það fé á skaða þann sem metinn verður landnámslaust, utan hinn hafi eigi löggarð þar sem hann skyldi hafa, þá missir hann skaðabóta. Bótólfsvökudag skal vera granna-stefna. Þeir garðar skulu gildir vera sem þeir taka þá fyrir gilda á þeirri stefnu. Og ef sá garður verður brotinn, þá skal sá er þann garð á leiða menn til að sjá garðinn, og ef þeim sýnist garður gildur verið hafa, þá skal sá gjalda öslann er þann fénað átti er gildan garð braut. En ef þeim sýnist garður eigi gildur verið hafa, þá skal sá gjalda ösla allan er þann garð átti. Ef merkigarður hefir verið bólstaða í millum og er sá niður fallinn, þá skulu þeir er garð vilja hafa gerða sinn hlut og bjóða hinum til er í móti eigu að gerða að sínum hlut. En sá er eigi vill gerða ábyrgist skaða þann allan sem af verður, hvers fé sem gerir, og tvo aura meður í þokkabót þeim er fyrir skaða verður.

32 *Hér segir um löghlið á löggarði*

Ef menn vilja löggarð hafa bóla² í milli þar sem eigi hefir fyrr verið, þá gerði hver að jarðarmagni sá sem hafa vill og svo skal hver er til móts á að jarðarhefð halda síðan.³ En sá er eigi vill garð gera eður halda honum síðan, gjaldi að öllu skaða þann allan sem þar gerist af. Eigi er maður skyldur að gjöra þenna garð þó að hann verði beiddur ef torf þarf á eykjum til að bera. Ef þar verður högg-skógur eður eggver eður töðuvöllur fyrir,⁴ þá skal fyrir nes gerða en eigi í gegnum. En ef rifhrís eru fyrir eður engjar, þá skal þar eigi fyrir nes gerða, nema vili, en bæta skal þá þeim er átti öðru engi jafngóðu og jafnmiklu.⁵ Fimmt skal gera til gördum að skipta og hluta, og hafa votta við, hvort sem hinn vill eður eigi, og ábyrgja honum síðan garðinn og allan ösla þann sem fénaður gerir þar, hverir sem þann fénað eiga. Ef þjóðvegur liggur að garði manns, þá skal hlið á vera hálftrar fimmtu álnar breitt og hjarragrind fyrir, og rimar í svo að fénaður megi eigi smjúga. Okar tveir á endum en krossband í miðju,⁶ þá er grind gild.

1 fyrir garðbrot: vantar í 343

2 bóla: 343 hefur bæja

3 og svo skal hver er til móts á að jarðarhefð halda síðan: 343 hefur og sá er til móts á og að jarðarhefð haldi hvor síðan

4 eður töðuvöllur fyrir: vantar í 350

5 En ef rifhrís eru fyrir ... jafngóðu og jafnmiklu: 343 hefur Ef rifhrís eru fyrir og svo ef engjar eru fyrir bæti þeim er átti annað hrís eða engi jafngott og jafnhögg og jafnmikið

6 en krossband í miðju: 343 hefur og krossband á

Svo skal grind setja að hon renni sjálf aftur ef maður tekur af hrossi¹ til. Ef maður skýtur upp grind og gengur fénaður í akur eða eng, bæti skaða þann er gjör var þeim er korn eður gras á, sá er það gjörði, og landnám með. Svo og ef maður höggur grindarhæla² eður veltir steini fyrir eður frá og stendur fyrir það hlið opið. Nú liggur þjóðvegur um bæ manns eða að garði,³ þá má hann færa götu af bæ sínum og svo frá garði ef hann gjörir aðra jafngóða utan garðs að fara í þurru og votu, eigi lengra frá þjóðleið⁴ en tvau hundruð faðma tólfræð, og skal þá þann veg fara þó að sá sé lengri. Ef maður ríður eður gengur yfir töðuvöll, akur eður eng, og vill eigi fara vegu rétta, hann er sekur mörk við þann er lóð á og bæti skaða þann allan sem af verður.⁵ Ef maður brýtur garðinn, þá liggja tveir aurar við hliðbrot. Hlið er þar til er hálfra fimmu álnar er breitt. En ef lengra brýtur, þá sekist sá mörk við þann er garð á⁶ og bæti skaða þann allan sem af gerist, nema girt sé um þjóðbraut þvera eða gata sé lengra af þjóðveg færð en fyrr segir, þá er sá garður óheilagur við broti fyrir þeim er þar þurfu að fara, hvort sem þeir fara virkan dag eður helgan,⁷ og svo lóð sú er af því spillist.

33 *Hér segir hversu réttlíga skal innseija fénað til öslagjalda*

Ef einn maður á akur, töðu eður eng, annar fénað, þriði garð ógildan. Sá er lóð á skal eftir mönnum ganga og láta sjá að fénaður er kominn í akur, töðu eður eng, þá skal hann með vottum úr taka og láta þá sex menn meta skaða⁸ þann er ger var, og seti síðan inn fénað þann allan og reki lausan í hús inn eður tröð og leggi hvorki á bast né band, en þó að hvert stangi annað til bana⁹ þá er það í ábyrgð eiganda en eigi þess er inn setti. Það skal hann ábyrgjast ef treðst undir af húsþröng eður fellur hús á eða garður, nema fénaður felli sjálfur ofan. Nú allt sem sá missir er búið á fyrir þeim er lóð á, þá bæti sá honum það er garð átti ógildan þar sem gildur skyldi vera. Sá skal boð¹⁰ gera eiganda samdægris

1 *hrossi*: 343 hefur *hrossbaki*

2 *grindarhæla*: útgáfur bæta við í *sundur*

3 *eða að garði*: tekið eftir 343 en vantar í 350 og útgáfur hafa *eður garða*

4 *þjóðleið*: útgáfur hafa villuna *þjóðhliði*

5 *og bæti skaða þann allan sem af verður*: vantar í 343

6 *Hlið er þar til ... þann er garð á*: 343 hefur *Nú heitir æ hlið til þess er hálfra fimmu álnar er, en ef lengra er þá sekist mörk við þann sem garð á og gjöri garð jafngóðan* en hönd er á spássiu 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307

7 *hvort sem þeir fara virkan dag eður helgan*: 343 hefur *hvort sem er sýkn dagur eða heilagur*

8 *skaða*: útgáfur hafa *usla*

9 *til bana*: vantar í 343

er bú er inn sett er bú setti inn.¹ Nú vill hann eigi út leysa, þá skal bú inni standa til fimmtar. En ef þá er eigi út leyst, þá á sá fé er inn setti og heita þá lokin öslagjöld. Ef maður tekur út fénað þann er inn var settur og vill eigi út leysa að lögum, það heitir lokurán. Sekur höfðingi mörk við þann er inn setti. En hver annar er að er með honum, sekur tveimur aurum. Ef svín kemst í akur eður eng eður annað búfé að gördum gildum, þá skal inn setja til öslagjalda og leysi eigandi út að lögum. Sama mál er um annan fénað ef mein gerir að gördum gildum, þá skal inn setja og út leysa að lögum.² En tjóðurhestar og tjóðurkýr og allur sá fénaður er bændur setja sjálfir innan garða, og verður það laust og gerir mönnum skaða, seti inn til öslagjalda og leysi eigandi út að lögum.

34 *Hér segir um útleysing á fénaði manna*

Ef maður vill bú sitt út leysa ef inn er sett³ og hefir eigi vaðmál til, þá skal hann veð leggja eður fá vörslumann jafngóðan veði. En ef hinn vill eigi láta fé út fyrr en hann hefir sektarfé í hendi, þá sveltir hann aflaga hjörð hins og hjú⁴ og sé sekur mörk við þann er bú á, og bæti búmissu sem sex skynsamir menn meta og fjárskada með.⁵ Nú vill hann eigi bú hins út láta eður sekt gjalda, þá beiði hann út bús síns við votta og lýsi á ráni, og stefni sá er bú á kirkjusóknarþing og beiði bændur atfarar að taka út bú hans og sektina með. Hver maður er sekur eyri við konung sá er eigi fer. Umboðsmaður konungs er skyldur til að fara ef hann er nær⁶ og öðlast með því hálfa mörk konungi til handa fyrir búrán. Þeir eru allir friðhelgir er til sækja en hinir allir ógildir er fyrir standa, hvort sem þeir fá ben eður bana. Ef sá maður er fyrir beit verður rekur eður reka lætur bú hins aftur í akur eða töðu, eng eða andvirki þess er fé á, bæti skaða þann allan sem af verður og landnám með, og hafi ekki fyrir þann skaða er hann fékk. Nú rekur maður eður reka lætur bú annars manns svo að máls missir, bæti búmissu sem sex skynsamir menn meta og mörk með þeim er bú á. Þá missir búfé máls er það kemur heim um aftan er um morgin skyldi, en það um morgin er um aftan skyldi, nema sá er á vanræki og vili eigi leita láta.⁷

1 er bú setti inn: vantar í 343

2 Sama mál ... að lögum: vantar í 343

3 ef inn er sett: vantar í 343

4 þá sveltir hann aflaga hjörð hins og hjú: 343 hefur þá sveltir hann aflögliga fé hins og hjú

5 og fjárskada með: vantar í 343

6 er skyldur til að fara ef hann er nær: 343 hefur á fyrir að vera ferðinni ef hann er nokkur nærri

7 nema sá er á vanræki og vili eigi leita láta: 343 hefur utan sá vanræki sem bú á að láta leita

35 *Hér segir hversu geyma skal graðan hest*

Ef maður á graðan hest að varðveita, þá skal hann kaupa hross til hans eður fá að láni. Og ef honum er léð, þá skulu það vottar vita. Ef þeir hestar bítast er svo eru varðveittir og fær annar hvor bana af, þá skal þann meta sem dauður er og gjalda þann hálfum verðaurum, nema sá sé verri allur er lifir en hinn hálfur er dauður er, þá skal eigi meira bæta en sá er verður er lifir,¹ því að eigi mátti hann meira fyrirgera en sjálfum sér. Ef maður á þann hest er ekki fylgir hross og bíst hann til stallstæðu² annars hests, á þeim hesti er algildi. En ef sá fær bana er til hleypur, þá liggur hann dauður á verkum sínum sjálfs, ógildur eiganda. Ef hestur bítur hross til dauðs, það er algildi. Ef hross bítur hest til dauðs, það er hálf-gildi. Ef graður hestur bítur eður lýstur jálk til bana, það er algildi. Ef jálkur bítur hross til bana, það er hálf-gildi. Ef hross liggur úti dautt, þá skal sá er það hross á leiða menn til að sjá, og ef þeim sýnist hestsverk á vera þá má eigandi gefa þrimur mönnum sök til jafns réttar, þeim er hesta eiga í grennd, því aðeins hinum fjórða að hann gjöri þess hest vitnissannan að. Syni hver eineiði fyrir sinn hest eftir sinni samvisku. En ef einhver vill eigi synja fyrir sinn hest, gjaldi sá hest verðaurum. Ef hross er rekið í bekk eður dý, fyrir fjall eða í forað, og má sjá tveggja hrossa far til en eins frá, þá skulu þeir menn sem hesta eiga í grennd svara hinum sama rétti sem fyrr vottar. Ef hross eður naut drepa smáfénað, það er algildi, og á öllu því fé sem ofríki gengur að.

36 *Hér segir hver sekt á er óleyfðu hestaati*

Hvervetna þar sem menn etja hesti manns að óleyfi þess er á, bæti skaða þann allan sem af verður og öfundarbót með eftir dómi þeim er hest á. En ef hálfrar merkur skaði verður eður meiri,³ bæti fullrétti eftir dómi eiganda⁴ eftir því sem með heift eða öfund væri gert. Hver maður skal ábyrgjast sig sjálfur á hestavígum hverir sem etja. Ef maður lýstur hest manns á hestavígi nauðsynjalaust, gjaldi eiganda öfundarbót eftir dómi. En ef hestur spillist af, bæti fyrir spell og fullrétti þeim er hest á eftir lagadómi. Ef maður sker tagl úr stóðhesti manns eður þinghesti, eður þeim hesti er maður hefir í brúðferð, bæti fullrétti þeim er með hest fer, nema hann hyggi annað, þá bæti sem síðar segir. Ef maður tekur hefting af hrossi manns ólofað, gjaldi eiganda fyrir eftir dómi og ábyrgist hross

1 þá skal eigi meira bæta en sá er verður er lifir: vantar í 343

2 stallstæðu: 343 hefur stallstöðu en útgáfur stóðstæðu

3 verður eður meiri: 343 og útgáfur hafa verður á

4 eiganda: vantar í 343 en útgáfur hafa eiganda þeim er hest á

að öllu og svo verk þess, þar til er eigandi kemur höndum á, ella syni einseiði fyrir, utan maður seti inn til öslagjalda. En ef hross eður annar fénaður rennur eftir manni, þá seti hann inn á fyrsta bæ er fyrir honum verður á leið, ella ábyrgist hann að öllu þann fénað eður hross¹ og bæti skaða þann sem eigandi fær af. Nú vill sá eigi taka með honum er fyrir situr eður inn láta, þá ábyrgist hann að öllu þann fénað.

37 *Hér segir um ábyrgð á leiguhrossi*

Ef maður leigir hross að manni eða er honum léð til þings, ábyrgist sá er með fer, utan það ef halt verður eður sárt og verði heilt innan næstu fjórtán náttu er heim kemur. Nú deyr hross fyrir manni, bæti sem þá er vert er hann tók og þá önga leigu með. Nú verður riðið hrossi því er maður fer með að leigu eður láni, þá á hann sókn² á því. Alin skal kaupa gæslu á hross hvert á alþingi. En gæslumaður skal svo með fara og varðveita hross sem hann eigi sjálfur og vili þó vel með fara og geyma, og ábyrgist hann þá eigi. Ríða má gæslumaður ef hann vill og reka hross til þings og frá þingi, og skal hann skipta því að jafnaði og ábyrgist hann hross það í þessa sína nauðsyn. Gæslumaður skal sýna hross hvert að þinglausnum hverjum,³ annaðhvort lífs eður dautt, ella ábyrgist hann við eiganda. Ef gæslumaður geldur eiganda verð fyrir hross það er hverfur frá honum á þingi, þá á hann sök⁴ á því og heimtu á þeim er í brott tók. Eigi skulu þingmenn heldur en aðrir menn æja í engjum bónda. En ef þeir vita eigi engja-mörk manna, þá skulu þeir eigi æja þar sem stakkgarðar eru nær. Ef menn reka frá mönnum hross á áiföngum, bæti öfundarbót eftir lagadómi.

38 *Hér segir um ábyrgð sendimanna á hrossi*

Ef eigandi sendir mann með hross sitt, eyk eður annan grip síns eyrindis, þá ábyrgist sá það eigi er með fer, utan hann fari aðra leið eður lengra, eður fari eigi svo með sem eigandi kveður á, þá ábyrgist sá er með fer.⁵ Nú kemur hross

1 þann fénað eður hross: vantar í 343

2 sókn: 343 hefur sök

3 sýna hross hvert að þinglausnum hverjum: 343 hefur sýna eiganda hross hvert að þinglausnum en útgáfur sýna hross hvert að þinglausnum hverjum eiganda

4 sök: 343 og útgáfur hafa sök

5 eður fari eigi svo með sem eigandi kveður á, þá ábyrgist sá er með fer: 343 hefur eða eigi svo með sem eigandi bauð um. Fer hann eigi svo með sem eigandi segir fyrir, þá ábyrgist sá sem með fer

það í land manns er maður veit eigi hver á, þá skal hann lýsa að kirkju eður á þingi, og ef engi kemur eigandi eftir innan hálfis mánaðar frá því er lýst var, þá er honum rétt að láta virða hrossið. Síðan má hann með fara sem hann eigi og ábyrgist að öllu. Svo skal virða sem þá var vert er lýst var. Nú kemur eigandi eftir því hrossi,¹ kjósi sjálfur hvort er hann vill hross eður hrossverð. Nú mistrúir hinn að hann eigi, þá láti eigandi bera tveggja manna vitni að það er hans eign ef hann skal óræntur vera. Sömu leið skal fara er lögligur umboðsmaður eiganda kemur eftir hrossi.

39 *Hér segir um ábyrgð ef fénaður er særður eða drepinn*

Aldrigi gengur fénaður sér til ógildis. Nú drepur maður fénað manns og gengur við og segir sjálfur eiganda,² hafi sá hið dauða og hið lamda³ er drap óviljandi, en hinn heilt fyrir. En ef maður drepur fénað manns⁴ viljahendi og segir eigi eiganda, bæti fullrétti eftir dómi ef hálfrar merkur skaði verður, en öfundarbót eftir dómi ef minni verður, hálft konungi en hálft þeim er fé á. Og að auk bæti löstu á fénaði sem sex skynsamir menn meta.⁵ Eigi skal sárbot á fénaði ef heill verður, verkafall og nytfall skal bæta sem menn meta. Tveir aurar ligga við auga á nauti, svo við horn, svo við hala, en fjórðungur verðs við auga á hrossi. Ef maður höggur tagl⁶ af hrossi svo að rófa fylgir, sekist tólf aurum, hálft konungi en hálft þeim er hross á, og gjaldi hross verðaurum, hafi sá stöku er stýfði og heiti maður að heimskari, en hinn heilt hross fyrir jafngott er átti eður annað fé ef eigi er hross til.⁷ Ef maður höggur tagl af hrossi fyrir neðan rófu, bæti mörk, hálfa konungi en hálfa þeim er hross á, utan þá hesta sem áður vottar fari sem fyrr segir. Nú sker maður hala⁸ af þrimur nautum eður færum, bæti hálfri mörk, hálft konungi en hálft þeim er naut á. En ef maður sker af fleirum nautum en þrimur, sekist mörk við konung, annarri við þann er naut á. Nú er ein sókn á öllum öfundarrétti þeim er fénaður er barður eður drepinn, þá skal eigandi stefna honum þing þrínætt í því héraði sem sá maður er er fénað

1 hrossi: vantar í 350

2 eiganda: 343 hefur á hendur sér

3 lamda: 343 hefur lama

4 fénað manns: útgáfur bæta við eða meiddir

5 meta: hér á eftir setja útgáfur R.B.H.K. sem ekki fær staðist

6 tagl: 343 hefur hala og í næstu setningu líka

7 en hinn heilt hross fyrir jafngott er átti eður annað fé ef eigi er hross til: 343 hefur en hinn heilt hross fyrir er átti

8 hala: 343 hefur tagl

hefir drepíð eða sært.¹ Þar skal hann sækja og láta sátt gjöra með tveggja manna vitni, að þeim sýndust manna handaverk vera á fénaði þeim, nema hinn vili við ganga, ella skulu þingmenn dæma honum lýritareíð. Þann skal hann unnið hafa innan mánaðar særra daga og ef sá eiður fellur, gjaldi fénað verðaurum og það meira sem fyrr segir.

40 *Hér segir um vitnissburð hirðingja*

Nú fer allt saman hjörð og hirðir, þá skal hirðir vita hvað af hjörð verður og bera þar um bókarvitni ef hann er vottbær um það mál. Ef uxi stangar uxa, það er hálfgildi. En ef uxi stangar kú, það er algildi, og á öllum þeim nautum sem yngri eru en þrevetur, utan graðungur, þá er algildi á þeim, og svo á öllum kollóttum nautum. Nú ef naut er stangað, þá skal sá er á menn til leiða að sjá,² og ef þeim sýnist að naut hafi stangað, þá skal hyggja að nautum og hornum nauta þeirra er með hafa gengið, og ef eitthvert naut hefir ben á hornum, blóð eður gor eður hár, þá er það líkast til og bæti sá þann fénað aftur þeim er á er það naut átti eftir lögum sem áður segir. Ef hundur bítur fénað manns eður eltir á forað, fyrir björg eða á sjó,³ bæti sá er hund á, hálf fyrsta sinni en allt jafnan síðan ef vitni eru til. En ef eigi eru löglig vitni til, haldi fyrir einseiði fyrir sérhverja grein þessa að sinni vitand.

41 *Hér segir hversu maður skal fara með þá jörð er hann fær eigi byggt*

Engi maður skal bólstað sinn í eyði leggja ef hann fær byggt. En ef hann fær eigi til leigu byggt, þá skal hann bjóða þeim með vottum þá jörð að leiga er næstir búa eftir því sem sex skynsamir menn meta. En ef þeir vilja eigi leiga, þá sekjast þeir þar svo á beit sem á byggðu bóli, og svo skulu þeir við varða. Sá má og lögfesta þá jörð er á, ef hann vill. En ef hann vill eigi byggja landið eður bjóða grönnum sínum, þá sekist hann hálfri mörk við konung en landið óheilagt við beit granna hans ef fé þeirra gengur misgöngum þannig,⁴ en eigi skulu þeir reka láta þannig fé sitt.

1 sem sá maður er er fénað hefir drepíð eða sært: vantar í 343

2 þá skal sá er á menn til leiða að sjá: 343 hefur þá skal menn til leiða

3 fyrir björg eða á sjó: vantar í 343

4 þannig: 343 og útgáfur hafa þangað og sömuleiðis í setningarlok

42 *Hér segir um sætraferð hvern veg vera skal*

Hvervetna þar sem sætur eru til bæja manna, þá skulu menn fara með búfé sitt yfir annars land til sætra, fornar götur ef til eru, og hafa í togi laus hross ef yfir eng er að fara. En ef keldur eru á leið hans, þá má hann gjöra þar brú yfir og vinna þann áverka á jörðu hins. Menn skulu fara úr húshaga með fé sitt þá er tveir mánaðir eru af sumri, utan þeim þikki öllum annað hentara er brottfærslu eigu.¹ En ef einnhver situr lengur niðri, þá skal sá er að telur fyrirbjóða honum þarsetu. Nú situr hann heima eigi að síður, þá skal hann stefna honum héraðsþing fyrir rán og þarsetu.² Þá eiga þingmenn að dæma konungi hálfa mörk fyrir gras-rán en grönnum hans hálfa mörk fyrir grasverð þeim er gras missa.³ Nú skal hann æsta svo marga bændur liðs sem hann þarf⁴ að færa fé hins úr haga sínum. Sekur er sá hver tveimur aurum við konung er eigi fer, ef hann er til krafður. Slíkt hið sama liggur við ef maður fer heim í húshaga fyrir tvímánað.

43 *Hér segir um sætragjörð*

Nú skal til sætra á fjöll upp vera merki sem að fornu fari hefir verið og færa sætur eigi úr stað utan hann færi öngum manni til skaða, og svo skulu þeir hið sama sætrum halda.⁵ Engi maður skal setja sætur sitt við annars land eður haga, þar sem eigi hefir að fornu verið. Þar skal mæta horn horni og hófur hófi.

44 *Hér segir hversu þjóðgata skal vera*

Þjóðgata og sæturgata og allir rekstrar skulu vera sem að fornu fari hafa legið, utan færa má götu⁶ ef vill sem fyrr segir. Nú skal þjóðgata vera fimm álna breið. En ef hann spillir víðara akri eður eng, þá skal hann það bæta sem sex skynsamir menn meta og landnám með. Nú rænir maður annan mann þjóðgötu, þá skal hann gjalda konungi hálfa mörk, og svo fyrir handrán, en þeim fullrétti eftir dómi er ræntur var. R.B.E.K. Skylt er bóndum að gera vegu færa um þver

1 *er brottfærslu eigu*: vantar í 343

2 *þarsetu*: útgáfur hafa *þrásetu*

3 *þeim er gras missa*: vantar í 343

4 *æsta svo marga bændur liðs sem hann þarf*: 343 hefur *æsta bændur liðs og héraðsmenn svo marga sem þarf*

5 *skulu þeir hið sama sætrum halda*: 343 hefur *skulu þar vera sætur hin sömu*

6 *sem að fornu fari hafa legið, utan færa má götu*: 343 hefur *svo sem legið hafa að fornu utan götu*

héruð og endilöng þar sem mestur er almannavegur eftir ráði lögmanns og sýslumanns. Sekur er hver eyri er eigi vill gjöra og leggist það til vegabóta [1294, 36]. Nú brýtur maður brú af þjóðgötu eður sæturgötu, gjöri aftur aðra brú jafngóða sem áður var og bæti þeim mörk er brú átti. Ef maður rænir annan mann sæturgötu eður rekstri þeim sem að fornu fari hefir verið, bæti konungi hálfri mörk fyrir vegarín og hafi hinn þó götu sem áður.

45 *Hér segir brúargerð og ferjuhald*

Ef á skilur lönd manna, þá skal sá er brú vill gjöra bjóða þeim er til móts eigu land við hann öðrum megin að gjöra brú ef hann vill. En ef hann vill eigi, þá má hann grafa báðum megin torf til að frjálssu. Nú verður hinum mein að gröfum þeim er þar gjörast af brúargjörð þeirri, þá skal sá er brú gerði þar sem eigi hefir fyrr verið bæta skaða þann allan sem þar verður af gröfum þeim¹ landnámslaust, þeim er til móts á. Nú vill sá brú gera er hvorigum megin á land, þá bjóði hann þeim fyrst að gjöra brú er þar eigu lönd tveim megin við. Og ef þeir taka eigi til innan næstu tólf mánaða, þá má hann að ósekju brú gera og taka torf og grjót báðum megin, og bæti landnámslaust þeim er jörð á ef mein verður af gröfum þeim. Hann skal gera skilorð á brúnni það sem hann vill og lýsa því á héraðsþingi, og sekist sá eftir lögum er af bregður. Hvorgi má banna öðrum þeirra manna er land eigu við ána að hafa skip á.² Rétt er og þeim manni er hvorigum megin á land við að hafa skip á ánni ef hann vill að þar sé jafnan skip meðan áin er þíð og meta eigi leigu. Svo er þar um götur sem fyrr segir. Ef maður varðveitir brú eður skip það er fé er til lagið, þá sekist hann ef hann efnir eigi þann máldaga sem þar var á gjör. Nú fyrnist skip það sem fé var til lagið svo að eigi er fært, fáir til annað innan þriggja náttu, sá er ferju varðveitir, ef hann skal skipinu halda.³ En ef ferjan brotnar fyrir vötnum eður veðrum, fáir til aðra sem fyrst má hann. Eigi skal sá ábyrgjast almenningssfar er fluttur er. Nú metur farhirðir þar leigu sem leigulaust skal flytja, þá er synjað fars. Nú neyðir hann vegferla til meiri leigu en skild er, þá er synjað fars.⁴ Sú er hin þriðja⁵

1 sem þar verður af gröfum þeim: vantar í 343

2 Hvorgi má banna öðrum þeirra manna er land eigu við ána að hafa skip á: 343 hefur Hvorgi þeirra manna er lönd eiga við brúna má banna öðrum að hafa skip á ánni

3 ef hann skal skipinu halda: 343 hefur ella sá er skipinu á að halda en útgáfur ella sá er skipinu skal halda

4 Nú metur farhirðir þar leigu ... þá er synjað fars: 343 hefur Nú metur farhirðir leigu þar sem skylt er að veita eða neyðir hann vegfarendur til meiri leigu en skylt er, þá er synjað fars

5 hin þriðja: 343 hefur önnur

sök ef hann synjar þeim manni fars er fulla leigu býður. Sú er hin fjórða¹ sök ef þess fars missir dægri lengur sem skylt er að flytja. Og ef farhirðir verður að þessu kunnur og sannur, það heitir vegafall, og er hann sekur hálfri mörk við konung og bæti þeim fyrir farartálma er fars missir, og skaða þann allan sem hann fær af og tvo aura í þökkabót. Ef maður lætur flytja naut á skipi,² komi kaupi sem hann getur. En ef hann gengur á skip farhirðiss ólofað eða tekur fyrir hendur honum, það er fornæmi, sekur mörk sá er það gjörir, hálfri við konung en hálfri við farhirði. Nú er farhirðir eigi skyldur lengur að flytja á sumar³ en til þess er sólu er sett og eigi fyrr en sól kemur upp, því að sól skal um sumar flutningi ráða en dagur um vetur. Ef farhirðir flytur sekan⁴ þjóf yfir á ódulður, þá hefir hann fyrirgjört húð sinni og heitir þjófsnautur. Ef brúargjörð⁵ er skild á hendur manni og skilt eigi gjör, þá skal hann að gjöra svo að brú sé örugg og hon haldist fyrir fyrnsku sakir, og gjöra skal hann aðra sem fyrst má hann ef áin brýtur brú af.⁶

46 *Hér segir um afréttu og fjallgöngur*

Allir þeir menn sem afrétt eigu skulu reka fé sitt í miðja afrétt. R.B.E.K. Um geldfjárrekstur á vorum til afréttar og fjallgöngur á haustum hvern tíma vera skal, þá gjöri eftir því sem hreppstjórnarmenn gjöra ráð fyrir og hverju byggðarlagi hæfir, því að það hæfir eigi öllum byggðarlögum einn veg til. Nú er eigi svo gert, þá er hver sekur sex aukum er þann afrétt á, hálf konungi en hálf þeim er næstir búa [1294, 6]. R.B.H.K. Lofað er að geldfé sé í heimalöndum ef hreppstjórar eður grannar lofa og gefa önga sök á [1305, 8]. Eigi skulu menn málnty sína í afrétt reka nema þeir eigi ítölu. Eigi eiga menn að lofa afrétt nema ítala sé, þá má hver fylla sína ítölu. En ef sumir lofa en sumir eigi, þá taki þeir er eigi lofa slíkt grasverð sem menn meta og eitt⁷ landnám með. En ef einhver hefir óleyft, hafi sá grasverð á sinn hlut og fullt landnám með. Eigi skal sætur gera í afrétt. En ef gjörir, þá eru þau óheilög við broti fyrir þeim er þann afrétt eigu og bæti þó fyrir skaða sá er sætur gerði og landnám með þeim er þann afrétt eiga. Ef maður rekur eður reka lætur fé sitt í afrétt frá því er sex

1 *jjórða*: 343 hefur *þriðja*

2 *skipi*: 343 hefur *ferjum*

3 *á sumar*: vantar í 343

4 *sekan*: 343 hefur *sakaðan*

5 *brúargjörð*: útgáfur hafa *brúarhald* og í 1578 er athugasemd aftanmáls, sjá bls. 305

6 *svo að brú sé örugg ... ef áin brýtur brú af*: 343 hefur *svo að haldist fyrir fyrnsku og gera sem fyrst ef áin brýtur*

7 *eitt*: útgáfur hafa *fullt*

vikur eru af sumri og til sunnudags þess er laugardaginn áður eru fjórar vikur til vetrar, þá bæti fullt grasverð hverjum er þann afrétt eiga og landnám með.¹ Sá maður má beita afrétt á vetur er hlut á í henni ef hann þarf eigi að reka fé sitt yfir annars land. Það heitir afréttur er tveir menn eður fleiri eiga saman, hversu mikið sem hver á í. Ef maður slær afrétt utan orlof þeirra er eiga, þá eigu þeir heyið er afréttinn eiga og landnám með hver þeirra.

47 *Hér segir nær merkja skal fé*

Menn skulu einkenna fé sitt allt utan hross og hafa einkennt er átta vikur eru af sumri, allt það er hann má á henda. Eitt mark skal hver maður hafa á öllu fé sínu. En ef hann gerir eigi svo, þá er hann sekur hálfri mörk við konung. Eigi er maður sekur þó að eigi verði rétt hans mark á því fé sem hann hefir af öðrum til. En færa skal hann sem hann má næst sínu marki. Erfðamark skal hver maður hafa ef hann á. Skipta skal marki sem öðrum arfi ef fleiri standa til en einn. Nú vill maður gjöra sér mark, þá skal hann lýsa því á héraðsþingi² hvert mark hann vill hafa. Eigi skal hann það mark hafa sem annar hefir áður í því héraði eður svo nær að fjárgangur þeirra komi saman. Af skal hann láta marki þó að hann hafi á þingi lýst ef nökkur verður síðar eigandi til þess marks.³ R.B.E.K. Um kálfa og lömb, kið og grísu, þá sekist maður eigi þó að ómarkað sé meðan í sjálfs hans landi gengur [1294, 44]. Nú er fé ómarkað þá er átta vikur eru af sumri, þá má hver bóndi er vill og þess kyns fé á leiða til skilríka menn að sjá það fé sem ómarkað hefir gengið í land hans, hvað⁴ fé sem það var og skylt var að marka, og leggja á sitt mark og eignast, nema hinn hafi vitni til að það er hans fé og hann mátti það fé fyrir nauðsynja sakir eigi marka. Og ef hann fær þessor vitni, þá á hann sjálfur fé sitt og er þá hvor tveggi sýkn saka. En ef hinn vill þá eigi laust láta, sæki sem vitafé. Ef maður færir búnað sinn hreppa á meðal, þá skal hann segja til einkunnar sinnar í þeim hrepp sem hann hefir bú sitt í fært og láta skrá með einkunnum þeirra manna er þar búa áður fyrir.⁵ Ef menn verða eigi fyrri varir við að mark ber saman með þeim en fé er á fjall rekið, þar

1 *Ef maður rekur eður reka lætur fé sitt ... og landnám með:* 343 hefur *En ef maður lætur reka þangað fé sitt bæti fullt grasverð hverjum er í þeim afrétt á og landnám með. Eigi skal maður beita afrétt frá því er sex vikur eru af sumri og til sunnudags þess er laugardaginn áður eru fjórar vikur til vetrar, ella bæti grasverð sem menn meta*

2 *þá skal hann lýsa því á héraðsþingi:* 343 hefur *þá skal maður lýsa á þingi áður hann merki fé sitt en útgáfur þá skal hann lýsa því á héraðsþingi áður hann markar fé sitt*

3 *ef nökkur verður síðar eigandi til þess marks:* 343 hefur *ef nökkur verður síðar til*

4 *hvað:* 343 hefur *hvatki*

5 *Ef maður færir ... búa áður fyrir:* hér gætir réttarbótar 1294 án þess að getið sé um það í 343, 350 og útgáfum

sem þeir eiga samgengt, þá skulu þeir taka fé það allt er þeir létu reka í afrétt og reikna, og sveri hver að sínu fé eineiði, að svo margt var sem þá hefir hann talt og þess kyns fé og svo gamalt. Nú skal hvor þeirra sýna á haustið grönnum sínum sex það fé er þeir heimta, og þeir skipti sem þeim þikkir jafnligast eftir fjárfjölda¹ hversu margs hvor þeirra skal missa ef þeir heimta eigi allt, nema annar hvor hafi til tvo lögliga kennendur að það er hans fé og eigi gaf hann né galt né sölum seldi, og það er hans eign² ef hann skal óræntur vera. Og ef þeir sverja þetta, þá skal hann taka það fé að námi en því færa á hann eftir að heimta. Nú þikkir svo öðrum hvorum sem eigi sé allt til skiptis látið, þá sveri hinn fyrir lýritareid, ella greiði honum slíkt sem hann sver eigi fyrir. Rétt er manni að ljá öðrum mark ef hann er sauðlaus og hafi sjálfur þegar hann á fé til á að leggja, ella á hann eigi heldur en aðrir þó að það hafi áður hans erfðamark verið. En ef dilkær eru, þá er mönnum eigi skylt að marka dilka undir þeim, því að³ móðir ber þar vitni um og svo kýr um kálf, gyltur um grís.

48 *Hér segir ef menn eiga sammerkt hver af skal bregða*

Ef tveir menn eiga mark saman, þá skal sá af bregða er eigi á erfðamark, nema sá sé þangað kominn í hérað er erfðamark á. Þá skal hann af bregða en hinn haldi marki er fyrir situr þó að honum sé eigi erfðamark. Nú á annar kaupamark en annar gjafamark eður gjörðarmark, þá skal sá af bregða er gjörðarmark á. Nú eiga báðir erfðamark eður hvorgi, þá skal sá af bregða er færi sauði á og skulu þeir skipta á næsta hausti er þeir vita að mörk ber saman með þeim. Skal sá er mark á að hafa beiða hinn með vitnum að bregða af marki. Og ef hann vill þá eigi af bregða, þá skal sá er mark á að hafa eignast svo margt fé sem hann á von hvert haust síðan er fé kemur af fjalli, en hinn er þó sekur hálfri mörk við konung og hafi þá eina sauði er hinum gengur af tölu sinni er mark á að hafa. Ef sauðir eru goldnir manni, þá skal hann af marki bregða sama dag og færa sem næst sínu marki, og þótt þá verði annars manns mark á þá á hann en eigi sá er mark á.⁴ Svo og ef naut verða goldin manni, þá skal af bregða marki innan hálfis mánaðar. R.B.E.K. Allt það kvikfé sem gefið er eður goldið utan hross, þá eignast sá það fé sem mark á ef eigi er af brugðið innan hálfis mánaðar síðan

1 jafnligast eftir fjárfjölda: 343 hefur sannast og jafnligast eftir fjármagni

2 tvo lögliga kennendur ... og það er hans eign: 343 hefur tvo lögliga kennendur til þá er það beri að þetta er hans fé

3 því að: útgáfur hafa meðan

4 Ef sauðir eru goldnir manni ... þá á hann en eigi sá er mark á: vantar í 350

hann bannaði lögliga með vitnum¹ [1294, 7]. Eyrnamörk skulu vera á öllu ganganda fé en engin önnur. Skilur mörk þó að eyrnaskipti sé á fé. Nú verður lamb mismarkað í stekk, þá skal sá er markaði gjalda annað lamb fyrir jafngott ómarkað eður verð lambs, nema hinn vili heldur eiga lamb sitt og færa sem næst má hann sínu marki. Ef maður markar fé annars manns utan orlof þess er á, gjaldi fyrir spell sem menn meta og öfundarbót með eftir dómi þeim er fé á. R.B.E.K.² Ef maður leggur sitt mark á annars manns fé með leynd og villir svo heimildir á, þá er hann þjófur ef fé er svo mikið að þjófssök nemur [1294, 8]. Nú verður maður vitnisfastur að því að hann markar fé manns annars manns marki til þess að rægja þeim saman, gjaldi fullrétti hvorum tveggja eftir sex manna dómi en konungi fjórar merkur.

49 *Hér segir hversu fjallgöngur skulu vera á haust³*

Hver maður er sauði á skal ganga á fjall eitt sinn og um landeign sína hvert sinn er lögrétt skal vera á haust. En skipta skal öðrum göngum sem hreppstjórnar gjöra ráð fyrir. Sekur er sá maður hálfri mörk við konung er eigi gengur um landeign sína og ábyrgist sauði við þá er eigu alla þá sem í hans landi⁴ voru sénir þá er hann átti gönguna. Þar skulu réttir vera sem að fornu hafa verið og svo langt og víða til reka. Nú villast dilkar í rétt og verða þeir er til kalla eigi ásáttir, þá skulu þeir sýna sex grönnum sínum þeim er næstir búa rétt og skal þar sýna þá sauði er þess væri von að þá dilka mundi leiða, og skulu þeir menn skipta dilkum með þeim er til kalla öllum þeim er ær kannast eigi við. Nú verður nokkurum dilkum óskipt að síðustu rétt, þá skal bóndi sá er réttina varðveitir sýna grönnum sínum sex⁵ dilka þá áður hann leggur sitt mark á og eignast hann þá. En ef þaðan af ganga dilkar ómerktir, þá má svo gjöra hver maður í sínu landi, hvar sem þeir kunna fram að koma, sá er sauði á.⁶ Sama mál er um ellri sauði ómarkaða eður annað fé það sem engi telst til, utan maður mætti eigi

1 *þá skal af bregða marki innan háfs mánaðar ... lögliga með vitnum*: hvorki 343 né útgáfur auðkenna réttarbótina og 343 stiklar frá líku til líks með *þá skal af bregða marki innan háfs mánaðar síðan hann bannaði fyrir vottum* en útgáfur hafa *þá skal af bregða marki innan háfs mánaðar sem gefið er eður goldið utan hross, en ef ei er svo gjört þá eignast sá það fé sem mark á, ef ei er afbrugðið innan háfs mánaðar síðan hann bannaði lögliga með vitnum*

2 *R.B.E.K.*: 343 merkir réttarbótina ranglega Hákonu konungi

3 Réttarbót 1294, 6 veldur því að fyrstu setningu þessa kafla í eldri gerð Jónsbókar er sleppt í 343, 350 og útgáfum: *Eigi skulu réttir fyrr vera en fjórar vikur lífa sumars.*

4 *landi*: 343 og útgáfur hafa *leit*

5 *sex*: vantar í 343 og útgáfur

marka. Nú finnur maður fé ómarkað í almenningi eftir síðustu rétt, það sem móðir mörkuð ber eigi vitni um, þá eignast sá það fé er finnur. Ef hrútur eða hafur kemur í fé manns fyrir veturnætur og þikkir honum mein að, þá má hann inn setja og ala sem sitt fé og segja grönnum sínum hvert mark á er. Rétt er honum og að láta sauma fyrir. Nú verða hrútar eður hafrar ótíndir að veturnáttum, þá skal sá er réttina varðveitir sýna þá sauði grönnum sínum sex.¹ Og ef þeir vita eigi hver þá sauði á gjöri hvort er hann vill, skeri eður leggi á sitt mark, og eignist að allraheilagramessu veturgamlan hrút eður hafur² fyrir lambgymbri eður átján álnar. En tvævetran fyrir hálfan fimmta eyri. Hrútlamb eður hafurkið fyrir eyri og skal hann láta skrá mörk sauða þeirra og lýsi að kirkju sinn á hverjum tveim mánuðum til sumars, og eitt sinn á héraðsþingi hið næsta sumar, annað og hið þriðja. Og ef þá verður nökkur eigandi að, þá lúki hann þeim þetta verð, ella eignast hann á þriðja hausti ef hann hefir að lögum lýst. Nú kemur sá hrútur eður hafur til fjár manns er hann veit hver á, seti inn og fæði, og geri orð eiganda. En eigandi láti gera eftir sem fyrst má hann og þó að hinum hafi þar til mein af vordði þá skal eigandi það eigi ábyrgjast, utan hann hafi heimt áður, þá bæti sá er átti fyrir skaða³ þeim er fé það átti er hrútur eða hafur kom til.

50 *Hér segir um meðferð á úrgangsfé*

Ef að síðustu rétt verður fé það eftir er eigi verður eigandi að, þá skal bóndi sá er réttina varðveitir og fimm aðrir þeir er næst búa réttinni og þangað eiga sauðum til að samna skipta þeim sauðum og annast sem sitt fé, og segja til að sóknarkirkju sinni eða samkundu hversu margir sauðir þar eru að hans og með hverju marki eru, og svo skal hver bóndi gera er á jörðu býr. Ef sauðir koma í fé manns eftir veturnætur, þá skal hann hafa⁴ sagt til innan næsta hálf mánaðar. Nú kemur sá til er sauði á eður hans lögligur umboðsmaður áður tveir mánaðir eru af vetri, þá skal hann sauði í brott hafa fyrir önga fúlgu og sýna þeim áður er á jörðu býr. En ef hann tekur svo í brott að hann sýnir eigi áður þar, gjaldi hálfu mörk, hálfu konungi en hálfu þeim er á jörðu býr. En ef maður kemur síðar eftir fénu en tveir mánaðir eru af vetri, þá skal hinn hafa slíka fúlgu sem þar væri til sumars og láta eigi laust fé fyrri en hann hefir fúlgu í hendi

1 *sex*: vantar í 343 og útgáfur

2 *hrút eður hafur*: vantar í 343

3 Hér er hönd á spássíu 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307, en í setningunni gætir og réttarbótar 1294, 22 án þess að getið sé um það í 343, 350 eða útgáfum.

4 *þá skal hann hafa*: 343 hefur gallann og

eður vörslu fyrir er hann vill. R.B.E.K. Nú kemur engi eftir fé því fyrir miðjan vetur er bóndi veit eigi hver á, og hefir þar verið hálfan mánað síðan sagt var til, þá er honum rétt á fyrstu viku þorra að láta virða fé það sex skynsama menn. Þeir skulu svo virða féið sem þá er vert er þeir virða [1294, 9]. Eigi skal þess kyns fé virða fyrr né síðar. Standa skal þá fé með marki hinu sama. Hann skal segja til fjár og marks þrjú sumur hin næstu á þingi. Hann eignast á þriðja hausti ef áður kemur eigi eigandi eftir, nema hann lýsi eigi áður að lögum, þá tvígildi þeim er fé á en konungi hálfa mörk. Nú kemur eigandi eður hans umboðsmaður eftir því fé áður þrjú sumur eru úti og eigi er virt,¹ þá hafi hann í brott fé sitt en hinn skal hafa fyrir fúlgu, mjólk og kálfa undan kúm, lömb og ull af sauðum, kið og nyt undan geitum, og bæti öngu fyrir þó að það sé meira vert og annist sem sitt fé en ábyrgist að öngu.

51 *Hér segir um skipti á afréttum*

Ef tveir menn eður fleiri eigu afrétt saman, sumarhaga eða veturhaga, þann er fé gengur sjálfala í, og sá er mishaldinn þikkist af stefni þeim öllum til afréttar eður haga er til móts eigu svo miklu fyrir að um lið megi sýsla. Tólf bændur þeir er næstir búa skulu telja fé í afrétt eður haga svo að þeir ætli eigi² muni feitara þó að færa sé. Þeir skulu þetta gjöra þó að eigi komi allir þeir er stefnt var. Þeir skulu svo í haga telja að þeim þikki til fulls skipað.³ Sína ítölu má hver maður fylla, hvort sem hann vill sínu fé eður annars manns. En sá þeirra er síðar lætur fleira fé í haga reka en ítölu sína, tvígildi þeim fyrir grasverð er í móti eiga. Menn skulu kúgildum telja fé í afrétt eður í haga sem í búland. Eigi skal svín þangað reka. R.B.E.K. Landnám og skaðabætur skal sá gjalda er þau svín á er skaða gjöra sem fyrir annan fénað [1294, 47].

52 *Hér segir hvað afrétt eða almenningar eru*

Svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið bæði hið efra og hið ytra. En ef menn skilur á og kallar annar sér almenning eður afrétt, þá festi sá lög fyrir er sér kallar og stefni þing þar er menn eiga því máli að skipta, og skeri upp þingboð fyrir fimmt. En ef hann gerir eigi svo, þá er ónýtt lögfesta hans að því sinni. En á þingi skulu þeir nefna tólf bændur hina skynsömustu sex hvor

1 *eftir því fé áður þrjú sumur eru úti og eigi er virt*: 343 hefur *eftir því fé er óvirt var áður þrjú sumur eru úti*

2 *eigi*: tvítekið í 350

3 *skipað*: hér á eftir setur 343 ranglega R.B.E.K.

þeirra í þinghá þeirri og hafa þá tvo af þeim tólf að bera megi og sverja hvort sú afrétt er hans eign eður almenningur.¹ En af því þingi leggi sá fimmtarstefnu er sér kallar þá jörð og njóti þar vitnis þess er á þingi var nefnt. Ef fimmt ber á helgan dag, þá sé fimmtarstefna hinn næsta rúmhelgan dag eftir og færi þar þá vitni fram að jafnfullu sem á fimmtarstefnu. En svo skal þann eidd sverja: Að því skýtur hann til guðs, að það hefir hann sér ellri skynsama menn heyrt segja að þar skilur mark millum eignar bónda og almennings eður afréttar, og eigi veit eg annað sannara fyrir guði í þvísa máli. En síðan sé sett fimmtarstefna og dæmist þá hverjum það sem hafa skal.

53 *Hér segir um fjárgöngur úr afrétt*

Ef fé gengur úr afrétt í land þess manns er næstur býr afrétt, þá má hann reka fé það aftur í afrétt miðja. Rétt er honum að hafa það fé í sínu landi, svo og að láta reka heim til þess er á. En ef hann rekur fé í annars manns land, bæti þeim fyrir skaða sem menn meta og landnám með. Sama mál á sá er þá er fé í land rekið og svo hver þeirra manna er það fé kemur í land. Rétt er mönnum að láta ganga fé það hvert er vill. Ef maður rekur fé manns úr afrétt og hvaðan sem hann rekur svo að hann þikkist eigi fyrir góðu gera, ábyrgist sá að öllu og öfundarbót með eftir dómi þeim er fé á,² ella sveri fyrir lýritareid að hann þóttist eigi fyrir illu gjöra, þá falli niður öfundarbót en hann bæti þó fyrir skaða, utan hinn hafi honum um boðið, þá er sektalaust.³

54 *Hér segir um afréttarstefnur*

Rétt er þeim manni er næstur býr afrétt að gjöra stefnu á einmánaðarsamkomu við sig til garðlags⁴ þeim mönnum er þann afrétt eigu. En það er afrétt er tveir menn eður fleiri eigu saman. Þeir skulu gjöra garð þann að jarðarmagni svo sem hver þeirra á í afrétt til, svo að þeir gjöri hálfan en sá hálfan⁵ er garðlags beiddi og haldi svo hver síðan. En sá er eigi vill gerða tvígildi þeim fyrir skaða þann allan er gjörir þeirra fé og svo allra þeirra manna fé er þeir hafa lofað þann afrétt. Sú er hin fyrsta lagastefna til þessa garðlags þegar torfupítt er og

1 En á þingi skulu þeir nefna ... hans eign eður almenningur: 343 hefur En á þingi skulu þeir nefna bændur hina skilrikustu í þeirri þingá, sex hvor þeirra, og hafi tvo af þeim tólf þá er gjöra megi það að sverja hvort það er hans eign eða afrétt eða almenningur

2 þeim er fé á: vantar í 343

3 sektalaust: 343 hefur sakalaust

4 til garðlags: vantar í 343

5 en sá hálfan: tvítekið í 350

þar til að menn vinna völlu sína. Sú er önnur þá er lokið er vororku¹ og til þess er heysláttá tekur til. Sú hin þriðja þá er hey er hirt og til þess er jörð frýs. Þetta eru lagastefnur til þenna garð að gera og svo bólstaða í millum, það heitir anna í milli. Allt það er þar í millum spillist að þessum gördum, þá skal í þessum stefnum bæta. Ekki skal vinna meðan garðönn² er, annað en reka smala heim og heiman og færa heim eldibranda. En eigi er maður skyldur að gjöra þenna garð þó að hann sé til krafður, þar sem eigi hefir áður verið, nema hann fái gert sinn hlut á þrimur sumrum svo að hann taki fyrir það eigi fleiri vinnumenn.

55 *Hér segir sekt ef ólofað er leitt berfé til graðjjár*

Ef maður leiðir kú ólofað öxna til griðungs eður hross álægt til hests, sú ræða til galtar, á blæsma til hrúts, geit til hafurs,³ þá eignast sá það er undir elst er það graðfé átti er til var leitt. R.B.E.K. Ef griðungur eltir fang úr kúm svo að skaði virðist af sá er heima er gætt með búi, bæti fjórðungi bóta ef sannprófað er en öngu ef hann lér. En ef eigandi eður sá er léð var⁴ vill eigi varðveita griðung eða reka hann í afrétt, bæti skaða sem menn meta þann sem hann gjörir [1294, 37].

56 *Hér segir hversu veiðar eiga löndum að fylgja*

Hver maður á vötn og veiðistöð fyrir sinni jörðu og á, svo sem að fornu hefir verið, nema með lögum sé frá komið. Vötn öll skulu svo renna sem að fornu hafa runnið. Veita á þeim engi maður á bæ eður af bæ annars, nema þau brjóti sjálf. En ef það er veitt, þá skal veita aftur vatn og gjalda eiganda jarðarspell og landnám með. Ef á eða bekkur rennur í milli bæja manna og eru fiskar í, þá eigu hálfá hvorir ef þeir eiga svo jörð tveim megin til. En ef á eður bekkur rennur rétt og brýtur á hvorskiss land, þá geri svo hver veiðivæl af sinni jörðu sem að fornu hefir verið. Ef á brýtur af annars þeirra jörðu, þá skal sá er jörð átti þá er hon braut á eiga en hinn granda eður eyri, þangað sem hon var mið meðan áin féll rétt að fornu. En ef hon brýtur meira, þá á sá er jörð átti bæði á og granda, þangað til sem hon var mið meðan hon rann rétt. Engi skal fyrir öðrum veiði spilla eður banna, þá sem hann hefir áður að fornu haft. Hvervetna þar sem menn eiga fiskiá saman, þá skal hver þeirra veiða sem vill meðan ánni

1 vororku: útgáfur hafa vorverki

2 garðönn: 343 hefur grasönn

3 geit til hafurs: vantar í 343

4 eigandi eður sá er léð var: 343 hefur maður

er óskipt og draga voðir að hvoru landi sem hann vill. En eigi skal hann öðrum veita né veiða. En ef nokkur þíkkist mishaldinn af vera,¹ þá beiði sá skiptis á og skipti sex grannar þeirra ánni. Þeir skulu skipta vikum eður smærum, þeir skulu ráða er lengstum vilja skipta ef þá greinir á. Svo má og skipta fleirum veiðistöðum. Það skipti skal haldast með þeim það sumar og má þá hver er vill veita sinn hluta. Hver maður má gjöra veiðivæl í sinni á og gjöri þó svo að fiskar megi fara upp að á hverri. Ganga skal guðs gjöf til fjalls og fjöru ef gengið vill hafa. En ef einhver gerðir fyrir, þá skulu þeir er ána eigu fyrir ofan gera honum fimmtarstefnu til af þingi úr að brjóta. En ef hann kveður nei við þá skal sá er að telur æsta bændur liðs til úr að brjóta.² Bóndi hver er synjar honum til að fara er sekur eyri við konung. En þeir er garð gerðu í að ólögum, gjaldi mörk hverjum þeim er fyrir ofan býr og þeir meinuðu veiði fyrir. Engi skal í annars á fara ólofað nema hann vili veiða þeim er ána á og gjaldi honum þó landnám með, svo sem veiður er mikil til. Svo er og ef maður eltir fugla eður fiska úr annars manns veiðistöð, hvar sem hann veiðir þá. Engi skal öðrum veiðistöð banna fyrir sínu landi og engi annars veiðistöð spilla. En ef menn spilla þeirri veiðistöð og brjóta úr garða utan þvergarðar sé, þeir sem fyrirboðnir eru eður spilla veiðigögnum, sekur höfðingi mörk við konung en annarri við eiganda í öfundarbót. En hver annarra er honum veitir lið til, sekur hálfri mörk við konung en annarri hálfri mörk við eiganda í öfundarbót, og bæti garð aftur og veiðigögn öll og spellvirki sem sex skynsamir menn meta.

57 *Hér segir um eign á fuglaveiðum*

Vali alla, elftur og gæs og alla aðra fugla ómerkta á hver maður á sinni jörðu, leiguliði sem landsdrottinn, nema frá sé skilt í kaupi þeirra,³ utan þernur, æðar og andir skal engi maður veiða nær annars landi en tvau hundruð faðma tólfræð sé til eggvers annars manns, og eigi skal maður þá fugla veiða svo mjög í sínu landi þó að firr sé eggveri hins að skynsömum mönnum sex þeim er næstir búa þikki þess von að eggver spillist af því. En ef hann veiðir annan veg en nú er mælt, tvígildi fyrir fugla þá er hann veiddi þeim er eggver á, en konungi hálfa mörk. Nú tekur maður merktan fugl í sínu landi, þá skal hann gera orð eiganda innan hálf⁴ mánaðar ef hann er samhéraðs og varðveita svo fuglinn að hann

1 *mishaldinn af vera*: útgáfur bæta við *af ánni*

2 *þá skal sá er að telur æsta bændur liðs til úr að brjóta*: 343 hefur *þá skal æsta liðs til að brjóta úr*

3 *í kaupi þeirra*: vantar í 343

4 *hálf*: vantar í 343

spillist eigi. En ef hann fær eigi svo varðveitt hann, hafi sjálfur fuglinn eftir virðingu granna sinna sex og gjaldi þeim verð er fuglinn átti, og svo ef hann veit eigi hver á, þá láti hann virða og lýsi að kirkju eður á þingi innan hálfes mánaðar, og svo hvert mark á er. Á fitjum skal fugla merkja og sýna¹ sex grönnum sínum, eigi er lögmark ella. Ef maður nýtir sér merkta fugla óvirða, þá tvígildi þeim er á, en þjófur verður hann af ef hann lýsir eigi. Í hvers landi sem elftur verpa þá eignast sá er markar² ef hann veitir í sínu landi aðröður í fyrstu. Og svo er það um alla fugla og fiska ef þeir róa í sínu landi að fyrst,³ þó að hann taki við annars land eður á, og er fyrst í hans landi að róið eður í þeim hluta vatns er hann á. Nú drepur maður vísvitandi merktan fugl, gjaldi þeim fugl verðaurum er átti og öfundarbót með eftir dómi. Nú hafa þar orpið elftur þrjú sumur í sama landi samfleytt, þá eignast sá það er land átti, í hvers landi er hann kreppir eður merkir.⁴ Og þó að annar marki, þá eignast hinn ef grannar hans vilja það með eiði sanna að þeim þikkir það líkast að þær elftur hafi í hans landi orpið, en hinn hafi fyrir starf sitt.

58 *Hér segir um fálkatekju*

Kóngur má láta veiða vali alla á hvers manns jörðu er hann vill. R.B.E.K.⁵ Ef maður tekur fálka á annars manns jörðu, eigi sá þriðjung verðs er tók en jarðeigandi tvo hluti eður leiguliði⁶ er á jörðu býr [1314, 20]. En hver sá maður er fugla⁷ veiðir eða tekur egg undan á annars jörðu, bæti fugla og egg fullu verði og landnám með þeim er á jörðu býr, utan rétt er að veiða á annars jörðu hverjum er vill örnu,⁸ hrafna, smyrta, lær og spóa, og alla smáfugla þá er eigi fljóta á vatni nema rjúpur.⁹ Melrakki er á hvers manns jörðu óheilagur. Ef maður fer yfir annars manns land, þá er honum rétt að taka fugla ómerkta er á götu hans eru eða egg undan ef það er eigi í veiðistöð annars,¹⁰ og fiska ef liggja á leið hans á brotum, ef það er eigi í veiðistöð hins. Ekki skal maður víðara fara yfir

1 sýna: útgáfur bæta við mark það

2 markar: útgáfur hafa mark á

3 Og svo er það um alla fugla og fiska ef þeir róa í sínu landi að fyrst: vantar í 350

4 eður merkir: vantar í 350

5 R.B.E.K.: 343 eignar Hákonu konungi réttarbótina ranglega

6 þriðjung verðs er tók en jarðeigandi tvo hluti eður leiguliði: 343 hefur aðeins þriðjung verðs en sá tvo hluti

7 fugla: 343 hefur aðra fugla

8 örnu: vantar í 350

9 nema rjúpur: vantar í 350

10 í veiðistöð annars: 343 hefur í veiðistöð eða eggveri

landeign annars til þess. Björn er óheilagur á hvers manns jörðu og á sá björn er fyrst kemur banasári á hann. Rosmhval eigu menn að veiða á hvers manns jörðu eður netlögum er vill og á landsdrottinn hálfan en sá hálfan er veiðir. Engi maður skal lesa ber á annars manns jörðu, né grös til heim að bera, utan sá lofi er á. En ef hann les, tvígildi ber og svo grös.

59 *Hér segir hvað almenningar eru og nær í þeim skal vinna*

Það eru almenningar er að fornu hafa verið. Sætur má hver maður gjöra er þann almenning á ef hann vill þar sitja í sumarsetri, ef það er úr búfjárgangi. Ef tveir menn ganga í eina sláttu báðir senn, hafi báðir það er þeir slá. En ef þá skilur á hvor þeirra fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með eineiði nema hinn leiði votta í móti.¹ Fiskivötn öll í almenningi eru öllum jafnheimil, þar eigu menn að taka fiska og fugla.² Engi maður skal beita í almenningi frá krossmessu á vor og til Bótólfsvöku. Þar eiga menn að telgja við og færa til skips eður búðar og er þá viðurinn heilagur. Nú koma þar menn öðru skipi og fá eigi farm á sitt skip en hinir hafa meir en farm sínu skipi, hvort sem það er viður eður hvalur, þá er rétt að þeir taki farm sínu skipi en bæti hinum fyrir starf sitt. R.B.E.K. Ekki á jörð í viði þeim er fluttur er úr almenningi nema hann liggi lengur en lög votta [1294, 48]. Nú kemur hvalur þá er menn eru í almenningi,³ þá skal boð upp skera sá er næstur býr og láta fara alla vega sem dagur endist. Sekur er hann sex aurum við konung ef hann sker eigi boð upp en eyri hver er fellir nema nauðsyn banni. Í almenningi skal hval skera hver sem vill og brott færa hvort sem vill á skipi eður eykjum. En svo skal fara um þann⁴ sem eigi verður brott fluttur sem áður skilur. En ef skot finnst í hval þeim, þá skal sá varðveita járn-hval er næstur býr. Nú brennir maður sætur í almenningi, veiðibúð eður and-virki það sem þar er, þá sekist sá er það gerir þrimur mörkum við konung en tvígildi þeim er hann brenndi fyrir það sama aftur jafngott⁵ og rétt sinn á ofan eftir lagadómi.

1 *nema hinn leiði votta í móti*: 343 hefur *nema hinn hafi fleiri votta í móti*

2 *Fiskivötn öll í almenningi eru öllum jafnheimil, þar eigu menn að taka fiska og fugla*: 343 hefur *Fiskivötn öll í almenningi, þar mega menn fiskja og fugla*

3 *nema hann liggi lengur en lög votta. Nú kemur hvalur þá er menn eru í almenningi*: vantar í 343 og hefur skrifari stiklað frá líku til líks en hann gleymir líka að auðkenna upphaf réttar-bótar

4 *þann*: 343 hefur *hval eða við*

5 *það sama aftur jafngott*: vantar í 343

Hér byrjar hinn tíunda hlut lögbókar er heitir rekaþáttur og segir fyrst um viðreka og hvalreka

1 Hver maður á reka allan fyrir landi sínu, viðar og hvala, sela og fiska, fugla og þara, nema með lögum sé frá komið. Ef við rekur á fjöru manns, þá skal hann marka viðarmarki sínu því sem áður hefir hann sýnt sex grönnum sínum. Eigi er lögmark ella. Rétt er honum að vaða til og marka þar viðinn ef hann kemur eigi úr flæðarmáli ef það er við þá fjöru hans er festa má reka á, og á hann þá þó að á annars fjöru komi sá viður. En hinn er fjöru á skal gjöra orð þeim er við á, ef hann veit hver á. Lýsa á maður að kirkju markinu,¹ ella er hann sekur þrimur aurum við konung. En ef hinn gjörir eigi eftir innan tólf mánaða síðan hann fréttir, þá leysi hann út með fullu landnámi sem sá er maður til er land á, það er viður liggur á. Ef við eður hval rekur í gegnum merkiósa á land upp, þá á sá það er land á fyrir ofan. Ef vötn eður lón ganga fyrir ofan fjöru manns og kastar þar hval eður viði yfir malarkamb eður eyrantanga upp í vatn mitt, þá á sá maður það er land á fyrir ofan² ef á land rekur. Helgar þar festur hval en mark við sem annars staðar. Ef nýja ósa brýtur upp í gegnum fjöru manns og rekur þar hval eður við upp á jörð, þá á sá það sem fjöru á fyrir utan. En þó að brjóti nýja ósa upp í gegnum fjöru manns, þá skal hinn forni ós ráða. Ef hval eður tré verpur á jörð upp, þá á sá maður bæði er reka á. En ef þar er jörð gróin yfir viði eður beinum, þá á sá maður bæði er jörð á. En þar sem tré eður bein finnst í jörðu, hálf ofar en nú gengur flóð yfir, og á sá maður það er jörð á fyrir ofan, hvort sem er bein eður viður.³ Ef tré eður bein eða tálkn eru í flæðarmáli þó að sandi sé orpin eður grjóti fest, þá á sá maður það allt er fjöru⁴ á. Nú eru ósar að merkjum, þá á hvor þeirra reka til miðs óssins. Ef rek-

1 gjöra orð þeim er við á ... að kirkju markinu: 343 hefur gjöra honum orð ef hann veit hver við á eða lýsa að kirkju markinu

2 það er land á fyrir ofan: 343 hefur er vatn á fyrir ofan eða jörð

3 En þar sem tré eður bein ... bein eður viður: 343 hefur En þar sem tré er í jörðu hálf ofar en nú gangi flóð yfir, þá á sá maður það tré eða bein er jörð á fyrir ofan

4 fjöru: útgáfur hafa reka

ann festir í miðjum ósinum, þá á hálfan rekann hvor þeirra. Nú rekur hval eður við upp eftir ósinum¹ og kastar á svarðfast land eður festir í vatnsbökkum fyrir ofan rekamark, þá á sá er jörð á eður eyrar ef þar festir á, nema festi í miðjum ósinum, þá skal rekinn jafnt hverfa til hvors landsins og allt það er þar festir. Ef birkivið rekur út um merkiósa og á sá það er jörð á fyrir ofan reka þann er við rekur á. Ef við rekur að ósum ofan og festir í eyrum eður rekur á land upp, þá á sá þann við er jörð á, nema einn maður eigi skóg allan, þá á sá.

2 *Hér segir hvar maður má flutningar taka fyrir annars landi*

Hver maður má fénýta² sér við þann allan er hann finnur fljótanda fyrir annars landi út frá rekamarki. Taka má maður þar hval og við fyrir annars landi er engi er von að festi, nema svo sé nær þeirri fjöru er reka má festa að þaðan megi sjá fisk á bordi³ ef eigi bæri land fyrir, og svo á allar flutningar að taka. Ef maður flytur við sinn á annars manns fjöru, þá skal sá viður þar eigi lengur liggja en þrjár nætur ef það er rekafjara, nema nauðsyn banni, ella bæti sá er við flutti fullu landnámi og skaðabót þeim er reka á. Rétt er honum að færa á land upp úr fjöru og hafa þaðan flutt innan tólf mánaða þaðan frá. Allir menn eigu að veiða fyrir utan netlög að ósekju. En það eru netlög yst er selnót stendur grunn tuttugu möskva djúp að fjöru og komi þá flár upp úr sjó. Ef maður kaupir reka af landi manns að lögmáli réttu og skilja þeir það eigi gjör en svo, þá á landeigandi af fjöru þeirri álnarlöng kefli öll og þaðan af smæri. En rekamaður á þar við allan ótelgðan þann er þar rekur upp og svo hvali þá alla er þar hlaupa kvikir á land nema menn valdi. Og svo á hann þá hvali alla er þar rekur upp. Sá maður er land á á þar þara allan og fugla alla og rostunga, sela alla, og svo ef maður drepur þar sel, hann á þar og hnísur allar og háskerðinga, og fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en fimm,⁴ þá á rekamaður. Landeigandi á þar flutningar allar og vogrek allt og hvali þá alla er fyrir mönnum hlaupa á land upp, og veiðar allar í netlögum og í fjörunni. Ef viður flýtur í netlögum þá á rekamaður þann. En ef utar er viður og má þó sjá fisk á bordi, þá á sá maður er jörð á og allt það er þar flýtur. En fjörumaður á allt það sem í netlögum flýtur, hvort sem net er lagt af landi eður skeri. Ef sker eður eyjar liggja fyrir landi manns, þá á sá það og reka þann allan er því fylgir er meginland á næst, nema með lögum sé frá komið.

1 ósinum: útgáfur hafa *miðjum ósnum* en 343 *þeim ósi*

2 fénýta: 343 hefur *flytja* og *fénýta*

3 á bordi: útgáfur hafa *af bordi*

4 Hér er hönd á spássíu 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 303.

3 *Hér segir hver hval á að festa eða hvað lögfestir er*

Ef hval rekur á fjöru manns, þá skal sá er á landi býr þar næst festa hval þann hver sem fjöru á og hafi slíkt fyrir starf sitt¹ sem fyrr skilur leiguliða, þótt landsdrottinn búi sjálfur á jörðu. Hann skal festa hval þeim festum að eigi sé ósterkari en reip þau tíu að tveggja manna afli haldi hvert, og sé þá borinn annar endir um stokk eður stein. Rétt er honum að skera festar af sjálfum hvalnum og ef svo er festur þá ábyrgist hann eigi þó að út taki hvalinn, ef sumur er festarstúfur á landi en sumur í hval, þá á sá hvalinn er áður átti þó að á annars fjöru komi. Hann skal í brott flytja hvalinn hvort sem hann vill á skipi eður eykjum og neyta þar engis nema vatns og haga. En ef sex skynsamir menn sanna það með eiði að hvalur sé verr festur en nú var talt, þá á sá ekki í² þó að út taki og ábyrgist að öllu ef annar á hval. Hann á þegar er hvalur er kominn að senda mann þann er fari fullum dagleiðum að segja³ þeim er reka á. En landbúi skal skera hval til fjórðungs og þeir menn er hann fær til, þar til er rekamaður kemur eður hans lögligur umboðsmaður,⁴ þá skulu þeir ráða þeim er óskorinn er. En ef fleiri menn eiga þar í reka, þá skal þeim orð gjöra er mest á í. En hinna hlut skal hann varðveita⁵ sem hann eigi sjálfur og ábyrgist við handvömmum sínum. Nú sker maður hval á fjöru og tekur fjósir út, tálkn eður bein, og rekur á annars fjöru, þá á sá það er fjöru á ef það er lengra frá fjörumarki hins en tvau hundruð faðma tölfræð. Svo er og um garnar og seymi og allt það er fémætt slítur út af hval. En ef urgur eru í fjósum þeim er út slítur, þá helga þær þeim er hval átti í fyrstu. Nú þó að hvalur sé minni en festingarhvalur eigi af að takast, þá er sá jafnskyldur er á jörðu býr að festa hinn minna sem hinn meira. Allt það er fémætt rekur á þá fjöru skal hann úr flæðarmáli færa sem hann eigi land og reka, ella ábyrgist hann að öllu við rekamann. Lauss er sá maður við reka varðveislur er á jörðu býr ef rekamaður hefir öðrum umboð fengið að lögum og skal sá þá fyrir sjá og ábyrgjast svo sem hinn skyldi. Ef nökkur maður kallar sá til meira hvals en fyrr hefir haft, sem menn vita að nökkur á í reka, þá skal honum þó til handa skipta yfir það sem rekamaður veit að hann á, hálfu minna hval en hann kallar til. En sá þeirra sem að telur skal setja fimmtarstefnu og fara svo að þeirri stefnu sem fyrr vottar. Nú prófast svo að annar hvor hefir

1 fyrir starf sitt: 343 hefur *cf* hval

2 þá á sá ekki í: útgáfur bæta við *er festi*

3 að segja: vantar í 350 og 343

4 umboðsmaður: 350 hefur aðeins *umboðs*

5 En hinna hlut skal hann varðveita: 343 hefur *En hann skal varðveita hinna hlut og seiða*

logið, gjaldi sá tvennum gjöldum þeim er á og kostnað sinn allan þann er hann hefir fyrir haft, og konungi hálfa mörk í ránbaug. Nú kemur hvalur eður tré á rekamark, þá eigi svo hvor sem reka á undir.

4 *Hér segir um skotmannshlut á hval ef rekur*

Ef hval rekur á fjöru manns og á fjörumaður þann allan ef eigi er skot í, en ef skot finnst í hval það er þingborið mark er á, þá á skotmaður hálfa en ef hann kemur til áður hans hlutur er allur virður og veginn og af fjöru fluttur. En svo skal maður skots leita sem hann ætti skots von í hval á annars fjöru. Sá maður á vætt spiks af skotmannshlut er fyrstur finnur skot. Ef fjörumaður veit hver skot á, þá skal hann gjöra honum orð¹ ef hann er svo nær að fara megi tvívegis² þann dag er þá er ef hann færir árdegis. En svo mikið skal hann hafa af síðara degi sem þá var af hinum fyrra er hann var sendur. En ef hann gjörir eigi orð skotmanni þegar skot finnst, þá er hann sekur mörk, hafi konungur hálfa en skotmaður hálfa, og slíkan hval sem honum væri að lögum orð gjör. Landeigandi á að skera til fjórðungs skotmannshlut, þar til er skotmaður kemur til, og ábyrgist hann þá þann hval við skotmann. Síðan skal skotmaður ráða hinum óskorna og ábyrgist sjálfur þann þá er hann kemur til. Og ef hinn dylur að hann eigi það skot, þá skal skotmaður láta bera tveggja manna vitni með svörðum eiði³ að það er hans skot og eigi gaf hann né galt og eigi sölum seldi svo að þeir vissi. En ef hinn vill þá eigi þann hval lausan láta, sæki sem vitafé. En hver er leynir skotinu, þá er hann þjófur útlægur og skiptist fé hans eftir því sem vottar í óbótamálum. Nú sker maður hval undan festum um nátt og fara þeir til sem ekki eiga í, þá sekist sá hver er það gerir þrettán mörkum við konung en þeir hafi hval sinn sem eigu.

5 *Hér segir um skotmannshlut ef skyti er eigi nær*

Hvervetna þar sem skotmaður kemur svo til skothvals að sumur er óskorinn, þá skal hann ráða hinum óskorna en hinn⁴ hafi fjórðung af þeim er hann skar, og svo skal jafnan fara ef skotmaður kemur fyrr til hvals en hans hlutur er allur

1 orð: 343 bætir við *samdægris* en síðan er strikað einu striki yfir það

2 *tvívegis*: tekið eftir 343 en vantar í 350 og útgáfur, en hönd er á spássíu 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307

3 *þá skal skotmaður láta bera tveggja manna vitni með svörðum eiði*: 343 hefur *þá skal leiða fram tvo menn þá er það sveri*

4 *hinn*: 343 bætir við *er skar*

virður og veginn og af fjöru fluttur. Nú kemur engi til að kalla til skots þess að þar er fundið, þá á landeigandi að varðveita skotið og hafa skotmannshlut hálfan, hversu sem hann kemur kaupir við skurðarmenn. Skotmannshlut¹ skulu virða sex skynsamir menn til vaðmála. Nú eru fleiri skot í hval en eitt, þá á sá hvalinn er fyrstur kom banaskoti á hann og þingborið mark hafi. Ekki sakar ef í spik kemur. Ef maður veiðir hval þann er áður er banvænn af þingbornu skoti, þá á sá skotmannshlut er skaut fyrri en hinn fyrir starf sitt eftir sex manna dómi. Þeir skulu skothval virða er skynsamir eru og næstir búa því er skot finnst. Sá maður á að varðveita skotmannshlut er land á, ef annar á reka, en hálf á hvor bein og tálkn. Landeigandi á heimting við rekamann ef hvalur er seldur áður en skot finnst, en skotmaður við hann. Ef hval slítur út, þann er menn hafa skorið, og finnst skot í, hvar sem á land rekur, þá á skotmaður heimtu af öllum þeim er þá fjöru áttu er sá hvalur kom, og svo ef menn finna eður skera hval á fljóti,² þá skeri til helmingar ef lögliga er virður en til fjórðungs ef eigi er virður. Sá maður er skot hefir að varðveita skal sýna það og segja til marks á skotinu á alþingi, og svo til nafns síns eður umboðsmaður hans, og hversu mikið fé fylgir skoti, og lúka þar á þinginu þeim er taka á eða fá fullar vörslur. Ef fleiri menn hafa það fé að varðveita, þá skulu þeir svo gera þegar hann hefir sagt til skots. En ef nökkur vill eigi greiða skotfé, sæki sem vitafé, hvort sem sækir skotmaður eður hans umboðsmaður eða landbúi sá er hval seldi. Nú verður hvalur eigi virður, þá skal skotmannshlutur til fjórðungs skorinn hafa verið, en ella til helmings ef skyti kemur eigi til áður hans hlutur er allur virður og veginn og af fjöru fluttur.³ Hvalskeyti hver skal sýna grönnum sínum sex mark á skoti því er hann vill hafa og síðan í lögréttu, nema hann hafi keypt þingborið mark eða sé honum léð, gefið eður goldið,⁴ og hafi hann þar votta til, þá er honum það jafnheimilt sem hitt. Nú kemur skotmaður eigi til hvals áður hans hlutur er virður og veginn og af fjöru fluttur, en umboðsmaður hans kemur til, þá skal skotmannshlutur til helmingar skorinn hafa verið og skal hann því aðeins í brott hafa þann hval er skotmaður hlýtur, nema hann láti bera vitni um að hann er umboðsmaður hans eður landeigandi lofi ella.

1 Skotmannshlut: 343 hefur Skothval

2 á fljóti: 343 hefur á floti eða á skeri en útgáfur á floti

3 er allur virður og veginn og af fjöru fluttur: 343 hefur aðeins er af fjöru færður

4 þingborið mark eða sé honum léð, gefið eður goldið: 343 hefur þingborið skot eða sé honum gefið eður goldið

6 *Hér segir um hvalflutningar*

Ef maður finnur hval á fljóti, þá skal hann flytja hvert er hann vill ef það er utar fyrir annars landi en fisk sér á borði.¹ Það skal vera þorskur flattur álnar í öxarþærum á því borði er til lands veit, skal útleggja til sýnar² og þaðan til sjá sem lengst fjarar. Ef menn koma til þá er hann hefir festar borið í hval, þá er hann eigi skyldur við þeim að taka ef hann fær fluttan, og þó að þeir beri festar í hval þá eiga þeir eigi að heldur. Nú koma þeir eigi hval til lands er níttu liði hinna, þá skulu þeir ábyrgjast hvalinn við þá eftir því sem sex skynsamir menn virða.

7 *Hér greinir hvalskipti*

Þess hvals er fluttur er eigu flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá á skotmaður þriðjung og skal sá skotmannshlutur að öllu svo fara sem um rekahval skilur. En þeir menn sem fyrst bera festar í hval eiga að hafa finnandasþik af honum,³ það eru þrír tigur átta fjórðunga vættir, hálf hvort spik og rengi, ef hvalur er tvítögur eður lengri óskerður eður svo skerður að hann sé eigi minni þess kyns hvalur. Það á allt af flutningarþriðjungi að taka. En ef þeir hafa nökkuð skorið á skip sitt en flytja það sem eftir er, þá skulu þeir það fyrir finnandasþik hafa en skipta sem öðrum hval því sem meira er. Ef landeigandi er að flutningi, þá á hann kost að flytja hvalinn á sitt land. En ef þangað er lengra, þá ábyrgist hann hvalinn við sína lagsmenn ef þeir missa fyrir það. Ef landeigendur eru fleiri að flutningu, þá skal á þess land flytja sem land á næst. En ef skynsamir menn bera að hvalur sé á annað land fluttur en lög segja, þá á sá landshlutur í hval er það land átti að hvalur væri rétt fluttur á. En hver þeirra sekur mörk við hann er að flutningu var. Og ef þeir menn láta lausan hvalinn er hönd hafa að, þá skulu þeir til fjórðungs skorið hafa. Ef griðmenn manns finna hval á fljóti og á bóndi verk þeirra allt, þá á hann hvalinn. En ef hann á fiski þeirra aðeins, þá á hann eigi meira en sýslan dvaldist sú er hann átti, eftir því sem sex skynsamir menn meta, og skiphlut sinn,⁴ og ábyrgist skip sem áður. Nú flytja menn hval úr almenningu, þá eignast þeir eigi nema þeir beri fyrr festar á land en þeir láti hval lausan og festi sem fyrr vottar, ella er það

1 á borði: 343 hefur *cf* borði

2 skal útleggja til sýnar: vantar í 350

3 *cf* honum: 343 bætir við þó að fleiri sé að flutningu

4 skiphlut sinn: útgáfur bæta við að auk

rekhvalur. Nú rekur hval svo mjög fyrir veðri eður straumi að hann ræður skipinu en eigi skipið honum,¹ þá er sem þeir hafi ófundið hval.

8 *Hér segir hvar hval skal eigi taka*

Ef menn flytja hval þaðan frá landi manns er sjá má fisk á borði, þá á sá hval er áður átti. En hver þeirra sekur mörk við hann ef þeir vissu. Í fjörðum eður sundum þar sem hvalur flýtur² svo að sjá má fisk á borði af fleirum löndum en einu, þá eiga þeir allir jafnt hval er lönd eigu svo nær, þó að einn hver þeirra flyti á sitt land, nema af einshvers landi standi svo mikið veður að þangað mátti eigi flytja. Ef menn reka hvali á land manns, þá eiga þeir tvo hluti en landeigandi þriðjung. Ef menn finna hval í vökum utar en fisk sér á borði, þá á sá er fyrstur finnur allan þann er hann kemur á ís upp. Nú koma menn að og bera vopn á hvali þá og festa við ísbrún svo að eigi má sökkva, þá eiga þeir er veiða. En þeir sem síðar koma til og neita hinir liði þeirra og sökkur hvalur fyrir það, þá ábyrgist þeir er fyrri komu til eftir manntali við þá þann hval. En hvað sem þeir fá af, þá skulu þeir þar á land bera³ sem þeir vilja. En ef landsdrottinn telur að og segir að þeir spilli þar eng hans eður haga, bæti sem sex skynsamir⁴ menn meta skaða og landnám með þeim er gras á eður jörð. En ef hann leggur á hölkn eða holt eða fjöru þar sem engi er skaði að, flyti brott að ósekju. Nú finnur maður hval í ísum nær landi og þó fyrir utan netlög, þá á hann hálfan ef kvikur er en landeigandi allan ef dauður er. Nú gengur vök allt að landi sú er menn særa⁵ hvali í fyrir utan netlög og renna þeir kvikir á land upp, þá á svo að fara um eigin orð þeirra sem menn reki þá upp með skipum. En þó að menn skjóti hvali í vökum með þingbornum skotum, þá eiga þeir eigi heldur en aðrir menn, nema dauða reki á land, þá eiga þeir skotmannshlut. Hver maður á veiði sína fyrir utan netlög. Það er veiður er maður flytur á skipi til lands en flutningur ella. Ef maður veiðir hval í rekamarki fyrir utan netlög þar er fisk sér á borði,⁶ þá á sá allan er veiðir.

1 að hann ræður skipinu en eigi skipið honum: 343 hefur að það ræður skipinu en eigi skipið sér

2 þar sem hvalur flýtur: 343 hefur þar er menn flytja hval

3 bera: 343 bætir við feng sinn

4 sex skynsamir: vantar í 350

5 særa: 343 hefur sæfa

6 á borði: 343 hefur af borði

9 *Hér segir um neijafund í látrum manns*

Ef maður hittir net í látrum sínum og sel í, þá á hann sel og svo net, þar til sem hinn leysir út með landnámi. Nú má maður skjóta sel af skipi ef hann fer rétt-leiðiss, hvort sem selur er á sjó eður landi, nema hann liggi á látri því er stilli er til hlaðið, þá veiðir hann þeim er látur á. Nú skýtur maður sel af landi og er eigi stilli til hlaðið, þá skal sá sel hafa er látur átti. En ef stilli er til hlaðið þá skal hann hafa bæði sel og landnám með. Nú lýstur maður sel og finna þann aðrir menn, þá á sá hálfan er laust en sá hálfan er fann á fljóti. En sá skutill sinn er skaut ef skutill fylgir. Ef rekur á land manns hafurhval, björn, rostung, hnísu og sel, og finnst skot í, þá á sá þriðjung er skaut ef hann hefir vitni til skots síns að það er þingborið,¹ þá skal sá maður er á landi býr því er á rekur lýsa því skoti að kirkju eður á þingi innan hálfis mánaðar. Ef maður hittir á sel eða hnísu eður aðra fiska utan hval fyrir ofan marbakka, og færir þeim er á jörðu býr, hafi hann fimmtung af en jörð fjóra hluti. En ef hann færir brott, færi aftur og leggi á landnám.

10 *Hér segir sekt heilagra daga veiða*

Ef hvalur er fluttur eður skorinn á löghelgum degi, þá skal gefa af hinn fimmta hlut þeim er fluttur er og af svo miklum sem skorinn er á helgum degi, en eigi er meira skylt.² Af selaveiði og allri þeirri sem löghelgan dag er veidd skal gefa hinn fimmta hlut fátækum mönnum þar innan hrepps sem á land kemur, þeim er eigi gera tíund, og skulu hreppstjórnarmenn þessu skipta,³ því að svo hefir forn lög verið og vani. R.B.H.K. En hver maður er þetta vill eigi greiða er sekur sex aurum við konung [1314, 24].

11 *Hér segir um hvalflutning úr almenningu*

Ef menn flytja hval úr almenningu, þá skulu þeir fylgja festum til lands ef þeim er óhætt fyrir stormi og brimi. Nú skiljast þeir fyrir það við að þeim er eigi óhætt, þá eiga þeir þó hvalinn ef á það land rekur er þeir vildu á flytja. En ef annars staðar kemur þá er það rekhvalur.

1 til skots síns að það er þingborið: 343 hefur til skotsins er eigi er þingborið en útgáfur til skots síns ef eigi er þingborið

2 meira skylt: 343 bætir við nema fluttur sé

3 þessu skipta: útgáfur bæta við milli fátækra

12 *Hér segir hversu vogrek skal fara*

Það heitir vogrek er rekur á land manns lík eður vara og allt það er fémætt er og menn hafa átt, þó að það sé viðir telgdir, hvort sem því kastar á land með líkum eða öðruvíss. Landeigandi skal vogrek varðveita hver sem reka á. En sá er á jörðu býr skal það allt færa úr flæðarmáli og gera orð landsdrottnei. En sá þeirra færi lík til kirkju sem betur kemst við og hafi af fénu til þess kostnaðar slíkt sem þarf. Sá er á jörðu býr skal ábyrgjast féið ef af hans vanrækt slítur út. Vogrek skulu virða sex skynsamir menn. Síðan skal landsdrottinn hafa það er meður spellum liggur eður selja öðrum ef hann vill og varðveita sem sitt fé, og ábyrgist hann þá eigi. Ef sá maður kemur til vogreks er réttar heimildir þikkist á eiga og hefir til þess skilrík vitni eður sver hann til lýritareið, hvort sem það er arfur manns eða öðruvís, þá skal hann það hafa sem hann kallar til en verð fyrir hitt sem lógað er. Nú koma eigi eigendur til, þá skal hann láta segja til á þingi¹ hvað fé þar er rekið. Hann skal svo jafnan laust láta sem eigendur koma til, annaðhvort fé eður verð. En það sem engi verður eigandi til, þá eignast hann það. En ef landsdrottinn lætur eigi virða vogrek eður fer öðruvíss með en nú var talt, þá skal hann gjalda tvennum gjöldum er eigandi kemur til og er hann þó sekur mörk við konung. En ef hann leynir því fé og villir heimildir að vogreki, þá er hann þjófur ef það fé er svo mikið að þjófssök nemur.

1 þingi: 343 og útgáfur hafa alþingi

Hér hefur upp hinn ellefta hlut lögbókar
er heitir kaupabálkur
og er fyrst greint um grip og fjárupptektir valdsmanna,
hver sekt við liggur eftir lögum

1 Það er nú því næst að vor skal engi fyrir öðrum taka. Ekki skulum vær oss að gripdeildum gera. Dóms er hver maður verður fyrir sínu að hafa. En sá er fyrir öðrum tekur skal það aftur færa og bæta þeim fullrétti er hann tók fyrir en konungi þrimur aurum fyrir það er hann tók rangliga. En sæki sitt eftir lögum síðan. Ef lendur maður eður konungs umboðsmaður tekur upp bú bónda ótalt eður ódæmt, eður veitir honum aðra fjárupptekt ólögliga, þá skal hann það allt aftur færa, og þó sekur tíu mörkum við konung. En hver sá mörk er honum veitir lið til þess. En þeim er féið átti fullrétti eftir lögligum dómi.

2 *Hér segir hversu maður
skal skuld verjast*

Ef maður krefur mann fjár síns, þá skal hann svo kröfu verjast að kveðast þá skuld öðrum goldið hafa og nefna votta sína er við voru, stund og stað. Nú ef vottar eru innan héraðs, en þá er svo ef vatnföll deilast í milli til héraða, þá skal skapa þeim leiðarlengd til. En ef vottar eru utan héraðs, þá skal gera þeim laga-
stefnu að þeir komi þar og beri vitni það sem þeir voru við. Nú bera þeir svo vitni að þeir voru þar við er hann lauk þeirri skuld sér af hendi, þeim í hönd er átti eður hans lögligum umboðsmanni. En sá er lögligur er hann hefir til þess umboðs¹ tvau löglig vitni, þá hefir hann rétt varða kröfu þá. Það heitir ályktarvitni. Þar skulu ekki andvitni í móti koma. Þessir menn mega eigi vitni bera: Sakaður, þjófur,² meinsærismaður, eigi yngri en fimmtán vetra, fjórmennningar að frændsemi og mægðum, nema þeir sé báðum jafnskyldir. R.B.H.K. Fimmtán vetra gamall maður skal vera vitnisbær og eiga sjálfur rétt á sér ef honum verður með öfund misþyrmt, og svo skal fjárhaldsmaður hans fullu fyrir svara

1 *umboðs*: vantar í 350

2 *Sakaður, þjófur*: útgáfur hafa *Sakaður þjófur*

af hans gössi ef hann kann brotligur að verða [1314, 21]. Rétt er að þeir menn beri vitni er verið hafa mágar manns ef þá er eigi mægð er vitni þarf að bera. Taka mega tveir við eins vitni ef sá er frumvottur er við var í fyrstu og er hann eigi fær og hafa hinir áður heyrt hans vitni,¹ þá er það vitni jafnfullt sem þeir hafi allir við verið fyrir öndverðu. Feðgar tveir eður bræður tveir eru sem einn maður í hverju vitni nema tveir menn nefni þá til, utan þeir sé staddir við deild manna eða vígaferli. Allar þær skuldir er eiðar koma til, þá skal einn eyris synja, en tveir tveggja en þrír þriggja. En þó að fé sé meira,² þá kemur eigi meiri eiður til en lýritareidur. Hvervetna þar sem menn kaupa saman að lögum, þá skal aftur ganga oftalt en fram vantalt þar til sem þeir hafast réttar tölur við.

3 *Hér segir fjársóknir manna í héraði*

Ef maður á fé að manni það er vottar vitu eður við er gengið, þá skal sá er skuld á að heimta krefja fjár síns við votta tvo, hvar sem hann hittir þann er gjalda á. R.B.E.K. Nú krefur maður mann fjár síns í réttan gjalddaga, þess er vottar vitu eður við er gengið, þá er vel ef hann geldur, ella stefni honum heima á fjórtán náttu fresti og krefi hann þar fjár síns. En ef hann vill þá eigi greiða, þá stefni honum þing og krefi þar enn skuldar sinnar. Nú vill hann eigi greiða, þá sekist hann tveimur aurum fyrir hverja kröfu. En þaðan af þinginu skal sækjandi nefna svo marga menn sem hann þikkist þurfa [1294, 11] og fara til heimiliss þess manns er skuldina átti að gjalda, og virða honum þar fé sitt og fullrétti eftir lagadómi af fé þrjóts, og eru allir bændur skyldir til þessar ferðar. Sekur er hver bóndi tveimur aurum við konung³ er eigi vill fara. Umboðsmaður konungs er skyldur til að fara og öðlast meður því hálfa mörk konungi til handa. En ef hann vill eigi fara, þá fellir hann með því konungs sekt. Nú standa menn fyrir og verja með oddi og eggju, þá falla þeir allir útlægir og óhelgir er fyrir standa, en hinir allir friðhelgir er til sækja og laga vilja gæta. En þó að þeir falli eigi er fyrir standa, þá er sá þó sekur þrettán mörkum við konung er skuld átti að gjalda. En hver hinna mörk er fyrir stóð með honum.

1 og er hann eigi fær og hafa hinir áður heyrt hans vitni: 343 hefur og er hann eigi fær, en hinir hafa heyrt áður hans vitnisburð en útgáfur og er hann ei fær annar er við var, og hafa hinir áður heyrt hans vitni

2 fé sé meira: útgáfur hafa skuld sé meiri

3 við konung: vantar í 350

4 *Hér greinir jjársoknir á eindöguðu fé*

Nú er lánfé og dæmt fé og allt það fé er vitni vita eður sá gengur við er lúka á, þá skal svo sækja sem nú var mælt. En allt það fé er vitni veit að eindagað er, þá skal maður svo njóta votta sinna í eindaga sem hann hafi honum heim stefnt. Nú kemur sá eigi til er féið skyldi taka, en hinn kemur til er lúka á, þá skal hann bjóða fé í eindaga ef nökkur er sá þar kominn er um sé boðið með vottum að taka það fé. Og ef sá er þar, þá skal honum í hönd selja. En ef enginn er sá þar, þá skal sá segja féið úr sinni ábyrgð er lúka á og virða lét lögliga, og hafi síðan sjálfur og ábyrgist við sínum handvömmum þar til er sá kemur til er þá skuld á að taka að lögum, þá skal þeim í hönd selja.¹ Eigi er maður skyldur að taka við kvikfé fyrr en sex vikur eru af sumri. Sex skynsamir menn skulu virða kvikfé allt. Nú kemur sá maður eigi til er heimta á kvikfé innan hálfis mánaðar forfallalaust, þaðan frá er goldið var lögliga, þá skal hinn hafa það kvikfé leigulaust til annarra fardaga er þá skuld á að lúka og láta laust er eigandi kemur eftir eður hans umboðsmaður.² Ef maður sendir annan mann til gjalddaga³ fyrir sig með fé, þá er hinn eigi skyldur til við að taka, nema hann viti að sá maður hefir jafnmikið fé sem hann geldur. Og eigi er maður skyldur að greiða umboðsmanni fé, nema hann láti sverja tvau skilrík vitni það umboð áður, þar sem fé er goldið.⁴ Nú á maður fé að manni það sem eigi vitu vottar, þá skal sækjandi stefna honum heim til kvöðu og kveðja hann þar þess fjár er hann kallast eiga að honum. Hinn skal annaðhvort festa fé eður synja slíkum eiði sem fyrr segir. Nú vill verjandi hvorki eið vinna né fé festa, þá sannar hann sér skuld þá á hendur og sækir að fyrri sókn. Nú kaupast menn við og er eigi ákveðið nær gjaldast skal, þá skal gjaldast á næstum fardögum eftir.

5 *Hér segir hvað lögauragjald er*

Ef mæltir eru lögaurar með landsmönnum hér og þó að maður mæli svo við annan, að þú skalt mér vaðmál fá, en skilur eigi frá aðra aura, þá nítar⁵ hann

1 *úr sinni ábyrgð er lúka á ... þá skal þeim í hönd selja:* 343 hefur *úr ábyrgð sinni og hafi sá er áður hefði og ábyrgist við sínum handvömmum þar til er sá kemur til er á, þá skal honum í hönd selja*

2 *er þá skuld á að lúka ... eður hans umboðsmaður:* 343 hefur *og láta þá uppi ef eigandi heimtir*

3 *gjaldaga:* 343 hefur *eindaga*

4 *Og eigi er maður skyldur ... þar sem fé er goldið:* vantar í 343

5 *nítar:* 343 og útgáfur hafa *neitar* en elstu handrit *níti*

eigi lögaurum ef eigi er vaðmál til.¹ Nú er lögeyrir sex álnar vaðmáls nýtt og ónotið,² tveggja álna breitt og eigi því lengra að jaðri en hrygg að muni öln í tuttugu álnum, og skal stika hvort er vill að hrygg eða jaðri, og svo kosti³ sem tekið er á alþingi. Að skemmra jaðri skal stika ef skakkt er. R.B.E.K. Mórent vaðmál sex álnar fyrir eyri⁴ [1294, 30]. Geldingaklippingar sex fyrir eyri. Haustlambagætur skulu vera sex fyrir eyri.⁵ Eyrir gulls þess er stenst elding fyrir sex tigi aura. Eyrir brennds silfurs fyrir sex aura. Járnetill nýr og öldur og vegi fjóra fjórðunga, og liggi í átta⁶ skjólur fyrir fimmtán aura. Það er katlamálsskjóla er tré er sett í lögg og tekur öðrum megin á þröm upp, tólf þumlunga meðalmanni í naglsrótum. Stæltur lér,⁷ eggelningur, og vegi átján⁸ aura, heill og stálsleginn, þeir skulu þrír fyrir tvo aura. Átta fjórðunga vætt blásturjárns fyrir fimm aura. Vætt fellujárns fyrir sex aura.

6 *Hér segir kvikjýrslag á vor*

Þetta er enn fjárlag svo sem lagt er dýrt á vor í því héraði. Kýr átta vetra gömul og eigi yngri en að öðrum vetri og hafi borið tvo kálfa,⁹ heil og heilspenuð, og hafi kelft¹⁰ um veturinn eftir Pálmessu, eigi verri en meðalkýr, héraðræk að fardögum. Þrjú veturgömul naut við kú. Tvau tvævetur naut við kú. Kýr geldmjólk eður kvíga að fyrsta kálfi tveimur aukum verri en kýr. Uxi fjögurra vetra gamall, graður eður geldur, við kú. Uxi þrevetur tveir hlutir kúgildis og kýr geld með sama lagi. Uxi fimm vetra þriðjungur annars kúgildis. Uxi sex vetra, tveir hlutir annars kúgildis. Uxi sjau vetra fyrir kýr tvær og svo þó að ellri sé, landgenginn.¹¹ Arðuruxi gamall á vor, hann er metfé. Sex ær við kú, tvær tvævetrar og fjórar gamlar, og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar að far-

1 ef eigi er vaðmál til: vantar í 343

2 nýtt og ónotið: 343 hefur gilt, nýtt og ónotið

3 svo kosti: 343 hefur svo skal vaðmál vera

4 R.B.E.K. Mórent vaðmál sex álnar fyrir eyri: vantar í 343

5 Haustlambagætur skulu vera sex fyrir eyri: tekið eftir 343 en vantar í 350 og útgáfur hafa Haustlambagætur sex fyrir eyri

6 átta: 343 hefur sjö

7 lér: útgáfur hafa ljár

8 átján: 343 hefur fimm

9 eigi yngri en að öðrum vetri og hafi borið tvo kálfa: 343 hefur aðeins eigi yngri en að öðrum kálfi

10 kelft: 343 bætir við fyrr

11 landgenginn: vantar í 343

dögum.¹ Sjau lambskotur við kú.² Átta ær algeldar, þrevetrar og ellri við kú. Átta lambgymbrar og fæði lömb sín³ við kú. Átta geldingar tvævetrir við kú. Sex geldingar þrevetrir við kú. Fjögurra vetra gamall geldingur og annar tvævetur fyrir ær tvær. Hrótur tvævetur ágildur. Tólf veturgamlir sauðir við kú. Allt þetta fé skal vera gilt og í ullu. Þrevetur forustugeldingur og ellri, það er metfé. Geitur sex með kiðum og svo farið sem ám við kú, en átta algeldar við kú, þrevetrar og ellri. Sjau lambskotur við kú.⁴ Átta höðnur og fæði kið sín við kú. Átta tvævetrir hafrar við kú, fjórir kjarnhafrar en fjórir algeldir. Sex þrevetrir við kú, þrír hvorir, fjögurra vetra gamall hafur og annar tvævetur fyrir geitur tvær. Tvævetur hafur jafn geit.⁵ Ef hafrar eru ellri en nú eru taldir, það er metfé. Tólf veturgamlir geitsauðir við kú, hálf höðnur og algeldingar⁶ en hálf kjarnhafrar og geldhafrar. Hestur fjögurra vetra gamall og eigi ellri en tíu vetra, heill og lastalaus, jafn við kú. Hross með sama aldri,⁷ heilt og lastalaust, fjórðungi verra en kýr. Hestur þrevetur jafn við hross. Hross þrevett tveir hlutir kúgildis. Tvævett hross og hestur tvevetur við kú. Þrjú veturgömul hross og einn hestur í við kú. Ef maður geldur eitt hross veturgamalt fyrir þriðjung kúgildis, þá skal fylgja eyrir, þetta skulu vera meðalhross. Stóðhestur og sé verði betri fyrir vígs sakir.⁸ Geldur hestur og sé verði betri fyrir reiðar sakir og fylhross í stóði, það er allt metfé. Sýr tvævetur og ellri með níu grísum við kú. Albreitt léreft þrjár álnar fyrir tvo aura. Enskt léreft tvíelnt, tvær álnar fyrir eyri. Mörk vax fyrir eyri. Skrúðklæði ný, skorin og óskorin, hafnarvaðmál ný og ónotin. Kattaskinn ný og lambaskinn,⁹ flatsmíði nýtt, vörusmíði nýtt,¹⁰ teint járn, eirkatlar nýir, það er allt metfé, og þó réttgoldnir lögaurar. Allt metfé skulu virða sex skynsamir menn, þrír af hvors hendi. Þrjár átta fjórðunga vættir gamalla sauða ullar við kú. Þrjár vættir mjölvægs matar við kú. Vætt veturgamalla sauða ullar og öld-

1 að fardögum: vantar í 343

2 Sjau lambskotur við kú: tekið eftir útgáfum og er á spássú í 350 með nokkru yngri hendi, en vantar í 343 og elstu handrit

3 og fæði lömb sín: vantar í 343

4 Sjau lambskotur við kú: tekið eftir útgáfum og er á spássú í 350 með nokkru yngri hendi, en vantar í 343 og elstu handrit

5 Tvævetur hafur jafn geit: vantar í 343

6 Tólf veturgamlir geitsauðir við kú, háft höðnur og algeldingar: 343 hefur Tveir veturgamlir geitsauðir við geit, háft höðnur og háft geldingar

7 Hross með sama aldri: 343 hefur Hross fjögurra vetra og eigi ellra en tíu vetra

8 vígs sakir: 343 bætir við hann er meifé

9 lambaskinn: 343 bætir við ný

10 flatsmíði nýtt, vörusmíði nýtt: 343 hefur allt járnsmíði nýtt

ungshúð þriðjungur kúgildis og bæti eyri á hvort.¹ Tvær kýrhúðir við öldungs-
húð. Rétt er ef snöggvar ær eru goldnar að láta fylgja vætt ullar² tuttugu ám.

7 *Hér segir hversu öreigi skal leysa sína skuld*

Ef öreigi á manni skuld að gjalda, sá er látið hefir peninga sína fyrir eldi eður skipsbrotum eður öðrum misfellum, sveri eineiði að hann skal lúka þá skuld þegar guð gefur honum efni til, ef eigandi heimtir, og hefir hann eigi áður við óskil kenndur verið. Nú krefur maður skuldar þann öreiga er eigi eru slík tilfelli er fyrr voru töld, varðveiti hann í gæslu og kveði þings, og láti fara lausan á þing fram og bjóði frændum hans að leysa hann undan skuld þeirri er hann á að lúka. En ef þeir vilja eigi leysa hann þá dæmi þingmenn að hann vinni af sér þar sem hann fær sér vinnu,³ þeim til skuldar er á. En ef hann hleypur brott, hafi refsing eftir lagadómi, nema skynsömum mönnum virðist meiri miskunnar vert og skipi þeir sem þeir vilja svara fyrir guði eftir atvikum. R.B.H.K. Um þá lausamenn sem óskil gera og skuldir eiga að gjalda, þá taki sýslumaður góss þeirra meður vitorði skilríkra bónda og lúki hverjum sína skuld ef til vinnst, ella missi hver maður sá er skuld átti að honum eftir því sem tala rennur til. Svo skal gera hver sýslumaður í sinni sýslu⁴ [1314, 18].

8 *Hér segir hversu skuld skal ná eftir dauðan mann*

Nú er sá dauður er skuldina átti að lúka, en hinn lifir er heimta á, þá kemst hann eigi til skuldar nema með vottum, því að engi skal eið sverja fyrir brjóst hins dauða. Erfingi skal þann eið sverja ef hann er fulltíða maður, ella fjárhaldsmaður hans löglicur, að eigi var sú skuld svo að hann vissi, þá sver hann fyrir sitt brjóst en eigi hins dauða. Nú stendur skuld tuttugu vetur eður lengur, þá fyrnist sú skuld fyrir vottum en hann má koma hinum til eiða ef hann vill, því að í salti liggur sök uns⁵ sækjendur duga. R.B.H.K.⁶ Engi maður skal nú ábyrgjast vitni um skuldalyktingar lengur en þrjú ár ef skuld er minni en sex hundruð. En ef skuld er meiri ábyrgist eigi lengur vitni en⁷ fimm ár [1314, 25].

1 á hvort: tekið eftir 343 en 350 hefur aðeins *hvort* en útgáfur *hvert*

2 vætt ullar: 343 hefur átta *jjórðunga vætt*

3 þar sem hann fær sér vinnu: 343 hefur þar sem hann fær vinnu *ef hann er vinnufær*

4 ella missi hver maður ... í sinni sýslu: 343 hefur aðeins *ella missi hver sem tala rennur til*

5 uns: 343 og útgáfur hafa *ef*

6 R.B.H.K.: vantar í 350

7 eigi lengur vitni en: vantar í 343

9 *Hér segir hverja jjársoðn utanhéraðsmaður skal hafa*

Nú kemur sá maður í hérað er þú¹ vill sótt hafa um eitthvert mál og á engan erfingja í því héraði og var eigi þar náttina helgu, þá skal hann spyrja hann að heimili sínu og ef hann nefnir heimili sitt þá skal stefna honum þannig.² Eigi skal hann segja að valdsmanns nema þar sé. En ef hann vill eigi segja, þá skal hinn lýsa undir votta og stefna honum hverjum³ í garð er hann vill, nema sjálfum sér,⁴ og sækja hann þar síðan. Þá er og rétt stefnt hverjum manni er stefnt er á kauprein þar er þeir keyptust við. Svo skal einhleypum manni heim stefna sem bónda þangað sem erfingi hans er innan héraðs, ella skal spyrja hann að heimili sínu, þar skal vera sem hann segir,⁵ nema hann segi að valdsmanns. Engi maður skal sök gefa á annars fé.

10 *Hér segir hversu umboð skal taka og mál sækja að lögum*

Nú skulu héraðssóknir standa um alþingi og sjau nætur fyrir og eftir og um langaföstu. Kristinsdómsrétt⁶ má jafnan sækja og ný verk þau er verða. Ekki má að sóknum gera á löghelgum dögum, nema stefna manni heim að eins og til lögmanns. Maður má stefna manni heimstefnu annars manns sem sjálfs síns ef hann hefir umboð til þess með vottum og svo til lögmanns. R.B.E.K.⁷ Eigi er umboð fullt að lögum nema með vottum og handsölum [1294, 24]. Sjálfur skal hver sína sókn sækja, frjáls maður og fulltíða, ef hann er innan lands. En ef hann hefir eigi kunnáttu til eður menning,⁸ þá sæki konungs umboðsmaður honum til handa og öðlist svo þá sekt sem við liggur að lögum, og ekki framar. Ef maður fer af landi í brott, þá skal sá halda fé hans um þrjá vetur er hann hefir um það boðið með vottum að halda skyldi, og sá skal hafa sókn og vörn fyrir hann. En ef hann er lengur í brottu en þrjá vetur, þá skal sá hafa sókn hans og fjárhald er arfi er næstur og eyða öngu af. En ef hinn kemur aftur, lúki honum slíkt er hann tók og vottar vitu að hann átti. Svo skal konu sækja sem karlmann ef hon er ein fyrir sér. En hon á kost að selja hverjum er hon vill sókn

1 þú: 343 hefur maður

2 þannig: 343 og útgáfur hafa þangað

3 hverjum: 343 og útgáfur hafa hvert

4 nema sjálfum sér: vantar í 343

5 sem hann segir: 343 bætir við innan héraðs og í 1580 er hönd á spássíu og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307

6 Kristindómsrétt: 343 hefur villuna Kristinn dóm

7 R.B.E.K.: 343 hefur villuna R.B.H.K.

8 menning: 343 hefur framkvæmd

sína og vörn. Eigi skal hon selja valdsmanni eður ofríkismanni þeim er við hana á.¹ Maður má sækja hennar sök² sem sína ef hon hefir honum lögligt umboð til þess fengið með vottum. Nú vill maður sækja annan mann um eitt-hvert mál, en honum hefir annar maður fyrr sókn á hendi, þá skal sá af láta fyrr er síðar tók til, því að eigi má hann tveimur senn svara nema það sé vælasókn við hinn gjör.³

11 *Hér segir um falskaup og lagakaup, hversu fara skal*

Hvervetna þar sem menn kaupa jarðir eður skiptast við húsum, skipum eða öðrum gripum, þá skal kaupa meður handsölum og meður vottum tveimur eður fleirum og með heimildartökum. En öll önnur kaup þá skulu haldast ef handsöluð eru og svo öll þau er vottar vitu, ef þeir menn kaupast við er kaupum sínum eigu að ráða, nema maður seli óheimilt eður sé fals í, þá skal það kaup aftur ganga en hinn hafi andvirði sitt. Ef maður selur gull eður brennt silfur, smíðað eður ósmíðað, það er skírt skal vera og fyrir skírt var selt, það skal skírt vera. Svo og ef maður selur hunang í tunnum eður vökkum, malt eður korn í pundum, mjöl í sekkum, smjör eður salt í laupum eður nökkurn þann hlut sem í belgjum eða böndum er, það skal jafngott utan sem innan, því að engi skal öðrum selja fox né flærð. En ef sá gerir fals í er seldi, bæti rétt sinn þeim er seldi⁴ en konungi þrettán merkur, nema meira eður minna virðist að lögum. En ef hann seldi slíkt er hann keypti og vissi þó að fals var í, og vildi þó eigi úr taka, gjaldi þeim mörk er keypti en konungi sex⁵ merkur. Svo og ef maður selur klæði, léreft eður vaðmál, og allt það er fals er í, svari slíku fyrir sem áður vottar sá er seldi, nema því aðeins að hann vissi eigi að fals var í og hafi fyrir sér séttareid. Síðan hafi hver fram sinn heimildarmann þar til er til prófs kemur og svari sá fyrir fals er að lögum á fyrir að svara. Það er allt fals er skynsamir menn meta til fals. En eigi skal það sýslumaður meta né hans umboðsmaður,⁶ því að þá má virða til ágirni. Nú eru kaup handsöluð og eru eigi vitni til, syni eineiði sá er seldi eður kaup haldist.

1 við hana á: 343 bætir við að kæra

2 sök: 343 og útgáfur hafa sókn

3 senn svara nema það sé vælasókn við hinn gjör: 343 hefur senn ansvör veita ef það er eigi vælasókn við þann gjör er síðar hefur sóknina

4 seldi: 343 og útgáfur hafa keypti

5 sex: 343 hefur fimm og í 1580 er hönd á spássú og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307

6 En eigi skal það sýslumaður meta né hans umboðsmaður: 343 hefur En eigi skal sýslumaður eða umboðsmaður konungs meta

12 *Hér segir fyrir hverjum kaupum innsigli skulu vera*

Öll þau skilorð sem menn gjöra í kvennagiftingum og svo ef menn kaupa jarðir, og fyrir hvert sex hundraða kaup eður meira, þá skal hvor tveggi gjöra bréf eftir kaupi sínu og skildaga, og nefna votta sína þá er við voru, stund og stað, og hafi fyrir lögmanns innsigli eður sýslumanns, eður nökkurra skilríkra manna er við voru kaup þeirra.¹ En ef eigi fær innsigli, gjöri cirographum, og beri það vitni kaupi þeirra ef eigi eru vottar til, hvort sem það dæmist fyrir lögmanni eður öðrum réttum dómara þess máls.

13 *Hér segir hversu menn skulu vitni bera*

Hvert mál það er vitnað verður undir mann og svo þó að eigi sé vitnað, hvort sem heldur hefir maður séð eður heyrt á, þá skal hann bera það vitni lögliga til kvaddur af réttaranum. En ef hann vill eigi bera, þá skal sakaráberi krefja hann þess vitnisburðar. En ef hann vill þá eigi bera heldur en áður, þá er hann sekur mörk, hálft konungi en hálft þeim er sækir. Svo skal hann og bera það vitni sem hann er eigi nefndur til, að hann skal bera viðurvist sína eftir því sem framast sá hann og heyrði. Síðan dæmi lögmaður eður dómsmenn hversu fullt² þeim þikkir það vitni. En sá er vitna þarf skal halda þeim kost allan.

14 *Hér segir hversu kaup má halda eður rjúfa*

Nú skulu haldast öll handsöluð mál þau er haldast eiga að lögum og lögbók mælir eigi í móti. Það má eigi haldast ef maður selur það öðrum er hann hefir áður öðrum selt. En ef sá hefir hönd að er síðar keypti, þá má hann halda³ skiladómi fyrir kaupi sínu til lögmanns úrskurðar. Nú á sá kaup að hafa er fyrri keypti ef honum fullnast vitni að skiladómi, þá er þeim kaupfox er síðar keypti, þá skal hann lýsa undir valinkunna menn. Það er kaupfox ef maður kaupir það er hinn átti ekki í er seldi, nema að þess ráði væri selt er átti. Nú skal hann hitta þann er honum seldi og heimta sitt af honum. En ef hann vill eigi honum í hönd selja, þá skal hann honum heim stefna og njóta votta sinna að hann lét að lögum laust, og krefi hann fjár síns og leggi honum rán við. En ef hann selur öðrum síðan, þá er hann sekur hálfri mörk við konung. Nú ef hann fær eigi hinum

1 er við voru kaup þeirra: 343 hefur þeirra er vissu kaup þeirra

2 fullt: 343 hefur fullkomið

3 má hann halda: 343 hefur á hann að halda

það sama kaup eður annað jafngott, þá gjaldi hann eyri af merkurkaupi hverju þeim er keypti, og þó eyri að kaup sé minna, og sé þeir þá sáttir. En sá er vís-
vitandi keypti það að annar hefir fyrr keypt, sekur eyri við konung fyrir merk-
urkaup hvert. Nú kaupir maður við útlægan mann, þá á konungur það fé er
hann keypti að honum, og þó sekur sex aurum við konung eður syni meður
lýritareíði að hann vissi eigi að hinn væri útlægur.

15 *Hér segir um lögleigu á kúgildum*

Nú af því að í þvísa landi þurfa margir menn við leigufé að hjálpast, því skal
engi selja dýrra¹ málnytukúgildi á leigu en tveimur fjórðungum smjör eður ala
fjögur lömb eftir kúgildi, og ábyrgist sem fúlgufé. R.B.E.K. En sex skynsamir
menn meti hvort sá er leigði hefir til fóður eður smjör. Og ef eigi er til, gjaldi
hann annan mat jafnvirðan ef hann þarf eigi úti til að kaupa,² ella leysi tólf ál-
num vaðmáls [1294, 10]. En sá er dýrra selur skal eigi meira hafa en lögleigu og
tvígildi það sem hann aukar lögleiguna. En geldfjárkúgildi eftir samkomulagi
er rétt að byggja tólf álnum vaðmáls. En af því að hver maður verður skyldur
að hjálpa jafnkristnum sér afarkostalaust, allra helst er þeir taka svo mikinn
ávöxt á sínu góssi, þá skulu allir skyldir að byggja sína málnytu á vor að þessi
leigu þeim er þurfa og skynsömum mönnum virðast óhættir skuldunautar, utan
slíkt sem hver vill hafa sjálfur að sínu búi.³

16 *Hér segir hversu leigufé skal ábyrgjast*

Nú selur maður kýr á leigu eður annað búfé, þá skal sá ábyrgjast við öllu er
hefir, nema við bráðasótt og lungnasótt, kelfing eður lambburð, aldri eður lýst-
ur reið, og þó að alla ábyrgð skili þeim á hendur er leigir, þá skal það eigi hald-
ast. En ef kýr eður kúgildi deyr fyrir fátækum manni, þá gjaldi hann á þrimur
árum verðið eftir því sem sex skynsamir menn meta, en öngva fémissu með.
Engi maður skal kú eður annað kvikfé leiga lengur en lifir, nema sjálfur hann

1 *engi selja dýrra*: 343 hefur engi dýrra byggja

2 *úti til að kaupa*: 343 hefur að öðrum að kaupa

3 *En af því að hver maður ... sjálfur að sínu búi*: vantar í 343 en bæði þar og í 350 og útgáfur
vantar síðan áhugaverða setningu sem sleppt var samkvæmt réttarbót 1294, 13, en er prentuð
hér eftir handritinu GKS 3271 4to með hliðsjón af útgáfunni 1904, sjá þar á bls. 225: *En engi
skal með dilkum fleira láta ganga en hina tíundu hverja á, en ef fleira hefir dillfé sekist eyri
við konung fyrir á hverja á tólf mánuðum, nema þeir er eigu tíundarvirt fimm hundruð eða
minna, þeim er rétt þó fleira sé. Rétt er að gimbrar sé með dilkum svo margar sem eigandi
vill.*

drepi, eður þeir menn er hann á að halda orði eða eiði fyrir, eður þeir menn er hann býður um.¹ Nú skal hann kú hafa² að leigumála réttum til fardaga að öðru vori,³ nema þeir hafi annan máldaga á gjörvan sín í milli þá er hann tók kú. Nú er sú kýr dauð en hann átti veð í annarri, þá skal hann þá hafa fyrir sína kú, því að kýr skal í kýrstað koma jafnan. En ef sú lifir er hann á, þá skal hann þá hafa þó að sú sé ellri en lagagjald. En ef lestir eru á orðnir þó að horn brotni eður hali slitni, þá skal hann þá löstu bæta eftir lögum. Nú vill hann kú eigi lengur leiga, þá skal hann hitta þann mann er kú á ef hann er innan héraðs og bjóða honum kú við votta. En ef hann er utan héraðs, þá skal hann færa kú heim og leiða menn til að sjá og meta kú að hon er heil og hinum tæk er á, og segi þá af sína ábyrgð og veiti vörð sem sínum nautum og þiggi nyt af, og hafi það fyrir gras og gæslu og ábyrgist við handvömmum sínum einum. Nú er sá af landi farinn er kú átti og hefir manni boðið um fjárhald sitt, þá á hann honum kú að bjóða ef hann er innan héraðs en erfingja ef eigi er umboðsmaður til, ef hann vill eigi lengur leigt hafa. Svo skal fara um annað leigufé sem um kýr skilur. Nú drepur maður viljahendi leigufé utan orlof þess er á, bæti hálfri mörk fyrir kúgildi hvert eftir rétttri tiltölu, hvort sem er meira eður minna, hafi það hálf konungur en hálf sá er leigufé átti og sæki sem vitafé, og hafi eigandi fullar leigur á því fé sem lifanda væri.

17 *Hér segir við hverja fúlgufé skal ábyrgjast*

Nú felur maður búfé sitt inni með manni að fúlgumála réttum, þá skal hann ábyrgjast við handvömmum sínum öllum. Það eru handvömm hans ef hann sveltir eða drepur, eður þeir menn sem hann skal orði eða eiði fyrir halda,⁴ og svo ef hans fjárhaldsmaður hittir eigi fyrr en önd⁵ er úr eður fellur fyrir berg og fylgir eigi féhirdir, en ef hann sýnir það fé áður húð er af flegin og fylgir höfuð,⁶ þá er það eigi handvömm hans. Það eru handvömm hans ef drukknar í brunni eður kyrkir klafi. En ef hes er í bandi og⁷ renni staur fyrir, það eru eigi handvömm hans. Það eru handvömm hans ef af megri verður dautt. Nú skal

1 eður þeir menn er hann á ... er hann býður um: vantar í 343

2 kú hafa: útgáfur bæta við eður kúgildi

3 til fardaga að öðru vori: 343 hefur til annarra fardaga hinna næstu

4 sem hann skal orði eða eiði fyrir halda: 343 hefur sem hann á að svara fyrir

5 önd: 343 hefur vindur

6 áður húð er af flegin og fylgir hcfuð: 343 hefur áður en hann hefir hcfuð cf skorið eða húð cf flegið og fylgir vindur

7 og: 343 og útgáfur hafa eða

hann fæða fé til krossmessu á vorið, þá skal hann hitta þann er fé á og bjóða honum að taka við fé sínu, og sýni honum að fært er að mat sér og segi af sína ábyrgð. Nú tekur maður hross á fúlgu eður bit, þá á hann að ábyrgjast við handvömmum sínum. En það eru handvömm hans að grannar hans virða til þess og vilja það með eiði sínum sanna, nema hann segi það þá er hann tók að hann vill að öngu ábyrgjast. Nú tekur maður naut á fóður og skal hann svo ábyrgjast sem fúlgunaut. Það skal maður eigi ábyrgjast þó að kýr fái eigi kálf ef hann hefir griðung með nautum sínum.

18 *Hér segir hvað löggild kýr er*

Nú hefir maður kú mælt á skuld sína þá er hvorki skerði verð né leigu, þá skal sú vera eigi ellri en átta vetra og eigi yngri en að öðrum kálfi, heil og heilspenuð, og hafi kelt um veturinn eftir Pálsmessu og slík að öðru sem fyrr segir. Nú kaupir maður að manni hross eður naut eður annað búfé, þá er þess ábyrgð á er keypt hefir þegar hann fer í brott með. Kvikfé allt það er maður selur öðrum,¹ þá skal engi svik selja né meður leynandi löstum. Það er leynandi löstur á hrossi ef það er dauft, blint,² kviðdrag, vanhelti, stjarft, statt. En á öðru kvikfé ef það drekkur sig sjálft. Sá skal sverja er seldi að hann vissi eigi leynandi löstu á eður hafa sjálfur ella ef hinn finnur á fyrsta mánaði.

19 *Hér segir ef maður kaupir ósénan grip*

Nú kaupir maður grip ósénan að manni, þá er þess ábyrgð á er seldi þar til að þeim kemur í hönd er keypti eður þeim er hann bauð um fyrir vottum við að taka, nema þeir skili öðruvíss fyrir vottum.

20 *Hér segir um þá gripi er eigi má skipta*

Alla þá gripi er menn eiga saman, hvort sem það er akur eða hús eður teigar, eður aðra hluti þá er skipti má á koma,³ þá skal sá skipti ráða er skipta vill, sem segir í eignarskiptum. En þar sem tveir menn eður fleiri eiga einn grip saman þann er eigi fær skipti á komið, svo að eigi verði skaði að, þann er annar vill

1 *er maður selur öðrum*: 343 hefur *er maður kaupir*

2 *löstur á hrossi ef það er dauft, blint*: tekið eftir 343 og útgáfum en 350 hefur *löstur á hrossi. Dauft, blint*

3 *má á koma*: útgáfur bæta við svo að ei verði skaði af

gagn af hafa, en annar órækir eður vill eigi gagn af hafa,¹ bjóði þeim fyrst er til móts á við hann. Nú vill sá eigi kaupa, þá hluti hvor kaupa skal og leysi sá er hlýtur sem skynsamir menn meta. Nú vilja þeir eigi leysa þá seli hverjum er hann vill og lúki þeim sinn hluta verðs. Vilja þeir eigi við taka, þá hafi að ósekju þar til er hinir heimta og ábyrgist sem sitt fé. Engi skal annars selja framar en í lögum er mælt.²

21 *Hér segir um ábyrgð á lánsfé*

Sá skal lán ábyrgjast er léð er og koma heilu heim. En ef hann vill það eigi, þá sæki sem vitafé. En það er allt vitafé er vottar vitu. Og svo allt það er dómur dæmir manni eður lögmaður segir á hendur manni meður löglegum lagaúrskurði að gjalda öðrum. Nú lér maður eður selur það er honum var léð og misfer með, þá skal eigandi heimta að hvorum sem hann vill, þeim er seldi eða hinum er keypti, og svo skal hvervetna þar sem maður selur eða lér annars eign.

22 *Hér segir um veðgrip*

Nú leggur maður öðrum manni veð fyrir einnhvern hlut, þá skal sá ábyrgjast veð er tekur. En ef þeir hafa gjört eindaga til nær út skal leysa, þá skal hann bjóða honum eður hans umboðsmanni í eindaga og hafa votta við. En ef sá leysir eigi út, gjöri hvort er hann vill að skynsamra manna virðingu, hafi sjálfur eður seli öðrum, hafi sá skuld sína er veð tók en hinn það sem að auk er. Nú er eigi eindagi á settur,³ leysi innan tólf mánaða eða fari sem fyrr skilur. Nú á maður fé að heimta að öðrum manni og tekur veð fjár síns í einshverjum grip, hvort sem það er í jörðu eður öðru fé, þá skal það veð virða. Nú selur maður veð í brott öðrum manni, þá skal sá hafa votta til veðs síns er veð átti og hafi leyst út á fyrstum tólf mánuðum ef hann er innan héraðs. En ef hann er utan héraðs, þá skal hann hafa leyst innan tólf mánaða er hann kemur í hérað, nema nauðsynjar banni þær sem í lögum eru taldar. Vitni skal hann hafa til þess að þær sé sannar, ella á hann þess máls aldri uppreist. Nú selur maður tveimur mönnum eitt veð, þá á sá veð að hafa er fyrri tók en hinum veðfox er síðar tók ef það vitu vottar.

1 en annar órækir eður vill eigi gagn af hafa: vantar í 343

2 Engi skal annars selja framar en í lögum er mælt: vantar í útgáfur en 343 hefur Engi skal framar selja annars eign en í lögum er mælt

3 á settur: 343 bætir við nær út skal leysa

23 *Hér segir um skuldskeytingar lögligar*

Nú heimtir maður skuld að manni ef hann er innan héraðs og skuldskeytir hann við annan mann, þá hefir hann lokið þeirri skuld sér af hendi ef þar eru vottar við að hinn tók þann skuldarstað, ef sá vill játa er lúka skal.¹ En eigi er hann skyldur að gjalda öðrum en þeim er fyrst átti fé að honum, nema hann sé utan héraðs eður eigandi hafi áður heimt í réttan gjalddaga og fengið eigi, þá á sá er síðar tók þá skuld að kaupi eður gjöf og er réttur heimtandi þess fjár og eignarmaður ef hann hefir lögleg vitni til að hann heimilaði honum það fé, og er hinn þá við skildur. R.B.E.K. Með handsölum skal jarðir byggja og² í borgan ganga [1294, 1]. Svo og ef maður fær manni löglegt umboð til að heimta fé sitt svo til komið sem fyrr segir, þá skal gjaldandi umboðsmanni svara og lúka það fé, en eigi eiganda, nema hann hafi með vitnum sjálfur aftur tekið af honum það umboð.

24 *Hér segir hverjum kaupum konur eiga að ráða*

Ómagi má engum kaupum ráða. Það skal og vita hversu miklum kaupum konur megu³ ráða. Bóndakona eyris kaupi á tólf mánuðum. Riddarakona tveggja aura kaupi. Lends manns kona hálftrar merkur kaupi nema bóndi hennar sendi hana til skipa⁴ að kaupa þeim báðum þarfindi, þá skulu haldast kaup hennar öll ófölsuð og það allt er hon þarf í bú að kaupa ef bóndi hennar er í brottu, hvort sem hann er innan lands eður utan. En jarðir skal hon öngvar selja. En ef kona kaupir annan veg, þá skal hann rjúfa á fyrsta mánaði forfallalaust er hann kemur heim og hann veit, ef honum þikkir hon ofkeypt hafa, ella á hann þess máls aldri uppreist.

25 *Hér segir um verkmannakaup*

Nú kaupir maður verk að frjálsum manni með handsölum, þá skal það allt haldast sem þeir verða ásáttir. En ef bóndi vill eigi halda mála⁵ við leigumann sinn og vísar honum úr vist, þá skal hann krefja meður votta vistar sinnar og bjóða verk sín slík sem þeir urðu ásáttir. En ef bóndi vill eigi við honum taka, þá er hann sekur hálfri mörk við konung. En hinn skal hafa kaup sitt og matarverð

1 *ef sá vill játa er lúka skal*: útgáfur hafa *ef sá vill játa að gjalda er lúka skal* en 343 og *sá játaði að gjalda er lúka skal*

2 *jarðir byggja og*: vantar í 343

3 *megu*: 343 hefur *eiga að*

4 *til skipa*: 343 bætir við *eða í kaupstefnur*

5 *mála*: vantar í 350

það sem óneytt er. Ef leigumaður vill eigi halda kaup sitt og mála við bónda, þá skal bóndi krefja hann verka slíkra sem hann handsalaði honum og bjóða honum vist með vottum. En ef hann vill það eigi, þá er vinnumaður sekur hálfri mörk við konung og á þó bóndi að heimta að honum slíkt sem hann skyldi reida honum, en matarverð fær hann ekki því að hinn hafnaði því sjálfur. Nú tekur leigumaður á hönd sér eins manns verk og getur eigi unnið, þá skulu sex menn meta hvert leigufall það skal honum verða. Ef maður tekur vísvitandi annars vinnumann, sekur hálfri mörk við konung. R.B.E.K. Ef verkmaður liggur sjúkur þrimur náttum lengur um heyannir, en hálfan mánað utan heyanna, og meti skynsamir menn hvert leigufall það er [1294, 12], nema hann hafi ákvæðisverk, þá gelst eigi leiga fyrir það er óunnið er. En bóndi skal halda honum kost sem áður er skilt. En ef maður liggur lengur, þá skulu skynsamir menn meta verkatjón hans og mat þann er hann neytir, ella færi á hendur frændum.¹ Eigi er lagakaup við verkmenn nema með vitnum og handsölum.

26 *Hér segir um stikur og mælikeruld*

Svo er mælt að menn skulu eigi hafa ranga stiku, pundara né mælikeruld. En sá er réttur pundari er tuttugu merkur sé í fjórðung hvern og megi á vega tvær níu fjórðunga vættir, en eigi meira, og rísi að fjórðungi. Sá er annar pundari² er rísa skal að hálfri mörk og eigi meira á vega en hálfan annan fjórðung, það skal vera tungupundari. Stika skal sú vera að tvær álnar geri stiku, sem verið hefir að fornu. En þessi skulu vera mælikeruld til búnytjar og til þeirra hluta sem í keruldum skal mæla. Er það fyrst búskjóla er í liggur hálfur annar fjórðungur, það er fjórðungur er gerir að vog tuttugu merkur rúgar og hrista tysvar í keraldí og draga tré yfir. Kvenaskar eru fjórir í fjórðungi, hálfur annar kvenaskur í karlaski, skulu þessir pundarar og mælikeruld³ liggja á Þingvelli undir lögmanns lási, skal þar eftir hver sýslumaður rétta sína pundara og stikur og mælikeruld. En bændur í hvers þeirra sýslu marki eftir þeirra pundurum, stikum og mælikeruldum.⁴ En hver sem eitthvert í þessarri grein hefir rangt, sekist mörk

1 Hér strax á eftir setja 350, 343 og útgáfur R.B.E.K. sem ekki stenst miðað við textann sem fylgir, en gæti tengst því að í framhaldi af þessum kafla er tveimur köflum sleppt til samræmis við réttarbót 1294, 31 og 14, öðrum um tveggja missera vinnumenn og hinum um fimm hundraða eign sem skilyrði til búskapar; sjá *Jónsbók* 1904, bls. 232-234.

2 annar pundari: 343 bætir við er heitir handpundari

3 pundarar og mælikeruld: útgáfur hafa pundarar, stikur og mælikeröld

4 En bændur í hvers þeirra sýslu marki eftir þeirra pundurum, stikum og mælikeruldum: tekið eftir 343 en vantar í 350 og útgáfur hafa En bændur eftir þeirra pundurum, stikum og mælikeröldum í hvers sýslu

við konung ef hann veit það¹ og hafi hann mátt eftir sýslumannspundara marka eður stiku.² En eigi eru allir bændur skyldir mælikeruld að eiga. R.B.H.K. Björgynjaraskur mótmarkaður skal ganga hér til lýsis og hunangs, og sá sem lögmaður lætur þar eftir gera. En hver sem í röngum aski mælir, svari fullri sekt sem lögbók vottar, en hinum fyrir skaða sinn er síns missti rangliga [1314, 22]. R.B.H.K. Einar vogir og ein mælikeruld skulu ganga um allt land [1305, 10]. R.B.H.K. Ef maður verður sannprófaður að því að hann stikar rangt³ með réttri stiku eður vegur rangt með réttum vogum eða mælir rangt með réttum mælikeruldum og verður það eyris skaði, svari slíku fyrir sem hann hefði stolið jafnmiklu [1314, 22].

1 *ef hann veit það*: vantar í 350

2 *eður stiku*: vantar í 343

3 *stikar rangt*: 343 bætir við *viðjandi*

Hér hefur upp hinn tólfta hlut lögbókar er heitir farmannalög

1 Sú ein er lögleg fartekja en engi önnur að í hönd skal taka stýrimanni eður hans löglegum umboðsmanni og nefna vitni við, tvau eður fleiri, og segi sá til áhafnar sinnar er fari tekur en hinn til leigu er skip byggir. En ef þá skilur á um kaupmála, hafi sá sitt mál er vitni fylgir og þeir sverja svo: Vær heyrdum orð ykkur og voru þið þá sáttir og samkaupa um fartekju, svo um lest og leigu, þá er það vitni löglega borið og að fullu far tekið eftir farmannalögum réttum.

2 *Hér segir hversu lekt skip skal fært í kaupfarar*

Skip það er ausa þarf þryggar á tveimur dægum er talt fært í allar farar, nema hásetar vili hlíta lekara skipi. En ef stýrimenn láta ausa skip um nætur á laun¹ fyrir hásetum, þá heyrir það til svika við þá og eiga stýrimenn að bæta þann skaða allan er af því gerist, hvort er það er um fé manna eður fjör eður hvort tveggja, því að það fals á hver að bæta er sjálfur gjörði. Nú er farmur á skip kominn, föt og matur og drykkur. Hann skal eigi minni en tveir menn hafi þrjá bjórverpla með vatn og allt annað það sem til er ætlað. Og ef þá sýnist hásetum sem skip sé ofhlaðið undir þeim en stýrimenn kalla mundanghlaðið² vera, þá skulu þeir nefna tvo stýrimenn af öðrum skipum ef til eru. Og ef þeir vilja því til guðs skjóta að þeir vildu fara á svo hlöðnu skipi jafnlanga leið, þá eiga hásetar eigi að vanda um þá hlöðslu fyrir stýrimanni og fari þá við svo búið. En ef stýrimönnum af öðrum skipum þíkkir ofhlaðið skip, þá skulu stýrimenn af bera alla sína vöru aðra en þá er þeir höfðu ætlað sér til reiðakaups, því að skip er hvergi fært ef reiða skortir. En ef skip er þá enn ofhlaðið, þá skal sá fyrst af ganga og af bera er efst tók fari og hver að öðrum sem tekið hefir til þess er þeim þíkkir mundangliga skip hlaðið³ er þessu máli skulu skipta og til voru nefndir. En ef stýrimenn af öðrum skipum eru eigi svo nær að þeir megi til

1 á laun: vantar í 350

2 mundanghlaðið: 343 hefur mundanga hlaðið

3 mundangliga skip hlaðið: 343 hefur mundanga hlaðið vera

koma, þá skal bændur til nefna þá er næstir búa og helst hafa vit til, og vanir eru í kaupferðum, að skýra þetta mál eftir því sem fyrr segir. En hverjum manni er af skipi gengur með föt sín og fé, þá eru stýrimenn skyldir að fá þeim föruneyti jafngott til þess lands sem þeir höfðu sig til ætlað. En ef það fæst eigi, þá greiði stýrimenn þeim slíkt fé sem þeir skyldu taka af þeim ef þeir færi þannig¹ sem þeir höfðu sér fari tekið, og gjaldi aftur leigu slíka alla sem hinir höfðu áður af hendi greitt.

3 *Hér segir um skipdráttu*

Þá er stýrimenn vilja skip sitt fram setja eður upp, þá skal hann skera boð upp sjau náttum fyrir og svo víða bera láta² sem hann þíkkist þurfa. En hver sá bóndi er það boð kemur til er skyldur til að fara og húskarlar hans nema sauðamaður. En hver er eigi kemur forfallalaust er sekur tveimur aurum við konung. En ef bóndi dvelur húskarl sinn frá þessi ferð, þá svari hann þeirri sekt er við liggur. En griðmenn skulu sjálfir fá sér eyki ef þeir hafa til. En ef þeir eiga eigi til, þá skulu bændur fá þeim eyki ef þeir eiga til. Eigi eru bændur skyldir að fá griðmönnum eyki fyrr en sex vikur eru af sumri og eigi síðar en fjórar vikur lifa sumars. En þegar boð kemur, þá eru allir skyldir að fara. Ef skip er í öræfi komið þar sem³ firðir eru fyrir eður sund, þá er bóndi skyldur að fá þeim skip ef hann hefir til, enda eru þeir skyldir að fara þó að stýrimaður fái þeim skip. Eru og stýrimenn skyldir að ala þá menn í tvau mál er eigi megu fara tvívegis heim frá skipdrætti eður heim að kveldi.⁴ Stýrimenn eigu að gjöra hróf ef þeir vilja, svo og að skjóta hlunni og festar til að fá og um skip að búa að öllu með háseta fulltingi.⁵ Stýrimenn eigu og að ferja þá menn heim er fara eigu yfir fjörðu eður ár ófærar,⁶ ella eru þeir sekir hálfri mörk hver, hálf konungi en hálf þeim er til skipdráttar voru kvaddir og fars misstu,⁷ og hafi þó skip að ósekju og ábyrgist að öngu, þá skulu menn á festum taka er stýrimaður vill og leiti við þrysvar af öllu aflí. Og ef þá gengur eigi skip upp eður út þá eru þeir

1 *þannig*: 343 og útgáfur hafa *þangað*

2 *bera láta*: vantar í 343

3 *þar sem*: vantar í 350

4 *frá skipdrætti eður heim að kveldi*: vantar í 343

5 *Stýrimenn eigu að gjöra hróf ... með háseta fulltingi*: 343 hefur Stýrimenn eiga að skjóta hrófi og hlunn til að fá og festar og um að búa að öllu við háseta fullting

6 *Stýrimenn eigu og að ferja þá menn heim er fara eigu yfir fjörðu eður ár ófærar*: 343 hefur Stýrimenn eiga að fá þeim skip er fara eiga yfir ár ófærar og svo aftur

7 *og fars misstu*: vantar í 343 og útgáfur

allir ósekir er þar eru við þó að ekki gjöri þar meira að. Og sé menn til kvaddir í öðru sinni ef þarf. En þeirra ábyrgð er á skipi sem heima sátu lögliga til kvaddir og þó sekir sem fyrr vottar.

4 *Hér segir um skipleigur*

Á þeim degi er stýrimaður vill út leggja þá skulu allir skiparar til koma forfallalaust. En það eru forföll sem lög votta. En þegar þar kemur skutstafn sem áður var framstafn og horfir skip á leið, þá á stýrimaður skipleigur allar nema hann vili betur gjört hafa, hvað sem af skipi verður síðan, nema þau skip setist hér upp sem til Noregs ætla, þá skulu þeir bíða byrjar til Maríumessu síðarri, því að héðan skal eigi síðar sigla. Nú þó að skip setist þá upp, þá skal öllum víst far að vori þeim er tekið hafa fyrir þá leigu er þeir greiddu fyrra sumarið. Deyja og nökkurir þeir sem sér hafa fari tekið eða fara eigi, þá eignast stýrimaður þá leigu alla er þeir skyldu hið fyrra sumarið greitt hafa. Engi íslenskur maður skal héðan fara með minna fé en hann hafi til tíu¹ hundraða, sekur mörk við konung sá er við þeim tekur en annarri mörk sá er fari tók, nema hann þjóni eða fari til skóla eða fari fyrir nökkura nauðsyn, þá er rétt að flytja þó að alllítið fé hafi.

5 *Hér segir hver uppsát skipa skulu vera*

Par skulu menn til hafna halda sem skipauppsát eru fyrir ef þeir megu komast. Par eiga þeir að grafa fyrir hlunni og gera hróf og hlaða vegg fyrir skip sitt, vatns að neyta og haga, og svo þeir menn er þangað koma til kaupa við þá, nema þeir sé lengur en þrjár nætur þar með eyki sína, þá bæti landnámi þeir er til kaupa koma. Öngvan toll skulu kaupmenn greiða fyrir þetta.

6 *Hér segir um sekt stýrimanns ef hann villir fartekju*

Ef menn taka sér fari af stýrimanni og segir hann sitt hverjum hvert hann vill farið hafa. Nú þar sem leið skilur og vill hver þannig² fara sem sér tók fari og hefst upp þræta með þeim, þá skulu þeir sitt mál hafa er fleiri eru þó að einum auki. En stýrimaður skal öngu um ráða. En ef hvorir verða jafnmargir, þá skulu þeir bera hluti í skaut og hluta, og skulu þeir ráða er hlutur fylgir. Nú vilja þeir

1 tíu: tekið eftir 343 og útgáfum, sem fylgja elstu handritum, en 350 hefur *fimm*

2 þannig: 343 og útgáfur hafa þangað

af skipi ganga er lygi var fyrir borin og lausungarorð, þá skal stýrimaður gjalda mörk hverjum þeirra er af gengur skipi og skipleigur þær umfram er hann tók af þeim. En hinum sem eftir eru á skipi skal hann fá svo marga menn að þeir sé vel liðfærir og halda þá með sínum kosti þangað til kaupstaðar sem þeir hafa sér fari tekið.

7 *Hér segir um áhæfn stýrimanna*

Einn skal vera stýrimaður á skipi hverju, nema á Íslandsförum, þar mega fleiri vera. Stýrimaður skal þriðjungi meiri lest hafa en hásetar og þó ekki meira upp leggja en hásetar, fyrir því að hann á þriðjung að hafa til reiðakaups sér ef hann þarf. Það eiga allir hásetar að flytja. Því skal hlaða í klofarúmi.¹ Stýrimaður skal leiðsögumann til fá en allir túlk. Allar lestir skulu jafnstórar vera að fullu fari, nema sumum hásetum sé skild meiri lest en sumum minni. Svo skal hver maður hafa margra punda þunga í lest sína og svo mikla vöru sem hann hefir sér fari undir tekið og leigu fyrir fest. Hver maður skal húðir fá yfir vöru sína svo að jafnmargir sekkir skulu vera undir jafnmikilli húð.

8 *Hér segir um skipanarræf háseta*

Ef háseti rýfur skipan undir stýrimanni og verður hann að því vitnissannur. Rýfur hann innan lands, þá er hann sekur mörk við stýrimann fyrir lest hverja er hann ber af. En ef hann rýfur skipan undir stýrimanni í Danmörk eða í Gautlandi eða Svíþjóð, gjaldi tvær merkur, aðra konungi en aðra stýrimanni fyrir lest hverja er af berst. En ef maður rýfur skipan í Gotlandi eður Smálandi eða sunnar á Saxlandi, sekur fjórum mörkum, hálf konungi en hálf stýrimanni. Rýfur hann skipan í Englandi eður Skotlandi, Orkneyjum eður Dyflinni, Færeyjum eður Hjaltlandi,² gjaldi átta merkur, hálf konungi en hálf stýrimanni. Nú rýfur maður skipan á Grænlandi eða hér á Íslandi sjá er útlenskur er eður austur í Görðum, sekur átta örtögum og þrettán mörkum silfurs,³ hálf konungi en hálf stýrimanni. Nú heitir þegar skipan rofin er skipari kemur eigi til skips með varning sinn í þær stefnur er aðrir skiparar koma og stýrimaður gjörir ráð

1 í klcfarúmi: í útgáfum fylgir við siglu

2 En ef maður rýfur skipan í Gotlandi ... Færeyjum eður Hjaltlandi: 343 hefur Ef hann rýfur í Gotlandi eða Samlandi, sekur fjórum mörkum, hálf konungi en hálf stýrimanni. Ef maður rýfur skipan á Englandi, í Orkneyjum, Færeyjum eða Hjaltlandi

3 silfurs: vantar í 350

fyrir,¹ og hafa slík lög öll í heimferð sem þeir höfðu í heimanferð og skip í allra þeirra ábyrgð² þar til sem upp er sett, nema stýrimaður vili betur gjört hafa.

9 *Hér segir hversu lengi bíða skal háseta og stýrimanns*

Nú kemur byr á, þá skulu hásetar bíða stýrimanns síns um þrjú sjóvarföll en síðan megu þeir fara hvert er þeir vilja að ósekju. Nú kemur byr á og er háseti genginn frá skipi utan leyfi stýrimanns og háseta, þá skulu þeir bíða hans tvau sjóvarföll, þá megu þeir fara að ósekju. Nú gengur háseti frá skipi og kemur byr á, þá skulu þrír menn ganga á land upp og skal einn þeirra standa við bryggjusporð og annar upp frá honum en hinn þriði lengst upp, svo að hver megi heyra annars kall og æpi þrysvar sinnum, og gangi síðan til skips. En ef hann kemur þá eigi, þá mega þeir fara að ósekju ef hann er á kristnu landi staddur. En ef hann er á heiðnu landi, þá skal bíða hans tvau sjóvarföll³ ef þeim er óhætt fyrir heiðnum mönnum. Nú stendur maður eftir í byggðri ey, þá skulu þeir leiga honum far til meginlands með fé hans. En ef hann stendur eftir í óbyggðri eyju, þá skal leggja honum upp sjau⁴ náttu vist og eldfæri, bát og bolexi og hversdagsskikkju. Nú stendur maður eftir en mötunautar hans bjóða mann á lest hans og hafa við það votta. En stýrimaður og hásetar kveðast eigi þurfa, þá frjálssar það fé hans við stýrimann og háseta, hvað sem í hvergu gjörist. Nú koma hermenn að þeim og kemur eitthvert hervopn innanborðs af ófriði og verða menn sárir eður drepnir, og hafa þeir eigi boðið mann á lest hans er eftir stóð, þá hefir hann fyrirgjört hverjum peningi fjár síns þeim er hann átti þar í skipi. Nú fara menn frá skipi með ráði stýrimanns og háseta og kemur ófriður að þeim, þá hafi þó fé sitt þeir er fjarri voru staddir ef hinir fá varið er á skipi voru.

10 *Hér segir hversu kasta skal ef menn hitta í storma*

Ef menn hitta í storma eður volk eða þann vanda að þeir þurfa að létta skip sitt, þá skal öllum yfirburð fyrst kasta. En ef meira þarf fyrir borð að kasta, þá skal því fyrst kasta er þungast er og féminnst, hver sem þann varning á ef honum má ná, og skulu allir þeir sem innanborðs eru gjalda þeim verð fyrir er átti, svo mikið sem þeir mætti fyrir fá í þeim kaupstað er þá koma þeir til, svo að allra

1 ráð fyrir: vantar í 350 og 343

2 ábyrgð: 343 bætir við um flutning

3 Hér er hönd á spássíu 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 307.

4 sjau: 343 hefur fim

þeirra skaði verði jafnmikill að jöfnu fé, því að eftir fjármegni skal fé kasta en eigi eftir mannmergð eður lestatali. En ef þeir koma meður heilum búlka til kaupstaðar og hafa öngu kastað, þá skal svo yfirburð skipta að jafnt skulu allir af hafa, jafnt stýrimenn sem aðrir hásetar, nema þeir skulu meiri skipleigu¹ hafa fyrir þá lest en fyrir aðrar þær er þeim voru vegnar út í skip, svo margar sem þær verða. En það er yfirburður er þá liggur eftir er hver hefir vegið sína lest fulla.

11 *Hér segir sektir þeirra er eigi vilja skipi fylgja eftir*

Ef menn hitta í volk eður þann vanda að þeir lesta skip sitt svo mjög að farm þarf af að bera, og er þó bætanda, þá skulu allir hásetar bíða hálfan mánað virka daga. En ef nökkurir skiljast fyrri við skip en nú er skilt, fyrir utan ráð og leyfi stýrimanns, þá eru þeir sekir þrettán mörkum við konung og stýrimenn er fyrst rjúfa skipan.² En hver hinna mörk er síðan gengur af, þar til er þeir eru svo fámennir að skip er ófært eftir fyrir liðleysis sakir. En þeir eru ekki sekir er síðar ganga af. En ef skip brýtur í spón og eru menn á friðlandi, þá skilist menn eigi fyrri við en reida er borgið þeim er þá má ná og svo skiphræi.

12 *Hér segir sektir þeirra er eigi vilja bjarga skipbrotsmönnum*

Hvervetna þar sem menn brjóta skip sitt og þikkjast eigi sjálfir fá borgið sér, þá skeri þeir boð upp þeim er næstir búa, svo mörgum sem þeir þikkjast þurfa með eykjum sínum þeim er því megu við koma. Þeir skulu hafa sex aura³ fyrir lest hverja er þeir vinna upp og kost til fæðu sér umfram. Þeir eiga og að bjarga skipi og reida fyrir jafnaðarleigu. En hver er eigi kemur eftir boði forfallalaust er sekur sex aurum, hálfu konungi en hálfu skipbrotsmönnum.

13 *Hér segir um fartekju ef háseti byggir sitt far*

Ef maður leigir eins punds far að háseta og byggir hann að lögum, og æ meðan hann á eins punds rúm innanborðs, þá á sá það er leigði. En ef maður leigir tveggja punda far að háseta og svo þó að fleiri sé, þá á hann slíkt að hafa⁴ sem hann keypti af hinum, hvort sem það er far hans eða færing eður annað fé, það

1 *meiri skipleigu*: 343 hefur háfu meiri leigu

2 *er fyrst rjúfa skipan*: vantar í 343

3 *sex aura*: útgáfur hafa sjö aura

4 *að hafa*: 343 bætir við *ef hverju pundi*

er sá á er seldi, æ meðan sá á til.¹ En ef háseti vill eigi fara þar sem hann tók sér fari og hefir ekki áður á skip borið, þá skal hann greiða stýrimanni² slíka leigu sem hann festi honum og færi þangað sem hann hafði fari tekið. En ef stýrimaður rýfur skipan undir háseta, þá svari hann slíku fyrir við háseta sem háseti ætti við stýrimann ef hann hefði slíkt við hann rofið. Nú tekur maður sér fari og ber áhöfn sína á skip, og ber þær nauðsynjar til að honum er sýnn fjárskaði í ef hann fer, þá fái hann stýrimanni annan háseta jafngóðan í stað sinn og jafnmikla lest og leigu. En ef hann fær öngvan, þá fari hann sjálfur eður svari slíku fyrir sem fyrr segir, nema stýrimaður lofi honum.³

14 *Hér segir hversu menn skulu sættast þeir sem í kaupferðum berjast*

Ef menn berjast í kaupferðum⁴ og sættast þar eftir ráði stýrimanns og háseta, þá á hvorgi að rjúfa þá sætt, en Noregs konungur á sekt þá sem við liggur og sækir sá konungs umboðsmaður sem þar hefir lén, er þeir rjúfa búlka sinn og bera af skipi. En ef Noregs konungs menn berjast eður gjöra önnur þau verk⁵ er sekt liggur við í Danmörk eða í öðrum löndum, og bæta þeir þeim konungs umboðsmönnum er þar hafa lén yfir, þá eru þeir ósekir við Noregs konung er þeir koma heim, ef þeir hafa til þess tveggja manna vitni að þeir bættu þar slíkt er þeir brutu, ef þeir hafa við útlenskan mann átt. En ef Norðmenn berjast sín í milli, bæti Noregs konungi friðbrot er þeir koma heim, því að á hans þegni var unnið, og sjái því meir viður sundurþykki síðan sín í milli.

15 *Hér segir um hafnarrán, hversu fara skal*

Sá á höfn er rær, en hinn lægi er fyrstur kemur landfestum um festarhæl. Ef maður rænir mann höfn, þá sekist hver þeirra mörk er á því skipi er, jafnt stýrimaður sem hásetar, þá sekt á hálfa konungur en hálfa þeir er hafnarrán var veitt, og skipti að mannmergð. Það heitir hafnarrán er maður höggur eður leysir festar manns eður bægir þeim úr lægi er áður lágu fyrir. Nú eru margir menn á skipi saman þeir er síðar koma og búa eigi allir um eitt lyndi, og segja sumir

1 hvort sem það er far hans eða færing eður annað fé, það er sá á er seldi, æ meðan sá á til: vantar í 343 og elstu handrit

2 stýrimanni: tekið eftir 343 og útgáfum, en í 350 er fyrst skrifað *h^m* (honum) í lok línu en *yri m'* (ýrimanni) í byrjun þeirrar næstu

3 eður svari slíku fyrir sem fyrr segir, nema stýrimaður lofi honum: 343 hefur *nema stýrimaður lofi honum afgöngu*

4 kaupferðum: 343 hefur *kauf.förum*

5 verk: 343 hefur *óknytti*

svo að eigi mundi að róði ef þeir réði, þá syni með einseiði vilja síns hver þeirra og sé þá saklausir. En ef þeir vilja eigi gjalda er hafnarrán veittu þá sekt er við liggur, sæki sem vitafé, þar sem þeir rjúfa búlka sinn til uppskipanar.

16 *Hér greinir hvað hafnarrán er*

Það heitir hafnarrán ef menn sigla í akkerislægi í höfn og sigla aðrir eftir svo nær að eigi er skipi hinna svifrúm.¹ Nú tala þeir um er fyrri komu til hafnar og biðja hina brott leggja er síðar komu, svo að skip þeirra hafi svifrúm² og eigi liggi skip á strengjum þeirra. Nú vilja þeir eigi í brott leggja, þá er það hafnarrán, svo og ef skip brýtur undir þeim, þá liggur hér við þetta hafnarrán slíkt sem hið fyrra. Ef þeir brjóta skip undir mönnum er síðar koma, hvort er þeir brjóta í akkerissæti³ eður landfestum eða gjöra reiðaspell, þá skulu þeir bæta sem vert er og öfundarbót með eftir lagadómi. Ef maður höggur skýlihögg á hafskip manns og hvatki sem hann meiðir að skipinu eða reiða eður viðum, bæti spell sem vert er og öfundarbót með eftir lagadómi. En ef þeir vilja eigi bæta, þá liggur hin sama sök við sem áður var nefnd.

17 *Hér segir sekt þess er bát tekur utan orlof*

Nú skal stýrimaður báti ráða og ef þeir liggja um akkeri, þá skal hann láta flytja háseta til lands eitt sinn um dag og út aftur, en matsveina prysvar, eitt sinn að taka⁴ vatn en tysvar að matbúa. Sá skal bát festa er síðast gengur úr báti. En bátfestur skal taka fram að búlkabrún þá er bátur er heimtur að skipi. Nú ef brestur úr borði eður barði eður brestur röng eður viðjar slitna eður bátfestur, þá ábyrgist stýrimaður sjálfur bát sinn og fái hásetum annan bát, ella ábyrgist allt það er á skipi er, ef nökkuð kann að bresta fyrir bátleysis sakir. En ef knútur losnar, gjaldi sá bát er þann knút knýtti ef eigi kemur aftur eður fái annan bát. En ef hann vill eigi ábyrgjast bát, þá sæki stýrimaður sem vitafé. En ef nökkur tekur bát að óvilja stýrimanns, þá lýsi hann ráni undir tvo votta á hendur honum, þá er hann sekur hálfri mörk við stýrimann. En ef hann tekur bát leyfislaust og rær í brott svo langt að leita þarf, þá er hann sekur mörk við stýri-

1 að eigi er skipi hinna svifrúm: 343 hefur að eigi er sveiðirúm

2 svifrúm: 343 hefur sveifingarrúm

3 akkerissæti: 343 hefur akkerislægi

4 Hér vantar blað í 343 og lýkur bl. 81v á eitt sinn að ta en bl. 82r hefst á akkeri og er hvorki strengur né hnakkmiði, sjá bls. 234.

mann og færi jafngóðan aftur bát sem hann tók. En ef nökkuð grandar skipi¹ fyrir bátleysis sakir meðan bátur er í brottu, þá er hann sekur þrettán mörkum, hálftr konungi en hálftr stýrimanni, ef í spán brýtur, og bæti skaða allan eftir því sem menn meta. En ef skip er bætanda, þá láti sá bæta er báti röri í brott og gjaldi sex merkur, hálftr konungi en hálftr stýrimanni.² En fyrir mann hvern er týnist fyrir bátleysis sakir, gjaldi sá er báti röri í brott slíkt þegngildi og slíkar bætur sem konungs umboðsmaður leggur til með bestu manna ráði.

18 *Hér segir um þrábeiting,* *hversu fara skal*

Ef menn sigla með landi fram í samfloti, þá skulu þeir vægja er ytri sigla svo að eigi bægi hinum að landi er nærri sigla. Ef menn beita þrábeiting og sigla hinir á veður þeim og bægja þeim að bergi eður boða eða nesi, og lestist skip þeirra fyrir þá sök eða brýtur í spán, bæti hann spell er hinum bægði af leið að landi eftir því sem sex skynsamir menn meta og öfundarbót með eftir lagadómi. En ef menn beita þrábeiting og ber þá að boðum er á hlé sigla, og vilja þeir heldur á þá sigla en í boða brjóta. Nú ef skip þeirra brotnar eður reiði slitnar er á veður sigldu og eigi vildu vægja, þá koma þar öngvar bætur fyrir, því að hinum var ærin nauðsyn til. Nú sigla menn til mjóra sunda með miklu samfloti, þá skulu þeir sigling minnka er síðar sigla, þar hver sem staddur er, svo að öngum verði farartálmi að. Minnka skal sigling meður hálsan og heflaskurð, heldur skal niður leggja en á aðra sigla.

19 *Hér segir ef menn sigla* *eða róa á menn*

Ef menn sigla á aðra nauðsynjalaust, hvort sem þeir sigla til hafna eður með hafi eða með landi, og gera þeim mönnum spellvirki, í hverju sem það verður, þá bæti sem sex skynsamir menn meta, nema menn rói fyrir barð þeim. En ef maður siglir upp á mann og brýtur skip hans svo að eigi er bætanda, bæti skip sem menn meta og svo farm allan þann sem á er, og öfundarbót með eftir lagadómi, hverjum sem skaði var gjör og á var ef hann braut að vild sinni. En ef voðaverk verður, þá sanni með eineiði og falli þá niður öfundarbót. Engi maður skal á annan róa heldur en sigla eður það gjöra sem öðrum er skaði að. En ef hann rær þá liggur hin sama sekt við og áður var sögð.

1 *grandar skipi*: útgáfur bæta við eða mönnum

2 *ef í spán brýtur ... hálftr konungi en hálftr stýrimanni*: vantar í útgáfur en er tekið með sem orðamunur aftanmáls í 1580, sjá hér á bls. 307, og hafðar *fimm merkur* en ekki *sex*

20 *Hér segir hver lægi á eður hífín í bryggjulægi*

Nú leggur maður úr lægi og fer örinda sinna og lætur bryggju eftir liggja, þá á sá lægi þegar hann kemur til er bryggju lét eftir liggja. Ef menn leggja samflot sitt saman að farmannalögum réttum, þá skal engi frá öðrum sigla lengra en sjá megi ás á borði.¹ En ef þeir sigla lengra, gjaldi mörk þeim er frá var siglt, jafnt stýrimaður sem hásetar. En þær eru nauðsynjar ef skipsháski liggur við, fjörs eður fjár. En ef þessar nauðsynjar liggja við, þá má sektalaust frá sigla ef hinir vilja það sverja er í samfloti voru með þeim aðrir. En ef öngir eru aðrir til, þá sanni sögu sína með lýritareidi og sé sýknir saka.² En ef eiður fellur, gjaldi sem fyrr segir.

21 *Hér segir hver það akkeri skal eiga er finnst*

Ef menn draga upp akkeri með sínu akkeri og fylgir hvorki strengur né hnakkmiði, þá á stýrimaður það hálf en hásetar hálf, nema nokkur maður kenni sér og kalli til með tveggja manna vitnisburð, og leysi út af þeim er fundu með hálfvirði, þá er vitna er notið. Lýsa skal fundi hverjum samdægrið fyrir vottum ef menn liggja þar sem byggt er. En ef eigi er svo lýst, þá má sá þjófssök á gefa er á. En ef maður dregur upp akkeri³ með sókn eður kafar til og kemur reipi í hring, þá leysi af honum með hálfvirði.⁴ En ef eigandi kemur eigi til eður hans umboðsmaður, þá eiga þeir akkeri er upp drógu.

22 *Hér segir hversu kaupmenn skulu félag leggja*

Nú leggja menn félag sitt saman, þá skulu það vottar vita, það félag má við öngvan auka sektalaust nema hinn lofi.⁵ En ef hann eykur, þá skal sá er fyrri lagði félag taka mörk silfurs í Noregi af óskiptu, en hundrað á Íslandi, og eigi skal hann fara lengra nauðsynjalaust en skilt var, nema hann vili ábyrgjast við hann hvern pening, og eigi skal hann höggva í brott það félag né ljósta, og eigi legorðssakir af gjalda, og öngar aðrar óskuldir eður afneyslur, nema beggja sé

1 á borði: útgáfur hafa af borði

2 með lýritareidi og sé sýknir saka: útgáfur hafa með séttareidi

3 akkeri: vantar í 350

4 þá leysi af honum með hálfvirði: 343 hefur þá hafi hann hina sömu kosti af þeim er átti sem fyrr segir

5 það félag má við öngvan auka sektalaust nema hinn lofi: 343 hefur það félag má auka við engan mann nema báðir lofi

vili til. En ef þeir skipta fé sínu og félagi, þá leggi hann fram slíkt fé er hann vill og mæli svo: Hér er nú allur ávöxtur og innstæða er við eigum báðir saman, og sveri síðan eineiði að, og slíkan klæðnað skal hann hafa þá er þeir skipta félagi sínu sem þá hafði hann er þeir lögðu saman og eigi verra. Nú leggja menn hjáfélag, þá skal sá er við tekur klæðast af sínu fé en ekki af hins fé taka er hjáfélag lagði við hann, nema skipleigu og uppburð og útburð fyrir það er í hjáfélag var lagt, það skal hann ábyrgjast sem sitt fé. En hálfan ávöxt skal hvor þeirra hafa. En sá innstæðueyri sinn fyrst af er hjáfélag lagði. Nú skilja þeir sem þeir verða ásáttir hvert hann skal með fara. En ef hann flytur það eður færir á annan veg, þá ábyrgist hann það fé að öllu. En ef hann hittir í harða kaupstefnu og fær eigi svo dýrt selt sem virt var í hendur honum, þá skal hann heim fara og færa þeim fé sitt er á. En ef hann selur ódýrra, þá skal það þess skaði er með fer en eigi þess er fé á.

23 *Hér segir hversu félagsfé skal skipta*

Nú leggja menn félag sitt saman og verja úr einum sjóði, og bera föt sín á skip og fara þangað sem þeir tóku fari. Nú leggst annar sjúkur og gerist hættur við dauða, þá skal félagi hans ganga til stýrimanns og háseta og biðja þá ganga til hins sjúka manns. Þá skal hann segja til fjár síns og til félags þeirra. Nú ef hann andast síðan, þá skulu þeir vitnismenn er þá eru þar viðstaddir ef nökkur verður tortryggð þar á, og skal fé virða þegar á land kemur og skal sá virt taka er við tekur¹ og færa framleiðis sér til ávaxtar, ef hann flytur innstæðueyri til arfa réttis eða hans umboðsmanns. Nú kemur hann eigi þeim vottum að sér er fé virðu, þá auki hann vitni sín með þeim mönnum er þangað fara sem arfi situr fyrir. Nú andast félagi hans síðan búlki var bundinn og áður en þeir sé á ferð komnir, þá skal hann setja mann á lest hans þann er upp haldi róðri og austri, tjaldan og öllum kostnaði af fé hins dauða. En ekki á hann fleira af að hafa nema erfingi lofi honum.

24 *Hér segir um varðhald og austurmál*

Nú ef þeir eru á leið komnir og þurfa þeir varðhalds við og varhygðar, eigi síður um daga en um nætur, þá skulu þeir bergvörð halda og hefja í stafni fram, og fara aftur eftir skipi á stjórnbörða og fara fram eftir skipi á bakbörða. Hafn-

1 og skal sá virt taka er við tekur: 343 hefur og sá við virðu taka er þá fer með

araustur skal hefja aftur á búlkabrún á bakborða og fara fram eftir skipi, og fari svo aftur á stjórnborða. Siglingaraustur og rávörður á að hefjast hjá siglu á bakborða og fara fram eftir skipi og svo aftur á stjórnborða.¹ Þau embætti eru nú töld í farmannalögum er vera eigu á hverju löglöngu skipi. En það er löglangt skip er sessum má telja eður áhöfnum skipa.

25 *Hér segir um skipi á skipum*

Ef menn eigu hafskip saman og vilja sumir fara en sumir eigi, þá skal sá er fara vill stefna þeim öllum til skips er í móti eigu, svo löngu fyrir að um lið megi sýsla, og fara svo að þessu skipi sem segir í jarðaskiptum og um aðra gripi fer í kaupabelki.² En ef þeir menn eiga hafskip saman er hvorgi hefir kost til að kaupa, og vilja eigi aðrir kaupa, haldi sá til gagns er vill og greiði þeim sinn hluta skipleigu er til móts eigu við hann, og taki af henni það er hann þurfti til kostnaðar að hafa á hans hluta. Svo skal og fara ef menn eigu minni skip saman en hafskip og vill annar halda til fiskjar eður fengjar skipinu en annar vill eigi, þá skal svo um það skip fara sem fyrr segir um hafskip. Hvervetna þar sem menn skulu skipta með mönnum einshverjum grip eður virða, þar sem þeir eru að lögum til kvaddir, þá skulu þeir jafnan til skipta koma fyrir miðjan dag eður virðingar, ella sekur tveimur aukum, hálf konungi en hálf þeim er virðingar kvaddi lögliga, nema nauðsyn banni. En um skipreiða allan og vatnskeruld er þeir áttu báðir saman með skipinu, þá skulu skynsamir menn meta og skal það allt skipi fylgja. Nú vill hvor tveggja halda skipinu til fiskjar eður fengjar, og á sinn veg hvor, þá skal svo að fara sá er eign vill skilja³ um skipið við annan sem áður vottar, fyrir utan það að þá skulu skynsamir menn hluta, hvor þeirra hafa skal skip eður verð ef þeir verða eigi sjálfir ásáttir. Og ef annar heldur skipinu til fiskjar eður fengjar, svo að annar veit eigi eður er eigi að spurður, þá ábyrgist sá skip er hefir eður hafa lætur, en hinn hafi þó fullan hlut af sínum hluta skipsins er öngu réð fyrir eður leigu slíka sem skynsamir menn meta, ef skipið er undir farma lagt. En ef beggja þeirra ráð voru til í fyrstu, þá

-
- 1 *Nú ef þeir eru á leið komnir ... og svo aftur á stjórnborða:* 343 hefur *Nú eru þeir á ferð komnir og þurfa þeir varðhalds við eigi síður um daga en um nætur, þeir skulu bergvörð halda í stefni fram. En festi og festarvörð skal hefja að siglu á stjórnborða og fara aftur eftir skipi, hcfnaraustur skal hefja aftur á búlkabrún á bakborða og fara fram eftir skipi. Siglingaraustur og rávörður á að hefjast á siglu á bakborða og fara fram eftir skipi*
 - 2 *og um aðra gripi fer í kaupabelki:* 343 hefur *og svo fari um skip sem fyrr segir um aðra gripi í kaupabelki*
 - 3 *eign vill skilja:* 343 hefur *eign vill skipta en útgáfur ei vill skipta*

ábyrgist hvor að þeim hluta skipið sem hlut hefir af því tekið. En ef eigi gelst þeim verð fyrir skipið er hafa á, þá sæki sem vitafé. En ef menn eiga vatnbáta saman eður þau skip er svo eru vond¹ að eigi eru sjófær til fiskjar að halda, og vilja þeir þó skilja eign með sér, þá skal svo að þessu skipti fara að öllu sem fyrir segir um meira skip. Ef maður setur fram hafskip manns og svo þó að annar maður eigi með honum, að óvilja þess er á með honum skipið, og svo ef hann fer í brott með, svo og ef maður höggur skýlihögg á annars manns skip og hvað er hann meiðir að skipinu, reiða þess eður viðum, svari slíku fyrir sem sex skynsamir menn dæma, lögliga til nefndir, og hvervetna þar sem maður gjörir öðrum manni fjárskada með heift og öfund, bæti sá fullrétti eftir dómi er gjörir og fjárskada með ef vitni eru til. Það er allt fullréttisskaði er menn meta til hálftrar merkur. En ef minni er, þá er öfundarbót eftir dómi þeim er skaðinn var gjör. Réttari skal jafnan nefna menn til dóms ef lögmaður er eigi nær. Nú dylur hinn en eigi eru vitni til, syni lýritareíði hinum meira fyrir fullréttisskaða. En ef eiður fellur, gjaldi slíkt sem áður var talt. En ef verr tekst en hann vill, gjaldi skaða sektalaust innan sjau nátta þeim er fé átti.

26 *Hér segir um farargreiða skipamanna*

Nú ferja menn farma fyrir land fram eða úr úteyjum. En það er farmur er skip er hálfhlaðið eður meir, þá eru þeim allar hafnir jafnheimilar ef þeir eru eigi meir en þrjár nætur í sömu höfn að veðri færu. Nú eru þeir lengur og eigi veðurfastir, þá bæti landnámi landsdrottnei. Rétt er að þeir sé í sömu höfn meðan þeir þurfu að þurrka eður selja varning sinn eða feng, eður færa á land góss sitt til hirslu.² Nú brýtur maður skip sitt þá er hann fer með landi fram, árar eður annan tréreiða, þá taki sér við af annars reka svo að hann sé birgur og leggi verð eftir með vitnum eftir skynsamra manna virðingu, ef til eru, að þess bónda er næstur býr reka þeim er viður var á.

27 *Hér segir um ábyrgð skipa og fengjar*

Ef maður dregur upp skip sitt þar er hann á eigi uppsát og hefur skip upp og lýstur við annars skip, þá á sá að ábyrgjast bæði er upp dró þar er hann átti eigi uppsát. Nú hefur þess skip upp er uppsát átti og lýstur því við þess skip er eigi átti uppsát og brýtur, þá ábyrgist hvor sitt skip. Nú eigu þeir báðir uppsát eður

1 vond: 343 hefur smá

2 meðan þeir þurfu ... góss sitt til hirslu: 343 hefur meðan þeir þurfa þar að selja varning sinn eða bera á land til hirslu

hvorgi þeirra, þá ábyrgist sá bæði skipin ef annað lestist af öðru er það festi er upp tók. En ef bæði hefur senn upp og lýstur á lofti saman, þá ábyrgist hvor sitt skip. Nú dregur maður við upp þar í hjá sem skip standa, þá skal maður svo festa viðinn að eigi taki veður upp. En ef veður tekur við upp og meiðir skip eður reiða, þá ábyrgist sá skip er viðinn átti að festa. Ef maður ber fé sitt eður feng á land og hefur það upp veður og brýtur með skip manna, þá ábyrgist sá skip er það bar upp er spell varð að. Nú dregur maður föng sín á annars land, þar sem eigi standa skip fyrir, og eigi veit hann von til skipa uppsáta, og draga menn þar skip upp síðan, þá ábyrgist hann það eigi þó að viður hans eður föng brjóti skip.¹ Ef við manns eður feng hefur upp fyrir veðurs sökum og kastar á annars manns við eða feng eður hús svo að þar meiðist af, þá ábyrgist sá það er að sköðum verður er við eða feng átti að festa, og skal það svo fara sem um skip skilur.² Nú fara menn með landi fram eður með eyjum³ og setja upp skip sitt í tóft eða naust og kemur sá til síðan er á með skip sitt og vill þar upp draga,⁴ þá skulu þeir út draga er eigi áttu uppsát.⁵ Nú vilja þeir eigi út draga, þá bæti fullu landnámi þeim er uppsát á, slíku sem hann er maður til, og ábyrgist sjálfur skip sitt að öllu þó að hann dragi út.⁶ Rétt er honum að festa skip sitt með torfi og grjóti og vinni það á landi hins þar er hvorki spilli akri né eng, og inni þeim fyrir skaða sinn er þá jörð á.⁷ R.B.E.K. Eigi viljum vær að mikil skreið flytist héðan af landinu meðan hallæri er⁸ [1294, 51].

-
- 1 *þó að viður hans eður föng brjóti skip*: 343 hefur þó að viður hans brotni eða feng hans kasti á
 - 2 *þá ábyrgist sá ... sem um skip skilur*: 343 hefur sá ábyrgist það er að sköðum varð er við festi og skal það svo fara sem áður var tínt um skipin
 - 3 *eður með eyjum*: vantar í 343
 - 4 *og kemur sá til síðan er á með skip sitt og vill þar upp draga*: 343 hefur aðeins og kemur sá til síðar er á
 - 5 *uppsát*: 343 hefur og fyrr settu inn sitt skip
 - 6 *Nú vilja þeir eigi út draga ... þó að hann dragi út*: 343 hefur Nú vilja þeir eigi út seiða, bæti fullu landnámi sem sá er maður til, enda ábyrgist hann eigi þó að hann dragi út
 - 7 *inni þeim fyrir skaða sinn er þá jörð á*: 343 hefur inni hinum engan skaða í því er þar á jörð
 - 8 *R.B.E.K. Eigi viljum vær að mikil skreið flytist héðan af landinu meðan hallæri er*: vantar í 343

Hér hefur hinn þrettánda hlut lögbókar er heitir þjófabálkur og segir fyrst hver sekt við liggur hvinnsku

1 Það er nú því næst að vor skal engi annan stela. Nú er það greinanda, að ef sá maður stelur mat¹ er eigi fær sér vinnu til fósturs og helpur svo lífi sínu fyrir hungurs sakir, þá er sá stuldur fyrir öngvan mun refsingar verður. En ef maður stelur hundi manns eður ketti, knífi eður belti og öllu því er minna er vert en til eyris, það er hvinnska, og ef maður verður sannur að því, gjaldi konungi tvo aura en þeim eyri er átti og heiti maður að verri. En ef sá maður stelur til eyris er sér fær vinnu til fósturs,² sá er áður var eigi að slíku kenndur, þá skal hann á þing færa og leysi húð sína þrimur mörkum við konung. Nú stelur hann annað sinn til eyriss, leysi húð sína sex mörkum. En ef hann leysir eigi, láti húðina og sé brugðið lukli á kinn honum. Nú stelur hann hið þriðja sinn til eyris, láti húð sína. En konungur taki sex³ merkur af fé hans. En ef sá maður hinn sami stelur oft, þá er hann dræpur. En ef sá maður stelur til merkur er ekki var fyrr að þýfsku kenndur, þá skal hann á þing færa og leysi sig þrettán mörkum við konung eða fari útlægur sem þingmenn dæma. En ef hann stelur oft, þá er hann dræpur. Nú ef þjófur stelur til tveggja marka í fyrsta bragði, þá hefir hann fyrirstolið lausafé sínu öllu. En ef hann á í jörðu, þá virði úr til þrettán marka og hafi að auk slíka refsing sem sá maður leggur á hann eftir dómi⁴ er konungs vald hefir í hendi til réttra refsinga og haldi þó lífinu. En ef sá hinn sami stelur oft, þá hefir hann fyrirstolið landi og lausum eyri og lífinu með. Jafnsekur er sá maður sem tekur við fé þjófstolnu viss vitandi að gjöf, kaupi eður láni, hefir hann það og hirðir og leggur laun á, sem hinn er stal, utan eigi verður hann dræpur fyrir. Sá heitir þjófsnautur. En hálfu minna er sá sekur sem

-
- 1 stelur mat: 350 bætir ranglega við til eyriss og þess orðamunar er getið aftanmáls í útgáfum, með hönd sem vísbendingu í 1580, sjá hér á bls. 305 og 307, en orðin tvö eru hvorki í 343 né elstu handritum
2 er sér fær vinnu til fósturs: 343 hefur er vinnufær er sér til fósturs
3 sex: útgáfur hafa villuna þrettán
4 eftir dómi: vantar í 350

ræður þjófráðum, nema hann vísi ómaga sínum yngra en sextán¹ vetra til að stela, þá svari fullri sekt sem hann hafi sjálfur stolið. R.B.H.K.² Skylt er að vondum mönnum sé refst þar sem þeir verða teknir, ef þar er áður lögligt próf á komið, ella færist þeir í hendur sýslumanni þar sem þeir verða teknir og sendi þá hver sýslumaður frá sér til annars í góðri geymslu og sinni ábyrgð, þar til er hann kemur til þess sýslumanns er misgjört var að [1305, 2].

2 *Hér segir hversu þjóf skal refsa að lögum*

Ef þjófur er fundinn, þá skal binda fóla á bak honum í þeim hrepp sem þjófur er tekinn og færa hann umboðsmanni bundinn, og haldi konungs umboðsmaður honum til þings og af þingi í fjöru eður hraun eður nökkurn þann stað sem hent þykkir. En umboðsmaður fái mann til að drepa hann og svo alla þjófa. En bændur eru skyldir að fylgja þjófi til dráps, þá er af þeirra ábyrgð. En ef þeir vilja eigi fylgja þjófi til dráps,³ þá er hver þeirra sekur hálfri mörk við konung. En sá er eigi vill þjóf á þingi dæma lögliga til kvaddur, sekur hálfri mörk við konung,⁴ þó að sýslumaður vili eigi refsing á leggja. Fé það allt er tekið verður af þjófi, þá á sá það er þjóf tók ef eigi berst öðrum vitni til, en alla aðra lausa aura á konungur. Sá ábyrgist þjóf er hann bindur fjórum mörkum við konung þar til er hann setur hann bundinn á flet umboðsmanns og hafi vitni við. En ef þjófur vill verjast þá fellur hann útlægur.⁵ Ef maður lætur þjóf lausan, þá sekist hann fjórum mörkum við konung, svo umboðsmaður sem annar maður. En ef einn maður tekur þjóf, þá liggur honum ekki við þó að hann verði laus. Eigi er maður skyldur að taka þjóf nema hann standi hann með þýfi því er binda megi fóla á bak honum eður granni hans kveði hann til sá er hann veit að stolið er frá. Þar skal hvern þjóf dæma sem hann stal ef eigi fær áður lögligu prófi á komið þar sem hann er tekinn.

3 *Hér segir sekt ránsmanna og ef maður er ræntur konungs fanga*

Nú eru ránsmenn óbótamenn, hvar sem þeir verða teknir, og svo hver sem þeim veitir lið til þess eftir því sem segir í óbótamálum í mannhelgi. Ef maður rænir

1 *sextán*: tekið eftir 343 og útgáfum en 350 hefur *fimmtán* og ekkert handrit annað sem máli skiptir

2 *R.B.H.K.*: 350 hefur villuna *R.B.E.K.*

3 *þjéfi til dráps*: vantar í 343

4 *En sá er eigi vill ... við konung*: vantar í 350 sem stíklar frá líku til líks

5 *útlægur*: 343 hefur *óheilagur*

mann þjófi eður útlægum manni, svari landráðasök við konung. En hver annar er í gengur óhæfu og að er með honum er sekur mörk við konung.¹ Nú kennir maður fé sitt þjófstolið í hendi öðrum manni og tekur við fé sínu, og skilur svo fyrir að hann drepur hvergi konungs rétti niður og hefir þar votta við, þá er hinn sannur að sök en sá ósekur er við tekur fé sínu. Ef maður leynir þjófi og tekur við fé sínu þjófstolnu² af honum, þá er hann sekur fjórum mörkum við konung. Nú mælir það sýslumaður eður lendur maður að þeir hafi sætt gjörva sá er stal og hinn er stolið var frá, og hafa drepið niður konungs rétti, þá skal sá er stolinn var synja með lýritareíði, fellur til fjögurra marka ef fellur, en hinn er þjófur sem áður.

4 *Hér segir hversu þjófstolið fé skal aftur sækja*

Nú stendur maður fé sitt þjófstolið í hendi öðrum manni, en sá vænist heimild að og kallar kaup sitt, þá skal beiða hann vörslumann fyrir hann, og svo fyrir það er hann kallar sér og gera eindaga til, þá skal hann færa fram vitni sín að það er hans fé og eigi gaf hann það né galt og eigi sölum seldi, og engi sá er hann bauð um,³ þá er honum féið uppnæmt, þá skal hann gjöra hvort er hann vill, að fara brott með fé sitt eður reyni heimildartöku hins. En ef hon brestur honum, þá er hann þjófur að. Hvervetna þar sem maður hefir heimild⁴ til þess gripar er tekinn er frá manni eður stolinn, og hugði hann sér heimilan mundu vera þó að hann fregni annað síðar, og er honum rétt að halda til þings eður lögmanns úrskurðar eða annars réttis rannsaks. En ef hann lætur grip fyrir lausan en dómur dæmir af honum, þá á hann öngva heimting til þess er hann gaf við. En þá hefir hann heimild til ef sá heimilar honum er hann á aura sinna forráð og hann hugði að sá mætti honum heimilan vinna⁵ þann grip en eigi elligar. Nú riftir maður grip undan manni, þann er hann hefir heimildartöku fyrir sér, þá sækir hver sitt af sínum heimildarmanni þar til er til prófs kemur og svari sá fyrir stuld sem fyrir á að svara að lögum.

1 *En hver annar ... við konung:* 343 hefur aðeins en hver þeirra sem að er með honum mörk við konung

2 *þjófstolnu:* vantar í 343 og í 1580 er hönd á spássú og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 308

3 *og engi sá er hann bauð um:* 343 hefur og engum bauð hann um að seiða

4 *heimild:* 343 hefur heimildartöku

5 *vinna:* útgáfur hafa fá

5 *Hér segir hversu maður skal undan stuld færast*

Nú kennir maður öðrum manni stuld, þá skal hann gjöra hvort er hann vill, að stefna honum heim og þaðan til þings eður lýsa þýfi hans á þingi. Þá eiga þingmenn að gjöra honum stefnu til næsta þings ef hann er innan héraðs. En ef hann er utan héraðs, þá skal gjöra honum lagastefnu aftur til þings um hvert mál og eindaga það þing, og ef hann kemur eigi, þá ber hann á baki sök nema nauðsynjavitni berist honum. Nú kemur hann sjálfur, þá skal hann eið festa, fellur til sektar ef fellur, eftir því sem áður segir eftir fjármagni.

6 *Hér segir hversu rannsaka skal eftir þjófstolnu fé*

Ef maður er stolinn fé sínu og sér hann manna farveg liggja frá, þá skal hann ganga eftir héraðsmönnum sínum og lýsa torreki sínu, og æsta sér liðs til eftirfarar svo mikils sem honum líkar og spyrja til garðs manns. Þá skulu þeir setjast utan túngarðs eða túnvallar¹ ef eigi er garður um og gjöra einn mann til húss og segja til örindis og æsta rannsaks. Nú býður bóndi rannsókn, þá skal hinn ganga eftir grönnum sínum, þá eigu þeir að ganga í ullskyrstum einum og lausgyrðir inn.² En ef bóndi býður rannsókn og finnst eigi fóli að hans, syni séttareidi ef þeir vilja honum kennt hafa. En ef eiður fellur, falli til fjögurra marka. Bóndi skal fá þeim lýsi sem þeir þurfu meðan þeir rannsaka. Þeir menn sem eigi vilja láta lukla til að lúka upp hirslum sínum, þá eru lok þeirra³ óheilög við broti. Skulu hinir sömu menn rannsaka í öllum stöðum, bæði úti og inni, og gera þeim eigi skaða í rannsókn er fyrir búa, en stanga skulu þeir jörð og grafa í öllum stöðum og leita þar sem þeir vilja, og ef þeir finna fé sitt í þeim húsum sem menn eru í, þá er fóli inni fundinn. Svo og ef þýfi finnst í þeim gröfum er úti eru og er innan til grafið, eður finnst í úthýsum eður útifylgsnum öðrum þeim er lykkjuspör liggja til og frá húsum þeim er menn eru í. En ef menn finna⁴ í gegn durum eður vindaugum svo að kasta má inn, þá hafi sá fyrir sér séttareid sem fyrr segir. En ef þeir menn er rannsaka bera þá ofríki sem fyrir eru eða fara ólögum að rannsókn, eður annan veg en nú var mælt, og

1 Þá skulu þeir setjast utan túngarðs eða túnvallar: tekið eftir 343 en útgáfur hafa garðs í stað túngarðs og 350 aðeins eða túnvallar í beinu framhaldi af setningunni á undan

2 þá eigu þeir að ganga í ullskyrstum einum og lausgyrðir inn: 343 hefur þá eigu hinir að ganga í skyrtum til húss og lausgyrðir um

3 láta lukla til að lúka upp hirslum sínum, þá eru lok þeirra: 343 hefur íjá lykla til að lúka upp lásnum þeirra og verða lok þeirra

4 finna: 343 bætir við fóla

verður bóndi ósannur að sök, svari höfðingi honum fullrétti eftir lagadómi en konungi fjórar merkur, en öngu ef hann verður sannur að. En ef sá einhver er rannsakar¹ ber eða bera lætur fóla í hús manns eður hirslur, svari fullrétti eftir lagadómi þeim er hús eða hirslur átti en konungi slíku sem sá ætti að svara ef hann hefði stolið jafnmiklu.

7 *Hér segir hversu maður má fé sitt af þjéfi taka*

Ef maður finnur fé sitt þjófstolið og fylgir eigi þjófur, þá skal hann hafa við návistarmenn sína er hann tekur fé sitt. En ef sýslumaður mistrúir og segir að þjófur hefir fylgt, þá láti hinn bera vitni um að þar var eigi þjófur við er hann tók fé sitt.² Taka má maður fé sitt eður grip sinn að heimilu hvar sem hann finnur, ef eigi er á haldið. Ef maður rænir mann handráni eða gerir fornæmi, bæti þeim er ræntur var slíku sem sex skynsamir menn dæma lögliga til nefndir af réttaranum. En það er handrán er maður tekur eður slítur úr höndum manni eður af honum hvar sem á honum er. Það heitir fornæmi er maður heldur eigi á og þikkist eiga, en hinn tekur svo í brott að hann sér á. Eigi á maður sitt að taka ef á er haldið fyrir en vitni eru til borin, en ef hann tekur, bæti öfundarbót eftir lögligum dómi.

8 *Hér segir um stuld ómaga*

Nú kennir maður manni stuld en öðrum viðtöku, að hann hafi tekið við fé hans þjófstolnu, en sá kveður nei við, þá skal hann synja með séttareíði. En sá eiður fellur til slíkrar sektar sem fyrr segir eftir fjármegni ef hann vissi að þjófstolið var. Ef maður sækir annan mann um stuld og er eigi lýst þýfð eftir, þá skal sá er fyrir sök verður synja með séttareíði. Sá eiður fellur til fjögurra marka. En ef ómaga stelur sextán vetrum yngri, þá skal bæta aftur verk hans, ekki á konungur á því. R.B.E.K. Ef maður er stolinn fé sínu, þá á sá er stolinn er full gjöld fjár síns af fé hins seka og kostnað þann allan sem hann þarf til eftirfarar, og rétt sinn eftir lagadómi sem hann sé lögræntur jafnmiklu [1294, 23].

1 En ef sá einhver er rannsakar: 343 hefur En ef sá maður einhver er rannsakar eða annar en útgáfur En ef sá einhver er rannsakar eður einhver annar maður

2 Hér er hönd á spássíu 1580 en engin samsvarandi athugasemd aftanmáls, sjá bls. 308.

9 *Hér segir sektir á fálkastuld og sela*

Ef maður tekur hauk bundinn í hreiðri og leynir,¹ þá er hann þjófur að ef hinn lýsir² er átti. En ef maður stelur sel af jörðu manns, þá er hann þjófur að ef svo mikill er að þjófssök nemur, ella syni meður séttareði, fellur til fjögurra³ marka ef fellur, svo hið sama fyrir hauka. Konungur á sekt á því.

10 *Hér segir sekt þess er ólfað selur eða kaupir konungs jörð*

Ef maður selur jörð konungs að óleyfi hans, þá er hann þjófur, og svo sá er kaupir ef hann veit það, ella syni með séttareði, fellur til fjögurra⁴ marka ef fellur. Nú tekur maður marksteinna upp úr jörðu og setur niður í öðrum stað, og færir á þess hlut er í móti honum á, þá er hann sekur aleigu við konung, fyrir utan jarðir, nema lausafé hans vinnist eigi svo að konungur hafi þrettán merkur, þá virðist í jörð ef hann á, og svo skal hvervetna þar sem þrettán marka mál eru. En sex aurum er maður sekur ef hann tekur upp marksteinna og setur hvergi niður. Ef maður leggst undir fénað manna og drekkur, þá á hann öngan rétt á sér. R.B.E.K. Ef maður mjólkur búfé annars manns stelandi hendi, bæti sem fyrir stuld sá er fé hefir til, ella láti húð sína eftir lagadómi og refsing réttarans [1294, 35], nema soltinn sé, þá gjaldi þó nytfall sem vert er þeim er bú á.

11 *Hér segir sekt á aldinstuldi*

Ef maður gengur í eplagarð manns eður hvannagarð eður næpnarétt, og allt það aldin er menn hegna⁵ með gördum eður gæslum, þó að vötn falli um, og vill sá eigi lofa er á, tvígildi þeim skaða er átti og tvo aura í þokkabót. En ef maður tekur til eyris eður meira, sækir sem um annan stuld. En ef þeir menn gera þetta er eigi hafa fé til að bæta fyrir, færir til þings og svari þar fyrir eftir lagadómi.

12 *Hér segir hversu áifóður skal taka*

Nú fer maður að veg með hrossi, og þó að þeir sé þrír saman, og stendur hey nær götu en bær eigi allnær, þá taki þeir að ósekju það sem hross þeirra þurfa

1 og leynir: vantar í 350 en í 1580 er hönd á spássú og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 308

2 lýsir: útgáfur hafa villuna leynir

3 fjögurra: 343 hefur þriggja en í 1580 er hönd á spássú og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 308

4 fjögurra: 343 hefur þriggja en í 1580 er hönd á spássú og athugasemd aftanmáls, sjá bls.

til áifóðurs ef nauðsyn gengur til.¹ En ef maður kemur um nátt til bæjar með eyki sína og er honum synjað fóðurs að gjöf eður kaupi, hafi að ósekju vöndul fyrir hross hvert fyrir öngvan pening ef nauðsyn gengur til.

13 *Hér segir hversu misfangi er réttlígur*

Nú verður manni misfangi, þá sekist hann eigi fyrir það ef hann lýsir fyrir mönnum samdægris síðan hann verður var við, ella verður hann þjófur að ef svo mikill er munur gripa² að þjófssök nemur. En það er misfangi er maður tekur það er annar á og lætur sinn grip eftir liggja og sé þeir svo líkir að skynsömum mönnum sé ljóst að hann þóttist sinn grip brott hafa, og skal hann aftur hafa fært innan sjau náttu gripinn síðan hann verður var við, til þess staðar sem hann tók, nema nauðsyn banni, ella er hann sekur hálfri mörk við konung og hinum fyrir skaða sinn er átti það fé. En eigi er það misfangi ef markað er annað frá öðru. Það er misfangi ef maður tekur þess kyns grip í brott sem hann lætur eftir í vopnum og klæðum eður hrossum, þess kyns sem hann átti³ og svo að lit. Eigi er það misfangi ef maður tekur þar hest sem hann á hross eður berfé þar sem hann á graðsmala, og svo um aðra gripi, þá skal maður þess kyns fé í brott taka sem hann á von og með þeim lit. Nú kemur maður síðar og sér að annar gripur liggur eftir sá er annar á, lýsi fyrir mönnum samdægriss og hafi að ósekju þar til er hans gripur kemur aftur. Ef maður tekur grip manns að misfanga á Öxarárþingi, á fjöllum eður óbyggðum, og finnur eigi fyrr en hann kemur í hérað, þá sekist hann eigi á meðför þess gripar ef hann hefir til Öxarárþings annað sumar hið næsta, en hver ábyrgist það er með fer. Ef manni verður misfangi í þingför eður á Öxarárþingi, þá er þeim rétt er þess gripar saknar eður hross að bíða til þess er menn eru í brottu, og hafi það hross eður annan grip er þá verður eftir ef það er svo líkt hans hrossi að hann ætlar að hinum sé það að misfanga orðið, og lýsi sem fyrr segir. Nú hvar sem misfangi verður í þeim stöðum er maður á heimilt til þings að færa, þá hafi hann með sér þrjú sumur til þings nema fyrr verði réttur eigandi að og lýsi í lögréttu. En ef þá kannast engi við, þá eignast hann þar til er eigandi verður síðar til meður löglígu vitnum.

1 *Nú fer maður að veg ... nauðsyn gengur til:* þetta er réttarbót 1294, 15 en ómerkt í 350, 343 og útgáfum

2 *ef svo mikill er munur gripa:* 343 hefur *ef misfanga munur verður svo mikill*

3 *þess kyns sem hann átti:* tekið eftir útgáfum, sem fylgja elstu handritum; vantar í 350 en 343 hefur *sem hann átti*

14 *Hér segir hversu fundnu fé skal lýsa*

Ef maður finnur fjárhlut manns og hefir eigandi glatað, þá skal hann lýsa fyrir mönnum samdægrið, ella verður hann þjófur ef hann lýsir eigi, ef fé er svo mikið að þjófssök nemur. Maður skal í ljósi hafa fé og nýta sér og þó að eigandi komi þá eftir er slitið er þá bæti hinn öngu. En sá maður er til kallar skal til hafa tvau skilrík vitni að það er hans fé ef hann skal óræntur vera og sveri að fullan eið, þá lætur hann að lögum laust, ella á hann.¹ Nú fara menn að götu saman og finnur sá fund er fyrstur fer, þá eiga þeir allir saman það og þeir er eftir fara. Ekki eiga þeir í er umfram ganga. Ef menn fara á skipi saman og finna þann hlut er fjár er verður, þá skulu þeir skipta að jafnaði sín í milli. Ef maður finnur fé í jörðu manns, hafi sá þriðjung er finnur en landeigandi tvo hluti, en allt ef hinn heldur eigi upp að lögum. Nú finnur maður fé í jörðu í almenningi, hafi sá þriðjung er finnur en þeir tvo hluti er þann almenning eigu. Nú brýtur maður haug eður grefur jörð maður að ólofi þess er á til fjár, færi þeim er jörð á slíkt er hann fann og leggi á landnám og jarðarspell þeim er jörð á. En ef sá mistrúir er jörð á, að hinn hafi honum svo mikið fé fært sem hann fann, þá syni hann með séttareði, sá eiður fellur til fjögurra² marka.

15 *Hér segir um þá jjáraþyrgð er til hirslu er seld*

Ef maður selur fé sitt til hirslu af trúnaði öðrum manni, þá skal sá er við tekur hirða og varðveita sem sitt fé, það sem hann vill vel varðveita. Og ef það fé hverfur eður glatast, þá má sá er það fé á koma þeim til lýritareids er við fé tók, utan sá segi það er við fé tók að hann vili að öngu áþyrgjast og eru til þess löglig vitni, svo og ef það fé hverfur úr einni hirslu og hans fé sjálfs. En ef eiður fellur þar sem skildur er um þetta mál, fellur til fjögurra³ marka.

16 *Hér segir um áþyrgð á lánsfé*

Ef maður lér manni grip sinn, þá á hver láni heilu heim að koma eður gjalda verð eiganda sem sex skynsamir menn meta, nema hinn týnist meður láninu er léð var, þá má hann eigi lán áþyrgjast er hann mátti eigi líf sjálfs síns. Eigi er

1 *ella á hann*: vantar í 343

2 *jjögurra*: 343 hefur *þriggja*

3 *jjögurra*: 343 hefur *þriggja* en í 1580 er hönd á spássíu og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 308

erfingi skyldur fyrir það lán að gjalda. Heimilt verður skip, hross eður annar gripur þeim er léð er og öllum þeim er hann vill í þeirri ferð ef hann hefir eigi lengur eður víðara en honum var léð, en öngum skal hann ljá ef hinn hefir það frá skilt er léði. Enginn maður skal lán hafa lengur en léð er, ella gjaldi tvo aura þeim sem fyrr segir, nema sá krefi er átti, þá sekist hann fornæmi nema nauðsyn banni. Nú þó að maður fari með eyk annars manns að leigu eður láni, þá skal sá ábyrgjast er hest á þó að hann geri nökkurum manni skaða, ef eigi er af þess völdum eður vangeymslu er með fer. Ef maður tekur grip manns óléðan, hest eða skip, hvort sem það er meira skip eður minna, eyki eður aðra hluti þvílka, bæti skaða þann allan er hinn hefir af eftir sex manna dómi lögliga til nefndum, og rétt eður öfundarbót með þeim er tekið var fyrir eftir atvikum, hver nauðsyn til bar þann er tók og hver öfund í var gjör eður hver skaði þeim varð að er tekið var fyrir. Jafnan rétt og öfundarbót skal hver maður hafa á fén- aði sínum eður öðrum hlutum er tekið er fyrir eður misþyrmt, hvað manni sem hann er að nafnbótum, utan landnám fari eftir því sem fyrr segir og þeir réttir sem til mannhelgi heyra. Handrán og kvenna legorð, það dæmist eftir því sem sá er maður til er þetta er misgert við. Ekki á konungur á þessum fjártökum nema hálfa mörk fyrir handrán. Ef maður tekur skip manns, þá skal hann einni sök fyrir svara, sig og ómaga sína. En ef fleiri menn eru í einni för þar sem óskil verða ger um hrossa reiðir eður hrossa eftirrásir, þá sekjast þeir einir er óskil gera en ekki þeir er skil vilja á gjöra.¹ Ef maður tekur eyk manns og er eigi öðrum um varðveislu boðið, svo að hann viti, og færir þeim er á og fer svo með sem hann ætti, þá sekist hann eigi á því ef hann vildi þeim í því gagn gera er á. Ef tveir menn eður fleiri eigu skip saman, eyk eður aðra gripi, þá ábyrgist sá að öllu er með fer, en hverjum þeirra er heimult í sína þörf. Eigi á hann að ljá eður byggja skip að ólofi þess er á með honum. En ef hann gerir það, þá svari hann þeim er á með honum en hinn er sýkn saka er léð var eður leigði. Ef maður tekur grip manns, skip eður hross² og villir heimildir að, þá er hann þjóf- ur að.

17 *Hér segir hversu með lánsgripi skal fara*

Nú lær maður manni hross sitt eður skip og vill sá hafa að þörf sinni er léð var, en hinn fer³ til er léði og tekur af honum lánið, þá gjaldi sá hálfa mörk að áfangi er skip eður hross átti. En ef sá hefir víðara eður lengur að veðri færu en

1 en ekki þeir er skil vilja á gjöra: vantar í 350

2 grip manns, skip eður hross: 343 hefur aðeins skip manns eða hross

3 fer: útgáfur hafa villuna fer ei

honum var léð, þá gjaldi sá hálfa mörk að áfangi þeim er skip eður hross á og bæti þó skaða þann er af verður þeim er léði.¹ Nú lér maður öðrum manni það skip eður hross er honum var léð, þá sekjast þeir er hafa ef þeir vissu að sá átti eigi að ljá. Nú hyggja þeir að sá ætti að ráða skipinu er þeim léði² og varðar þá honum einum. Nú koma þeir aftur er með skip manns hafa farið, þá skulu þeir upp setja skip og um búa sem áður var. Nú mega þeir eigi upp koma, þá skulu þeir þeim til segja er á skip³ og bjóða honum lið sitt. En ef hann vill eigi til fara, þá ábyrgist hann sjálfur skip en þeir ella er með fóru, og svo ef þeir búa eigi um sem áður var er þeir tóku. Ef maður lér manni skip eður selur á leigu, þá verður öllum þeim skip heimilt til meðfarar er hann þarf í þá för að hafa. R.B.H.K. Þar sem menn rjúfa skipan í veri eða lögferðum,⁴ sekur hver hálfri mörk við konung en þeim eftir lagadómi er skip átti. En hver sem tekur vits vitandi annars vinnumann eða skipara,⁵ sekur hálfri mörk við konung og skal þó skipari þar vera sem hann réð sig fyrri [1314,23].

18 *Hér segir sekt um dufl og kast*

Ef menn dufla eður kasta tenningum um penninga, sé uppnæmt konungs umboðsmanni allt það er við borð liggur og hver þeirra sekur hálfri mörk við konung. En ef menn veðja, hafi að öngu og sé sektalaust.

19 *Hér segir um eiðtökur fyrir óbótamál*

Ef konungur kennir manni landráð, þá skal hann synja með tylftareidi og svo skal synja allra óbótamála. Nú skal nefna sex menn á hvora hönd hinum er undan skal færast, jafna að rétti við hann, þá sem næstir honum eru og um það mál má kunnast vera, hvorki sakaða né sífjaða, fulltíða menn og valinkunna þá er hvorki sé áður reyndir að röngum eiðum né skrökvottum, og hafi sjau af þeim en sjálfur hinn átti og fjóra fangavotta, og eigi að meinsærum reynda, og sveri innan tíu vikna særra daga.⁶ Sá skal sverja fullan eið fyrir sig er fyrir sök

1 og bæti þó skaða þann er af verður þeim er léði: vantar í 343

2 ætti að ráða skipinu er þeim léði: 343 hefur aðeins mætti ljá skip

3 til segja er á skip: 343 bætir við og biðja hann til fara en í 1580 er hönd á spássú og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 308

4 Hér er hönd á spássú í 1580 og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 308.

5 vinnumann eða skipara: 343 hefur aðeins skipara

6 og sveri innan tíu vikna særra daga: vantar í 343

verður. En allir aðrir sanni mál¹ hans með því skilyrði að eigi vita þeir annað sannara fyrir guði en hann sór eftir sinni hyggju.

20 *Hér segir eiðnefna þrettán marka mála*

Séttareidur skal standa um öll þrettán marka mál og þjófnadarmál, sem segir í þjófabelki, og svo fyrir tíu marka mál. Nú skal nefna þrjá menn á hvora hönd þeim er fyrir sök er hafður á þann hátt sem sagt er um tylftareid. Hafi þrjá af þeim, sjálfur hinn fjórði, og tvo fangavotta.

21 *Hér segir eiðtökur fimm marka mála*

Lýritareidur skal standa um öll fimm marka mál og fjögurra,² þar sem nefna skal tvo menn á hvora hönd þeim er fyrir sök er hafður, hafi þá tvo af þeim sem hann fær en sjálfur hinn þriði. En fyrir merkurmál og þaðan af smæri skal nefna til lýritareids sinn mann³ á hvora hönd hinum sakaða, hafi annan af þeim en sjálfur annar, fangavottur hinn þriði. Þessi eiður skal standa þar til er hafa skal tveggja manna eið eður eineiði, því að einn skal eyris synja en tveir tveggja, sem lögbók vottar.

22 *Hér segir sekt þeirra manna er ranga eiða sverja*

Þeir menn er að því verða kunnir⁴ og sannir að sverja ranga eiða og prófast það með sannindum, þá skulu þeir vera útlægir til Noregs þrjá vetur, utan konungur vili meiri miskunn á gera. Skulu þeir engis manns eiða eður vitna njóta með því að þeir gjörðu sig sjálfir ónýta og gjaldi konungi fjórar merkur en sex aura fyrir hvern mann er sór með honum, ef þeir vissu eigi að ósært var. En ef þeir vissu að ósært var fyrr en þeir sóru, gjaldi konungi fjórar merkur sem hann. En ef þeir atburðir kunnu til að falla að þeim mönnum verða gefnar þær sakir er við liggur líf eður limar eða sé aleigumál, þá skulu þeir slíkra vitna og undanfærslu njóta sem þess er miskunn til er konungs vald hefir í hendi til réttinda.⁵

1 mál: 343 hefur eið

2 öll fimm marka mál og fjögurra: útgáfur hafa öll fimm marka mál og fjögurra marka mál en 343 öll fimm marka mál og öll þriggja marka mál og er eitt handrita sem máli skipta um síðara töluorðið

3 sinn mann: útgáfur hafa villuna *tvo menn*, en í 1580 er hönd á spássíu og athugasemd aftanmáls, sjá bls. 308

4 kunnir: með þessu orði hefst síðasta blaðsíðan í 343, skrifuð um 1600 á gjörólíkt bókfell

5 til réttinda: 343 hefur *til réttra mála* og svo í elstu handritum

23 *Hér segir hvað réttgoldið er í sakeyri*

Allur sakeyrir lögliga sagður á menn skal goldinn á næstum fardögum eftir. Hann er rétt goldinn í vaðmálum og ullu og í allri skinnavöru, og í öllu kvikfé eftir því sem flestra manna gengur í millum í því héraði, í slátrum og alls kyns mat, í léreftum og öllum austrænum varningi og öllu járnsníði eftir sex manna virðingu, fella eigi til vöru né búfjár en virða þó til fullra aura.

VIÐAUKAR

Réttarbætur, forsagnir og saktal eftir AM 350 fol.

Hér hefur upp réttarbætur þær er virðuligir herrar Noregs konungar hafa skipað og sett fyrir lög, í fyrstu ágætrar minningar Magnúss konungs Hákonarsonar

1 *Réttarbót Magnúsar Hákonarsonar um óbótamál frá árabílinu 1271-1274¹*

Þessar réttarbætur gaf Magnús konungur, að þótt maður hitti í þau óbótamál að hann hefir fyrirgjört lífinu og öllu því er hann á í lausu og föstu: annaðhvort drepur maður lögmann fyrir rétta lögsögu eður brennir mann inni, stingur út augu manns eður sker tungu úr höfði manns eður meiðir mann, eður drepur maður föður sinn eður móður, son eður bróður, dóttur eður systur, konu sjálfs síns, eður kona bónda sinn, eður týnir sjálfum sér eður vegur mann í heimili sjálfs, eður tekur brott eiginkonu manns eður taka konur meður ráni eður herfangi, eður falsar maður konungs steðja í Noregi, bréf eður innsigli konungs, eður drepur þann mann er hann hefir konungs innsigli fyrir sér, eður í herbergi konungs eður í konungs garði, eður í konungs skipi eður í návistu hans, eður tekur maður konu nauðga eður hefnir óbótamanns eður heimtir gjöld fyrir. En ef einhver er sá er í slík óbótaverk fellur, sem guð láti öngvan henda, og þó að hann hafi fyrirgert fé og lífi við konung og á einhver þeirra börn eftir í ómegð, þá skulu konungs umboðsmenn ætla barni hverju fullan forlagseyri af fé því sem hinn útlagi átti, æ meðan fé vinnst, þar til að börn eru matvinningar fyrir aldurs sakir eftir lögum þó að fé sé eigi meira en þeim vinnst til forlags-eyris.

1 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 108-112; *Norges gamle love* II, bls. 175-178; *Regesta Norvegica* II, bls. 71-72.

2 *Úr almennri réttarbót Eiríks Magnússonar frá sumrinu 1280¹*

Hér hefur upp réttarbætur Eiríks konungs Svo skipaði virðuligur herra Eiríkur konungur, son Magnúss konungs, að hvervetna þar er sakaráberi stefnir manni undir rétt próf til sýslumanns og kemur hann eigi forfallalaust, þá sekist hann hálfri mörk, hálf sýslumanni en hálf þeim er mál á. Skulu þær stefnur vera eftir leiðarlengd svo að stefndur hafi nóga stund að koma að öllum gögnum og vitnum, og prófi sýslumaður mál þeirra innvirðuliga, hvort sem koma annar eða báðir, og geri rétt þeirra í millum. En ef hann fær eigi yfirkomið, þá er hann skyldur að rita til konungs eður lögmanns slíkt próf sem framast fær hann og gjöra það kauplaust, er þá lögmður skyldur til að leggja úrskurð á það mál, þó að þeir haldi þá eigi vitnum sínum til lögmanns. Sama er og þess manns sök sem sýslumaður stefnir til sín fyrir lög að hann vill gera rétt öðrum mönnum af honum, ef hann kemur eigi nauðsynjalaust. Svo er og skipað, að ef eigi eru löggjafir ánefndar og gefur maður ýmissum mönnum aðrar gjafir, þá skulu þær gjafir haldast allt þar til er þær verða jafnar við löggjafir. En ef meira er gefið, þá skal skerðast fyrir hverjum eftir því sem tala rennur til eftir fjármegni, utan sálugjafir og þær gjafir er maður gefur heill og ósjúkur og afhendir sér ef skynsömum mönnum virðist eigi til arfsvika gert. Svo er og staðfest að frilluson ættleiddur tekur rétt af feður sínum eftir móður sína þá sem ættleiddi hann, ef enginn er þeirra til sem fyrr eru taldir í erfðatalinu. Frilluson hinn ellsti einn tekur höfuðból eftir feður sinn, ef faðir hans festir móður hans síðan hann var fæddur, og þó að hann hafi kvongast þess í millum og eigi börn með þeirri, og andast sú, og festir þá hina síðan er áður var frilla hans. Ef bóndi selur jarðir húsfreyju sinnar utan hennar samþykkt og vilja, þá skal hon skyldug vera að lýsa fyrir skilríkum mönnum innan næstu fimm vetra síðan hon vissi að þær voru seldar, og segja að hús-bóndi hennar hefir jarðir hennar selt að hennar óvilja, utan hon hafi óttast bónda sinn, eður eigi þess máls uppreist síðan. Ef maður á börn með eiginkonu sinni meðan hann er í útlegð, þá eru þau ekki arfgeng, hvorki til föðurarfs né móðurarfs, nema því aðeins að faðir hans verði flendur síðan, et cetera.

R.B.E.K.

Eiríkur Magnússon² meður guðs miskunn Noregs konungur hinn kórónaði, et cetera. Í fyrstu að þeir prestar hafi prófastdæmi sem eigi hafa sóknarkirkjur

1 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 196-206; *Norges gamle love* III, bls. 3-12; *Regesta Norvegica* I, bls. 108.

2 *Magnússon*: í handriti er aðeins *Magnus*

eður heyra leynd skriftamál. Item þeir bændur skilríkir innan sóknar sem vel eru fjáðir hafi umboð og varðveislu yfir kirkjufé og því góssi sem hon á að hafa sér til upphalds, og þó með vitorði prestsins, og gjöri herra byskupi reikning en kórsbræðrum ef hann er eigi nær. Svo skulu og handgengnir menn, prestar og byskupsmenn gera útfararleiðangur og skipa fé sem aðrir menn. Geymi menn að þyrmslum sínum verði lýst áður samgangur verður hjóna í millum, því að ef þau geta börn síðan er þeim var lýst þá skulu þau vera skilgetin þó að síðar meir prófist meinbugir á þeirra í milli. Það er og fyrirboðið að nokkur maður nauðgist til þess eiginorðs að hann skal þá konu eiga sem hann hafði áður fyrir frillu, ef hann leggst með henni síðan hann bar það til skriftar og yfirbóta. Item þar sem maður er stefndur til konungs innan lands og kemur hann eigi eður hans umboðsmaður forfallalaust, þá sekist tveimur mörkum við konung utan hann hafi boðið sitt mál undir rétt rannsak heima til lögmanns eður sýslumanns, og vill hinn það eigi er kærir, þá sekist sá eigi er stefnt var þó að hann komi eigi til konungs að því sinni. Item að maður hafi bréf og innsigli lögmanns eður sýslumanns eður annarra skilríkra manna ef hann fer úr ætthaga sínum í aðra staði, þau er honum beri vitni um að hann sé skilamaður. Svo og ef maður segir manni fyrir bríð á þeirri jörðu er hann hyggur hann eiga að halda svörum fyrir, en hinn hefir brott látið á launungu og vill svo villa sókn hins, þá skal verjandi vera skyldur að segja honum hver hönd hefir að jörðinni. En ef hann leynir, þá gjaldi hinum svo mikla landskyld sem af þeirri jörðu gengur um þá tólf mánaði. Geymi og um boðburð, að hver sem fellir gjaldi eyri fyrir hvern bónda er eigi kom boð til á boðslóð og eigi kom til þings forfallalaust. Um það fé sem eindagað er hafi atfararþing þegar hann vill svo þó að hann hafi áður heimt í réttan gjalddaga. Svo er og skipað um eignir þær sem faðir gefur og kvongar maður son sinn eður giftir dóttur sína og veit húsfrú hans það þá, og er í hjá og telur ekki að opinberliga, þá má hon það ekki rjúfa síðan þó að misdauði þeirra verði, né svo þeirra erfingjar, utan meira sé gefið en lög votta. Þá jafnist það eftir bók. Svo er og greint ef bóndi selur eigur húsfrú sinnar eður þær sem þau eigu bæði saman, þá ábyrgist sá sjálfur votta innan tuttugu vetra og hans erfingjar ef hann er dauður, að jarðir voru seldar með húsfrúinnar samþykkt, síðan er úr votta ábyrgð. Item um jarðabrigði og garða að það kærast fyrir lögmanni eður fyrir sýslumanni og gjöri þeir þar rétt af, hvort sem kæra lærðir eður leikmenn. Svo er og staðfest ef sonarsynir eru tveir eður fleiri skilgetnir, eins manns synir, og var faðir þeirra skilgetinn samfeddur, þá skulu þeir taka fullan arf slíkan sem faðir þeirra stóð til og svo jarðir og óðul og skipti sín í milli eftir mannmergð. Hvervetna þar sem lögmaður er nær, þá skal hann nefna menn til dóms, einkanaliga þar sem um stór mál er að dæma, en

ella sýslumaður og skoði innvirðuliga að þeir nefni tólf skynsama menn¹ og skilríka til dóms, hvorki sakaða né sífjaða þeim sem um skal dæma, og þeir tólf gangi einir saman og staðfesti svo dóm sinn, og síðan gangi þeir til annarra manna og samþykki þeir þá allir saman dóm þann með lófataki. En þeir sem eigi vilja samþykkja sveri eineiði að eigi vitu þeir annað sannara en þeir segja, ella sekur hver þeirra hálfri mörk við konung. Ef kona missir bónda síns yngri en tvítög eður karlmaður missir húsfrú sinnar yngri en tuttugu vetra og koma þau samt að lögum með frænda ráði, þá mega þau hafa fjárhald sitt og annarra manna ef undir þau ber eður fá öðrum, ef þau vilja það heldur. Item við því skal engi leiguliði ábyrgjast hús að skriður spilli eður ofviðri brjóti ef hann hefir upp haldið ábúð eftir lögum, et cetera.

3 *Réttarbót Hákonar Magnússonar um félagsgærd hjóna* *frá árabílinu 1299-1306*²

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Vær höfum oftliga beðnir verið um félagsgærd þá sem stendur í lögbook, að vær skyldim gera hana ljósari og um bæta það sem oss þætti áfátt vera, og af því skulu það allir menn vita að með hinna bestu manna ráði þá höfum vær svo skipað og staðfest um allt landið, það fyrst að þar sem menn gifta börn sín saman, þá stendur sá skilmáli, hvort sem er félag eður tilgjöf. Nú fær maður mey eður konu með tilgjöf, þá mega þau leggja félag þegar þau geta börn til arfs, ef hvort tveggja vill, og er sú kona gift með frænda ráði í helmingsfélag, hvort sem er að skipta viður börn þeirra eður útarfa, og leggist í félag allt það er þá eiga þau eður eigandi verða með slíkum arftökum sem þá gerðu þau sín í millum. Nú ef þau hjón leggja félag sín í millum er bæði eður annað eiga áður börn í ómegð, þá mega þau leggja félag með þeim hætti að hvors tveggja frændur hinir nánustu og hinir skynsömustu samþykki þeir sem til arfs standa eftir börnin ef faðir eður móðir væri fráfallin, nema lögmanni og öðrum skynsömum mönnum virðist til svika eður véla gert við börnin, þá skal það félag sem ógert sé. Svo höfum vær og skipað að ef misdaudi hjúna verður þar sem eigi er félag og fellur annað hvort hjúna frá að sumarmálum eður hvern tíma sumars til Michaelsmessu, þá skal hvort sína landsskyld hafa þá sem inn kemur um haustið og að vori eftir.

1 *skynsama menn*: í handriti er *menn skynsama menn*

2 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 347-349; *Norges gamle love* III, bls. 138-141; *Regesta Norvegica* III, bls. 123-124.

En ef annað hvort hjúna fellur frá að Michaelsmessu, að jólum eður að kyndilsmessu og um veturinn eftir, og framan til krossmessu, þá skiptist eftir jarðareignum sú landsskyld sem óneytt er sem tala rennur til.

4 *Úr almennri réttarbót Hákonar Magnússonar* 2. maí 1313¹

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Þar sem menn sækja fjársóknir sínar í héraði með atfararþingi liggi þar við hálf mörk sem áður lá eyrir við konung hverjum er þrjóskast heim að fara af þingi með réttaranum rétt að gjöra, hver sem sækir. Svo og fyrirbjóðum vær að nökkur maður kalli sín mál undan lögligum réttara til þess að draga málið fyrir hinum og firra hann svo sínum réttindum utan það sé í konungs náveru. Bjóðum vær sýslumönnum og lögmönnum að leggja svo hvers manns mál sem bréf þeirra votta. Datum.

5 *Ákvæði um rannsóknir úr þjéfabálki bæjarmannalaga* Magnúsar Hákonarsonar frá 1276²

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Engi skal annars gjalda. En þeir sem á öðrum vinna en þeir eiga sakir við eður ráða vandræði, þeir eru óbótamenn og hafa fyrirgert fé og friði, landi og lausum eyri, jafnvel óðalsjörðum sínum, og komi aldri í land aftur síðan. Ef maður er stolinn fé sínu þá skal hann beiða rannsóknar, ef hann vill, þann mann sem honum er mestur grunur á að fé hans hafi stolið, en hinn skal uppi láta rannsókn. En ef hann synjar, þá er hann sannur að sök. En sá er rannsaks beiðir skal hafa með sér tvo hússfasta menn en eigi fleiri. Þeir skulu ganga inn lindalausir og láta rannsaka sig áður en þeir ganga inn, og segja til jartegna á því sem stolið er áður en hann gangi inn. Og ef hann hittir fé sitt í örku manns eður töskum, í hirslum eður luktum keruldum, þá skal hann standa fyrir séttareiði og nefndarvitni að eigi kom þar að hans vilja eða vitand, ef hann er eigi áður að þýfsku kenndur. En ef hann hittir fé sitt utan láss eður loku, og þó í hans húsi, þá haldi upp séttareiði og sé það fangavottar, en þessir eiðar falla til fjögurra marka. Datum, et cetera.

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 384-386; *Norges gamle love* III, bls. 98-105; *Regesta Norvegica* III, bls. 264-265. Sjá hér nr. 6 og 16.

2 Íslenzkt fornbréfasafn I, bls. 653-654; *Norges gamle love* II, bls. 271.

6 *Úr almennri réttarbót Hákonar Magnússonar* 2. maí 1313¹

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn, et cetera. Skylda vor og ástsemd, et cetera. Fyrst að þar sem barn tók arf eftir móður sína skilfengna og faðir eftir sama barn, ef það ætti eigi skilgetið barn eftir sig, þá skal faðir eigi meira erfa héðan af eftir barn sitt og hans erfingjar en allt lausagóss ævinliga. En eignir allar skal hann eiga og í virðar setjast um alla sína lífdaga. En eftir hans daga taki sá eignir allar er erfðum er næstur eftir það sama barn. Þær þó er það erfði eftir móður sína, karl eður kona í móðurlegginum. Þeir þó sem af þeirri ættkvíslinni eru komnir og þær jarðir og það góss er út af komið. Sömu leið skal og fara ef móðir erfir barn sitt, það sem erft hefir föður sinn, skulu þessar erfðir ganga eftir almenniligu erfðatali en eigi konungs erfðum. Svo og ef maður hórar undir eiginkonu sína, og eigu börn saman, og andast konan og síðan barnið, þann arf skal aldri faðir taka er það barn erfði eftir móður sína. Þann arf skulu taka móðurfrændur barnsins hinir nánustu eftir því sem fyrr segir. Svo og af því að móðir skilgetin stendur eigi í almenniligu erfðatali eftir frilluborið barn sitt, sem segir í öðrum réttarbótum Hákonar konungs. Héðan af skulu almenniligar pútur eigi vitni bera, en það eru pútur er það verður vitnisfast að þær meta sig og taka með því nafni á sér, hvort sem það er meira eður minna, eður taka tvo menn á einu dægri. Þeir menn er lögmanni og öðrum dómurum, og skilríkum mönnum er í dómum sitja hjá þeim, sýnast þeir óskilríkir vera sakir einnar hverrar óhlutvendi, skulu eigi vitni bera og einkanliga síst í stórmælum. Þar sem skilríki tekur góðra manna í millum fyrirbjóðum vær héðan af að nokkur maður kalli sín mál undan lögligum dómum eður dómurum til þess að draga málið fyrir hinum, og firra hann svo sínum réttindum. Bjóðum vær sýslumönnum vorum og lögmönnum þessar réttarbætur að halda og í lögbók setja, því að vær viljum að þessi lög gangi um aldur og ævi um allt Noregs konungs ríki.

7 *Réttarbót Hákonar Magnússonar 28. mars 1318* *um ættleiðingu og eiðir*²

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Vær viljum yður kunnigt gera, að á týrsdaginn næsta eftir miðföstu á níttjándá ári ríkis vors komu þeir

1 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 384-386; *Norges gamle love* III, bls. 98-105; *Regesta Norvegica* III, bls. 264-265. Sjá hér nr. 4 og 16.

2 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 411-413; *Norges gamle love* III, bls. 128-131; *Regesta Norvegica* III, bls. 322.

fyrir oss á stefnu í málstofuna á Túnsbergi, Úlfur Þóraldason af hálfu Guðrúnar húsfreyju sinnar og annarra systkina hennar, barna meistara Herjúlfs kórsbróður í Ósló, af einni hálfu, og Gunnar af Hrísum af annarri. Kærði Úlfur að Guðrún kona hans og systkin hennar ná eigi réttu af honum um arf frú Ragnhildar móður meistara Herjúlfs, þar sem faðir þeirra hefði ættleitt þau til arfs síns eftir lögum. En Gunnar svaraði því, að þótt faðir þeirra hefði ættleitt þau til arfs síns, þá voru þau þó ekki arfleidd til arfs frú Ragnhildar föðurmóður sinnar og móður meistara Herjúlfs er síðar andaðist en faðir þeirra, og kveðst hafa fyrir sér dóm herra Guttorms lögmanns sem sjá má. Nú af því að lögmennirnir undirstóðu ýmissliga ættleiðingar capitulum og báðu oss skýra og greina hversu það skal undirstandast, hvort ættleiðingur skal þann einn arf taka sem hann er ættleiddur til eður fleiri, þá gerum vær þá skýring á með vitrustu manna tillögu og undirstaðning þeim sem virðuligur herra Magnús konungur faðir vor hafði, þá er hann skipaði ættleiðingar capitulum og í lögbók sína lét setja að ættleiðingur skal taka alla arfa sem til kunnu að falla sem skilgetinn eiginnar konu son þess sem arfleiddi jafnan héðan af. Og því dæmdum vær Guðrúnu og öðrum börnum meistara Herjúlfs lögliga arfleiddum arf frú Ragnhildar föðurmóður sinnar. Datum, et cetera.

8 *Réttarbót Hákonar Magnússonar 10. júní 1313* *um að menn sæki lögþing*¹

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Vær höfum spurt þrjósku þá og óhlýðni sem þér hafið haft um hríðir, að þér hafið fyrirnumist að sækja lögþingi yðvart á hverju ári móti lögum og fornri landsins siðvenju, og fellið niður með því lögþingið, og missir almúginn þar fyrir sinna réttinda og nauðsynja. Því bjóðum vær að þér sækið lögþingi yðvart rækiliga sem vant er og vitið fyrir víst að hver er það fyrirnemst skal mæta vorri sannri óblíðu og lúka þá sekt sem við liggur. Og á það ofan fyrirbjóðum vær lögmönnum vorum að segja nökkurum manni lög þeim er sýslu hefir hér með yður, né léns-
mönnum þeirra eður byskups ármönnum, þeim er nauðsynjalaust halda eigi þetta vort boð á næsta sumri eftir er hann kemur eigi til lögþingis á nökkuru sakafærlu sem honum kann til bera. Var þetta bréf gert á Ávaldsnesi á trínitatis messudag á fjórtánda ári ríkis vors.

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 386-387; Norges gamle love III, bls. 105-106; Regesta Norvegica III, bls. 267.

9 Réttarbót Hákonar Magnússonar 26. desember 1309 um framferði sýslumanna¹

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Margir menn hafa kært fyrir oss um þann úrskurð sem lögmaður segir manna í millum og dómar þeir sem dæmdir eru, að enginn réttur gerist á þó að kært sé fyrir sýslumönnum eður þeirra umboðsmönnum, utan þeim sé gjafir gefnar. Og af því að oss byrjar þvílíka hluti með öngu móti þolast láta, þá viljum vær að allir menn viti að þar sem sá er málið varðar og lögskilað er, eður dæmdur er dómur til handa, kærir sig fyrir vorum sýslumönnum eður þeirra lénsmönnum og biðja sér rétt gjöra og fá engan, þá fyrirbjóðum vær vorum sýslumönnum og þeirra léns-
mönnum að sækja vora þegna um þann sakareyri er vær höfum þeim veittan fyrr en þeir hafa rétt gert þeim er sig kærði lögliga fyrir þeim og þess von eiga ofan á að vær fáim þeim vora föðurleifð í hendur er rétt vilja gjöra. Þeim mönnum er sig kæra lögliga, hvervitna þar sem lögmanni og öðrum skynsöm-
um mönnum líst að sýslumenn eður þeirra lénsmenn taka rangliga peninga manna utan lögliga sökna, og kunni einnhver svo fákunnigur að verða eður fásvinnur þá viljum vær að þeir sæki öngvan rétt fyrr en þeir hafa rétt gert þeim er þeir tóku fyrir aflaga, eftir lögmanns ráði og annarra góðra manna. Var þetta bréf gert í Túnsbergi á annan dag jóla, á ellifta ári ríkis vors.

10 Réttarbót Hákonar Magnússonar 11. október 1303 um skuldir handgenginna manna²

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, son Magnúss konungs, sendir öllum mönnum á Íslandi kveðju guðs og sína. Það hefir fyrir oss iðuliga kært verið, að ýmissir handgengnir menn vorir hér með yður vilja eigi lúka skuldir sínar og eigi bæta miska sína þá er þeir kunnu í að falla og eigi til lögmanns koma þann tíma sem þeir verða lögliga til hans stefndir. Svo og að þeir vilja eigi vitni bera og enga eiða sverja þó að lögbók skyldi á þá með þeim eið er þeir hafa oss svarið og því skyldu þeir eigi oftár sverja. Og af því að vær meg-
um það eigi hlýða láta og eigi viljum vær meður nökkuru móti þola, þá skuluð þér það allir vita að hver sem að því verður kunnur og sannur héðan af og ræð-
ur eigi bætur á, og einkanliga þann tíma sem honum verður til sagt fyrir sýslu-

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 367-369; Norges gamle love III, bls. 86-88; Regesta Norvegica III, bls. 200.

2 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 339-340; Norges gamle love III, bls. 63-67; Regesta Norvegica III, bls. 65-66.

manni eður lögmanni, þá er hann¹ sjálfsagður af hirðlögum, skulu þeir hafa sess með múgamönnum hvort sem þeir koma í veislur eður samkundur. En hver af þeim er með hirðmönnum sest skal aldri eiga von afturkomu til hirðvistar. Bjóðum vær sýslumönnum vorum, hverjum í sinni sýslu, að sækja þá sem aðra múgamenn. Bjóðum vær handgengnum mönnum vorum, hverjum í sinni stétt, að þeir bæti um það sem hér til hefir áfátt verið, því að fullkomliga verður eftirsækt upp frá þessum tíma. Datum et cetera.

11 Réttarbót Hákonar Magnússonar 23. júlí 1316 um kristinrétt²

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn, et cetera. Vær höfum undirstaðið að lögmenn vorir vilja eigi lög segja um þau mál sem kirkjuna varðar og kristinsdómsréttur á um að ganga, því að enginn kristinsdómsbáلكur er í þeirri bók sem virðuligur herra Magnús konungur, faðir vor, lét saman setja, og því hefir fyrirfarist að vær, erkibyskup og byskuparnir höfum eigi liðugir til orðið kristinsdómsbáلكinn svo að setja sem oss líkar, en viljum þó með öngu móti að heilög kirkja missi sinna réttinda eður hennar formenn. Því bjóðum vær að lögmenn vorir hafi og haldi og allir aðrir þann kristinsdómsrétt sem verið hefir að fornu hér með yður, þó hvorki þann sem Magnús konungur faðir vor lét saman setja og eigi þann sem Jón erkibyskup lét saman setja. En þann sem áður var viljum vær að sá gangi og þar eftir dæmi lögmenn og leggi lagaúrskurð á, svo þó að öll sú sekt sem þar stendur í og ánefnd er falli til þriðjungs. En ef nökkur hlutir eru þeir þar í er yður þíkkir áfátt vera og eigi mega standa, þá riti til vor og þar með yðra tillögu, með vitorði og samþykki byskupanna, lærðra manna og handgenginna, er vitið hvað landinu hæfir og nýtsamligt er. Var þetta bréf gjört í Björgvin Ólafsvökuafan. Datum, et cetera.

12 Réttarbót Hákonar Magnússonar 25. nóvember 1315 um brefabrot³

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur sendir N. lögmanni, et cetera. Margir menn hafa kært fyrir oss iðuliga, og einkanliga þeir sem umboð hafa

1 hann: í handriti er þann

2 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 404-406; Norges gamle love III, bls. 116-117; Regesta Norvegica III, bls. 298.

3 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 399-401; Norges gamle love III, bls. 114-115; Regesta Norvegica III, bls. 289-290.

vorra vegna að sækja bréfabrot oss til handa, að þér vilið öngva sekt á þá dæma er brjóta bréf vor eður rjúfa þá úrskurði sem vær höfum á lagt eður staðfest. Og af því viljum vær að þér vitið að vær höfum svo skipað staðfastliga fyrr meir og svo viljum vær að geymist upp frá þessum degi óbrigðiliga, að hver sem brýtur bréf vor héðan af eður dóma, vor náðarbréf eður staðfestu eður þau önnur sem vær gefum út ýmsum mönnum til réttinda, styrks eður náða, þó að eigi sé sakir ánefndar í vorum bréfum, þá viljum vær að hver maður sé sekur átta mörkum er vor bréf brýtur og svo bjóðum vær þér að dæma og lagaúrskurð á að leggja héðan af, fyrrnefndar átta merkur, á hvern þann mann er að því verður kunnur eður sannur, sem aðrar lagasektir þær sem ánefndar eru í landslagabókinni sjálfri, nema þar sem menn gera friðbrot, heimsókn eður rán, eður aðrar þær sakir sem oss þíkkir eigi svo lítil sekt til koma, þá viljum vær að fari eftir því sem lögbók vottar. Datum et cetera.

13 Réttarbót Hákonar Magnússonar 29. maí – 6. október 1303 um heitingar¹

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn, et cetera. Það er oftliga kært fyrir oss að frændur þeirra manna er vorir umboðsmenn láta taka til rannsaks eður láta refsa þeim eftir lögum heitast við vora umboðsmenn eður þá aðra er þeim vilja fylgja og konungs vald styrkja og réttindi að gjöra eftir lögum, og af því að hinum skynsömum mönnum og oss sýnast þessir menn eigi betri en þeir menn er heimta gjöld fyrir þá menn er konungur lætur refsa eftir lögum fyrir sín afbrot, þess og annars að eftir slíkum heitum hafa oftliga vond heit fram komið. Og af því krefur oss vor skylda til skorður við að reisa þvílíkri vonsku og annarri illsku er nú hefst dagliga, þá er það boð vort og fullkominn vili að hver er að þessu verður kunnur og sannur héðan af takist og innsetist undir konungs geymslu þar til er hann fær þá borganarmenn að hinn sé traustur og öruggur fyrir honum er hann heitaðist við, svo að hann fái þar hvorki af skömm né skaða, og á ofan fjórar merkur konungdóminum fyrir sína ofdirfð og hinum fullrétti sitt eftir sex manna dómi er hann heitaðist viður. Kann og svo til að bera að hinn sem heitast var við fái nökkura skömm eður skaða, þó að síðar sé, og sýnist skynsömum mönnum nökkur sú grunsemd þar á að þess völd hafi til gengið eður ráð er áður heitast um, þá fyrirbjóðum vær sýslumönnum vorum og lögmönnum nökkura undanfærslu að taka af þeim fyrr en vær erum að spurðir. En ef nökkur tekur þá er sem ógjört sé. Það höfum vær og undirstaðið sannliga að þeir eru margir

1 Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 336-339; Norges gamle love III, bls. 59-62; Regesta Norvegica III, bls. 65.

menn er vanfærir eru til að skipta lögum við þá menn er eigi vilja eftir stefnum fara eður skynsamliga svara, hvort er þeir eigu málaefni viður aðra menn eður aðrir við þá, utan ganga fram með reiðuligri heitan og ofsvæsi við þá sem spakir eru eður minni þeim eru fyrir sér, og þó bjóða sig til laga og réttinda eftir góðra manna dómi og vörslum þar sem það hæfir. Svo og verða sumir fyrir hræðslu sakir sinn rétt upp að gefa. Og því að vær viljum né megum slíka hluti með öngu móti hlýða láta héðan af, þá bjóðum vær fullkomliga sýslumönnum vorum að taka þá menn er að slíku verða kenndir og til slíkrar geymslu og varðveislu sem fyrr segir. Með sama hætti skal og vera um undanfærslu þeirra, ef þeim kann þörf að verða er málaefni eigu við þá. Bjóðum vær öllum mönnum og einkanliga handgengnum mönnum vorum að veita sýslumönnum vorum lið með styrk og fylgi, svo að þessi vor og allur annar boðskapur sá er vær höfum skipað góðum mönnum til frelsis en óhlýðnum til refsingar og yfirbótar verði staðfastliga haldinn. Var þetta bréf gert í Túnsbergi á óðinsdaginn næsta fyrir trínitatismessu á fjórða ári ríkis vors. Herra Áki canceler vor innsiglaði. Páll klerkur ritaði.

14 *Bref Hákonar Magnússonar um Jörund Þorsteinsson Hólabiskup frá árabílinu 1299-1313¹*

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn, et cetera. Herra Sveinn Þórisson kærði fyrir oss af hendi fátækra manna í Skagafirði að herra Jörundur byskup hefir tekið af þeim til nökkurra fjórtán hundraða er þeir eiga og haft hafa af hvölum þeim er bændur hafa flutt til lands á helgum dögum og þar með fimmtunginn af reyði þeirri er hálf fjórða hundrað vætta er á. Og af því að skilvís vitni buðust fyrir oss að fimmtungur úr hverjum hval, stórum og smám, þeim er flust hafa á helgum dögum, hefir fátækra manna eign verið að fornu, eftir því sem lögbók yður og forn kristinsdómsréttur vottar. Því fyrirbjóðum vær hverjum manni, í hverri stétt sem hver er, að taka það af þeim eður öðrum í hendur að fá eður að greiða en sýslumanni vorum eður þeim sem hann fær til við að taka og skipta millum fátækra manna. En hver sem þess dirfist, þá viti sannliga að hann skal því fyrir bæta að honum skal mislíka svo að öðrum sé til viðursjónar. Bjóðum vær og áminnum herra Jörund biskup að lúka aftur það sem hann hefir tekið eður taka látið fyrir sögðum fátækum mönnum innan þess hálf mánaðar sem þér hafið séð þetta vort bréf, svo að þetta þurfi eigi oftast fyrir oss að kæra, því að það ber öllum illa að ræna fátæka menn en allra verst forstjórnarmönnum heilagrar

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 345-347; *Regesta Norvegica* III, bls. 252.

kirkju. En ef herra byskup hefir eigi rétt gert innan þessa hálfis mánaðar sem bréfið vottar, þá bjóðum vær sýslumönnum vorum og handgengnum mönnum að taka svo mikið af byskups góssi sem hann hefir af fátækra manna fé tekið og svo mikinn ávöxt sem góðir menn sjá að af megi ganga síðan það var tekið. Datum et cetera.

15 *Réttarbót Hákonar Magnússonar 13. desember 1318* *um rangindi lénsmanna*¹

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn, et cetera. Af því að vær getum varla þó að vær vildim yfir öllum málum setið þeim sem oss sjálfum varða, sakir mikillar fjölskyldu og áhyggju sem vær höfum fyrir annarri landsins nauðsyn og vorri, þá viljum vær að allir menn viti þessa vora skipan og haldi fyrir lög um allt Noregs konungs ríki, et cetera. Af því að iðuliga hefir fyrir oss kært verið af hendi almúgans um þau rangindi sem lénsmenn vorir gera eður gert hafa til þessa tíma, að þeir stefna mönnum til lögmanns, stundum fyrir litlar sakir eður öngar, og koma síðan hvorki sjálfir né þeirra umboðsmenn til andsvara. Það annað að þeir lofa þeim mönnum heima að sitja sem lögliga verða stefndir og þyngja svo þeim mönnum í margfaldligum rekstrum sem gjarna vilja lagamenn vera að þeir gefa ljúfara upp sín málaefni eður gjalda eftir því sem lénsmenn leggja á þá, heldur en þeir vili um hið sama mál reknir vera. Sýnist oss sem þar hafi til gengið gleymaska sjálfra sýslumanna vorra, sem augljóst er að lénsmenn dirfast slíkt að gera, þar sem þeir spyrja skjótt ef nokkurar sektir falla til með höndum í þeirra sýslu, aldri eru svo litlar, en slíka illsku sinna lénsmanna látast þeir eigi vita. Því ber oss um að hugsa að gleymaska sýslumanna eða illska lénsmanna verði oss eigi til ófrægðar en saklausum mönnum til skaða, þeim til fjárupptektar. Því bjóðum vær herra N. valdsmanni vorum að hann taki oss til handa mörk forna fyrir hverja stefnu eftir því sem lögbók vottar svo að þeir koma eigi sjálfir eður þeirra umboðsmenn lögligir til andsvara, og þeim er stefndur var kost sinn allan, þó að þeir komi sjálfir, og finnst eigi löglig sök þeim á hendi er þeir stefndu. Þá skulu þeir lúka þeim kost sinn allan nema þeir sveri að þeir þóttust rétt mál sækja. En fullt bréfabrot ef þeir hrjá menn eður reka aflögliga um þau málaefni sem vor bréf liggja fyrir, skulu þeir sem stefndir eru lögliga og leyfið taka af sýslumönnum sjálfum eður þeirra lénsmönnum til heimasetu slíku fyrir svara sem áður er mælt, bæði oss og þeim sem stefndi ef hann kemur eigi sjálfur í þá stefnu, hversu sem vær skipum við þá er leyfið

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 415-420; Norges gamle love III, bls. 63-66; Regesta Norvegica III, bls. 332.

gáfu móti lögum og réttindum. Svo höfum vær og boðið herra N. þvílíkar sektir að taka sem áður er mælt af þeim mönnum sem eigi vilja fara lögliga stefndir til vor eður lögmanns áður en vor bréf koma, eftir það fyrsta sem hann kann var að verða að þeir eru komnir, áður en nokkuð gerðist að þeirra málum, hvað mönnum sem þeir eru, að þeir sýnist eigi gagn af hafa sinni þrjósku og ranglæti. Þá menn sem eigi vilja fara eftir vorum boðskap skal herra N. láta taka hvar sem þeir eru og í myrkvastofu setja þar til er þeir hafa bætt eftir fyrra skil-orði, og á ofan bréfabrot. Eftir skal herra N. og prófa og prófa láta þeim mönnum sem lögbók vottar útlæga vera, svo sem eru manndráparar, atvistarmenn, þjófar og meinsæramenn og ránsmenn, og öllum öðrum sem að óbótamálum og verkum verða kunnir og sannir, svo og þeim sem brotið hafa bréf vor og boðskap, og láta þeim svo refsá síðan sem lögbók vottar og lögmanni og öðrum skynsömum mönnum sýnist ráð vera, og láta þá eina fyrir oss koma sem hann sér að nokkurra náða eru verðir og miskunnar. En góss óbótamanna fari eftir því sem vær gerum ráð fyrir sjálfir og þeirra manna landsvist og friðkaup sem vær sjáum að náða eru verðir. Þökkum vær þeim handgengnum mönnum vorum er oss hafa verið hlýðnir og eftirlátir síðan guð kaus oss til ríkissstjórnar eftir bróður vorn hinn kærasta, og þeim einkanliga er lagamenn vilja vera með alla menn og gæta svo að halda þann eið sem vær höfum svarið öllu landsfólkinu og svo sjálfra sinna, et cetera.

16 *Úr almennri réttarbót Hákonar Magnússonar* 2. maí 1313¹

R.B.H.K.

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Héðan af skulu karlmenn nefnast til eiðvættis og undanfærslu með körlum en konur meður konum. Svo og ef kona hórar undir bónda sinn og eigu börn saman, og andast faðirinn og síðan barnið, þann arf skal aldri móðir taka er það barn erfði eftir föður sinn, utan þau sættist áður sín í millum um mál sín og upp gefi hvort öðru það sama hór. Þann arf skulu taka föðurfrændur barnsins hinir nánustu sem erfðatal vottar. Sömu leið skal fara ef bóndi hórar undir konu sína. Bjóðum vær sýslumönnum vorum og lögmönnum þessi lög og réttarbætur í lögbók setja, því að vær viljum að þau gangi um aldur og ævi um allt vort ríki. Gefi það Jhesus Christus að þessar vorar skipanir og allar aðrar réttarbætur er vær höfum yður gefið geymi þér svo að yður sé til nytsemdar og ævinligs gagns guði til heiðurs, oss til æru öllum samt og fagnaðar. Þetta bréf var gert í Niðarósi krossmessudag

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 384–386; Norges gamle love III, bls. 98–105; Regesta Norvegica III, bls. 264–265. Sjá hér nr. 4 og 6.

um vorið, þá er liðið var frá higaðburð vors herra Jhesu Christi þúsund þrjú hundruð vetra og þrettán vetur á fjórtánda ári ríkis vors. Herra Bjarni Auðunarson innsiglaði oss sjálfum hjáveröndum. Þorgeir Tófason notarius vor ritaði.

17 *Bref Magnúsar Eiríkssonar 10. júní 1320 um Auðun Þorbergsson Hólabiskup¹*

Réttarbætur virðuligs herra Magnúss konungs Eiríkssonar Magnús með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Herra Haukur Erlendsson, Ketill Þorláksson, Snorri lögmaður Narfason og margir aðrir dugandi menn er vær létum utan kalla til vor, téðu oss með bréfum Norðlendinga, af hálfu þegnanna og almúgans, hér með yður um ýmissa afdráttu og þvinganir er byskupar og aðrir lærðir menn gera yður móti lögum og fornum landsins vana um hálfkirkjur og að byskupar vilja taka og tekið hafa til sín og kirknanna af fiski og hvölum er veiddir verða eður fluttir á helgum dögum og taka af fátækum mönnum. Svo og alla þá tíund sem minni er en eyris tíund og fátækir menn eigu að hafa vill byskup taka til sín og um kristfé er byskupar vilja taka af fátækum mönnum og þeirra umboðsmönnum. Viljum vær með öngu móti því líka óhlýðni og rangindi lengur hlýða láta og því fyrirbjóðum vær byskupum og lærðum mönnum að seilast á þegna vora móti lögum og fornri siðvenju, svo þó að Hólabyskup vísiteri um hvert ár byskupsdæmi sitt, þá viljum vær að hann komi í hvern löghrepp, sem forn lög votta, og gisti að annarri hverri sóknarkirkju, utan bændur vili sjálfir frammar. Bjóðum vær þegnum vorum og öllum almúganum á að standa og halda réttindum sínum og öllum réttnefndum articulis eftir því sem þeir vita að eftir fornu hefir verið. Bjóðum vær hirðstjóra vorum, riddurum² vorum, hirð vorri og öllum landsins formönnum að styrkja þenna vorn boðskap eftir því sem þér vilið svara fyrir guði og oss, vitandi til sanns að oss mislíkar ef þér gerið öðruvísa. Datum et cetera.

18 *Staðfesting Magnúsar Eiríkssonar um 1350-1360 á skipan Hákonar Magnússonar frá 1308-1309 um hlýðni Íslendinga við kirkjuna³*

R.B.M.K.

Magnús með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Vær bjóðum yður fullkomliga með þessu voru bréfi að þér séð kirkjunni á Íslandi og hennar formönnum hlýðnir og eftirlátir í öllu því er þér eigið þeim skynsamliga að lúka,

1 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 495-496; *Regesta Norvegica* IV, bls. 38.

2 *riddurum*: í handriti er *riddararum*

3 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 363-366, og III, bls. 75-76; *Norges gamle love* III, bls. 81-85 og 194; *Regesta Norvegica* III, bls. 191.

en fyrirbjóðum vær fullkomliga öllum þegnum vorum undir nökkurar sektir eður álögur að ganga framar en kristindómsréttur vottar. Bjóðum vær sýslumönnum vorum, handgengnum mönnum og lögmönnum að þér styrkið þegna vora til laga og réttinda eftir því sem vottar skipan virðuligs herra Hákonar konungs, móðurföður vors, er svo byrjar: Penna hátt hæfir sýslumönnum vorum og lögmönnum að hafa og dyggiliga að halda og geyma til upphalds réttinda þegnanna og annarra undirmanna virðuligs herra Noregs konungs. Fyrst að engar sektir leggist á þá framar en lög votta og engar aðrar nýjar álögur, hvorki fyrir forboðan né taksetningar eður stefnur er þeir gera í lýsingum eður brúðlaupsgjörðum framar en greint er. Svo og um skipanir þær sem menn gera á síðustu dögum sínum, hvort sem gert er kirkjum eður klaustrum eður öðrum, skulu eigi framar haldast en lögbók vottar. Landvarnarsegl og reiða skal í kirkju leggja sem forn vani hefir á verið. Erfa skulu leikmenn presta og klerka að öllu eftir fornum vanda. Leiðangur skulu og allir gera eftir jarðarhöfn og fjármagni sem lög votta. Fátækra manna fjórðungur skal takast af öllum tíundum og skiptast sem að fornu hefir verið. Klerkasveinar allir skulu búa undir slíkri lýðskyldu við konungdóminn sem aðrir konungs þegnar ganga undir, bæði að sektum og sóknum, sköttum og skyldum og öllum álögum, utan svo margir menn sem lofaðir eru byskupum. Er það fyrst hundrað manna erkibyskupi, þeir sem hann vill hafa til nefnt, er frjálsir skulu vera af leiðangursgerð. Skutilsveinar til þriggja nefja og hver húskarl til tveggja nefja, skulu þeir frjálsir af leiðangursgerðum og nefningum öllum við konung, og svo skipdráttum. Slíkar sömu réttarbætur skulu og hafa fjóra tigi manna hvers ljóðbyskups innan lands þeir sem sjálfir byskuparnir vilja og þeir hafa til nefnt. En ef menn erkibyskups berjast í hans hjáveru sín á millum, í garði hans eður á skipi eður á öðrum tveimur skipum, þá skal þá sekt eiga hálfa konungur en hálfa erkibyskup, utan manndráp og limalát, þá á konungur einn saman. En þar sem erkibyskups menn berjast utan hans hjáveru við aðra menn,¹ þá á erkibyskup öngva sekt á því, en öngvar sektir eru öðrum byskupum játaðar hvorki yfir sínum mönnum né öðrum, utan þær einar sem forn kristinn réttur vottar, skulu og fyrrnefndir erkibyskups menn eður annarra byskupa því aðeins njóta fyrrnefndra réttarbóta að þeir sé allir ánefndir í einu bréfi að hverjum byskupsstóli. Einkanliga er og fyrirboðið að játa próföstum eður þeirra umboðsmönnum nökkura almenniliga tolla. Fyrirboðið er og öllum mönnum að gefa fyrir kirkjugröft, barnskírn, olean og vors herra líkam eður aðra þvílíka hluti andliga nema það sem með guðs vilja vill hver gert hafa, því að prestar eru skyldir að veita

1 við aðra menn: í handriti er við aðra menn eður aðra menn

mönnum þvílíka hluti ókeypis. Svo og þeir menn sem forellrar þeirra hafa lát-ið upp gera kapellur og sjálfir bændur hafa nökkurn kost til lagt, sér til tíða-halds eður annars heilags embættis, og vili byskup eigi prest til fá sem forn vandi hefir á verið, þá sýnist eigi skynsamlegt að menn missi tíðanna en greiða þó sitt út. Nú ef prófastar eður þeirra umboðsmenn ganga á þessa hluti sem nú eru taldir og þröngva konungs þegnum með banni eður harðindum að ganga undir sektir eður aðrar nýjar álögur þær sem þeir hafa eigi fyrr undirbúið, þá skal lögmaður eður sýslumaður, hvorn sem bændur krefja fyrr til, skyldugur til vera að fylgja bóndum til réttra laga og fornra. Hefir og prófastur réttar sakir á bóndum, þá skulu þeir skyldir til að gera þeim rétt. En ef svo sýnist að þeir gangi rangliga á þegna vora og þeir vili með öngu móti hlíta þeirra fortölum, heldur að þeir þröngva bóndum með banni eður öðrum þyngslum að ganga undir þeirra álögur, þá er oss það óljúft að sá njóti réttinda er öðrum vill ekki rétt unna. Skal þá lögmaður eður sýslumaður segja próföstum eður þeirra umboðsmönnum að þeir munu engi réttindi gera þeim nema þeir sé réttir við aðra menn. Nú ef lögmenn eður sýslumenn verða að því sannir að þeir vilja eigi halda konungs þegna til réttinda, þá viti sannliga að þeir skulu missa kon-ungs vináttu og þó léttliga þjónustunnar með. En ef lögmenn eður sýslumenn vorir finna að prófastar eður þeirra umboðsmenn kennast eigi við það sem fyrr var sagt, ef þeir eru áminntir, þá skulu þeir fyrirbjóða öllum mönnum, svo kon-um sem körlum, að vinna fyrir þeim eður að leiga eignir þeirra, hús eða jarðir. Vitið fyrir víst ef þér gerið öðruvís að þér skuluð sæta vorri sannri óblíðu og á það ofan svara oss fullu bréfabroti. Datum et cetera.

19 *Réttarbót Magnúsar Eiríkssonar 9. júlí 1330* *um skuldir Íslendinga*¹

R.B.M.K.

Magnús með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Oss og ráði voru hefir téð verið að kaupmenn þeir sem higað sigla til landsins fá eigi skuldir sínar í réttan tíma af þeim er þeir eigu heimt á að, og þeirra ferðir hindrast íðuliga þar fyrir svo að þeir komast stundum seint af landinu eður þeir verða þar að sitja tvo vetur sem sér höfðu ætlað áður einn. Og af því að vær viljum það með öngu móti hlýða láta, þá bjóðum vær yður að þér hafið lokið austmönnum skuldir sínar að Ólafsmessu fyrri á hverju sumri, svo framt sem hver er þá hefir eigi lokið vili svara oss tólf álfnum af hverju hundraði því sem hann er skyldugur og annað slíkt þeim er skuldina átti. En ef hann kemur eigi til skips á þenna dag

1 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 648-649; *Regesta Norvegica* IV, bls. 279.

eður hans góss og kærir sá sem skuldina átti að heimta, þá bjóðum vær sýslumanni eður umboðsmanni og þeim fjórum skilríkum mönnum sem hann kallar til með sér að þeir láti meta þegar í stað af hins góssi heima svo mikið sem skuldinni svarar, og þar með fyrir flutning til skips, og sérdeilis oss og þeim er skuldina á að heimta hálf mörk. Skal þetta og metast sóknarlaust hvar sem þess góss kann að hittast er skuldina átti að lúka. Vilja og sýslumann vorir eður þeirra umboðsmenn þenna vorn boðskap eigi halda eður styrkja, þá viti sannliga að þeir skulu bæði missa sýslur og sæmdir þær sem þeir hafa af oss og á ofan sæta vorri sannri óblíðu. Datum et cetera.

20 *Réttarbót Magnúsar Eiríkssonar 4. júlí 1329* *um vaðmálagerð¹*

R.B.M.K.

Magnús með guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Oss og ráði voru hefir iðuliga téð verið að vaðmál þau sem héðan færast eru eigi svo góð sem þau eigu að vera að fornu. Og af því að vær viljum eigi né megum hlýða láta að það dragist lengur í óvana, þá bjóðum vær yður að þér gerið eður gera látið héðan af vöruvoð, munaðarvoð, hafnarvoð eður önnur vaðmál þau sem þér látið út af landinu færast svo góð að allri gerð og kosti og vog sem siðvenja hefir til verið að fornu, svo og að vaðmálin sé jafnlöng að hrygginum sem með jöðrum. En hver sem öðruvís gerir, þá viti sannliga að vaðmálin skulu upptæk vera oss til handa, þau sem öðruvís gerast en nú höfum vær fyrir sagt, og bjóðum sýslumönnum vorum að sjá að þessi vor boðskapur haldist óbrigðiliga, svo framt sem þeir vilja njótandi verða þess góðvilja sem þeir hafa af oss og konungdómnum. Datum et cetera.

21 *Réttarbót Magnúsar Eiríkssonar 25. mars 1353* *um sektir fyrir okur²*

R.B.M.K.

Magnús meður guðs miskunn Noregs konungur, et cetera. Ýmsir góðir menn af Íslandi og í Noregi hafa téð oss að bændur og ríkir menn hér á landinu hafi skyldugir orðið byskupum, bæði norðan lands og sunnan, góss og peninga fyrir okur og tíundargerðir óréttligar er kirkjunnar formenn hafa þeim um kærða. Þá að þar hafi eigi opinber úrskurður á fallið sakir undandráttar, því að vær áttum hálfa sektina. Nú af því að vær viljum með öngu móti slíka óhlýðni þolast láta krúnunnar vegna viljum vær og fullkomliga bjóðum yður öllum samt

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 645-646; *Regesta Norvegica* IV, bls. 254.

2 Íslenzkt fornbréfasafn III, bls. 72-73; *Regesta Norvegica* VI, bls. 88.

og sérliga hverjum, hvað manna sem hver er, sá er fyrir okur eður tíundarmál hefir sína peninga útlátið með byskupa eður þeirra umboðsmenn, að andvarða og upplúka hirðstjóra vorum hér svo mikið góss sem þér lukuð kirkjunni, og hafið þetta gert innan þriggja mánaða eða ráð fyrir gjört svo að honum nægi vorra vegna síðan þér hafið heyrt þetta vort bréf, og sýnist honum með lögmanna hjáveru¹ próf og fullt skilríki að þér eruð saklausir meður oss hér um og hafið það gert innan þessa tíma. En hver af yður er eigi gerir svo skal svara oss átta örtögum og þrettán mörkum í bréfabrot. Bjóðum vær hirðstjóra vorum hér að stefna hverjum þeim fyrir oss er eigi vill þetta vort boð halda tólf manna stefnu til Bághúss með sínu prófi og skilríki, skulu vær svo að sjá að þeim og öðrum skal til viðsjónar verða oss þvílíkan órétt að gera. Datum et cetera.

22 *Réttarbót Magnúsar Eiríkssonar um skuldir Íslendinga frá árabílinu 1330-1360²*

R.B.M.K.

Magnús með guðs náð Noregs konungur, et cetera. Sakir þess að kaupmenn af Bergvin fá seint eður eigi sínar skuldir af ýmissum mönnum hér í landinu í svo mikinn háska sem þeir verða sig og sitt góss að leggja á haustum, þá gerum vær þessa skipan á að þeir skulu hafa skuldir sínar af landsmönnum allar að Þorláksmessu og svo þeim rétt gjört. En hver sem öðruvís gerir forfallalaust skal lúka oss og þeim er skuldina átti mörk fyrir hvert hundrað vöru eður annað góss að jafnri reikning. Skyldugir skulu kaupmenn að forða vorn skatt héðan af landinu, þó svo að leggja ekki sitt góss eftir með fullri leigu slíkri sem skynsamlig er og hirðstjóra vorum og þeim semur, fyrirbjóðandi öllum kaupmönnum að taka nökkuð góss í skipin utan vort, ef það er til, nema kost og klæði þeirra manna sem skyldaeyrindi hafa til vor. Vitið fyrir víst ef þér haldið eigi þenna vorn boðskap að hver af yður skal svara tíu mörkum í bréfabrot og þeim skaða sem þar af fæst, en góssið upptækt oss til handa það er farþegar eiga. Datum et cetera.

23 *Réttarbót Magnúsar Eiríkssonar 11. desember 1342 um sýslur³*

R.B.M.K.

Magnús meður guðs náð Noregs konungur, et cetera. Vær viljum að þér vitið að sakir hlýðni þeirrar og þegnskyldu sem vær hyggjum oss hafa eiga af yður

1 *hjáveru*: leiðrétt eftir öðrum handritum samkvæmt *Íslenzku fornbréfasafni* en í handriti er líkt og *r* sé breytt í *h* þannig að eiginlega stendur *ráðveru*
 2 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 787-789; *Regesta Norvegica* VI, bls. 321.
 3 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 764-766; *Regesta Norvegica* V, bls. 215-216.

sem af öðrum vorum þegnum, þá viljum vær og fullkomliga bjóðum að enginn maður taki sýslur til nökkurs langframa, nafnbætur eður annað starf það sem konungdóminum heyrir til að skipa, nema sá er þess vill beiðast komi sjálfur til vor að vær skipim þá hverjum eftir því sem oss sýnist hver verður vera. Fyrirbjóðum vær fullkomliga að þeir menn sem saklausa menn drepa eður önnur skemmdarvíg vinna færast af landinu, nema vor sérleg bréf eður boð komi þar til. Svo leggjum vær og landráðasök á þá alla sem óhlýðnis samheldi eður samhleypi gera til þess að styrkja illgerðarmenn móti krúnunnar rétt og landsins lögum, og þá sem draga þeim undan lagarefstum sem þeir eru verðir sakir sinna afbrota. Svo viljum vær að hirðstjóri vor láti sækja oss til handa sýslugjöld og sakareyri þann sem falla kann af þeim sýslum sem lausar verða á landinu meðan þeir er þær sýslur vilja beiðast eru í ferð til vor og aftur til landsins. Viljum vær þessa vora skipan óbrigðiliga halda láta þar til er oss og ráði voru verður skynsamliga téð að önnur skipan megi á gjörast. Viljum vær að hirðstjóri vor hér rétti sýslumenn þá sem óstýrir eru og um lög fram þyngja vorum þegnum. Og ef þeir vilja bæta sig eftir hans ráði og hirðarinnar, þá samnist þeirra afbrot til vor undir góðra manna innsiglum til þeirra gerða sem vær viljum þar á gera og hafi misst þann góðvilja sem þeir af oss hafa til þess er vor bréf og boð þar um koma aftur til landsins. Þetta bréf var gjört í Sonakaupangi á óðinsdag næsta eftir Nicholasmessu á fjórða ári og tuttugasta ríkis vors. Síra Árni canceler vor innsiglaði, oss sjálfum hjáveröndum. Helgi Ívarsson ritaði.

24 *Skipun Magnúsar Hákonarsonar um forkaupsrétt konungs frá því fyrir 1280¹*

Réttarbætur Magnúss konungs Hákonarsonar

Svo er skipað og staðfest að konungur og hans umboðsmaður á fyrstur kaup á öllum varningi eður þarfindum hvort sem falt hafa innlenskir eður útlenskir, þá skal honum fyrst selja fyrir slíkt verð sem aðrir vilja kaupa, og um allt það er hann þíkkist kaups við þurfa og falt er, þá skal hans umboðsmönnum fyrst selja, þeim sem hann gerir til. Ítem sá sem manni gerir fjárskaða til hálfrar merkur með öfund og heift, bæti sá fullrétti eftir dómi er gerði og fjárskaðann sem sex skynsamir menn meta, ef vitni eru til, ella syni séttareiði ef eigi eru vitni til en öfundarbót fyrir minna fjárskaða eftir atvikum, eður syni lýritareiði. Datum et cetera.

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 161-163; *Regesta Norvegica* II, bls. 106.

25 *Forsagnir, eiðar og aðrar smágreinar¹*

Hér segir hver mál eigi má appellera úr dómi dómarans

Þessum málum má eigi appellera úr dómi. Ef þess manns mál er dæmt er hann er ránsmaður og vill eigi aftur gjalda, eður í hórdómi og vill eigi við skiljast, og annað slíkt, og því öðru sem páfinn dæmir eða konungur sá er hann er lýðskyldur undir keisara. Það hið þriðja ef þeir sverja að hafa það er dómandi dæmir. Það hið fjórða ef þeir taka einn mann fyrir dómanda með handabandi og játar sá að dæma, en þeir trúlofa að halda hans dóm, og svo þó að þeir taki fleiri menn til meður handabandi og trúlofan að dæma um þeirra mál. Þeir dóm- arar svo tilkomnir heita arbitri og má eigi appellera úr þeirra dómi. Það er hið fimmta ef maður tekur lítið mál og verður kostnaður meiri en málið er vert. Það hið sjötta ef yfirdómsmaður segir svo sínum undirmanni að það mál kemur eigi oftár fyrir hann. Það hið sjaunda ef maður skilst við glæp sinn og byskupinn tek- ur hann úr banni, en sá er málið á vill halda hann í bann. Það skal eigi halda er svo stórt liggur við. Það er hið átta að eigi skal reka lengra en til hins þriðja.

Hér hefur fyrstu fjárkröf

Að vitni guðs kref eg þig N. fjár þess er vottar vitu að þú átt að lúka mér. Legg eg þér við þvílíka sekt sem lög votta ef þú geldur eigi nú, krefur eg þig að orð- fullu og lögmáli réttu, að vitni þínu N. og þínu N. og allra þeirra er heyra orð mín.

Hér segir um heimstefnu

Að guðs vitni stefnir eg þér N. heima á fjórtán náttu fresti á N., vil eg að þú sér þá heima og lúkir mér skuld mína þessa. Stefnir eg þér að orðfullu og lögmáli réttu að vitni þínu N. og þínu N.

Fjársóknir

Eg bjóðumst til viðurtöku fjár þess er eg krafða af þér N. nú á stefnudag, kref- ur eg nú enn sem fyrr þig þessa fjár og legg eg sekt við ef eigi er goldið, að vitni þínu og þínu og allra þeirra er orð mín heyra.

1 Íslenzkt fornbrefasafn II, bls. 134-138, 221-222 og 653-661; XII, bls. 159-164; *Alþingis- bækur* I, bls. 3-20; Jón Rúgmann, *Greinir úr þeim gömlu lögum*. Uppsálir 1667, bls. 3, 13-15 og 19-30; sjá einnig *Katalog* II, bls. 686; *Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter i det store kongelige bibliotek og i universitetsbiblioteket*. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1900, bls. 482.

Hér segir um atfararþing

Eg N. sker hér þingboð upp og læt eg það boði fylgja að eg stefnir þing á N. á þingstað réttum á fimm náttu fresti. Kref eg að þar komi bændur allir hér í hrepp eftir skyldu sinni, en flytja áður boð sem lög votta um allan hrepp.

Stefna til þings

Að guðs vitni og góðra manna stefnir eg N. til þessa þings er nú var stefnt á N., man eg þar þá koma og krefja fjár míns, stefni eg þér að orðfullu og lögmáli réttu, að vitni þínu og þínu N. og þeirra er orð mín heyra.

Hér segir um fjárkrafir

Eg N. krefur hér á þingi N. fjár míns alls þess er vottar vilja bera nú, að þú átt að lúka mér. Leggur eg við þvílíka sekt sem lög votta ef nú er eigi greint. Kref eg að orðfullu og lögmáli réttu, að vitni þínu og þínu og allra þeirra er orð mín heyra.

Hér segir um eiða

Til þess leggur þú hönd á helga bók og það segir þú guði, að þar vartu nær og heyrðir skilyrði þeirra það að N. átti að lúka N. svo marga aura sem nú talda eg og svo fríða, og á þann tíma N. í þeim stað N. Þetta ber þú fyrir öngra muna sakir, et cetera.

Hér segir um eiða

Til þess leggur þú hönd á helga bók og það segir þú guði, að þar vartu nær og heyrðir er N. krafði fjár síns N. N.son þess er vottar vissu, að lúka honum, og hann stefndi honum N. heim á fjórtán náttu fresti og í þann stefnudag. Vartu þar og við er hann krafði fjár síns N. N.son og lagði sekt við ef eigi væri lokið. Þar vartu og við er hann stefndi þing hér í dag á N. og stefndi N. til þessa þings að hann lyki honum hér fé sitt. Svo heyrðir þá og nú að N. krafði N. hér á þinginu oft sagðs fjár og lagði sekt við. Þetta vitni ber þú fyrir öngra muna sakir.

Hér segir um fjársóknir

Nú sakir þess að eigi lúkast peningar mínir hér í dag, sem eg hefir kraft af N., þá að guðs vitni og allra dugandi manna kref eg bændur þessa til héðan af þinginu að fara með mér til heimilis N. N.sonar að dæma og virða mér þar skuld mína af honum og þar til fullrétti á ofan af fé hans. Nefnir eg til þessa N.N.N. tólf. Svo kref eg alla þingmenn til þessarrar ferðar að taka út fé mitt eftir þeirra virðingu og dómi. Legg eg hér sekt og lagarán viður hverjum er eigi fer eftir skyldu, að vitni þínu og þínu og allra þeirra er orð mín heyra.

Hér segir um eiða

Til þess leggur þú hönd á helga bók og svo skýtur þú þínu máli til guðs, að þar vartu nær og sátt upp á að N. N.son veitti þessar ákomur N. N.syni, svo margar sem nú taldir þú fyrir oss, og að þú heyrðir þessi orð sem áðan hermdir þú fyrir oss, að þeir töluðu þau eður þessum lík til alls efnis og undirstöðu þessa máls, og þetta vitni ber þú fyrir engra muna skyld utan sakir laga og réttinda. Að svo stöfuðum eiði hjálpi þér svo guð sem þú satt segir hér um, gramur ef þú lýgur. Guð sé þér hollur.

Hér segir um eiða

Til þess leggur þú hönd á helga bók og þess skýtur þú til guðs, að högg þessi eður ákomur eður vanrétti gerðir þú eigi eður veittir N. sem hann segir að þú hafir honum veitt eður gert, og að þessi orð hefir þú eigi talað til N. fyrstur sem að þér eru borin að þú hafir talað á þann tíma né fyrr. Að svo stöfuðum eiði sé þér guð hollur sem þú satt segir hér um, gramur ef þú lýgur.

Hér greinir um eiða

Til þess leggur þú hönd á helga bók og það segir þú guði, að þetta fé er N. ber á þig að þú hafir stolið frá honum, það tókt þú eigi stelandi hendi og engum ráðum rétt þú þar til að því væri stolið, og enginn vitandarmaður vartu um það hvað af því varð, þó að það sé horfið. Að svo stöfuðum eiði, et cetera.

Hér segir um eiða

Til þess leggur þú hönd, et cetera, að eiður sá sem N. sór nú að sinni og sá er þá sver hann er sannur og sær að þinni hyggju og eigi veist þú annað sannara fyrir guði um þetta mál en hann sór. Þetta vitni ber þú fyrir öngra muna skyld utan til sanninda og sættar hér um. Svo sé þér guð hollur, et cetera.

Hér segir um griðamál

Í nafni föður og sonar og heilags anda set eg nú grið og fullan frið hér í milli þeirra manna N. og N., sé Kristur í griðum með oss og jungfrú sancta María og allir guðs heilagir menn, konungur vor og hans ædstu menn, byskupar, lögmenn og lendir menn, og allir hinir bestu menn. Set eg grið og frið eftir lögum í öllum stöðum, nefndum og ónefndum. Set eg grið eftir handlagi þeirra og skilordí. Jörð ræður griðum fyrir neðan en upp himinn, en sjór fyrir utan sá er kringir um öll lönd. En sá er þessi grið heldur eigi þrífist hvergi milli þessarra takmarka og heiti griðníðingur, rækur og rekinn frá guði og góðum mönnum. En sá er þessi grið heldur vel, sætt og settan frið, hafi guðs vingan og góðra manna þökk. Höfum nú allir guðs hylli og haldið vel griðum.

Hér segir fyrir handlögum manna

Kristur sjái handlag þessarra manna N. og N. en það fals undir handlagi þeirra að þeir sættast á þær lögmætar sakir allar er í millum þeirra hafa vordið og gjörst, og nú hafa hér kærðar verið fyrir oss. Skulu þeir það að sætt og sæmd hafa hér um sem þeir tólf¹ menn dæma millum þeirra sem eg nefnir til. Og að því höldnu og fram komnu sem dómur dæmir eru þeir alsáttum sáttir sín í millum. Handsalar N. N.son svo marga peninga og aura að slíkum salastefnum sem dæmist að greiða N. En þar í mót handsalar N. niðurfall að sökum þeim öllum svo að þær sé hvorki sóttar né seldar héðan af að guðs vitni og allra góðra manna er handlag þeirra sá og orð mín heyra.

Hér segir um ættleiðingarbréf

Þeim góðum mönnum, et cetera. Eg gerir yður kunnigt að á N. ári Noregs konungs á N. dag fyrir kirkjudurum á N. ættleiddi N. N.son N. bróður sinn eður frænda er svo heitir N. til gjalds og til gjafar, sess og til sætis, til auðs og til arfs, og alls þess réttar sem lögbók vottar að ættleiðingur á að hafa eftir lögum. En ef sá gerir skildaga á sem ættleiðir og þeir er lofa ættleiðingina hvern hlut af arfi sá eður þeir skulu taka eftir hans dag sem ættleiddir eru, þá greini hann það í bréfinu. Þá héldu þau á einni bók öll, N. N. er ættleiddi og N. N.son er ættleiddur var og N. N.son er játaði arfi. Fór þessi ættleiðing fram á sögðu ári, stað og tíma, þessum mönnum hjáveröndum með mér N. N.syni og N. N.syni. Heyrðum vær þessi orð þeirra og skilríki og sáam fyrrgreint handlag þeirra og atferli og til sanninda, et cetera.

Lýsing ættleiðingar

Að vitni allra lögréttumanna lýsir eg hér í dag í lögréttu ættleiðing N. N.sonar er N. N.son ættleiddi til arfs eftir sig og þeir játuðu og uppgáfu arf og ættleiðing eftir lögum er þá stóðu næstir til arfs eftir hann. Lýsir eg og hér lagaúrskurði N. lögmanns er hann sagði þessa ættleiðing lögliga og óbrigðiliga standa eiga um aldur og ævi, héðan af, yður áheyröndum og samþykkjöldum þenna hans dóm að lögmáli réttu, að vitni þínu N. og þínu N.

Hér greinir ómaga lögboð

Eg lögbýður þér N. N.son ómaga þann er heitir N. N.son til framfærslu því að eg veit öngan skyldara þann er fé og færi hafi til að annast hann, og því vil eg að þú látir virða fé þitt og telja fyrir ómaga þína, og síðan stefnir eg þér og

1 tólf: fyrir ofan línu er talan *sex* með rómverskum tölustöfum með sömu hendi og *vel* á latínu svo að viðbótina má lesa sem *eda sex*

þessu þínu lögligu prófi til þings í rétta lagastefnu N., og ef þú vill eigi að lögum verjast, þá mun þessi ómagi þér fluttur að þingmanna dómi eða lögmanns úrskurði. Er þessi ættaratala sönn og töld frændsemi. Stefnir eg þér að orðfullu og lögfullu nema þú verndir þig undan að lögum, að vitni þínu N. N.son og þínu N. N.son

26 *Saktal* *Jónsbókar¹*

Prologus fyrir saktali

Sá er með skjótri grein vill höndla og yfirlesa sérhverjar sektir þær sem skrifaðar eru í íslenskri landslagabók þeirri er virðuligur herra Magnús konungur, ágætrar minningar, son Hákonar konungs, saman setti og skipaði, og svarin er að standa skal um aldur og ævi af öllum hinum bestum mönnum í landinu, milli konungs og þeirra sem landið byggja, þá má hér yfirlesa sá er það sýnist sér hentara en í sjálfri bókinni, eftir sérhverju sakferli að leita, hvar er hvert stendur.

Hér byrjar saktal í Jónsbók þeirri er Magnús konungur setti

*Þingfararbálkur in ii. capitulo.*² Ef valdsmaður rangnefnir mann til Öxarárþings, þá er hann sekur tólf aurum fyrir hvern er ónefndur eður rangnefndur er. Ef valdsmenn eður þeirra umboðsmenn koma eigi til Öxarárþings, sekur þrimur mörkum hver. Ef nefndarmenn koma eigi áður særi eru flutt, sekur tólf aurum hver. Um eldi þingmanna, sekur tveimur aurum fyrir hvern er eigi er alinn eftir lögum.

In iii. capitulo. Ef maður sest innan vébanda utan orlof sá er eigi er nefndur, sekur hálfri mörk. Sá er eigi kemur til lögréttu sem mælt er, sekur hálfri mörk. Drykkur er uppnæmur sá er til lögréttu er borinn. Ef nefndarmenn ganga úr lögréttu nauðsynjalaust, sekur tveimur aurum hver. Þeir sem ónáða lögréttumenn eður gera þar hark eður háreysti, sekur tveimur aurum hver.

In v. capitulo. Ef maður vegur mann í Öxarár þingför eður veitir lemstrar-sár, sá hefir fyrirgert fé sínu öllu og lífi. Ef menn verða særðir á Öxarárþingi, þá eykst að helmingi réttur þeirra en konungi þrettán merkur. Ef menn bera vopn á Öxarárþingi sekur hálfri mörk og láti vopnin. Ef maður rýfur dóm þann sem dæmdur er á Öxarárþingi, sekur fjórum mörkum við konung en mörk við sakarábera.

1 Áður óútgefið, sjá inngang á bls. 31. Þar er einnig gerð grein fyrir því hvernig kaflatöl eru samræmd Jónsbókartexta handritsins.

2 *Þingfararbálkur in ii. capitulo*: í handriti er aðeins *In ii. capitulo*

In vi. capitulo. Ef maður hefir rangt uppborið fyrir lögréttumenn, þá taki sá kost sinn hálfu aukinn er¹ réttara hefir en mörk konungi.

In vii. capitulo. Ef menn taka þá menn í byggðir sínar er menn vita eigi skil á, sekur mörk við konung ef hann prófast að illum manni.

In viii. capitulo. Um alla þá dóma er um vígaferði skal setja eður um þeirra kvenna legorð er fyrir eiga full manngjöld eður hálf, sá er þann dóm rýfur lögsamdan, sá er tryggrofi og fyrirgert fé og friði. Um aðra lögdóma, sekur mörk við sakarábera ef rýfur en við konung fjórum mörkum.

In ix. capitulo. Hver sem rýfur lögmanns úrskurð, sekur fjórum mörkum við konung. Hver er eigi kemur til lögmanns, stefndur eður stefnandi, sekur hvor mörk.

*Konungs þegnskylda in primo capitulo.*² Hver er eigi geldur skatt, sekur sex aurum.

Mannhelgur in primo capitulo. Ef maður vegur mann, fari útlægur, en konungur taki þrettán merkur af fé hans í þegnildi.

In ii. capitulo. Fari sem vottar um níðingsverk. Ef maður stendur mann á konu sinni með lögligum vitnum, gjaldi full mannskjöld bóndanum, en um móður manns eður systur eður dóttur hálf mannskjöld.

In iii. capitulo. Ef menn gera hernað, hver er í landi vill vera af þeim, þá færi aftur slíkt sem hann tók með hernaði, en sekur tíu mörkum við konung en hinum fullrétti.

In v. capitulo. Ef maður selur frjálsan mann af landi í brott, sekur þrettán mörkum við konung en hinum eftir tólf manna dómi.

In vi. capitulo. Ef maður hýsir útlægan mann, sekur mörk við konung fyrir eina nátt en tveimur fyrir tvær en þrettán mörkum fyrir þrjár.

In vii. capitulo. Ef menn renna eigi eftir þeim er víg vakti, sekur hálfri mörk við konung og svo sá er eigi vill taka hann ef hann má, og hver er björg veitir svo útlægum manni, nema honum sé óvísavargur. En ef hann kemst frá sýslumanni, en hinn sári deyi, þá er sýslumaður sjálfur í veði. Ef bændur fylgja eigi til refsingar, sekur hálfri mörk við konung.

In viii. capitulo. Ef óður maður brýst úr böndum og verður mannsbani, þá bæti þann mann fullum bótum af fé hans.

In x. capitulo. Ef eigi er borið víglýsingarvitni, sekur mörk við konung. Ef maður lýsir eigi svo vígi sem mælt er, þá er hann morðingi réttur og fyrirgert fé og lífi.

1 er: leiðrétting fyrir en í handriti

2 *Konungs þegnskylda in primo capitulo*: í handriti er *In x. capitulo*

In xi. capitulo. Ef maður ræður manni skömm eður bana, bæti eftir lagadómi bæði við konunginn og viður þegninn.

In xiii. capitulo. Ef tveir menn eður fleiri fara í skóg og skýst öx annars á annan að óvilja þess, bæti fjórðungi bóta ef hann deyr af, og svo skal hvervetna þessi voðaverk bæta, en helming bóta ef maður kastar eður skýtur yfir hæðir.

In xiiii. capitulo. Ef maður ber rýtning, sekur þrimur aurum við konung. En sá er bregður knífi að manni og kemur eigi fram, sekur fullrétti en konungi þrimur aurum. Ef maður stingur mann með knífi, þá er sá útlægur og bæti þeim fullrétti er hann lagði, og leggi sýslumaður knífi í gegnum hönd hans í friðkaup við konung. Með sama skilorði er um skot.

In xvi. capitulo. Hver er eigi fer eftir þeim er særði eður lamdi er sekur hálfri mörk ef sýslumaður krefur.

Dómakapítuli.

In xviii. capitulo. Hver er manni verður að skaða, þá fari utan.

In xix. capitulo. Ef menn berjast á þingum eður fimmtarstefnum fyrir lögmanni eður brúðkaupum, aukist réttur þeirra að helmingi. Ef maður skemmir mann í heimili hans eykst að helmingi réttur þess er fyrir vanvirðingu verður. Svo eykst sakareyri.

*In xx. capitulo.*¹ Ef maður bindur frjálsan mann, sekur fimm mörkum við konung.

In xxi. capitulo. En ef maður slær mann eður lýstur, sekur mörk við konung. En ef hann slær hið þriðja samfleytt bæti þremur mörkum. Slær hann hið fjórða samfleytt bæti fimm mörkum. Slær hann hið fimmta bæti konungi þrettán mörkum en hinum eftir tólf manna dómi fyrir hverja grein þessa. Ef maður lýstur í höfuð manni eður höggur eður hrindur á kaf eður hvelfir skipi undir manni, eður brýtur farskost manns á djúpi eður særir mann lemstrarsárum, sekur tveimur mörkum við konung en hinum eftir tólf manna dómi, en ef sá vill eigi bæta fari útlægur svo langt sem þingmenn dæma.

In xxii. capitulo. Hvervitna þar sem dómur vægir eftir málavöxtum og fellir rétt þess er fyrir verður, svo vægi konungs umboðsmaður sakareyri.

In xxiii. capitulo. Ef maður hrífur mann svo að blæðir eður klýpir svo að blátt er eður pústrar, og fellir mann af baki eður eys eldi á mann, eður brennir klæði manns eður stingur á manni öxarskafti eður spjótskafti, bæti konungi hálfri mörk fyrir hverja grein þessa. En um blak allt tveimur aurum.

In xxiiii. capitulo. Ef maður fæðir graðung eður uxa síðan hann verður manni að skaða, bæti uxanum ef út er beitt að lögum. Ef hestur eður hross lýst-

1 *In xx. capitulo:* vantar í handrit

ur mann eður svín höggur, bæti hálfum sárþótum þar til er slíks er vert sem það kvikendi. Ef hundur bítur mann, hafi fyrirgert sér. En ef maður fæðir hund síðan, bæti sem hann sjálfur hafi gert.

In xxv. capitulo. Um öll fjölmæli og fullréttisorð, sekur fjórum mörkum við konung en hinum eftir dómi.

In xxvi. capitulo. Sá er rægir mann við konung, byskup eður jarl eður sýslumann, svari slíkri sekt sem sá ætti er rægður var, ef hann væri þess sannur.

In xxvii. capitulo. Sá er yrkir um mann nið eður háðung fjórðungi lengra, sekur fjórum mörkum við konung. En ef hann kveður skáldskap til háðungar manni eður snýr á hendur honum, sekur tveimur mörkum við konung. Um öll mál þau er horfa til hneyksla með kveðskap, og eigi má færa til góðs, sekur fjórum mörkum við konung en hinum eftir dómi.

In xxviii. capitulo. Ef maður leggst með konu manns, bæti eftir tólf manna dómi.

In xxix. capitulo. Boðslettir hálfréttismenn og sekir eyri við konung.

In xxxi. capitulo. Um ræktarlausar konur tólf aura réttur. En um dýrri konur standi undir dómi. Ef maður vænist konu, gjaldi slíkan rétt giftingarmanni fyrir sem hann sé sannur að og heiti snápur. Faðir barns á að greiða kost fyrir sængarferð barnsmóður sinnar og fyrir þann kostnað sem hon hafði í þeim sjúkleika áður, og fyrir barnfóstur.

In primo capitulo. Um kvennagiftingar. Ef mæ'r eður kona giftist utan ráð giftingarmanns, hafi fyrirgert arfi sínum eftir giftingarmann. Þær konur er lokka börn manna til saurlífis bæti eftir tólf manna dómi, sú er fé hefir til, en hin refsing eftir dómi.

In v. capitulo. Ef kona leggst með öðrum manni en bónda sínum eður skilst við hann móti lögum, falli niður tilgjöf hennar eftir erfðatal.

*Erfðatal in xvi. capitulo.*¹ Ef maður vegur mann til arfs, hafi fyrirgert þeim arfi.

In xxv. capitulo. Ef hann fer eigi úr arfi lögliga sóttur og leggur dóm fyrir, sekur sex aukum við konung.

*Framfærslubálgur in vii. capitulo.*² Ef maður flytur í auðn fátækan mann svo að hann deyr af, bæti fullum bótum og svo þegn, ef maður vísar út fátækum manni þeim er sjálfur flytur sig, sekur tveimur aukum við konung. Ef fátækur maður verður sjúkur og fær eigi prestfund af bóndans völdum, sekur þrimur aukum við konung.

1 *Erfðatal in xvi. capitulo:* í handriti er *In vi. capitulo*

2 *Framfærslubálgur in vii. capitulo:* í handriti er *In xxvi. capitulo*

In ix. capitulo. Ef maður rangfærir ómaga, gjaldi þeim kostnað sinn fullan er til er fært. Hver er fellir þingboð það er þar tilheyrir, sekur eyri við konung.

In x. capitulo. R.B.E.K. Ef maður fellir boð það er stefnt er að heyra konungsbréf eður manndrápsþings eður manntalsþing eður hreppstjórnarþing, sekir tveimur aurum við konung.

In xiii. capitulo. Um skrudklæðaburð, sekur tveimur aurum fyrir hvert er framar ber en lög votta.

Hér er landsbrigðabálkur in vi. capitulo. Ef land er eigi við votta handsalað, þá er sem ókeypt sé, en annar hvor skal rift hafa innan tólf mánaða, sekur hvor sex aurum við konung ef þeir kaupa vottlaust.

In x. capitulo. Sektalaust er að kjósa undan sér málaland, nema hann vili koma af mála við prett, sekur sex aurum og fastur máli sem áður.

In xii. capitulo. Ef maður gefur land með sér til fósturs og liggi í landi framfærsla, og verður eigi efnd, þá skal sá brigða er til ómagafærslu stendur, en hinn sekur sex aurum er ómagann skyldi geymt hafa.

Landsleigubálkur. R.B.E.K. Svo skal leiguliði hjún hafa að hann fái unnið engjar allar eður bæti landsdrottinn skaða þann allan sem menn meta að jörð spillist af því. Nú kemur eigi leiga fram í eindaga, þá óheimilar hann sér jörð. Af þeirri jörðu má hann ekki öðrum selja á leigu nema landsdrottinn lofi, ella skili hann það. En ef hann selur, þá er honum óheimil, af skal sá fara er af leiguliða tók, sekur hálfri mörk að handsalssliti, og svo skal hver bæta er öðrum selur óheimilt, nema hann fái honum jafngóða jörð.

*In ii. capitulo.*¹ Ef maður gerir kaldakol á jörðu manns forfallalaust, þá á landsdrottinn allt það er eftir er, sekur tólf aurum² við landsdrottinn og svari fyrir förumannaflutning og boðburð ef fellur.

In iii. capitulo. Ef húsgjörð er skilið á hann,³ hafi gert áður hann fari brott. Landsdrottinn fái við til húsa, en ef hann færi eigi svari skaða þeim sem af því verður.

In v. capitulo. Ef maður kemur eigi til leigujarðar sinnar nauðsynjalaust, þá nýti hann jörð sína en hinn lúki leigu. Ef maður selur jörð á leigu og vill eigi þann hafa láta er leigði, njóti votta sinna, og ef honum berst, þá dæmi honum jörð, ella landsskyld af landi.⁴

1 *In ii. capitulo:* merkt *In vii. capitulo* í handriti og er þar framan við málsgrein um brottfærslu taða sem fylgir *In viii. capitulo*, en er fært til hér og sýnir að annað handrit hefur verið notað við gerð saktals, sjá inngang á bls. 32.

2 *aurum:* vantar í handrit

3 *Ef húsgjörð er skilið á hann:* í handriti stendur *Ef húsgjörð er skilið er á hann*

4 *landi:* leiðrétting fyrir *lands* í handriti

In vii. capitulo. Ef menn beita engjar leiglendings eður haga, þá á hann sókn á því en landsdrottinn ef hann vill eigi. Þá skal allt bæta skaðabótum og landnám með sex skynsamir menn meta. Ef leiguliði bergur verr að hval eður viði en í lögum er mælt, sekur sex aurum við landsdrottin og ábyrgist skaða þann allan.

In viii. capitulo. Um brottfærslu taða, tvígildi fyrir það sem eftir er þá er hann fer af jörðu kostnað þann sem hinn þarf til brottfærslunnar.

In ix. capitulo. Allt það sem húsbrot nemur, sekur mörk, hálf konungi en þeim hálf er hús á, og gjöra jafngott sem áður. En allt það sem er eftir, þá er sex vikur eru af sumri, þá eignast sá er jörð á utan hey.

In x. capitulo. Ef maður situr á jörðu ótekinni, þá á landsdrottinn lóð alla, en hann leysi bú sitt undan með fullu landnámi við landsdrottin, sæki hann með lögum ef hann vill eigi af fara, sekur hver eyri er eigi vill fara. Umboðsmaður öðlist með því hálfa mörk ef hann fer til.

In xi. capitulo. Ef leiguliði selur fé sitt til þess að lóga heyi af jörðu, eigi landsdrottinn hálf heyverð. Ef maður höggur hey á annars hlut og ef eigi er jafnmikið eftir heyið, sekur tveimur aurum við þann er heyið átti, og eineiði með, að hann færði jafnmikið hey aftur.

In xii. capitulo. Ef hann vill eigi selja hey eftir lögum, gjaldi hálfa mörk, tvo aura konungs umboðsmanni og tvo aura hinum, og hafi hey fyrir öngan pening. En ef umboðsmaður konungs vill eigi til fara, gjaldi konungi hálfa mörk. Ef nökkur ver veri ógildur, hverjar ákomur sem hann fær. En ef hann deyr sé undir konungi.

In xiii. capitulo. Ef maður höggur fleiri dyr á húsum en þá voru er hann kom til, sekur mörk, hálf konungi en hálf landsdrottni, og bæti hús sem sex skynsamir menn meta. Ef skipt er húsum að lögum, sekur mörk sá er á gengur á skiptið. Ef eitt naut bindur á annars hlut, sekur tveimur aurum.

In xiiii. capitulo. Ef maður tekur myki af annars manns bólfestu, sekur tveimur aurum og teði jafnmikinn akur eður völl.

In xv. capitulo. Ef maður sker akur eður slær völl eður eng annars manns, sá er fellst að máli, leggi á landnám og eineiði með, að hann færði jafnmikið hey aftur. En ef hann færir eigi aftur jafnmikið innan hálfs mánaðar, stefni honum þing fyrir rán og þögleysu.

In xvi. capitulo. Ef menn lögfesta eigi innan tólf mánaða síðan þeir hafa á merki gengið, þá eigu þeir þess máls aldri uppreist ef þá skilur á. En ef maður lögfestir fram yfir merkirétt, bæti skaða og öfundarbót eftir dómi. Hvergi á maður að bæta fyrir hagabeit nema lögfest sé, nema maður láti reka að landi eður í land hans, eður hann verði minnur en mælt er í lögum, þá bæti eftir bók.

In xviii. capitulo. Ef í er ort konungsjörð, þá skal vera þriggja marka sekt í landnám. Erkibyskup og hertogi hálfa þriðju mörk. Lýðbyskup og jarl tvær merkur. Ábóti og abbadís og umboðsmaður heilagrar kirkju tólf aura. Barónn og merkismaður og stallari níu aura. Riddari sex aura. Bændur hálf mörk. Skal í öllum þessum stöðum hálfu meira ef lögfest er, skulu allir þessir menn eftir hinum dýrsta manni landnám taka er í jörðu á með þeim. Mær eftir feður sínum en ekkja eftir bónda sínum, þeim er næst átti hon.

In xix. capitulo. Nú fer maður í skóg annars manns orlofslaust, bæti skaða þann allan og landnám, en ef hann hylur stofna þá er hann þjófur af. Ef maður höggur skýlihögg á viði, beitir og skefur svo að spell er á, bæti skaða og landnám með. Ef maður höggur merkibjörk, bæti skaða og öfundarbót hverjum er mörk á í þá björk.

In xxi. capitulo. Ef maður gjörir kolgrafir í landi manns, bæti landnám landsdrottinn og skaða allan ef af verður. Hafi brott fært kol innan tólf mánaða, ella eignast landsdrottinn. Ef maður beitir skóg manns meir en eftir lögum, svari slíku sem bók vottar.

In xxii. capitulo. Ef maður vinnur eigi svo eng sem mælt er í lögum, sekur hálfri mörk við landsdrottinn og óheilagt heyið og engið. Ef maður gerir löggarð um hey sitt í annars landi, þá fari svo að öllu sem bók skilur.

In xxiii. capitulo. Um vötn manna, þá skal hvert falla í hinn forna farveg. En ef hann veitir svo að skaði verður af, bæti skaða þann sem af verður og landnám með, og óhelgar stíflur við broti.

In xxvi. capitulo. Allt það er áskilur um áverka á akri eður engi, holti eður haga, skógi eður reka, þá skal lögfesta og svo að öllu fara sem bók segir. En ef þeim semur eigi, leggi til lögmans.

In xxvii. capitulo. Allar þær eignir er fimmtarstefnur skal til leggja, þá skal sakaráberi lögfesta, en hver er þeirri stefnu spillir gjaldi sex aura, hálf konungi en hálf sakarábera. En ef þá menn skilur á er í dómi sitja og verða eigi samdóma, þá gjaldi þeir er rangara hafa að mæla sex aura konungi en hálf sakarábera.

In xxix. capitulo. Sinn eld skal hver ábyrgjast er með fer, bæti eftir því sem sex skynsamir menn meta ef mein verður af, nema þeir hafi til þarfinda sér, þá skal landsdrottinn ábyrgjast þriðjung en leiguliði tvo hluti húsa. Nú vísar maður ómaga sínum eftir eldi, þá skal sá ábyrgjast er með sendi öll ómagaverk.

In xxx. capitulo. Ef maður brennir hús eður hey, sætur eður búð eður skip heiftugri hendi, þá er hann útlægur og óheilagur og heitir brennuvargur, og fyrirgjört góssi og lífi, gjaldi þeim er hann brenndi fyrir sem sex skynsamir menn meta og rétt sinn eftir dómi. Item ef maður ræður brennu, þá skal hinn

aftur tvígilda það sem brunnið er. Ef maður brennir viðarköst, timbur eður grindur, sleða eður annað andvirki, sekur mörk við konung en tvígildi þeim er hann brenndi fyrir. Item landsdrottinn ef það er brennt er hann skaði.

In xxxi. capitulo. Ef kýr er garðbrjótur eður annað fé, þá bæti sá er það fé á er skaða gerir. Ef búfé gengur úr kvíum eður geldfé úr afrétt, bæti fyrir skaða landnámslaust. Ef merkigarður fellur niður bæja í millum, bæti sá skaða er eigi vill halda og tvo aura á ofan þeim er fyrir skaða verður.

In xxxii. capitulo. Ef maður vill eigi löggarð hafa bæja í millum, þar sem að lögum á að vera, bæti skaða þann sem af verður. Ef maður skýtur upp löggrind, bæti skaða þann allan sem af verður og svo ef maður höggur grindarhæla eður veltir steini ef við liggur. Ef maður ríður eður gengur yfir töðu, akur eður eng og vill eigi fara rétta vegu, sekur mörk við þann er lóð á. En ef maður brýtur garð manns, sekur tveimur aurum við hlið. En ef lengra brýtur, sekur mörk við þann er garð á og geri jafngóðan, og bæti skaða þann allan er af gerist, utan gert sé fyrir löghlið, þá sé garður óheilagur.

In xxxiii. capitulo. Ef bú er inn sett að lögum og vill hann eigi út leysa fyrir fimmt, þá skal inni standa til fimmtar. En ef þá er eigi útleyst, þá eignast sá er inn setti, en ef hinn tekur brott, sekur mörk höfðingi við þann er inn setti en hver hinna tveimur aurum. En ef svín kemur í akur eður eng eður annað búfé, leysi út með lögum.

In xxxiiii. capitulo. Ef maður vill eigi bú út láta fyrr en hann hefir verð í hendi sér eður veð, þá sveltir hann hjörð hans og hjú, sekur mörk og bæti búmissu, og sæki út að lögum. Sekur mörk við konung hver er eigi fer. Umboðsmaður konungs veri fyrir og öðlist hálfa mörk. Ef maður rekur fé í akur eður eng hins, bæti fyrir skaða þann allan sem af verður og hafi ekki fyrir sinn skaða. Ef maður rekur bú annars svo að máls missir, bæti nytfall og skaða sem menn meta og mörk þeim er bú á.

In xxxv. capitulo. Ef maður á graðan hest og engi hross með og ábyrgist hann hans verk eftir lögum. En ef hross eður naut drepa smáfénað, algildi er á því öllu.

In xxxvi. capitulo. Ef menn etja hesti manns utan orlof, bæti skaða þann sem á verður og öfundarbót eftir dómi. En ef spellast af, bæti fullrétti eftir dómi. Ef maður sker tagl úr stóðhesti manns eður þinghesti, eður þeim hesti er hann hefir í brúðferð, bæti eiganda fullrétti. Ef maður sker eður tekur hefting af hrossi manns, bæti eftir dómi og ábyrgist hrossið að öllu. Ef hross eður annar fénaður rennur eftir manni, seti inn á næsta bæ eður ábyrgist fé að öllu.

In xxxvii. capitulo. Ábyrgist sá hross er með fer, utan heilt verði innan fjórtán nátta. En ef deyr, ábyrgist sem vert er. Alin skal kaupa gæslu á hross hvert

á þingi, en þeir ábyrgist ef þeir sýna eigi lífs eður dautt að þinglausnum. Ef menn reka hross frá mönnum á álföngum, bæti öfundarbót eftir dómi.

In xxxviii. capitulo. Ef maður sendir mann með hross sitt og fer eigi svo með sem honum er um boðið, ábyrgist sá er með fer.

In xxxix. capitulo. Ef maður drepur fénað manns og gengur við sjálfur, gjaldi heilt fyrir. En ef hann segir eigi sjálfur og sé hálfrar merkur skaði, gjaldi fullrétti eftir dómi, ef minni er, hálft konungi en hálft þeim er fénað á og bæti löstu eftir dómi. Tveir aurar¹ fyrir auga á nauti, svo við horn, svo við hala, fjórðungur verðs við auga á hrossi. Ef maður höggur hala af hrossi svo að rófa fylgir, sekur tólf aukum, hálft konungi en hálft þeim er hross á, utan þá hesta sem fyrr skilur. Ef maður höggur hala af hrossi fyrir neðan rófu, sekur mörk, hálft konungi en hálft þeim er hross á, utan þá hesta sem fyrr skilur. Nú sker maður tagl af nautum þrimur, sekur hálfri mörk við konung hálft en hálft þeim er naut á.

In xl. capitulo. Ef hundur bítur fénað manns eður eltir á forað, bæti sá er hund á, hálft fyrsta sinni en allt annað sinni.

In xli. capitulo. Ef maður vill eigi byggja bólstað sinn eður bjóða eftir lögum, sekur hálfri mörk við konung.

In xlii. capitulo. Ef maður situr í húshaga lengur en eftir lögum, sekur hálfri mörk við konung fyrir grasrán en leiglendingi hálft mörk í grasverð. Sekur tveimur aukum við konung ef hann fer eigi úr eftir lögum.

In xliiii. capitulo. Ef maður rænir mann þjóðgötu, sekur hálfri mörk við konung. Svo um handrán, en þeim fullrétti er ræntur er eftir lögum. Ef maður brýtur brú af þjóðgötu eður sæturgötu og gerir eigi góða, sekur mörk hinum er brú á. Nú rænir maður mann sæturgötu eður rekstri, sekur hálfri mörk við konung fyrir vegarán.

In xlv. capitulo. Ef maður varðveitir eigi brú eður skip, svo sem mælt er, svari eftir lögum. Sekur hálfri mörk við konung ef fars missir og bæti þeim er fara skyldi ef skaði verður og tvo auka í þokkabót. Ef maður gengur á skip farhírðis og tekur fyrir hendur honum, sekur mörk, hálft konungi en hálft farhírði. En ef hann flytur yfir þjóf óduldur, þá hefir hann fyrirgert húð sinni og heiti þjófsnautur.

In xlv. capitulo. Ef menn reka fé sitt eigi í afrétt sem hreppstjórnarmenn gera ráð fyrir, sekur sex aukum við konung. Ef sætur eru ger í afrétt, þá sem eigi ná² lög til, þá eru þau óheilög við broti og bæti skaða og landnám með hverjum er í

1 Tveir aurar: í handrit er brenglunin Tveim aug

2 ná: vantar í handrit

þeim afrétt á. Ef maður rekur fé sitt í afrétt annars manns frá því er átta vikur eru af sumri og til fjögurra vikna, bæti grasverð og fullt landnám með hverjum er í afrétt á.

In xlviii. capitulo. Um allt kvikfé það sem galdið er eður gefið, utan hross, þá eignist sá er mark á, ef eigi er af brugðið síðan bannað er með vitnum. Ef maður leggur mark sitt á annars manns fénað með leynd, þá er hann þjófur ef svo mikið er að þjófssök nemur. Ef maður markar fé manns til þess að rægja þeim saman, gjaldi fullrétti hvorum þeirra eftir sex manna dómi en konungi fjórar merkur.

In xlix. capitulo. Sekur er sá hálfri mörk við konung er sauði á, er eigi gengur á fjall sem hreppstjórnamenn gera ráð fyrir, og ábyrgist sauði við þá sem eigu, alla þá er í hans landi voru sénir þá er hann átti gönguna. Rétt er á fyrstu viku þorra að láta virða fé það er hann veit eigi hver á, sex granna sína. Þeir skulu svo virða sem þeim þikkir þá vert er þeir virða. Ef hrútur kemur til sauða eður hafur til geita og gerir spell, bæti skaða þann allan ef hann hefir áður heimtur verið.

In l. capitulo. Ef maður tekur í brott fé það er annar hefir áður geymt, eftir síðustu rétt, sá er eiga þikkist, sekur hálfri mörk, hálf konungi en hálf þeim er á jörðu býr.

In liii. capitulo. Ef fé gengur úr afrétt í land þess manns er næstur er, þá er eigi rekanda í annars land, nema hann svari skaða og landnámi. Ef maður rekur geldfé úr afrétt og hvaðan sem hann rekur, svo að hann gerir eigi fyrir góðu, ábyrgist að öllu og ófundarbót eftir dómi.

In lv. capitulo. Ef maður leiðir ólofað kú til graðungs, hross álægt til hests, sý ræða til galtar, á blæsma til hrúts, geit til hafurs, þá eignast sá það er undir elst er það fé átti er til var leitt.

In lvi. capitulo. Ef sá maður gerir garð í á er veiði á, þá skulu þeir er fyrir ofan eiga gera honum fimmtarstefnu að brjóta stífluna. En ef hann vill eigi, krefi bændur atfarar, en hver er synjar sekur eyri við konung. En sá er garð gerði að ólögum, sekur mörk við konung og hverjum er veiði átti fyrir ofan. Hver er fer í veiðistöð annars ólofað, gjaldi landnám, svo og ef eltir fugla eður fiska úr annars landi eður veiðistöð. Ef menn spilla fiski þeirri, brjóta upp garða, sekur mörk við konung fyrir lögbrot en annarri mörk við eiganda. Hver maður er honum veitir lið til, sekur hálfri mörk við konung og hálfri mörk eiganda.

In lvii. capitulo. Ef maður veiðir fugla nær eggveri svo að spillist af, tvígildi fugla þeim er eggver á og konungi hálf mörk. Ef maður tekur merktan fugl í landi sínu, þá skal hann gera orð eiganda innan mánaðar ef hann er samshéaðs,

ella hafi sjálfur eftir virðingu, en gjaldi þeim verð er á. En ef hann veit eigi hver á, lýsi á þingi eður að kirkju. En ef maður nýtir sér merktan fugl óvirðan, tvígildi þeim er á, en þjófur ef hann lýsir eigi. Nú drepur maður vísvitandi merktan fugl, gjaldi þeim verðaura er á og öfundarbót eftir dómi.

In lviii. capitulo. Hver er fugla veiðir eður drepur á annars jörðu eður tekur egg undan, bæti fugla og eggver og landnám með. Eigi skal maður lesa ber á annars jörðu til heim að bera utan orlof, en ef les, tvígildi ber og svo grös með sama skilordði.

In lix. capitulo. Ef hvalur kemur þá er menn eru í almenningu, þá skal sá boð upp skera er næstur býr og láta fara alla vega sem dagur vinnst, sekur sex aurum við konung ef hann gerir eigi svo. En hver er fellir sekur eyri. Ef maður brennir sætur í almenningi eður annað andvirki eður veiðibúð, þá er hann sekur þrimur mörkum við konung en tvígildi þeim er hann brenndi fyrir og rétt sinn eftir dómi.

Rekapáttur in primo capitulo. Ef maður finnur tré á fjöru manns, þá skal hann gjöra orð þeim er á eður lýsa að kirkju, ella er hann sekur þrimur aurum við konung.

In ii. capitulo. Ef maður flytur við sinn á annars fjöru og skal sá viður þar eigi lengur liggja en þrjár nætur, ef það er rekafjara, ella bæti fullu landnámi og skaðabót þeim er reka á.

In iii. capitulo. Ef hann bergur verr að hval en eftir lögum, þá ábyrgist hann að öllu. Hann skal færa úr flæðarmáli allt það er rekur á fjöru manns, ella ábyrgist að öllu við rekamann.

*In iiiii. capitulo.*¹ Ef maður gerir eigi skotmanni orð að lögum ef skot finnst, sekur mörk, hálft konungi en hálft skotmanni. Hver er leynir skoti, hann er þjófur útlægur og skiptist fé hans sem segir í óbótamálum. Ítem ef maður sker hval undan festum um nátt, sá er ekki á í, sekur þrettán mörkum við konung.

In vi. capitulo. Ef menn festa sig við hval og fá eigi flutt, og níta liði þeirra er til koma, þá ábyrgist þeir hvalinn við þá er eiga eftir því sem sex grannar virða.

In vii. capitulo. Ef landeigandi er að flutningi hvals, þá á hann kost að flytja á sitt land. En ef þagað er lengra þá ábyrgist hann við sína lagsmenn ef þeir missa hvalinn fyrir það. Ef landeigendur eru fleiri að flutningi,² þá skal á þess land flytja er næst á. En ef eigi er svo fluttur, þá á hann þó landshluta í hval. En hver þeirra sekur mörk við hann er að flutningi voru.

1 *In iiiii. capitulo:* vantar í handrit

2 *Ef landeigendur eru fleiri að flutningi:* í handriti stendur *Ef fleiri eru landeigendur eru fleiri að flutningi*

In viii. capitulo. Ef menn flytja hval þaðan frá landi manns er sjá má fisk á borði, þá á sá hval er áður átti en hver þeirra sekur mörk.

In ix. capitulo. Ef maður hittir net í látrum sínum og sel í, þá á hann net og sel þar til er hinn leysir út með landnámi.

In x. capitulo. Ef hvalur er fluttur eður skorinn á helgum degi, þá skal gefa af hinn fimmta hlut, og af allri þeirri veiði er á helgum degi er veitt, fátækum mönnum.

In xii. capitulo. Ef landsdrottinn lætur eigi virða vogrek eður fer öðruvís með en segir í lögum, þá skal sá gjalda tvennum gjöldum er eigandi kemur til og sekur mörk við konung. En ef hann leynir eður villir heimildir að, þá er hann þjófur.

Kaupabálkur in primo capitulo. Sá er fyrir öðrum tekur, þá skal hann aftur færa og bæti eftir dómi, en konungi þrimur aurum. Ef lendur maður eður konungs umboðsmaður tekur upp bú bónda ótalt og ódæmt, eður veitir honum aðra fjárupptekt, þá skal hann það aftur færa og þó sekur tíu mörkum við konung. Hinna hvor mörk er honum veitti lið til og fullrétti þeim er féið átti eftir lögum.

In iii. capitulo. Sekur tveimur aurum fyrir hverja kröfu hinn er heldur. Allir bændur eru skyldir að fara til sóknarþings. Sekur tveimur aurum við konung hver er eigi fer. Konungs umboðsmaður öðlist hálfa mörk ef hann fer. Hver er fyrir stendur fellur óheilagur. Höfðingi sekur þrettán mörkum við konung, hver annarra mörk.

In vii. capitulo. Ef maður á skuld að öreiga, þá færi hann á þing og bjóði frændum. En ef þeir vilja eigi leysa hann, þá dæmi þingmenn að hann vinni af sér. En ef einhleypur maður hleypur á brott, hafi refsing eftir dómi.

In xi. capitulo. Ef maður falsar silfur eður gull eður aðra hluti, bæti eftir dómi en konungi þrettán merkur nema meira virðist að lögum. En ef maður selur slíkt er hann keypti og vissi hann þó að fals var í er hann seldi og vildi eigi úr taka, gjaldi þeim mörk er keypti en konungi fimm merkur.

In xiiii. capitulo. Ef maður selur það öðrum manni er annar hefir áður keypt, sekur hálfri mörk við konung. Ef hann fær eigi hinum það sama kaup eður annað jafngott, þá gjaldi eyri af merkurkaupi hverju þeim er hann keypti við og þó eyri að minna sé og sé þeir þá sáttir. En sá er vitandi kaupir það er annar hefir áður keypt, sekur eyri fyrir merkurkaup hvert. Nú kaupir maður við útlægan mann, þá á konungur það er hann keypti að honum og þó sekur sex aurum við konung ef hann veit.

In xv. capitulo. Hver er dýrra byggir kvikfé en lögleigu, tvígildi konungi það sem aukar leigu.

*In xvi. capitulo.*¹ Ábyrgist búfé allt við handvömmum sínum. En ef maður drepur leigufé utan lof, sekur hálfri mörk fyrir hvert kúgildi.

In xvii. capitulo. Ef maður tekur hross á fúlgu eður bit, ábyrgist við handvömmum sínum. Það er allt handvömm er skynsamir menn meta.

In xviii. capitulo. Ef maður selur hross eður annað kvikfé með leynandi löstum, svari fyrir fals svo sem fyrr segir.

In xxv. capitulo. Ef bóndi vill eigi halda mála við vinnumann, svari hálfri mörk konungi en hinn skal hafa kaup sitt og matarverð það sem óneytt er. En ef leigumaður vill eigi halda, svari hálfri mörk við konung en bónda slíkt sem hann skyldi reitt hafa. Ef maður tekur annars vinnumann viss vitandi, svari hálfri mörk. Ef verkmaður liggur þrimur náttum lengur um heyannir en hálfan mánað utan heyannir, þá meti skynsamir menn hvað leigufall það er.

In xxvi. capitulo. Ef maður hefir röng mælikeröld, vogir eður stiku vitandi, sekur mörk við konung fyrir hverja grein þessa.

Farmannalög in ii. capitulo. Ef stýrimenn láta ausa skip á laun, ábyrgist fé manna og fjör. Öllum þeim er fari tóku og af skipi ganga sakir ofhlöðslu, þá eru stýrimenn skyldir að fá þeim jafngott föruneyti og far til þess lands sem þeir höfðu sig til ætlað, eður greiði þeim slíkt fé sem þeir skyldu taka af þeim ef þeir færi þannig, og þar með aftur alla leigu þá er þeir tóku.

In iii. capitulo. Hverjum er eigi kemur til skipdráttar eftir boði forfallalaust er sekur tveimur aurum við konung og lúki bóndi þá sekt fyrir vinnumann sinn ef hann dvelur hann, og skip í þeirra ábyrgð er heima sitja. Stýrimenn þeir er eigi ferja þá menn yfir fjörðu eður ár ófærar er fara heim frá skipdrætti, sekur hálfri mörk, hálft konungi en hálft þeim, og hafi far að ósekju og ábyrgist að öngu.

In iiiii. capitulo. Þegar skipi er út lagið og það horfir á leið, þá á stýrimaður skipleigur allar.

In v. capitulo. Bæti landnámi og að auk skaða þeir er með eyki eru þrimur náttum lengur til kaupa.

In vi. capitulo. Stýrimaður sá er far byggir og segir sitt hverjum hvert hann vill fara, gjaldi mörk hverjum þeirra er af gengur skipi og að auk skipleigur þær er hann tók af þeim.

In viii. capitulo. Ef háseti rýfur skipan undir stýrimanni innan lands, sekur mörk við hann fyrir lest hverja er hann ber af. Rýfur hann í Danmörk, Gautlandi eður Svíþjóð gjaldi tvær merkur, aðra konungi en aðra stýrimanni, fyrir

1 *In xvi. capitulo:* í handriti stendur ranglega *Þújjárleigubálkur in primo capitulo*

lest hverja er af berst. Rýfur hann í Gotlandi eður Smálandi, á Saxlandi, sekur fjórum mörkum. Rýfur hann í Englandi, Skotlandi, Orkneyjum, Dyflinni, Færeyjum, Hjaltlandi, gjaldi átta merkur. Rýfur hann á Grænlandi, Íslandi eður austur í Görðum, sekur átta örtögum og þrettán mörkum, hálft konungi en hálft stýrimanni, og skip í allra þeirra ábyrgð, þar til sem upp er sett.

Niunda capitulo. Nú fara menn utan orlof stýrimanns frá skipi og eru eigi boðnir menn eftir lögum á lestir þeirra, en menn verða særðir eður drepnir af ófriði, þá hafa þeir fyrirgert hverjum peningi er þeir áttu þar í skipi.

In x. capitulo. Ef menn kasta sakir storms eður sjóvar fé sínu fyrir borð, þá skal það jafnt allra skaði.

xi. capitulum. Þeir hásetar er fyrri skilja við lest, skip bætanda, utan leyfi stýrimanns, en áður hálfur mánaður virkra daga er liðinn, er sekur hver þrettán mörkum við konung og stýrimann, en mörk hinir er síðar ganga af, þar til er skip er ófært fyrir liðleysis sakir. Allir eru skyldir að bjarga skiphræi og reiða.

In xii. capitulo. Þeir sem bjarga skipbrotsmönnum hafi sex auru fyrir lest hverja. En hver er eigi kemur eftir boði, sekur sex auru konungi og stýrimanni.

In xiii. capitulo. Stýrimaður er slíku sekur sem háseti ef hann rýfur skipan við hann. En ef háseti hefir ekki á skip borið og vill eigi fara, hafi stýrimaður slíka leigu sem hann skildi sér.

In xv. capitulo. Sekur er hver mörk sá er hafnarrán gerir eður syni einseiði.

In xvi. capitulo. Þeir er brjóta eður höggva eður meiða hafskip manns, við eður reiða, bæti spell og þar með öfundarbót.

In xvii. capitulo. Sá er bát festir ábyrgist hann ef knútur losnar, ef bátur tekur brott. En ef brestur borð eður barð, röng eður viðjar, og ferst bátur, þá fái stýrimaður annan eður ábyrgist allt það er á skipi er. Sá er bát tekur leyfislaust, sekur hálft mörk við stýrimann. En sá sem báti rænir ábyrgist skip og allt það er á er meðan bátur er í brottu. Nú brýtur skip svo að bætanda er, sekur sex mörkum, brýtur í spón, sekur þrettán mörkum, hálft konungi en hálft stýrimanni, en fyrir mann hvern þegn og batur þann er fyrir bátleysi dó.

In xix. capitulo. Þeir er lesta skip eður brjóta fyrir mönnum í þeirra beiting, bæti spell og farm og öfundarbót sem sex skynsamir menn meta ef þeir brjóta skipið að vild sinni, utan menn rói fyrir barð þeim. En ef voðaverk verður syni hver eineiði og falli niður öfundarbót. Sömu leið skal fara ef menn róa á menn.

In xx. capitulo. Ef menn leggja samflot, sekir mörk þeir er frá sigla lengra en sjá megi ás á borði eður sanni nauðsynjar með lýritareiði.

In xxi. capitulo. Stýrimaður á akkeri það hálft en hásetar hálft er þeir draga upp með sínu akkeri og hvorki fylgir strengur né hnakkmiði, en eigandi leysi

af þeim með hálfvirði þá er vitna er notið, og svo af þeim er með sókn draga upp eður kafa til og koma reipi í hring, ella eiga þeir er upp drógu.

In xxii. capitulo. Sá er félag eykur í móti lögum gjaldi hinum mörk silfurs í Noregi en hundrað vaðmála á Íslandi. Fer hann lengra með félagsfé en skilt er, ábyrgist að öllu. En hálfan ávöxt skal hann taka af hjáfélagi. Fær hann eigi svo dýrt sem virt er í hendur honum, færi aftur þeim er á. En ef hann selur ódýrra, þá skal það hans skaði en eigi hins.

In xxv. capitulo. Svo skal sækja um skipti á hafskipum og smærum skipum sem segir í jarðaskiptum eður um aðra gripi í kaupabelki þá er menn vilja skipta eður fá eigi skipti á komið. En þeir eru sekir tveimur aurum er nefndir eru og eigi koma til skipta eður virðingar fyrir miðjan dag, hálf konungi en hálf þeim er virðingar krafði. Sá er brýtur eður höggur skip manns eður gjörir annan fjárskaða með heift eður öfund, hálfrar merkur verðan, bæti aftur skaðann og fullrétti með eftir dómi ef vitni eru til, en ella syni lýritareiði hinum meira, en öfundarbót ef minna skaða gerir, eður syni hinum minna.

In xxvi. capitulo. Sá er skip brýtur í förum, árar eður annan tréreiða, bæti af annars reka og leggi verð eftir.

In xxvii. capitulo. Sá er það skip dregur upp, við eður annan feng sem veður tekur upp, þá ábyrgist sá það er fyrir verður og meiðist af, er það festi er upp tók, utan hann vissi þar enga von skipa eður annarra hluta þeirra er meiðast mætti í nánd þá er hann dró skip eður feng upp. Sá á að svara fullu landnámi er annars tóft eða naust tekur með ofvaldi, og ábyrgist sjálfur skip sitt að öllu þó að þeir dragi út er tóft eður naust eiga.

Ejfabálkur in i. capitulo. Ef maður er hvinn, gjaldi konungi tvo aura en hinum eyri er átti. Ef maður stelur til eyris, leysi húð sína þrimur mörkum við konung, stelur hann annað sinn til eyris, leysi húð sína sex mörkum eður láti húðina og sé brugðið lukli á kinn honum, stelur hann þriðja sinn eyri, láti húð sína og sex merkur konungi, stelur hann oft看, þá er hann dræpur. Ef maður stelur til merkur, leysi sig þrettán mörkum við konung eður fari útlægur, stelur hann oft看, þá er hann dræpur. Nú stelur þjófur til tveggja marka, þá hefir hann fyrirstolið lausafé sínu öllu. En ef hann á í jörðu, virði til þrettán marka og hafi refsing, stelur hann oft看, þá hefir hann fyrirstolið landi og lausum eyri og lífinu með. Sá er vitandi tekur við fé þjófstolnu og hirðir eður hefir eður leynir, þá er sá jafnsekur sem hinn er stal, utan eigi verður hann dræpur, sá heitir þjófsnautur. En hálfu minna er sá sekur er ræður þjófráðum. Ef maður vísar ómaga sínum yngra en fimmtán vetra að stela, svari sem sjálfur hann hafi stolið.

In ii. capitulo. Sá er eigi vill fylgja þjófi til dráps eður dæma hann á þingi, sekur hálfri mörk við konung fyrir hvort. Sá er þjóf tekur á fé það er tekið er af

honum ef eigi verða eigendur til, en alla aðra lausa aura á konungur. Sá ábyrgist þjóf er bindur fjórum mörkum við konung. En ef þjófur vill verja sig, falli útlægur. Ef maður lætur þjóf lausan, sekur fjórum mörkum við konung.

In iii. capitulo. Ránsmenn eru óbótamenn og hver er þeim veitir lið. Ef maður rænir mann þjófi eður útlægum manni, sekur landráðasök við konung. Ef maður leynir þjófi og tekur fé fyrir, sekur fjórum mörkum við konung. Ef sýslumaður segir að hann hafi gert launsætt við þjóf, syni lýritareíði, fellur til fjögurra marka ef fellur.

In iiiii. capitulo. Ef maður stendur fé sitt þjófstolið í hendi öðrum manni en hann vænist heimildar að, geri hvort er hann vill, fari í brott með fé sínu eða reyni heimildartöku hins. En ef hon brestur honum, þá er hann þjófur.

In vi. capitulo. Ef þeir menn bera ofríki bónda er rannsaka eður fara að ólögum og verður bóndi ósannur að, svari honum fullrétti en konungi fjórum mörkum, höfðingi einn, en engu ef hann er sannur að.

In vii. capitulo. Ef maður rænir mann handráni eður fornæmi, bæti eftir dómi, eigi á maður að taka sitt ef á er haldið fyrr en vitni eru til borin, en ef tekur, bæti öfundarbót eftir dómi.

In viii. capitulo. Nú kennir maður manni stuld en öðrum viðtöku, en hann kveður nei við, syni með séttareíði, fellur til fjögurra marka. Ef ómagi stelur fimmtán vetrum yngri, þá skal bæta aftur verk hans. Ekki á konungur á því.

In ix. capitulo. Ef maður tekur hauk bundinn í hreiðri og leynir, þá er hann þjófur ef hinn lýsir er átti. Ef maður stelur sel af fjöru eður jörðu manns, þá er hann þjófur ef fé er svo mikið að þjófsök nemur, syni með séttareíði, fellur til fjögurra marka. Svo hið sama um hauka. Konungur á þær sektir.

In x. capitulo. Ef maður selur jörð konungs að óleyfi hans, þá er hann þjófur, og svo sá er kaupir ef hann veit, syni með séttareíði, fellur til fjögurra marka. Nú færir maður mark á hlut annars manns, þess er til móts á við hann, sekur aleigu við konung utan jarðir, nema lausafé vinnist eigi svo að konungur hafi þrettán merkur, og virðist í jörð hans, en sex aurum ef hann tekur mark upp og setur hvergi niður. Ef maður leggst undir kýr manna og drekkur, hann á engan rétt á sér. Ef maður mjólkar búfé annars manns stelandi hendi, bæti sem fyrir stuld sá er fé hefir til eður láti húð sína eftir lagadómi og refsing réttarans, nema soltinn sé, þá gjaldi þó nytfall sem vert er þeim er bú á. *R.B.E.K.* Ef maður er stolinn fé sínu, þá á sá er stolinn er full gjöld fjár síns af fé hins seka og kostnað þann sem hann þarf til eftirfarar, og rétt sinn eftir lagadómi sem hann sé lögræntur jafnmiklu.

In xi. capitulo. Ef maður gengur í aldingarð eður næpnarétt og vill sá eigi lofa er á, tvígildi skaða og tvo aura í þökkabót. En ef hann tekur til eyris, sæki

sem um annan stuld. Ef maður fer að veg með hrossi og stendur hey nær götu, þá taki hann að ósekju það sem hross hans þarf að eta. Ef hann kemur til bæjar um nátt með eyk sinn og krefur hinn fóðurs að gjöf eður kaupi, hafi að ósekju vöndul fyrir hross hvert fyrir öngan pening.

In xiii. capitulo. Ef maður verður misfangi og lýsir eigi eftir lögum, þá verður hann þjófur af.

In xiiii. capitulo. Ef maður finnur fjárhlut manns og lýsir hann eigi eftir lögum, þá verður hann þjófur ef svo mikið er að þjófsök nemur. Ef maður brýtur haug eður grefur jörð manns að óleyfi, færi aftur þeim er átti jörð og leggi á landnám. En ef hann mistrúir að hann hafi svo mikið aftur fært, syni með séttareiði, fellur til fjögurra marka.

In xv. capitulo. Ef fé hverfur það sem hann hefir fengið til varðveislu og kennir hinn honum, syni með séttareiði, fellur til fjögurra marka. Ef maður lær grip sinn, þá skal hann heilu láni heim koma, ella gjaldi sem sex skynsamir menn meta. En ef hann hefir lengra eður víðara, sekur tveimur aukum.

In xvi. capitulo. Ef maður tekur grip manns óleyfðan, hest eður skip eða aðra hluti, bæti skaða eftir sex manna dómi. Jafnan rétt og öfundarbót skal hver maður hafa á fénaði sínum ef misþyrmt er hvað manni sem hann er að nafnbótum. Ekki á konungur á því, nema hálf mörk fyrir handrán. Nú lær maður manni hross eður skip og tekur af honum, sekur hálfri mörk. En ef hinn hefir víðara, sekur hálfri mörk.

In xviii. capitulo. Ef menn dufla teningum eður kasta, sé uppnæmt fyrir konungs umboðsmanni allt það er við borð liggur og hver sekur hálfri mörk við konung.

In xix. capitulo. Ef konungur kennir manni landráð, þá skal synja með tylftareiði, og svo skal um öll óbótamál. Þeir menn er að því verða sannir að sverja ranga eiða, þá skulu þeir vera útlægir til Noregs þrjá vetur, skulu þeir engis manns vitna njóta og sekir fjórum mörkum við konung en sex aukum fyrir hvern er sór með honum, ef þeir vissu eigi, ella fjórum mörkum hver er sór með honum og fyrir sig.

Um eiða. Séttareiður skal standa um öll þrettán marka mál og þjófnadarmál og tíu marka mál. Lýritareiður skal standa um öll fimm marka mál og fjögurra marka mál.

Um sakeyrir. Allur sakareyrir lögliga sagður á menn skal goldinn á næstum fardögum eftir, réttgoldinn í vaðmálum og allri skinnavöru og öllu kvikfé í slátrum og alls kyns mat. Í léreftum og í öllum austrænum varningi og járnsmíði, öllu eftir sex manna virðingu. Fella eigi til vöru eður búfjár en virða þó til fullra aura.

Réttarbætur og orðamunur eftir útgáfum 1578 og 1580

Hér eftir fylgja nokkrar réttarbætur útgefnar af virðuligum herrum Noregs kóngum lögunum til styrkingar og réttinda.

1 *Réttarbót Hákonar Magnússonar 10. júní 1375* *um erfðir*¹

Hákon með guðs myskunn Noregs og Svía kóngur sendir báðum lögmönnum á Íslandi og öllum öðrum sínum mönnum og þegnum og almúga þess sama lands kveðju guðs og sína. Ormur Snorrason hér með yður lögmaður ritaði til vors allra kærasta herra og föðurs, herra Magnúsar kóngs, góðrar minningar, og téði honum í opnu bréfi sínu, undir sínu og annara góðra manna innsiglium, með hverju hans bréfi þetta vort bréf er með fest, að Pétur Hálfðanarson kærði á lögþingi fyrir honum og lögréttumönnum eftir arfi Gunnars Andréssonar, föðurbróður síns, skilgetinn bæði til föðurs og móður. En af annari álfu kærði til þess sama arfs dóttursynir skilgetnir og móðir þeirra getin í hórdómi, og bað áðurnefndur Ormur föður vorn þetta mál að skoða með ráði sínu og gefa réttarbætur hingað aftur til landsins, hversu lögmenn skulu dæma í annari erfð og þriðju, þar sem þeir menn kalla sig til arfs er í hórdómi eður í frændsemisspellum eru út af komnir, þó að þeirra börn séu skilgetin. Nú af því að þetta mál var fyrir þráttnefndum föður vorum, svo og fyrir oss og beggja voru ráði, skoðað eftir því sem bréfið Orms lögmanns skýrir, og af því að faðir og vær skoðuðum innvirðuliga með ráði voru þetta mál, þá dæmdum vér áðurnefndum Pétri Hálfðanarsyni með samþykki ráðgjafa vorra áðurnefndan arf eftir Gunnar föðurbróðir sinn, en dótturbörnum frá, svo framt sem móðir þeirra var getin í hórdómi, og köllum aftur dóm Þorsteins lögmanns í þann máta um áðurnefnt mál, og bjóðum lögmönnum vorum að ef því lík mál kunna oftar fyri þá að koma um þá menn sem af hórdómi eður frændsemisspellum eru út af komnir, að þér setjið þann úrskurð í lögbók til réttarbóta móti þeim mönnum sem svo eru til komnir, og skal héðan af fyrir lög dæmast svo oft sem slík mál kunna til að

1 Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 299-300; *Regesta Norvegica* VII, bls. 192-193.

falla. Var þetta bréf gjört á Niðarnesi undir Ögðum á hvítasunnudag á tuttugasta ári ríkis vors Noregs og innsiglað oss sjálfum hjáverundum.

2 *Úr almennri réttarbót Hákonar Magnússonar* 2. maí 1313¹

Hákon með guðs myskunn Noregs kóngur, et cetera. Héðan af skulu karlmenn nefnast til eiðvættis og undanfærslu með körlum en konur með konum, svo og ef kona hórar undir bónda sinn og eiga börn saman, og andast faðirinn og síðan barnið, þann arf skal síðan aldrei móðir taka er það barn erfði eftir föður sinn, utan þau sættist áður sín í millum um mál sín og uppgefi hvort öðru það sama hór, þann arf skulu taka föðurfrændur barnsins hinir nánustu sem erfðatal vottar. Sömu leið skal fara ef bóndi hórar undir konu sína. Bjóðum vér sýslumönnum og lögmönnum þessi lög og réttarbætur í lögbók setja, því að vér viljum að þau gangi um aldur og ævi um allt vort ríki. Gefi það Jesus Christus að þessar vorar skipanir og allar aðrar réttarbætur er vér höfum yður gefið geymi þér svo að yður sé til nytsemdar og ævinligs gagns, guði til heiðurs, oss til æru öllum samt og fagnaðar. Þetta bréf var gjört í Niðarósi krossmessudag um vorið þá er liðið var frá hingaðburð vors herra Jesu Christi þúsund þrjú hundruð ár og þrettán vetur á fjórtánda ári ríkis vors. Herra Bjarni Auðunarson innsiglaði oss sjálfum hjáverundum. Þorgeir Torfason ritaði.

3 *Réttarbót Hákonar Magnússonar 25. nóvember 1315* um brefabrot²

Hákon með guðs myskunn Noregs kóngur sendir N. lögmanni, et cetera. Margir menn hafa kært fyrri oss iðugliga og einkanliga þeir sem umboð hafa vorra vegna að sækja brefabrot oss til handa, að þér viljið öngva sekt á þá dæma er brjóta bréf vor eður rjúfa þá úrskurði sem vér höfum á lagt eður staðfest, og af því viljum vér að þér vitið, að vér höfum svo skipað staðfastliga fyrr meir og svo viljum vér að geymist upp frá þessum degi óbrigðulega, að hver sem brýtur bréf vor héðan af eður dóma, varnaðarbréf eður staðfestu, eður þau önnur sem vér gefum út ýmsum mönnum til réttinda, styrks eður náða, þó að eigi sé sakir á nefndar í vorum bréfum, þá viljum vér að hver maður sé sekur átta mörkum er vor bréf brýtur, og svo bjóðum vér þér að dæma og lagaúrskurð á

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 384-386; Norges gamle love III, bls. 98-105; Regesta Norvegica III, bls. 264-265. Sjá hér nr. 6.

2 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 399-401; Norges gamle love III, bls. 114-115; Regesta Norvegica III, bls. 289-290.

að leggja héðan af fyrir nefndar átta merkur á hvern þann mann er að því verður kunnur og sannur, sem aðrar lagasektir þær sem ánefndar eru í landslagabókinni sjálfri, nema þar sem menn gjöra friðbrot, heimsókn eða rán eður aðrar þær sakir sem oss þákir ei svo lítil sekt til koma, þá viljum vér að fari eftir því sem lögbók vottar, et cetera.

4 *Réttarbót Hákonar Magnússonar 28. mars 1318* *um ættleiðingu og erfðir*¹

Hákon með guðs myskunn Noregs kóngur, et cetera. Vér viljum yður kunnigt gjöra að á týrsdaginn næstan eftir miðföstu á níjtánda ári vors ríkis, komu þeir fyrir oss á stefnu í málstofuna á Túnsbergi Gissur Þórallason af álfi Guðrúnar húsfreyju sinnar og annara systkina hennar, barna meistara Herjólfss kórsbróðir í Ósló af einni álfi og af annari Gunnar af Hrísum. Kærði Úlfur að Guðrún kona hans og systkin hennar nái ei réttu af honum um arf frú Ragnhildar, móðir meistara Herjólfss, þar sem faðir þeirra hafði arfleitt þau til arfsins eftir lögum, en Gunnar svaraði því að þótt faðir þeirra hefði arfleitt þau til arfs síns, þá væri þau þó ekki arfleidd til arfs frú Ragnhildar, föðurmóðir sinnar og móðir meistara Herjólfss, er síðar andaðist en faðir þeirra, og kveðst hafa fyrir dóm herra Guttorms lögmans sem sjá má. Nú af því að lögmennirnir undirstóðu ýmisliga ættleiðingar kapítula og báðu oss skýra og greina hversu það skal undirstandast, hvort ættleiðingur skal þann einn arf taka sem hann er ættleiddur til eða fleiri, þá gjörum vér þar skýring á með vitrustu manna tillögu og undirstaðning þeim sem virðuligur herra faðir vor, Magnús kóngur, hafði þá er hann skipaði ættleiðingar capitulum og í lögbók sína lét setja, að ættleiðingur skal taka alla arfa sem til kunna falla sem skilgetinn eignarkonuson þess sem arfleiddi jafnan héðan af, og því dæmdum vér Guðrúnu og öðrum börnum meistara Herjólfss lögliga arfleiddum arf frú Ragnhildar, föðurmóður sinnar.

5 *Réttarbót Hákonar Magnússonar um félagsgerð hjóna* *frá árabílinu 1299-1306*²

Hákon með guðs myskunn, et cetera. Vér höfum oftliga beðnir verið um félagsgjörð þá sem stendur í lögbók, að vér skyldum gjöra hana ljósari og umbæta það sem oss þætti áfátt vera, og af því skulu það allir menn vita, að með hinna

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 411-413; Norges gamle love III, bls. 128-131; Regesta Norvegica III, bls. 322.

2 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 347-349; Norges gamle love III, bls. 138-141; Regesta Norvegica III, bls. 123-124.

bestu manna ráði þá höfum vér svo skipað og staðfest um allt landið, það fyrst að þar sem menn gifta börn sín saman þá stendur sá skilmáli, hvort sem er félag eða tilgjöf. Nú fær maður mey eða konu með tilgjöf, þá mega þau leggja félag þegar þau geta börn til arfs, ef hvort tveggja vill, og er sú kona gift með frænda ráði í helmingsfélag, hvort sem er að skipta við börn þeirra eður útarfa, og leggist í félag það er þá eiga þau eða eigandi verða, með slíkum arftökum sem þá gjörðu þau sín í millum. Nú ef þau hjón leggja félag sín í millum er bæði eður annað eiga áður börn í ómegð, þá mega þau leggja félag sín á millum með þeim hætti, að hvors tveggja frændur hinir nánustu og skynsömustu samþykki, þeir sem til arfs standa eftir börnin ef faðir eða móðir væri fráfallin, nema lögmanni og öðrum skynsömum mönnum virðist til svika eða véla gjört við börnin, þá skal það félag sem ógjört sé. Svo höfum vér og skipað að ef misdauði hjóna verður þar sem ei er félag, og fellur annað hvort hjóna frá að sumarmálum eða hvern tíma sumars til Michaelsmessu, þá skal hvort sína landskyld hafa þá sem inn kemur um haustið og að vori eftir. En ef annað hvort hjóna fellur frá að Michaelsmessu að jólum eður að kyndilmessu og um veturinn eftir og fram til krossmessu, þá skiptist eftir jarðareignum sú landskyld sem óneytt er sem tala rennur til.

6 *Úr almennri réttarbót Hákonar Magnússonar* 2. maí 1313¹

Hákon með guðs myskunn Noregs kóngur, et cetera. Þar sem menn sækja fjársóknir sínar í héraði með atfararþingi, liggi þar við hálf mörk sem áður lá eyrir við kóng hverjum er þrjóskast heim að fara af þingi með réttaranum rétt að gjöra hver sem sækir. Svo og fyrirbjóðum vér að nokkur maður kalli sín mál undan löglegum réttara til þess að draga málið fyrir hinum og firra hann svo sínum réttindum utan það sé í kóngs náveru. Bjóðum vér sýslumönnum og lögmönnum að leggja svo hvers manns mál sem bréf þeirra votta.

7 *Úr almennri réttarbót Eiríks Magnússonar* frá sumrinu 1280²

Svo skipaði virðuligur herra Eirekur kóngur, son Magnús kóngs, að hvervetna þar sem sakaráberi stefnir manni³ undir rétt próf til sýslumanns og kemur hann

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 384-386; Norges gamle love III, bls. 98-105; Regesta Norvegica III, bls. 264-265. Sjá hér nr. 2.

2 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 196-206; Norges gamle love III, bls. 3-12; Regesta Norvegica I, bls. 108. Sjá hér nr. 12.

3 manni: vantar í útgáfur

eigi forfallalaust þá sekist hann hálfri mörk, hálf sýslumanni en hálf þeim er mál á. Skulu þær stefnur vera eftir leiðarlengd og svo að stefndur hafi nóga stund að koma að öllum gögnum og vitnum, og prófi sýslumaður mál þeirra innvirðuliga hvort sem koma annar eða báðir, og gjöri rétt þeirra á millum, en ef hann fær ei yfirkomið, þá er hann skyldur að rita til kóngrs eður lögmans slíkt próf sem framast fær hann og gjöra það kauplaust. Er þá lögmaður skyldur til að leggja úrskurð á það mál þó að hann haldi þá ei vitnum sínum til lögmans. Sama og þó manns sök sem sýslumaður stefnir til sín fyrir lög að hann vill gjöra rétt öðrum mönnum af honum ef hann kemur ei nauðsynjalaust. Svo er og skipað að ef ei eru löggjafir ánefndar, og gefur maður ýmsum mönnum aðrar gjafir, þá skulu þær gjafir haldast allt þar til er þær verða jafnar við löggjafir. En ef meira er gefið þá skal skerðast fyrir hverjum eftir því sem tala rennur til eftir fjármagni, utan sálugjafir og þær gjafir er maður gefur heill og ósjúkur og afhendir að sér lifanda ef skynsömum mönnum virðist ei arfsvik á gjört. Svo er og staðfest að frylluson ættleiddur tekur rétt af föður sínum eftir móðir sína þá sem ættleiddi hann, ef engi er þeirra til sem áður eru taldir í erfðatalinu. Frylluson hinn ellsti einn tekur höfuðból eftir föður sinn ef faðir hans festir móðir hans síðan hann var fæddur, og þó að hann hafi kvongast þess í millum og eigi börn með þeirri, og andast sú og festir þá hina síðan er áður var frylla hans. Ef bóndi selur jarðir húsfreyju sinnar utan hennar samþykki og vilja, þá skal hún skyldug vera að lýsa fyrir skilríkum mönnum innan næstu fimm vetra síðan hún vissi að þær voru seldar og segja að húsbóndi hennar hefur jarðir hennar selt að hennar óvilja, utan hún hafi óttast bónda sinn eður eigi þess máls aldrei uppreist. Ef maður á börn með eiginkonu sinni meðan hann er í útlegð þá eru þau ei arfgeng, hverki til föðursarfs né móðurarfs, nema því aðeins að faðir hans verði ílendur síðan.

Eirekur með guðs myskunn Noregs kóngur hinn kórónaði, et cetera. Nú af því að oss ber skylda til innvirðuliga eftir að sjá og um að bæta lög og landsins rétt þá skipum vér nokkra hluti af með hinna bestu manna ráði og sendum yður með þessum greinum sem hér fylgir. Í fyrstu að þeir prestar hafi prófastdæmi sem ei hafa sóknarkirkjur eða heyra leyndarskriftarmál. Ítem þeir bændur skilríkir innan sóknar sem vel eru fjáðir hafi umboð og varðveislu yfir kirkjufé og því góssi sem hún á að hafa sér til upphalds, og þó með vitorði prestsins og gjöri herra byskupi reikning eða kórsbræðrum ef hann er ei nær. Svo skulu og handgengnir menn, prestar og biskupsmenn gjöra útfararleiðangur og skipa fé sem aðrir menn. Geymi menn að þrim sinnum verði lýst áður samgangur verður hjóna í millum, því að ef þau geta börn síðan er svo var lýst,

þá skulu þau vera skilgetin, þó að síðar meir prófist meinbugir á þeirra á mill-um. Það er og forboðið að nokkur maður nauðgist til þess eiginorðs að hann skal þá konu eiga sem hann hafði áður fyrir fryllu, ef hann leggst með henni síðan hann bar það til skriftar og yfirbótar. Item þar sem maður er stefndur til kóngs innan lands og kemur eiður hans umboðsmaður forfallalaust, þá sekist hann tveimur mörkum við kóng utan hann hafi boðið sitt mál undir rétt rannsak heima til lögmanns eður sýslumanns, og vill hinn það ei er kærir, þá sekist sá ei er stefnt var þó að hann komi ei til kóngs að því sinni. Item að maður hafi bréf og innsigli lögmanns eður sýslumanns eður annara skilríkra manna ef hann fer úr ætthaga sínum í aðra staði þau er honum beri vitni um að hann sé skilamaður. Svo og ef maður segir manni fyrir bríð á þeirri jörðu er hann hyggur hann eiga að halda svörum fyri, en hinn hefur burt látið á launungu og vill svo villa sókn hins, þá skal verjandi vera skyldur að segja honum hver hönd hefur á jörðunni, en ef hann leynir þá gjaldi hinum svo mikla landskyld sem af þeirri jörðu gengur um þá tólf mánuði. Geymi og um boðburð að hver sem fellir gjaldi eyrir fyrir hvern bónda er ei kom boð til á boðslóð og eigi kom til þings forfallalaust. Um það fé sem eindagað er hafi atfararþing þegar hann vill, svo að hann hafi áður heimt í réttan gjalddaga. Er og skipað um eignir þær sem faðir gefur og kvongar með son sinn eður giftir dóttir sína, og húsfrú hans veit það þá og er í hjá og telur ekki að opinberliga, þá má hún það ekki rjúfa síðan þó að misdauði þeirra verði, né svo þeirra erfingjar, utan meira sé gefið en lög votta, þá jafnist það eftir bók. Svo er og greint ef bóndi selur eignir húsfreyju sinnar eður þær sem þau eiga bæði saman, þá ábyrgist sá sjálfur votta innan tuttugu vetra, og hans erfingjar ef hann er dauður, ef jarðir voru seldar með húsfreyjunnar samþykkt, síðan er úr votta ábyrgð. Item um jarðabrigði og garða að það kærast fyrir lögmanni eður fyrir sýslumanni og gjöri þeir þar rétt af hvert sem klaga leikmenn eða lærðir menn. Svo er og staðfest ef sonarsynir eru tveir eða fleiri skilgetnir eins manns synir og var faðir þeirra skilgetinn samfæddur, þá skulu þeir taka fullan arf slíkan sem faðir þeirra stóð til og svo jarðir og óðul og skipti sín í milli eftir mannmergð. Hvervetna þar sem lögmaður er nær þá skal hann nefna menn til dóms, einkanliga þar sem um stór mál er að dæma, en ella sýslumaður og skoði innvirduliga að þeir nefni tólf menn skynsama og skilríka til dóms, hvorki sakaða né sifjaða þeim sem um skal dæma, og þeir tólf gangi einir saman og staðfesti svo dóm sinn, og síðan gangi þeir til annara manna og samþykki þeir þá allir saman dóm þann með lófataki, en þeir sem ei vilja samþykkja sverji einn eið að ei viti þeir annað sannara en þeir segja, ella sekur hvor þeirra hálfri mörk við kóng. Ef kona missir bónda síns yngri en tvítug eður karlmaður missir húsfrú sinnar yngri en tuttugu vetra, og koma þau saman

að frænda ráði, þá mega þau hafa fjárhald sitt og annara manna ef undir þau ber, eður fá öðrum ef þau vilja það heldur. Item, við því skal enginn leiguliði ábyrgjast hús að skriður spilli eður ofviðri brjóti ef hann hefur uppi haldið ábúð eftir lögum.

8 Réttarbót Hákonar Magnússonar 26. desember 1309 um framferði sýslumanna¹

Hákon með guðs myskunn Noregs kóngur, et cetera. Margir menn hafa kært fyrir oss um þann úrskurð sem lögmaður segir manna í millum, og dómar þeir sem dæmdir eru, að enginn réttur gjörist á þó að kært sé fyrir sýslumönnum eða þeirra umboðsmönnum utan þeim sé gjafir gefnar, og af því að oss byrjar þvílíka hluti með öngvu móti þolast láta, þá viljum vér að allir menn viti, að þar sem sá er málið varðar og lögskilið er, eður dæmdur er dómur til handa, kærir sig fyrir vorum sýslumönnum eður þeirra lénsmönnum, og biðja sér rétt gjöra og fá öngvan, þá fyrirbjóðum vér vorum sýslumönnum og þeirra lénsmönnum að sækja vora þegna um þann sakeyri er vér höfum þeim veittan fyrr en þeir hafa rétt gjört þeim er sig kærði lögliga fyrir þeim, og þess von eiga ofan á að vér fáum þeim vora föðurleifð í hendur er rétt vilja gjöra þeim mönnum er sig kæra lögliga. Hvervetna þar sem lögmanni og öðrum skynsömum mönnum list að sýslumenn eða þeirra lénsmenn taka rangliga peninga manna utan lögligra sókna, og kunni einhver svo fákunnigur að verða eða fásvinnur, þá viljum vér að þeir saki öngvan rétt fyrr en þeir hafa rétt gjört þeim er þeir tóku fyrir aflaga eftir lögmans ráði og annara góðra manna. Var þetta bréf gjört í Túnsbergi á annan dag jóla á ellefta ári ríkis vors, et cetera.

9 Réttarbót Hákonar Magnússonar 29. maí – 6. október 1303 um heitingar²

Hákon með guðs myskunn, et cetera. Það er oftliga kært fyrir oss að frændur þeirra manna er vorir umboðsmenn láta taka til rannsaks, eða láta refsa þeim eftir lögum, heitast við vora umboðsmenn eður þá aðra er þeim vilja fylgja og kóngsvald styrkja og réttindi eiga að gjöra eftir lögum, og af því að hinum skynsömustu mönnum og oss sýnast þessir menn ei betri en þeir menn er heimta gjöld fyrri þá menn er kóngur lætur refsa eftir lögum fyrir sín afbrot, þess og annars, að eftir slíkum heitum hafa oft vond heit fram komið, og af því

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 367-369; Norges gamle love III, bls. 86-88; Regesta Norvegica III, bls. 200.

2 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 336-339; Norges gamle love III, bls. 59-62; Regesta Norvegica III, bls. 65.

krefur og vor skylda til skorður við að reisa þvílíkri vonsku og annari illsku er nú hefst dagliga, þá er það boð vort og fullkomligur vilji, að hver að þessu verður kunnur og sannur héðan af, takist og innsetjist undir kóngs geymslu þar til er hann fær þá borgunarmenn eð hinn sé traustur og öruggur fyrir honum er hann heitaðist við, svo að hann fái þar af hvorki skömm né skaða, og á ofan fjórar merkur kóngdóminum fyrir sína ofdirfð, og hinum fullrétti sitt eftir sex manna dómi er hann heitaðist við. Kann og svo til að bera að hinn sem heitast var við fái nokkra skömm eður skaða þó að síðar sé, og sýnist skynsömum mönnum nokkur sú grunsemd þá á, að þess völd hafi til gengið eður ráð er áður heitaðist við, þá fyrirbjóðum vér sýslumönnum vorum og lögmönnum nokkra undanfærslu taka af þeim fyrr en vér erum að spurðir. En ef nokkur tekur, þá er sem ógjört sé. Það höfum vér og undirstaðið sannliga að þeir eru margir menn er vanfærir eru að skipta lögum við þá menn er eigi vilja eftir stefnum fara eður skynsamliga svara hvort þeir eiga málaefni við aðra menn eður aðrir við þá, utan ganga fram með reiðuligri heitan og ofsvæsi við þá sem spakir eru eður minni þeim eru fyrir sér, og þó bjóða sig til laga og réttinda eftir góðra manna dómi og vörslum þar sem það hæfir. Svo og verða sumir fyrir hræðslu sakir sinn rétt upp að gefa. Og því að vér viljum ei né megum slíka hluti með öngvu móti hlýðast láta héðan af, þá bjóðum vér fullkomliga sýslumönnum vorum að taka þá menn er að slíku verða kenndir og til slíkrar geymslu og varðveislu sem fyrr segir. Með sama hætti skal og vera um undanfærslu þeirra ef þeim kann þörf að verða er málaefni eigu við þá, bjóðum vér öllum mönnum og einkanliga handgengnum mönnum vorum að veita sýslumönnum vorum lið með styrk og fylgi svo að þessi vor og allur annar boðskapur sá er vér höfum skipað góðum mönnum til frelsis en óhlýðnum mönnum til refsingar og yfirbótar verði staðfastliga haldinn. Var þetta bréf gjört í Túnsbergi á óðinsdaginn næstan fyrri trínitatismessu á fjórða ári ríkis vors. Herra Haki canceler vor innsiglaði. Páll klerkur ritaði.

10 *Réttarbót Magnúsar Hákonarsonar um óbótamál frá árabílinu 1271-1274¹*

Þessar réttarbætur gaf Magnús kóngur að þótt maður hitti í þau óbótamál að hann hefur fyrirgjört lífinu og öllu því er hann á í föstu og lausu, annaðhvert drepur maður lögmann fyrir rétta lögsögn eður brennir mann inni, stingur út auga manns eður sker tungu úr höfði manns, eður meidir mann eður drepur

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 108-112; *Norges gamle love* II, bls. 175-178; *Regesta Norvegica* II, bls. 71-72.

mann, föður sinn eður móður sína, son eður bróður, dóttur eða systur, konu sjálfs síns eður kona bónda sinn, eður týnir sjálfum sér eður vegur mann í heimili sjálfs, eður tekur í burt eiginkonu manns eður taka konur með ráni eður herfangi, eður falsar maður kóns steðja í Noregi, bréf eður innsigli kóns, eður drepur þann mann er hann hefur kóns innsigli fyrir sér, eður hefur öngvar sakir við, eður í herbergi kóns eður í kóns garði eður í kóns skipi eður í návistu hans, eður tekur maður konu nauðuga eður hefnir óbótamanns eður heimtir gjöld fyrir, en ef einhver er sá er í slík óbótamál fellur (sem guð láti öngvan henda) og þó að hann hafi fyrirgjört fé og lífi við kóng og á einhver þeirra börn eftir í ómegð, þá skulu kóns umboðsmenn ætla barni hverju fullan forlagseyri af því fé er hinn útlægi átti, æ meðan fé vinnst þar til að börn eru matvinnungar fyrir aldurs sakir eftir lögum þó að fé sé ei meira en þeim vinnst til forlagseyris.

11 *Réttarbót Magnúsar Eiríkssonar 11. desember 1342* *um sýslur*¹

Magnús með guðs myskunn Noregs kóngur, et cetera. Vér viljum að þér vitið, að sakir hlýðni þeirrar og þegnskyldu sem vér hyggjum oss hafa eiga af yður sem af öðrum vorum þegnum, þá viljum vér og fullkomliga bjóðum að enginn maður taki sýslur til nokkurs langframa, nafnbætur eða annað starf það sem kóngdóminum heyrir til að skipa, nema sá er þess vill beiðast komi sjálfur til vor að vér skipum þá hverjum eftir því sem oss sýnist hver verður vera. Fyrirbjóðum vér fullkomliga að þeir menn sem saklausa menn drepa eður önnur skemmdarvíg vinna færast af landinu nema vor sérleg boð eða bréf komi þar til. Svo leggjum vér og landráðasök á þá alla sem óhlýðnis samheldi eður samhleypi gjöra til þess að styrkja illgjörðarmenn móti krúnunnar rétti og landsins lögum, og þá sem draga þá undan lagarefsingum sem þeir eru verðir sakir sinna afbrota. Svo viljum vér að hirðstjóri vor láti sækja oss til handa sýslugjöld og sakareyri sem falla kann af þeim sýslum sem lausar verða á landinu meðan þeir er þeirra sýslna vilja beiðast eru í ferð til vor og aftur til landsins. Viljum vér þessa vora skipan óbrigðiliga halda láta þar til er oss og voru ráði verður skynsamlega tjáð að önnur skipan megi á gjörast. Viljum vér að hirðstjóri vor hér rétti sýslumenn þá sem óstýrir eru og um lög fram þvinga vora þegna, og ef þeir vilja bæta sig eftir hans ráði og hirðarinnar þá safnist þeirra afbrot til vor undir góðra manna innsiglium til þeirra gjörða sem vér viljum þar á gjöra, og hafi misst þann góðvilja sem þeir af oss hafa, til þess er vor bréf og boð þar um

2 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 764-766; *Regesta Norvegica* V, bls. 215-216.

koma aftur til landsins. Þetta bréf var gjört í Sonakaupangi á óðinsdag næsta eftir Nichulausmessu á fjórða og tuttugasta ári ríkis vors. Síra Árni canseler vor innsiglaði oss sjálfum hjáverundum. Helgi Ívarsson ritaði.

12 *Úr almennri réttarbót Eiríks Magnússonar frá sumrinu 1280¹*

Um kaup á vöru

Svo er skipað og staðfest að kóngur og hans umboðsmaður á fyrst kaup á öllum varningi eður þarfendum hvort sem falt hafa innlenskir eða útlenskir, þá skal honum fyrst selja fyrir slíkt verð sem aðrir vildu kaupa, og um allt það er hann þikist kaups við þurfa og falt er, þá skal hans umboðsmönnum first selja þeim sem hann gjörir til. Item, sá sem manni gjörir fjárskada til hálfrar merkur með öfund og heift, bæti sá fullrétti eftir dómi er gjörði og fjárskadann sem sex skynsamir menn meta ef vitni eru til, eður synji séttareíði ef ei eru vitni til en öfundarbót fyrir minna fjárskada eftir atvikum, eða synji lýrittareíði. Datum et cetera.

13 *Gamli sáttmáli frá 1302²*

Gamli sáttmáli á millum Noregs kóns og Íslendinga.

Í nafni föður og sonar og anda heilags. Var játað og samþykkt af öllum almúganum á Íslandi með lófataki að vær bjóðum virðuligum herra Hákonu kónsi hinum kórónaða vora þjónustu undir þá grein laganna er samþykkt er meðal kóngdómsins og þegnanna þeirra er landið byggja. Er sú fyrsta grein að vér viljum gjalda kónsi skatt og þingfararkaup slíkan sem lögbók vottar og alla þegnaskyldu svo framt sem haldin eru við oss þau heit sem í mót skattinum var játað. Í fyrstu að utanstefnur viljum vær öngvar hafa utan þeir sem dæmdir verða af vorum mönnum á Íslandi á alþingi burt af landinu. Item, íslenskir séu lögmenn og svo sýslumenn á landi voru af þeirra ætt sem að fornu hafa goðorðin upp gefið. Item, að sex hafskip gangi á hverju ári til landsins forfallalaust. Arfar skulu upp gefast í Noregi fyrir íslenskum mönnum hvorsu lengi sem staðið hafa þegar réttir arfar koma til eður þeirra umboðsmann. Landaurar skulu þeim og uppgfast. Item, slíkan rétt skulu hafa íslenskir menn í Noregi sem þeir hafa bestan haft. Item, að kóngur láti oss ná íslenskum lögum og friði

1 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 196-206; *Norges gamle love* III, bls. 3-12; *Regesta Norvegica* I, bls. 108. Sjá hér nr. 7.

2 *Íslenzkt fornbréfasafn* I, bls. 635-688, og II, bls. 334-336; *Lovsamling for Island* I, bls. 23-24; sjá inngang á bls. 31.

eftir því sem vor lögbók vottar og hann hefur boðið í sínum bréfum sem guð gefi honum afl til. Jarl viljum vér og hafa yfir oss meðan hann heldur trúnað við yður, meðan þér og yðrir arfar halda við oss þessa sáttargjörð, eru vær lausir ef rofin verður af yðvari hendi að bestra manna yfirsýn.

14 *Alþingissamþykkt um hnifaburð og óskilamenn¹*

Þetta var samtekið í lögrétu á alþingi og dæmt af lögréttumönnum á öðru ári eftir fráfall virðuligs herra Hákonar Noregs kóngs hins kórónaða, að enginn skuli bera uppbundinn kníf þann að stokkur eða hjólt væri að skafti. En ef borinn er, svari þriggja aura sekt og knífurinn upptækur og að alþingismanna dómrofi sekur fjórum mörkum. Item, þeir félausir menn sem óskil gjöra, sem kaupa að mönnum góss manna eða gripi, taki aftur hvor við sínu þótt ei hafi sér aftur skilt svo framt þeir fá vitni til að þeir áttu það er þeir seldu. Item, þær konur er ósæmdar eru af lausum mönnum skulu ei gefa peninga til frelsis þeim er ósæmdu, sér til ósæmdar og sínum örfum.

15 *Alþingissamþykkt árið 1404 um vinnufólk²*

Í guðs nafni amen. Var þessu játað og samþykkt af hirðstjóranum Vigfúsi Ívarsyni, lögmönnum og lögréttumönnum og af öllum almúga á Íslandi, bæði utan vébanda og innan í lögrétu á almenniligu Öxarárþingi, í fyrstu allir þeir menn, karlar og konur, sem sig ráða í vist hjá tveimur eða þremur eða fleirum sé rétt fangaðir af sýslumanni eður bændum ef ei er kóngs umboðsmaður nær undir því líka refsing sem dómur dæmir, en vera síðan eftir þar í vist sem hann var fyrst ráðinn. Svo og skulu það nú vera full og öll lagaráð við verkmennt og þjónustumenn, konur sem karla, héðan í frá, sem þeir veita viðgöngu sjálfir eða hafa veitt fyrri vottum og verði það vitnisfast, eður hitt ef þeir hafa fé eður peninga út í hand sér tekið fyrirfram að þjóna til, eður verið í vist þeirri þrjár nætur í samt. Skulu og allir vinnumenn komnir til sinnar vistar krossmessu á vorið forfallalaust, þeir sem þau ráð hafa gjört, svo og hver í þann tíma sem þeir hafa lofað og ásáttir vorðnir í sínum skilmála, ella séu þeir sóttir að ósekju hvar sem þeir eru. Svo og þeir vinnumenn eð eigi vinna eður vilja vinna með bændum, fyrirbjóðum vér bændum að hýsa þá og heima, ljá eður leyfa fénaði þeirra hagabeit. Item, fiskimenn þeir sem ei geta lokið sínar skreiðarskuldir vinni fyrri

1 Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 5-7, og IV, bls. 1-4; sjá inngang á bls. 31.

2 Íslenzkt fornbréfasafn III, bls. 689-696.

skuldinni til þess að lokin er, og svo hver hinna sem minna vinna en þeir hafa áður peninga uppborið eða á sig skilt og lofað að vinna. En hvor sem rýfur fyrirskrifaða articulos eður brýtur í móti þessari hirðstjórans og lögmanna og lögréttumanna og almúgans samþykkt hér á greindu almenniligu Öxarárþingi, þá sekist sá fjórum mörkum við kóng svo sem hann rjúfi lögmans úrskurð.

16 *Konungsbref 20. febrúar 1551* *um eifðarétt prestsbarna¹*

Kong Christians bréf og réttarbót um skilgetning prestabarna
Vér Christian með guðs náð Danmerkur, Noregs, Vinda og Gota kóngur, hertugi í Slésvík, Holsten, Stormaren og Dytmersken, greifi í Oldenborg og Delmenhorst gjörum öllum mönnum vitanligt, að vér af vorri sérligri gunst og náð höfum leyft og lofað, og nú með þessu voru opnu bréfi leyfum og lofum, að allir þeir prestar sem giftir eru eður giftast kunna upp frá þessum degi yfir allt vort land Ísland, þá skulu þeirra börn og afsprengi arfa taka eftir föður og móður, eins svo sem eftir önnur veraldlig skilfengin hjón, um allt vort land Ísland. Þar fyrir fyrirbjóðum vér öllum hverjir helst þeir eru eður vera kunna, sérdeilis vorum fóvitum, embættismönnum og öllum öðrum um allt fyrrnefnt Ísland, að gjöra nokkra hindran eður forfang áðurnefndum eigingiftum kennimönnum eður þeirra skilgetnum börnum um þeirra erfðir, eftir því sem hér fyrirskrifað stendur, svo framt sem þeir vilja eigi mæta reiði og óblíðu af oss. Gefið á voru sloti, Köpmannahöfn, á sancti Galli confessoris dag þá er liðið var frá guðs burð 1551 ár.

17 *Orðamunur útgáfunnar* *1578*

Hér eftir fylgja nokkrar sérligar lagagreininir um hverjar að ei saman ber öllum lögbókum

Í 2. kapítula mannhelgi, þar sem talar um þá menn er hlaupa burt með eigin konur manna, þar til leggja sumar lögbækur: *eður frændkonur.*

Item í 3. kapítula, um rán og hernað, hafa sumar lögbækur: *gjaldi formaður kóngi tíu merkur, en hver er honum veitti lið til sekur mörk við kóng.*

Í kvennagiftingum í 1. kapítula, um konur eður meyjar þær eð giftast fyrir utan ráð giftingarmanns, þar halda sumar lögbækur: *hafi fyrirgjört öllum öðrum er undir hana kunna að falla þaðan af, og taki sá þann af er næstur er eifðum svo sem sú kona væri ei getin til afs, nema giftingarmaður et cetera.*

1 *Lovsamling for Island I*, bls. 65-66 (á dönsku).

Item, síðast í fjórðu erfð er þessi klausa í sumum bókum: *En hvervetna þar sem óðalsjörð er í skipti, þá skal það óðal taka það sem til er borið, en hinn lausafé.*

Item, í framfærslubálki í síðasta kapítula um skrudklæðaburð á móti lögum, þar hafa sumar lögbækur eigi þessa grein: *Og klæðin upptæk kóns umboðsmanni.*

Item, í erfðum¹ 23. *Ef engi kemur til innan tíu vetra, þar hafa sumar bækur: fimm vetra.*

Í búnaðarbálki 5. *Ef maður kemur ei til jarðar þá er sjö vikur eru af sumri.* Þar halda sumar bækur: *sex vikur.*

Í mannhelgi í 10, um víglýsing, *ef sá er vígi lýsti gengur í gegn.* Þar halda sumar bækur: *gengur ei í gegn.*

Í framfærslubálki seinast í 8. kapítula standa þessi orð ekki í sumum lögbókum: *og svo þó aðrir gjöri ei kaup ef erfingi lfar.*

Í landsleigubálki í 31. *Hafa skal löggarða um völlu alla sem áður hafa löggarðar um verið.* Þar hafa sumar bækur: *og svo engjar.*

Item í 45. *Ef brúarhald er skilið á mann, þar stendur í sumum bókum: brúargjörð.*

Í þjófabálki í 1. *Ef maður stelur mat sá er ei fær sér atvinnu, þar hafa sumar bækur: til eyris.*

Hvar þessar eður aðrar fleiri greinir laganna finnast í þessari bók, þar sem eigi tala allar bækur eins um, og myklu um varðar, þar hljóta lögmenn með þeim bestu mönnum og skynsömustu að úrskurða hvað réttast er. Og svo hvað í þrykkingunni hefur mátt yfirsjást í þessari bók, að dugandis menn vildu lagfæra það sjálfir og leiðréttu.

18 Orðamunur útgáfunnar 1580

Til lesarans.

Með því að allvíða hefur yfirsést í þrykkingu þessarar lögbókar, það annað, að sú bók fékkst ei til eftir að setja sem öllungis var rétt í öllum stöðum, þá eru hér nú enn að nýju saman teknar þær sérlegöstu lögmálgreinir sem menn hafa til fundið að eigi sé réttar í þessari lögbók. En þar sem þessari bók ber ei saman við aðrar lögbækur í hinum öðrum greinum sem hér eru ei uppteiknaðar og efi er á hvað réttast sé, þá byrjar enn nú dómendum með skynsömum mönnum að útskýra hvað réttast er. Því ei var þessi bók þar til prentuð að hún skyldi ráða

1 Í erfðum: vantar í bókina en skilst ekki öðruvísi

fram yfir allar aðrar lögbækur. Er þar fyrir enn nú góðum og frófum mönnum vel og kristiliga gjört vegna bróðurligs kærleika að lagfæra og leiðrétta hvað hér er áfátt orðið. Finnast og þær greinir laganna þó eins standi í öllum lögbókum, þá hafa þó ei allir menn einn skilning þar yfir, et cetera.

Hvar þessi index eður ávísari stendur in margine svo  þá leita í þessar eftirfylgjandi greinir, í sama bálk og kapítula, og muntu þar finna hvað rangt er eður hvar ei eru aðrar bækur þessari samhljóða. Hitt annað sem í þrykkingunni hefur yfirsést er í bókinni sjálfri corrigerat og leiðrétt.

Hér eftir fylgja hinar sérligöstu lagagreinir, hvar um þessari bók ber eigi saman við aðrar lögbækur.

Í þingfararbálki í 3. kapítula, *Þing skal standa svo lengi sem lögmaður vill*, þar vantar þessi orð: *og honum þikur fallið fyrir mála sakir*.

Item, í 7. kóngserfð vantar þessi orð: *Nær meir en lcfað er að lögum*.

Mannhelgi

2. kapítuli, þar sem talar um þá menn er *hlaupa burt með eiginkonur manna*, þar til leggja sumar lögbækur: *eður frændkonur*.

3. kapítuli, um rán og hernað, hafa sumar lögbækur: *gjaldi formaður kóngi tíu merkur, en hver eð honum veitti lið til sekur mörk við kóng*.

Item, 10. kapítuli, um víglýsing, *Ef sá er vígi lýsti gengur í gegn*, þar halda sumar bækur: *gengur eigi í gegn*.

Kvennagiftingar

1. kapítuli, *gjaldi fullrétti giftingarmanni eður fari útlægur*, þar halda sumar bækur: *og fari útlægur*.

Erfðir

Í fjórðu erfð, þar þikur sumum ofaukið þessari grein: *En hvervetna þar sem óðalsjörð er í skipti, þá skal et cetera*.

Item, 23. *Arfur skal standa með fullum vörslum og ávöxtum*, þar þikur ofaukið: *og ávöxtum*.

Item, *Ef engi kemur til innan tíu vetra*, þar hafa sumar bækur: *fimm vetra*.

Framfærslubálkur

Item, seinast í 8. kapítula um próventugjörninga standa þessi orð ekki í sumum bókum: *Og svo þó aðrir gjöri ei kaup ef erfingi lcfar*.

Item, 10. kapítuli um boðburð. *Ef maður fær boð í hendur ómaga eður*

yngra manni en fimmtán vetra, þar halda sumar bækur: yngra ómaga en sextán vetra.

Item, 13. kapítuli um klæðaburð. Þar er ofaukið þessum orðum: *og klæðin upptæk kóns umboðsmanni.*

Landabrigðabálkur

Item 9. kapítuli um veð, *ef sá er innan héraðs eð við tekur*, þar halda sumar bækur: *innan jjórdungs.*

Item, *hið fyrsta ár*, þar halda sumar bækur: *fyrsta vor.*

Landsleigubálkur

23. kapítuli. *Ef ei er lengra frá annars manns landamerki*, þar hafa sumar bækur: *engimarki.*

Item 13. kapítuli. Þar er ofaukið þessum orðum síðast: *er til jarðar fer.*

14. kapítuli. *Nú koma leiguliðar allir senn*, þar halda sumar bækur: *ei allir senn.*

32. kapítuli um garðbrot, vantar þessi orð: *og gjöri garð jafngóðan.*

49. kapítuli, *ef hrútur kemur til jjar manns, bæti fyrir skaða*, þar hafa aðrar bækur: *tvígildi fyrri skaða.*

Rekabálkur

2. kapítuli. *Nema þar reki fleiri senn á land en fimm*, þar hafa aðrar bækur: *með einu sjóvarfalli.*

4. kapítuli, *ef hann er svo nær að fara megi þann dag*, þar halda sumar bækur: *tvívegis.*

Kaupabálkur

9. kapítuli. *Þar skal vera sem hann segir*, þar hafa aðrar bækur: *innan héraðs.*

11. kapítuli, *ef maður vissi fals var í, bæti kóngi sex merkur*, aðrar halda: *fimm merkur.*

Farmannalög

9. kapítuli, *ef maður er staddur eftir á heiðnu landi, þá skal biða hans tvö sjóvarföll*, aðrar hafa: *þrjú sjóvarföll.*

Item 17. kapítuli, vantar þessar tvær klausur: *Ef í spón brýtur, og bæta skaða allan eftir því sem menn meta, en ef skip er bætanda þá láti sá bæta er báti reri burt, og gjaldi fimm merkur, háft kóngi en háft stýrimanni.*

JÓNSBÓK

Þjófabálkur

1. kapítuli. *Ef maður stelur mat sá ei fær sér atvinnu, þar hafa sumar bækur: til eyris.*

Item 3. kapítuli. *Ef maður leynir þjóf og tekur við fé sínu þjófstolnu af honum, þar til leggja sumar bækur: eður fé fyrir fé sitt.*

Item 9. kapítuli, *þá er sá þjófur af ef sá leynir, þar hafa sumar bækur: ef sá lýsir þyð er átti.*

Item 9., 10., 15. kapítuli, *fellur til jögra marka, þar hafa sumar bækur: þriggja marka.*

17. kapítuli, þar skal vanta þessi orð: *og biðja hann til fara.*

Item. *Ef menn rjúfa skipan í veri eður lögferðum, þar halda sumar bækur: langferðum.*

Item 21. kapítuli um lýrittareið, *þá skal nefna til lýrittareiðs tvo menn á hvora hönd, þar skal standa: sinn mann á hvora hönd.*

Aðrar skipanir

1 Réttarbót Eiríks Magnússonar 2. júlí 1294¹

Eiríkur með guðs miskunn Noregs konungur, son Magnús konungs, sendir öllum guðs vinum og sínum á Íslandi kveðju guðs og sína. Þorlákur Narfason lögmaður kom til vor og tæði oss bænarstað yðvarn um nökkura hluti þá sem þér beiddust að til skyldi leggjast bókar yðvarrar eða úr takast. Svo sýndi hann oss og þá hluti sem hann beiddist af yðvarri hálfu og honum og þeim fleirum góðum mönnum sem þá voru í hjá oss þikkja yður harðla nytsamligir vera, og af því að vér viljum jafngjarna sjá yðra nauðsyn þó að þér séð í fjarska um þá hluti sem vér sjám að þér beiðist skynsamliga sem þeirra þegna vorra sem nærri oss eru, þá gerum vér yður kunnigt að vér samþykkjum þessar yðrar beiðslur allar sem hér fylgja.

1. Meður handsölum skal jarðir byggja og í borgan ganga [222].
2. Svo skal leiguliði hjón hafa að hann fái unnið engjar allar, ella bæti landsdrottinn skaða þann allan sem menn meta að jörð spillist af því nema þeir skili öðruvísi [162].
3. Um kaldakol forfallalaust það sem fémætt er eftir utan kvikfé, þá eignast sá er jörð á [164].
4. Um brottfærslu taða tvígildi það² sem ófært er þá er hann fer af jörðu þann kostnað sem hinn þarf til brottfærslunnar er til kemur jarðar [163].
5. Full skaðabót skal greiðast³ fyrir beit töðu, akra og engja þó að eigi sé löggarður um landnámslaust fyrir þeirra manna fé er beit eigu í örskotshelgi en elligar fullt landnám með. Skyld er að hafa löggarð um hvar sem hlaðið er korni eða heyvi [178].
6. Um geldfjárrekstur á vorum til afréttar og fjallgöngur á haustum hvern

1 Gefin út eftir handritinu GKS 3270 4to, sjá inngang á bls. 32; sbr. *Jónsbók* 1904, bls. 281-288; *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 282-288; *Lovsamling for Island* I, bls. 17-22. Númerum er bætt við fyrir framan hverja grein. Tölustafir í hornklofa á eftir hverri grein vísa til blaðsíðutals í texta Jónsbókar hér að framan.

2 *það*: tvítekið í handriti

3 *greiðast*: í handriti er *greiða*

tíma vera skal, þá geri eftir því sem hreppstjórnarmenn gera ráð fyrir og hverju byggðarlagi hæfir, því að það hentir eigi einn veg öllum til, elligar svari sá slíkri sekt sem lögbók vottar er eigi gerir svo [188].

7. En um allt kvikfé¹ það sem goldið er eða gefið utan hross, eignist² sá sem mark á ef eigi er af brugðið innan hálfis mánaðar síðan hann bannaði lögliga með vitnum [190].

8. Ef maður leggur sitt mark á fé annars manns meður leynd og villir heimildir að, þá er hann þjófur af ef svo mikið fé er að þjófssök nemur [191].

9. Það er rétt á fyrstu viku þorra að láta virða fé það sex granna sína. Þeir skulu svo virða sem þá þikkir þeim vert er þeir virða [193].

10. Standa skal lögleiga eftir bók, en sex skynsamir menn meti hvort sá er leigði hefir til föður eða smjör og ef eigi er til gjaldi jafnvirðan annan mat ef hann þarf eigi úti til að kaupa, elligar leysi tólf álnum vaðmáls [218].

11. Nú krefur maður mann fjár síns í réttan gjalddaga þess er vitni vitu eða við er gengið, þá er vel ef hann geldur, elligar stefni honum heim á fjórtán náttu fresti og krefi þar enn skuldar sinnar. Nú vill hann eigi greiða, stefni honum þing og krefi þar enn skuldar sinnar. Nú vill hann eigi greiða, þá sekist hann tveimur aurum fyrir hverja kröfu, en þaðan af þinginu skal sækjandi nefna svo marga menn sem hann þikkist þyrfa og fari síðan eftir bók [210].

12. Ef verkmaður liggur þremur nóttum lengur um heyannir en hálfan mánuð utan heyanna, meti skynsamir menn hvað leigufall er [223].

13. Sú klausa er úr tekin bókinni er fyrirbyður að hafa dilkfé [218].

14. Og það kapitulum er fyrirbyður að þeir menn reisi búnað er minna fé eigu en fimm hundruð [223].

15. Nú fer maður að veg meður hrossi og þó að þeir sé þrír og stendur hey nær götu en bær eigi allnær, þá taki þeir að ósekju ef þeir þyrfa það sem hross þeirra eta, ef nauðsyn gengur til [244].

16. Það skal standa um melrakkaveiðar sem lögréttumenn verða ásáttir og skipa, og aldri meiri sekt en sex álnar fyrir einn [85].

17. Eigi skal telja ómaga framar en á fé þess hjóna sem ómaginn er skyldur og hverfi af fénu þegar hann er sextán vetra ef hann er heill og vel fær [142].

18. Ef mæ eða kona, utan ekkja, giftist utan ráð föður síns eða bróður eða móður, eða þess er giftingarmaður er fyrir ráði hennar, hafi fyrirgjört arfi sínum eftir giftingarmann sinn þeim sem hún stóð til utan hann vili meiri miskunn á gera, nema giftingarmaður vili firra hana jafnræði [121].

1 *kvikfé*: í handriti er aðeins *kvik*

2 *eignist*: í handriti er *eign*

19. Erfingi á kost að halda ómagaeyri þó að hann eigi minna fé en ómaginn á ef skynsömum mönnum virðist hann óhættur skuldunautur [136].

20. Bóndi skal eiga hálfar vígsbætur eftir húsfreyju sína [101].

21. Eigi skal bóndi selja eignir húsfreyju sinnar eða þær sem þau eigu bæði saman utan með hennar samþykki, nema full nauðsyn gangi til og þó þá með skynsamra manna ráði [123].

22. Ef hrútur kemur til sauða eða hafur til geita og gerir spell á, bæti skaða þann allan ef hann er heimtur áður [192].

23. Nú er maður stolinn fé sínu, þá á sá er stolinn er full gjöld fjár síns af fé hins sakaða og kostnað þann sem hann þarf til eftirfarar, og rétt sinn eftir lagadómi sem hann sé lögræntur jafnmiklu [243].

24. Eigi er fullt umboð að lögum nema með vitnum og handsölum [215].

25. Um skrudklæðaburð sekur tveimur aurum fyrir hvert er hann ber fram-
ar en lög votta utan honum sé gefin [149].

26. Um eldi þingmanna sekur tveimur aurum fyrir hvern mann er eigi er alinn eftir lögum forfallalaust [82].

27. Ef maður rangfærir ómaga, gjaldi kostnað fullan er til er fært þann sem hann hafði fyrir [143].

28. Um skuldir kaupmanna, sekur hálfri mörk fyrir hundrað hvert sem eigi er goldið að Ólafsmessu forfallalaust, hálf konungi en hálf þeim er skuld á [99].

29. Þar sem maður segir sig úr dómi lögsömdum forfallalaust lögliga til krafður af réttaranum, sekur hálfri mörk, hálf konungi en hálf þeim er mál á, utan svo mikið vandamál sé að þeir fái eigi yfir tekið að dæma, þá leggi til alþingis eða heima til lögmanns [86].

30. Sex skulu mórendar álnar í eyri. Eigi eru melrakkabelgir mæltir í lög-
aurum [212].

31. Það kapitulum er úr tekið bókinni er vottar um tveggja missera vinnu-
menn [223].

32. Ef maður særir mann, bindur eða ber eða skemmir fullréttisörðum eða verkum og vitu það vitni, og krefur sá lagafestu og réttar síns er fyrir vanvirðu verður, en hinn varnar, þá sekist hann hálfri mörk,¹ hálf konungi en hálf þeim er mál á [116, 119].

33. Hvar sem tæmist ungum manni land í erfð eða að gjöf, í vígsbætur eða réttarfar, og selur fjárhaldsmaður hans í brott, þá á hann bríð þess lands [151].

34. Ef maður fellir boð þá er stefnt er þing að heyra konungsbréf lesið eða

1 mörk: vantar í handrit

manndrápsþing eða manntalsþing til jafnaðar eða hreppstjórnarþing um haust, sekur tveimur aurum fyrir hvert [147].

35. Ef maður mólkar stolinni hendi bú annars manns, bæti sem fyrir stuld sá er fé hefir til, ella láti húð sína eftir lagadómi og refsing réttarans [244].

36. Skýlt er bóndum að gera vegu færa um þver héruð og endilöng þar sem mest er almannavegur eftir ráði sýslumanna og lögmanna, sekur eyri hver er eigi vill gera og leggist það til vegabóta [186].

37. Ef griðungur eltir kálfa úr kúum svo að skaði verður af sá er heima gerist við búi, bæti fjórðung bóta ef sannprófað er en engu þeim er hann lér, en ef hann vill eigi varðveita hann eða reka í afrétt, bæti skaða þann sem hann gerir sem menn meta [195].

38. Eigi skal hér á landi gefast mey eða konu meiri tilgjöf en sextigi hundraða þótt menn sé ríkir og hvergi meira en það sé fjórðungur úr fé hans, en ef hann gefur í bestu eign sinni þá skulu erfingjar hans leysa til sín ef þeir vilja [121].

39. Ef maður færir búnað sinn hreppa á meðal, þá skal hann segja til einunnar sinnar í þeim hrepp sem hann hefir bú sitt í fært og láta skrá með einunnum þeirra manna sem þar eru í hrepp og þar búa áður fyrir [189].

40. Stefnu skal leggja til kaupa við skip fyrir heyannir og eftir og selja þar hönd hendi [99].

41. Sektalaust er manni að kjósa undan sér málaland sitt [157].

42. Þeim mönnum skal eigi gefast ölmusa er ganga húsa á meðal og bera vopn [119].

43. Þessor orð eru úr tekin bókinni að ekki skal að skáldskaparmálum ráða [118].

44. Um kálfa og kið, lömb og grísi, þá sekist maður eigi þótt ómarkað sé meðan í hans landi sjálfs gengur [189].

45. Endurnýja má maður¹ umboð sitt að liðnum þrimur vetrum hvort sem hann er innan lands eða utan [137].

46. Þingvíti skulu leggjast² til þinghússgjörðar svo lengi sem þarf [85].

47. Landnám og skaðabætur skal gjalda sá er svín þau á er skaða gera svo sem fyrir annan fénað [47].

48. Ekki á jörð í viði þeim er fluttur er úr almenning utan hann liggi lengur en lög votta [198].

49. Sá skal skatt gjalda er búnað reisir en hinn eigi er bregður búi ef hann hefir minna fé en til tíu hundraða skuldlaust og ómagalaust [98].

1 *maður*: vantar í handrit

2 *leggjast*: í handriti er *leggja*

50. Það kapitulum skal og vera í bók yðvarri sem vottar um bygging á konungs jörðum.

51. Eigi viljum vér að mikil skreið flytist héðan meðan hallæri er á landinu [238].

Eru nökkurir þeir hlutir hér ritaðir sem þeim vitrustum mönnum sem á eru landinu sýnast ofar meir of harðir eða of linir, þá bjóðum vér lögmönnum vorum að þeir riti til vor það sem þér beiðist allir saman, skulu vér sannliga allir saman þá skipan á gera sem vér væntum að yður öllum saman sé hentast. Þessi skipan var gjör í Túnsbergi þá er liðið var frá burð vors herra Jhesu Christi eitt þúsund tvau hundruð níutíu og þrír vetur á Svítúnsvökudag á fimmtánda ári ríkis vors. Herra Bárður Serksson kannziler vor innsiglaði. Jón klerkur ritaði.

2 Réttarbót Hákonar Magnússonar 23. júní 1305¹

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, son Magnúsar konungs, sendir öllum guðs vinum og sínum, þeim sem þetta bréf sjá eða heyra, kveðju guðs og sína. Þér rituðu til vor og beiddust af oss nökkurur vægðar og linunar um suma hluti þá sem allt Ísland tekur í ýmsum atburðum, og af því að vér höfum jafnan reynt af yður góðvilja og eftirlæti, þá sendum vér yður þetta vort bréf, í hverju vér höfum greint þær réttarbætur sem vér viljum og megum að sinni yður gefið hafa, þar til sem vér látum ofar meir greina þá hluti í lögbók vorri.²

1. Þeir af norrænum mönnum sem sigla til Íslands og þar kunnu brotligir að verða, viljum vér að þeim sé þar sakar gefnar og rétt af þeim gert að Ólafsvöku fyrri og svo sé þeim og rétt gjört ef nökkurir gera þeim rangt, en ef sýslumaður nemst rétt að gera þá svari hann sökinni [98].

2. Bjóðum vér fullkomliga að vondum mönnum sé refst þar sem þeir verða teknir ef þar er áður lögligt próf á komið, elligar fáist þeir í hendur sýslumanni þar sem þeir verða teknir og sendi þá hver sýslumaður frá sér til annars í góðri geymslu og sinni ábyrgð þar til er hann kemur til þess sýslumanns sem misgert er að [240].

3. Svo líkar oss og vel að frændur geri kaupmála sín í millum og helmingsfélag eftir því sem þeim semur, en ef hjón leggja sín á millum standi eftir því sem lögbók vottar [123].

1 Gefin út eftir handritinu GKS 3270 4to, sjá inngang á bls. 32; sbr. *Jónsbók* 1904, bls. 289-292; *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 342-345; *Lovsamling for Island* I, bls. 24-26. Númerum er bætt við fyrir framan hverja grein. Tölustafir í hornklofa vísa til blaðsíðutals í texta Jónsbókar hér að framan.

2 *Hákon með guðs miskunn ... í lögbók vorri*: tekið eftir AM 127 4to, en 3270 hefur aðeins *Þessar réttarbætur gaf Hákon konungur sem hér fylgja*

4. Þar sem annað hvort hjóna andast þeirra er tíu vetur eða lengur hafa saman verið og hafa þau jafnan haldið sig fyrir löglig hjón þó að hjúskapur þeirra hafi eigi verið skírliga ámálgaður og eigi byggðarfleygt meðan þau lifðu bæði millum skilríkra manna að hon væri hans frilla eða hórkona, þá skal það barn eða börn eftir verandi í arf setjast og haldast fyrir skilgetin þó að eigi lifi festingarvottar [139].

5. Það viljum vér að frítt eitt fé sé virt í forlagseyri og að erfingjar ómagans sé skyldugir að taka við hans góssi og fjárhaldi þó að hann sé eigi fullveðja ef frændur ómagans vilja það samþykkja og sýnist þeim hann óhættur skuldunautur og skulu þá frændur svara skaða ómagans um sakir þeirra vangeymslu [137].

6. En ef fátækir menn skjóta börnum sínum í hrepp aflögliga lofum vér hreppstjóra þeim er næstur er og bóndum með honum að taka þann mann og binda ef þess þarf og færa aftur og binda barnið síðan á bak honum og láta sjálfan bera brott úr hreppinum [146].

7. En um skyldu fátækra manna viljum vér að nótt sé á hverjum tíu hundröðum þar til sem er hundrað hundraða en síðan nótt á tuttugu hundruðum þar til er eru tvau hundruð hundraða, en þó að fé sé meira aukist það ekki til manneldis nema hreppstjórarmönnum sýnist annað sannara [149].

8. Það er góður vili vor að geldfé sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og nágrannar lofa og samþykkja og gefa enga sök á því [188].

9. Þeir og sem þá skipan vilja eigi halda sem hreppstjórar skipa lögliga þá gjaldi hálfra mörk, hálft konungi en hálft hreppstjórum, og leggist það til fátækra manna [146].

10. Einar vogir og ein mælikeröld viljum vér að gangi um allt landið og bjóðum að hver sýslumaður gefi þar svo gaum að sem hann vill halda þeim sæmðum sem hann hefir af konungdóminum [224].

11. Búlausir menn er peinga eigu svari manneldi og öllum hreppsnaudsýnjum að jafnaði sem hreppstjórarmenn gjöra ráð fyrir [149].

12. Sá og sem boð fellir svari sekt fyrir þá alla er á þeirri boðslóð kom eigi boð til forfallalaust [147].

Var þetta bréf gjört í Túnsbergi Jónsvökuafan á rétta ári ríkis vors. Herra Áki kanceler vor innsiglaði. Símon klerkur ritaði.

3 Réttarbót Hákonar Magnússonar 14. júní 1314 og tvö ákvæði úr leyfi Vilhjálms kardinála 1247¹

Hákonar bréf

Hákon með guðs miskunn Noregs konungur, son Magnúss konungs, sendir öllum mönnum á Íslandi þeim sem þetta bréf sjá eða heyra kveðju guðs og sína. Skylda vor og ástsemð sú sem vér höfum til alþýðu ríkissins sakir mikils góðvilja og eftirlætis er allir menn hafa oss téð síðan guð kaus oss til ríkisstjórnar krefur oss um að bæta þá hluti sem áfátt er, einkanliga um lög og landsins rétt. Höfum vér því um hugsað með bestu manna ráði og bænarstað vitröstu manna héðan af landinu, sem þá voru í hjá oss, og létum skrifa yður til nytsemðar og huggunar þessar réttarbætur sem hér fylgja.

1. Í fyrstu að þau mál er lögmenn og sýslumenn fá eigi yfir tekið, þá gerist tólf mánaða stefna til Noregs svo að þá megi þar rétt af gera [87].

2. Item að svo sé lagastefna til sýslumanns sem til lögmanns og hálfu minni sekt við. Sýslumenn skulu og mega gera stundarstefnu til sín andsvaramönnum þeirra sem lögligt mál hafa á hendi þeim og svo vitnum þeirra, og geri þeim rétt sem mishaldinn er þó að stefndur komi eigi forfallalaust. Svo viljum vér og að rétt sé að gera stundarstefnu til lögmanns þá er hann ríður um land að skipa málum manna, svo þó að stefndur megi auðveldliga vitnum sínum til koma [88].

3. Þeir búlausir menn skulu skatt gjalda sem hann á tíu hundruð fyrir sjálfan sig og hundruð fyrir hvern ómaga og eitt hundruð yfir fram [97].

4. Fyrirbjóðum vér að þeir sé lénsmenn sem eigi eru fullveðja að bæta það aftur sem þeir taka óréttliga utan bændur samþykki annað [94].

5. Eigi viljum vér að nokkur maður skjóti máli sínu undan lögmanni eða sýslumanni og tálmi svo réttindi manna, ef skynsamir menn sjá að þeir fá yfir tekið [88].

6. Það kapitulum skal og vera í bók yðvarri sem stendur í réttarbótum² þeim sem Vilhjálmur kardináli gaf öllum mönnum í Noregs konungs ríki og þetta er upphaf að: Ef virkja daga má eigi vinna sakir veðráttu. Og þetta annað er svo hefur: Sakir nauðsynja landsins og ýmisligrar veðráttu [318].

1 Gefin út eftir handritinu GKS 3270 4to, sjá inngang á bls. 32; sbr. *Jónsbók* 1904, bls. 293-300; *Íslenzkt fornbréfasafn* I, bls. 554-568 (leyfið), og II, bls. 390-395; *Lovsamling for Island* I, bls. 27-31. Númerum er bætt við fyrir framan hverja grein. Tölustafir í hornklofa vísa til blaðsíðutals í texta Jónsbókar hér að framan.

2 *réttarbótum*: í handriti er aðeins *réttar*

7. Svo höfum vér og staðfest að alla þá vandræðamenn sem komast á kirkju náðir skal sektalaust flytja til Noregs og koma þeim þar í kirkju eftir ráði sýslumanns og lögmanns, utan þá menn sem kirkja á eigi að halda eftir lögum [113].

8. Þessar náðir gjörum vér og um fjölmæli héðan af, að ef maður kallar annan drottinssvikara, fordæðu, morðingja, þjóf, hvinn, pútuson eða hórkonuson, eða önnur jafnskemmileg orð, sá sekist er það mælir fjórum mörkum við konungdóminn, en öll þau fjölmæli er smæri dæmast og til minni hneyksla horfa skulu eftir dómi ganga bæði sekt og réttur þeirra er talað er til, þar til er vér getum við komist með ánefndri grein að setja þau með hinna bestu manna ráði [117].

9. En hvar sem maður fær meyjar eða konu eftir lögum og eru honum léðir peningar til eða í borgan gengið fyrir hann, að hann á svo mikla peninga sem þá eru á nefndir, þá skal sömu leið fara sem bók vottar um það fé sem konu verður léð til heimanfylgju, en ef hann vanrækir þá sæki giftingarmaður eða lögligur umboðsmaður konunnar henni til handa, og taki þar af fyrir starf sitt svo að hann sé vel¹ haldinn af [122].

10. Þar sem maður festir sér mey eða konu eftir guðs lögum og samþykkt beggja þeirra, þá eru þau börn öll lögliga til arfs komin sem þau eigu hvort sem þau eru getin fyrir festing eða eftir nema þau hafi í hördómi getin verið, en sú ein er löglig festing eftir því sem forn landslög votta en engi önnur ef maður tekur í hönd mey eða konu nærveröndum skilríkum mönnum og festir hana með þeim orðum sem þar til heyra. En hverir sem öðru vegs binda sinn hjúskap þá skulu þeirra börn eigi löglig til arfs [128].

11. Svo er nú og skipað að móðir skal taka arf eftir barn sitt það sem hon gat í frillulífnaði í séttu erfð næst eftir frilluson, en ef hon er eigi til þá taki frilludóttir [130].

12. Sá maður skal eigi mega játa arfi undan sér sem hann er yngri en tvítugur, en sá er tvítugur sem hann hefir tuttugu jólanætur [133].

13. Það er nú og staðfest að ættleiðingsson skilgetinn taki næst ættleiðing og þá sem honum standa jafnframmi þann arf sem faðir hans var til leiddur, ef hann er andaður. Svo og að sonarsynir sé tveir eða fleiri þeir sem faðir þeirra var skilgetinn, þá taki þeir eigi meira arf en faðir þeirra stóð til, ef þeir eigu við þá að skipta sem jafnfram þeim standa [128].

14. Skylt er hvort hjóna að færa annað fram á fé sínu hvort sem það er er framfærslu þarf, verður ótt eða fær annan krankleika, en ef þau hafa með minna fé saman gengið en þau ætti bæði saman til þriggja hundraða og aldri urðu

1 vel: vantar í handrit

þau svo rík að þau ætti konungi skatt að gjalda, þá sé hvort annars handbjargarómagi eða flyti á hrossi ef þau fá eigi fyrir unnið, og þeirra börn skulu eigi á hreppa segjast æ meðan þau fá flust með fyrri skilorði. Þar skal þrot heita sem sá andast frá sem með handbjörg átti fram að færa eða fyrrsögðum flutningi [142].

15. Eigi skal nú fleirum þyrfa að lögbjóða ómaga en einum, utan sá sýni meður skilríki í lögligan stefnudag að nökkurir standa honum jafnfram þeirra er fullan forlagseyri eiga, þá skal ekki dæma framar á hann en eftir rétttri tiltölu [143].

16. Bjóðum vér og staðfastliga og í lög setjum að allir fátækir menn þeir sem með vonarvöl ganga og þiggja ölmusu eru skyldir að leiða eða bera börn sín eða annan veg að flytja eftir því sem skynsamir menn sjá að þau fái orkað og svo föður sinn og móður, utan son eða dóttir vinni sér áður tveggja missera björg, þá eru þau eigi skyld að ganga á fátæki með föður eða móður [144].

17. En ef þeir menn sem á vonarvöl ganga og þiggja ölmusu vanvirða bændur eða aðra dugandismenn þá sem heimilisfastir eru með orðum eða verkum svo að það verður vitnisfast, þá svari líkamligri refst eftir lagadómi utan þeir fái fullan borgunarmann að lúka slíkt sem dæmt var í réttar salarstefnur, en ef þeir sem misgjörðu vilja hlaupa undan dómi, krefi sá granna sína er fyrir vanvirðing varð ef konungs umboðsmaður er eigi þar að taka þann og fjötra, og flyti hann svo undir lögsamðan dóm, utan sá fái borgunar að hann skal hvergi hlaupast [119].

18. Item um þá lausamenn er¹ óskil gera og skuldir eigu að lúka, þá taki sýslumaður hver í sinni sýslu góss þeirra með vitorði skilríkra bónda og lúki hverjum sína skuld ef til vinnst, elligar missi hver sem tala rennur til [214].

19. Ef þórsdag þann sem þrjár vikur eru af sumri ber á helgan dag, þá komi öll gögn fram um jarðabrigði hinn næsta sýknan dag eftir [151].

20. En ef maður tekur fálka á annars manns jörðu, eigi sá tvo hluti verðs er á jörðu býr en sá þriðjung er tók [197].

21. Héðan í frá skal fimmtán vetra gamall maður vera vitnisbær og eiga sjálfur rétt á sér ef honum verður með öfund misþyrmt. Skal og fjárhaldsmaður hans fullu fyrir svara af hans góssi um það sem hann kann brotligur verða [209].

22. En ef menn verða sannprófaðir að því að þeir stika rangt viljandi með réttum stikum eða vega rangt með réttum vogum eða mæla óréttliga með réttum mælikeröldum og verður það eyris skaði eða meiri, svari slíku fyrir sem

1 er: vantar í handrit

hann hafi stolið jafnmiklu. Björgynjaraskur mótmarkaður skal ganga til hunangs og lýsis eða sá sem sýslumaður lætur þar eftir gera, en hver sem röngum aski mælir svari fullri sekt eftir því sem bók vottar, en þeim fyrir skaða er síns missti óréttliga [224].

23. Þar er menn rjúfa skipan í veri eða í langferðum, sekur hver hálfri mörk við konung er það gjörir, en hinum eftir lögligum dómi er skipa átti, en hver sem tekur vísvitandi annars skipara, sekur hálfri mörk við konung og skal þó skipari vera þar sem hann réð sig fyrri [248].

24. Konungur á sekt þá sem við liggur um helgra daga veiðar [206].

25. Engi maður skal og ábyrgjast vitni lengur en þrjá vetur um skuldalyktingar ef skuld er minni en sex hundruð, en þó að skuld sé meiri ábyrgist eigi lengur en fimm ár [214].

Bjóðum vér að þér haldið þessa alla artíkkulos fyrir lög og látið skrifa í bók yðra. En ef nökkurir eru þeir hér í er yður þikkja of linir eða of harðir, þá skrifið skilvísliga til vor og skulu vér þá skipan á gera sem vér sjám með bestu manna ráði að yður megi hentast vera. Gefi guð yður svo þessar réttarbætur að halda að Jhesus Christus hafi tign og virðing af, vér sæmð og æru, en sjálfum yður snúist til náða og nytsemðar og öllum þeim sem eftir yður kunnu að koma. Þetta bréf var gjört¹ í Björgyn þrim náttum fyrir Bótólfsvöku á fimmtánda ári ríkiss vors. Herra Bjarni Auðunarson innsiglaði. Jón murti ritaði.

Leyfi kardínála

Þetta leyfi gaf Vilhjálmur kardínáli þá er hann kom í Noreg en síðan staðfesti Innocentius páfi. Ef virkja daga má eigi vinna fyrir sakir veðráttu þá skal maður í leyfi hjálpa heyvi sínu og korni og öðrum búföngum og öllu aldini sekta-laust á helgum dögum, en um helga daga gerum vér þá grein á, að það leyfi skal hafa sem nauðsyn stendur til og nytsemð er í, og þó undan taka hinar hæstu guðs hátíðir [315].

Leyfi

